Alþingi 1930.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1930, föstudaginn 17. janúar, var fertugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en fimmtugasta og sjöunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12.45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Ásmundur dócent Guðmundsson steig í stólinn og lagði út af Lúk. 6, 47—49.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
5. Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm.
6. Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
8. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
9. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
10. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
11. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
12. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
14. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
15. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
18. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
19. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
23. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
24. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
25. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
26. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
27. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
28. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
29. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
30. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.

Ókomnir voru til þings:
1. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
2. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
3. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
4. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
5. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
6. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930, dags. 27. nóv. 1929. (Sjá Stjtíð. 1929, A. bls. 280).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1929, A. bls. 281).

Síðan mælti

forsætisráðherra: Samkvæmt þessu umboði lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga, sem háð er eitt þúsund árum eftir að Alþingi var fyrst háð á Íslandi, er sett.

Stóð þá upp **Lárus Helgason**, þm. V.-Sk., og mælti:

„**Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!**“

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Fimmtugsafmæli drottningar. Hátíðarkveðjur.

Forsætisráðherra: Í síðastliðnum mánuði átti Hennar Hátign drottningin hálfrar aldar afmæli. Af hálfu ríkisstjórnarinnar færði konungsritari henni að gjöf frá Íslandi málverk af Skjaldbreið eftir Jón Stefánsson málara. — Þessa tilefnis hefir mér borizt bréf frá Hennar Hátign, ritað á íslenzku, þar sem ég er beðinn að flytja Íslendingum kveðju og þökk — sem ég hér með geri.

- - Ennfremur skal ég geta þess, að á nýársdag bárust mér kveðjuskeyti frá forsætisráðherra Danmerkur og forsætisráðherra Noregs. Þeir minnast sérstaklega þúsund ára hátíðar Alþingis og árna íslenzku þjóðinni allra heilla á hátíðarárinu. — Af Íslands hálfu svaraði ég um hæl þessum árnaðaróskum frá frændþjóðunum.

— Þar sem svo hefir farið enn, sem stundum fyrr, að skipi hefir seinkað, sem flytur alþingismenn til þings, þannig að enn eru ókomnir sex alþingismenn, verður, í samráði við aldursforseta, ekki frekar gert að þessu sinni. Fundinum er frestað til næstkomandi þriðjudags, stundu eftir hádegi.

Þriðjudaginn 21. janúar, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið. Voru þá til þings komnir þeir þingmenn, sem ókomnir voru við þingsetningu, aðrir en Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk. Auk hans var fjarstaddur Sigurður Eggerz, þm. Dal., sem boðað hafði veikindaforföll.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (BK): Samkvæmt venju vil ég fyrst geta þeirra fyrrverandi þingmanna, er látizt hafa síðan síðasta þing var sett og getið var þá látinna þingmanna. Þrír fyrrverandi þingmenn hafa látizt á þessu tímabili.

Fyrst lézt **Þorleifur Jónsson** póstmeistari, hinn 2. apríl f. á. Hann var fæddur 26. apríl 1855. Gekk í latínuskólann 1876 og útskrifaðist þaðan 1881 með ágætiseinkunn. Þar næst gekk hann í Kaupmannahafnarháskóla og tók þar heimspekipróf 30. jan. 1883. Las þar lögfræði árin 1881—84, en hvarf síðan heim vegna afleiðinga af þungum sjúkdómi. Heima dvaldi hann eitt ár, en tók svo við útgáfu og ritstjórn Þjóðólfs árin 1886—1891. Búskap rak hann árin 1894—1900 í Svínavatnshreppi, og var oddviti þess hrepps 1895—1900. Í bæjarstjórn Reykjavíkur sat hann árin 1891—1893. Póstafgreiðslumaður í Reykjavík var hann árin 1900—1919, en skipaður póstmeistari úr því til ársloka 1928. Alþingismaður fyrir Húnavatnssýslu var hann árin 1886—1900.

Þorleifur Jónsson var bæði gáfumaður og mikill námsmaður og hinn mesti

drengskaparmaður. Hann var sístarfandi, og rækti hvert starf með hinni mestu samvizkusemi og skyldurækni, enda var hann trúmaður. Hann mun síðustu árin hafa talið sig alsannfærðan um, að hann mundi lifa eftir líkamsdauðann og að hann mundi uppskera eftir því, sem hann hefði sáð. Er það ekki lítils virði fyrir neinn að eiga slíkt veganesti.

Þá lézt prófessor **Eiríkur Briem** hinn 27. október f. á.

Hann var fæddur 17. júlí 1846. Lærði undir skóla hjá Davíð Guðmundssyni, sem síðar varð prestur og prófastur að Reistará og Hofi, en síðan gekk hann í latínuskólann árin 1860—1863. Var síðan eitt ár heima, en tók stúdentspróf 1864. Hann gekk síðan í prestaskólann 1866, en tók inntökupróf í öllu, sem heimtað var til burtfararprófs, og tók síðan burtfararprófið árið eftir, 1867. Síðan réðist hann skrifari hjá Pétri biskupi Péturssyni 1867—1874, en var veitt Þingeyraklaustur 1873 og vígðist þangað 1874. Skipaður var hann prófastur í Húnavatnssýslu 1877. En árið 1880 var honum veitt 2. kennaraembættið við prestaskólann, en 1. kennaraembættið 1909, og gegndi hann því embætti þangað til sá skóli var lagður niður 1911.

Það er ekki nema eðlilegt, að maður með jafnmiklum og fjölbreyttum gáfum, sem prófessor E. B. var, og sem naut almenns trausts, væri við margt riðinn.

Þannig var hann í hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps árin 1875—1880, í bæjarstjórn Reykjavíkur 1883—1891, alþingismaður fyrir Húnavatnssýslu 1881—1891. Konungkjörinn þingmaður 1901—1915, forseti sameinaðs þings 1891 og 1901—1907, gæzlustjóri Landsbankans 1886—1912 og 1916—1917, framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins 1886—1920. Í stjórn Bókmenntafélagsins 1873—1874, 1891—1904 (og forseti þess 1900—1904). Í stjórn Landsbókasafnsins 1886—1907, Þjóðvinafélagsins, varaforseti 1882—1891, 1894—1897, 1903—1909 og frá 1914. Í stjórn Búnaðarfélags Suðurlands 1886—1900, Búnaðarfélags Íslands 1900—1909. Í stjórn Fornleifafélagsins 1887—1917 (þar af formaður 1893—1917), kvennaskólans í Húnavatnssýslu 1879—1880 og kvennaskólans í Reykjavík frá 1882. Í stjórn Biblíufélagsins frá 1891, vátryggingarsjóðs sjómanna 1904—1909, styrktarsjóðs Hjálmars Jónssonar 1904—1924, sjúkrasjóðs hins íslenzka kvenfélags frá 1905. Í verðlaunanefnd gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar 1885—1909. Í milliþinganefnd um kirkjumál 1904—1906. Í nefnd til að meta hlutabréf Íslandsbanka (kosinn formaður af hæstarétti) 1921—1922. Auk þess hafði hann ýms önnur störf með höndum. Þannig varð hann um 1870 fyrstur kennari hér í sjómannafræði, kenndi meðal annara fyrsta forstöðumanni stýrimannaskólans hér og lagði þannig grundvöllinn undir þekkinguna á því sviði. Þá skrifaði hann reikningsbók sína 1869, sem kom út í mörgum útgáfum, og ýmsar nytsamar greinar í tímarit.

Prófessor Eiríkur Briem var miklum og fjölbreyttum gáfum gæddur. Djúpvitur, athugull og yfirlætislaus. En það, sem þó sérstaklega einkenndi hann, var ófrávíkjanleg **réttsýni** og ráðvendni. Hafði ég sjálfur oft tækifæri til að reyna þessa mannkosti hans, þegar hann var gæzlustjóri í Landsbankanum, samtímis mér, hér á Alþingi og þegar hann var formaður í nefnd þeirri 1921, er mat hlutabréf Íslandsbanka.

Prófessor E. B. gerði sér mikið far um að koma alþjóð að liði og fann mjög til hinnar almennu fátæktar í landinu. En það var honum ljóst, eins og öðrum gætnum fjármálamönnum, að ekki væri hægt að bæta fjárhag manna nógu almennt og á traustum grundvelli, nema með löngum tíma. Og fjarri mun honum hafa verið að halda, að það mætti takast á stuttum tíma með fyrirhyggjulitlu stjórnmálabrölti eða byltingu, því það gæti ekki leitt til neins aukins þjóðarauðs, þ. e. almennt aukins auðs einstakra manna, félaga og stofnana, sem hlaut þó að vera grundvöllurinn undir aukinni almennri velmegun og grundvöllurinn undir því að geta séð fyrir aukinni fólksfjölgun í landinu. Þess vegna hugsaði hann upp stofnun Söfnunarsjóðsins, sem eina af leiðunum til þess að bæta **varanlega** hag almennings. Hugsaði hann það mál aðallega á eigin hönd, án þess að hafa fyrir sér erlendar fyrirmyndir. Hann gerði sér vonir um, að ef þjóðin

tæki þessari hugmynd sinni eins vel og hún ætti skilið og notaði sjóðinn nógu almennt samkvæmt tilganginum, þá mundi sjóðurinn aukast svo með tímanum, að flest eða öll börn landsins yrðu borin með fæðingunni til einhvers arfs, sem yrði heilbrigður grundvöllur undir fjárhagslegri afkomu þeirra, þegar þau færu að eiga með sig sjálf. En hið uppsafnaða fé sjóðsins hlaut jafnframt að verða öflug stoð almennings, er leita þyrfti hagkvæmra lána til nauðsynlegra fyrirtækja.

Prófessor E. B. gerði sér vonir um með vaxandi þekkingu almennings á nytsemi sjóðsins, að Alþingi yrði aldrei svo skipað, að það hróflaði við söfnunarsjóðslögunum eða fyrirkomulagi sjóðsins, honum til skaða. Þess er og að vænta, að Alþingi láti sjóðinn verða ævarandi minnisvarða þess manns, sem með svo fölskvalausum hug stofnaði söfnunarsjóðinn til viðreisnar hag almennings.

Þess vil ég og geta, að prófessor E. B. mun hafa verið fyrsti þingmaðurinn í Evrópu, sem bar fram frumvarp til laga á þingi um styrktarsjóð handa alþýðufólki. Gerði hann það á þingi 1887, þó frumvarpið yrði ekki að lögum fyrr enn á þinginu 1889.

Það fór ekki mikið fyrir prófessor E. B. á þingi, en þrátt fyrir það voru tillögur hans mjög svo teknar til greina, ekki sízt í fjármálunum. Hann var líka á þingi á þeim tíma, sem sérþekking og rök óeigingjarnra og heiðarlegra þingmanna fengu að njóta sín.

Yfir höfuð hygg ég, að eigi sé ofmælt, þótt sagt sé, að prófessor E. B. hafi verið einn með göfugustu og nýtustu þingmönnum þjóðarinnar.

Loks lézt magister **Bogi Th. Melsted** í Kaupmannahöfn hinn 12. nóvember f. á. Hann var fæddur 4. maí 1860. Lauk stúdentsprófi 1882 og meistaraprófi í sögu 1890. 1893 var hann settur aukaaðstoðarbókavörður í ríkisskjalasafni Dana, en hætti því starfi 1903. Hann stofnaði Fræðafélagið og var ritstjóri þess. Stjórnaði hann því í 18½ ár. Það má segja, að hann væri stofnandi Sláturfélags Suðurlands, því hann var fyrsti frumkvöðullinn að því, að þetta félag var stofnað. Frá 1903 hefir hann meðal annars unnið að því að rita Íslandssögu, og eru komin út af henni 3 bindi. Auk þess hefir hann skrifað minni Íslandssögu. Alþingismaður var hann fyrir Árnessýslu aðeins eitt ár, árið 1893.

Sjálfur hafði ég aldrei tækifæri til að kynnast þessum þingmanni, en einn af þeim, sem hefir getið hans opinberlega eftir fráfall hans, segir meðal annars svo: „Bogi (Melsteð) var alla tíð tryggur Íslendingur, enda þótt leið hans hafi meiri hluta æfinnar legið um fjarlæg lönd. Hann var ætíð hinn tryggasti vinur íslenzkra námsmanna í Kaupmannahöfn. Hann var síðustu árin heiðursfélagi í Stúdentafélaginu í Höfn, og hefir hans aldrei verið getið í þeim félagsskap nema með hinni mestu virðingu".

— Vil ég biðja hv. þm. að heiðra minningu þessara látnu þingmanna með því að standa upp.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum.]

Þá kvaddi aldursforseti sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá

Jón Auðun Jónsson, þm. N.-Ísf., og
Ingólf Bjarnarson, þm. S.-Þ.

Kosning forseta.

Loks lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs þings. Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. fór svo, að Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., fékk 19 atkv., Jón Þorlákssón, 3. landsk. þm., 16 atkv., og Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm., 5 atkv. — Þar sem enginn hafði hlotið meiri hluta atkvæða, var kosið á ný óhlutbundinni kosningu, og fór þá svo, að Ásgeir Ásgeirsson hlaut 19 atkv., Jón Þorlákssón 15 atkv., en 6 seðlar voru auðir. Lýsti þá aldursforseti yfir því, að rétt væri kjörinn foseti sameinaðs þings

Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.

Forseti (ÁÁ): Ég þakka háttvirtum þingmönnum það traust, sem þeir hafa sýnt mér. Og ég heiti því jafnframt — að svo miklu leyti sem það stendur í mínu valdi — að reyna að bregðast ekki því trausti.

Lét forseti síðan fram fara kosningu

varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.,

með 19 atkv. — Sigurður Eggerz, þm. Dal., fékk 16 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Því næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var IngB, en á B-lista JAJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa átti, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust þrír listar, er hann merkti A, B og C. Á A-lista voru SvÓ, GunnS, á B-lista MG, SE, og á C-lista HV. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson,
Sigurður Eggerz,
Héðinn Valdimarsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir.

1. Jónas Jónsson, 1. landsk. þm.
2. Ingibjörg H. Bjarnason, 2. landsk. þm.
3. Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.
4. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
5. Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm.
6. Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

Kjördæmakjörnir.

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
3. Erlingur Friðjónsson, þm. Ak.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til að taka forsæti og gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm., og Jón Jónsson, 6. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., með 8 atkv. — Halldór Steinsson fékk 6 atkvæði.

Forseti (GÓ): Ég þakka hv. dm. fyrir það traust, sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta deildarinnar. Ég mun gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að samvinna okkar megi verða sem ánægjulegust fyrir báða aðila.

Lét forseti því næst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. hlaut JBald 7 atkv., IHB 5 atkv., HSteins 1 atkv. og IP 1 atkv. Við síðari atkvgr. hlaut kosningu

Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm., með 8 atkv. — Ingibjörg H. Bjarnason fékk 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Þá var kosinn annar varaforseti

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JónJ, en á B-lista JKr. — Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Jón Jónsson, 6. landsk. þm., og
Jónas Kristjánsson, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom tillaga um að láta sætaskipun haldast óbreytta eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá till. og till. sjálf samþ. í e. hlj.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 22. jan., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Jón Þorláksson: Ég vil leyfa mér að gera tillögu um, að kosnir verði fimm menn í fjárhagsnefnd. Það er óbundið eftir þingsköpum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi aðeins lítillega mótmæla skoðun hv. 3. landsk. út frá því sjónarmiði, að þessi deild er svo fámenn, að oft og tíðum hlaðast of mörg nefndarstörf á sömu mennina, ef fimm menn eru í mörgum nefndum, þar sem það er engin skylda.

Jón Þorláksson: Ég ætla ekki að vekja frekari umr., en minna á, að það hefir verið siður á undanförnum árum að kjósa fimm menn í fjhn., og hafi þeir ekki verið kosnir í þingbyrjun, þá bætt við seinna.

Jón Baldvinsson: Ég sting upp á, að kosið verði samkvæmt þingsköpum, en bætt við í nefndina seinna, ef verkefni verða svo mikil, að ástæða þyki til.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins leiða athygli að því, að talan fimm er samkvæm þingsköpum, því að þingsköp segja ekki annað en að það megi ekki vera fleiri en fimm menn í n.

Forseti (GÓ): Ég ber þetta mál undir deildina, hvort hún vill hafa þrjá eða fimm í n. Það er víst meiri venja að kjósa ekki nema þrjá, a. m. k. í byrjun þings. En nokkrum sinnum hefir verið bætt við tveimur mönnum, þegar fram á þing kemur, þegar sérstaklega er mikið að gera. Seinast var það þannig á þinginu í fyrra. (BK: Í þingbyrjun í fyrra voru kosnir fimm menn í fjhn.). Það mun þá hafa verið í hitteðfyrra. En nú læt ég ganga til atkv. um þetta í hv. deild.

ATKVGR.

Samþ. með 8:6 atkv., að fjhn. skyldi skipuð þrem mönnum.

Var svo gengið til kosninga. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, } Af A-lista.
Björn Kristjánsson. Af B-lista.

2. Fjárveitinganefnd.

Erlingur Friðjónsson, Páll Hermannsson, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Jóhannes Jóhannesson, Ingibjörg H. Bjarnason. } Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Páll Hermannsson, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Halldór Steinsson Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Jón Jónsson, Jón Baldvinsson, } Af A-lista.
Jónas Kristjánsson. Af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson, } Af A-lista.
Halldór Steinsson. Af B-lista.

6. Menntamálanefnd.

Páll Hermannsson, Erlingur Friðjónsson, } Af A-lista.
Jón Þorláksson. Af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, } Af A-lista.
Jóhannes Jóhannesson. Af B-lista.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
3. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
6. Gunnar Sigurðsson, 2. þm. Rang.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Ísaf.
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
11. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
15. Jón Ólafsson, 3. þm. Reykv.
16. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
18. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
21. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður Eggerz, þm. Dal.
25. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
26. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
27. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema Sigurður Eggerz, sem var fjarstaddur vegna veikinda, og Þorleifur Jónsson, sem var ókominn til þings.

Elzti maður deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosninguna varð að tvítaka, og fór svo hið fyrra sinn, að Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., fékk 12 atkv., Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv., 3 atkv., og Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., 10 atkv. Í síðara skiptið hlaut Benedikt Sveinsson 12 atkv., Magnús Guðmundsson 9 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Aldursforseti lýsti þá yfir því, að rétt væri kjörinn forseti deildarinnar

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.

Aldursforseti vék síðan úr forsetasæti, en hinn nýkjörni forseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórninni. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 12 atkv. — Pétur Ottesen fékk 10 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosningar um 2. varaforseta, og hlaut kosningu

Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.,

með 11 atkv. — Haraldur Guðmundsson fékk 1 atkv., Hákon Kristófersson 8 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar. Á öðrum var Magnús Jónsson, en á hinum Halldór Stefánsson. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., og
Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.

Sætaskipun.

Að lokum skyldi hlutað um sæti deildarmanna, annara en ráðherra, forseta og skrifara. Samkvæmt tilmælum, er forseta höfðu borizt, leitaði hann afbrigða frá þingsköpum um að láta sætaskipun haldast óbreytta eins og hún var á síðasta

þingi. Voru þau afbrigði felld með 6:16 atkv.

Var síðan hlutað um sætin, en forseti kvaðst mundu lýsa úrslitunum síðar.

Á öðrum fundi deildarinnar, 22. jan., skýrði forseti frá, að úrslit um hlutun sæta, sem fram fór á 1. fundi, hefði orðið á þessa leið:

5. sæti hlaut: Sveinn Ólafsson.
6. — — Ásgeir Ásgeirsson.
7. — — Ingólfur Bjarnarson.
8. — — Jörundur Brynjólfsson.
9. — — Magnús Guðmundsson.
10. — — Jón Sigurðsson.
11. — — Þorleifur Jónsson.
12. — — Lárus Helgason.
13. — — Sigurður Eggerz.
14. — — Jón Auðunn Jónsson.
15. — — Pétur Ottesen.
16. — — Ólafur Thors.
17. — — Hákon Kristófersson.
18. — — Einar Jónsson.
19. — — Jóhann Jósefsson.
20. — — Bernharð Stefánsson.
21. — — Gunnar Sigurðsson.
22. — — Bjarni Ásgeirsson.
23. — — Haraldur Guðmundsson.
24. — — Sigurjón Á. Ólafsson.
25. — — Magnús Torfason.
26. — — Hannes Jónsson.
27. — — Héðinn Valdimarsson.
28. — — Jón Ólafsson.

Úlfljótsminning.

Á 1. fundi deildarinnar, 21. jan., að loknum störfum, mælti

forseti (BSv): Þar sem þetta er fyrsta Alþingi, sem háð er á nýju þúsund ára tímabili, þá tel ég skylt að minnast þess hins mikla manns, Úlfljóts, er var stofnandi Alþingis fyrir þúsund árum, og þar með hins íslenzka ríkis.

Ég ætla eigi hér að halda neina ræðu fyrir minni þessa mikla manns. Ég veit, að hans verður vegsamlega minnzt á væntanlegri alþingishátíð vorri. En til virðingar við hann vil ég á þessum fyrsta fundi deildarinnar biðja hv. þdm. um að standa upp.

Deildarmenn tóku undir orð forseta með því að standa upp.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 22. jan., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu.

1. Fjárhagsnefnd.

Magnús Guðmundsson: Ég leyfi mér að gera það að till. minni, að fjhn. verði skipuð 7 mönnum nú eins og venjulega áður.

ATKVGR.

Afbrigði um till. 1. þm. Skagf. leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 9:12 atkv.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, A-lista, voru ÓTh, SE, JAJ; en á hinum, B-lista, voru HStef, HJ, HV. — A-listi hlaut 10 atkv., en B-listi 16 atkv. Lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Halldór Stefánsson,
Ólafur Thors,
Hannes Jónsson,
Héðinn Valdimarsson,
Sigurður Eggerz.

Við kosningar í allar aðrar fastanefndir komu fram tveir listar, A og B, við kosningu hverrar nefndar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í hverja. Fóru þær kosningar því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

2. Fjárveitinganefnd.

Pétur Ottesen,
Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson, } Af A-lista.

Ingólfur Bjarnarson,
Jörundur Brynjólfsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Haraldur Guðmundsson. } Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Hákon Kristófersson,
Jón Auðunn Jónsson, } Af A-lista.

Hannes Jónsson,
Gunnar Sigurðsson,
Sigurjón Á. Ólafsson. } Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Jón Sigurðsson,	Af A-lista.
Einar Jónsson,	
Bernharð Stefánsson,	Af B-lista.
Lárus Helgason,	
Þorleifur Jónsson.	

5. Sjávarútvegsnefnd.

Jóhann Jósefsson,	Af A-lista.
Ólafur Thors,	
Sveinn Ólafsson,	Af B-lista.
Ásgeir Ásgeirsson,	
Sigurjón Á. Ólafsson.	

6. Menntamálanefnd.

Magnús Jónsson,	Af A-lista.
Jón Ólafsson,	
Ásgeir Ásgeirsson,	Af B-lista.
Bernharð Stefánsson,	
Sveinn Ólafsson.	

7. Allsherjarnefnd.

Magnús Guðmundsson,	Af A-lista.
Hákon Kristófersson,	
Magnús Torfason,	Af B-lista.
Gunnar Sigurðsson,	
Héðinn Valdimarsson.	

Minning Hrafns Hængssonar.

Á sama fundi, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Með því að á þessu ári er 1000 ára minningarafmæli Alþingis, þá viljum vér minnast hins fyrsta lögsögumanns, Hrafns Hængssonar, er tók við lögsögu á Alþingi 930, eftir að Úlfljótur hafði sett lögin með samþykki landsmanna. Hrafn Hængsson hafði lögsögu á Alþingi í 20 vetur. Má nærri geta, hversu merkur maður hann hefir verið, sem fyrstur gegndi því trúnaðarstarfi, sem mest var og vandasamast í landinu. Hann er fyrsti maðurinn, sem vér vitum, að fæddur er á Íslandi. Ketill hængur, faðir hans, sonur Þorkels Naumdælajarls, fluttist hingað til lands öndverðlega á landnámstíð og bjó hinn fyrsta vetur við Rangá hina ytri. Var bær sá síðan nefndur að Hrafnstóftum, því að þar fæddist Hrafn. Síðan byggði Ketill að Hofi á Rangárvöllum, og bjó Hrafn þar eftir hann.

Ég ætla ekki að rekja ætt eða æfiferil þessa merkilega höfðingja, en vil biðja alla hv. þdm. að standa upp minning hans til virðingar.

Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1931.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta fjárlagafrumv. er að miklu leyti sniðið eftir þeim fjárlögum, sem síðasta þing afgreiddi. Upphæðirnar tekju- og gjaldamegin aðeins lítið eitt hærri. Tekjurnar eru áætlaðar ca. kr. 12.216.000,— og gjöldin kr. 12.157.000,—. Tekjuafgangur því tæp 60 þús. kr. Við tekjuáætlunina er það að athuga, að tveir verulegir tekjustofnar falla úr gildi við lok þessa árs. Það er verðtollurinn og gengisviðaukinn. Þó varð ekki komizt hjá því við samningu þessa frv. að ætla ríkissjóði óskertar þær tekjur, er hann nú hefir og gilt hafa hin síðari ár. Var fyrirsjáanlegt, að ef rýra ætti tekjurnar um þá upphæð, sem þessir tollstofnar hafa gefið, hefði það komið allharkalega niður á verklegum framkvæmdum í landinu. Þar hefði orðið fyrst að skera af vegna þess, að svo mikill meiri hluti af gjöldum ríkissjóðs eru lögbundin og því ókleift hjá þeim að komast. Á undanförnum þingum hefir verið bætt nýjum og nýjum útgjöldum á ríkissjóð án þess að ætla honum auknar tekjur í staðinn. Þetta getur flotið þegar árgæzka er í atvinnuvegum og verzlun, en hlýtur óhjákvæmilega að svíkja, ef óáran dynur yfir. Alvarleg kreppa hlýtur fyrst að koma niður á verklegu framkvæmdunum. Það kemur því ekki til mála, að mínu áliti, að rýra tekjurnar, nema að fella um leið úr gildi eitthvað af þeim lögum, sem binda ríkissjóði föst og varanleg útgjöld. Ég hefi rætt þetta við milliþinganefndina í skatta- og tollamálum, og var það samhuga álit, að ekki mætti rýra tekjurnar frá því, sem nú er. Ég vil því mega vænta þess, að Alþingi greiði götu þeirra væntanlegu frumvarpa, sem flutt verða til þess að tryggja ríkissjóði ekki minni tekjur en hann hefir nú.

Um gjaldahliðina er það að segja, að ekki varð hjá því komizt að hækka suma útgjaldaliði allverulega og bæta inn í nokkrum nýjum. Stafar það af eldri og yngri ráðstöfunum Alþingis. Hafa sumir liðir verið áætlaðir of lágt í fjárlögum undanfarið, en aðrir verið ákveðnir með nýjum lögum, er koma til framkvæmda á þessu og næsta ári.

Skal ég drepa á nokkra helztu liðina. Er þá fyrst liðurinn til landhelgisvarna. Í fjárlögunum 1929 eru ætlaðar 200 þús. kr. úr ríkissjóði og 200 þús. kr. úr landhelgissjóði og sama upphæð 1930. Þetta reynist allt of lágt. Eftir því, sem næst verður komizt, hefir farið til landhelgisvarna á árinu 1929 fullar 600 þús. kr., og það eru engar líkur til, að sá kostnaður verði minni næstu árin. Þessi liður er því í frv. hækkaður upp í 300 þús. kr. úr ríkissjóði og allt að 300 þús. kr. úr landhelgissjóði. Að vísu er ekki hægt að fullyrða, að tekjur landhelgissjóðs verði svo miklar á árinu 1931, að hann geti borið þetta án þess að innstæða hans skerðist, og þá kemur það niður á ríkissjóði.

Þá eru útgjöldin til starfrækslu símans. Þau eru í þessu frv. hækkuð um ca. 200 þús. kr. Stafar sú hækkun aðallega af byggingu hinnar nýju landssímastöðvar og uppsetningu bæjarsímastöðvar. Þessi

hækkun hefði vitanlega engin áhrif á heildarútkomuna, ef gera mætti ráð fyrir samsvarandi auknum tekjum af landssímanum og bæjarsímstöðinni. En við því þarf ekki að búast á árinu 1931, vegna þess að þessi útgjaldahækkun stafar aðallega af vöxtum og afborgunum af væntanlegu láni, sem notað verður á þessu og næsta ári til byggingarinnar og miðstöðvartækjanna. En auknar tekjur koma litlar fyrr en miðstöðin er tekin til starfa. En það mun tæpast verða fyrr en í ársbyrjun 1932. Úr því má búast við tekjuauka, sem geti borið vexti og afborganir af láninu að miklu eða öllu leyti. Þá athugasemd vil ég þó gera við þennan lið, að eftir það að fjárlagafrv. var fullbúið komust á samningar um byggingu stöðvarinnar. Voru þeir samningar bæði um lánakjör og stofnkostnað hagkvæmari og ódýrari en maður hafði þorað að vona. Upphæðin er því sennilega fullhátt sett í frumvarpinu og mætti ef til vill lækka hana eitthvað.

Næst vil ég drepa á útgjaldalið, sem ekki hefir verið í fjárlögum fyrr. Það er kostnaður við hina væntanlegu útvarpsstöð. Í þessu frv. eru gjöldin vegna hennar áætluð ca. 180 þús. kr. meiri en tekjurnar. Um rekstur þessa fyrirtækis er að vísu ekki hægt að gera neina ábyggilega áætlun. Til þess brestur reynslu. En tæpast mun varlegt að gera ráð fyrir minni halla en 180—200 þús. kr. fyrstu árin. Þá eru 100 þús. kr. ný útgjöld til Búnaðarbankans, sem ekki hafa áður verið í fjárlögum.

Einn af stærstu útgjaldaliðum fjárlaganna eru berklavarnir. Þegar lög um berklavarnir voru sett á þinginu 1921, hefir forgöngumenn þess sennilega ekki órað fyrir, hversu geysileg byrði sú ráðstöfun myndi verða fyrir ríkissjóð. Að minnsta kosti var ekkert gert í þá átt að afla ríkissjóði nýrra tekna til að standast þann kostnað. Fjárhæðir þær, sem til þess hafa verið ætlaðar í fjárlögum, hafa árlega verið hækkaðar, en hafa þó aldrei hrokkið. Í þessu frumvarpi er upphæðin hækkuð um 200 þús. kr. frá því, sem hún er sett í fjárlögum yfirstandandi árs. Má þó búast við, að frekar sé of lágt áætlað, nema leitað sé nýrra ráða um að létta þessi gjöld. Þá eru gjöldin samkv. jarðræktarlögunum og vegna ráðstafana um tilbúinn áburð hækkuð í þessu frv. um samtals 75 þús kr. Notkun tilbúins áburðar er óhjákvæmileg afleiðing af aukinni ræktun í landinu, og þar sem jarðræktarframkvæmdir aukast nú hröðum skrefum, verður að gera ráð fyrir vaxandi framlagi úr ríkissjóði samkvæmt þeim lögum, er um það gilda. Þessi útgjaldahækkun, sem hér hefir verið drepið á, nemur þá samtals ca. 950 þús. kr. Og þar sem allir liðirnir mega teljast lögbundnir, verður naumast hjá því komizt, að ríkissjóður verði að greiða þá með ekki minni upphæð en áætlað er í frumvarpinu.

Þessi mikli útgjaldaauki frá því, sem stendur í gildandi fjárlögum, gerði nokkra erfiðleika á því að gera frumvarpið svo úr garði að þingið hefði rúmar hendur til að hækka útgjöldin. Sérstaklega vil ég vekja athygli hv. fjvn. á því, að ég tel tekjurnar svo hátt áætlaðar í frv., að í meðalári megi ekki gera ráð fyrir neinum umframtekjum. Hinsvegar vona ég, að gjaldahliðin yfirleitt sýni réttari mynd af hinum raunverulegu útgjöldum en stundum áður hefir átt sér stað. Það verður því vel að gæta þess, að ef nauðsynlegt þykir að bæta við nýjum útgjaldaliðum, þá verður að lækka í sama hlutfalli þá liði í frv., sem ákveðnir eru til verklegra framkvæmda. Um það, hverjar framkvæmdir eru nauðsynlegastar og mest aðkallandi, ætla ég ekki að metast, að minnsta kosti ekki fyrirfram.

Þá skal að venju gefið stutt yfirlit yfir fjárhagsástandið síðastl. ár. En um leið og það er gert vil ég taka það skýrt fram, að fyrirvara verður nokkurn að hafa um einstaka liði. Sérstökum erfiðleikum veldur það, að þessa skýrslu verður að gera fáum dögum eftir áramót, og þá er ekki nákvæmlega séð um ýmsa útgjaldapósta. Greiðslum, sem tilheyra árinu 1929, er enn ekki lokið, en í yfirlitinu er gert að nokkru fyrir því. Hvort það er nægilega mikið, verður ekkert fullyrt um. (Sjá skýrslu um bráðabirgðauppgerð hér á eftir).

Bráðabirgðauppgerð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1929.

Fjárlög	Tekjur:	Áætlun kr.	Reikn. kr.	Reikn. kr.
2. gr.	1 Fasteignaskattur	240.000	269.679	
	2 Tekju- og eignarskattur	1050.000	1659.355	
	3 Lestagjöld af skipum	40.000	54.692	
	4 Aukatekjur	400.000	599.202	
	5 Erðafjárskattur	35.000	60.207	
	6 Vitagjald	320.000	468.469	
	7 Leyfisbréfagjald	10.000	14.565	
	8 Stimpilgjald	300.000	395.810	
	9 Skólagjald	15.000	20.000	
	10 Bifreiðaskattur	30.000	70.907	
	11 Útflutningsgjald	950.000	1205.420	
	12 Áfengistollur	325.000	659.128	
	13 Tóbakstollur	850.000	1249.736	
	14 Kaffi- og sykurtollur	850.000	1079.230	
	15 Annað aðflutningsgjald	160.000	310.014	
	16 Vörutollur	1250.000	2023.545	
	17 Verðtollur	1325.000	2173.676	
	18 Gjöld af sætinda og brjóstsykursgerð	25.000	120.822	
	19 Pósttekjur	450.000	624.450	
	20 Símatekjur	1500.000	1750.000	
	21 Víneinkasala	375.000	1000.000	
				15816.907
3. gr.	1 Eftirgjald eftir jarðeignir áætlað	30.000	35.000	
	2 Tekjur af kirkjum	100		
	3 Tekjur af silfurbergi	1000	5.261	
	4 Legkaup til kirkjugarðs dómk. áætlað	3500	3.000	
				43.261
gr.	1 Tekjur af bönkum	50.000		
	2 Vextir af bankavaxtabr. samkv. l. nr. 14 1909	27.000	24.079	
	3 Væntanl. útdr. af þeim bréfum	24.000	48.000	
	4 Vextir af innstæðum í bönkum	8.000	23.000	
	5 Vextir af viðlagasjóði	60.000	65.000	
	6 Aðrir vextir	100.000	20.000	
				180.079
5. gr.	1 Óvissar tekjur áætlað	50.000	35.000	
	2 Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10.000	32.500	
	3 Endurgr. lán og andvirði seldra eigna	20.000	31.453	
				98.953
		10883.600		16139.200

Fjárlög 1931 (1. umr. í Nd).

Fjárlög	Gjöld:	Fjárveit. kr.	Reikn. kr.	Reikn. kr.
7. gr.	I. Vextir af lánum ríkissjóðs	577.961	660.000	
	II. Afborganir lána	639.238	636.551	
	III. Framlag til Landsbankans	100.000	100.000	
				1396.551
8. gr.	Borðfé Hans Hátignar konungsins	60.000		60.000
9. gr.	1-2 Alþingiskostnaður	204.350		247.199
10. gr.	I. Ráðuneytið, ríkisféh. o. fl.	187.100	256.885	
	II. Hagstofan	46.100	53.120	
	III. Utanríkismál o. fl.	84.000	86.555	
				396.560
11. gr.	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	651.440	864.748	
	B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur	144.000	254,991	
				1119.739
12. gr.	Læknaskipun og heilbrigðismál	751.355		815.379
13. gr.	A. Póstmál	481.000	523.133	
	B. Vegamál	929.650	1561.000	
	C. Samgöngur á sjó	346.750	350.000	
	D. Hraðskeyti og talsímasamband	1418.500	1596.708	
	E. Vitamál	265.700	265.300	
				4296.141
14. gr.	A. Andlega stéttin	314.756	283.552	
	B. Kennslumál	1134.590	1341.947	
				1625.499
15. gr.	Vísindi, bókmenntir og listir	230.860		229.820
16. gr.	Verkleg fyrirtæki	1297.060		1283.298
17. gr.	Almenn styrktarstarfsemi	679.800		928.356
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfé	196.748		203.731
19. gr.	Óviss útgjöld	100.000		276.829
20. gr.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10.000		44.357
23. gr.	Eimskipafélag Íslands, mjólkurbú og fl.			177.452
25. gr.	Greiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum			1337.713
				14438.624
	Tekjuafgangur			1700.576
		10850.958		16139.200

Eins og þetta yfirlit sýnir, hafa ýmsir liðir bæði tekju- og gjaldamegin farið allmikið fram úr áætlun.

Tekjumegin eru það sérstaklega þessir:

Tekju- og eignarskattur	kr.	610.000,—
Aukatekjur	—	199.000,—
Vitagjald	—	148.000,—
Stimpilgjald	—	95.000,—
Bifreiðaskattur	—	49.000,—
Útflutningsgjald	—	255.000,—
Áfengistollur	kr.	334.000,—
Tóbakstollur	—	400.000,—
Kaffi- og sykurtollur	—	230.000,—
Annað aðflutningsgjald	—	150.000,—
Vörutollur	—	773.000,—
Verðtollur	—	848.000,—
Sætinda- og konfektgerð	—	95.000,—
Pósttekjur	—	174.000,—
Víneinkasala	—	625.000,—

Gjaldamegin hafa umframgreiðslur orðið mestar á:

11. gr. (aðallega landhelgisgæzla)	kr.	324.000,—
13. gr. vegamálum	—	632.000,—
13. gr. símanum	—	178.000,—
17. gr. berklavörnum	—	249.000,—
19. gr. óvissum gjöldum	—	176.000,—

Auk þess eru gjöld utan fjárlaga samkvæmt eldri og yngri lögum, þingsályktunum og fjáraukalögum, er nema samtals 1½ millj. króna.

Í þessari 1½ millj. kr. eru þetta stærstu útgjaldaliðirnir:

Flóaáveitan	kr.	93.000,—
Vestmannaeyjahöfn	—	152.000,—
Tillag til Ræktunarsjóðs	—	50.000,—
Borgarneshöfn	—	133.000,—
Betrunarhús og vinnuhæli	—	82.000,—
Alþingishátíðin (undirbúningur)	—	350.000,—
Tunnutollur (endurgreiðsla)	—	61.000,—
Sjómælingar	—	50.000,—
Flugferðir	—	32.000,—
Pósthús á Ísafirði	—	25.000,—
Pósthús á Norðfirði	—	17.000,—

Af upphæðinni til Vestmannaeyjahafnar eru fullar 100 þús. kr., sem ríkissjóður hefir greitt vegna ábyrgðar, er á hann hefir fallið fyrir Vestmannaeyjar. Svipuð upphæð hefir verið greidd árlega undanfarið, en á yfirstandandi ári er búizt við, að ábyrgðarskuld þessari verði lokið. Hinn hluti fjárhæðarinnar er til endurbóta á höfninni í Vestmannaeyjum.

Sá gjaldaliður fjárlaganna, sem mest hefir farið yfir áætlun, eru vegamálin. Til þeirra hefir farið alls á árinu yfir 1½ millj. kr. Er það stórum meiri upphæð en nokkru sinni áður hefir gengið til vegamála á einu ári. Þó er ekki þar með talinn Þingvallavegurinn nýi, en í hann eru komnar 235 þús. kr. á 2 síðustu árum. Aðalliðirnir í vegamálunum eru nýbyggingar vega, brúagerðir og viðhald veganna. Munu brúagerðirnar og viðhaldið hafa skapað allmikið af umframeyðslunni. Þörfin fyrir bættar samgöngur er ákaflega knýjandi, og þá eru brúagerðirnar aðkallandi til að tengja saman vegina og héruðin. Eftir því sem vegirnir lengjast og bifreiðaumferðin vex, verður viðhaldið alltaf dýrara og dýrara með hverju ári, og undan því verður ekki komizt, ef þessar dýru vegalagningar eiga ekki að fara forgörðum.

Þegar litið er yfir tekjuliðina og athugaðir þeir liðir, sem mestar umframtekjur gefa, þá er það bert, að það er vöruinnflutningurinn. Það er nú að vísu gott fyrir ríkissjóðinn að fá tekjurnar og þessi miklu vörukaup virðast í fljótu bragði bera vott um mikla kaupgetu.

En þó verð ég að segja það, að þessi geysilegi innflutningur er ekki óblandið ánægjuefni. Viðskiptajöfnuðurinn út á við hefir orðið óhagstæður, þrátt fyrir góðæri. Óhagstæðari miklu heldur en árið 1928. Samkvæmt bráðabirgðaskýrslum hefir inn- og útflutningurinn verið þessi:

Innflutt:

Ár 1929	um	70	millj. kr.
— 1928	—	58	— —
— 1927	—	50	— —

Útflutt:

Ár 1929	um	69½	millj. kr.
— 1928	—	74	— —
— 1927	—	57½	— —

Innflutningurinn 1929 hefir orðið meiri en nokkru sinni áður, þegar tekið er tillit til núverandi verðgildis krónunnar.

Eins og gefur að skilja, er ekki enn hægt að gera fulla grein fyrir, í hverju sérstaklega þessi aukni innflutningur liggur. En nefna má þó ýmislegt, svo sem byggingarefni, tilbúinn áburð, jarðyrkjuverkfæri, girðingarefni, allskonar vélar og bíla. Þá munu og munaðarvörukaup hafa aukizt stórum. Að sjálfsögðu hefir þetta að einhverju leyti skapað verðmæti í landinu. Byggingar allskonar hafa verið með mesta móti í sveitum og bæjum, og einnig aukin jarðrækt, en eigi að síður er það áhyggjuefni, ef þessu fer fram um verzlunarjöfnuðinn, og það má ekki verða.

Því er oft haldið fram, að verkefnin séu svo mikil framundan og þarfirnar svo aðkallandi, að nauðsynlegt sé að hefjast handa. Þetta játa ég að vísu, en við lifum ekki lengi á falskri kaupgetu.

Ef við höldum út á þá braut, ef við eyðum meiru en við öflum, þá erum við á glötunarvegi.

Út á við er þjóðin nú verr stödd fjárhagslega en í árslokin 1928. Ef árið 1930 verður ekki betra en meðalár í framleiðslu og verzlun, getur hún ekki að mínu áliti greitt úttekt sína, nema hún sýni meiri sparnað og sjálfsafneitun en síðastliðið ár. Ég vildi því mega bera þjóðinni þá nýársósk, að hún beri gæfu til þess að gæta vel fjárhags síns á þessu nýbyrjaða ári.

Um skuldir ríkissjóðs er það að segja, að þær hafa litlum breytingum tekið á árinu, og sú breyting, sem orðið hefir, er til lækkunar frá því, sem þær voru í árslok 1928.

Í sambandi við þetta skal þess getið, að stjórnin hefir enn ekki tekið neitt fast lán til þeirra framkvæmda, sem lögákveðnar eru og heimild er fyrir. Hinsvegar hefir verið fengið bráðabirgðaviðskiptalán hjá Barclays Bank í London, að upphæð 250.000 £, sem stjórnin má nota eftir þörfum. Af þessu láni hefir enn ekki verið notað nema tæpur helmingur, og fór sú upphæð til Landsbankans til þess að lækka skuld ríkissjóðs þar. Peningamarkaðurinn ytra var svo óhagstæður og óstöðugur, að ekki var hugsanlegt að fá fast lán með viðunandi kjörum.

En vegna ýmsra framkvæmda þótti vissara að tryggja ríkissjóði aðgang að láni til bráðabirgða.

Í þessu sambandi er einnig ástæða til að drepa á ábyrgðir ríkisins. Alþingi hefir alloft samþykkt ábyrgðir á hendur ríkissjóði, og þær misjafnlega álitlegar, enda hefir það að borið, að sumar hafa fallið á ríkissjóð fyrir nokkru síðan, og hefir hann verið að flækjast með víxla í útlöndum út af því. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að baka landinu álitshnekki fjárhagslega og valda erfiðleikum við lántöku. Ég vil því alvarlega vara Alþingi við því að stofna til slíkra ábyrgða. Það verður heldur ekki séð, hvar staðar verður numið þegar út á ábyrgðarbrautina er komið. Því er líkt varið með ríkið og einstaklinginn. Hver sá maður, sem gengur í takmarkalausar eða takmarkalitlar ábyrgðir, missir lánstraust sitt fyrr eða síðar.

Þá vildi ég gefa yfirlit yfir fjárveitingu til landhelgisgæzlunnar og kostnað við hana á árinu 1929:

Fjárveiting samkv. 11. gr. A. 8:		
Úr ríkissjóði	kr. 200.000,—	
— landhelgissjóði	— 200.000,—	
		400 000,—
Eftir því, sem framast verður séð, munu gjöldin verða sem hér greinir:		
Rekstrarkostn. Óðins	ca. kr. 280.000,—	
—— Ægis 6 mán.	— — 140.000,—	
—— Þórs	— — 150.000,—	
—— Geirs goða	— — 19.070,—	
Styrkur til landhelgisgæzlu	— 14.200,—	
Útgerðarstjórn og skrifstofukostnaður..	— 9.700,—	
		612.970,—
Er því útlit fyrir, að gjöldin fari fram úr áætlun um	kr.	212.970,—

Er þetta að vísu há upphæð, en geta verður þess hér, að í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er auðsjáanlega alls ekki gert ráð fyrir útgerð þriggja varðskipa, þar sem fjárveitingin er lækkuð um 35 þús. frá því, sem hún var í fjárlögum fyrir 1928, og voru þá ekki gerð út nema 2 varðskip stór, þ. e. Óðinn og Þór.

Það skal og greinilega fram tekið, að þar sem fjárlögin virðast mæla ótvírætt fyrir um, að ríkissjóður skuli bera rekstrarkostnað við landhelgisgæzlu, en aðeins fá fast tillag frá landhelgissjóði, hefir allur rekstrarkostnaður við gæzl-

una verið greiddur úr ríkissjóði, en allur stofnkostnaður nýja varðskipsins hefir verið greiddur úr landhelgissjóði. Ennfremur hefir þeirri reglu verið haldið, að greiða úr landhelgissjóði kostnað við stærri viðgerðir á skipum, og er það gert með tilliti til þess, að skipin eru eign landhelgissjóðsins, og virðist því réttmætt, að hann beri allan kostnað við að halda þeim nothæfum til gæzlunnar. Verður því aðstaða landhelgis- og ríkissjóðs um þetta efni sem leigusala og leigutaka, og verður þá leigusalinn að kosta viðhald á eign þeirri, er hann selur á leigu.

Árið 1929 hefir verið athafnaár og að mörgu leyti hagstætt atvinnuvegunum. Fiskaflinn er jafnmikill eins og 1928, og mun það mesta aflaár, sem yfir þetta land hefir komið. Grasspretta og heyfengur mun hafa verið í betra lagi og sumstaðar ágæt, þó heyskaparlokin yrðu víst nokkuð endaslepp. Sala afurðanna hefir og gengið sæmilega. Atvinna var mikil og stöðug. Allir þeir, sem höfðu getu og vilja til að vinna, höfðu meira að starfa en þeir komust yfir.

Nýtt tímabil hefir verið að hefjast í ræktunarmálunum á undanförnum árum, og mun síðastliðið ár hafa verið stórvirkast í þeim framkvæmdum. Er þar verið að leggja grundvöll undir tryggri og arðvænlegri afkomu síðari kynslóða.

Í sambandi við ræktunarmálin er rétt að gefa yfirlit yfir áburðarverzlun ríkisins á árinu 1929. Af tilbúnum áburði voru fluttir inn 21300 sekkir. Aukningin frá árinu 1928 er mjög mikil, því þá voru fluttir inn um 9245 sekkir. Sérstaklega er athyglisvert, hve innflutningur hins algilda Nitrophoska-áburðar hefir aukizt. 1928 voru ekki fluttir inn af honum nema á annað hundrað sekkir til reynslu. 1929 komst innflutningurinn strax upp í 5150 sekki.

Ef Nitrophoska er breytt í „venjulegar" áburðartegundir samkvæmt efnainnihaldi hans, fæst gleggri samanburður á áburðarnotkuninni 1928 og 1929. Samkvæmt því er áburðarnotkunin:

1928 ca. 9470 sekkir, en
1929 — 29000 —

Áburðareinkasalan hefir á árinu selt áburð fyrir kr. 443300,—.

Kostnaður við framkvæmd laganna skiptist þannig, talið í jöfnuðum tölum:

Flutningskostnaður á áburðinum til landsins og með ströndum fram	kr.	61600,00
Flutningskostn. á áburði austur yfir Hellisheiði, í stað þess að senda hann til Eyrarbakka	—	3850,00
Til S. Í. S. fyrir vinnu við afhendingu og útsendingu áburðarins. — Skrifstofukostnaður innanlands og utan, þar með talin þátttaka í húsaleigu, ritföng, símakostnaður, innheimta o. fl.	—	7300,00
Annar kostnaður, þar í talin húsaleiga, keyrsla, vinna við birgðir, vátrygging o. fl. o. fl.	—	20430,00
Kostnaður alls kr.		93000,00

Frá kostnaðinum dregst 2% álagning af hinum selda áburði, ca. kr. 8000,00.

Yfirleitt virðast menn vera mjög ánægðir með áburðareinkasöluna eins og hún hefir verið framkvæmd. Því miður veldur breyting sú, sem síðasta þing gerði á lögunum um tilbúinn áburð, nokkurri verðhækkun á áburðinum, þrátt fyrir það, þótt flestar tegundir áburðar hafi lækkað nokkuð í verði. Er hætt við, að breytingin muni fremur draga úr aukinni áburðarnotkun, þrátt fyrir það, þótt þeir, sem hafa erfiða aðdrætti, fái nokkurn hluta af andvirði áburðarins endurgreiddan eftir á sem flutningsstyrk.

Þessi áburðarverzlun var af ríkisstjórninni falin Sambandi ísl. samvinnufélaga, og hafði það verzlunina að öllu leyti með höndum fyrir ríkissjóð. Ég finn ástæðu til að vekja athygli á einum lið í þessari skýrslu. Það er greiðslan til Sambandsins sjálfs fyrir alla vinnu þess, umsjón og innheimtu. Fyrir það allt tekur sambandið einar 7300 krónur.

Hér er vissulega ekki verið að hafa ríkissjóð fyrir féþúfu.

Auk ræktunarmálanna voru óvenjumiklar framkvæmdir í sveitunum um

byggingar. Byggingar- og landnámssjóður tók til starfa á árinu og lánaði til byggingar síðari helming ársins 356 þús. kr. Auk þess mun Ræktunarsjóður eitthvað hafa lánað til bygginga.

Framkvæmdir ríkissjóðs voru miklar á árinu. Auk hinna stórfelldu vega- og brúagerða og símalagninga var á þessu ári byrjað á byggingu síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði. Er hún nú komin vel á veg, og hefir fjárframlag til hennar numið 450 þús. kr. fram að síðustu áramótum.

Prentsmiðja hefir verið keypt og tók ríkissjóður við henni 1. janúar síðastl. Er ákveðið, að hún starfi sem sjálfstætt fyrirtæki.

Skrifstofuhús landsins er nú í byggingu, og mun verða farið að flytja í það á næsta vori. Fjárframlag til þess hefir numið fullum 100 þús. kr.

Snemma í haust, 25. sept., var útboð í nýja bæjarsímastöð fyrir Reykjavík sent stærstu og þekktustu verksmiðjum í þeirri grein í Evrópu, og var leitað tilboðs bæði fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð með sjálfvirkri afgreiðslu milli bæjanna; ennfremur var hjá sömu firmum leitað tilboða í £ 55000,— (= 1220000 ísl. kr.) lán til að reisa miðstöðvarhúsið fyrir ásamt hinu nýja símahúsi í Reykjavík.

Í síðasta mánuði komu tilboð frá 5 firmum, og var verðið frá 630000 ísl. kr. og upp í 970000 krónur fyrir Reykjavík eina, en frá 680000 og upp í 1070000 kr. fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð.

Aðgengilegast þótti að velja kerfi L. M. Ericssons í Stokkhólmi, og hafa samningar verið undirskrifaðir um kaup á sjálfvirkum miðstöðvum fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð fyrir samtals 683000 ísl. kr., og ennfremur var ákveðið að taka lánstilboði L. M. Ericssons að upphæð £ 55000 til 15 ára með 6% vöxtum, og er það affallalaust. Árlegar afborganir og vextir af þessu láni nema um 126000 ísl. krónum, þannig að alltaf verður greidd hér um bil sama upphæð árlega í þessi 15 ár. Eftir stærð miðstöðvanna og afkasti er verð þeirra alveg óvenjulega lágt, og lánskjörin verður líka að telja mjög góð, eftir því sem nú gerist. Láninu á að verja til greiðslu á andvirði þessara tveggja miðstöðva og til byggingar nýja símahússins í Reykjavík og endurbóta á línukerfinu.

Stöðvartilboðið felur í sér sjálfvirka miðstöð í Reykjavík fyrir 4000 notendur og aðra í Hafnarfirði fyrir 300 notendur. Þetta má auka upp í 9000 notendur í Reykjavík og 900 í Hafnarfirði án þess að reisa þar nýtt hús, en annars ótakmarkað án nokkurs baga fyrir afgreiðsluna. Auk þess eru í tilboðinu falin 4800 talfæri og sérstakt borð í Reykjavík til að afgreiða samtöl við aðrar stöðvar á landinu, og er afgreiðslan fyrir þær að nokkru leyti líka sjálfvirk, og ennfremur er innifalin mestöll uppsetning. Hvert innanbæjarsamtal í Reykjavík og Hafnarfirði er talið sjálfkrafa hjá þeim notanda, er hringir upp, og sömuleiðis samtölin milli þessara bæja, en þó er sá munur, að hvert samtal milli bæjanna er talið sem sex innanbæjarsamtöl, og er það sjálfkrafa rofið, er það hefir staðið í 5 mínútur. Er nú í ráði að láta hvern notanda greiða árlegt gjald sitt, eftir því hve oft hann hefir hringt upp og fengið samtöl. Þeir, sem lítið tala í síma, munu þá greiða miklu minna gjald en nú, og þeir, sem tala lítið innanbæjar, en allmikið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þurfa þá ekki að greiða meir en aðrir, sem tala meira innanbæjar og lítið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Með þessu ætti að fást réttlátari gjaldaskipting og sem flestum verða kleift að fá sér síma.

Það þótti ekkert áhorfsmál að velja sjálfvirka stöð í Reykjavík fram yfir handvirka, því bæði verður rekstrarkostnaður að meðtöldum vöxtum og fyrningu mun minni og afgreiðslan miklu hraðari og öruggari. Sjálfvirka stöðin á þegar í byrjun að geta afgreitt 48000 innanbæjarsambönd á dag, og þarf til gæzlu hennar um 4 menn á verkstæði, en til að afgreiða jafnmörg samtöl á dag með handvirkri stöð, þyrfti um 50 konur við miðstöðina, 2 menn á verkstæði, og þó væri afgreiðslan lakari.

Þörfin fyrir nýja bæjarsímastöð í Reykjavík var orðin ákaflega brýn, öll númer (2400) upptekin, og bíða nú mörg hundruð manns eftir að fá númer.

Sjálfvirka stöðin í Hafnarfirði á í byrjun að geta afgreitt 1800 samtöl á dag inn-

anbæjar, og um 700 samtöl milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Við afgreiðslu þessa þyrfti 8—9 símakonur í Hafnarfirði og 5 í Reykjavík (á landssímanum). Þegar sjálfvirk stöð kemur í Hafnarfirði, sparast þetta alveg, og er munurinn meira en nógur til að greiða vexti og fyrningu af stofnkostnaðarauka o. þvíl. við sjálfvirka stöð þar.

Hér læt ég staðar numið. Góðærin síðustu hafa leyst úr læðingi þundnar þrár um meira starf. Við búum í landi, sem ekki er enn hálfnumið eftir 1000 ára ábúð. Verkefnin eru ótæmandi til sjávar og sveita. Í þessum ófæddu störfum liggur þróttur þjóðarinnar, framtíð hennar og vonir.

Þá vil ég leggja til, samkvæmt gamalli venju, að þessari 1. umr. verði frestað og frumvarpinu vísað til fjvn.

Magnús Jónsson: Ég vildi mega gera eina aths. út af atriði í ræðu hæstv. fjmrh. Meðal útgjalda við undirbúning alþingishátíðarinnar nefndi hæstv. ráðh. 350 þús. krónur. Af því að ég er í undirbúningsnefndinni og býst við að verða einn af þeim, sem fá orð í eyra að lokinni hátíðinni, er mér umhugað um, að ekki verði skrifað á hennar reikning annað en það, sem þar á heima. Mér er alveg óskiljanlegt, til hvers þessar 350 þúsundir hafa farið. Ég vildi spyrja, hvort Mosfellsheiðarvegurinn nýi er með í þessu. Heyrir hann þá undir hátíðarkostnaðinn? Því á ég bágt með að trúa.

Það er rétt að ég minnist á það núna, að mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. (EÁ) er farinn að finna það, að ótakmarkaðar ábyrgðir ríkissjóðs t. d. á bönkum geta haft áhrif á lánstraust okkar erlendis. Ég hefi oft hreyft því máli hér á Alþingi, en enga áheyrn fengið hjá samherjum hæstv. ráðh.

Það er mjög gleðilegt að heyra, hvað hagur ríkissjóðs er góður. En þó að það sé dyggð hjá hverjum fjármálaráðherra að vera nokkuð svartsýnn, þá held ég, að óþarfi sé að vera svartsýnn út af því, hvað innflutningurinn 1929 var mikill. Ef ekki verður aukinn innflutningur eftir slíkt góðæri, sem verið hefir undanfarið, er það vottur um svefn og sinnuleysi þjóðarinnar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Skýrslu þá, sem ég las upp, fékk ég hjá ríkisféhirði. Ég bað um hana til þess að ég sæi, í hvað sú 1½ milljón, sem ráðstafað var samkv. fjáraukalögunum, hefir farið. Þingvallavegurinn nýi er alveg sérstakur liður, og er gert ráð fyrir, að hann verði settur á lán. Ég skal játa, að mér óx í augum þessi upphæð, 350 þús. kr., til undirbúnings alþingishátíðarinnar. En að svo stöddu get ég ekki gefið hv. þm. upplýsingar um, til hvers þær eru ætlaðar.

Magnús Jónsson: Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa gefið mér greið svör, að svo miklu leyti, sem hann getur, en ég verð að segja, að svar hans gerir þetta að enn meiri ráðgátu fyrir mér en áður. Ef Mosfellsheiðarvegurinn er ekki með, þá verður þessi upphæð alveg óskiljanleg. Hvað getur þetta þá verið? Ég veit ekki til, að hátíðarnefndin hafi gert neinar ákvarðanir, sem komast nokkuð nálægt þessu að kostnaði. En mér fer að detta í hug, hvort þetta geti verið þær framkvæmdir, sem unnið hefir verið að á sjálfum Þingvöllum af öðrum aðiljum. Ég leyfi mér að skjóta því til hv. 1. þm. Skagf. hvort svo muni vera. (**MG:** Hæstv. dómsmrh. mun geta svarað því).

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það hefir ekki komið til neins kostnaðar hjá okkur ennþá, sem teljandi sé. Þessar 350 þúsundir standa þá ennþá sem óleyst gáta.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Fyrir hönd fjvn. hefi ég þess eins að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

Ólafur Thors: Það hefir orðið samkomulag milli hæstv. forsrh. og stjórn-

arandstæðinga, með samþykki hæstv. forseta, að láta að þessu sinni niður falla venjulegar eldhúsdagsumræður, þ. e. a. s. á þann hátt, að þeim verði frestað til 3. umr. fjárlaganna. Er það með þeim skilyrðum, að menn hafi þá öll þau réttindi, sem venjulega fylgja eldhúsumræðum, sem fram fara þegar fjárlagafrv. kemur frá nefnd.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn í hv. deild höfum fallizt á það samkomulag, sem hv. 2. þm. G.-K. skýrði frá.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 245 og 261, 229, 260, 269).

Afbrigði um n. 261, brtt. 269, sem of seint var útbýtt, og um skrifl. brtt. (verður þskj. 270, I) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég mun að þessu sinni tala mjög stutt. Ég get að mestu leyti vísað til nál. að þessum kafla, sem sé 1.—13. gr. Eins og sést á nál. fjvn., hefir n. ekki tekið tekjubálkinn neitt verulega til meðferðar við þessa umr. Ef hv. þm. kann að einhverju leyti ekki að þykja fullupplýst um hinar einstöku brtt. í nál., vænti ég, að þeir láti það í ljós, og skal ég þá svara þeim eins og ég veit sannast og réttast.

Þegar litið er á fjárlagafrv., sem fyrir liggur, eru tekjurnar áætlaðar meiri en í gildandi fjárl. og gjöldin sömuleiðis. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en ég vil beina því til hv. þm., að þeir gæti varúðar í því að hækka mjög mikið gjaldahliðina. Þó að tekjur færu mikið fram úr áætlun á síðasta ári, verðum við að gæta þess, að árferði til lands og sjávar var óvenjulega gott og verzlun og viðskipti með örasta móti. Þegar um slíka árgæzku er að ræða, drýpur drjúgum í ríkissjóðinn, og er mjög óvarlegt að byggja á slíkum tekjum, hvernig sem árar. Mér þykir hlýða að víkja stuttlega að þessu atriði. Enda þótt frv. sé svo úr garði gert, að tekjur og gjöld eru meiri en áður hefir verið, hefir fjvn. ekki komizt hjá að bera fram tillögur til hækkunar á gjöldunum, sem nema rúmlega 300 þús. kr. Nokkuð af þeim tillögum er bara leiðréttingar, eða um 70 þús. kr., sem sé greiðslur, sem yrði að inna af hendi, hvað sem fjárlögunum liði. N. fannst sjálfsagt, að slíkar fjárhæðir yrðu færðar á fjárlögin. Menn getur vafalaust greint á um þær till., er n. ber fram, en ég hygg, að yfirleitt megi segja, að þær séu til mjög gagnlegra hluta. Og jafnvel því fé, sem getur ekki beinlínis heimfærzt undir þessar greiðslur, má segja, að sé mjög vel varið. Mér er óhætt að segja, að ef fjvn. hefði árætt að gera frekari till. til útgjalda, mundi hún hafa gert það, því að hún hafði fullan vilja á að bera ýmsar slíkar till. fram, til frekari framkvæmda og umbóta. Slíkt er þó ætíð álitamál, og hv. þm. kunna að líta misjafnlega á það, enda taldi fjvn. sér vera skyldara en öðrum að fara varlega í þessu efni.

Um till. einstakra hv. þm., sem nema um 240 þús. kr., ætla ég ekki að segja margt. Ég læt það bíða, þangað til ég hefi heyrt flm. þeirra gera grein fyrir þeim. Allar þessar till. nema samtals um 550 þús. kr. Þegar frá er dreginn tekjuafgangur frv., verður tekjuhallinn um 500 þús. kr.

Fyrsta till. n. er á þskj. 229, við 5. gr. Hún er þess efnis, að tekjur menningarsjóðs og skemmtanaskattur verði færðar á fjárlögin. N. telur fara betur á, þó að þessar tekjur komi ekki beinlínis ríkissjóði við, að þær standi í fjárlagafrv.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að gera grein fyrir næstu liðunum, út að 7. lið. Ég skal aðeins geta þess um till. n. um greiðslu til lögmanns, að tillögur hans bárust ráðuneytinu svo seint, að ekki var hægt að taka þær til greina, þar sem búið var að prenta frv.

7. brtt. n. er um styrk til læknanna Ólafs Þorsteinssonar og Vilhelms Bernhöfts. Þeir hafa haft þennan styrk fyrir kennslu við háskólann. Reglugerð háskólans mælir svo fyrir, að læknanemar eigi að fá kennslu í þessum efnum, svo að þessi upphæð verður að greiðast.

Um styrkinn til Jóns Kristjánssonar læknis skal ég geta þess, að n. virtist það

vera rétt, að hann fengi þennan styrk nú eins og áður, með því skilyrði, að hann veitti fátæklingum ókeypis læknishjálp.

Næst kemur brtt. við 12. gr. 8, um styrk til utanferða héraðslækna. Landlæknir óskaði eftir þessari hækkun, og n. varð við þeirri ósk. Landlæknir gat þess, að margir héraðslæknar hefðu siglt til þess að afla sér frekari þekkingar; þeir hefðu orðið svo margir, að fjárhæðin, sem ætluð væri í því skyni á þessu ári, væri fyrirfram greidd, og væri því hin mesta nauðsyn að hækka þennan lið.

Næsta brtt. er um matvælakaup að Kleppi. Ég ætla í þessu efni að láta nægja að vísa til nál.

9. till. er um hækkun á styrk til Halldórs Arnórssonar. Halldór Arnórsson er eini Íslendingurinn, sem kann þá iðn að búa til gervilimi, og n. leit svo á, að það væri mun þægilegra og meiri sparnaður fyrir þá ólánsömu menn, sem þurfa að fá sér gervilimi, að geta fengið þá innanlands en að þurfa að leita til útlanda.

Þá gerir n. 3 till. til hækkunar á framlagi til þriggja vega, 5000 kr. á hvern. Ég get líka um þessa till. vísað til nál. Þessir 3 vegir, Kjósarvegur, Biskupstungnabraut og Blönduhlíðarvegur, eru ákaflega fjölfarnir og mjög mikils virði, að þeir séu í sæmilega góðu lagi. Virtist n. því ekki rétt að draga úr fjárframlögum í gildandi fjárlögum. N. fannst sanngjarnara, þó að vitanlega þurfi að bæta vegi á milli héraða, að þeir biðu lengur, þangað til hægt væri að veita meira fé í einu.

Ég læt þetta nægja um þær brtt., sem n. flytur við 13. gr. B., og skal víkja nokkrum orðum að 13. gr. D. Ég ætla, að í nál. sé drepið á helztu atriði, sem eru þess valdandi, að n. ber þá till. fram, að lækka framlag til nýrra símalagninga, en verja fénu til að kaupa fjölsímatæki. Eins og segir í nál., hefir landssímastjóri lagt það til, að keypt verði fjölsímatæki. Áhald þetta kostar 150 þús. kr., svo að sú fjárhæð, sem við viljum verja til þess núna, nægir ekki nema að hálfu leyti. En n. gerir ráð fyrir, að síðari greiðsla verði veitt í fjárlögum fyrir 1932. Með því að skipta þessu, er hægt að sinna óskum landsmanna og verja 100 þús. kr. til nýrra símalagninga. Frá landssímastjóra hefir n. borizt erindi um það, hvaða línur hann telur aðkallandi. Þeirra er getið í nál. og ekki ástæða til að fara um þær frekari orðum.

Um brtt. n. við 13. gr. D. IV.—V. skal ég geta þess, að þegar landssímastjóri gerði tillögur í því efni til stjórnarráðsins, hafði hann hugsað sér að skipta greiðslum á húsbyggingarláni símans á milli landssímans og bæjarsímans. Þá var ekki búið að ganga frá lántökunni. Síðar kom það í ljós, að lánskjörin urðu betri en búizt var við, og taldi símastjórinn því réttast að gera ekki þá skiptingu, sem hann hafði upphaflega ætlazt til. N. féllst á till. landssímastjóra í þessu efni og ber því fram þessar brtt. En vegna þess, hvað kjörin urðu betri en landssímastjóri bjóst við í fyrstu, lækkar þessi liður um 47 þús. kr.

Um þá brtt. n., að hækka laun símritara, skal ég geta þess, að landssímastjóri lét svo um mælt, að sakir þess, hve launin væru lág, væri ekki hægt að fá verulega góða og æfða menn í þessar stöður. Landssímastjóri gat þess, að einhleypir menn gætu komizt af með kjör þau, sem símriturum væru boðin, en fjölskyldumenn ekki. Um aukavinnu er tæplega að ræða fyrir þá menn, sem þessu starfi gegna. Landssímastjóri sagði líka, að ef ekki væri vel fyrir þessu starfi séð, gæti það leitt til hinnar mestu óreiðu á afgreiðslu á símritun. Landssímastjóri gat og þess, að ekki væri örgrannt um, að þesskonar hefði komið fyrir, en að það mætti alls ekki eiga það á hættu, og lagði hann yfirleitt mikla áherzlu á, að úr þessu yrði bætt.

Þá leyfir n. sér að bera hér fram brtt. við 13. gr. E., um byggingu nýrra vita. Vitamálastjórinn gerði n. grein fyrir því, að mjög æskilegt væri að geta hraðað byggingu vita víðsvegar með ströndunum. Taldi hann marga staði, þar sem hann áleit nauðsynlegt að byggja vita hið bráðasta, eftir því sem þingið sæi sér fært að veita fé til. N. efast ekki um, að vitamálastjóri hefir rétt fyrir sér, að það geti verið nauðsynlegt að hraða þessum framkvæmdum. En hinsvegar treysti hún sér ekki til að verða við þeim óskum, sem hann flutti fram, heldur leggur hún til, að liðurinn verði hækkaður svo sem hermir í brtt., úr 50 þús. kr. upp í 80 þús.

kr. Verður þá vafalaust farið að byggja þann vita, sem vitamálastjóri taldi einna mesta þörf að fá sem allra fyrst.

Um 2. lið, sem n. flytur, viðvíkjandi ýmsum gjöldum, get ég látið nægja að skírskota til þess, sem sagt er í nál., enda er hér ekki að ræða um stórar upphæðir.

Þá kem ég að brtt. um lendingarbætur og bryggjugerðir, að sá liður verði hækkaður úr 20 þús. upp í 91 þús. kr. Mönnum kann að virðast, að n. fari hér allfreklega í það að auka gjöldin. En það er skemmst af að segja um þessa liði, að n. virtist, sem það væri um svo góðar og gagnlegar framkvæmdir að ræða á öllum þessum stöðum, sem sóttu um og hér er vikið að, að hún treysti sér ekki til þess að gera upp á milli þeirra, og heldur ekki til þess að mæla á móti, að eitthvað yrði gert. Eftir þeim skjölum, sem fyrir n. lágu, virtist n. sem það væri hlutaðeigandi héruðum afargagnlegt, að hægt væri að koma þessu verki í framkvæmd. Hinsvegar eru þessar framkvæmdir dýrar og n. virtist engin tök á því að veita allan þann ríkisstyrk, sem til þarf, á einu ári. Tók því það ráð, að þessum meiri háttar greiðslum yrði jafnað niður á 3 ár. Í nál. er gerð grein fyrir, hvað mikið fer til hvers eins og í hvað mörg ár greiðslur eiga að fara fram. Ég ætla, að það sé gerð nægileg grein fyrir hverri einstakri till. á bls. 10 í nál., og læt mér nægja að vísa til þess. Ef einhver hv. þm. kynni að óska frekari skýringa, býst ég þá við að geta orðið við því síðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að þessu sinni að segja meira fyrir hönd fjvn. Ég hygg, að ég hafi drepið á þau atriði, sem mestu máli skipta og kannske hafa ekki verið tekin nógu glögglega fram í nál.

Eina brtt. á ég hér, og það, sem ég segi hér eftir, er fyrir minn eiginn reikning, en ekki n. Nota ég tækifærið að mæla ofurlítið með henni. Till. er á þskj. 260, VI, til ferju á Hrosshyl, 250 kr. Þessi styrkur hefir staðið í fjárlögum um nokkur ár. Reyndar var eitt sinn gripið til þess bjargarráðs að fella hann niður í 150 kr., að ég ætla. Þá þótti þröngt í búi hjá ríkissjóði, og var því þetta ráð tekið. Það ár var einmuna góðæri. Aflanum var ausið upp úr sjónum og góðæri hið mesta til landsins. Hagur ríkissjóðs komst í hinn mesta blóma á því ári, — og auðvitað gerði þessi 100 kr. sparnaður sitt til. Nú brá mér mjög kynlega við, þegar ég sá, að búið var að fella þennan styrk algerlega niður í fjárlagafrv.. Sérstaklega vegna þess, að í ráði er að byggja dýra brú á þessum stað áður en langt líður, sökum umferðarinnar. Nú er það efalaust, að þarna er einhver sú mesta drápsferja, sem nú er til á landi hér, svo að ef ekki er gætilega að farið og af knáleika sótt, er lífshætta að fara yfir ána. Það geta þeir um borið, sem farið hafa. Hinsvegar er meira en dagleiðar krókur niður á Þjórsárbrú, og að sumarlagi fara mjög margir menn þarna einmitt um annatímann, sem bændum er langdýrmætastur. Á þessum bæ er fátækur fjölskyldumaður með fullt hús barna. Ég hefi áður vikið að þessum ástæðum, svo að hv. þm. mega vera þær kunnar. Og ég ætla alls ekki að biðja mér liðs um þennan fjárauka. Hv. þdm. verða að sýna það drenglyndi og þann manndóm, sem þeir eiga, í því, hvernig þeir líta á till.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þegar þetta frv. var lagt hér fram í þingbyrjun, þá gerði ég nokkra grein fyrir því í öllum aðalatriðum. Ég tók það þá fram, að frv. væri þannig byggt, að það mætti gera ráð fyrir, að varlegast væri að hækka ekki tekjuliði þess. Þar af leiðandi mætti heldur ekki, ef frv. ætti að fá æskilega afgreiðslu, hækka gjaldahlið þess. Hinsvegar gat ég þess, að ef um er að ræða að leggja fram fé til annara verklegra framkvæmda en þeirra, sem í frv. getur, þá væri ekkert á móti því; en það yrði þá að lækka tilsvarandi aðra liði gjaldahliðarinnar.

Þegar þetta frv. var samið, í nóv. síðastl., var útlitið í raun og veru nokkuð annað en það er nú. Og ég álít, að það fjárhagslega útlit sé ekki svo bjart framundan, að það sé rétt að tefla á það tæpasta með útgjöld ríkissjóðs. Í nóvembermán. var það ekki komið á daginn, sem síðar kom; fyrst og fremst það, sem ég tók fram við 1. umr., að afkoma þjóðarinnar síðasta ár var ekki eins góð og maður hefði getað búizt við eftir hinu

góða árferði. Afkoman var töluvert lakari 1929 heldur en 1928.

Og síðan hefir bætzt við annað, sem gerir útlitið skuggalegra, nefnilega bankamálið, sem nýlega hefir verið afgr. með lögum frá þinginu. Það *mál hlýtur* — hvernig sem um það fer — að baka ríkissjóði mjög aukin útgjöld. Og það verður að munast, að þau útgjöld koma, jafnvel þótt þau séu ekki í fjárlögum.

Nú þótt það kunni að bera eitthvað á milli í einstökum atriðum við hv. fjvn., þá vil ég þó þakka henni fyrir starf hennar við frv. Mér er það kunnugt, að hv. n. hefir lagt mikið verk í það að fara í gegnum frv. og gera það svo úr garði, að sem bezt mætti verða. Nefndin hefir, sem vænta mátti, gert nokkrar brtt. við frv., og þó verð ég að segja, að brtt. hennar eru óvenjulega fáar, miðað við það, sem verið hefir undanfarið. En flestar ganga þær vitanlega í þá átt að auka útgjöldin. Eins og frv. er nú, er tekjuafgangur áætlaður um 60 þús. króna. Við meðferð n. hefir komið fram sú leiðrétting á frv., sem nemur sem næst þeirri upphæð, sem tekjuafgangurinn var ráðgerður. Það er því sjáanlegt, að ef allar þessar till. til hækkunar verða samþ., kemur fram allmikill tekjuhalli á frv. Því að þar við bætast till. frá einstökum þm., sem nema mikilli upphæð, ef samþ. verða flestar. Ef allar þessar hækkunartill. verða samþ., er sjáanlegt, að tekjuhalli fjárlaganna verður eftir þessa umræðu um ½ millj. króna. Og ég sé í raun og veru ekki, að það sé forsvaranlegt að auka útgjöldin svo mjög, þar sem ekki er hægt að hækka tekjuliðina til þess að jafna á móti.

Ég sé ekki ástæðu til að gera margar af einstökum till. að umræðuefni nú sem stendur.

Í þessum fyrri kafla er ekki mikill ágreiningur milli mín og hv. n. um ýmsar þeirra, og sumar alls ekki.

1. brtt. hefir hvorki áhrif til hækkunar eða lækkunar. Um það er aðeins að ræða, hvort þessir liðir, tekjur menningarsjóðs og skemmtanaskattur, eigi heima í fjárlögum. Um þetta ætla ég ekki að metast við nefndina, þótt ég hallist reyndar að því, að þeir eigi að standa utan við fjárlögin.

Þá er c-liður 7. brtt. Ég sé ekki, að sá liður geri neitt gagn eins og hann er hér fram settur. Það er gert að skilyrði fyrir styrkveitingu, að fátækt fólk fái ókeypis lækningu í nuddlækningastofunni ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði. Ég get í raun og veru ekki hugsað mér, að nokkrum manni sé gagn að því, að hann sé nuddaður 4 sinnum á mánuði, og kæmi þetta því ekki að tilætluðum notum.

Um hækkun á utanfararstyrk héraðslækna er það að segja, að ég sé ekkert sérstakt á móti honum. Sú upphæð hefir alltaf verið smá, og hefir ekki verið nálægt því hægt að fullnægja umsóknum. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að enn fari á sömu leið, að það verði ekki hægt að veita þeim öllum styrk, sem vilja fara.

Þá eru vegagerðir. Í raun og veru sé ég ekki ástæðu til að ræða um hvern veg út af fyrir sig. Breytingar hv. n. á framlögum til einstakra vega eru ákaflega smávægilegar, og get ég vart séð, að þær séu til neinna sérstakra bóta. En mér finnst ástæða til að ræða till. n. um framlag til bryggjugerða í samræmi við vegagerð eða aðrar framkvæmdir yfirleitt. Nú er það svo, að þegar frv. var samið, lá ekki nein umsókn fyrir um styrk til hafnargerða. Þess vegna var sett aðeins lítilfjörleg upphæð í frv. til bryggjugerða, líkt og hefir verið undanfarið. En nú kemur í ljós, að fyrir liggja mjög margar og kröfustórar umsóknir um styrk til bryggjugerða. Ef nú þingið vill sinna þessu, sem ég tel rétt, þá sé ég ekki mögulegt að gera það öðruvísi en með því að draga úr verklegum framkvæmdum annarsstaðar. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að þenja gjaldþol ríkissjóðs til verklegra framkvæmda. En ég sé ekkert á móti því, að dregið sé úr á einum stað og aukið við á öðrum. Hinsvegar er ég ekki alveg viss um, að uppástunga n. um fyrirkomulag á framlagi til bryggjugerða sé heppileg. Hún leggur til að veita til allmargra bryggjugerða, en bindur upphæðina að nokkru leyti, þannig að margar bryggjugerðir geta farið fram á sama tíma, en þó ekki orðið lokið yfirleitt fyrr en eftir 3 ár. Nú er gert ráð fyrir, að ríkið styrki að ⅓, en hlutaðeigandi héruð ⅔. Mér finnst réttara að áætla einhverja upphæð til bryggjugerða, sem svo yrði skipt

til þeirra kauptúna og héraða, sem sýndu það, að þau hefðu sitt framlag til.

Ef byrjað er á dýrum bryggjum, sem kosta fleiri hundruð þús., þá er engin trygging fyrir því, að framlagið, sem koma á frá hlutaðeigandi héraði, verði til nema í byrjun. Kemst þá kannske aldrei lengra en að hálfna verkið. En sé fé til reiðu handa þeim héruðum, sem sýna það, að þau geta lagt fram á móti, ætti það að ýta undir ötula fjársöfnun.

Nefndin tekur það fram í nál. sínu, að hún er því eindregið mótfallin, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir framlagi héraða til bryggjugerða. Ég er alveg samþykkur n. um þetta og tel, að það ætti að vera stefna þingsins að forða ríkissjóði sem allra mest frá því að ganga í ábyrgðir. Ef nú þessi héruð, sem eiga að leggja stórfé til bryggjugerða og annara framkvæmda, vita það, að þau geta ekki fengið ábyrgð ríkissjóðs, þá tel ég vart hugsanlegt, að þau ráðist í þær framkvæmdir nema með töluvert löngum undirbúningi. Þau þurfa áreiðanlega til þess að útvega sér nægilegt fé á eigin ábyrgð.

Þá vill hv. nefnd hækka tillagið til símalagninga um 25 þús. kr. Ég er þeirrar skoðunar, að þar sem við undanfarin ár höfum gert ákaflega mikið að símalagningu og nú loks ráðizt í það stórvirki að byggja hér í Reykjavík dýra landssímastöð og dýra bæjarsímastöð, þá sé ekki forsvaranlegt að leggja nema lítið í nýjar símalínur. Það er fyrirsjáanlegt, að árið 1930 verða auknar tekjur af símanum mjög litlar, en mjög mikill kostnaður. Þess vegna álít ég vel geta beðið til 1932 að hefjast handa um stærri framkvæmdir í símalagningu úti um landið.

Ég sé ekki ástæðu að svo stöddu til að fara út í brtt. einstakra hv. þm. við þennan kafla fjárlaganna. Ég vildi aðeins mega vænta þess, að hv. deild sýndi gætni í því að auka útgjöld á ríkissj. nú eins og ástatt er. Við megum ekki láta þessi góðu tekjuár undanfarið villa okkur sýn. Því að það er eins víst og að nótt fylgir degi, að það hlýtur að koma afturkippur í þær miklu framkvæmdir og þær miklu tekjur, sem ríkissjóður hefir haft nú á síðustu árum.

Magnús Guðmundsson: Ég á eina brtt. við þennan kafla fjárl., sem ég verð að skýra með nokkrum orðum, þó að hér sé reyndar svo fátt manna í deildinni að það taki því varla. En það er nú einu sinni orðin venja, að fáir þm. séu viðstaddir þessa umr., svo að ekki dugir að kippa sér upp við það, enda mun sennilega ekki eftir betra að bíða um áheyrendur.

Þessi brtt. mín er á þskj. 260, undir öðrum tölulið, og er viðvíkjandi Vífilsstaðahæli.

Þegar núverandi yfirlæknir á Vífilsstöðum, Sigurður Magnússon, var ráðinn til hælisins fyrir 20 árum, var svo um samið, að hann skyldi fá ókeypis fæði fyrir sjálfan sig, auk launa sinna. Læknirinn var þá ókvæntur, en kvæntist nokkru síðar, og mun ekki hafa notað sér þennan rétt til fæðis í mörg ár. Þegar Hressingarhælið í Kópavogi var reist var Sigurður Magnússon ráðinn þar læknir með 1200 kr. launum, en eftir að hann hafði tekið við þessu starfi, lá við borð, að aðstoðarlæknirinn á Vífilsstöðum færi þaðan, vegna þess hve hann var illa launaður. Til þess að missa þennan mann ekki, lét yfirlæknirinn honum eftir læknisstörfin við Hressingarhælið í Kópavogi, en fékk jafnframt sjálfur 1200 kr. launauppbót, sem átti að svara því, sem hann átti kröfu til samkv. hinum upprunalega samningi um fæðið. 28. des. síðastl. var þessi uppbót tekin af læknunum og honum ennfremur neitað að kaupa matvæli, svo sem mjólk o. fl., af búinu á Vífilsstöðum, sem og að nota bifreiðar hælisins nema gegn fullu gjaldi, eða eftir því sem taxti bílstjóra hér í Reykjavík ákveður.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál að sinni, en mun að sjálfsögðu gera það, ef andmæli koma fram. Ég vil taka það fram, að ef hv. fjvn. óskar eftir nánari skýringum, mun ég fús til að láta n. þær í té, en hinsvegar er þetta mál svo víðtækt, að ég vil ekki fara nánar út í það nú, nema sérstakt tilefni gefist til, enda eru svo fáir þm. viðstaddir, þeirra sem eiga síðar að greiða atkvæði um þessa till., að til lítils virðist vera að skýra málið. Hins leyfi ég mér að vænta, að hv.

fjvn. setji sig inn í málið, áður en hún tekur afstöðu til þessarar till. minnar.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Ég vil byrja með því að segja nokkur orð fyrir hönd samgmn. N. hefir borið fram eina brtt. við þennan kafla fjárl. (þskj. 270, I), og er gerð nokkur grein fyrir þessari till. í nál., sem prentað er á þskj. 261.

Eins og að undanförnu hafa n. borizt margar óskir um aukinn styrk til flóabátanna, en n. sá sér ekki fært að taka þessar óskir til greina. Bæði er nú það, að n. vill gæta allrar hófsemi um fjárframlag úr ríkissjóði, og auk þess hefir n. ekki getað fengið fullnægjandi upplýsingar um starfsemi nema nokkurra flóabátanna. N. hefir hvað eftir annað óskað eftir því frá þeim, sem halda þessum bátum úti, að þeir gerðu nauðsynlega grein fyrir starfsemi bátanna, en n. hefir lítið sem ekkert orðið ágengt um að afla sér þessara upplýsinga. Aðeins þrjú bátafélög, Djúpbáturinn, Flateyjarbáturinn og Hvalfjarðarbáturinn, hafa sent n. reikninga og áætlanir. En til þess að n. sé þess megnug að gera sér grein fyrir nauðsyninni á auknum styrk til flóabátanna, þarf hún að fá í sínar hendur til athugunar rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra, fargjalds- og farmgjaldsskrár, ferðaáætlanir og skýrslur um flutningsmagn og farþegafjölda. Til þess að herða á hlutaðeigandi bátafélögum í þessu efni, leyfir n. sér að mælast til þess við ríkisstj., að hún borgi ekki út síðasta fjórðung styrksins til þessara báta, fyrr en henni hafa borizt áðurnefnd skilríki í hendur. Þess skal getið, að ekki þykir ástæða að setja þetta sem skilyrði fyrir útborgun styrks til hinna smærri báta, heldur nær þetta einungis til stærri bátanna, en þeir eru þessir: Borgarnesbáturinn, Djúpbáturinn, Hornafjarðarbáturinn, Eyjafjarðarbáturinn og Flateyjarbáturinn. Hafa aðeins þrír af þessum bátum, eins og ég áður tók fram, sent n. reikninga sína og áætlanir, en hinir bátarnir hafa enga skýrslu gefið, svo að engin vissa er fyrir því, að þeir hafi farið þær ferðir, sem samið var um, að þeir skyldu fara. Það virðist ef til vill nokkuð hart að borga bátafélögunum ekki út nema ¾ styrksins, ef þau fullnægja ekki þessu skilyrði um að senda skýrslu um starfsemi sína, en nefndin sér ekki aðra leið til að knýja fram nauðsynlegar upplýsingar.

Það verður varla sagt, að n. hafi gert neinar brtt. við þá fjárveitingu, sem stj. hefir áætlað til bátaferða að þessu sinni, þar sem hún leggur til, að fjárhæð sú, sem stj. gerir ráð fyrir í þessu skyni, hækki úr 90000 kr. upp í 91200 kr. Að öðru leyti er ekki um neinar brtt. að ræða frá hálfu n., nema hvað hún leggur til, að framlagið til Borgarnesbátsins verði 31000 kr., gegn því að báturinn fari 10 ferðir til Breiðafjarðar, í stað 8 nú. Ef hægt verður að koma Borgarnesbátnum meira við um Breiðafjarðarferðir en nú er, er um mikinn sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, með því að þá er hægt að draga úr ferðum Esju til inn-Breiðafjarðar, en Esja er mjög dýr í rekstri, svo sem kunnugt er, svo að það sparar ríkissjóði útgjöld, ef hægt er að spara í rekstri hennar. Þeir forstjóri Suðurlandsfélagsins og útgerðarstjóri Esju hafa komið sér saman um, hversu haga skuli ferðum Borgarnesbátsins um Breiðafjörð, svo að vænta má alls hins bezta um þessa tilhögun. Jafnframt væntir n. þess, að nokkuð megi spara í framtíðinni með því að stækka siglingarsvæði nokkurra flóabáta, svo sem Djúpbátsins og Hornafjarðarbátsins, og jafnvel Breiðafjarðarbátsins líka. Þó hefir n. ekki séð sér fært að bera fram neinar ákveðnar till. í þessu efni enn sem komið er. Þó skal ég geta þess, að n. hefir við fljóta yfirvegun sýnzt, að heppilegast væri að einn bátur stundaði allar ferðir um Breiðafjörð með endastöð í Stykkishólmi, á sama hátt og Djúpbáturinn annast allar ferðir innan N.-Ísafjarðarsýslu. Hinsvegar bjóst n. við, að slík till. mundi, ef fram kæmi, mæta mótspyrnu, og þótti því ekki ráðlegt að slá neinu föstu í þessu efni nú. Þá var n. það einnig ljóst, að ýmsum héruðum er hin mesta þörf á að fá betri og hentugri farkosti en þau nú hafa, og að nauðsynlegt er að endurnýja ýmsa flóabátana, svo sem Djúpbátinn, en vegna ónógs undirbúnings heima í héraði, sá n. sér ekki

fært að gera nú neinar ákveðnar till. í þessa átt.

Það er vitanlegt, að sumir líta svo á, og þeirra á meðal útgerðarstjóri ríkisskipanna, að engin þörf sé á því, að Eyjafjarðarbáturinn hafi stærra svæði til yfirferðar en Eyjafjörð einn saman. Átti n. þess engan kost að gera sér grein fyrir, hvað heppilegast væri í þessu efni, með því að þessi bátur hefir ekki sent n. neinar skýrslur um starfsemi sína. Þó veit n. til þess, að þessi bátur hefir farið til Húsavíkur og Skagafjarðar, en vel má vera, að um svo litla flutninga sé að ræða á þessum ferðum, að þær megi leggjast niður án þess að bagi verði af. (JS: Stj. hefir lagt niður póstgöngur um austurhéruð Skagafjarðar). N. hefir enga hugmynd um, að svo sé, og henni er jafnókunnugt um starfsemi þessa báts, sem eins og ég áður sagði hefir aldrei gert n. grein fyrir starfsemi sinni, eins og um aðra báta, sem aldrei senda neinar skýrslur, en láta þó hinsvegar ekki á sér standa með að hirða þann styrk, sem þeim er veittur. Væri því mjög æskilegt, að þeir þm., sem hafa hagsmuna að gæta í þessum efnum, sæju um það, að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi bátanna yrðu eftirleiðis sendar stjórn og þingi, svo að hægt yrði að taka þetta mál í heild sinni til rækilegrar athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. samgmn., með því að þær eru hinar sömu í öllum aðalatriðum sem í fyrra, en mun þá víkja að þeirri brtt., sem ég á við þennan kafla fjárl. Þessi brtt. er á þskj. 260, VIII og fjallar um, að fjárveitingin til nýrra símalagninga hækki um 20000 kr., sem skuli verja til nýrrar símalínu frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík og frá Arngerðareyri til Melgraseyrar.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru norðurhreppar Ísafjarðar símalausir. Það var ekki fyrr en á síðasta ári, að fé var veitt til símalínu til Snæfjallahrepps, en hinir hrepparnir eru símalausir ennþá. Þó að loftskeytastöð sé að vísu á Hesteyri, kemur það þessum hreppum að litlum notum, svo sem menn munu geta skilið. Er því hin brýnasta þörf á því, að úr þessu verði bætt, einkum þó hvað snertir Grunnavíkurhrepp. Það vita allir, hvílíka þýðingu það hefir fyrir atvinnurekstur eins héraðs að hafa síma, ekki síst þegar svo stendur á, að nærliggjandi héruð hafa síma. Símaleysið veldur því, að þessi héruð verða útundan og híða lægra hlut í samkeppninni. Auk þess er á það að líta, að úr þessum hreppum er mjög erfitt til læknissóknar. Íbúar Grunnavíkurhrepps eru svo settir, að þeir þurfa 3 daga til læknisvitjunar, ef farið er á landi. Sjóleiðin er að vísu ekki mjög löng úr vesturhluta hreppsins, en þá líka ófær úr austurhlutanum. En þar er sá galli á gjöf Njarðar, að oft vill svo fara, að þegar komið er til Hesteyrar, þar sem læknirinn býr, er hann kominn á annan enda sveitarinnar, og verður þá að fara eftir honum þangað. Eru þess dæmi frá síðasta ári, að það hafi tekið sólarhring fyrir sex menn á bát að ná til læknis. Mega allir sjá, hvílíkir erfiðleikar þetta eru fyrir héraðsbúa.

Ég hafði vænzt þess, að landssímastjóri gerði till. um, að þessi lína yrði tekin upp með hinum nýju línum, en hann tjáði mér, að sér hefði skotizt yfir hana. Hin línan, sem hér er um að ræða, liggur um þéttbýla sveit og er því mikil þörf á henni, en þó ekki svipað því eins knýjandi og um línuna til Grunnavíkur.

Þá vil ég drepa með nokkrum orðum á till. hv. fjvn. viðvíkjandi styrknum til bryggjugerða og lendingarbóta. Vil ég taka undir þau ummæli hæstv. fjmrh., að ekki sé rétt að taka allar þessar fjárveitingar á einu ári, vegna þess hve erfitt sé að framkvæma mörg slík mannvirki á sama árinu, auk þess sem með öllu er óvíst um, að öll hlutaðeigandi héruð fái útvegað sér lán til þess að leggja fram sinn hluta kostnaðarins. Er hin fyllsta nauðsyn á, að þessi mannvirki séu styrkt af opinberu fé, og tel ég fyrir mitt leyti réttara að láta þessa styrki vera hærri, en minna dreifða en till. fjvn. gerir ráð fyrir.

Ennfremur vil ég benda á það, þar sem hv. fjvn. leggur á móti því, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir hlutaðeigandi héruð um lán til þessara framkvæmda, að allar líkur eru til þess, að héruðunum veitist fullerfitt að útvega sér lán, þó að ríkisábyrgð komi til. Ég gæti jafnvel trúað, að í sumum tilfellum yrði það hið sama sem að synja um fjárframlag í þessu skyni,

ef neitað verður um ábyrgð ríkisins fyrir þessum lánum. Það er auðvitað ekki nema sjálfsagt, að hlutaðeigandi sýslusjóðir standi ábyrgir fyrir þessum lánum hreppsfélaganna gagnvart ríkissjóði, en auk þess tel ég rétt, að það sé sett sem skilyrði fyrir styrkveitingum af opinberu fé til þessara mannvirkja, að héraðsbúar legðu svo há gjöld á sig fyrir afnot þessara mannvirkja, að árlegar tekjur nægðu til viðhalds, afborgana og vaxta af byggingarkostnaði.

Með þessu yrði ábyrgð ríkissjóðs áhættulaus.

Út af því, að hæstv. fjmrh. sagði, að tekjur og gjöld hefðu verið áætluð svo í stjfrv., að ekki væri gerlegt að breyta til neinna muna, verð ég að segja það, að ég álít það mjög illt, ef stj. gengur svo frá fjárlfrv., að þinginu gefst ekki svigrúm til þess að hafa hönd í bagga með fjárveitingum ríkissjóðs, því að með því ræður stj. ein fjárl. og tekur þannig fjárveitingarvaldið úr höndum þingsins. Það er vitanlegt, að fjárl. hljóta alltaf að hækka um nokkur hundruð þúsund í meðferð þingsins. Liggja til þess meðal annars þær orsakir, að stj. berast ekki ýms erindi, heldur koma þau fyrst fram eftir að þing er komið saman og stj. hefir gengið frá fjárlfrv. Kemur því til kasta þingsins um að taka afstöðu til þessara erinda, jafnframt því sem fjárlfrv. gengur í gegnum hreinsunareld þess, því að það er siðferðisleg skylda þingsins að standa á verði gagnvart því, að stj. taki sér einræðisvald í fjármálum ríkisins.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að stj. hefðu ekki borizt neinar umsóknir eða erindi um styrk til bryggjugerða. Það er nú svo. Mér er a. m. k. kunnugt um, að fyrir þinginu í fyrra lá beiðni um styrk til bryggjugerðar í Hnífsdal, og verð ég að líta svo á, að stj. beri skylda til að athuga, hvaða erindi hafi legið fyrir undanförnum þingum, þegar hún semur fjárlfrv. fyrir næsta ár. Ef stj. bindur sig eingöngu við þau erindi, sem henni berast í hendur um það leyti sem hún semur frv., en lítur ekki á þær þarfir, sem óuppfylltar eru frá fyrri þingum, þá er ég hræddur um, að æðimargt kunni að verða útundan.

Haraldur Guðmundsson: Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að fjárl. líti ekki vel út, er þau koma frá fjvn. að þessu sinni, ekki sízt þegar litið er til þess, að þingið hefir nú bundið ríkissjóði 360 þús. kr. bagga, sem verður standandi útgjaldaliður í mörg ár, með þeirri lausn, sem samþ. hefir verið á bankamálinu.

Ég get ekki neitað því, að hæstv. stj. hefir skeikað ekki alllítið við að ákveða hina ýmsu gjaldaliði fjárl. Þó að ekki sé litið til einstakra brtt. við frv., er samt óumflýjanlegt, vegna settra laga, að breyta gjaldaliðunum mjög mikið til hækkunar frá því, sem var í frv. stj.

Um till. n. og nál. í heild vildi ég mega segja það, að um þau hafi ég og fleiri fjvnm. óbundnar hendur. Till. eru samþ. af meiri hl. n., en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um þær. Sama er og um till. annara hv. þdm. að segja, að einstakir nm. hafa óbundin atkv. um þær.

Samkv. till. n. hækka útgjöldin um 300 þús. krónur frá því, sem þau eru í frv. Þó er aðgætandi, að þar eru ekki tekin með gjöldin, sem leiðir af því, að samþ. var að leggja 3 millj. í bú Íslandsbanka, og ýmislegt fleira, t. d. hefir styrkur til að reisa verkamannabústaði samkv. lögum frá síðasta þingi ekki verið tekinn með enn og bíður til 3. umr.

Það eru tvær gr. frv., eins og kunnugt er, sem mest af þeim útgjöldum, sem ekki eru beinlínis lögákveðin, eru á, 13. og 15 gr. Á þessum gr. nema útgjöldin samtals um 5 millj. króna, en alls eru útgjöld frv. áætluð um 12 millj. Lætur því nærri, að þessar tvær gr. beri um helming allra útgjalda ríkissjóðs, og helmingurinn af þeim er ætlazt til að gangi til nýrra fyrirtækja, sem ráðizt er í, og sumpart til áframhalds þeim, sem áður hefir verið byrjað á.

Það er auðvitað gott og blessað, ef Alþingi sér sér fært að leggja ríflega til verklegra framkvæmda í landinu. En ég vil geta þess í þessu sambandi, að þegar vegamálastjóri kom á fund hjá fjvn., var hann inntur eftir, hvernig á því stæði, að ekki hefði verið unnið fyrir allt það fé, sem ætlað var til vegagerðar í ákveðnu héraði síðastliðið ár. Svaraði hann því á þá leið, að ekki hefði verið hægt að fá nógu marga menn til þess að vinna verk-

ið. Það er hróplegt ranglæti gagnvart hinni vinnandi stétt í landinu, að vegamálastjórninni skuli haldast uppi ár eftir ár að greiða verkamönnum mikið lægra kaup en aðrir atvinnurekendur greiða, og það svo lágt, að ekki er hægt að fá nógan mannafla til að framkvæma þau verk, sem Alþingi ætlast til, að unnin séu árlega.

Í sambandi við þessar tvær gr. fjárl. vildi ég segja það, að fjárhæðir þeirra ætti að nota til þess að koma meiri jöfnuði á athafnalífið í landinu, þannig, að þegar athafnalíf er fjörugt, þá ætti að leggja minna í framkvæmdir hins opinbera, en geyma heldur þangað til lítið er um vinnu hjá einstökum atvinnurekendum.

Þau ár, sem ríkissjóður og bæjarsjóðir hafa óvenjulegar tekjur, ætti að leggja nokkuð til hliðar og geyma til erfiðari áranna. Þetta hefir borið á góma í n., og hygg ég, að flestir nefndarmanna séu mér sammála um þetta. Það er rétt að nota til fullnustu greiðsluheimildir hvert ár, en þær óvæntu tekjur, sem kunna að fást vegna góðæris, á að geyma þangað til minni atvinna er í landinu.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, en snúa mér að þeim brtt., sumum, sem fram eru komnar, og þá sérstaklega þeim, sem ég flyt.

Á síðasta þingi bar ég fram brtt. ásamt öðrum við 8. gr. fjárl., um konungsmötu. Þar segir svo, að borðfé konungs skuli vera 60 þús. kr. Nú skyldi maður ætla, að upphæðin miðaðist við ísl. krónur, eins og aðrar upphæðir fjárlaganna, en svo er ekki, heldur er gert ráð fyrir í síðasta lið 10. gr., að konungur fái ekki aðeins þessar 60 þús. kr., heldur er honum færður til viðbótar gengismunur, sem nemur 12 þús. kr. Brtt. mín í fyrra fór í þá átt að fella niður gengisviðaukann, en náði ekki samþykki. Ég hefi ekki enn borið fram brtt. um þetta, en mun ef til vill gera það við 3. umr.

Þá á ég brtt. á þskj. 260, við 2. gr., og fer hún fram á að fella niður tekjuliðinn skólagjöld. Þessa brtt. höfum við jafnaðarmenn borið fram í tvö ár, en hún ekki fengizt samþ.

Um brtt. þessa ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð. Skólar þessir, sem hér um ræðir, eru kostaðir af ríkinu svo að segja að öllu leyti. Skólagjöld eru ekki áætluð nema 20 þús. kr. alls. Þetta er lítil upphæð og alveg hverfandi samanborið við framlag ríkissjóðs, en það er þó afarerfitt fyrir fátæka nemendur að greiða 150 krónur fyrir eins vetrar skólavist.

Að vísu hefir ýmsum nemendum verið sýnd nokkur linkind um þetta gjald og mjög fátækt námsfólk sloppið við að greiða það. En ég álít, að sjálfsagt sé að fella skólagjöldin alveg niður. Það á að örva fólk til að leita sér menntunar, en ekki að gera því örðugra fyrir. Í milliþingan. í tolla- og skattamálum kom til tals að leyfa foreldrum að draga frá tekjum sínum framfærslu- og námskostnað barna, sem stunda skólanám, þótt þau séu komin langt yfir 14 ára aldur. Ég lít svo á, að meira en nóg sé að tolla allar þarfir manna og nauðsynjar, þó að ekki sé tolluð líka skólaganga unglinganna, eða viðleitni þeirra til þess að mennta sig, sem öll þjóðin hefir gagn af. Ég vona því, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt. og að skólagjöldin falli úr sögunni. Fyrir ríkissjóð munar þetta engu, en fátæka nemendur munar það afarmiklu.

Þá ber ég fram, ásamt 4 öðrum hv. þdm., IX. brtt. á þskj. 260, um 10 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til þess að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni. Ég vil leyfa mér mjög eindregið að mæla með því við hv. þdm. að samþ. þessa brtt. Fyrir útgerð við allt Ísafjarðardjúp hefir þetta ákaflega mikla þýðingu. Sjómenn þar vestra — og raunar víða — taka mjög mikið mark á skeytum, sem send eru um veður og veðurútlit. En því miður eru veðurspárnar ekki ábyggilegar og hefir oft hlotizt tjón af því.

Í þessu sambandi skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkra smákafla úr bréfi skipstjórafélagsins Bylgja á Ísafirði til Veðurstofunnar hér í Reykjavík, dags. 28. jan. nú í vetur.

Fyrst er talað um veðurskeytin yfir höfuð og hvað mikið sé í húfi, að þau séu sem réttust. Síðan eru nefnd tvö dæmi, þar sem veðurspánum hefir skeikað mjög og mikið tjón hlotizt af. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðfaranótt þess 17. janúar var spáð

góðu veðri, og um daginn sunnan og suðaustan, mildara veður. Þá nótt um kl. 4 brast á stórviðri úr norðaustri með svo miklu hríðarmyrkri, að skip náðu landi með illan leik, en töpuðu flest miklu af lóðum sínum, en sum öllum. Stóð bylurinn óslitinn til kl. 10 að kvöldi næsta dags.

Að kvöldi þess 24. var spáð stilltu og björtu veðri þá um nóttina, en yfir daginn sunnan og suðaustan golu. Skip reru öll til fiskjar, og flest langt, því bæði bar saman veðurspá og veðurútliti um kvöldið. Að morgni um kl. 10 hvessti á ANA, og gerði eitthvert mesta hvassviðri, sem þekkist hér úr þeirri átt. Smærri skipin náðu nauðulega landi, nokkur hleyptu til Súgandafjarðar, og einn bátur fórst með 5 mönnum".

Þetta eru aðeins 2 dæmi, en þau sýna vel hvernig veðurspárnar hafa reynzt stundum fyrir vestan. Í báðum tilfellum er spáð góðu veðri, sem sjómenn reiða sig á, en í bæði skiptin brestur á stórviðri þar sem bátarnir eru að veiðum langt undan landi. Í fyrra óveðrinu tapast mikið af veiðarfærum, og í síðara skiptið ferst bátur með 5 manna áhöfn.

Til þess að benda hv. þdm. á, hve mikið er í húfi um að veðurfregnir reynist ábyggilegar, þá skal ég geta þess, að í bréfinu stendur, að láta muni nærri, að við Djúpið rói í hvert sinn er gefur á vetrarvertíð: 15 vélbátar og línuskip, 25 smálestir og stærri, og 40 vélbátar frá 6—25 smálestir. Áhöfn þessara skipa allra til samans er um 400 manns og veiðarfærin, sem þau nota daglega, um 70—80 þús. kr. virði. En auk þess ganga frá Ísafirði 2 togarar, með samtals 50 manna áhöfn, svo að þarna eru um 450 menn, sem sjó stunda og treysta á veðurskeytin. „Má af þessu nokkuð marka, hve mikið er í húfi bæði af mannslífum og fémæti á hverjum degi, sem róið er, og hversu bráð nauðsyn beri til, að veðurspárnar séu sem réttastar".

Nú er það álit kunnugra manna, að nauðsynlegt sé að hafa talstöð á Horni, sem stæði í sambandi við loftskeytastöðina í Reykjavík og aðra á Ísafirði. Og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr bréfinu, sem um þetta ræðir:

„Mjög æskilegt væri, eigi síst vegna veðurfrétta, að loftskeytastöð verði reist á Horni, er stæði í sambandi við stöðina í Reykjavík, og aðra, er sett yrði hér upp á Ísafirði. Talsverður áhugi er vaknaður fyrir þessu hér vestra, þingmálafundur hefir skorað á Alþingi að koma því í framkvæmd, og fiskideildin hér sömuleiðis, hvern árangur sem það ber að þessu sinni. Til þess að rökstyðja enn betur ummæli vor um nauðsyn veðurfregna af hafinu, skulum vér geta þess, að í vetur hefir það komið fyrir dögum oftar, að spáð hefir verið austan- eða suðaustankalda, en veður þá verið á norðaustan með stórhríðarbyl og sjávargangi, stundum svo miklum, að togarar hafa orðið að leita hafnar".

Það er ekki vafi á því, að ef skip gætu fengið fregnir frá Horni um hvernig veður væri þar úti, áður en lagt væri af stað til veiða, þá mundi það tryggja, að sjaldan yrði farið út í tvísýnu. Þess má líka geta, að allmargir togarar stunda veiðar vestur á Halamiðum einmitt þann tíma, sem hér er aðallega um að ræða, og þar sem flestir þessir togarar eru útbúnir loftskeytatækjum, mundi auðvelt að komast í samband við þá um veðurfar vestur og norður í hafinu, svo að auðveldara væri að segja fyrirfram með nokkurri vissu, hvernig veður hagaði sér næstu stundirnar, og þar með betur tryggt líf og fjármunir allra þeirra sjómanna, sem leita langt frá landi til fiskiveiða í litlum bátum.

Jón Eyþórsson veðurfræðingur leggur líka eindregið með því, að þessar talstöðvar verði reistar, og fullyrðir, að með þeim megi gera veðurspárnar öruggari, og það án verulegs aukins kostnaðar fyrir sjálfa Veðurstofuna. Hann segir svo í bréfi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 24. febr. 1930, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinsvegar er mjög merkilegt nýmæli í bréfi skipstjórafélagsins „Bylgjan" á Ísafirði, sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli á. Á ég þar við tillögu þá, að reist verði loftskeytastöð á Horni, er stæði í sambandi við talstöð á Ísafirði og loftskeytastöðina í Reykjavík. Slík stöð yrði, að mínu áliti, hinn mesti fengur fyr-

ir allar ráðstafanir, sem gerðar yrðu til slysavarna við Vestfirði".

Ég hefi grennslazt eftir því hjá landssímastjóra, hvað kosta mundi að reisa þessar tvær stöðvar nægilega sterkar til þess að ná sambandi við loftskeytastöðina hér í Reykjavík og veiðiskip úti fyrir. Segir landssímastjóri mér, að þær muni ekki þurfa að kosta uppkomnar yfir 10 þús. kr., ef rafmagn fæst á báðum stöðunum. Á Ísafirði er rafmagnsstöð, eins og kunnugt er, og á Horni stendur til að reisa radíóvita nú í sumar, svo að þar ætti ekki heldur að verða skortur á rafmagni.

Ég tel óþarft að eyða fleiri orðum um till. þessa, enda þori ég að fullyrða, að engri 10 þús. kr. upphæð sé hægt að verja betur vestur þar, til þess að tryggja öryggi og líf þessara ca. 450 sjómanna, sem veiðar stunda við Ísafjarðardjúp. En þessi till. getur líka haft víðtækari áhrif, því að komist stöðvarnar upp, verða þær öllum til öryggis, er fiskiveiðar stunda fyrir Vestfjörðum.

Vona ég svo, að hv. þdm. skilji nauðsyn þessara athafna og samþ. brtt. einum rómi.

Fleiri till. á ég ekki við þennan fyrri kafla fjárlaganna, og get ég þá látið máli mínu vera lokið að þessu sinni.

Hannes Jónsson:*) Ég vil víkja nokkrum orðum að brtt. minni, enda þótt ekki sé nema rúmlega helmingur deildarmanna á fundi. (HK: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, að það er varla hægt að halda áfram umr. um fjárlög, þegar ekki er nema helmingur deildarmanna á fundi).

Þessi brtt. mín er á þskj. 260,IV. og er í tvennu lagi. Önnur þeirra er um það, að við 13. gr. B. II. a. bætist nýr liður: Til Húnavatnssýsluvegar 15 þús. kr. Hinn liður till. minnar er um það, að fjárveiting til Vatnsskarðsvegar falli niður. Hér er því aðeins um tilfærslu upphæða að ræða, sem verja skal til vegagerða. Ég hefi í fyrra við umr. um þessi mál tekið það fram, að bæði fyrrv. landsverkfræðingur og núv. vegamálastjóri hafa talið brýna nauðsyn þess, að vegur verði lagður sem fyrst yfir Víðidal, og í tillögum vegamálastjóra frá 1925 er gert ráð fyrir því, að þessi vegur verði fullgerður fyrir 1932, svo að ekki er seinna vænna að taka hann upp í fjárlögin. Ég hefi áður bent á, að skynsamlegra er að leggja fyrst vegi innan héraða, áður en vegir eru lagðir yfir fjöll milli héraða. Ég hefi átt tal um brtt. mína við vegamálastjóra Geir Zoëga, og hefir hann sagt, að ef ætti að taka fé frá fjallvegum, þá áliti hann Vatnsskarðsveginn helzt mega við því, en jafnframt tók hann fram, að hann áliti verr farið, að ekki væri hægt að byrja að byggja Vatnsskarðsveginn sumarið 1931. En samkv. áætlun vegamálastjóra myndi þessi vegur kosta minnst 65 þús. kr., ef hann á að koma að nokkru haldi. Þess vegna er það alveg víst, að þessi 15 þús. kr. spotti, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv., yrði algerlega gagnslaus, vegna þess að hann liggur svo langt frá veginum, sem nú er farinn. Það er þess vegna miklu skynsamlegra að bíða nokkur ár með slíka vegi, en taka þess á milli svo mikið af þeim, að að gagni megi koma. Í brtt. minni er þetta kallað Húnavatnssýsluvegur, og er þar aðallega átt við veg milli Gljúfurár og Víðidalsár, en vitanlega réði vegamálastjóri, hversu framkvæmdum yrði hagað, og gæti tilfært fjárhæðir eftir því sem bezt hentaði. Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja frekar um þetta að svo stöddu og vil láta nægja að vísa til þess, sem ég hefi sagt um þetta mál á þinginu í fyrra.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég beina þeirri ósk til hæstv. atvmrh., að hann sjái um, að hafin verði strax í sumar bygging vegar yfir Holtavörðuheiði norðan frá, en ekki sunnan frá eins og hingað til, vegna þess að þörfin á vegi er áreiðanlega miklu brýnni norðan til á heiðinni en sunnan til. Sömuleiðis vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann láti fram fara rannsókn á vegarstæðum á Holtavörðuheiði norðanverðri, því að þar mun vera um tvær leiðir að ræða. Önnur þeirra mun vera að ýmsu leyti hentugri, vegna þess að hún er til muna styttri og auk þess sennilega töluvert snjóléttari, því að vestari leiðin hefir þann mikla annmarka, að

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

tæplega verður komizt á bíl niður af heiðinni norðanmegin, vegna snjóþyngsla. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og ég vona fastlega, að hæstv. atvmrh. taki það til frekari athugunar.

Einar Jónsson:*) Mér þykir nú óvænlega horfast um fundarsókn hv. þm., að ekki skuli vera nema rétt helmingur deildarmanna viðstaddur við fjárlagaumr. En það batnar ekki þótt bíði, og þess vegna mun ég nú gera nokkra grein fyrir brtt. minni, enda þótt það sé hálfleiðinlegt í slíku fámenni. En þess ber að gæta, að umr. breyta sennilega litlu um afdrif slíkra till., svo að það er að því leyti sama, hvenær mælt er fyrir þeim.

Um þessa till. mína er það að segja, að ég hefi talað um hana áður, á þinginu í fyrra, en með því að ég býst tæplega við, að það sé mönnum í svo fersku minni, þykir mér rétt að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum. Hér er nefnilega um svonefndan Fjallabaksveg að ræða. Þessi vegur er í hinu mesta óstandi og lítt fær um marga tíma árs. Er það Rangæingum fullkomlega um megn að halda honum við svo að í lagi sé. Ég varð þess nokkuð var í fyrra, að mönnum var ekki ljóst, um hvaða veg væri eiginlega að ræða, og þykir mér því rétt að drepa lítillega á það nú. Þessi vegur, sem öðru nafni nefnist Landvegur, liggur upp úr miðjum Holtunum og upp um Land og upp fjöll og öræfi, alla leið austur í Skaftártungu. Það hefir verið leitázt við að fá veg þennan tekinn í þjóðvegatölu, en sú viðleitni hefir enn ekki borið árangur. Hefir samgmn. sýnt venjulegt tómlæti um það mál. Þegar vegalagabreytingarnar komu fram á öndverðu þingi í vetur, voru margir í efa um, hvort eigandi væri undir því að fela samgmn. athugun þeirra mála. Hefir það jafnan orðið hlutskipti þeirra mála, sem þessi nefnd hefir fengið til meðferðar, að þau hafa ekki sézt framar, fyrr en þá svo seint, að í óefni væri komið um afgreiðslu þeirra. Hvað þennan veg snertir, þá er ég alveg viss um, að Rangæingum væri það mjög kært, að þessi vegur væri tekinn í þjóðvegatölu, vegna þess að vegur þessi er ekki byggðarmönnum fremur til nytsemdar en öðrum landsmönnum. Það eru ekki fremur Rangæingar en aðrir, sem nota þennan veg; t. d. hefir umferð um hann stórlega aukizt síðan Hekluferðir tóku að tíðkast. Bílaumferð um þennan veg er mjög mikil í sambandi við skemmtiferðir til Heklu, sem mjög fara í vöxt ár frá ári. Það er því líkt um þennan veg að segja og um Fljótshlíðarveginn, — sem hv. samgmn. liggur á sem endranær, — að bílaumferð aðvífandi manna gerir Rangæingum mjög erfitt um viðhaldið. Af þessu leiðir svo það, að viðhald annara vega í Rangárvallasýslu er í hinu megnasta ólagi, vegna þess að allt vegafé sýslunnar rennur til þess að halda við þessum tveim vegum, og hrekkur þó ekki til. Þó hefir verið stofnaður sérstakur vegasjóður, til þess að reyna að standa straum af þessum gífurlegu útgjöldum, en það virðist ekki nægja. Ég fer í till. minni þá leið, að leggja til, að fjárveiting til sýsluveganna væri hækkuð um 12 þús. kr., með það fyrir augum, að þessi hækkun rynni til Fjallabaksvegarins. Ég vil mega vænta þess, að jafnoft og búið er að skýra þetta mál fyrir hv. deild, þá loki hún ekki lengur augunum fyrir þeirri brýnu nauðsyn, sem liggur að baki þessari till. minni. Ég held líka, að Rangárvallasýsla sé vel að því komin, að hún fái þessu framgengt. Við skulum aðeins athuga fjárlögin og sjá, hversu mikið Rangárvallasýsla ber úr býtum, samanborið við aðrar sýslur landsins. Að þeirri athugun lokinni dylst engum, að þessi sýsla ber mjög skarðan hlut frá borði. Vil ég þó ekki um það sakast, því að hér er ekki um hreppapólitík að ræða af minni hendi. En ef hv. þdm. athuga það, að Rangárvallasýslu eru aðeins ætluð örfá hundruð króna, sem sé 200 kr. til læknisvitjana í Eyjafjallahreppum og 400 kr. til konu einnar í Fljótshlíð, sem skarað hefir fram úr í skógrækt, og þetta gerir samtals 600 krónur — segi og skrifa sex hundruð — þá ættu hv. þm. að geta greitt þessari till. minni atkv. með mjög góðri samvizku. Flest önnur kjördæmi fá stórar upphæðir til ýmsra þarfa, og ef samræmi og réttlæti á að ráða í þessum sökum, þá ber sannarlega að ljá þessari

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

till. eyra. Annars skal ég segja það í þessu sambandi, að mér virðist koma nokkuð út á eitt, hvernig hv. fjvn. leggur sig í líma til þess að jafna útgjöldunum niður á héruð landsins, því að deildin virðist hafa till. hennar að engu, — að ég ekki tali um hæstv. ríkisstjórn, sem sóar fé landsins eftir eigin geðþótta, hvað sem fjárlögin segja og hversu sem þingið mælir fyrir um meðferð á ríkisfé. Það virðist því svo sem fjvn. sé til lítils, og sama hversu mikla vinnu hún leggur í athuganir sínar og umsagnir og hversu mikla alúð hún leggur við starf sitt. Hæstv. núv. stj. þykist upp úr því hafin að hlíta vilja þingsins, og allt þetta mikla starf, sem Alþingi leggur í afgreiðslu fjárlaganna, er því í rauninni unnið fyrir gig. — Hvað þessum vegi viðvíkur, þá sé ég ekki, að um nema tvennt sé að ræða, að ríkið taki hann í þjóðvegatölu, eða það taki að sér viðhald hans sérstaklega. Sýslan er þess ekki umkomin. Ef vegurinn er ófær sökum ónógs viðhalds, þá hefir það miklar búsifjar í för með sér fyrir Landmenn, svo að þeir verða að taka á sig langa króka til þess að komast leiðar sinnar. Ég býst ekki við að þurfa að fara fleirum orðum um þá brýnu nauðsyn, sem liggur að baki þessari málaleitun, og ef svo færi, að þingið vildi ekki sinna henni, þá vænti ég þó í lengstu lög, að þingið sjái sér fært að taka veginn upp í vegalögin, og ég vona, að samgmn. sjái sóma sinn í því að svæfa ekki það mál. Hefir nefndin að maklegleikum sætt hörðu ámæli af meðferð slíkra mála, svo að hæstv. forseti hefir jafnvel orðið að skerast í leikinn. Er slíkt framferði n. með öllu óverjandi, því að vitanlega eiga málin að koma fram í deildinni til umr. fyrr en í ótíma. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla þessu framferði n. Fyrir skömmu ámálgaði ég það við n., að hún afgreiddi brtt. mína umsvifalaust, og lofaði hún því, en nú er liðin vika síðan og ekkert kemur frá henni. Þykir mér nú allóvænlega áhorfast, og þess vegna flyt ég þessa brtt. við fjárlögin, því allillt er að eiga nokkuð undir náð hv. samgmn. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um aðrar till., sem komið hafa fram; býst við að láta nægja að greiða atkv. um þær. Læt ég því máli mínu lokið, til þess að tefja ekki tíma þingsins um skör fram. Vil ég vænta þess í lengstu lög, að þingið taki þessum málaleitunum Rangæinga með skilningi og velvild, svo sem vera ber.

Ólafur Thors: Við þennan kafla fjárlaganna á ég aðeins eina litla brtt. Það er brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 229, og fer fram á það, að fjárfúlga sú, sem n. stingur upp á að verði veitt til bryggjugerða og lendingarbóta, verði hækkuð úr 91000 kr. upp í 97000 kr. og þær 6000 kr., sem hækkunin nemur, renni til bryggjugerðar og lendingarbóta í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt. er sú, að síðasta Alþingi barst umsókn frá Einari G. Einarssyni í Grindavík um það, að honum yrði veittur 10000 kr. styrkur til þess að standast hálfan kostnað við að byggja þessa bryggju. Fjvn. tók ekki þessa beiðni til greina og hefir tjáð mér, að það hafi verið nokkuð vegna minna afskipta af málinu. En mín afskipti voru þau, að aðspurður skýrði ég frá því, að Grindvíkingar hefðu á fundi samþykkt að fara þess á leit, að úr ríkissjóði yrði veittur fjárstyrkur til bryggjugerðar hjá þeim, en ekki á sama stað og Einar G. Einarsson hefði beðið um, heldur í Þórkötlustaðahverfinu.

Nú er liðið eitt ár síðan ég gaf fjvn. þessar upplýsingar og Einar G. Einarsson hefir flutt beiðni sína á ný, og enn hefir ekki borizt frá Grindvíkingum nein beiðni um bryggjugerð á öðrum stað en Einar nefnir.

Fjvn. spurði mig, hver væri hugur Grindvíkinga í þessu máli, og varð það að samkomulagi milli hv. n. og mín, að ég skyldi spyrja hlutaðeigendur — en það er fyrst og fremst formannafélagið í Grindavík og aðrir áhugasamir menn þar, — hvernig málið stæði frá þeirra hendi og hverra athafna þeir óskuðu frá minni hendi og hverrar fjárveitingar úr ríkissjóði. Þessari fyrirspurn beindi ég til hlutaðeigenda og fékk þau svör, að þótt þeim þætti lendingarbætur í Þórkötlustaðahverfi nauðsynlegri, en Einar hefði beðið um styrk til framkvæmda í Járngerðarstaðahverfi, er væri meira til

daglegra hagsbóta, þá væri það svo, að athuganir í Þórkötlustaðahverfi væru ekki lengra komnar en það, að allt yrði að bíða fyrst um sinn. Af þessum ástæðum töldu þeir, að óskir Einars yrðu að skoðast sem vilji Grindvíkinga yfirleitt. Þegar málið lá þannig, þótt mér sjálfsagt að flytja þessa ósk þeirra fram á Alþingi, og býst ég við að gera það að nokkru leyti í samráði við hv. fjvn., og vænti þess, að undirtektir hennar verði ekki verri við þessa málaleitun heldur en við aðrar svipaðar beiðnir, sem henni hafa borizt og hún hefir afgr. á þann hátt, að ríkissjóður legði fram ⅓ kostnaðar við bryggjugerðir eða lendingarbætur, svo að af þeim geti orðið.

Ég skal svo aðeins gefa örstutta skýringu á, hvernig hagar til þarna syðra. — Eins og margir hv. þdm. munu vita, er lending í Grindavík ákaflega vond; Grindavík er opin fyrir hafinu og lendingin er aðeins brimsorfnir klettar og frá ómunatíð hefir ekkert verið aðhafzt til að bæta hana, mest vegna þess, að brimgangurinn er svo ógurlegur þar syðra, að allar málamyndabætur eyðileggjast þegar í stað, en að gera nokkuð til frambúðar, hafa Grindvíkingar ekki séð sér fær að ráðast í af eigin rammleik. En fyrir það, að engar hafnarbætur hafa verið gerðar, hagar enn svo til í Grindavík, sem ekki mun vera títt hér á landi, að það verður að bera á bakinu allan aflann frá sjávarmáli og upp á land. Hinsvegar er það að segja um útræði frá Grindavík, að afli hefir verið þar prýðisgóður, en sú breyting hefir orðið þar á starfsaðferð þeirra á síðustu árum, að í stað þess, að menn reru áður á venjulegum árabátum, hafa nú verið settir smáhreyflar í bátana. Afleiðingin hefir orðið sú, að aflinn hefir aukizt, en aftur á móti hefir skipshöfnin minnkað, svo að færri hendur eru til starfa þegar að landi kemur, því að hreyflarnir hafa komið í stað mannsaflsins.

Af þessu leiðir auðvitað það, eins og ég sagði áður, að færri hendur eru til að vinna, þegar að landi kemur, um leið og aflinn hefir aukizt, og fyrir þetta er nú þörfin á bryggjugerð þar orðin svo brýn. að Grindvíkingar telja það hina mestu nauðsyn að gera þessa bryggju Einars G. Einarssonar.

Málið liggur þá þannig fyrir, eins og ég hefi nú frá skýrt. Fjárveitingin, sem farið er fram á, er mjög lítil og hliðstæð við aðrar fjárveitingar hv. n., og ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að hv. fjvn. myndi sjálf hafa borið fram þessa fjárveitingu, ef ekki hefði staðið á svari frá Grindvíkingum. Ég vona, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja þessa till., ekki sízt vegna þess, að ríkissjóður hefir miklar tekjur af útræði í Grindavík.

Ég vil geta þess, að Einar G. Einarsson hefir farið fram á 10000 kr. styrk, en ég hefi ekki séð mér fært að fara fram á meira en 6000 kr., og það einmitt til þess að vera í samræmi við stefnu fjvn. í málinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hefja neinar almennar umr. um afgreiðslu fjárl. eða einstakar brtt., sem bornar hafa verið fram hér, en get aðeins tekið undir það, sem komið hefir fram í umr., að vald ríkisstj. í fjármálum er farið að verða nokkuð mikið, frá mínu sjónarmiði allt of mikið, enda þótt því væri betur beitt en raun hefir á orðið um hæstv. stjórn.

Sveinn Ólafsson: Ég á enga brtt. við þennan kafla fjárl., sem nú er til umr. Það er þó ekki vegna þess, að ég finni ekki, að mitt hérað hefði þörf og ástæðu til þess að fara fram á fjárhagslegan stuðning frá ríkinu, eins og annarsstaðar er óskað eftir, heldur er það vegna hins, að ég sé mér ekki fært annað en að draga úr kröfunum í þessu efni, eftir því sem unnt er. Mér finnst, að standi öðruvísi á í þetta sinn en á undanförnum þingum, þegar fjárlög hafa verið afgreidd. Ég held, að það séu í vændum að þessu sinni meiri útgjöld fyrir ríkissjóð, tilfallandi, ef svo mætti segja, en venja hefir verið undanfarið. Ég vil þess vegna taka undir orð hæstv. fjmrh. um það, að hér beri að viðhafa alla gætni. Það er nú þegar vitað og kunnugt, að út af bankamáli því, sem hér var nýlega afgreitt, hlýtur að leiða til tilfinnanlegra útgjalda og ábyrgða, sem á ríkissjóði lenda. Ég vil ennfremur minna á það, að með

afgreiðslu bankamálsins er ekki lokið þeim meiri háttar útgjöldum, sem búast má við, að lendi á ríkissjóði, því að eftir eru enn óafgreidd þrjú frv., sem lúta að líku efni, og ekki ólíklegt, að eitthvert þeirra fái afgreiðslu. Ég á hér við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands, en það frv. liggur fyrir í þrem útgáfum. Með frv. um Fiskveiðasjóð Íslands er gert ráð fyrir stórmikilli útgjaldaaukningu við það, sem komið er, og er það með hliðsjón af þessum lagafrv. og öðrum skyldum, að ég hefi ákvarðað fyrir sjálfan mig að takmarka sem allra mest óskirnar. Af þessu leiðir líka hugsunarrétt, að ég get ekki komizt hjá að greiða atkvæði á móti ýmsum brtt., sem fram eru komnar, þrátt fyrir það, þótt ég viðurkenni, að allur fjöldinn af þeim brtt. sé vel frambærilegur og eigi mikinn rétt á sér. Ég, sem sagt, er þess vegna ráðinn í því að leggja á móti talsvert mörgum af þessum brtt., hvað sem aðrir hv. þdm. kunna að álíta um það.

Hér liggur þó fyrir ein brtt., og auðvitað fleiri, sem ég get fallizt á, og sem ég finn ástæðu til að mæla með og óska eftir að samþ. verði. Það er IX. liður á þskj. 260, 10000 kr. fjárveiting til lofttalstöðva á Norður-Horni og á Ísafirði. Ég álít, að eitt af því, sem sjófarendum og fiskimönnum ríður allra mest á hér í kringum strendur landsins, sé það, að öruggari verði veðurathuganir og ábyggilegri um leið veðurskeyti þau, sem sjómenn og almenningur allur fer nú svo mjög eftir.

Um leið og ég minnist á þessa litlu tillögu, finnst mér ástæða til að minnast á meðferð á skyldu máli hér á síðasta þingi; það var meðferð á tillögu, sem ég flutti þá um loftskeytastöð á Papey, tillaga, sem að síðustu fékk áheyrn, en þó svo seint og svo niðurfærð, að varla er þess að vænta, að hún komi að tilætluðum notum. En hún var til þess að vinna það sama verk fyrir austurhluta landsins og ætlazt er til, að lofttalstöð geri þarna vesturfrá. Það er álit veðurfræðinga, að það sé alveg óumflýjanlegt að útvega veðurstöðinni betri aðstöðu til að segja fyrir um veður, en það fæst ekki með öðru en að hafa nákvæmar veðurathuganastöðvar til og frá um landið, og sem fjarst veðurstofunni, sem á að hagnýta þær, en að sjálfsögðu verður sambandið milli athugunarstöðvanna og veðurstofunnar að vera öruggt, svo að daglega náist veðurfregnir.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að bæði á Austurlandi og Vesturlandi kæmust sem fyrst upp lofttalstöðvar, og yrði til þess að auka það öryggi, sem sjómönnum vorum er svo afarmikil nauðsyn á.

Aðrar brtt., sem fyrir liggja, ætla ég ekki að gera að umtalsefni, en nokkrar þeirra eru þó þannig vaxnar, að ég hlýt að mæla með þeim, þótt fleiri séu, sem ég ekki tel rétt að samþykkja.

Sigurður Eggerz: Ég á hér eina brtt., III. á þskj. 260, sem fer fram á það, að lagðar verði 70000 kr. til Vesturlandsvegar. Ég býst nú við því, að mörgum kunni, fljótt á litið, að þykja ég vera nokkuð kröfufrekur um þennan veg, en ástæðan til þess, að farið er fram á þessa upphæð, er sú, að vegamálastjóri lítur svo á, að ef þessi upphæð verði veitt, megi fyrir hana lagfæra veginn svo, að Dalasýsla komist í samband við veganetið í Borgarfjarðarsýslu og höfnina í Borgarnesi. Nú er það svo, að ég verð að lýsa ánægju minni yfir þeirri niðurstöðu, sem orðið hefir um það, hvar vegurinn skyldi liggja. Fyrst var hugmyndin, að hann skyldi lagður um Laxárdal að norðan, en svo var það kveðið niður; nú á hann að liggja um Bröttubrekku, og er nú búið að vinna fyrir 23000 kr. Fjárveitingin var upphaflega 20000 kr., en svo var bætt við þrem þús. kr. Ef svo þessi upphæð bætist við, álítur vegamálastjóri, að megi koma Dalasýslu í samband við Borgarfjarðarvegina.

Ég skal geta þess, að hæstv. atvmrh. hefir ritað ýmsum mönnum um þessa vegarlagningu, og hafa þeir skilið það svo, að meiningin sé að koma þessum vegi af í ár; eru það mönnum því mikil vonbrigði, ef það verður ekki hægt.

Ég skal geta þess, að þegar þessi vegur er kominn upp brekkuna, þá mundi það leiða af sjálfu sér, að komnir eru akfærir vegir í Saurbæinn og að Staðarhrauni, því að það er gert ráð fyrir því, að með fremur litlum aðgerðum sé hægt að koma hinum veginum áfram. Ég

vænti þess vegna, þegar svona stendur á, og þörfin er mikil fyrir Dalasýslu að fá þetta vegasamband opnað og hæstv. stj. virðist óska að koma þessu sambandi á, að hv. d. sýni þá sanngirni að veita nú þegar þessa upphæð, svo að þetta samband megi opnast sem fyrst. Ég hygg, að þótt farið sé í gegnum allar vegalagningar á landinu, þá muni það sýna sig, að þörfin er óvíða eins mikil og hér. Ég skal geta þess, að kjósendur mínir í Dalasýslu voru mjög glaðir yfir þessu bréfi, sem þeim barst allmörgum frá hæstv. atvmrh., að nú væri ætlunin að koma þessari vegagerð af. Vona ég því, að hv. d. vilji styrkja hinn góða vilja hæstv. atvmrh., með því að veita þessa upphæð. Vegamálastjóri vill, ef þessi upphæð verður veitt, reyna að koma veginum af í ár, þó er það ekki alveg víst, að það takist, en næsta ár er það fullvíst að koma megi honum af. Þótt þessi upphæð sé nú hækkuð um 30000 kr., þá er það, eins og allir vita, að verði þetta ekki veitt í ár, þá verður það veitt að ári, og þess vegna finnst mér réttmætt að taka nú tillit til þessarar sanngirniskröfu Dalasýslu um að veita þetta. Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum til að mæla með þessari brtt. minni, en treysti fast á sanngirni hv. d. til að fylgja henni fram.

Pétur Ottesen: Ég á hér eina litla brtt. á þskj. 260, undir VII. lið; það er styrkur til Þorsteins Þorsteinssonar, til þess að reisa gistihús á Húsafelli, 4000 kr.

Það hefir nú um alllangt skeið, þar sem svo stendur á, að umferð er mikil á afskekktum stöðum í sveitum, verið veittur nokkur styrkur, fyrst og fremst til þess að koma upp þeim húsakynnum, að hægt væri að taka á móti gestum. Í öðru lagi hefir ennfremur um nokkurt skeið verið veittur nokkur rekstrarstyrkur til slíkra staða, til þess að gera bændum á þessum stöðum það kleifara en ella að geta veitt mönnum sæmilegan beina.

Það var á þinginu 1928, að veittur var styrkur til þess að byggja og stækka hús á Ásólfsstöðum í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu, til þess að geta tekið á móti ferðafólki. Það var 4000 kr. styrkur og auk þess var stj. heimilað að ganga í ábyrgð fyrir bóndann á Ásólfsstöðum fyrir 10000 kr. láni, og ætla ég, að sú heimild hafi verið notuð.

Það stendur svo á á Húsafelli, að þar hefir um langt skeið verið mikill gestagangur af ferðafólki, sem lagt hefir leið sína um Kaldadal. Áður fyrr lá þar um leiðin frá Norðurlandi um Kaldadal og Arnarvatnsheiði til Suðurlandsins; var það bæði kaupafólk og skólapiltar, sem þá áttu leið þar um. En við það, að strandferðir komu og samgöngur bættust að öðru leyti, lagðist sá ferðamannastraumur mjög niður. Nú hefir aftur á síðari árum aukizt þar mjög umferð að sumarlagi af fólki, sem mest ferðast sér til hressingar og skemmtunar. Á síðastl. sumri var vegurinn um Kaldadal ruddur og að öðru leyti lagður vegur á milli Borgarfjarðarhéraðs og Þingvalla, svo að bílfært varð þar á milli. Við þetta óx umferðin geysilega mikið og Húsafell er fyrsti bærinn, sem komið er að, þegar farið er frá Þingvöllum norður eftir, en vegalengdin á milli Þingvalla og Húsafells er um 70 km. Það er nú svo komið á þessum stað, að ekki er mögulegt að taka á móti öllum þeim fjölda af gestum, sem þangað kemur, með þeim húsakynnum, sem þar eru fyrir hendi. En til þess að upplýsa dálítið um ferðamannastraum þar á síðastl. sumri, skal ég geta þess, að yfir Kaldadal fóru 140 bílar, en í hverjum bíl var frá 2—14 manns. Auk þess fara margir bílar þangað upp eftir úr sjálfu héraðinu. Flestir bílar koma við á Húsafelli, og menn stanza þar og fá sér hressingu.

Flestir næturgestir hafa verið þar 28 í senn. Eins og eðlilegt er, þá er ekki hægt með þeim húsakynnum, sem þar eru nú, að taka svo vel á móti öllum þessum gestum eins og þyrfti, og verða því sumir að notast við verri aðbúnað en æskilegt væri. Flestir hafa komið á dag 70 menn, sem hafa fengið þar greiða. Þetta gefur fullkomlega upplýsingar um, hvernig er ástatt þarna og hver nauðsyn er á rýmri húsakynnum, svo að hægt sé að taka sæmilega á móti gestum. Þetta er því nauðsynlegra, sem þetta er fyrsti áfanginn, þegar komið er leiðina frá Þingvöllum til Borgarfjarðar, en það er, svo sem áður er frá skýrt, löng leið og liggur um

fjöll og því eru illviðri þar tíð, og þó að fólk ferðist í bílum, getur það orðið þar fyrir hrakningum. Því er mikil nauðsyn, að hægt sé að taka á móti því á viðunandi hátt, þegar það kemur af fjallveginum. Það má líka gera ráð fyrir, að umbætur haldi áfram á Kaldadalsveginum, og er því líklegt, að umferð aukist fremur en dragi úr henni.

Það er alkunnugt, að Húsafell er á einhverjum fegursta staðnum hér á landi, svo að fólk úr kaupstöðunum, sem vill skemmta sér, óskar mjög eftir því að geta komið þangað og notið þar sumarsins í þeirri fögru náttúru, sem þar breiðir faðminn á móti gestunum.

Bóndinn á Húsafelli hefir látið Jóhann Kristjánsson húsameistara gera uppdrátt af húsi, sem væri viðbót við íbúðarhúsið á Húsafelli. Hann gerir ráð fyrir því, að í þessu húsi, sem eingöngu yrði notað fyrir gesti, væru svefnherbergi fyrir 20 menn og borðsalur fyrir jafnmarga menn. Með þessu fyrirhugaða gistihúsi á að stuðla að því, að allir gestir, sem að Húsafelli koma, geti fengið þær viðtökur og þann beina, sem þeir þurfa nauðsynlega með í hvert skipti. Kostnaður er áætlaður 13—14 þús. kr. Ég hefi nú ekki tekið dýpra í árinni en það, að ég fer fram á, að bóndanum séu veittar 4 þús. kr. til þessarar byggingar. Reyndar var fjárhæðin, sem farið var fram á, miklu meiri, en ég treysti mér ekki til að bera fram hærri styrkbeiðni en þetta, því að meiri líkur eru til, að hv. deild verði fús á að samþ. þessa fjárhæð en hina. Fyrst á annað borð hefir verið gengið inn á það að veita styrk í slíkum tilfellum, jafnvel þar, sem um minni umferð er að ræða en hér, vænti ég, að deildin, bæði samræmis vegna og eins vegna þeirrar nauðsynjar, sem hér er fyrir hendi, verði vel við þessari till.

Þá vil ég aðeins út af nál. hv. samgmn. um till. hennar viðvíkjandi bátastyrknum taka það fram, að í nál. segir, að nefndinni hafi ekki borizt skýrsla eða bréf um ferðir og áætlanir nema tveggja flóabáta, bátsins, sem er á Ísafjarðardjúpi, og Flateyjarbátsins. (SÁÓ: Það var gert í framsögu). En ég vil geta þess, að það var send skýrsla um ferðir og áætlanir Hvalfjarðarbátsins í bréfi frá mér til samgmn. Þar var einnig lagt til, að bátnum væri veittur sami styrkur og áður. Ég bað hv. þm. V.-Húnv. fyrir þetta bréf, en það lítur út fyrir, að það hafi ekki komizt til skila, en ég vona samt, að það sé einhversstaðar í fórum nefndarinnar.

Um leið og ég þakka n. fyrir það, að hún vill láta styrkinn til Hvalfjarðarbátsins halda sér óbreyttan, vil ég geta þess, að mér kom undarlega fyrir sjónir, þegar ég sá, að n. leggur til að fjölga ferðum Suðurlandsins vestur til Breiðafjarðar og vill jafnframt því, að styrkurinn til félagsins verði lækkaður. Þetta er því undarlegra, sem n. leggur til, að margir milliferðabátar hafi sama styrk og þeir hafa haft, án þess að af þeim sé krafizt fleiri ferða en áður. Ég geri ráð fyrir, að Suðurland fari 2 ferðum fleira vestur til Breiðafjarðar en verið hefir áður. Og jafnframt því, sem stjórn Suðurlands tekur þessar ferðir að sér, verður hún að sjá um, að áætlunarferðir til Borgarness falli ekki niður. Þess vegna verður félagið að leigja báta til þeirra áætlunarferða, þegar Suðurlandið fer vestur til Breiðafjarðar. Af þessu geta allir séð, hvort rétt muni vera að lækka þennan styrk.

Hv. 1. þm. S.-M. fann ástæðu til að varð þdm. við því að samþ. þær fjáraukatill., sem hér liggja fyrir nú, þar sem þær mundu baka ríkissjóði mikil útgjöld. Það er fjarri mér að ámæla hv. þm. fyrir slíkar aðvaranir, þær hafa alltaf rétt á sér. Hinsvegar geng ég ekki dulinn þess, að hv. þm. hefði eins vel þurft að aðvara þá hæstv. stj., sem hann styður, og áminna hana um að vera varfærnari í fjárframlögum en raun ber vitni um, að hún hafi verið. Það getur náttúrlega verið, að hv. þm. hafi gert þetta, en ef svo er, hefir það litinn árangur borið. Annars skal ég ekki fara frekar út í það mál nú; það gefst síðar tækifæri til þess.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að samþykkt sú, sem nýlega hefði verið gerð um Íslandsbanka, mundi leggja ríkissjóði mikil útgjöld á herðar, vil ég benda honum á ummæli, sem komu frá einum flokksbróður hans, hv. þm. V.-Ísf., sem sagði, að þar væri ekki um nein útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. Hann hélt því fram, að þessi nýi banki mundi eftir því

sem lengra liði verða betur og betur fær um að standa undir sínum byrðum sjálfur.

Hákon Kristófersson: Ég skal ekki vera langorður.

Ég á eina brtt. á þskj. 269 og ætla að fara um hana nokkrum orðum, þó að það þýði ekki mikið að tala um brtt., þar sem svo fáir eru viðstaddir. Þessi brtt. mín fer fram á læknisvitjunarstyrk til Múlahrepps, 250 kr., og vona ég, að hún verði samþ. þrátt fyrir orð hv. 1. þm. S.-M., því að hún er alveg sjálfsögð. Ég vona fastlega, að hæstv. stj. líti með velvild á þessa till. og telji hana sjálfsagða, sérstaklega með tilliti til þess, að það má telja það forsjárleysi stj. að kenna, að læknislaust er í héraðinu. Því að ég tel læknislaust í héraðinu, þegar héraðsbúar verða að vitja læknis annaðhvort til Reykhóla eða Stykkishólms. Ég get leitt rök að því, að læknisvitjun til Stykkishólms úr þessari sveit getur kostað á þriðja hundrað krónur, og þarf því ekki að lýsa því, hve mikil sanngirni mælir með þessari till. fyrir þetta byggðarlag, sem heyrir undir Flateyjarlæknishérað. Allir sjá, hve miklum erfiðleikum það er bundið að fara svo langa sjóleið eftir lækni — og hversu erfitt hlýtur þá að vera að verða að vitja læknis ennþá lengri og erfiðari leið. Ég vona því, að þeir, sem hafa heyrt, hvernig kringumstæðurnar eru, taki þessari till. vel.

Hv. þm. Borgf. minntist á ferðir Suðurlands til Breiðafjarðar. Þó ég skrifaði undir nál. samgmn. án fyrirvara, er ég samt óánægður með ýmislegt þar, m. a. með sumt viðvíkjandi þessum ferðum. En sem sagt vildi ég ekki skipta mér af þessu, en það get ég viðurkennt, að þetta hefir ef til vill farið framhjá mér. Þetta atriði, sem þm. talaði um, kom aðeins til orðs, en var aldrei slegið föstu í n.

Ég ætla ekki að fara að gera brtt. hv. dm. að umræðuefni. Það er ekki til annars en að lengja tímann og í sjálfu sér árangurslaust. Brtt. eru bæði frá fjvn. og ýmsum hv. þm., og vel má vera, að menn athugi vel bendingu hv. 1. þm. S.-M. Ég skal viðurkenna það, að þeir geta frómt úr flokki talað, sem engra fjárframlaga þurfa að óska; þeir fá þau kannske á annan hátt hjá hæstv. stj., þ. e. án allrar heimildar.

Ég treysti góðgirni hv. þdm. með þessari einu brtt., sem ég á. Ég ætla svo ekki að tefja lengur umr. að þessu sinni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hefi ekki miklu að svara fyrir hönd fjvn. gagnvart þeim ummælum, er fram hafa komið frá hv. þm. gegn till., sem hún hefir flutt, og get ég því verið mjög stuttorður.

Hæstv. fjmrh. tók undir þau ummæli, sem ég flutti fyrir hönd nefndarinnar um aðsjálni í fjármálum. Ég get því verið ánægður með ummæli hans hvað það snertir.

Hæstv. ráðh. þótti óþarfur 8. liður 12. gr. Ég hefi gert grein fyrir því, hvers vegna n. flutti þessa hækkunartill., sem er um utanfararstyrk héraðslækna. Landlæknir taldi þá fjármuni, sem til þess voru ætlaðir, of lága upphæð, enda sýnir það sig, að sá styrkur hefir ekki hrokkið að undanförnu. Sumir héraðslæknar, sem hafa farið utan til að afla sér frekari þekkingar, sérstaklega í nýjungum í læknavísindum, hafa ekki getað fengið neinn styrk. N. er algerlega á máli landlæknis í þessu efni. Hún hyggur, að þessum fjármunum sé vel varið.

Þá drap hæstv. fjmrh. á það, að réttara mundi að láta bíða frekari fjárveitingu en stjfrv. gerir ráð fyrir til lagningu nýrra síma. Ég geri nú ráð fyrir því, að mörgum héruðum þyki símalagningar dragast nógu lengi, þótt ekki sé lagt minna fé til nýrra síma en fjvn. gerir ráð fyrir. Svo er annað atriði, sem skiptir engan veginn litlu máli, en það eru fastir starfsmenn við símalagningar. Ef svona lítið yrði lagt til síma þetta ár, mundu margir þeirra verða að fá sér aðra atvinnu. Ef svo væri lagt miklu meira til síma næsta ár, þá þyrfti að fjölga mönnum við það aftur, en þá er óvíst, að hægt sé að fá þessa gömlu starfsmenn aftur. Margir þessara manna hafa verið áratugum saman við þetta starf og vinnst því miklu betur en óvönum mönnum. Það væri því beint fjártjón fyrir landið að sleppa þeim og verða svo að taka óvana menn í staðinn. Ef ekki er hægt að leiða rök að því, að ríkissjóður geti ekki

lagt þetta mikið til síma, held ég, að ekki sé hyggilegt að hafa fjárveitinguna miklu minni en fjvn. leggur til, meðal annars af þessum orsökum, sem ég hefi nú minnzt á.

Þá drap hæstv. fjmrh. á brtt. n. við 13. gr. E., um bryggjugerðir og lendingarbætur. Mér virtist hæstv. ráðh. ekki finna að þessari brtt. hvað fjárhæðina snerti, heldur fyrirkomulagið á þessari greiðslu. Hæstv. ráðh. sagði, að tæplega mundi hægt að inna þessa greiðslu af hendi nema með því að draga frá öðrum framkvæmdum, en ég hygg, að ef farið verður eftir till. n., þurfi ekki að koma til þess.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að hyggilegra mundi vera að veita eina upphæð í þessu skyni og veita svo einstökum héruðum styrk af því fé, þegar þau gætu sýnt það og sannað, að þau hefðu fjárhagslega getu til að leggja fram það fé, sem tilskilið er á móti styrknum úr ríkissjóði. En ég vil geta þess, að samkv. till. n. á ekki að veita neinu héraði þennan styrk, nema það færi sönnur á, að það hafi fjárhagslegan styrk til að koma verkinu í framkvæmd. Ríkisstjórnin skal einnig hafa samþ. áætlun, sem gerð hefir verið, og hafa umsjón með verkinu. Eftir þessum till. er það augljóst, að enginn styrkur verður veittur fyrr en vissa er fengin fyrir því, að héraðið hafi fé fyrir hendi til þessara framkvæmda.

Nefndinni fannst því, eftir því sem málavextir stóðu til, að heppilegra væri að fara þessa leið. Hún treysti sér ekki til að gera upp á milli þessara héraða, svo að öruggt væri, að ekkert þeirra væri beitt misrétti. Hitt sá n., að ómögulegt var að veita svo háan styrk sem víða var farið fram á til bryggjugerða og lendingarbóta; það voru allt of mikil útgjöld.

Það, sem helzt kynni að standa þessum framkvæmdum í vegi, væri ef til vill það, að fljótlega þyrfti að inna þær af hendi, en héraðið gæti ekki aflað nægs fjár á svo skömmum tíma. En þegar héraðið á vísan styrk úr ríkissjóði, þá ætti varla að koma til þess, þegar líka er að ræða um þær framkvæmdir, sem héraðinu eru bráðnauðsynlegar.

Hv. þm. N.-Ísf. tók í sama strenginn um þetta. Mér virtist það vera hans skoðun, að ef aðeins ein upphæð væri veitt, mundi það verða auðsótt í þinginu, að ríkissjóður tæki ábyrgð á fé því, sem héruðin eiga að leggja á móti framlaginu úr ríkissjóði, en slíkum ábyrgðum er n. algerlega mótfallin.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um það, sem kom fram viðvíkjandi till. fjvn.

Skal ég þá með nokkrum orðum víkja að brtt. hv. þdm.

1. brtt. á þskj. 260 er frá fulltrúum jafnaðarmanna hér í hv. deild og fer fram á að fella niður liðinn um skólagjöld. Meiri hl. fjvn. er á móti því, að þessi liður sé felldur niður, ekki af því, að ríkissjóð muni þetta svo miklu, heldur af því, að það sýnist sanngjarnt, að nemendur frá efnuðum heimilum hér borgi skólagjald, alveg eins og menn verða að gera úti um land. Þeim, sem ekki hafa efni á að greiða skólagjaldið, verður endurborgað það, svo að þetta kemur aðeins niður á þeim, sem sæmilega eru stæðir. Held ég, að það sé ekki rétt, sem fram hefir verið haldið, að þá nemendur, sem ætlað er að greiða þetta gjald, muni mikið um það.

2. brtt. á sama þskj. er frá hv. 1. þm. Skagf., um hækkun á gjöldunum til viðurværis í Vífilsstaðahæli. Um þessa brtt. get ég verið mjög fáorður. Fjvn. vissi ekki, í hverju þessi hækkun átti að vera fólgin, fyrr en hv. þm. gaf upplýsingar um það áðan. Hafa nefndarmenn óbundin atkv. um þessa brtt.

3. brtt. á þskj. 260 er frá hv. þm. Dal. og er um að hækka fjárveitinguna til Vesturlandsvegar úr 40 þús. í 70 þús. kr. Ég get vel búizt við, að það sé rétt hjá hv. þm., að héraðsbúum þyki einkar æskilegt að fá þennan veg lagðan á svo skömmum tíma, sem ráð er fyrir gert með brtt. En þess er að minnast, að mörg héruð hafa orðið að bíða lengri tíma eftir samgöngubótum heldur en þetta, þótt Vesturlandsvegur yrði 3—4 ár á leiðinni ennþá. Sumir vegarspottar, sem þó hafa ekki kostað nema fáar þús. króna, hafa ekki aðeins þurft að bíða nokkur ár, heldur áratugi. — Mér finnst einnig, að 35 þús. kr., sem fjvn. vill leggja til þessa vegar, sé sómasamleg upphæð á einu ári. Því að þess ber og að gæta, að landsmönnum í heild er gerður vafasamur

greiði með því að veita mjög háar upphæðir í einu til framkvæmda. Vegna hinna miklu opinberu framkvæmda síðastl. sumar fór svo, að fólk vantaði til framleiðslunnar, einkum í sveitum. Þetta finnst mér mjög athugavert, og það eru a. m. k. ekki gerandi gyllingar til þess að fá fólkið frá aðalatvinnuvegunum í góðærinu. Fjvn. leggur því, að öllu athuguðu, eindregið á móti þessari brtt. hv. þm. Dal. — Út af bréfi því, sem hv. þm. talaði um, að hæstv. atvmrh. hefði borizt um að flýta þessum vegi, vil ég segja, að mér dettur ekki í hug að rengja frásögn hv. þm. Dal., en ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir slíkum skrifum. Var talað um, að meiri hluti vegarins yrði gerður í sumar, en í gildandi fjárlögum eru veittar til hans 20 þús. kr. Áætlaður kostnaður er hinsvegar 90 þús. kr., svo að fjárveitingin nær ekki langt. Vona ég, að ekki verði horfið að því ráði að eyða svo miklu umfram fjárveitinguna, og tel ég það enda alls ekki heimilt. Held ég, að þetta hljóti að vera eitthvað málum blandað.

4. brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. flytur, er í tveim liðum. Hinn fyrri er um 15 þús. kr. til Húnavatnssýsluvegar, en hinn síðari um að fella niður fjárveitinguna til Vatnsskarðsvegar. Sagði hv. þm., að Húnavatnssýsluvegur hefði lengi orðið útundan, þótt langt væri síðan menn fóru að tala um að leggja hann, enda væru á þessum slóðum hinar verstu torfærur. Einnig hafði hv. þm. það eftir vegamálastjóra, að ef eitthvað ætti að taka af fjárveitingunni til heiðavega, þá teldi hann minnst saka að fella niður Vatnsskarðsveg. En vegamálastjóri lagði þó ekki með þessu. — Ég hefi áður lýst þeirri skoðun minni, að ég tel meiri nauðsyn að bæta samgöngur í byggðum en að kosta til fjallvega og heiðavega, sem ekki þarf til að flytja nauðsynjar að héraðinu. Fjvn. hefir óbundin atkv. um þessa brtt.

5. brtt. er frá báðum þm. Rang. og hv. 3. þm. Reykv. og fer fram á 12 þús. kr. tillag til Fjallabaksvegar í Rangárvallasýslu. Hv. 1. flm. (EJ) gat þess, að hér væri um sýsluveg að ræða. En nú er það venjan að taka ekki upp í fjárlög sérstakar fjárveitingar til einstakra sýsluvega, heldur að veita eina upphæð, sem vegamálastjóri hefir síðan úthlutað milli sýslufélaganna. Hv. þm. lýsti því, hve vegur þessi væri slæmur og erfiður í viðhaldi og hver nauðsyn væri orðin að taka hann í þjóðvegatölu. Efa ég ekki, að hann hafi þarna haft mikið til síns máls. Sagði hann, að till. um þetta lægi nú fyrir hv. samgmn. Út af þessu vil ég beina því til hv. þm. (EJ), að hann láti ekki á sér standa að herða á hv. samgmn. að skila áliti um breytingar á vegalögunum sem fyrst. Það er óneitanlega hart, hvernig þessi hv. nefnd leggst á málin þing eftir þing. Hvert þingið eftir annað er vegalagabreytingunum vísað til hennar í þingbyrjun, en hún kemur aldrei með nál. fyrr en í þinglokin. Ef þessu á að halda áfram, er ekki annað sýnt en að hv. deild verði að fara að taka málið af nefndinni og ræða það án þess að fá nokkurt nál. — En svo að ég snúi mér að afstöðu fjvn. til þessarar brtt., þá treystir meiri hluti n. sér ekki til að mæla með henni, vegna venju þeirrar, er til þessa hefir verið fylgt um framlög til sýsluvega og ég gat um áðan.

6. brtt. hleyp ég yfir að sinni, þar sem ég er sjálfur flm. hennar.

7. brtt. er flutt af hv. þm. Borgf. og er um 4000 kr. styrk til Þorsteins Þorsteinssonar á Húsafelli, til að reisa þar gistihús. Hv. flm. drap á ástæðurnar fyrir þessari styrkbeiðni: lítilfjörleg húsakynni og stórlega aukin umferð, sérstaklega síðan bílfært varð um Kaldadal til Þingvalla og Reykjavíkur. Taldi hann mikla nauðsyn að koma þarna upp góðum húsakynnum, svo að húsbændurnir gætu tekið eins vel á móti gestum og skap þeirra stendur til. Efa ég ekki, að hv. þm. hefir skýrt rétt frá í öllum atriðum og að þessi beiðni hefir við mikla sanngirni að styðjast. En hv. þm. fór að nefna til samanburðar styrk þann, er bóndanum á Ásólfsstöðum var veittur í svipuðum tilgangi. En þótt ég viðurkenni sanngirni brtt. hv. þm. Borgf., verð ég að segja, að öðruvísi stóð á um Ásólfsstaði. Nauðsynin var miklu meiri þar, sakir þess, að umferðin þar er margföld á við Húsafell. — Að endingu vil ég aðeins minna hv. þdm. á það í sambandi við þessa brtt., að verði hún samþ., verður óhjákvæmilegt að sinna mörgum samskonar beiðnum

frá öðrum stöðum, þar sem eins er ástatt. Annars hefir fjvn. óbundin atkv. um þessa brtt.

Næsta brtt. á þessu sama þskj., hin 8., er frá hv. þm. N.-Ísf. og fer fram á að hækka liðinn til nýrra símalagninga um 20 þús. kr. og til vara um 12500 kr. Fylgja aths. um það, hve þessu fé skuli varið. Fjvn. leggur á móti bæði aðaltill. og varatill. hv. þm. Í þeirri upptalningu, sem landssímastjóri lét í té, er ekki getið um nýjar línur á þessum stöðum. Hv. þm. hafði raunar eftir landssímastjóra, að það hefði verið af vangá, að þessar línur urðu ekki með, en um það hafa fjvn. ekki komið nein boð frá honum. Það hefir nú lengi verið venja, að Alþingi hefir lítil afskipti haft af því, hvaða símalínur lagðar eru hverju sinni, en látið hæstv. landsstj. og landssímastjóra ráða mestu um það. Sér fjvn. ekki ástæðu til að brjóta þá venju um þessar símalínur.

9. brtt. á þskj. 260, frá hv. þm. Ísaf. o. fl., er um 10 þús. kr. til að reisa loftskeytastöðvar á Ísafirði og Horni. Ég minnist ekki, að neinar upplýsingar um þetta hafi legið fyrir fjvn., og hefir hún því ekki getað athugað það. Hv. þm. gat um það, hversu veðurspár hefðu viljað bregðast, og var svo að skilja á honum, sem þessar stöðvar gætu orðið til að bæta eitthvað úr því, ef þeim yrði komið upp. Um þetta skal ég ekkert segja. En þegar nýmæli eins og þetta er á ferðinni, finnst mér ekki mega minna vera en að fjvn. séu gefnar upplýsingar um málið. Það er auðvitað gott til þess að hugsa, ef loftskeytastöðvarnar geta komið að öllum þeim notum, sem hv. þm. Ísaf. talaði um. En ég er nú ekki alveg viss um, að notin verði eins mikil og sumir gera sér í hugarlund. Skilst mér, að ef þessar stöðvar ættu að geta gefið fullkomnar upplýsingar, þyrftu þær að standa í stöðugu sambandi um veðurfregnir frá skipum bæði norður og vestur í hafi. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Orð hv. þm. Ísaf. hygg ég að sé það eina, sem fjvn. hefir heyrt um þetta mál á Alþingi. Hv. þm. vitnaði m. a. í álit Jóns Eyþórssonar veðurfræðings máli sínu til stuðnings. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi einhverja trú á, að þetta megi koma að liði, og það er ekki nema eðlilegt, að hann fylgi hverri nýbreytni, sem getur orðið stofnun hans til góða. — Hv. 1. þm. S.-M. tók undir um þörfina á lofttalstöðvum á Vestfjörðum og bætti því við, að samskonar stöðvar þyrfti að reisa á Austurlandi, t. d. Papey. Þótt einhver rök megi sjálfsagt finna fyrir þeirri þörf, þá hygg ég, að sú stöð eigi þó miklu minni rétt á sér en Vestfjarðastöðvarnar.

Þá er 10. brtt., sem fram er borin af hv. 2. þm. G.-K. og fer fram á styrk til bryggjugerðar í Grindavík. Hv. þm. hefir átt tal um þessa bryggjugerð við nefndina, og er honum það kunnugt, að hún gat ekki gert till. um þessa fjárveitingu sakir þess, að ekki hafði komið álit hreppsbúa um það, hvort þeir yfirleitt kærðu sig um að fá þessa bryggju og á þessum stað. Nú hefir hv. þm. aflað sér álits einhverra manna þarna sunnan að, en það hefir ekki komið fyrir fjvn. Efa ég í sjálfu sér ekki, að hv. þm. hafi farið rétt með þetta, en það sýnist vera það minnsta, sem hægt er að heimta, að fjvn. fái öll gögn í hendur áður en hún á að mæla með brtt. um stór fjárútlát. N. hefir að sjálfsögðu ekki haft neina ástæðu til að láta þessa einu bryggju mæta afgangi, en eins og ég sagði, gátum við ekki borið fram brtt. um fjárveitingu til hennar, meðan við vissum ekki einu sinni, hvort hreppsbúar óskuðu eftir henni. Frá öllum öðrum hafa borizt skriflegar óskir, og hina sömu kröfu verður að gera hér, ef fjvn. á að geta fylgt brtt. hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh: Lætur hv. fjvn. sér nægja símskeyti frá hreppsnefndinni?). Ég býst við því, ef það er sæmilega greinilegt. Annars eru svo tíðar samgöngur hér suður með sjó, að það ætti að mega takast að koma bréfi frá Grindavík til Reykjavíkur. En þar sem þessar óskir eru ekki fram komnar, vildi ég helzt, að hv. þm. tæki brtt. aftur til 3. umr. Er það ekki af því, að ég vilji bregða fæti fyrir málið, heldur til þess, að það fái betri undirbúning. Ég viðurkenni fyllilega, að þessi bryggjugerð á rétt á sér.

Þá er aðeins eftir ein brtt., frá hv. þm. Barð. Hún kom svo seint fram, að fjvn. hefir ekki haft tækifæri til að ræða hana. Skal ég því ekkert um hana segja að svo stöddu.

Haraldur Guðmundsson: Það, sem gaf mér tilefni til að standa upp, voru ummæli hv. frsm. um IX. brtt á þskj. 260, þar sem lagt er til, að veittar séu 10000 kr. til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni. Hv. frsm. gat þess, að fjvn. hefði engar upplýsingar fengið um það, hversu því máli væri varið. Þetta er alveg rangt. Þetta efni var einmitt rætt á fundi fjvn. Hv. þm. N.-Ísf. kom á fund n. með bréf og gögn máli þessu viðvíkjandi. En hv. frsm. mun ekki hafa verið á þeim fundi. Veldur það sennilega þessum misskilningi hans. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég hefi sagt um nauðsyn þessara stöðva. En hv. frsm. sagði, að lítið gagn væri að því vegna veðurfregna að byggja stöð á Horni nema skip væru norður eða vestur í hafi til að fá fregnir frá. Þetta er rangt og stafar eflaust af því, að hv. frsm. hefir ekki kynnt sér málið. Það er mikil bót að því að fá fréttir frá andnesjum, samanborið við það að fá þær eingöngu innan úr fjörðum, eins og t. d. á Eyri í Skutulsfirði. Til viðbótar þessu skal ég geta þess, að sjútvn. Nd. hefir í dag sent fjvn. bréf, þar sem sjútvn. í e. hlj. mælir með þessu og gerir þetta að sinni till. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa kafla úr því bréfi: ... „Nefndin er þess fullviss, að umræddar stöðvar myndu auka öryggi fyrir lífi manna á sjónum, því með þeim myndu fást ábyggilegri veðurskeyti frá þessum hluta landsins en nú er völ á, sem þar af leiðandi hefði í för með sér ábyggilegri veðurspár frá veðurstofunni fyrir landið allt. ....

Nefndin væntir því, að háttvirt fjárveitinganefnd sjái sér fært að mæla með þeirri tillögu um fjárveitingu, sem þegar er komin fram í þessu skyni".

Ég sé svo enga ástæðu til að segja meira um þetta. En ég vil endurtaka það, að ég trúi ekki öðru en að hv. þdm. samþ. þessa till. Með þessum kr. 10000 er hægt að tryggja miklum mun betur en nú er líf, öryggi og atvinnu 450—500 sjómanna.

Ég hefi allríka tilhneigingu til að ræða við hv. frsm. um skólagjöld. En af vorkunnsemi við hann og stólana mun ég láta það ógert að sinni.

Sigurður Eggerz: Mér þótti hv. frsm. taka till. mínum allþunglega. Hann benti á það, að í samanburði við aðra vegakafla, sem beðið hefðu mörg ár og lítið fengið, þá næði till. mín engri átt.

En ég vil geta þess, að hér stendur alveg sérstaklega á. Þegar búið er að leggja veginn yfir Bröttubrekku, þá kemst eitt af stærstu landbúnaðarhéruðunum í samband við markaðinn. Það sjá því allir, hve mikils um er vert, að þetta svæði verði sem fyrst vegað, svo þetta nauðsynlega samband komist á. Það eru því hinar allra ríkustu ástæður til þess að hraða þessu verki. Vegamálastjóri mundi ekki heldur hafa gert svo háar till., ef honum væri ekki alveg ljóst, að hér væri um mikla nauðsyn að ræða, sem lengi hefir dregizt að bæta úr. Ég held, að þetta svar mitt ætti að vera nóg til að skýra það fyrir hv. deild, að hér stendur alveg sérstaklega á. Hér er aðeins um það að ræða, hvort þessi framkvæmd kemst í verk á næsta ári eða næstu árum. Það er allur munurinn.

Annars skal ég geta þess, að ég hefi átt tal um þetta við hæstv. atvmrh., og staðfesti hann, að ég færi rétt með það, sem ég sagði, að Lann hefði skrifað vestur.

Ég get ímyndað mér, að hæstv. atvmrh. komi máske fram með svofellda yfirlýsingu um málið, að ég geti séð mér fært að taka brtt. mína aftur að fullu. Ég tek hana nú til baka til 3. umr. og sé svo hvað setur.

Forseti (JörB): Þá hefir enginn kvatt sér hljóðs og er lokið umr. um fyrri kafla frv. Hefjast nú umr. um síðari kaflann, og að þeim loknum fer fram atkvgr. um báða kaflana.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég býst við því, að hv. þm. hafi þótt nál. fjvn. nógu skýrt, því að minnsta kosti nokkuð mikill meiri hluti hv. þdm. virðist ekki hirða um að afla sér frekari fræðslu um brtt. þær, er fyrir liggja. Það sýna hin mörgu auðu sæti. Ég verð þó að fylgja þeirri venju að láta nokkur orð frá hálfu fjvn. fylgja brtt. hennar.

Það er ætlazt svo til, að ég byrji á 14. gr. fjárlfrv. Verður þá fyrst fyrir brtt. 25 á þskj. 229. Er hún um það, að laun biskups séu talin 8800 kr. í stað 8600, eins og það er í frv. Það er þó ekki meining

fjvn. að fara að hækka laun biskups um 200 kr., þótt þess væri máske full þörf. Heldur er þetta leiðrétting á misritun, sem átt hafði sér stað.

Þá er það 26. brtt., við 14. gr. A. b. 6. Nýr liður: Til byggingar Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, fyrsta greiðsla af þremur, 3000 kr. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefir á undanförnum árum verið unnið að því að safna fé í því augnamiði að reisa kirkju í Saurbæ, sem helguð sé Hallgrími Péturssyni, sálmaskáldinu góða og nafnkunna. Hefir safnazt í þessu skyni um 23 þús. kr. Er í ráði að hefja þessa byggingu næsta sumar og er ráðgert, að kirkjan muni kosta 45 þús. kr. Nú hefir þess verið farið á leit, að þingið veitti til þessa 10 þús. kr. Fjvn. vildi verða vel við þessari beiðni og vildi fyrir sitt leyti leggja til, að veittar yrðu 9 þús. kr., og væri greiðslunni skipt niður á þrjú næstu árin, eða 3000 kr. á ári.

Þá kemur næst til skjalanna gamall kunningi, þar sem 27. brtt. er, 1000 kr. til kennslu í söng við háskólann. Þessi fjárveiting hefir um hríð verið veitt, enda þótt stj. hafi aldrei fengizt til að taka hana upp í frv. sitt. Fyrir þessa upphæð fer fram kennsla vegna prestefna í tóni og söng. Þessi kennsla er talin nauðsynleg, og ég hygg, að flestir verði að viðurkenna það, að hátíðlegra sé, að prestar séu færir um að tóna. Árangur af þessari kennslu er sagður mjög góður.

Þá kemur enn nýr liður, 5000 kr. til N. P. Dungals til forstöðu á rannsóknarstofu háskólans. Eins og kunnugt er, þá er Dungal dócent við háskólann, en hefir einnig búið sig undir að veita rannsóknarstofu háskólans forstöðu og hefir gegnt því starfi í nokkur ár. Upphaflega var hann ráðinn svo, að hann fengi borgun eftir taxta fyrir þetta. En eftir stjórnarskiptin síðustu varð sú breyt. á, að hann gæfi 20% afslátt af þeim taxta. Nú hefir staðið í nokkru þófi um samninga um borgun fyrir þetta starf milli heilbrigðisstj. og Dungals, og var ekki föst niðurstaða fengin, þegar þing kom saman. Dungal sendi því erindi til fjvn. um þetta, ásamt meðmælum frá háskólaráði og læknadeild háskólans. Þetta erindi var svo sent landlækni til umsagnar, og lagði hann eindregið til, að þessari beiðni væri sinnt. N. tók því þetta upp hér um bil óbreytt. Aðeins setti hún 5000 kr. í stað þess, að beðið hafði verið um 6000 kr. Er það einróma álit fjvn., að þetta beri að veita. Starf rannsóknarstofunnar er svo mikilsvert, að það má ekki að neinu leyti niður falla. Sömuleiðis er Dungal talinn vel fallinn til að standa fyrir stj. hennar.

Þá er nýr liður til stúdentagarðs, endurveiting, 25 þús. kr. Það er kunnugt, að stúdentar hafa staðið fyrir því nokkur undanfarin ár að safna fé til stúdentagarðs í Reykjavík. Það hefir gengið vel fram að þessu og er þegar búið að safna hátt á annað hundrað þús. króna. Það er búið að gera teikningu og áætlun um kostnað við byggingu stúdentagarðsins, og er gert ráð fyrir, að hann kosti hátt á 4. hundrað þús. kr. Nú hefir Alþingi áður lofað til þessara framkvæmda 100 þús. kr. Þannig stóðu í fjárlögum 1927 50 þús. kr., 1928 var 25 þús. kr. veiting og sama upphæð í fjárlögum fyrir 1929. En af því að ekki var hafin bygging hússins, þá fór það svo, að þetta fé var ekki hafið, og hefir það þannig misst gildi sitt í fjárlögum, svo að stúdentar eiga engan kröfurétt á því. En form. byggingarnefndar stúdenta skýrði n. frá því, að það hefði orðið að samkomulagi við fyrrv. fjmrh. (Magnús Kristjánsson) að láta þetta fé liggja þarna, þangað til bygging væri hafin og þeir fengju það út í einu lagi. Þess vegna fóru stúdentar fram á, að veittar væru á þessu ári þær 75 þús. kr., sem áður hafa staðið í fjárlögum samtals og þeir hafa rétt til. N. gat ekki orðið við þessari kröfu, en hinsvegar féllst hún á að veita í fjárl. næsta ár 25 þús. kr. Hæstv. fjmrh. mun hafa lofað að greiða út þær 25 þús. kr., sem standa í fjárl. fyrir 1929, og sömuleiðis mun hann hafa dregizt á að borga aðrar 25 þús. fyrir árið 1930, enda þótt það standi ekki í fjárlögum. Þá koma þessi 25 þús., sem gert er ráð fyrir að veita 1931, og eru þá ekki eftir nema ein 25 þús. af þeim hundrað, sem Alþingi lofaði. Þau mundi frekar hægt að láta bíða til ársins 1932, þar sem þessar 75 þús. kr. yrðu áður komnar í hendur stúdentanna, sem fyrir byggingunni standa. Ég held, að þetta sé miðlunartill., sem una megi við.

Þá eru námsstyrkir samkv. till. menntamálaráðs. Eins og hv. þm. muna, var sú regla tekin upp á síðasta þingi, að í staðinn fyrir það, að ýmsum einstökum stúdentum hafði áður verið veittur námsstyrkur, bundinn við þeirra nöfn, var það fært út af fjárl. og menntamálaráði fenginn réttur til að úthluta þessum styrkjum. Í núgildandi fjárl. er þessi styrkur 12 þús. kr. Stj. hefir ekki gert ráð fyrir nema 10 þús. kr. En eftir bendingu frá menntamálaráði féllst n. á, að ekki væri hægt að komast af með minna en síðastl. ár; því að það má segja, að styrkurinn sé fastur. Þeir, sem einu sinni fá hann, hafa hann, þangað til þeir hafa lokið sínu námi.

Þá kemur hér nýr tölul. við 14. gr. B. VI. b. 3., til áhaldakaupa fyrir stýrimannaskólann. Forstöðumaður skólans kom á nefndarfund og bar upp sína kveinstafi, að stýrimannaskólinn væri mjög á eftir tímanum um allan útbúning og kennslutæki. Hann gerði n. nokkuð ljósa grein fyrir, að svo mundi vera, því að þar er víst nokkurskonar forngripasafn af kennslutækjum. N. féllst á, að svo mætti ekki búið standa, að þessi þarfa og merkilega menntastofnun sjómannastéttarinnar væri látin verða jafnlangt á eftir tímanum og nú er í þessu efni. Við undirbúning þeirra manna, sem þar læra undir sitt ábyrgðarmikla starf, eru góð kennslutæki bráðnauðsynleg. Forstöðumaðurinn færði fjvn. lista yfir þau áhöld, sem helzt þyrfti að kaupa, og hún féllst á að veita helming þeirrar upphæðar, sem hann fór fram á, 10 þús. í staðinn fyrir 20 þús. kr. Eitt áhaldið, sem er til þess að prófa skekkju á áttavita og kostar helming alls þess, sem farið var fram á, 10 þús. kr., álitum við nefndarmenn að frekar yrði að bíða, ef skólinn fengi öll hin.

Þá kemur verkleg fræðsla. Fyrir 4 þús. komi 5 þús. Þar af á eitt þús. að ganga til Jóns Sigurðssonar stúdents, til að læra nýjustu aðferðir við járnbenta steinsteypu. Þessi liður hefir staðið í fjárl. undanfarið og jafnan verið veittur ýmsum iðnaðarmönnum til framhaldsnáms erlendis. Nú hefir þessi maður, sem er sonur Sigurðar fyrrv. fangavarðar, tekið upp nám í þessari grein fyrstur Íslendinga, sem sé sérnám við járnbenta steinsteypu. Og eins og kunnugt er, þá er það þetta byggingarefni, sem nú er langmest farið að nota hér á landi á síðustu árum í stórhýsi, brýr og við ýmis önnur fyrirtæki, svo að full nauðsyn virðist, að landsmenn reyni að fylgjast vel með öllum nýjungum á þessu sviði. Og þær skemmdir, sem fyrir hafa komið í stórbyggingum hér í Reykjavík, benda okkur í þá átt, að það sé full nauðsyn að vanda betur til þeirra bygginga, sem reistar eru úr þessu efni.

Þá koma hér tveir liðir, við 14. gr. B. XII. 1. b. og 2. a. Það eru fjárveitingar til kvennaskólanna í Reykjavík og á Blönduósi. Styrkurinn til þessara tveggja skóla er aðeins hækkaður upp í það, sem hann er nú og hefir verið undanfarið. N. barst erindi frá báðum um hækkun, og meiri hl. féllst á, að ekki væri sanngjarnt að skera þetta niður, úr því að það hefir verið í fjárl. undanfarið.

Þá kemur nýr liður, til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, 3 þús. kr. Allir þekkja þennan skóla, svo að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um málið. Í núgildandi fjárl. hefir skólinn 2 þús. kr., en stj. hans fór fram á hækkun upp í 4 þús., en n. féllst á 3 þús. kr. Skólinn starfar í fjórum deildum, og nemendur eru 85. Kenndar eru allar sömu námsgreinar og í gagnfræðadeild menntaskólans. Þegar á allt þetta er litið, virðist ekki ósanngjarnt, að ríkið styrki skólann með þessari upphæð, sem hér er farið fram á. Hún er ekki nema *lítill hluti* af því, *sem skólinn* mundi kosta, ef þessir nemendur hans tilheyrðu allir gagnfræðadeild menntaskólans.

Þá koma hér tveir liðir, sem ég vil taka saman, til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað, B. XV. 1, og B. XV. 4, sem er styrkur, er ætlaður var frú Sigrúnu Blöndal. N. leggur til, að sá síðari liður falli burt. Það er þannig til komið, að Sigrún Blöndal hefir undanfarið haft með höndum húsmæðrafræðslu í Mjóanesi og fengið 1500 kr. styrk á yfirstandandi ári. Stj. hefir tekið þann sama styrk upp í fjárlagafrv. En svo barst fjvn. erindi þar að austan um það, að veittur væri frekar styrkur til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað. En þann skóla var byrjað að byggja í sumar, og verður haldið áfram að

byggja, þannig að skólinn geti tekið til starfa á næsta hausti. Sigrún Blöndal er ráðin þar forstöðukona, svo að styrkur hennar fellur niður, en flyzt yfir til húsmæðrafræðslunnar á Hallormsstað.

Þessi skóli er alveg hliðstæður húsmæðraskólanum á Laugum, bæði um byggingu og rekstur. Ríkið leggur fram helming byggingarkostnaðar þessara skóla og 5 þús. kr. rekstrarfé til húsmæðrafræðslunnar á Laugum. Þess vegna er ekki nema sanngjarnt, að húsmæðraskólinn á Hallormsstað njóti þess sama styrks, sem hinum skólanum er ætlaður í fjárl. fyrir 1931.

Þá er einn kvennaskólinn enn. Kvenfélagið Ósk á Ísafirði hefir haldið þar uppi allmyndarlegri húsmæðrafræðslu, og eins og hv. þm. muna, sækir fjöldi kvenna af Ísafirði þangað menntun sína. Þessi skóli hefir notið 5 þús. kr. ríkisstyrks undanfarið, eins og hinir skólarnir, sem ég talaði um áðan. Skólinn varð fyrir því óhappi fyrir tveimur árum að missa húsnæði sitt til kennslu, og hefir síðan verið í algerðu húsahraki til kennslu. Það hefir verið óskað um styrk, og nú liggur fyrir þinginu beiðni um styrk til að byggja skólahús fyrir kvennaskólann. En n. gat ekki sinnt þeirri nauðsyn nú. Hinsvegar þótti henni sanngjarnt, þar sem svona stóð á, að veita í þessum fjárl. sérstakan styrk vegna þessara húsnæðisvandræða, bæta einu þúsundi við rekstrarstyrk skólans. Það virðist ekki hægt að taka þennan skóla alveg út úr. Þar sem sérstakur byggingarstyrkur hefir verið veittur á Laugum og á Hallormsstað, en ekki er hægt að styrkja þennan skóla til að byggja skólahús nú, þá verður ekki hjá því komizt að styrkja hann nokkuð sérstaklega vegna húsnæðisleysisins.

Þá er nýr liður við 14. gr. B. XX., til Íþróttasambands Íslands, 6 þús. kr. Hefir þessi styrkur staðið í fjárl. undanfarið, og öllum komið saman um, að hann skyldi standa. En nú hefir hann fallið niður af vangá, eins og hv. atvmrh. benti nefndinni á.

Þá kem ég að 15. gr. Er þar fyrst nýr liður við 3. e, til Hóladómkirkju, til endurbóta. Þetta er sömuleiðis gamall kunningi. Í tvö ár hefir þetta verið sett í fjárlög, og nú vill n. gera það í þriðja sinn. Ég þarf ekki að lýsa Hóladómkirkju fyrir hv. þm., því að þeir þekkja hana nóg til þess að vita, að hún er eitt hið allra merkasta hús, sem þjóðin á. Og menn vita líka, hvernig hún hefir verið rúin af fegurð sinni á síðari árum, bæði tekin málverk og flutt hingað og kirkjan sjálf fremur skemmd en bætt með ýmsum lagfæringum. Nú hefir þó verið starfað nokkuð lengi að því að færa hana aftur í sitt upphaflega horf, og enn er sú starfsemi í fullum gangi. Sérstaklega vantar það, að fengizt hafi eftirlíkingar af hinum gömlu, frægu myndum, sem teknar voru úr kirkjunni og flestar eru nú geymdar á forngripasafninu. Það var einróma álit n., að þessi styrkur eigi að haldast þangað til búið er að koma kirkjunni til fyrra horfs að fullu.

Þá koma 4 nýir liðir við 15. gr. 15. Fyrst til Sigurðar Skúlasonar til rannsókna í menningarsögu þjóðarinnar. Þá er til Benedikts Björnssonar kennara, til ritstarfa, til Margeirs Jónssonar og til Odds Oddssonar. Sigurður er ungur maður, norrænufræðingur frá háskólanum hér og efnilegur fræðimaður. Hann vinnur nú að því að safna gögnum að menningarsögu, og til þess verður hann að sækja heimildir í söfn bæði innan lands og erlendis, og kostar sú rannsókn mikið fé og fyrirhöfn. Hann fór fram á að fá til þessa 2 þús. kr. styrk, sem n. gat ekki lagt til að veita. Þó að maðurinn kunni að vera hinn efnilegasti, þá er hann ungur og óreyndur, og þykir n. rétt að hvetja hann til starfa með því að veita honum 800 kr. styrk. Síðar mun sjást, hvers hann er maklegur.

Þá er Benedikt Björnsson skólastjóri á Húsavík. Hann hefir alla sína æfi stundað barnakennslu og unglingafræðslu, en samt lagt stund á ritstörf í hjáverkum og farið fyrirlestraferðir um landið. Það er sammála álit allra, sem til þekkja, að maðurinn sé afbrigðavel gefinn og vel til þess fallinn að skrifa alþýðleg rit. Hann er nú orðinn aldraður og heilsulítill, sérstaklega vegna sjóndepru, sem lengi hefir sótt á hann. En hann hefir orðið að vinna fyrir sér á sumrin með útistörfum, en þau störf hafa sérstaklega ill áhrif á hans eina heila auga, svo að mikil hætta er á, að

hann missi sjónina að fullu, ef hann verður að stunda þau störf áfram. Hann sótti um það til n., að sér væri veittur nokkur ritstyrkur til að vinna að ýmsum sögum sínum, sem hann hefir safnað gögnum að og langar til að koma út. N. var sammála um þennan styrk. Mann á hans aldri og kringumstæðum er annaðhvort að styrkja nú eða ekki til þess að koma á framfæri þeim hugsunum, sem hann býr yfir.

Þá koma þeir Margeir Jónsson og Oddur Oddsson. Þeir eru báðir vel kunnir alþýðuhöfundar, og láta fræðimenn mikið af því þarfa starfi, sem þeir inna af höndum. Það er óhætt að segja, eins og Jón gamli Þorkelsson sagði um sig, að þeir vinna „mest við það að marka og draga á land". Það er margskonar vitneskja, sem getur orðið mikils virði, þegar sagnfræðingar fara að vinna úr menningarsögu þessarar þjóðar, en nú er hætta á, að þetta fari í gröfina með þeim og þeirri kynslóð, er þeir tilheyra.

Margeir Jónsson er kunnastur fyrir örnefnarannsóknir sínar. Hann á nú orðið mikið og merkilegt safn af skagfirzkum fróðleik. Það kvað vera heil náma af upplýsingum um störf héraðsbúa á síðustu öldum. Alþingi veitti efnilegum manni styrk í sama skyni, Þorkatli Jóhannessyni, og veit ég ekki betur en að hann vinni nú að atvinnusögu landsins og einnig við að safna örnefnum kringum land. En þó að hann hafi þennan styrk, er vitanlega mjög mikið starf fyrir annan mann, og þar sem það er jafnáhugasamur maður og Margeir er í sinni grein, þá virtist n. rétt að styrkja hann til þessa verks.

Sama er að segja um Odd Oddsson. Hann hefir skrifað í ýms tímarit á síðari árum mjög góðar ritgerðir, sem lýsa alþýðuháttum glöggt og vel. Og þar sem hann er aldraður maður, virtist n. full þörf á að hvetja hann til þess að koma í dagsljósið því, sem hann býr yfir, áður en það er of seint.

29. liður fellur niður, af því að Sighvatur Borgfirðingur, þessi merki maður, er látinn.

Þá koma síðast tveir nýir liðir við 15. gr. 33, til menningarsjóðs og þjóðleikhúss. Þetta er í raun og veru ekki annað en að fært er til jafnaðar á móti tekjuliðum 5. gr. fjárl. En ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. fyrri kaflans hafi gert grein fyrir þeim, þegar hann talaði um 5. gr.

Þá byrjar 16. gr. og kemur fyrst hækkun á styrk Búnaðarfélags Íslands úr 240 þús. í 250 þús. kr. Starfsemi þess eykst með ári hverju. Það, sem sérstaklega eykur kostnað þess nú, er styrkur til ýmissa félaga og umbótastarfsemi, þar sem ákveðinn hluti er greiddur af kostnaði þeirra, eftir föstum reglum um þá starfsemi. Þegar félögin færast í aukana, vaxa útgjöld Búnaðarfélagsins „automatiskt" að sama skapi. Nú var fjvn. send fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 1931, og af henni sást, að félagið mátti gera ráð fyrir, að hin nauðsynlegu gjöld þess færu upp í 280 þús. kr. á árinu. Meiri hl. n. gat ekki orðið við því að veita svo mikið, en bætti við 10 þús., svo að upphæðin yrði alls 250 þús.

Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 30 þús. kr. til sandgræðslu, en undanfarið hafa það verið venjulega 40 þús. kr. og síðasta ár 50 þús., en af þeim var 10 þús. ráðstafað á sérstakan hátt í fjárlagafrv. sjálfu. Því er þessi hækkun n. ekki nema upp í það, sem styrkurinn hefir venjulega numið. Og það er óhætt að segja, að fáu fé sé betur varið. Því að allir hljóta að falla í stafi við að sjá þá breytingu, sem víða hefir orðið á 1—2 árum, þar sem landið hefir verið girt og friðað og einhverjar varnir gerðar til að hefta sandfok. Landið er algrænt yfir að líta. Og það er alveg óhætt, meðan núverandi sandgræðslustjóri hefir umsjónina, að kasta peningum í sandinn gegnum hendurnar á honum.

10. liður b. er hækkaður úr 10 þús. í 16 þús. kr. Hjá skógræktarstj. liggja fyrir umsóknir um styrk til skógræktar og skógargirðinga, samkv. lögum frá 1928, og nema þær um 60 þús. kr. Það varð ekki hjá því komizt að hækka þennan lið, og þykist n. hafa farið mjög hóflega í sakirnar með því að bæta við einum 6 þús.

Þá kem ég hér að brtt. frá n. á þskj. 260, um hækkun á styrk til Fiskifélags Íslands úr 75 þús. í 90 þús. kr. Þessi tillaga var samþ. með hinum, en hefir fallið niður úr nál. Starfsemi þessa félags eykst, eins og Búnaðarfélagsins, og þá vitanlega kostnaður um leið. Beiðni lá fyrir frá forseta félagsins um að hækka þessa fjár-

veitingu upp í 90 þús. kr., og n. fór algerlega eftir till. hans.

Þá eru 6 þús. kr. til mjólkursuðuverksmiðjunnar Mjallar. Þetta stendur í núgildandi fjárl., en féll niður í frv. stj.

Það er kunnugt orðið um þetta fyrirtæki, að það hefir átt erfitt og alls ekki gengið eins vel og æskilegt væri. En það er í raun og veru skömm fyrir landsmenn alla, ef ekki er hægt að láta eitt slíkt fyrirtæki þrífast, jafnmikið og flutt er hér inn af niðursoðnum mjólkurafurðum og jafntilfinnanleg og markaðsþörfin er fyrir sveitir landsins. Þetta fyrirtæki kann nú að breytast á einhvern hátt, og er þá betri von um velgengni félagsins.

Ég gæti trúað því, að utan um þetta fyrirtæki ætti eftir að myndast sterkt mjólkurbú í Borgarfirði, en tel þó með öllu óforsvaranlegt, ef ríkið kippti að sér hendinni um þennan styrk.

Þá kem ég að 16. gr. 25. Þar leggur n. til, að við verði bætt nýjum lið, þess efnis, að Guðmundi Einarssyni myndhöggvara verði veittur 5000 kr. styrkur, til þess að setja hér upp leirbrennsluverksmiðju.

Guðmundur kom á fund n. og skýrði henni frá fyrirætlunum sínum. Stofnkostnaður slíkrar verksmiðju, sem hér er um að ræða, er um 10 þús. kr., og hefir Guðmundur þegar tryggt sér helming þeirrar upphæðar, en vantar þessar 5000 kr., sem n. hér leggur til, að honum verði veittar. Hefir Guðmundur þegar verið sér úti um ýmis hin nauðsynlegustu tæki til leirbrennslu, svo sem leirbrennsluvél, hnoðara og rennibekk, og veit ég ekki betur en að hann sé þegar búinn að fá þessi tæki hingað upp, í þeirri von, að honum myndi takast að afla fjár til fyrirtækisins.

Guðmundur hefir lagt mikið erfiði í að vinna að framgangi þessa máls og lagt fram fé til þess af sinni fátækt. Hefir hann sýnt mjög virðingarverðan áhuga og dugnað við athugun á leirnámum hér á landi, og látið framkvæma rannsóknir á íslenzkum leirtegundum í Þýzkalandi. Hefir niðurstaða þessara rannsókna orðið sú, að sumar ísl. leirtegundir standi ekki að baki beztu leirtegundum erlendum til ýmiskonar iðnaðar, og að til séu hér óþrjótandi námur af nothæfum leir til brennslu.

Guðmundur Einarsson er einn af okkar vinsælustu og fjölhæfustu listamönnum, sem hefir lítils sem einskis opinbers styrks notið á sinni löngu og erfiðu listamannsbraut, og vænti ég þess því, að enginn hv. þm. hiki við að greiða þessari till. atkv. sitt, svo stórmerk tilraun, sem hér er um að ræða.

Guðmundur ber aðallega fyrir brjósti að gefa ísl. listamönnum tækifæri til þess að móta ýmsa skrautmuni úr leir. Tók ég með mér ýmsa muni hingað á fundinn, sem Guðmundur hefir mótað, sem sýnishorn þess, hvað gera má úr hinum íslenzka leir. Geta hv. þdm. fengið að sjá þessa muni, ef þeir vilja. Hér er t. d. forkunnarfagur bikar, sem Guðmundur hefir gert. En það er fleira, sem gera má úr hinum íslenzka leir, t. d. þakhellur á hús, venjulegan borðbúnað (Guðm. hefir þegar gert sér sjálfum einn, fallegan í mesta máta), og svo mætti lengi telja. Yfirleitt má segja það, að með þessari tilraun Guðmundar frá Miðdal sé verið að skapa möguleikana fyrir fullkominni iðngrein á því sviðinu, sem við áttum enga áður. Vænti ég þess því fastlega, að hv. þdm. sýni skilning á þessari till. og samþ. hana.

Þá kem ég að 17. gr. Upp í hana hefir n. tekið að nýju nokkra liði (a.—f.) til styrktar- og sjúkrasjóða, sem felldir hafa verið niður úr fjárlfrv., en eru í núgildandi fjárl. N. var það að vísu ljóst, að þessir styrkir til einstakra félaga eru neyðarúrræði, en þar sem ekki er í annað hús að venda en til Alþingis fyrir þessa aðilja, á meðan allt er í öngþveiti um almennan styrktarfélagsskap hér á landi, sá n. sér ekki annað fært en að leggja til, að í þessu skyni yrðu veittar svipaðar upphæðir og í fyrra.

Þá er það 18. gr. Er þar fyrst II. b. 25, nýr liður, styrkur til Hrefnu Einarsdóttur, ekkju Kristmundar heitins læknis Guðjónssonar. Hún er eignalaus en gengur með ólæknandi sjúkdóm, sem dregur hana til dauða fyrr eða síðar. Hún á fyrir einu barni í ómegð að sjá. N. álítur óhjákvæmilegt að hlaupa eitthvað undir bagga með þessari konu, og geri ég ráð fyrir, að hv. deild líti sömu augum á það mál.

Næsta brtt. n. við þessa grein (II. c. 9. a. og b.) fjallar um að veita þeim séra

Þórði Ólafssyni og séra Páli Stephensen viðbót við lögmælt eftirlaun þeirra, þannig að þau nemi alls 1000 kr. Er orðin regla að gera svo við alla uppgjafapresta.

Um þrjár brtt. n. við þessa gr. er hið sama að segja (II. c. 10, II. d. 12. og II. f. 3). Hlutaðeigandi styrkþegar eru dánir, og fellur því sá styrkur, sem þeim hefir verið veittur, af sjálfu sér niður.

Þá leggur n. til, að Ástu Magnúsdóttur, ekkju Tómasar Jóhannssonar kennara á Hólum, er dó síðastliðið sumar, sé veittur 200 kr. styrkur. Hún á fyrir tveim börnum í ómegð að sjá, og varð það að samkomulagi í n. að leggja til, að henni yrðu veittar 100 kr. með hvoru barni hennar. Þó að lítið sé, er það betra en ekkert.

Þá koma nú nokkrar ljósmæður upp á gamlan og góðan kunningsskap. Mætti svipað segja um þær og þegar sagt er, að menn séu betur þokkaðir dauðir en lifandi. Ljósmæðurnar eiga mjög erfitt uppdráttar hér í þinginu, á meðan þær eru í fullu fjöri, eins og saga launakrafna þeirra bezt sýnir, en þegar ljósmæðurnar eru orðnar gamlar og gráhærðar, þá hefir þeim venjulega verið tekið tveim höndum. Hér eru nú á ferðinni þrjár ljósmæður, og er ein þeirra, Oddný Guðmundsdóttir jubilljósmóðir, einhver hin elzta ljósmóðir á landinu. Skipunarbréf hennar liggur hér fyrir og er gefið út af Magnúsi Stephensen landshöfðingja, svo að menn sjá að hún er komin til ára sinna, gamla konan, enda hefir hún gegnt ljósmóðurstörfum í 52 ár. N. taldi sjálfsagt, að svo gamalli og ekta jubilljósmóður yrðu veitt hæstu eftirlaun, 500 kr. Hinum tveim ljósmæðrunum, Margréti Jónsdóttur og Guðrúnu Jónsdóttur, leggur n. til að verði veittar 200 kr. hvorri. Báðar þessar ljósmæður hafa orðið að láta af störfum sakir aldurs og þreytu; þær eru komnar á áttræðisaldur og hafa gegnt ljósmóðurstarfinu í 20 og 30 ár.

Þá leggur n. til, að Susie Þriem verði veitt 300 kr. eftirlaun. Þessi kona er ekkja Halldórs Briems bókavarðar, sem dó síðastl. ár. Sótti hún um 1200 kr. eftirlaun, en n. sá sér ekki fært að fara lengra. Sömuleiðis leggur n. til, að hinni háöldruðu ekkju síra Steindórs Briems í Hruna, Kamillu Briem, verði veittur 170.-57 kr. viðbótarstyrkur, þannig að hún fái alls 300 kr.

Þá kem ég að 23. gr. Við þá gr. hefir n. tvær brtt. að gera. Sú fyrri er um það, að eftirlaunin til Björns Sigurðssonar falli niður, þar sem hann er dáinn. Síðari brtt. er þess efnis, að stj. heimilist að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra á „Esju", eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning „Esju".

Þórólfur sál. var lengi starfsmaður hjá Eimskipafélaginu, en allir starfsmenn þess hafa eftirlaunarétt hjá félaginu fyrir sig og ekkjur sínar. Þegar Þórólfur fór úr þjónustu Eimskipafélagsins og gekk í þjónustu ríkisins, missti hann þennan eftirlaunarétt. Stendur ekkja hans því uppi með tvær hendur tómar og á við þröngan kost að búa, eftir því sem kunnugir menn segja. Barst n. erindi um að taka hana upp í 18. gr. fjárl. með 500 kr. styrk, auk 100 kr. handa hverju barni hennar. N. áleit ekki rétt að fara þá leið, en taldi hitt réttara, að veita þessa heimild til að greiða ekkjunni af útgerðarkostnaði „Esju" svipaða fjárhæð og hún hefði notið, ef maður hennar hefði verið starfsmaður Eimskipafélagsins. Virðist ekki nema sjálfsagt í alla staði, að sömu reglur gildi um eftirlaunarétt starfsmanna ríkisútgerðarinnar sem starfsmanna einstakra fyrirtækja, eins og Eimskipafélagsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. n. við þennan kafla fjárl. Það hefir komið fram moldviðri af brtt. frá einstökum þm., en ég mun þó ekki fara út í þær að sinni, heldur geyma mér þær, þar til hlutaðeigandi þm. hafa gert grein fyrir þeim og n. í heild sinni er búin að taka afstöðu til þeirra.

Haraldur Guðmundsson: Ég kann ekki við að láta umr. enda svo, að hv. frsm. taki einn til máls, enda á ég nokkrar brtt. við þennan kafla fjárl., sem ég sumpart flyt einn, en sumpart ásamt öðrum þm. Mun ég að þessu sinni aðeins minnast á þær brtt., sem ég er 1. flm. að, eða þá flyt einn.

Kem ég þá fyrst að till. minni um að

hækka þá upphæð, sem veitt er til námsstyrkja samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Í frv. stj. er gert ráð fyrir 10000 kr. í þessu skyni. Fjvn. hækkaði upphæðina í 12000 kr., en till. mín gengur út á, að upphæðin hækki upp í 15000 kr.

Menntamálaráðið kom á fund fjvn. og tjáði henni vandræði sín, þar sem miklu fleiri hefðu sótt um þennan styrk en hægt hefði verið að veita nokkra úrlausn til þessa. Þeir stúdentar, sem stunda nám hér við háskólann, fá ókeypis kennslu, auk þess sem þeim er ódýrara að dvelja hér en þeim stúdentum, sem stunda nám erlendis. Hinsvegar er ekki kostur að nema hér heima nema fáar fræðigreinir, og eru því margir neyddir til að leita út fyrir landsteinana, til þess að afla sér menntunar í þeim greinum, sem ekki eru kenndar við háskólann hér. Til þessa hefir verið tekið tillit, þannig að jafnan hefir verið veitt ákveðin upphæð til að styrkja ákveðna tölu stúdenta til að stunda háskólanám erlendis. En þessi upphæð hefir verið svo smávaxin, að Alþingi hefir ávallt orðið að bæta ýmsum styrkjum við. Var þá sú regla tekin upp að veita hina svonefndu persónustyrki, þar til í fyrra, að horfið var að því ráði að veita eina upphæð í þessu skyni, sem menntamálaráðið úthlutaði. Nú eru það eindregin tilmæli menntamálaráðsins, að þessi styrkur verði hækkaður að mun frá því, sem er í frv. stj., þar sem svo margir sæki um hann, að slíkt sé óhjákvæmilegt, og hefi ég af þeim ástæðum borið fram þessa brtt.

Svipað er um styrkinn til skálda og listamanna að segja. Stj. leggur til, að þessi styrkur verði 6000 kr. og sýnir í því sína dæmalausu sparsemi. Sú var nú tíðin, að þessi styrkur var hærri. Til dæmis nam hann 27000 kr. árið 1920, og þótti þó ekki of ríflegur þá. Síðan hefir hann alltaf verið að minnka. Í fyrra var hann 8000 kr., og nú hefir stj. enn vegið í þennan knérunn og lækkað hann niður í 6000 kr.

Menntamálaráðið tjáði fjvn., að um þær 8000 kr., sem veittar eru í styrk til skálda og listamanna í fjárl. yfirstandandi árs, hefðu sótt 36 menn. Átta af þeim fengu dálitla úrlausn, en hinir 28 ekki neitt nema neiið. Menntamálaráðið gerði hinsvegar ráð fyrir því, að ef það fengi 12000—15000 kr. til ráðstöfunar í þessu skyni, mundi verða hægt að hjálpa þeim listamönnum, sem sérstaklega skara fram úr, svo, að þá munaði það einhverju, sérstaklega þar sem hægt væri að styrkja málara og myndhöggvara með því að kaupa verk þeirra fyrir nokkuð af tekjum Menningarsjóðs.

Um 13. brtt. á þessu sama þskj. (260), þar sem lagt er til, að skólagjöldin við tilgreinda skóla falli niður, þarf ég ekki að fjölyrða. Ég get látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði um 1. brtt. á þessu þskj. Þessi brtt. er bein afleiðing þeirrar till.

Þá er það 14. brtt. á þessu sama þskj., þess efnis, að kvenfélaginu Ósk á Ísafirði verði veittur 20000 kr. byggingarstyrkur, eða ⅓ kostnaðar, er útborgist á tveim árum.

Það lítur út fyrir, að þetta kvenfélag eigi ekki upp á pallborðið hjá hæstv. stj. Í fyrra var sá styrkur, sem félagið nýtur til skólahalds, hækkaður hér í deildinni úr 5000 kr. upp í 6000 kr., en stj. lækkaði hann á ný í fjárlfrv. niður í 5000 kr. Fjvn. leggur til, að styrkurinn verði aftur hækkaður í 6000 kr. En þessi skóli, sem hér er um að ræða, býr við húsnæðisvandræði, og á félagið mjög erfitt með að fá húsrúm við hæfi hans, auk þess sem það verður að sætta sig við að greiða mjög háa húsaleigu. Af þessum ástæðum hefir félagið nú hafizt handa um fjársöfnun til húsbyggingar yfir skólann og sækir til Alþingis um 20000 kr. styrk til hennar, eða ⅓ þess, sem ráðgert er, að byggingin muni kosta. Er það lægra framlag en t. d. á sínum tíma var veitt til Laugarvatnsskólans, sem var reistur með helmings framlagi frá ríkissjóði. En ég geri mér nú litlar vonir um, að félagið fái svo háan styrk, því að það virðist vera orðin venja þingsins að styðja sveitirnar meira en kaupstaðina, þegar um framkvæmdir er að ræða, og þá vanalega þannig, að sveitirnar fái í styrk til sinna framkvæmda helming af kostnaðarverðinu, en kaupstaðirnir ekki nema þriðjung.

Kvenfélagið Ósk hefir haldið uppi þessum skóla á annan tug ára og aðeins notið lítilfjörlegra fjárframlaga úr ríkis-

sjóði. Hefir skólinn jafnan verið hin mesta nytjastofnun, bæði fyrir Vestfirði og landið í heild sinni, því að hann sækja stúlkur úr öllum landsfjórðungum. Síðastl. ár voru 32 námsmeyjar í skólanum alstaðar að af landinu, enda er skólagjaldið við þennan skóla lægra en við aðra skóla, 75 kr. á mánuði fyrir hvern nemanda, og í því falið húsnæði og fæði, auk sjálfrar kennslunnar. Kvenfélagið lætur sér mjög annt um að efla þennan skóla sem mest og hefir nú aukið mjög þann kostnað, sem því stendur af honum, með því að kaupa vefstóla og annað þeim tilheyrandi. Er tilgangurinn sá, að vefnaður verði ein af höfuðnámsgreinum skólans. Vegna þessa aukna kostnaðar sótti félagið um meiri rekstrarstyrk, en fjvn. sá sér ekki fært að mæla með hærri upphæð en ég áðan nefndi.

Ég vænti þess fastlega, að hv. deild sjái nauðsyn þessa máls og samþ. þessa till. mína. Í trausti þess sný ég mér að næstu till. minni á þessu sama þskj. (260, XX.) sem er um það, að Sigrúnu Magnúsdóttur sé veittur 2000 kr. styrkur til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. Þessi styrkbeiðni er gamall kunningi. Sigrún sótti um styrk í þessu skyni í fyrra, en fékk synjun. Þrátt fyrir það fór hún til Hafnar og hefir nú stundað þar nám í eitt ár. Sækir hún nú um styrk að nýju með hinum beztu meðmælum kennara sinna. Hefi ég einnig átt tal við Harald Björnsson um þessa stúlku og gefur hann henni sín beztu og eindregnustu meðmæli.

Alþingi hefir ekki ósjaldan veitt leikurum styrk, til þess að frama sig erlendis og kynna sér tilhögun leikhúsa. En það hefir og auk þess beinlínis styrkt fólk til reglulegs leiklistarnáms, t. d. Harald Björnsson og Önnu Borg við sama leikskólann og Sigrún stundar nú nám við. Hygg ég, að meira gagn sé að slíku leiknámi heldur en þegar menn skreppa snöggvast út fyrir pollinn til þess að kynna sér starfsháttu leikhúsa.

Ég vil ennfremur benda á það, að svo að segja allir styrkir, sem veittir hafa verið í þessu skyni, hafa runnið til manna úr Reykjavík, að undanteknum einum, en þess er engu minni þörf að styrkja félög úti um land, sem eigi mjög óhæga aðstöðu í þessu efni. Þessi stúlka mun hverfa heim til Ísafjarðar að afloknu námi og beita kröftum sínum þar, og er þess mikil þörf, því að leikfélagið þar á mjög erfitt uppdráttar. Aðaltill. fer fram á 2000 kr. styrk, en til vara hefi ég sett 1500 kr. og vil vona, að hv. þdm. taki vel þessari málaleitan minni.

Þá á ég brtt. XXII á sama þskj., og er hún þess efnis, að Gunnari Hallgrímssyni verði veittur styrkur til að kynna sér stjórn hljómsveita og fullkomna sig í fiðluleik erlendis. Það má segja, að á þessum manni hafi hvílt það starf að halda uppi hljómsveit og hljómleikum á Ísafirði, enda hefir hann meðmæli þaðan bæði frá söngfélaginu og lúðrasveit Ísafjarðar. Þessi maður hefir numið hjá Páli Ísólfssyni í byrjun, en síðan í Þýzkalandi, og mun honum hafa orðið mikið ágengt í listinni. Hann hefir tvö undanfarin ár sótt um styrk til þingsins, en verið synjað í bæði skiptin, þannig að ég vona, að hv. þdm. vilji sýna honum þá sanngirni að veita honum þennan 2000 kr. styrk, sem ég hefi farið fram á, en til vara hefi ég sett 1500 kr.

Það er nú svo með bæði þessi hjú, að þau hafa hvorug efni á að kosta sig til námsins af eigin rammleik, og bæði eiga þau fátæka aðstandendur, sem enga hjálp geta veitt þeim. Úr því að þingið hefir horfið að því ráði að veita slíka styrki sem þessa, þá álít ég að fénu verði bezt varið á þennan hátt. Það hefir allt of lengi viljað við brenna, að þeir einir hafa fengið áheyrn, sem eru úr Reykjavík, en ef þeir hafa þörf fyrir styrk, þá hafa aðrir það engu að síður, sem eru í öðrum landshlutum.

Ég sé ekki þörf á að fylgja þessum brtt. mínum með fleiri orðum, en vona, að hv. þdm. vilji sýna fulla sanngirni í þessu efni og veiti því þessa styrki.

Sveinn Ólafsson: Ég á tvær brtt. við þennan kafla fjárl., sem nú er til umr., en mun þó ekki fjölyrða mikið um þær, því að það mun hafa litla þýðingu, þar sem svo fáir áheyrendur eru viðstaddir, en þeir hv. þm., sem fjarstaddir eru, geta auðvitað ekki tekið tillit til, hvað sagt er, þegar þeir vita ekki um málin.

Fyrri brtt. mín er undir tölulið XVIII.

á þskj. 260 og er við 15. gr. 7. b. Það er nýr liður, sem gengur út á það, að 1000 kr. verði veittar til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði, en með því skilyrði, að safnið verði starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar. Þessi skilyrði eru hin sömu og á síðasta þingi, en þetta safn á nokkuð sérstæða sögu, og skal ég víkja lítið eitt að henni. Um nokkurra ára skeið hefir það verið svo, að fjárveiting til þessa safns hefir fallið niður, þar til á síðasta þingi, að hún var tekin upp að nýju. En þessi fjárveiting hefir verið felld niður um leið og styrkurinn til annara amtsbókasafna hefir verið hækkaður, eins og t. d. safnanna á Akureyri og Ísafirði. Það virðist þó engin ástæða fyrir því, að þetta safn hefir verið gert að hornreku, því að þegar amtsbókasafnið gamla var afhent Seyðisfjarðarkaupstað, var það gert að skilyrði, að það yrði starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar. Þetta var sameiginlegt safn fyrir Austuramtið, eins og nafnið bendir til, þar sem það heitir bókasafn Austuramtsins, og ætti því að njóta sömu hlunninda og önnur slík söfn.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, því að síðasta þing lagði yfir málið blessun sína, og eins vona ég, að fari nú.

Þá á ég aðra brtt. á þskj. 260, við 22. gr., og er það nýr liður, sem gengur út á það, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir allt að 100 þús. kr. láni fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en ¾ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps og skal forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi samþykktir af ríkisstjórninni.

Þessi málaleitun frá samvinnufélaginu hefir legið fyrir hv. fjvn., en mér er ekki kunnugt um, hvernig hún leit á málið, en þar sem hún hefir ekki borið þetta fram, leyfði ég mér að gera það.

Þetta félag er stofnað eftir síðasta nýár og eru í því 52 menn. Er aðaltilgangur þess að koma upp traustum skipum, og er það ekki lítið áríðandi, þar sem útvegur er aðalatvinnuvegurinn þarna eystra. Til þessa tíma hafa þarna verið notaðir úreltir vélbátar, sem flestir eru orðnir gamlir, en sjósókn hinsvegar lengri nú en áður. Um félagsmenn er það að segja, að nokkrir þeirra eru sæmilega efnum búnir, en hafa gengið í félagið til þess að styrkja það. En yfirleitt eru þessir menn efnalitlir, svo að þeir geta ekki á eigin spýtur styrkt útveginn, en þeir efnaðri hafa því hlaupið undir bagga til að styrkja félagsskapinn. Fyrirætlun félagsins er sú, að kaupa 4 vandaða og góða vélbáta, en þetta fé, sem ég fer fram á að ríkið gangi í ábyrgð fyrir, á því aðeins að veitast, að þessi ¼ hluti, sem félagsmenn leggja fram, sé fyrir hendi, en það tel ég tryggt með aðstoð efnamannanna. Til frekara öryggis er svo bakábyrgð Eskifjarðarhrepps, og er sú ábyrgð fengin og liggur hér fyrir skriflega frá hreppsnefndinni. Við þetta bætist svo sjálfsskuldarábyrgð félagsmanna, og get ég fullvissað hv. þdm. um, að hún ein ætti að vera nægileg trygging, að því er snertir efnamennina, því að mér er persónulega kunnugt um getu þeirra. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál, en vil þó benda á það, að ríkið hefir tekið á sig öllu stærri ábyrgð en þetta, sem þó var samskonar, en þar á ég við ábyrgðina fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga. Að því leyti er hér líkt ástatt og þar, að útvegur er eina atvinnugreinin, sem þarna getur þrifizt, því að landbúnaður og iðnaður er þar sama og enginn og verzlun mjög lítil. Ennfremur vil ég benda hv. þdm. á það, að hér eru fyrir hendi stofnlög félagsins ásamt umsögn hreppsnefndarinnar og þeim skilyrðum, sem hún hefir sett fyrir ábyrgðinni, og ættu þeir þá að geta séð, að þessi ábyrgð sé nokkurnveginn trygg.

Ég ætla svo ekki að tala frekar um þetta mál né fjárlögin að þessu sinni, en vil aðeins taka það fram, að hér liggja fyrir ýmsar brtt., sem ég á erfitt með að skilja, einkanlega þar sem ég álít, að í þetta sinn eigi menn að vera sérstaklega varkárir við afgreiðslu fjárlaganna.

Lárus Helgason: Það er að vísu til lítils að standa upp til að mæla með till. sínum, þar sem svo fáir hv. þdm. eru við-

staddir, en til þess að halda venjunni mun ég þó gera það að þessu sinni.

Ég á hér tvær brtt. við þennan kafla fjárl. Sú, sem ég ætla fyrst að víkja að, er á þskj. 260, XV. brtt., og miðar hún að því, að 1500 kr. styrkur verði veittur til að halda uppi húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal. Það hefir verið svo nokkur undanfarin ár, að þarna hefir farið fram ungmennafræðsla, sem orðið hefir að miklu gagni, og héraðsbúum myndu það vonbrigði mikil, ef hún yrði nú felld niður. Ég hefi hinsvegar ekki farið fram á hærri upphæð en þessa, af því að ég veit, að ríkissjóður hefir í mörg horn að líta, en styrkurinn þyrfti raunar að vera meiri, ef þetta ætti að geta komið að fullum notum, en úr því að ekki er farið fram á hærri upphæð, þætti mér það harla óeðlilegt, ef þetta væri fellt. Það er nú svo ástatt á Suðurlandi, að engin slík kennsla fer fram frá Hornafirði til Reykjavíkur, önnur en þessi, og það er ekki lítill munur á því, hvort ungar stúlkur verða að fara út úr héraðinu, til Reykjavíkur, og gefa með sér ærið fé, eða að þær geti fengið fræðslu innanhéraðs og sparað þannig ferðakostnað og uppihald að mestu. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessa till. frekar, en vona, að hún nái samþykki hv. deildar.

Þá á ég XXVII. brtt. á sama þskj., og gengur hún út á það, að veittar verði 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi. Eins og hv. þdm. mun kunnugt frá því í fyrra, var hafin þarna starfsemi til að sporna við meiri skemmdum en orðið hafa þarna af sandfoki, en það hefir gengið svo, að til þessa tíma hefir fjöldi bæja farið í auðn sökum þess. Í fyrra var svo hafizt handa, og það, sem gert hefir verið til að afstýra þessu böli, hefir þegar borið mikinn árangur. Tilætlunin er sú, að fyrir þessa upphæð verði unnið á næstkomandi vori, og þetta er byrjun, sem ekki má hætta, sökum þess að þá eyðileggst það verk með öllu, sem þegar er unnið. Pálmi Einarsson ráðunautur hefir rannsakað þetta mál og gert áætlanir viðvíkjandi verkinu, en það skjal, sem álit hans sýnir, lá fyrir hv. fjvn. í fyrra, en er hinsvegar svo langt, að ég býst ekki við, að hv. þdm. fýsi að heyra það, enda hefi ég það ekki við hendina. Ég verð að segja það, að ég álít ekkert nauðsynlegra en að bjarga þessari sveit, sem hefir orðið fyrir þessari eyðileggingu, en ekkert hefir verið látið í té af ríkinu. Mér finnst það því eðlilegt, að þessi upphæð megi haldast í fjárl., og það svo eðlilegt, að ég fæ ekki skilið annað en að hv. þdm. láti hana standa þar áfram. Ég vil leggja áherzlu á það, að þessi styrkveiting er hreinasta lífsnauðsyn, ef sveitin á ekki að leggjast í auðn, en þær framkvæmdir, sem unnar eru, miða að því að koma í veg fyrir allar þær verstu skemmdir, sem orðið hafa og vofa yfir, ef ekki verður að gert.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, þar sem svo fáir eru nú viðstaddir, en mun ef til vill ræða þessar brtt. nánar síðar, ef mér gefst tilefni til þess.

Magnús Guðmundsson: Ég held ég megi til með að leysa forseta úr vanda og taka til máls nú þegar, þar sem enginn hv. þdm. kveður sér hljóðs, en í þetta sinn mun ég í mesta lagi tala eina eða tvær mínútur. Ég á hér brtt. á þskj. 260, við 15. gr., í þá átt, að Guðmundi Friðjónssyni skáldi verði veittar 1500 kr. til utanfarar. Eins og sést á því, hvernig brtt. þessi er orðuð, hefir samþykkt hennar ekki aukin útgjöld í för með sér, því að hér er aðeins ráðstafað á þennan ákveðna hátt nokkrum hluta þess fjár, sem hvort sem er á að fara til utanferða. Það er svo um þetta skáld, sem er nú okkar bezta skáld, að hann hefir aldrei farið utan, en langar til þess, eins og við er að búast. Meðan ekki koma andmæli fram, sé ég ekki ástæðu til að segja fleiri orð um þessa till.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get reyndar tekið til máls, ef forseti óskar þess, að umr. sé haldið áfram nokkra hríð. En ég verð nú að byrja á því að fá mér vatn að drekka; vona ég, að hæstv. forseti misvirði það ekki við mig. Ég hefði óskað þess, að a. m. k. nokkur hluti hv. fjvn. væri hér viðstaddur til þess að heyra á mál mitt. Ég á hér brtt. á þskj. 260, XVI., sem ég vil nú gera grein fyrir með nokkrum orðum. (**HK:** Ekkert liggur á; við skulum fara rólega).

Fyrri liður brtt. minnar er þess eðlis, að ég hefði óskað, að a. m. k. hv. frsm. fjvn. væri til staðar, til þess að heyra þau rök, er ég vil flytja fram til stuðnings þeim lið. Hinsvegar er um b-lið till. að segja, að þar er farið fram á 1200 kr. styrkveitingu til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms í blindraskóla í Kaupmannahöfn. Þessari stúlku var í fjárlögum 1928 veittur styrkur til þess að læra blindraiðn í Kaupmannahöfn. Var það flutt af hæstv. stj. og að hennar undirlagi tekið upp í fjárl. það ár. Þessi stúlka er nú 29 ára að aldri og hefir verið blind frá fæðingu. Hefir hún engrar kennslu notið, er komið geti henni að praktiskum notum, enda er enginn slíkur skóli hér á landi. Þess vegna var þess brýn þörf að útvega henni aðgang að heimili fyrir blindar konur, en slíkt heimili er í Kaupmannahöfn, og þar hefir hún dvalið síðan í sept. 1928, eða alls um 18 mánuði. Nú hefir forstöðukona heimilisins nýlega skrifað bróður þessarar stúlku og skýrt frá því, að nú væri hún byrjuð að kenna þessari stúlku á prjónavél, en það verk álítur hún, að sé heppilegast að láta hana læra. En hún verður ekki fullnuma í því fyrr en í lok þessa árs. Nú er högum þessarar stúlku þann veg háttað, að með öllu er óhugsandi, að hún geti af eigin rammleik staðið straum af slíku námi. Hún er efnalaus með öllu; á enga ættingja, sem eru þess megnugir að leggja nokkuð af mörkum, svo að einhlítt sé. Það er þess vegna ekki um nema tvennt að ræða fyrir hana: Að hætta þessu námi í miðjum klíðum, eða þá að fá tilstyrk til þess af hálfu hins opinbera, úr bæjarsjóði eða úr ríkissjóði. Á heimili því, sem hún dvelur nú á, þarf hún að greiða 100 ísl. kr. á mánuði, og nú sem stendur á hún ógreiddar um 300 kr., sem henni ber að greiða á þessu ári og innan skamms. Ef hún fær þessar 1200 kr., sem hér er farið fram á, þá mun láta nærri, að hún geti lokið þessu námi. Tel ég tæplega vansalaust af Alþingi að svipta nú þessa stúlku öllum styrk, eftir að hafa byrjað að styrkja hana. Þá er verr farið en heima setið. Ég skal í þessu sambandi benda á það, að hv. fjvn. mun hafa litið svo á, að styrkur til kennslu blindra barna gæti innifalið slíka fjárveiting sem hér er farið fram á. Þetta er þó alls ekki rétt, sem meðal annars sést á því, að stj. tók þessa stúlku upp í fjárl. sérstaklega, í stað þess að auka fjárveitinguna til kennslu blindra barna sem því næmi. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till., enda er svo fámennt í deildinni, að varla er fundarfært. Þó skal ég geta þess, að faðir þessarar stúlku er bláfátækur, heilsuveill og ekki þess umkominn að styrkja hana neitt. Sama er að segja um bræður hennar; tveir þeirra eru ungir, en tveir uppkomnir, kvæntir og bláfátækir. Um styrk getur því alls ekki verið að ræða úr þessari átt. Læt ég svo ekki fleiri orð fylgja þessari till. minni að svo stöddu.

Ég vil annars benda hæstv. forseta á, að nú eru einungis tveir þm. í deildinni auk okkar, og mér finnst satt að segja hálfómurlegt að tala yfir auðum stólunum. Ég á eftir að tala langt mál, en kæri mig alls ekki um það, ef engir hv. þm. eru til þess að hlusta á mál mitt. Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að fresta umr. að þessu sinni. Ég sé, að hæstv. forseti ætlar að svara mér, svo að ég læt því máli mínu lokið að svo stöddu.

Forseti (JörB): Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að ærið fámennt er í deildinni, svo að varla má heyja fund fyrir þær sakir. En hvorki er það, að nú sé orðið svo áliðið nætur, né að hv. þdm. hafi ekki vitað það, að fundur átti að standa nokkuð fram eftir í þetta sinn. Ég vil því reyna að hringja, til þess að vita, hvort þeir koma ekki í leitirnar. (Hringir).

Með því að sýnt er, að lítt muni úr rætast um fundarsókn hv. þdm., þá vil ég bera það undir deildina, hvort halda skuli fundi áfram eða ekki. Ég mun viðhafa nafnakall, til þess að það komi í ljós og verði bókað, hverjir eru viðstaddir og hverjir ekki. Vil ég biðja þá hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Skagf. að gegna skrifarastörfum. — Klukkan er nú að vísu þrjú kortér yfir tíu, en því var lýst yfir í dag, að fundur mundi a. m. k. standa til kl. 12 á miðnætti. Ég veit ekki, hversu hv. þdm. líta á þessi vinnubrögð; þeim er það vitanlega í sjálfsvald sett, til hve

mikils hróðurs þeir telja slíka ástundan um störf þingsins.

ATKVGR.

Fellt að halda áfram fundi með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu **já:** SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, EJ, JörB.
nei: SÁÓ, ÁÁ, HK, JS, LH, MG.

Sextán þm. (BSv, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, MJ, MT, ÓTh, PO, SE) fjarstaddir.

Forseti (JörB): Ég skal geta þess, að þrír þeirra hv. þm., sem fjarverandi eru, hafa leyfi, þeir hv. þm. N.-Þ., hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Reykv.

Umr. verður frestað sakir þeirra manna, sem eru forfallaðir, en hafa till. að mæla fyrir; ella myndi umr. slitið.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 245 og 261, 229, 260, 269, 270).

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi hér eina brtt. á þskj. 269, IV., um heimild fyrir stj. að ábyrgjast fyrir Súðavíkurhrepp lán til byggingar rafmagnsstöðvar, að upphæð allt að 60 þús. kr. Ég hefi enn ekki fengið öll þau skjöl, sem þessu máli tilheyra, frá rafmagnsstjóra Reykjavíkur, sem hefir haft þetta mál til athugunar. Og þar sem fjvn. hefir ekki haft þessi skjöl til athugunar, tek ég þessa till. aftur til 3. umr., svo að hv. n. geti athugað skjöl málsins milli umræðna.

Þá er hér ein brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Ísaf. Er það brtt. XX. á þskj. 260. Hún er um styrk til Sigrúnar Magnúsdóttur frá Ísafirði til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Khöfn.

Ég veit, að hv. aðalflm. hefir mælt með þessari till. Ég vil undirstrika það, að þessi stúlka er alveg sérstaklega vel fallin til þessa náms og hefir óvenju fjölbreytta leiklistarhæfileika. Þar sem svo stendur á, vildi ég mjög óska þess, að hv. þdm. gætu veitt henni hinn umbeðna styrk. Faðir hennar hefir stóran barnahóp. Hann er fátækur maður og hefir hleypt sér í skuldir til að standa straum af námi hennar. Það er ekki vafi, að hún margborgar þetta þegar hún kemur heim að afloknu námi, því hún er sérstaklega efnileg og áhugasöm. Ég er þess fullviss, að hún verður ein af okkar beztu leikkonum, ef hún getur lokið námi sínu.

Þótt ég hafi ekki þótt þægur til fjárveitingar þjóðleikhússins, vil ég þó sjá um, að þar verði sæmilegir starfskraftar fyrir hendi, fyrst það einu sinni hefir verið ákveðið að koma upp þjóðleikhúsi. Því aðeins, að séð sé fyrir góðum starfskröftum, getum við haft gagn og menntun af starfsemi leikhússins.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil fyrst beina þeirri spurningu til hæstv. forseta (JörB), hvort hann líti ekki svo á, að þetta sé frh. af ræðu minni í gær, svo það teljist ekki 2 ræður. **(Forseti:** Mér finnst það sanngjarnt). Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir þetta.

Þegar fundi lauk í gærkvöldi, hafði ég aðeins mælt með annari brtt. minni á þskj. 260. Hér er önnur brtt., sem er brtt. XXXII. á þskj. 260, við 16. gr.

Ég býst við, að margir hv. þm. skilji ekki, hvað liggur á bak við þessa fjárbeiðni, og verð ég því að gera nokkra grein fyrir því. Það er Sjómannafélag Reykjavíkur, sem stendur að baki þessari till., en það er, eins og flestir vita, stærsta verkamannafélagið hér á landi. Að flestra dómi eru sjómenn einhver sú þarfasta og ötulasta stétt, sem þetta land byggir. Meðlimirnir í Sjómannafélagi Reykjavíkur eru um 1200 manns, og auk þess um 300 aukafélagar. Þessi félagsskapur stendur á bak við þessa beiðni, sem hér er borin fram.

Þá vil ég geta þess, að á þessari saltfisksvertíð eru á 27 togurum héðan úr Reykjavík og 15 línuveiðabátum lögskráðir 1094 menn. Af þeim eru 402 utan Reykjavíkur. Þessir menn eru komnir hingað til þess að reka atvinnu á skipum héðan. Þessir menn eiga hér ekkert heimili og eru því eins og útlendingar, sem hingað koma. Auk þess vil ég benda á það, að verzlunarskipin hafa um 100 manns, og eins og kunnugt er eiga margir þeirra heima utan Reykjavíkur. Það er því full nauðsyn þess fyrir sjómenn, bæði þá, sem eru á stórum skipum og mótorbátum o. fl., að hafa verstofu, þar

sem þeir eiga kost á að koma inn á vistlegan stað, þar sem þeir geta lesið blöð og bækur, skrifað bréf og skrafað saman. Ég hefi orðið var við töluverða vöntun á þessu í svo stórum bæ sem Reykjavík nú er. Þetta er því menningarmál.

Það er svo um mörg ungmenni, sem hingað koma til að leita sér atvinnu, að þau þekkja fáa. En á meðan þau eru að bíða hér eftir atvinnu, eru ýmsar tálsnörur, sem lokka þá til að gera ýmislegt það, er aflaga fer. Má þar t. d. nefna nautn áfengra drykkja. Stofnun sem þessi er tilraun til þess að menn geti forðast slíkar tálsnörur.

Ég gæti í sambandi við þetta bent á ýmsar slíkar stofnanir í öðrum löndum og starfsemi þeirra. Þá hafa ýms trúfélög eða borgaraleg félög komið upp góðum heimilum fyrir sjómenn. Ég álít, að þessu yrði líka gaumur gefinn hér hjá okkur. Sjómenn, sem eru hér að hrekjast, myndu fegnir leita sér þar hvíldar, og má þess vegna góðs af henni vænta. Þessi stofnun mundi einnig verða notuð af erlendum sjómönnum. Sjómannafélag Reykjavíkur lítur því svo á, að með þessari stofu sé stigið stórt spor í menningarátt. Þessi stofa yrði náttúrlega einhversstaðar nálægt höfninni hér í Reykjavík. Jafnvel þessi fjárupphæð er ekki nema lítill hluti af kostnaðinum, en við mundum geta aflað þess fjár, sem á vantar, ef við fengjum þetta.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þennan lið og víkja að ráðningarstarfseminni. Ég verð að segja, að hún er út af fyrir sig ærið verkefni fyrir okkur. Eins og kunnugt er, hafa augu manna um alllangan tíma verið opin fyrir því, að nauðsynlegt væri að koma hér upp einhverskonar ráðningarstarfsemi. Árið 1906 hóf Búnaðarfélagið slíka starfsemi, sem átti að ná til verkafólks úti um land allt. Mér hefir verið sagt, að þessu hafi verið haldið uppi á annað ár. Ég þykist vita, að kostnaður við það hafi, að minnsta kosti óbeinlínis, verið lagður fram af hálfu ríkisins. En mér er ekki kunnugt, af hverju þessi starfsemi lagðist niður. — 1917 var hafin dýrtíðarvinna að vetrarlagi, en um vorið heldur ríkið uppi ráðningarstarfsemi í maí og júní, og maður, sem hafði hana með höndum, hefir skýrt mér frá, að menn hafi mjög notað hana í atvinnuleit. Síðan hafa tilraunir í þessa átt verið gerðar af hálfu einstakra manna, en vegna ýmissa ágalla, sem ég hirði ekki að nefna, hafa menn fælzt frá að nota sér þær.

Ég get sagt það út frá þeirri reynslu, sem Sjómannafélagið hefir í þessu efni, að útgerðarmenn leita ákaflega oft til okkar, þegar fer að líða á sumarið, um verkafólk. En við höfum engin tök á að hafa skrár yfir atvinnulausa menn, og því veitist okkur erfitt að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar. Hinsvegar gerum við það, sem í okkar valdi stendur til þess að útvega atvinnulausum mönnum eitthvað að gera. En sú starfsemi er bæði tímafrek og fjárfrek. Ég hefi oft átt tal um þetta við ýmsa útgerðarmenn, og þeir hafa verið mér fyllilega sammála. Ef hér væri fullkomin ráðningarskrifstofa, væri hægt að dreifa vinnukraftinum um land allt á þann hátt, sem heppilegast væri fyrir atvinnureksturinn og verkafólkið. Nú fer t. d. helmingi fleira fólk til Siglufjarðar en þar þarf á að halda, og aftur á móti vantar fólk tilfinnanlega annarsstaðar á landinu.

Ég verð að minnast ofurlítið á tilhögun þessarar ráðningarskrifstofu, eins og ég hugsa mér hana. Upphaflega tóku verklýðsfélögin þetta að sér, en þjóðirnar sáu brátt, að nauðsyn var á meiru. Á þingi atvinnurekenda og sjómanna, sem haldið var í Genua 1920, varð það að alþjóðasamþykkt, að öll ríkin kæmu upp hjá sér ráðningarskrifstofu. Þetta hefir nú dregizt hjá ýmsum þeirra, en t. d. í Danmörku var borið fram frv. árið 1906 í þessa átt, sem þá dagaði uppi. Nú hefir enn verið borið fram slíkt frv., og er talið víst, að það verði samþ. Ég er nú ekki að fara fram á neitt slíkt, heldur aðeins, að Sjómannafélaginu verði veittur ofurlítill stuðningur í þessu máli. Það er hugboð mitt, að reynslan sýni, að ekki verði til ónýtis unnið að bæta skipulagið í þessu efni. Ég vænti þess, að menn athugi vel, hvað hér er á ferðinni. Hér er ekki farið fram á annað en það, sem miðar þjóðfélaginu til heilla.

Aðrar brtt., sem fyrir liggja, ætla ég ekki að gera að umtalsefni. Ég er því ekki vanur. Ég mun kjósa að taka aftur

til máls, ef eitthvað kemur fram í umr., sem gefur mér tilefni til þess.

Jón Sigurðsson: Ég á till. á þskj. 260, sem ég tel mér skylt að gera grein fyrir, af því að þar er um allmikið nýmæli að ræða. Till. mín er þess efnis, að styrkur verði veittur til raforkuveitu um Skagafjörð, fyrsta greiðsla af þremur, að upphæð 75000 kr.

Ég verð að minnast á aðdraganda þessa máls. Það er langt síðan þetta kom fyrst til máls. Árið 1920 var fyrst farið að rannsaka aðstöðu til rafvirkjunar og fenginn til þess Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur. Árið 1928 var Bjarni Runólfsson fenginn til þess að athuga þetta mál. Niðurstaða rannsóknanna varð sú, að héraðið sé sérstaklega illa fallið til sérvirkjunar. Aftur telja sérfræðingarnir, að héraðið hafi nægilegt afl til eigin þarfa í hinum stærri fallvötnum og að einn fossinn, Reykjafoss í Svartá, geti fullnægt raforkuþörf héraðsins. Héraðsmenn hafa þess vegna beitt sér fyrir því, að þessi foss væri rannsakaður, og að því hefir verið unnið. Steingrímur Jónsson og Geir Zoëga hafa síðan verið að vinna úr mælingunum og gera áætlanir. Heima í héraði er mikill áhugi fyrir þessu máli. 30. nóv. síðastl. var haldinn fulltrúafundur til að ræða þetta mál og annað mál, þar sem 40—50 fulltrúar úr 10 hreppum komu saman. Þar var samþ. í e. hlj. að vinna áfram að rannsóknum þessa máls og 11 manna rafveitunefnd var kosin til að undirbúa málið heima fyrir og leitast fyrir um styrk af hálfu þess opinbera. Fyrir þessum fundi lágu aðeins mjög lauslegar bráðabirgðaáætlanir. Síðan hefir undirbúningnum verið haldið áfram og í janúar sendi Steingrímur Jónsson áætlanir sínar norður. 24. febr. var svo nefndin kölluð saman. Ákvað hún að hallast að einu uppkastinu; tillögurnar voru sem sé á ýmsan hátt, eftir því, hvað stórt fyrirtækið væri hugsað. Að lokum skrifaði nefndin okkur þm. kjördæmisins og óskaði eftir, að við flyttum þetta mál hér á Alþingi. Fyrirhugað er, að virkjunin nái til 124 bæja, auk Sauðárkróks, eða alls 1700 manna. Rafveitan tekur að meira eða minna yfir 7 hreppa, og orkuverið með öllu tilheyrandi, 900 hestöfl, er áætlað að kosti

	290	þús. kr.
Háspennulína 109 km.	272	— —
Spennustöðvar 71	127	— —
Lágspennulína 60 km.	120	— —
Mannvirkið alls	809	þús. kr.

Steingrímur Jónsson hefir látið þess getið, að til þess að fyrirtækið verði fjárhagslega vel tryggt, þurfi að fást styrkur, sem nemi a. m. k. helmingi af því, sem leiðslurnar kosta, eða því sem næst. Við höfum farið fram á 225 þús. kr., sem skiptast niður á 3 ár, en það er sem næst 42% af leiðslukostnaðinum. Héraðsbúar hafa lofað að leggja fram um 90 þús. kr., sem alls ekki kæmi fyrirtækinu til endurgreiðslu. Eftir verða 500 þús. kr., sem Steingrímur Jónsson telur, að héraðsbúar geti staðið straum af með hæfilegu rafmagnsverði. En verðið hefir hann áætlað:

500 W.	200	kr. á ári.
1000 —	250	— - —
1500 —	300	— - —
2000 —	350	— - —
4000 —	550	— - —

Hann telur, að fyrir meðalheimili mundi rafmagnið kosta til ljóss, suðu, vinnu og nokkurrar hitunar 300—350 kr. á ári.

Ég skal geta þess, að rafmagnsnefnd í Skagafirðinum hefir ekki heldur legið á liði sínu. Það hafa verið haldnir fundir í öllum hreppum á þessu svæði og alstaðar verið einróma samþ. að taka þátt í rafveitunni. Og pantanir liggja fyrir, sem nema um 600 hestöflum. N. hefir safnað skýrslum um fjárframlög frá bændum og kaupstaðarbúum með þeim árangri, að lofað hefir verið, eins og áður er sagt, að leggja fram 90 þús. kr., sem er vinna við flutning á efni, niðursetning á staurum o. fl. Þetta út af fyrir sig ætti að vera hv. þdm. ljóst vitni þess, að almennur vilji og áhugi héraðsbúa stendur á bak við. Ég skal líka geta þess, að það, sem ræður afstöðu héraðsbúa, er fyrst og fremst þörf sveitanna fyrir rafmagn. Og að þeir vilja fara þessa leið, byggist aðallega á því, að þar eru engin skilyrði til sérvirkjunar. Þetta er

þeirra einasta leið. Sauðárkrókur notast nú við mótor, sem er að verða ónýtur, og er ekki annað sýnna en að Sauðárkróksbúar verði að verja miklu fé til mótorkaupa, ef rafveitan kemst ekki í framkvæmd á næstunni. Rafmagnið á Sauðárkróki er óhemju dýrt, að meðaltali kr. 1,32 pr. kw. Það hefir komið til orða að virkja litla á fyrir kaupstaðinn, þó að öllum sé vitanlegt, að það verði alveg ófullnægjandi. Það gæti dugað þeim í nokkur ár, en kæmi að litlu gagni i framtíðinni. Hins vegar vita Skagfirðingar, að ef þeir verða vegna skilningsleysis Alþingis á þessu máli hindraðir frá að koma sér upp héraðsrafveitu á næstu árum, þá skerast Sauðárkróksbúar úr leik.

Ég get enn bent á eitt atriði. Á Hólum í Hjaltadal er búnaðarskóli, sem ríkið hefir gert mjög myndarlega úr garði, en þar eru mikil vandkvæði á að fá rafmagn. Skólastjórinn hefir látið rannsaka þetta og komizt að því, að stöðin mundi kosta 50—60 þús. kr. En eins og menn sjá, er lítt hugsanlegt fyrir eitt heimili að ráðast í slíkan kostnað. Ég býst við, að flestir séu mér þó sammála um, að á þeim tímum, sem við lifum nú, verði að gera þá kröfu til góðs búnaðarskóla, að hann hafi rafmagn, meðal annars til þess að hann geti kennt bændaefnum, hvernig eigi að nota það, svo að þeir geti orðið leiðbeinendur í því efni sem öðru síðar meir.

Eins og ég hefi áður drepið á, þá hafa verið reistar í sveitum hér á landi aðeins smáar einkastöðvar fyrir 1—2 heimili. Slíkar stöðvar kannast flestir við af afspurn eða eigin reynslu. Og mönnum er það kunnugt, hvernig heimilin svo að segja umskapast, eftir að þau hafa fengið rafmagnið. Ég veit, að sveitamenn þekkja yfirleitt þá örðugleika, sem stafa af verkafólkseklunni, áburðarskortinum, kuldanum og myrkrinu á vetrum o. fl. Úr þessum annmörkum bætir rafmagnið stórkostlega, enda hefir það greinilega komið í ljós, þar sem slíkar stöðvar eru komnar upp í sveitunum.

Nú vilja Skagfirðingar með einu sameiginlegu átaki gera tilraun til að lyfta því „Grettistaki", að flest heimili í héraðinu geti fengið rafmagn, til þess að fullnægja þeirri þörf, sem ég áður lýsti. — Hér er um framtíðarfyrirtæki að ræða, og sú reynsla, sem af því hlytist, gæti komið öðrum héruðum að góðu liði. Af því mætti a. m. k. mikið læra og komast að raun um, hvort önnur héruð ættu að feta í þessi fótspor, eða ekki. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra þingmanna að fá þessa dýrmætu reynslu sem fyrst, og ég get ekki séð, hvers vegna það ætti að dragast. Ég vænti því, að allir þeir, sem unna sveitunum velgengni og umbóta, styðji þá viðleitni, sem til er stefnt með þessari brtt.

Ég tel það sjálfsagt, að ef sett verða lög um rafveitur í sveitum, þá verði þar tilgreind ákveðin skilyrði um fjárframlög o. fl. til þeirra, og þá hljóta þau eins að ná til þeirrar rafveitu, sem ráðgerð er í Skagafirði samkv. þessum till. okkar. Og þó að byrjað verði á framkvæmdum þar áður en slík lög væru sett, þá þarf það ekki að skapa fordæmi um styrkframlög eða annað.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta, þar sem svo fáir þm. eru nú viðstaddir í deildinni.

Ég vil þó í þessu sambandi geta þess, að við þm. Skagf., samkv. áskorunum frá héraðsbúum, berum fram þá ósk, að Alþingi heimili stj. að veita ríkisábyrgð á 500 þús. kr. láni til þessara rafveituframkvæmda; en það er samkv. áætlun mismunur kostnaðarins við fyrirtækið, þegar frá er dreginn væntanlegur styrkur úr ríkissjóði og framlög héraðsbúa í Skagafirði. Það er hugsanlegt, að ef samið yrði við erlend firmu eða félög um að framkvæma þetta verk, þá fengjust þau einnig til að veita þetta lán til fyrirtækisins, en þó er varla hægt að búast við því, nema ríkisábyrgð sé á bak við; enda eru fordæmi fyrir því, að slíkar ábyrgðarheimildir hafa verið veittar umtalslítið á undanförnum þingum.

Jón Ólafsson: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 260, ásamt hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf. Fyrsta brtt. (XII.) er við 14. gr. B. III. b. 11, um að skólastjórnarkostnaður við menntaskólann verði felldur niður, og 2. liður brtt. er við sömu gr. B. IV. b. 2, um skólastjórnarkostnað við Akureyrarskólann. Leggjum

við sömuleiðis til að sá liður verði felldur niður. Að vísu hafa áður verið veittar 2000 kr. til kostnaðar við skólastjórn menntaskólans; var ég því þá fylgjandi og áleit, að það kæmi til af því, að rektorsembættið var óveitt undanfarin 2 ár og að af því myndi stafa þessi aukakostnaður. En í frumvörpum um þessa skóla, sem nú liggja fyrir þinginu, er þetta framlag til kostnaðar við skólastjórnina talið að vera fyrir eftirlit með heimavistum og til risnu. Það eru einmitt þessi ákvæði í frumvörpunum um skólana, sem hafa komið mér til þess að bera þessar till. fram. Mér sýnist, að hér sé lagt inn á nýja og hála braut, með því að ákveða skólastjórum þessara skóla risnufé. Ef það þykir nauðsynlegt við kaupstaðaskólana, þar sem skólastjórar verða fyrir litlum átroðningi, þá tel ég sjálfsagt, að flestir aðrir skólar hefðu fyllri þörf og jafnan rétt til slíkra hlunninda, t. d. héraðsskólar, sem eru þannig settir, að skólastjórarnir eru algerlega einir um að veita gestum móttöku, sem að garði bera.

Ef byrjað er á þessu við menntaskólana, þá er það álit mitt, að þetta geti orðið svo víðtækt, að varhugavert sé að ganga inn á þessa leið.

Það kann að vera, að skólameistarar við menntaskólana hafi of lág laun; um það vil ég ekkert fullyrða. En sennilega eru þau miðuð við laun annara embættismanna ríkisins. Sé þörf á því að hækka launin, þá ætti sú hækkun að koma fram í annari mynd en þessari, sem bent er á í frv. Það er ekki nema sjálfsagt, að aðrir embættismenn við þær stofnanir, sem ríkið styrkir eða kostar, komi á eftir og krefjist þess að fá samskonar risnufé, og það yrði að teljast réttmætt. Ég get t. d. nefnt fræðslumálastjóra, sem að sjálfsögðu hefir allmikinn átroðning, og skólastjóra við héraðsskólana, sem hljóta að halda uppi risnu þar, án þess að þeirra laun séu eins rífleg og áðurnefndra skólameistara, hvað þá meiri. Mér virðist það augljóst, eins og hv. þdm. hljóta að sjá, að hér er farið inn á nýjar og óheppilegar leiðir til þessara opinberu starfsmanna, og að það getur dregið mikinn dilk á eftir sér.

Þá kem ég að XVII. brtt. á þskj. 260, við 14. gr. B. XX., til íþróttakennslu, þar sem við leggjum til, að liðurinn falli niður. Undanfarið hefir þessi upphæð staðið í fjárl. vegna Björns Jakobssonar leikfimiskennara, og hafa honum verið greidd launin til þess að kenna íþróttir. Var það gert að maklegleikum, því að hann er viðurkenndur sem bezti fimleikakennari hér á landi. En nú hefi ég heyrt sagt, að hann hafi ekki notið þessa styrks síðastl. ár og að enginn annar íþróttakennari sé nú líklegur til þess að njóta þessa fjárframlags til íþróttakennslu. Þess vegna er engin þörf á að veita þessa upphæð, og leggjum við því til, að liðurinn verði felldur niður. En ef það ber bráðan að aftur um þessa kennslu og kostur er á góðum kennara, þá bendir reynsla síðastl. tveggja ára til þess, að stj. muni ekki verða skotaskuld úr því að skjóta einhverjum nýjum starfsmanni að þessari jötu. Slíkar upphæðir á ekki að veita í fjárl. út í bláinn, þegar engar óskir eða sérstök áform liggja fyrir.

Ef þessar brtt. okkar verða báðar samþ., þá sparast 8000 kr. fyrir ríkissjóð, svo að ég þykist nú hafa gert nokkuð hreint fyrir mínum dyrum, þó að ég beri fram brtt. til útgjalda, XXXI. á þskj. 260, við 16. gr. 27, til kvenfélagasambands Íslands kr. 10 þús. Ég geri ráð fyrir, að það sé, ef til vill, fáum þdm. kunnugt, að þetta samband er nýlega stofnað, eða í síðastl. janúarmán., og að þeir hafi ekki getað kynnt sér stefnuskrá þess; og það hefi ég heldur ekki gert til hlítar. En að því leyti, sem ég þekki til þessa, þá virðist mér, að þetta sé eina lausnin á því, sem nú er að koma í ljós, að kvenfélögin hér á landi hafi sameiginlega miðstjórn fyrir sínum málum. Stefnuskrá og starfssvið þessa félagsskapar er víðtækt, einkum fyrir framtíðina. Sum verkefnin eru á byrjunarstigi og ekki þess eðlis, að þau verði framkvæmd á fáum árum, t. d. að efla húsmæðrafræðsluna í landinu og að auka heimilisiðnaðinn.

Þetta eru vitanlega, eða ættu að vera, sameiginleg áhugamál allra landsmanna, og þarf því engum að blandast hugur um, hversu mikil þörf er á slíkum félagsskap með heildarskipulagi, þar sem unnið er með ráðdeild og festu. En það verður

því aðeins gert, að hinar smærri kvenfélagadeildir í einstökum héruðum starfi undir sameiginlegri aðalstjórn og í samræmi við hana.

Skipulag þessa kvenfélagasambands verður, eftir því sem það er hugsað, líkt og í Búnaðarfél. Íslands, með einni aðalstjórn og undirdeildum, sem vinna úti um land, eins og búnaðarfélögin í hreppunum. Ég hygg, að ég þurfi ekki að mæla meira með þessum lið, en vona, að hann verði talinn sjálfsagður, enda hefi ég heyrt það á ýmsum þdm., að þeir væru þessu hlynntir, og býst ég ekki við, að ég breyti hugum manna með þessari ræðu minni.

Í sambandi við þessa brtt. höfum við lagt til, að þeir smærri liðir, sem nú eru í fjárl. til smærri kvenfélagasambanda, verði felldir niður. Þessir smástyrkir eru til Sambands norðlenzkra kvenna, Sambands austfirzkra kvenna og Bandalags kvenna í Reykjavík. Það er að vísu ekki stórt atriði fyrir mér, hvort þessir styrkir verða felldir úr fjárl. Þeir eru ekki svo stórir, að ég geri það að kappsmáli. En ég verð að taka það fram, að till. mín um, að styrkurinn til Bandalags kvenna verði felldur niður, stafar af þekkingarleysi mínu. Ég hélt að sá félagsskapur væri víðtækari en hann er; síðar hefi ég frétt, að hann gæti ekki fallið saman við kvenfélagasamband Íslands, og af þeirri ástæðu tek ég hér með aftur 4. lið brtt. minnar, um að fella niður styrkinn til Bandalags kvenna.

Við hv. þm. Borgf. róum enn út með brtt. um hækkun á styrk til Stórstúku Íslands, og munu hv. þdm. yfirleitt kannast við hana frá síðasta þingi. Þá voru hér harðar umr. um hana, sem lítið hafðist upp úr. En ég held, að þingmönnum geti þó ekki dulizt það, ef þeir hafa nokkuð athugað þessi mál og starfshætti stórstúkunnar, að hún ætti skilið að fá miklu hærri fjárstyrk úr ríkissj. heldur en við hv. þm. Borgf. vogum okkur að bera fram. Það er óhætt að kveða svo sterkt að orði, að nálega enginn þm. þorir að segja meiningu sína opinberlega fyrir þessum félagsskap, hvort heldur er í opinberum veizlum eða á fundum fyrir kosningar. Og þess vegna er það einkennilegt, að þeir skuli ekki vilja veita félaginu sæmilegan styrk, þegar þeir hafa flestir lofað því áður skilyrðislaust fyrir kosningar. Þeir verða þó að kannast við það, að þessi styrkur er ekki nema lítill dropi úr því fjárflóði, sem ríkissjóður fær af áfengisverzlun ríkisins. Það virðist þess vegna ekki vera neitt ódæði, þó að þessi þjóðþrifa-félagsskapur fengi sem svarar einum dropa úr þessu hafi, til þess að hamla á móti drykkjuskapnum og bæta siðferðið í landinu. Þetta virðist ekki ósanngjarnt, þegar litið er til þess, hvað ríkissjóður græðir mikið á vínsölu, þrátt fyrir þau lög, sem í gildi eru um aðflutningsbann á áfengi.

Ég vonast til, að hv. þdm. kynni sér þessa hluti og athugi, hvað þessar 15 þús. kr., sem við förum fram á, eru mörg % af heildarupphæðinni á vínsölukontó áfengisverzlunarinnar 1929, sem ríkissjóður fær í hreinan ágóða.

Ég vona, að þessari till. minni um aukinn styrk til Stórstúku Íslands verði vel tekið og að Samband kvenfélaganna fái þessar 10 þús. kr., en að felldir verði niður hinir smærri styrkir, 2. og 3. liður í XXXI. brtt. minni á þskj. 260.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki vera margorður. En ég á brtt. XXI. á þskj. 260, við 15. gr., um að Karlakór Reykjavíkur fái í annað sinn 1000 kr. styrk til söngnáms. Á síðasta þingi fékk félagið 1000 kr. styrk í sama tilgangi. Svona kórsöngur er mjög vinsæl grein hljómlistarinnar meðal almennings, og hafa Íslendingar reynzt sérlega vel færir til þátttöku í söngfélagsskap. Söngflokkur héðan úr Reykjavík hefir fyrir skömmu getið sér svo góðan orðstír erlendis, að öll þjóðin hefir sóma af. Við höfum hér á landi afbragðs efni í kórsöngvara. Það, sem vantar, er aðeins, að hver einstaklingur í kórinu geti fengið sem bezta kennslu. Félagið hefir 1000 kr. á yfirstandandi ári og hefir notað þær eftir föngum til þess að afla sér söngkennslu. Og söngkennarinn, Sigurður Birkis, skýrir svo frá, að námið hafi gengið mjög vel. Hann hefir símað meðmæli með félaginu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Hefi kennt hverjum einstökum félaga Karlakórs Reykjavíkur tónmyndun og söng í 4 mán. Raddir þeirra eru yfirleitt mjög góðar og

sönghæfar, framför hefir verið mikil, enda áhugi frábær. Hefi beztu vonir um glæsilega framtíð félagsins, geti það haldið starfi sínu og námi áfram. Teldi ég mjög vel farið, ef hið háa Alþingi yrði vel við styrkbeiðni þess og styddi þannig hið óeigingjarna og fagra starf í þágu sönglistarinnar". Mér er kunnugt um af viðtali við söngkennarann, að það er svo fjarri því, að meðlimir kórsins hafi ekki notað styrkinn, að framan af voru vandræði með að miðla kennslunni milli þeirra. Sjálfir létu þeir sér mjög annt um að nota þennan styrk, til þess að fá sem bezta kennslu, enda lögðu þeir sjálfir úr sínum vasa fram mikið fé í viðbót við styrkinn til kostnaðar við kennsluna.

Söngfélagið hefir verið svo heppið að hafa ágætan og nákvæman söngstjóra, sem er vel að sér í þessum efnum. Vel þekktur erlendur hljómlistarmaður sagði við mig í sumar, að hann væri ekki í vafa um það, að ef þetta söngfélag fengi kennslu hjá góðum kennara í 2 ár, þá mundi því vera óhætt að fara í söngferðalag um allt Þýzkaland. En það þykir mjög gott að geta á þann hátt komið til greina í aðalheimkynni sönglistarinnar.

Síðastl. sumar fór félagið í söngför til Norðurlands, og fékk það hinar beztu viðtökur þar, sem það kom, og þótti takast mjög vel. Félagið er stórhuga og langar til að búa sig undir söngför til útlanda, en það verður því erfitt án fjárstyrks. Þess vegna vona ég, að hv. þd., sem samþykkti í fyrra að veita félaginu kennslustyrk, geri það líka nú, þar sem það er nú komið í ljós, að sá styrkur hefir borið góðan árangur.

Næst á ég XXIII. brtt. á þskj. 260, við 15. gr. Það er nýr liður, þar sem farið er fram á að veita Þórði Kristleifssyni styrk til utanfarar, til söngfræði- og söngkennslunáms, 1500 krónur.

Eins og kunnugt er, þá er Þórður mjög vel menntaður í þessari grein og sjálfur söngvari. En hér er ekki um það að ræða, að gera hann sjálfan að meiri söngvara, heldur hefir það komið í ljós, þar sem hann hefir kennt söng, að hann er framúrskarandi vel hæfur til þess að hafa þá kennslu í skólum.

Þó að hann hafi verið erlendis nokkurn tíma undanfarið, þá hefir nám hans þar verið miðað við það, að verða söngvari sjálfur, en ekki að kenna öðrum, en það er auðvitað sitt hvað. Nú er það tilætlun hans að kynna sér söngkennslu í skólum, þar sem ekki er verið að reyna að gera menn að sóló- eða óperusöngvurum, heldur áherzla lögð á hin uppeldislegu áhrif söngsins. Vottorð um hæfileika Þórðar í þessa átt fylgja frá forstöðumönnum Menntaskólans, Kennaraskólans, Kvennaskólans og unglingaskólans hér í Reykjavík, sem hann hefir starfað við í vetur, og eru þau öll mjög lofsamleg. Ennfremur liggur fyrir vottorð frá Páli Ísólfssyni, sem ég þykist vita, að hv. þdm. treysti til að dæma rétt um þetta efni. Hann segir: „Hann er tvímælalaust langáhugasamasti maður á þessu sviði allra Íslendinga, sem ég hefi þekkt. Og þar sem þar við bætist, að hr. Þórður Kristleifsson er þegar mjög menntaður í sönglist og hefir með góðum árangri kennt þrjá undanfarna vetur tónmyndunarfræði og sýnt miklar gáfur samfara nákvæmni við það starf, virðist mega vænta mikils af honum í framtíðinni, ef hann fær nú tækifæri til að kynna sér söngkennsluaðferðir við skóla til hlítar".

Vil ég svo .fela hv. deild þessa till. til vinsamlegrar meðferðar.

Þá vík ég að XXV. brtt. á sama þskj., um 1800 kr. (og 1500 til vara) styrk til Upplýsingaskrifstofu stúdenta.

Stúdentaráðið hefir haft þörf störf með höndum. Það hefir unnið að því að efla stúdentalíf og samheldni meðal stúdenta í þessum bæ, þar sem hvorki er til háskóli né stúdentabústaður. Og það hefir meðal annars starfrækt upplýsingaskrifstofu fyrir stúdenta undanfarin ár. Hún hefir lengst af starfað styrklaust, enda hefir verið reynt að haga starfrækslunni þannig, að kostnaður yrði sem minnstur. Í fyrra voru henni þó veittar 1000 kr. í fjárlögunum, en sá styrkur hefir verið felldur niður í fjárlagafrv. nú.

Hér liggja fyrir skýrslur um starfsemi skrifstofunnar. Þær sýna, að þar hefir verið unnið næstum ókeypis og af áhuga einum, en starfsemin hafi hinsvegar orðið að miklu gagni. Skrifstofan hefir svarað 44 fyrirspurnum árið sem leið, sótt um skólavistir fyrir stúdenta, sem sigla,

þýtt skírteini þeirra og leiðbeint þeim á ýmsan hátt. Sjá allir, að mikil þægindi eru að því fyrir stúdenta, sem sigla, að fá upplýsingar um það, hvar hentugast sé fyrir þá að stunda nám, og að greidd sé gata þeirra í útlöndum, meðan þeir eru ókunnugir.

Eimskipafél. hefir snúið sér til skrifstofunnar, til að fá upplýsingar um, hvaða stúdentar ættu að fá ókeypis far. Þá hefir skrifstofan starfað að stúdentatali, sem bæði er gagn og gaman að eignast. Einnig hefir hún reynt að útvega stúdentum kennslu, 2—3 tíma á dag, gegn fæði og húsnæði, og hefir það orðið mörgum fátækum stúdent, sem berst upp á eigin spýtur, til bjargar. Eru mikil þægindi að því, bæði fyrir stúdentana og þá, sem njóta vilja kennslu þeirra, að geta snúið sér beint til skrifstofunnar.

Þá hefir skrifstofan beitt sér fyrir stúdentaskiptum, sem eru í því fólgin, að íslenzkir og erlendir stúdentar skiptast á um dvöl við háskóla eða sumarfrí í landi hvor annars.

Ég þykist fyllilega mega vænta þess, að Alþingi vilji styrkja þetta óeigingjarna starf. Reikningar skrifstofunnar sýna, að hún þarf þessa fjár með.

Þá er XXX. brtt., sem fer fram á, að Ingu L. Lárusdóttur séu veittar 3500 kr., og til vara 3000 kr., til að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis. Það væri nú ástæða til að láta nokkrá greinargerð fylgja þessari till. Með þessari till. er verið að hefja eina nýja starfsemi, sem hingað til hefir verið vanrækt. Allir þeir, sem koma á Þjóðmenjasafnið okkar, falla í stafi yfir því, hve mikið er þar að finna af fögrum gripum, einkum listvefnaði. Og þegar þess er gætt, hve mikið er flutt inn af erlendu smekklausu dóti, þá sést, hve hróplegt það er, að öll sú mikla auðlegð, sem til er af þjóðlegri list, skuli vera látin liggja ónotuð, vegna þess að fólk á ekki kost á að vinna eftir neinum fyrirmyndum. Það er vitanlega ómögulegt, nema ef til vill fyrir örfáa, að sitja uppi í safni til að vinna eftir þeim gripum, sem þar eru, og því er óhjákvæmilegt, að gerðar séu fyrirmyndir handa fólki, ef menn vilja láta leggja rækt við þjóðlegan listiðnað. Söfnin varðveita að vísu gripina frá tortímingu, en í því tilliti, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt, að gerðir séu uppdrættir af gripunum, ef þeir eiga að verða almenningi til fyrirmyndar. Auk þess á gerð gripanna eigi ávallt við óbreytt; þannig geta ef til vill verið einstakir hlutar úr löngum reflum, sem eiga við í dúka og púða, og þarf þá að taka þessa hluta úr.

Nú er þess að gæta, að þrátt fyrir þá mörgu fögru gripi, sem eru á Þjóðmenjasafninu hér, eru þó vorir fegurstu gripir á erlendum söfnum í Kaupmannahöfn, London og Stokkhólmi.

Inga L. Lárusdóttir hefir kynnt sér þennan listiðnað, er gáfuð, eins og kunnugt er, og hög í bezta lagi á allskonar listiðnað. Víða erlendis er unnið mikið að því að gefa út slíkar fyrirmyndir. Hér er þetta ekki byrjað, en ég álít, að Alþingi ætti að stuðla að byrjuninni með því að veita þann styrk, sem hér um ræðir. Hér er ekki farið fram á stórfé, og má gera ráð fyrir, að Inga L. Lárusdóttir yrði að leggja allmikið af mörkum sjálf til ferðakostnaðar og uppihalds.

Þetta lítur ef til vill út sem persónuleg fjárveiting, en svo er ekki í raun og veru. Starfsemi þessa verður að hefja fyrr eða síðar, hvort sem er, og bein skylda Alþingis að styrkja hana. Umsóknin var um 4500 kr., og var það vitanlega sízt of há upphæð til þess að heimsækja erlend söfn í þessu skyni, en ég þorði ekki að ganga lengra en þetta, og vona ég, að hv. deild virði þá hófsemi.

Kem ég þá að III. brtt. á þskj. 269, um 700 kr. til Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings. Þessi ágæti gáfumaður starfaði hér á Veðurstofunni um hríð, en vegna þess að Veðurstofan starfaði þá með fjárveitingum frá ári til árs, öðlaðist hann ekki þau réttindi til lífeyris, sem starfsmenn annars fá. Fyrir alllöngum tíma varð hann að fara á Vífilsstaði, og liggur fyrir vottorð frá læknunum þar, um að hann eigi ekki þaðan afturkvæmt fyrst um sinn. Hann á konu og tvö börn, að ég hygg, og má nærri geta, hvernig hagur hans muni vera. Sú upphæð, sem hér er farið fram á, er næstum hin sama og hann hefði átt að fá úr lífeyrissjóði. Má að vísu segja, að hann hafi ekki goldið í lífeyrissjóð, en ég treysti svo á rausnar-

lund hv. þdm., að þeir láti sig ekki muna um það. Ég hugsaði mér í fyrstu að flytja þetta sem heimildartill. til stj., en þótti það of hátíðlegt um ekki stærri upphæð.

Vona ég að síðustu, að hv. fjvn. og hv. deild taki vel þessari og öðrum till. minum, því að þær eru allar sanngjarnar.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil minna hér á tvær brtt., sem ég á við þessa umr. Er önnur um 2000 kr. styrk til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis.

Nokkrar leikkonur hafa notið styrks áður. Er augljóst, að heppilegt er, að slíks styrks njóti ungar leikkonur, svo væntanlegt þjóðleikhús fái notið krafta þeirra. Arndís Björnsdóttir er óvenjulega smekkvís, skilningsgóð og lipur leikkona. Þykist ég vita, að margir hv. þdm. hafi séð leik hennar og meti hann að verðleikum. Hún hefir meðmæli Leikfél. Reykjavíkur og hinna færustu leikdómara hér. Ætla ég ekki að lesa þau meðmæli upp hér, en ég legg ríka áherzlu á, að þessi till. verði samþ.

Þá er hin brtt., sem er II. brtt. á þskj. 269, um 2500 kr. styrk til Halldórs K. Laxness til ritstarfa. Hæfileikar hans eru alkunnir, enda þótt menn greini á um, hvernig hann beitir þeim. En víst er, að hann er gæddur óvenjulegum hæfileikum til ritstarfa. Sumir kaflar í ritum hans eru sígildir og munu geymast um aldur og æfi. Vil ég þó taka fram, að fremur er farið fram á styrk þennan með tilliti til þess, er hann á óskrifað, en hins, er hann hefir þegar skrifað. Honum á ótvírætt eftir að fara mikið fram, og þar sem tekjulindir rithöfunda eru fáar og litlar hér á landi, veit ég, að mönnum mundi síðar meir þykja miður, að hafa eigi látið þennan unga rithöfund njóta nokkurrar góðvildar, er hann mest þurfti þess við.

Jóhann Jósefsson: Ég hefi hér ekki margar till. fram að færa, en ég vil drepa nokkuð á síðustu brtt., sem hv. þm. V.-Ísf. talaði fyrir, um ritstyrk til Halldórs Kiljans Laxness.

Það virðist svo, sem hv. þm. V.-Ísf. hefði það á tilfinningunni, að sumt af því, sem fram hefir komið í verkum þessa höfundar undanfarið, myndi ekki mæla með honum, því að hann hafði þann fyrirvara, að styrkur þessi ætti einkum að veitast með tilliti til þess, sem hann ætti ónunið.

Undanfarið hefir oft verið vakið máls á því, að góðir rithöfundar væru styrktir, en undirtektir Alþingis gagnvart þeim beztu, eins og t. d. Þorst. Erlingssyni, hafa stundum verið þannig, að það hefir sætt ámæli fyrir síðar meir. En upp á síðkastið hafa risið hér upp rithöfundar með nýstárlegu bragði, sem rita svo um trúarbrögð, heimilislíf og þjóðlíf, að flestum hefir ofboðið.

Þessi ritháttur virðist einkum eiga að miða að því að vekja athygli á sér hjá þjóðinni og slá sér upp á því, sem almennt er álitið, að megi ekki segja og eigi ekki að segja. Ég tel engan velfarnað muni af því leiða, að rit manna eins og Halldórs Kiljans fá eyra hjá alþjóð né Alþingi. Það má segja, að ég sé óbóklærður maður, sem ekki kunni að meta þá snilld H. K. L., sem hv. þm. V.-Ísf. er svo hrifinn af, en hví kom hv. þm. þá með þennan fyrirvara sinn?

Það er mín skoðun, að þeir rithöfundar, sem vilja afla sér fylgis með slíkum rithætti og H. K. L., séu ekki of góðir til að róa undir sér sjálfir, og þeir verði að leggja eitthvað þjóðhollara og þjóðnýtara af mörkum en H. K. L. hefir gert hingað til, áður en þeir eiga opinberan stuðning skilið.

Ég býst við, og hefi tekið eftir því áður, að þeir, sem mæla á móti styrkjum til þesskonar manna, verða fyrir árásum og aurkasti, en ég hirði ekki um það. Ég vil, að hið opinbera styrki alla þjóðholla og hæfa höfunda á bundið og óbundið mál, en ég er á móti þeirri nýju stefnu, sem er að koma fram og borin er fram af mönnum, sem Alþingi ætti að mega líta upp til — þeirri stefnu, að hampa þeim nýgræðingum, sem reyna að afla sér fylgis með því að skrifa nógu „banalt", eins og útlendingar nefna það.

Hinu þarf enginn að furða sig á, þó að t. d. jafnaðarmenn vilji styrkja nokkuð slíka menn, þegar þeir hallast að þeirra skoðun og berjast fyrir jafnaðarstefnunni og dreifa ritgerðum sínum út á meðal fólksins. — Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa brtt., en skal með ein-

stakri sálarrósemi greiða atkv. á móti styrk til þessa rithöfundar, sem hv. þm. V.-Ísf. var að mæla með. Mun ég gera það þar til hann að mínum dómi hefir látið eitthvað það frá sér fara, sem hollara er fyrir þjóðlíf vort heldur en það, sem hingað til hefir frá honum komið.

Ég sé, að hv. 3. þm. Reykv., hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf. hafa lagt það til, að þessi svokallaði skólastjórnarkostnaður menntaskólans og Akureyrarskólans verði felldur niður. Þegar ég fer að athuga þetta, þá sé ég, að það er nýr liður í stjfrv. Það er hvorki ræsting, hiti, ljós eða laun kennara, en ég hefi heyrt, að það væri einskonar risna. Ég veit ekki um það, en mér þykir það undarlegt, að slíkt skuli vera lagt til af þeirri stj., sem hefir eins mikið hamazt á móti risnu eins og núv. landsstj. Að minnsta kosti má minna á það, að gagnvart foringjum varðskipanna hefir þessi risnustefna komið svo fram, að þeim hefir beinlínis verið bannað að hafa nokkra „risnu", og hæstv. dómsmrh. hefir meira að segja lofað þeim hærri launum, ef þeir vildu lofa því að hafa ekki þessa „risnu". Nú getur það vel komið fyrir, að gera þurfi skipshöfn eða gestum gott á skipstjórans kostnað, sem mætti kalla „risnu", en hæstv. stj. vill banna þetta. Þá kemur það manni dálítið undarlega fyrir, að hæstv. stj. vill koma með nýja stóra liði við tvær helztu menntastofnanir landsins, sem einmitt á að verja til þessarar svo kölluðu „risnu".

Hv. fjvn. er, eins og allir vita, önnum kafin og hefir mörgu að sinna, og er ekki til þess að ætlast af henni, að verk hennar séu fullkomin frekar en annara manna, enda sér maður það á hverju þingi, að það eru oft dálítið einkennilegar till. hennar að því er snertir ýmsar umsóknir einstakra manna. Ein slík liggur hér fyrir framan mig. Gamall maður, á áttræðisaldri, snýr sér til fjvn. með beiðni um nokkurn ellistyrk. Þessi maður er búinn að ganga hér um bæinn í 20 ár samfleytt, hvernig sem viðrað hefir, til þess að bera út bréf. Nú er hann ekki orðinn svo að heilsu, að hann geti sinnt þessu starfi lengur; snýr hann sér því til fjvn. og fer fram á að fá þann styrk, að hann þurfi ekki að fara á sveitina. Umsókn þessa manns liggur hér fyrir framan mig. Ég vil ekki þreyta hv. d. á að lesa hana upp í heilu lagi, en vil aðeins geta þess, að umsækjandinn, sem heitir Þóroddur Bjarnason, er sjálfsagt flestum hv. þdm. kunnur, a. m. k. þeim, sem hér eru búsettir, hefir verið í 20 ár við þetta starf, fékk til að byrja með 1000 kr. á ári í laun, en greiddi af því 15 kr. á mánuði til aðstoðar við bréfaburð. Kaupið hækkaði árið 1920 upp í 3600 kr. á ári, en 1923 virðist póststjórninni hann bera of mikið úr býtum og lækkar kaupið niður í 270 kr. á mánuði, og hefir það kaup haldizt síðan. Alla aðstoð hefir hann orðið að greiða úr sínum vasa, upp undir 50 kr. á mánuði. Dýrtíðaruppbót fékk hann á lægstu launum sínum, allt fram að 1920, þá var hún af honum tekin og hefir hann ekki fengið hana síðan. Nú vita menn það um starf bréfbera, að vinnutími þeirra er ákaflega langur, enda segir hann það sjálfur, að hann hafi unnið jafnt helga daga sem rúmhelga 10—14 stundir á dag. Um aukaþóknun er víst ekki að ræða við útburð bréfa, enda segir svo í þessari umsókn, að hann hafi enga fengið. Við vöxt þessarar borgar hefir starf þessa manns aukizt afskaplega mikið, þótt bréfberum hafi um leið fjölgað. En það þykir mér einkum undarlegt, að þessi maður kveðst hafa beiðzt þess að fá eitthvað að gera inni í pósthúsinu, til þess að létta sér göngurnar, en það hafi ekki fengizt. Þrátt fyrir það liggja hér meðmæli póstmeistara með því, að þessum bréfbera sé veittur ellistyrkur, og meira að segja, póstmeistari kemst svo að orði, að hann vilji, að honum verði veittur ríflegur ellistyrkur, því að hann hafi rækt starf sitt í 20 ár með mestu samvizkusemi.

Það kann að vera svo, að hv. fjvn. þyki ekki bréfberi vera svo hátt settur maður í lífinu, að henni þyki þess vert að sinna umsókn slíks manns, sem kominn er á áttræðisaldur og snýr sér til þingsins til þess að forðast sveitarstyrk. En ég lít svo á, að það sé ekki samboðið stofnun eins og Alþingi að þegja við beiðni, sem stendur líkt á og þessa manns, því að starf bréfberans er mjög mikilvægt og vandasamt. Það vitum við allir, þótt ekki þurfi til þess lærða menn

eða einhverja kappa, að þetta er trúnaðarstarf, sem borgurum bæjarins ríður á, að sé rækt með samvizkusemi.

Ég hirði svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en ég leyfi mér að flytja brtt. á þskj. 260, við 18. gr., um það, að Þóroddi Bjarnasyni pósti séu veittar 1200 kr., en til vara 1000 kr., og legg ég það undir dóm hv. d., hvort henni finnist ekki þessi starfsmaður vera maklegur þess, að honum sé gerð ellin áhyggjuminni en ella mundi, með því að veita honum þennan styrk.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er rétt, að ég svari strax fáum orðum því, sem hv. þm. Vestm. hefir beint til mín. Hv. þm. sagði, að við værum svo sumir, að við gleyptum við öllum nýjum rithöfundum, einkum ef það, sem þeir skrifuðu, væri nógu „banalt". Ég bendi hv. þm. á það, að ég mun fyrir þrem eða fjórum þingum hafa borið fram till. um ritstyrk handa Halldóri Kiljan Laxness, og var það af sömu ástæðu að ég bar hana fram þá og ég ber fram samskonar till. nú, en það er vegna hans óvenjulegu rithöfundarhæfileika.

Hv. þm. sagði, að ég vildi loka augunum fyrir því, sem þessi höfundur hefði þegar skrifað. En það hefi ég aldrei sagt. Ég vil loka augunum fyrir ýmsu því, sem hv. þm. vill helzt horfa á og ekki sjá annað. Hv. þm. segir, að þessi rithöfundur skrifi „banalt". Ég viðurkenni það, að slíkir kaflar eru til í ritum hans; ég gat um einstaka kafla, sem mér hefði ofboðið að lesa. En hví að stara á þetta? Hvers vegna ekki að líta á það, sem þessi rithöfundur hefir vel gert? Ég vil benda hv. þm. á að lesa t. d. nýskrifaða grein um Jónas Hallgrímsson, sem er eitt af því bezta, sem ritað hefir verið um íslenzkar bókmenntir. Sú grein er rituð af Íslendingi, sem er staddur erlendis og verður það þá ljóst, að kvæði Jónasar Hallgrímssonar eru eitt og hið sama og íslenzk náttúra og ísl. menning. Það er rétt eins og þessi hv. þm. hugsi sem svo, að ef maður vill styðja einhvern rithöfund, þá eigi maður að trúa á hann eins og hann væri óskeikull. Því er ég algerlega ósamdóma. Ég vil taka að mér mann til stuðnings, þótt ég verði að játa, að hann hafi skrifað margt, sem ég vildi að hann hefði látið óskrifað. — Við skulum fletta upp bibliunni, og ég get bent hv. þm. þar á ýmislegt, sem ég get sagt með eins góðum rökum, að sé athugavert. Nei, ef menn vilja aðeins eignast sálma, eða eitthvað, sem mætti nota til fermingargjafa, þá er þessi rithöfundur ekki líklegur til þess að sjá fyrir slíku. Það skal fúslega játað. Ég veit það eins vel og hv. þm., að Halldór Kiljan Laxness hefir á stundum látið eins og galdur foli, haldið við jafnaðarmennsku og kaþólska kirkju, allt með sama krafti, og ég hefi enga tryggingu fyrir því, þótt ég flytji þessa till., að hann haldi ekki áfram að skipta um stefnur. Ég get ekki einu sinni fullyrt nema hann eigi kannske eftir að ganga í heilagt hjónaband við sjálft íhaldið. En ég ber fram mína till. óhræddur, vegna þeirra hæfileika rithöfundarins, sem á hefir verið minnzt.

Það var gott, að hv. þm. minntist á Þorstein Erlingsson. Það átti vel við að nefna hann í þessu sambandi. Nú er svo komið, að hann liggur í gröf sinni, svo að engri þjóðarheill eða helgi er misboðið, þó að á hann sé minnzt af íhaldsmönnum trúar- og þjóðmála. En það var sá tími, að talað var um sum kvæði hans eins og nú er talað um verk Halldórs Kiljans Laxness. Það er sagan, sem endurtekur sig. — Eitt af því minnisstæðasta, sem ég las á meðan ég var á prestaskólanum, var ritdómur eftir danskan prest um eitt af ritum Sören Kirkegaards, ritaður sama árið og bókin kom út. Sá ritdómur var í sama anda og ræða hv. þm. Kirkegaard var þó ekki „kanoniseraður". Prestaköllin nefndi hann „Levebröd" og prestana „Levebrödre", og presturinn vildi aðeins láta skrifa um „gagnlega" hluti, sálma og fermingargjafir. Það var þó svo komið, þegar ég las þennan ritdóm, að það voru varla nefndir aðrir rithöfundar frá þessum tíma en Sören Kirkegaard, og hafði hann þó ýmsa galla og skrifaði svo svæsið, að mörgum samtíðarmönnum hans ofbauð. En nú verða menn doktorar fyrir að kynna sér rit þessa óskikkanlega manns.

Ég kæri mig ekkert um að loka augunum fyrir því, sem Halldór Kiljan Laxness hefir skrifað verst, en vil þó hafa

augun opin fyrir því, sem hann hefir skrifað bezt, enda mun vera meira gagn að því, að honum sé sýndur einhver skilningur nú, meðan hann þarfnast þess, en síðar, þegar hann er kominn undir græna torfu og þröngsýnin fer að hýða einhverja nýgræðinga framtíðarinnar með minningu hans.

Ég skal svo enda mál mitt með því að óska, að till. mín fái nú betri byr en hún fékk fyrir 3—4 árum, er ég flutti hana fyrst.

Ólafur Thors: Ég skal ekki fara að blanda mér í deilu hv. þm. Vestm. og hv. þm. V.-Ísf. En ég heyrði, að hv. þm. V.-Ísf. talaði af miklum eldmóði um málið. Ég vildi nú gjarnan spyrja hv. þm. og aðra Jónasarmenn um það, hvort þeir myndu hafa flutt tillöguna með jöfnum krafti og jöfnum eldmóði, ef þessi ágæta bók, sem þeir segja, hefði ekki verið árás á Sjálfstæðisflokkinn.

Annars vildi ég nota þetta tækifæri til þess að víta það, að hv. þm. V.-Ísf. notar ekki rétt nafn á þessum stjórnmálaflokki. Ég tel, að það sé óviðeigandi, og sérstaklega verð ég að ætlast til þess af forseta sameinaðs þings, að hann beri fulla kurteisi í þessu efni; annað er ekki samboðið honum. (ÁÁ: Íhald er sérstök hugstefna). Ég hefi heyrt hv. þm. vera hvað eftir annað að uppnefna þennan þingflokk; ég læt mig það engu skipta, þótt einhverjir Jónasarmenn, eins og t. d. hv. þm. Ísaf., geri það, en ég vil ekki að forseti sameinaðs þings leyfi sér slíkt.

Læt ég svo hv. þm. Vestm. og hv. þm. V.-Ísf. eigast við.

Ég fór einu sinni að lesa þessa bók og komst þangað, sem verið var að halda því fram, að eiginkonur okkar væru skækjur; þá hætti ég að lesa. En þetta er sjálfsagt eitt af því, sem hv. þm. Vestm. vill ekki láta styrkja. Ég hefi lesið þann kafla bókarinnar, þar sem því er haldið fram, að hin borgaralega eiginkona sé sú heilsteyptasta skækja, sem til sé. Við hv. þm. Vestm. erum báðir kvæntir og finnst þetta af þeim sökum nokkuð athugavert, en borgarinn hv. þm. Ísaf. á enga konu, og er honum því líklega sama, hvað eiginkonur eru kallaðar, — en ég ætla ekki frekar að blanda mér inn í þessa deilu, og læt því staðar numið um þetta efni.

Ég hefi leyft mér að flytja hér till. um það að veita 800 kr. til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum. Ég flutti till. um þetta á Alþingi í fyrra, og var sú fjárveiting, 800 kr., samþ. Alþingi viðurkenndi þá ágæti þessa sjóðs og starfsemi hans. Sjóðurinn er nú orðinn eitthvað 15—16 þús. kr. og hefir að honum orðið mikið gagn; viðurkenndi þingið gagnsemi hans í fyrra, með því að leggja honum þá 800 kr. Nú þykir mér það ganga hneyksli næst, þegar þessi fjárbruðlunarstjórn, sem nú situr, sér ekki annað ráð betra en að skera niður einar 800 kr., sem veittar eru til hjálpar fátækum ekkjum og börnum þeirra. Þetta er því verra, sem það er skylda þjóðfélagsins að létta undir með þeim, sem verst eru staddir, en eru þó að berjast við að komast af án hjálpar hins opinbera. — Þetta eru einar 800 kr., og ég vona, að hv. þdm. sýni þá sanngirni að taka þá fjárveitingu aftur upp á fjárl.

Þá hefi ég flutt brtt. XXXVII. á sama þskj., það er vegna Carls Axels Möllers fyrrv. símstöðvarstjóra, að honum verði veittar 600 kr. á ári. Þessi maður er kominn á áttræðisaldur, heilsulaus og eignalaus. Kona hans er líka komin hátt á áttræðisaldur, sömuleiðis heilsulaus og eignalaus. Raunir þessa manns eru ekki aðeins af þeim rótum runnar, að hann hafi misst stöðu sína fyrir elli sakir, heldur hefir hann líka misst fjárstyrk, sem honum hefir borizt úr annari átt. Hann hafði verið starfsmaður verzlunarfélags hér á landi og notið frá því nokkurs styrks, en það féll í rústir og við það missti þessi gamli maður þann styrk, sem hann hafði fengið þaðan. Nú vil ég aðeins benda á það, að úr því að þetta einkafyrirtæki taldi það skyldu sína að greiða þessum manni eftirlaun, á meðan það hafði nokkra gjaldgetu, þá er ekki nema rétt, að ríkið geri það sama. Ég hefi hér meðmæli landssímastjóra, og skal ég aðeins, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr bréfi hans:

..... „Mér er því bæði skylt og ljúft að mæla hið bezta með umsókn

hans um ellistyrk og vænti þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við þessari beiðni hans".

Ég skal aðeins taka undir með landssímastjóra og beina þeirri ósk til hv. dm., að þeir telji sér bæði skylt og ljúft að taka vel undir fjárbeiðni þessa gamla manns.

Þá hefi ég leyft mér að flytja hér með nokkrum öðrum ágætismönnum, nefnilega þeim hv. þm. Ísaf., hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Dal., tillögu um það, að Guðmundi Kamban rithöfundi verði veittar 2000 kr. í 18. gr. fjárl. Ég tel óþarft að flytja ræðu um verðleika Guðmundar Kambans, því að hann er fyrir löngu orðinn þjóðkunnur af sínum ágætu bókum, sem hafa verið þýddar á mörg mál og orðið okkur til sóma. Þessi maður er bæði gáfaður og duglegur, en ef menn spyrja, hvernig standi á því, að maður, sem er bæði gáfaður og duglegur, skuli þurfa að sækja um styrk til Alþingis, þá er það löngum sama sagan, sem endurtekur sig, að skáld og rithöfundar geta sjaldnast unnið fyrir sér fyrr en á elliárum. Maður heyrir oft um þá menn, sem hljóta Nobelsverðlaunin, að það er sagt, að þau hafi komið vel niður, því að maðurinn hafi ekki haft til hnífs og skeiðar. — Guðmundur Kamban er vel verður styrksins; hann fæst við það verkefni, sem ég veit, að öllum Íslendingum verður til ánægju. Hann brá nýju ljósi upp fyrir mönnum hér, þegar hann hélt fyrirlestur fyrir almenning um Daða og Ragnheiði Brynjólfsdóttur. Guðmundur Kamban hefir með sínum óvenjulegu hæfileikum og mikla dugnaði sökkt sér niður í þann kafla íslenzkrar sögu, sem mér hafa sagt sögufróðir menn, að væri myrkasti hluti hennar, svo að það er ákaflega skemmtilegt að fá hann skýrðan með vísindalegri nákvæmni og um leið frá listamanns og skálds hendi.

Þá er loks brtt. viðvíkjandi bryggjugerð og lendingarbótum í Keflavík. Ég álít ekki nauðsyn að rökstyðja það, hve mikil þörf er fyrir bryggju þar. Það er nóg að vísa til þess, er fjvn. leggur til, að ríkið greiði ⅓ hluta þess kostnaðar, sem af því mannvirki leiðir, en það eru 250 þús. kr., og fyrst nefndin leggur það til, þá eru það ríkari sannanir en þó að ég héldi hér ræðu um það. En það, sem ég ætla að fara fram á, er það, að ríkið aðstoði Keflvíkinga meira til þessa verks en hv. fjvn. leggur til. N. leggur nefnilega aðeins til, að ríkið greiði ⅓ hluta af kostnaðinum, en hafi að öðru leyti ekki afskipti af verkinu. Ég hefi aftur á móti leyft mér að leggja til, að ríkið skipti sér það meira af þessu, að ríkissjóður ábyrgist ⅓ hluta af byggingarkostnaðinum gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu. Það hefir að vísu verið regla, að ríkið taki ekki meiri þátt í kostnaðinum en það greiði ⅓. Sú regla hefir verið rökstudd með því, að þegar um lendingarbætur er að ræða, þá sé fjárfúlga sú, sem til þess þarf, svo lítil, að viðkomandi hreppur með aðstoð sýslunefndar sé einfær með þær framkvæmdir. Þetta er rétt í flestum tilfellum, en hér er um svo stóra fjárupphæð að ræða, að ástæða er til að gera undantekningu frá þeirri reglu. Þessi upphæð, sem Keflvíkingar eiga að útvega, er 167 þús. kr. Þetta er svo mikið fé, að ástæða er til að ætla, að þeir geti ekki útvegað það, nema þeir fái aðstoð til þess frá ríkinu. Ég vil vekja athygli hv. þdm. á ummælum sumra hv. þm. hér í deildinni í fyrradag út af hafnarbótum á Sauðárkróki. Þá féllu þau orð af munni margra hv. þm., að það væri rétt að ganga í ábyrgð fyrir Sauðárkrók. Nú geng ég þó ekki lengra en það, að ég ætla Keflvíkingum einum að bera ⅓.

Ég vænti þess sérstaklega, að hv. sjútvn. aðstoði mig í þessu máli. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir Keflavík, en fjárupphæðin er svo mikil, að Keflvíkingar geta ekki risið undir henni hjálparlaust.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, en vænti þess, að hv. þdm. sýni þessu máli alla sanngirni. Hv. þm. geta kynnt sér málið betur með því að lesa nál. meiri hl. fjvn.

Jörundur Brynjólfsson: Ég á hér eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna ásamt hv. 3. þm. Reykv. Þessi brtt. fer fram á það, að heimila stj. að greiða séra Kjartani Helgasyni í Hruna full prestslaun.

Eins og menn muna, samþykkti Al-

þingi árið 1926 að greiða honum full laun, þá er hann léti af prestsskap. Þá var það í ráði, að hann hyrfi að öðrum störfum, tæki við skólastjórn Laugarvatnsskólans, og til þess að tryggja það, að hann hefði einskis í að missa, þó að hann léti af prestsskap, vildi þingið tryggja honum full laun. Þessi sæmdarmaður hefir nú mest sakir heilsuleysis orðið að láta af prestsskap. Eins og margir vita, hefir hann verið einn af beztu kennimönnum þessa lands og mjög vel fallinn til að uppfræða ungmenni, mennta þau og manna. Þess vegna er vel við eigandi, þar sem heilsa hans er þrotin, að þingið sýndi honum þann sóma, að samþykkja, að hann fái full laun það sem eftir er æfinnar. (MG: Vildi hann ekki vera skólastjóri?) Ég skýt þessu til hv. þdm. og vænti þess, að þeir bregðist vel við þessari málaleitan. (MJ: Sjálfsagt, fyrir það, að Jónas sveik hann). Það er varla líklegt, að ríkissjóð muni miklu, þó hann greiði honum þetta fé.

Hannes Jónsson: Ég á enga brtt. við þennan kafla fjárl. og þurfti því ekki að taka til máls þess vegna. En 29. brtt. á þskj. 260 gaf mér tilefni til þess. Sú brtt. fer fram á að hækka framlagið til Fiskifélagsins.

Fiskifélagið hefir undanfarin ár lagt fé fram til ýmissa verklegra framkvæmda, þar á meðal til bryggjugerðar. Nú hefir það áætlað í 4 ár, 1929—1932, 30000 til bryggjugerðar, mest til þeirra bryggja, sem nú er ætlaður styrkur úr ríkissjóði. Þannig fá þær styrk bæði frá ríkissjóði og Fiskifélaginu, en það raskar réttu hlutfalli, svo að sumar bryggjur geta fengið ⅖ alls kostnaðar, þegar aðrar fá aðeins ⅓. Þetta fyrirkomulag, að láta tvo aðila veita fé úr ríkissjóði til samskonar framkvæmda, tel ég ekki rétt. Fjárveitingar til slíkra framkvæmda eiga að vera aðeins frá einum aðila. Það á að hætta að veita Fiskifélaginu fé, sem það veitir svo til bryggjugerða. Ríkið á að úthluta styrknum án þess að fá hann Fiskifélaginu í hendur. Þá verður fullkomið samræmi í fjárveitingunni, eins og á að vera. Og fyrst Fiskifélagið hefir getað lagt nokkurn styrk til þessara bryggjusmíða, sem annars er í höndum þingsins, þá álít ég síður en svo ástæðu til að auka við þennan styrk til félagsins. Slík fjárveiting gæti orðið til þess, að Fiskifélagið gerði ósamræmið ennþá meira en verið hefir hingað til um styrkveitingar til bryggjugerða, eða annara framkvæmda. Það er leitt, að fjvn. skuli ekki hafa tekið tillit til þessarar fjárveitingar Fiskifélagsins, þegar hún gerði tillögur sínar um fjárveitingu ríkissjóðs til bryggjugerðar.

Það mætti sjálfsagt taka ýmislegt fleira til athugunar í sambandi við þessa fjárveitingu til Fiskifélagsins, en ég ætla samt að sleppa því nú. En þetta, að ríkið styrki Fiskifélagið til að veita svona fé til bryggjugerðar, er óforsvaranlegt, vegna ósamræmisins, sem verður við það á styrkveitingunum.

Haraldur Guðmundsson: Ég hlýddi með mestu gaumgæfni á ræðu hv. þm. Vestm. og mér virtist, bæði af því, sem hann sagði, og hvernig hann flutti það, að hann talaði af fullri einlægni. Fannst mér honum standa stuggur af því, að menn eins og Halldór Kiljan Laxness skyldu hafa leyfi til þess að rita bækur yfirleitt og að gera það á þann hátt, sem þeir gera. Var svo að heyra, sem honum þætti bresta í máttarstólpum þjóðfélagsins, þegar flutt er á Alþingi till. um viðurkenningu til slíks manns. Ég sé ekki til neins að fara að deila við hv. þm. um þennan rithöfund eða bækur hans. Ég veit, að honum verður ekki bifað frá þeirri sannfæringu, að við séum á beinum vegi til glötunar, þegar slíkar bækur geta komið út, og þegar tillögur koma fram á hinu háa Alþingi um að styrkja höfundinn. En það var næsta eftirtektarvert, þegar hv. þm. fór að taka til samanburðar móttökur þær, er Þorsteinn Erlingsson fékk hjá „vel þenkjandi borgurum", einskonar þm. Vestm., á sínum tíma, og móttökurnar, sem Halldór Kiljan Laxness fær nú. — Hv. þm. sagði um H. K. L. að hann skrifaði til að kitla eyru óánægðra manna, æsa óhreinar hvatir og til að hneyksla almenning. Er þetta ekki alveg sama eins og á sínum tíma var sagt um Þorstein Erlingsson af sálubræðrum hv. þm.? Fyrir þá, sem halda, að rithöfundar hafi eitthvert hlut-

verk að vinna með þjóðinni, held ég, að ræða hv. þm. Vestm. hafi verið mjög sannfærandi um þörfina á slíkum mönnum hér. Það er m. a. hlutverk rithöfundanna að fletta ofan af því, sem aflaga fer, og benda á gallana á þjóðskipulaginu, svo að menn vakni til umhugsunar um þá. Hvað sem nú um Halldór Kiljan Laxness má segja, þá verður því ekki neitað, að hann hefir skörulegast hinna yngri rithöfunda bent á veilur þjóðfélagsins og fúablettina í því skipulagi, sem við eigum við að búa. En ef menn mynda samábyrgð um að þegja yfir misfellunum, er alveg vonlaust um að fá þær lagfærðar. — Það verður því að teljast broslegt hjá hv. þm. Vestm. að vera í sömu andránni og hann talar á móti Halldóri Kiljan Laxness af slíkum krafti, og sárhneykslast niður í tær af ritum hans, að hann skuli vera að minna menn á Þorstein Erlingsson. Það voru einmitt samskonar menn og hv. þm. Vestm., hinir svokölluðu „betri borgarar", sem á sínum tíma húðflettu Þorstein Erlingsson. — Hv. þm. var hissa á því, að hv. 1. flm. þessarar brtt. (ÁÁ) hafði sagt, að það væri ekki svo mjög vegna unninna verka Halldórs Kiljans Laxness, heldur fyrst og fremst vegna þeirra verka, er hann á ó-unnin, sem ætti að veita honum styrk úr ríkissjóði. Ég er hv. 1. flm. alveg sammála um þetta. Með því að leggja til að H. K. L. sé veitt þessi viðurkenning, viljum við tryggja þjóðinni, að hann haldi áfram að skrifa. Þessi fjárhæð á því ekki að skoðast fyrst og fremst sem verðlaun fyrir unnin verk, heldur á hún að vera til að lyfta undir höfundinn að semja ný verk. Ég held, að vel væri varið hærri upphæð en þeirri, sem hér er farið fram á, ef hún gæti orðið til þess, að ýtt væri við þessari sálarrósemi, sem hv. þm. Vestm. var að tala um, að hann hefði í svo dásamlega ríkum mæli, þegar hann greiddi atkv. á móti fjárveitingu þeirri, sem hér um ræðir.

Ég sagði um hv. þm. Vestm., að ég hefði heyrt það á ræðu hans, að hann talaði af einlægni og heilum hug. En um hv. 2. þm. G.-K., sem einnig komst inn á þessa brtt., get ég ekki sagt, að ég áliti hann hafa talað af einlægni. Hann setti upp helgisvip og lézt vera ákaflega hneykslaður á ritverkum H. K. Laxness. Þessi hv. þm. er nú í félagsskap við mig o. fl. um að flytja till. um styrk til Guðmundar Kambans rithöfundar. Ég veit náttúrlega ekki, hvort hv. þm. hefir lesið svo mikið eftir Kamban, að hann þekki bók, sem heitir „Ragnar Finnsson". Dómar „góðra borgara" um þessa bók, sumir, hafa sízt verið vægari en dómarnir um bækur H. K. L. Skil ég því ekki, hvernig hv. þm. (ÓTh) getur farið að því að vera með styrk til „annars eins manns" og Kambans, ef honum er nokkur alvara með hneykslun sína. — En þetta er svo sem eins og fleira um samræmið hjá þessum hv. þm. En það er alltaf broslegt, þegar þessi hv. þm. stendur upp og lætur hneykslast á orðbragði, rithætti eða nútímaskoðunum. Allir vita, að það fylgir ekki hugur máli. En þessi hv. þm. hefir oft fyrr reynt að setja hér upp hátternis- og helgisvip. Nýlega stóð hann upp hér í þessari hv. deild og talaði um helgi hvíldardagsins með miklum móði, af því að einhverjum datt í hug að láta alþingiskosningu fara fram á sunnudegi. En sjálfur lætur hann skip sín toga úti á fiskimiðum, ekki aðeins alla daga vikunnar, sunnudaga sem aðra daga, heldur jafnvel á sjálfan jóladaginn. Hvað verður um helgidagshaldið þá? — Stundum getur sami hv. þm. talað af miklum fjálgleik um nauðsynina á hjálp til fátækra, eins og þegar um er að ræða 800 króna styrk til einhvers sjúkrasjóðs í Gullbringu- eða Kjósarsýslu, kjördæmi hv. þm. En hv. þm. finnst samt aldrei nógu lágt kaupið, sem verkamenn hans fá fyrir vinnu sína. Af þessum ástæðum leyfi ég mér að kalla „hneykslanir" þessa hv. þm. verstu tegund af helgislepju. — Annars kom það fram hjá hv. þm., að hann hefir alls ekki lesið rit Halldórs K. Laxness, heldur aðeins flett upp í einni bók eftir hann og rekizt þar á kafla, þar sem honum sýndist því haldið fram, að frú í borgarastétt væri hreinræktaðasta skækjutegund. Ég leyfi mér nú að halda því fram, að hv. þm. hljóti að hafa lesið þennan kafla á sama hátt og ónefnd persóna les Grallarann — (Forsrh: Biblíuna!). Jæja, kannske það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að þessi persóna lesi heldur biblíuna. — En ég get ósköp vel frætt

hv. þm. á því, hvað Halldór Kiljan Laxness segir um konurnar í Alþýðubókinni, fyrst hv. þm. var svo smekklegur að fara að tala hér um konu sína og annars hv. þdm. H. K. L. segir, að sú kona í borgarastétt, sem giftist í því einu skyni að njóta auðs og þæginda, sem maður hennar getur veitt henni, sé engu betri en skækjan, sem selur blíðu sína hverjum sem er. Þetta hafa ákaflega margir sagt á undan þessum rithöfundi, svo að það er algerlega óþarfi fyrir hv. 2. þm. G.-K. að standa hér upp með nasablæstri og lýsa hneykslun sinni. Ef hann hefði hneykslast á þessu í alvöru, hlyti hann að vera dauður fyrir löngu af eintómri hneykslun, svo framarlega sem hann hefir nokkurntíma litið í bók.

Þá fór hv. þm. að minnast á eitthvað kvenfólk, sem hann taldi nákomið mér, þótt ég væri ekki giftur. Út af þessu vil ég aðeins segja hv. þm. það, að hann ætti að skammast sín og skammast sín aftur. (Forseti (JörB) hringir). —

Hv. þm. fór síðan að tala um, að það sæti illa á „Jónasarmanni“ eins og hv. þm. V.-Ísf. að uppnefna heilan flokk í þinginu. Krafðist hv. þm. þess með miklum þjósti, að Íhaldsflokkurinn væri kallaður því nafni, sem hann hefir tekið sér. Ég verð nú að segja fyrir mig, að mér finnst réttast að nefna flokkinn það, sem hann er. „Vér eplin“, sögðu hrossataðskögglarnir, en þeir héldu áfram að vera hrossataðskögglar eftir sem áður. Sama er um Íhaldsflokkinn. — Annars skal ég skjóta einni upplýsingu til hv. þm., fyrst honum er svo annt um nafngiftir. Hann talaði um það, að vissir menn væru kallaðir „Jónasarmenn“, en ég get þá skotið því til hans, að einn flokkur manna gengur nú almennt í bænum undir nafni „Kleppskarlar“. (ÓTh: Eru það sömu mennirnir?). Nei, það eru aðrir menn og honum nákomnari en þeir, sem hann kallar „Jónasarmenn“. Það eru flokksmenn hv. þm. sjálfs, sem hafa hlotið þetta virðulega nafn hjá almenningi vegna síðasta herbragðs þeirra.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég get farið fljótt yfir brtt. þær, sem hér liggja fyrir. Yfirleitt hefi ég það um brtt. að segja, bæði þær, er hv. fjvn. ber fram, og eins brtt. hv. þdm., að ég er þeim andvígur, sem fara fram á að auka útgjöld ríkissjóðs, nema það sé víst, að óhjákvæmilegt sé að hækka tölur frv. Skal ég þó nefna nokkrar brtt. sérstaklega.

Það er þá fyrst brtt. fjvn. um 3000 kr. til að byggja Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, 1. greiðsla af 3. Ég vil alls ekki segja, að þessum peningum væri illa varið, en hitt finnst mér, að þetta gæti vel beðið. Eins finnst mér óþarfi að fara að binda þessa greiðslu í þrjú ár. Hitt finnst mér miklu frekar koma til mála, að ríkissjóður leggi einhverja upphæð fram til þessa í eitt skipti fyrir öll, þegar búið er að fá svo mikið fé á annan hátt, að til byggingar kirkjunnar geti komið. En sem sagt, mér finnst þetta ekki aðkallandi og vel mega fella brtt.

Þá er 29. brtt. hv. fjvn., um 25 þús. kr. endurveiting til Stúdentagarðsins. Ég hefi í sjálfu sér ekkert á móti þessari brtt. Ef hún verður samþ., skil ég það sem bendingu frá Alþingi um, að sá styrkur, sem áður hefir verið veittur í þessu skyni og ekki notaður, skuli greiddur að fullu úr ríkissjóði, sem sagt 100 þús. kr., þegar bygging garðsins hefst fyrir alvöru og henni verður haldið áfram. — Hv. frsm. (BÁ) minntist á þessa brtt., og hefi ég ekkert við það að athuga, sem hann sagði um hana. Ég hefi sagt mönnum þeim, sem að þessu standa, að ég myndi nota heimildina til að greiða á þessu ári það, sem nú er veitt í fjárl. til Stúdentagarðs, og þá veitingu, sem hér um ræðir, um leið. Af afganginum, 50 þús. kr., treysti ég mér ekki til að lofa meiru en 25 þús. kr. á árinu 1931, og mundi þá afgangurinn greiðast á árinu 1932.

Þá er 41. brtt. hv. fjvn. Ég verð að segja, að mér þykir miður, að hv. n. skuli hafa gengið inn á þá braut að veita persónulega styrki eins og þennan. Ef slíkar brtt. eiga að vera bornar fram á annað borð, væri mér ljúfara að sjá þær koma frá einstökum þdm. en hv. fjvn. Annars hefir nú verið tekin upp sú venja, til þess að ekki þurfi að taka upp á Alþingi deilu um nöfn og verðleika einstakra manna, að leggja fram ákveðnar fjárhæðir til að styrkja vissa menn, og öðrum aðilja en Alþingi verið falin út-

hlutunin. Má og í þessu sambandi minna á Menningarsjóð, sem stofnaður er samkv. sérstökum lögum. Tel ég þessa aðferð heppilega og er því á móti persónulegum styrkjum eins og þeim, sem hér ræðir um.

Þá hefir hv. fjvn. tekið upp brtt. um styrk til Mjólkurfélagsins „Mjallar" í Borgarnesi, sem landsstjórnin hafði fellt niður. Eftir minum kunnugleika af þessari verksmiðju er mjög vafasamt, hvort rétt er að veita þennan styrk. Verksmiðjan starfar ekki nema öðru hverju, og mun það stafa af því, að illa gengur að selja mjólkina. Hv. frsm. minntist á, að í ráði mundi að breyta þarna til og koma upp fullkomnu mjólkurbúi. Gæti ég betur fellt mig við það en núverandi starfrækslu. Ef af þessu verður, mun ég að sjálfsögðu fylgja því, að þetta mjólkurbú njóti sama styrks og hliðstæðar stofnanir.

Í 50. brtt. sinni hefir hv. fjvn. tekið upp styrki til ýmissa sjúkrasjóða, sem felldir höfðu verið niður. Það má vera, að þessir sjóðir eigi það skilið að fá einhvern styrk. Um það veit ég ekki, og enginn í fjármálaráðuneytinu hefir hugmynd um, hvernig þessi félög eru rekin. Er mér ekki grunlaust um, að til séu fleiri sjúkrasjóðir og styrktarfélög á landinu en þessi, sem hafa alveg sama rétt til styrks. Mér finnst ekki mega minna vera en að þessar stofnanir sendi reikninga sína til ríkisstj. árlega og ætti ekki að greiða styrkina fyrr en þeir hafa verið samþykktir. Ég rengi alls ekki, að þessir félagsskapir séu til, en það væri viðfelldnara að fá að vita eitthvað um rekstur þeirra. Þetta eru vitanlega ekki svo stórar fjárhæðir, að neinu verulegu nemi, hvort þær eru samþ eða ekki. En ef fleiri slíkir sjóðir eru til hér á landi, þá eiga þeir vitanlega líka fullan rétt til að gera sömu kröfu og njóta sömu úrlausnar.

Um till. fjvn. við 18. gr. hefi ég ekki annað að segja en það, að ég fellst á þær allar.

Þá koma till. frá ýmsum hv. dm. Um þær hefi ég yfirleitt það að segja, að ég er mótfallinn þeim flestum. Ég sé því naumast ástæðu til að gera þær að umtalsefni hverja fyrir sig. Út af brtt. 260, XXVI, frá hv. 1. þm. Skagf., um að við liðinn komi aths. um, að Guðmundur Friðjónsson fái af þessu fé 1500 kr. til utanfarar, þá vil ég segja það, að ég er alls ekki mótfallinn því, að G. Fr. fái þetta. En hinsvegar er ég andvigur því, að þingið setji slíkar aths., því þá ber enn að sama brunni um, að þm. fara að bítast um það, hverjir þennan styrk skuli fá og hverjir ekki. En fyrir þetta átti einmitt að taka með því að veita þessa styrki sem eina upphæð og láta stj. um að úthluta henni. (MG: Ég skal taka till. aftur, ef hæstv. ráðh. vill heita því, að veita G. Fr. þennan styrk!). — Ég fyrir mitt leyti skal styðja að því, að G. Fr. fái þennan styrk.

Er þá ekki annað, sem ég þarf sérstaklega að minnast á hér.

Þá eru brtt., er miða að því, að stj. sé gefin heimild til að taka ábyrgð fyrir hönd ríkisins á einstökum lánum. Ég hefi áður látið í ljós það álit mitt, að varhugavert væri að binda ríkissjóði of miklar ábyrgðir á herðar. En ég játa, að þing og stj. er í vanda stödd út af slíkum till. Ég veit, að það er fullkomlega ofviða ýmsum héruðum að ráða við stórar framkvæmdir, sem heimta mikið fé, ef þau fá enga aðstoð frá ríkinu um ábyrgð á þeim lánum, sem þau þurfa að taka. En eins og þetta hefir komið fram í ýmsum till., þá tel ég slíkar beiðnir óforsvaranlegar. Fyrst er heimtað, að ríkissjóður leggi fram í beinum styrk svo og svo mikinn hluta af því fé, sem fyrirtækið kostar, og svo er heimtuð ábyrgð ríkissjóðs fyrir afganginum. Með öðrum orðum: Ríkið á að kosta og ábyrgjast fyrirtækið eins og það leggur sig. Annað mál væri, ef hlutaðeigendur legðu fram stóran hluta til fyrirtækisins, án þess að stofna til skulda og án þess að ríkissjóður legði til ábyrgð nema að litlu leyti. Þær ábyrgðir, sem farið er fram á í þeim till., er hér liggja fyrir, eru í raun og veru þannig vaxnar, að ég tel tæplega forsvaranlegt, að ríkissjóður takist þær á hendur. Ég get því ekki annað en mælt á móti þeim.

Þar sem ég finn ekki ástæðu til að fara út í einstakar brtt. að svo komnu, þarf ég ekki að segja fleira að sinni og læt lokið máli mínu.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þannig vill oft verða um þennan kafla fjárl., að örðugt reynist að ná samfelldu áliti fjvn. um hinar einstöku brtt. Svo hefir og farið enn. Ég hygg því, að ég geti um þær sagt það eitt frá hálfu fjvn., að meiri hl. hennar hafi verið á móti þeim flestum, þ. e. a. s. einhver meiri hl. En vegna þess, hve fáar þær till. eru, sem n. er einhuga með eða móti, má segja, að óbundin atkv. eru um þær flestar. — Ég ætla þá fyrst að víkja að brtt. fjvn. að því leyti, sem hæstv. fjmrh. minntist á þær. Aðrir en hann hafa ekki á þær minnzt, og býst ég því við, að hv. þdm. séu sammála fjvn. um þær flestar.

Það var þá fyrst styrkurinn til Hallgrímskirkju, sem hæstv. fjmrh. lagði á móti — og þó ekki á móti í raun og veru. Hæstv. ráðh. lagði aðeins á móti því að skipta greiðslunni eins og fjvn. leggur til. Vill heldur veita alla upphæðina í einu. Ég býst nú ekki heldur við, að neinn vilji vinna á móti því, að Hallgrími Péturssyni, sem á enn djúpar rætur í hugum flestra Íslendinga, verði þarna reistur veglegur og viðeigandi varði, sem haldi minningu hans á lofti um komandi aldir. En þar sem allur undirbúningur að þessu verki er nú þegar hafinn, þá sé ég ekki, eftir hverju er að bíða. En ef það er vilji hæstv. fjmrh., að öll upphæðin sé veitt í einu, þá get ég fyrir mitt leyti verið því samþykkur. En fjvn. þótti nú réttara að leggja til, að þessari fjárgreiðslu væri skipt í þrennt, og væru þá veittar 3000 kr. á ári í þrjú ár.

Viðvíkjandi Mjöll hefi ég litlu við að bæta. Því er ekki að neita, að þetta fyrirtæki hefir átt örðugt uppdráttar um skeið. Framleiðslan hefir orðið lítil. En á hitt má þá einnig minna, að ef framleiðslan verður engin, þá verður og heldur enginn styrkur greiddur. En um hitt er ég sammála hæstv. ráðh., að æskilegt væri, að samtök næðust um, að þarna risi upp heilsteypt mjólkurbú, sem niðursuðan rynni inn í og yrði einn liður í starfrækslunni. En á meðan það er ekki komið í framkvæmd, get ég ekki séð, að rétt sé að afnema þennan styrk.

Þá var það styrkur til ýmsra sjúkrasjóða. Um það atriði voru talsvert skiptar skoðanir í fjvn., meðfram einmitt af þeim ástæðum, sem hæstv. fjmrh. tók fram, að fleiri sjóðir gætu átt sömu kröfu til styrks. En þetta varð nú samt ofan á í n. Fjvn. gat ekki séð, að félagið Dagsbrún, sem tekið hafði verið upp í fjárlfrv. stj., ætti fyllri kröfu til fjárstyrks en önnur félög eða sjúkrasjóðir. En ég hygg, að allir nm. hafi verið sammála um það, að ef þetta verður samþ., þá sé rétt að bæta við öðrum, er jafnan rétt eiga, og má þá gera það fyrir 3. umr., ef umsóknir liggja fyrir. Hinsvegar tel ég sjálfsagt, að þeir sjóðir, er slíks styrks njóta, sendi skýrslur og reikninga. Ég mæli því með því fyrir mína hönd og annara nm., að þessir liðir verði samþ.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á nokkra styrki til einstakra manna í bókmenntalegum tilgangi. Taldi hann, að með þeim till. væri lagt út á hála braut, sem reynt hefði áður verið að loka En það var nú svo með þetta, að ekki sást, að í annað hús væri að venda fyrir þessa menn, og þar sem n. virtust menn þessir verðugir þess, að vera styrktir, þá varð nú þetta ofan á.

Þá vil ég minnast nokkuð á þær brtt. frá einstökum þm., sem eru á þskj. 260. Mín framsaga byrjaði með 14. gr., og gríp ég því þar niður. Verður þá fyrst fyrir XII. brtt., sem er frá minni hl. fjvn. og er um, að niður falli skólastjórakostnaður við menntaskólana. Meiri hl. fjvn. hefir nú ekki getað fallizt á, að rétt sé að fella þetta niður. Hann lítur svo á, að þetta risnufé eigi rétt á sér. Það hefir verið litið svo á af ýmsum, að of lítið samband væri milli kennara og nemenda hér við menntaskólann. En náin umgengni við nemendur hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sér, sem skólastjórarnir, með þeim launum, sem þeir hafa, eru naumast færir um að kosta sjálfir. Á Akureyri mun þessa ekki hvað síst vera þörf. Skólameistarinn þar er ekki svo hátt launaður. Ýmsir kennarar hér hafa eins háa upphæð til uppbótar sínum launum. Ég hygg, að margir hv. þm. þekki af eigin raun þá stórmiklu gestrisni, sem ferðamenn mæta hjá skólameistaranum á Akureyri. Umferð er þar mjög mikil. Þá er og heimavist við skólann, sem veldur miklum átroðningi. Af öllu þessu skapast stórmikill kostnaður,

sem ekki er fært undir að rísa með núverandi launum. Ég býst og við, að svipað muni reynast hér, þegar nýjar reglur eru upp teknar. Samkv. frv. þeim um þessa skóla, sem legið hafa fyrir hv. Ed. og virðast fljúga þar í gegn, eiga rektorar þeirra að hafa 2000 kr. risnufé. Ég sé því ekki, að til neins sé fyrir þessa hv. deild að rísa móti vilja Ed., einkum þar sem hér er um sanngjarnan hlut að ræða. — Viðvíkjandi samanburði þeim, er hv. þm. Vestm. gerði á þessu og risnu varðskipstjóranna, er það að segja, að þar var álit stj., að slík risna og veizluhöld væri beinlínis skaðleg fyrir landhelgisgæzluna. Er því hér um algerlega óskylda hluti að ræða.

Þá kem ég að till. hv. þm. Ísaf. um að aths. um skólagjöldin falli niður. Þessi till. kemur nú fram í mörgum myndum, því 1. till. á þessu sama þskj. er um að skólagjöldin falli niður. Er því búið að ræða þetta undir fyrri kafla fjárlagafrv. Þarf ég því í raun og veru litlu að bæta við. En ég vil þó benda á viðvíkjandi þessum skólagjöldum, að venjan hefir verið sú, að fátækir nemendur slyppu við þau. Hér er því um það eitt að ræða, að létta þeim af hinum efnaðri nemendum. Og þar sem skólagjöld tíðkast við flesta aðra skóla landsins, — hví þá ekki að hafa þau líka við þessa skóla? Í frv. um menntaskóla eru ákvæði um, að stjórnarráðið ákveði upphæð skólagjalda í samráði við skólastjóra og fræðslumálastjóra, og skulu samkv. því aldrei færri en ¼ hluti nemenda vera undanþegnir skólagjöldum. Verða það vitanlega hinir fátækari. Þarf ég varla fleira um þetta að segja.

Þá er næst till. um að veita kvenfél. „Ósk“ á Ísaf. 10 þús. kr. byggingarstyrk. Ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. fyrri hl. sagði í gær, að tillit hefir verið tekið til örðugleika þessa félags, með því að leggja til, að styrkurinn til þess sé hækkaður um 1000 kr. Þar sem nú standa yfir tvær skólabyggingar, en þetta hinsvegar getur beðið, þá teljum við ekki rétt að samþykkja þessa brtt.

Þá kemur næst till. frá hv. þm. V.-Sk., 1500 kr. til húsmæðrafræðslu í Vík. Flm. till. hefir talað fyrir henni, og er ekki öðru við það að bæta en því, að meiri hl. fjvn. mælir með því, að hún sé samþ., enda hefir hún staðið í fjárl. áður.

Þá er till. frá hv. 4. þm. Reykv., blindrakennsla. Fjvn. er ekki vel ljóst um fyrirkomulag á þessu, en er hinsvegar óljúft að mæla móti því, að létt sé undir með slíkum aumingjum og hér eiga í hlut. En hún vill þó ekki, að veitt sé hærri upphæð til þessa en annarstaðar kemur frá á móti.

Næst er till. frá minni hl. fjvn. um að XX. liður 14. gr. B. (íþróttakennsla) falli niður. Þessi liður hefir áður verið í fjárl. á nafni Björns Jakobssonar og ætlaður til kennslu í sveitum. Í. S. Í. fær sérstakan styrk til íþróttakennslu, sem ætluð er kaupstöðunum. Meiri hl. n. mælir með, að þessi liður standi áfram. Þótt Björn Jakobsson noti ekki þennan styrk, þá geta aðrir orðið til þess, og er því rétt, að hann standi áfram.

Hinn ágæti íþróttakennari Jón Þorsteinsson sótti um utanfararstyrk, 1500 kr., til að fullkomna sig betur. Mér þætti vel á því fara, að hann fengi nokkuð af þessari upphæð, ef samþ. verður, einkum með tilliti til þess, að sveitakennarar hafa mjög sótt kennslu til Jóns Þorsteinssonar.

Ég tala fyrir mína hönd aðallega, vegna þess að það er till. frá þremur mönnum úr fjvn. að fella þetta niður, svo að það segir sig sjálft, að ég get ekki talað af þeirra hálfu.

Þá kemur till. frá hv. 1. þm. S.-M., XVIII. á þskj. 260, um að veita 1000 kr. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði. Meiri hl. n. leggur móti því, vegna þess að þessi amtsbókasöfn fara að verða heldur lítils virði fyrir ömtin sem heild. Þau verða að mestu gagni kaupstöðunum, þar sem þau eru, enda er talsverður reipdráttur milli hinna stærri kaupstaða um þau. Og n. gerir ekki ráð fyrir, að verulegt samkomulag fáist um þetta safn, þannig að fleiri aðilar hafi not af því en nú, þó að það verði tekið sem amtsbókasafn.

Ég kem þá hér að tveimur till., XIX. og XX., frá nokkrum hv. þm., um að veita tveimur leikkonum styrk til leiklistarnáms erlendis. Ég get sagt um báðar þessar till., að meiri hl. n. er móti þeim, enda þótt einstakir nm. hafi óbundnar hendur, eins og sést þegar þess er gætt, að einn

maður úr fjvn. er aðalflm. að annari þeirra.

Þá er brtt. XXI., frá hv. 1. þm. Reykv., um 1000 kr. til Karlakórs Reykjavíkur. Meiri hl. n. er á móti þessu. Sami styrkur var settur í yfirstandandi fjárlög, en mér skilst, að til þess hafi verið ætlazt, að það væri veitt í eitt skipti fyrir öll. Og mér virtist þetta aðallega gert vegna skiljanlegrar keppni milli þessa söngflokks og kórs K. F. U. M. og styrkurinn átti að ganga til undirbúnings undir alþingishátíðina í sumar. Ég held, að það hafi fremur verið nokkurskonar sárabætur heldur en að það ætti að verða standandi styrkur í fjárl.

Þá er brtt. XXII., við 15. gr. 20, nýr liður. Það eru 2000 kr., eða til vara 1500 kr., til Gunnars Hallgrímssonar, til að kynna sér stjórn hljómsveita erlendis og ljúka námi í fiðluleik.

Það væri náttúrlega mjög æskilegt, að hv. þm. Ísaf. gæti fengið þennan mann að loknu námi til þess að standa fyrir „músiklífi", sem kvað standa mjög hátt þar í bænum. En meiri hl. n. vill leiða það hjá sér.

XXIII. brtt., frá hv. 1. þm. Reykv., er um nýjan lið við 15. gr. 20, og fer fram á utanfararstyrk til Þórðar Kristleifssonar, til söngnáms. Hvort sem það er af því, að fjvn. er „ómúsíkölsk" eða ekki, þá hefir till. ekki fundið náð fyrir augum hennar. En einstakir nm. hafa óbundnar hendur fyrir því.

XXIV. brtt., frá hv. þm. Ísaf., er við 15. gr. 21, um hækkun á styrk til skálda og listamanna um helming, úr 6 þús. í 12 þús. kr. Mestur hluti n. er mótfallinn því, þó að hinsvegar muni vera tilhneiging hjá einstökum nm. að hækka styrkinn eitthvað, t. d. upp í það sama og í fyrra.

Sama er að segja um till. hv. 1. þm. Reykv., að veita stúdentaráði háskólans 1500 kr. styrk til að starfrækja upplýsingaskrifstofu.

Því næst kemur XXVI. brtt., við 15. gr. 33, frá hv. 1. þm. Skagf., um að 1500 kr. af því fé, sem ætlað er til utanferða, sé ráðstafað sem utanferðarstyrk til Guðmundar skálds Friðjónssonar á Sandi. Hæstv. fjmrh. hefir talað um þessa brtt. og lagzt heldur á móti henni, en hinsvegar gat hann þess, að hann mundi fyrir sitt leyti mæla með, að Guðmundur fengi utanfararstyrk. Ég vildi óska, að Guðmundur hefði fengið þennan styrk 20—30 árum fyrr. Hann mun a. m. k. ekki hafa tiunda hluta þess gagns, sem hann þá hefði áunnið við utanferð, þó að hann færi nú. Þetta ætti að vera hugleiðingarefni og hvatning til manna að veita ungum og efnilegum rithöfundum styrk, meðan þeir hafa full not hans. En það er of seint að hlaupa upp til handa og fóta, þegar menn eru komnir á grafarbakkann og hættir að læra. (HK: Lífið er eintómur skóli). En námsmennirnir ekki alltaf jafnvel fyrirkallaðir.

Þá er brtt. XXVII., frá hv. þm. V.-Sk., við 16. gr. 3, nýr liður, um 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi. En þm. hefir tekið hana aftur og borið fram aðra, sem ég kem síðar að.

En þá er brtt. XXVIII., frá báðum þm. Skagf., um 75 þús. til raforkuveitu um Skagafjörð, fyrsta greiðsla af þremur. Hv. 2. þm. Skagf. talaði langt mál fyrir þessari brtt. sinni. Hann var búinn að halda svipaða ræðu um þetta á öðrum vettvangi, um þá þörf og þá blessun, ef hægt væri að veita sveitunum nóg rafmagn til suðu, ljósa og hitunar. Og þó að hann segði svo margt og mikið um þetta nauðsynjamál, þá gæti vist hver þm. bætt við jafnmiklu frá eigin brjósti. Aðeins er eftir að velja leiðina til að koma þessu í framkvæmd. Og ég verð að segja í sambandi við þær upplýsingar, sem fyrir hafa legið um þetta mál, að ef Skagafjörður er það hérað, þar sem auðveldast er að hrinda slíkri virkjun í framkvæmd, þá lofar það ekki sérstaklega góðu um önnur héruð. Fyrirtækið er nógu erfitt þar, og þó er það rafmagn, sem áætlað er á bæ, ekki nema helmingur af því, sem þyrfti, ef nóg á að vera til alls brúks.

En það er meira, sem liggur bak við. Með því að samþykkja þessa till. mundu menn með einni atkvgr. ákveða það mál, sem legið hefir fyrir tveimur þingum og alls ekki hefir verið fundið nokkurt fullnaðarskipulag fyrir. Það yrði þá að veita öllum öðrum héruðum samskonar styrk. Og þó að upphæð þessi sé hvergi nærri nóg til slíkra stórvirkja, verður ríkissjóður ekki fær um að snara því öllu

út. Áður en nokkru er slegið föstu um þetta, verður að fara fram rannsókn á öllum möguleikum, og eins og ég hefi tekið fram, verður um leið að finna nýjan tekjustofn. Með þetta í huga get ég ekki lagt til, að veittur sé styrkur til einstakra rafveitufyrirtækja, og þar tala ég áreiðanlega í samræmi við vilja meiri hl. fjvn. En eftir að með fullri rannsókn og íhugun hefir verið ráðið fram úr málinu í aðalatriðum, þá mun ekki standa á mér að greiða atkv. með styrk til þeirra framkvæmda.

Næst kem ég að XXX. brtt., frá 1. þm. Reykv., við 16. gr. 26, nýr liður, um að veita Ingu Lárusdóttur 3500 kr., eða til vara 3000 kr., til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis. Ég býst við, að einhverjir úr n. greiði atkv. með þessu.

Þá kemur XXXI. brtt., frá 3. þm. Reykv., um 10 þús. kr. til Kvenfélagasambands Íslands. Aðrir liðir eiga þá að falla niður í staðinn, 28.—30. liður, um Samband norðlenzkra kvenna, Samband austfirzkra kvenna og Bandalag kvenna. Beiðni um þetta hefir einnig legið fyrir fjvn. og hún hefir um þetta óbundnar hendur. Ég fyrir mitt leyti er þessu hlynntur; ég sé, að það væri betur farið, að fela einni stjórn umsjón þeirrar fræðslustarfsemi, sem fé þetta gengur til, heldur en mörgum félögum. Þetta er hliðstætt Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu. Ég skýri hér frá minni eigin skoðun.

Hv. þm. Vestm. var að benda mér og sýna, að ég hefði hlaupið yfir till. um styrkinn til Fiskifélagsins, sem stendur í 16. gr. 19. En ég minntist á hana í framsöguræðu minni í gær, af því að hún er frá fjvn., þó að hún standi á þskj. einstakra þm.

Það var alveg rétt aths. hjá hv. þm. V.-Húnv. Það er rangt að vera að leggja ríkisfé úr tveimur áttum til sömu fyrirtækja. Það er ekki rétt, að ríkissjóður annarsvegar ákveði framlög til bryggna og lendingarbóta, og svo komi úr annari átt fé, sem þó er eiginlega úr ríkissjóði, þó að því sé ráðstafað af Fiskifélaginu, til sömu framkvæmda. Því að vitanlegt er, að á þann hátt raskast öll þau hlutföll, sem Alþingi gengur út frá, þegar þm. eru að ráða ráðum sínum um, hvernig fyrirtækin skuli styrkt. En þó að þessi aths. sé rétt, er hitt jafnvíst, að svo mörg þarfamál liggja fyrir Fiskifélaginu, að þessi brtt. frá fjvn. er ekki neinn óþarfi.

Þá er XXXII. brtt., frá hv. 4. þm. Reykv., við 16. gr. 33, nýr liður um 5 þús. kr. til Sjómannafélags Reykjavíkur, til að halda uppi lesstofu fyrir sjómenn og til ráðningarstarfsemi. Meiri hl. n. leggur móti þessari till. Ég get að vísu undirstrikað orð hv. þm. um, hver nauðsyn það er, að sjómenn eigi sér eitthvert hæli, þar sem þeir geti leitað sér skjóls og hvíldar, lesið góðar bækur og notið margs sér til gagns og gleði, sem þeir annars kynnu að leita á óhollari og óheppilegri stöðum. En ég veit ekki betur en að hér starfi tvær sjómannastofur, sjómannaheimili Hjálpræðishersins og Sjómannastofan. Þá sé ég ekki svo brýna nauðsyn að koma upp þeirri þriðju og get því ekki verið með þessum styrk. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um ráðningarskrifstofu, verð ég að segja, að ráðningarskrifstofa Búnaðarfélagsins, sem hann minntist á, hefir ekki gefið svo góða raun, að nokkrum dytti í hug, að nauðsyn bæri til að koma upp eftirmynd hennar hér í Reykjavík.

Annars segi ég, að ef Alþingi á annað borð virtist knýjandi nauðsyn til að koma upp ráðningarskrifstofu fyrir verkafólk, þá mundu fæstir geta fallizt á, að hún væri reist á þeim grundvelli, sem hv. þm. ætlaðist til. Því að vitanlega er Sjómannafélagið, þótt margt gott sé um þann félagsskap að segja, stéttarfélag og miðar einungis við hagsmuni hennar. En fyrir ráðningarskrifstofu yrðu að standa allir aðilar, Búnaðarfélag, Fiskifélag, Sjómannafélag, verkamenn o. s. frv. M. ö. o. yrði að ganga þannig frá, að enginn einn aðili hefði þar meira vald en annar.

Þá kem ég hér að XXXIII. brtt., frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf., um að hækka styrkinn til Stórstúku Íslands úr 8 þús. í 15 þús. kr. N. hefir óbundnar hendur um þessa brtt., og ýmsir úr henni geta fallizt á að hækka styrkinn nokkuð, en þetta þykir of mikið.

XXXIV. brtt. er frá hv. 2. þm. G.-K., um nýjan lið við 17. gr., um 800 kr. til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík til hjálpar fátækum ekkjum og börn-

um sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum. Þessi fjárveiting komst inn í núgildandi fjárlög á síðasta þingi. Með henni kom inn tillag til styrktarsjóðs Maríu Össurardóttur. Enn hefir ekki komið till. um fjárveitingu til þeirrar stofnunar, en um hana hlýtur að gegna sama máli og um þessa. Í fyrra var vist veitingin gerð í eitt skipti fyrir öll, og það virðist ekki rétt að taka einn slíkan sjóð út úr. Þó að n. hafi óbundnar hendur, er meiri hl. hennar á móti þessu.

Þá er XXXV. brtt., frá hv. þm. Vestm., um nýjan lið við 18. gr. II. f. 25. Það er 1200 króna styrkur til Þórodds Bjarnasonar pósts, eða til vara 1000 kr. Þetta lá líka fyrir n. og meiri hl. hennar var því algerlega mótfallinn. Hv. þm. var að brýna n. á því, að hún færi í manngreinarálit. Nei, það er ekki rétt. Hitt verða menn að athuga, að þó að þörfin sé mikil, er geta ríkissjóðs ekki eins mikil, og í kjölfar þessarar till. siglir fjöldi annara.

Þá kemur brtt. frá nokkrum hv. þm. við 18. gr. II. g. 12, nýr liður, um 2000 kr. styrk til Guðmundar Kambans. Um hana hefir n. óbundnar hendur, og sumir nm. eru henni fylgjandi.

Því næst koma tvær brtt. frá hv. 2. þm. G.-K., undir tölunni XXXVII. Fyrst er við 18. gr. II. g. 12, nýr liður, um 600 kr. til Carls Axels Möllers, fyrrv. símstöðvarstjóra. Um það er svipað að segja og um styrkinn til Þórodds Bjarnasonar. Þó að menn geti með fyllsta rétti talað um þörf og mannúðarskyldu, er ekki hægt að verða við slíkum beiðnum. Enn þá hefir enginn símastjóri verið tekinn í þessa grein fjárl., og n. hefir kveinkað sér við því. Menn verða að muna, að þegar þeir greiða atkv. um þessar vesölu 600 krónur, þá er í rauninni að ræða um mörgum sinnum 600.

Um leið tek ég síðari brtt. frá sama þm., við 22. gr. III., nýr liður, um allt að 83 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir Keflavíkurhrepp á láni, sem nemi þriðjungi kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu. Fjvn. hefir sett sér þá reglu að samþykkja alls ekki að ábyrgjast lán til hafnarbóta og bryggjugerða, þegar aðilar fara fram á ábyrgð fyrir þeim hluta kostnaðar, sem ekki er veittur sem styrkur.

Þessari reglu hefir verið fylgt til þessa, og leggur n. því eindregið á móti þessari till. Virðist og engin ástæða til þess að taka þennan eina aðila út úr.

Þá kem ég að till. hv. þm. Skagf., sem gengur út á, að ríkið ábyrgist, gegn endurábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, allt að 500 þús. kr. lán til raforkuveitu um Skagafjörð.

Fyrir hönd n. er hið sama að segja um þessa till. sem um till. sömu þm. um ríkisstyrk til þessarar raforkuveitu, og get ég því látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði í sambandi við þá till., en þó vil ég bæta því við, frá eigin brjósti, að ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að það er ólíkt betri og heppilegri leið fyrir lánstraust ríkisins út á við, að það létti undir með hreppum og sýslufélögum um hinar ýmsu framkvæmdir, þannig, að það taki sjálft lán og veiti síðan þessum aðiljum, heldur en að taka á sig ábyrgð á eigin lánum þeirra, eins og verið hefir til þessa. Þessar ríkisábyrgðir eru fengnar í hendur einum og öðrum, stundum góðum mönnum og skilríkum, stundum hreinræktuðum labbakútum, sem valsa með þær út um heim og bjóða út lán út á þær, eða jafnvel nota þær til „spekulationa“. Það hafa komið þær viðvaranir til Landsbankans og ríkisstj. út af slíku framferði, að Alþingi ætti sannarlega að sjá sig um hönd, áður en það er of seint, og snúa frá þeirri heimsku að veita Pétri og Páli ábyrgðir, til þess að valsa með í útlöndum og veifa framan í erlenda fjáraflamenn, og í þess stað að taka upp þá reglu, að ríkið taki sjálft lán og veiti hinum ýmsu aðiljum, sem á hjálp þurfa að halda, til þess að verða megnugir framkvæmda sinna.

Um till. þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Árn., um að greiða séra Kjartani Helgasyni, fyrrv. prófasti í Hruna, full prestslaun, get ég verið fáorður. Meiri hl. n. leggur eindregið á móti þeirri till., ekki af því, að hann sé á móti manninum sjálfum — séra Kjartan er mætur og gegn maður og alls góðs maklegur, — heldur af því, hve varhugavert það er að taka einn eða annan prest út úr og greiða full laun. Eða hvar á að draga markalínuna milli góðra og vondra presta, milli þeirra

presta, sem þessa eru maklegir í viðurkenningarskyni fyrir starf sitt í þágu guðskristni í landinu, og hinna, sem ekki hafa til slíkrar viðurkenningar unnið?

39. brtt. á þskj. 260 hefir flm., hv. 1. þm. S.-M., tekið aftur til 3. umr., og er því ekkert um hana að segja.

Um brtt. 270, 2 hefi ég getið áður í sambandi við XXVIII. brtt. á þskj. 260, sem flm., hv. þm. V.-Sk., hefir tekið aftur. Þessi síðari till. hans, sem hann hefir tekið upp í stað hinnar, fer fram á, að af því fé, sem áætlað er til sandgræðslu í fjárl., verði veittar 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu á Meðallandi. N. hefir ekki haft tök á að bera sig saman um þessa till., en ég fyrir mitt leyti mæli með henni.

Þá á ég eftir eina brtt. á þskj. 260. Er hún frá hv. þm. Ísaf. og fjallar um það, að stúdentastyrkurinn hækki úr 12000 kr. í 15000 kr. Meiri hl. n. leggur eindregið á móti þessari till. Álítur hann, að með 12000 kr., eins og styrkurinn er nú í yfirstandandi fjárl. og n. leggur til, að hann verði áfram, sé séð fyrir hinum brýnustu þörfum í þessu efni. Það má vitanlega segja, að þessi styrkur verði aldrei of hár, alltaf sé nóg þörf fyrir hann, en einhversstaðar verður að setja takmörkin, og n. þótti rétt að setja þau við 12000 kr.

Ég held, að ég þurfi ekki að minnast á fleira að þessu sinni, og læt því lokið máli mínu.

Jóhann Jósefsson: Hv. frsm. síðara kafla fjárl. minntist á brtt. frá mér, viðvíkjandi 1200 kr. ellistyrk til Þórodds Bjarnasonar pósts, og taldi, að hv. n. hefði ekki getað aðhyllzt þessa till., vegna þess hve ég færi fram á háa upphæð.

Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á það, að á þeim lið fjárl., þar sem er að finna eftirlaun og styrktarfé til pósta og póstmanna, eru margar mun hærri upphæðir tilgreindar en ég vogaði mér að fara fram á. Þó að till. mín verði því samþ., er ekkert fordæmi skapað með henni í þessu efni.

Hvað ádeiluna í garð n. snertir, vil ég bæta því við, að ég deili ekki á n. fyrir það, að hún gat ekki aðhyllzt mína till., heldur fyrir hitt, að n. skyldi ganga framhjá styrkveitingu til manns, sem í 20 ár hefir gegnt starfi sínu með stakri dyggð og trúmennsku og hefir hin beztu meðmæli yfirmanns síns, póstmeistarans. Vænti ég þess, að hv. deild taki n. fram og fallist á að veita þessum aldna starfsmanni nokkra úrlausn.

Þá kem ég að styrknum til Halldórs Kiljan Laxness, sem ég verð að fara um nokkrum orðum enn, vegna ummæla, sem að mér hefir verið stefnt frá ýmsum hv. þm. frá því að ég talaði síðast.

Það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., ef hann heldur, að ég álíti, að þessi rithöfundur megi ekki setja skoðanir sínar fram á prenti, svo sem l. leyfa. Það er vitanlegt, að hér á landi er bæði skoðanafrelsi og prentfrelsi — a. m. k. hefir það verið svo til þessa — og að þessum rithöfundi sem öðrum er heimilt að setja fram skoðanir sínar á prenti innan þeirra takmarka, sem landslög ákveða.

Það atriði, sem hér hefir verið deilt um, er það, hvort verðlauna eigi ritverk þessa höfundar af opinberu fé, og það er sitt hvað annað en að nokkur hafi gerzt *til að halda því fram*, að þessi maður mætti ekki skrifa.

Báðum flm. þessarar till. fannst það einkennilegt, að ég skyldi minnast eins af höfuðskáldum okkar Íslendinga í sambandi við Halldór Kiljan Laxness, og skal ég játa það, að svo mikið djúp er staðfest á milli þessara höfunda, að vart má nefna þá saman, en því varð mér á að nefna Þorstein Erlingsson í þessu sambandi, að hann naut um sína tíð ekki meira en 600 kr. í styrk árlega, og er þó öllum vitanlegt, hversu fögur ljóð hans eru. Og gagnvart þeirri skoðun hv. þm. Ísaf., að ljóð Þorsteins Erlingssonar séu sambærileg ritverkum Halldórs Kiljan Laxness, sem hv. þm. V.-Ísf. ofbauð að lesa, verð ég að halda hinu gagnstæða fram, þó að óskriftlærður sé. Mér finnast hin fögru ljóð Þorsteins Erlingssonar hátt hafin yfir allan samanburð við „sensations"- bækur Halldórs Kiljan Laxness.

Að öðru leyti skal ég ekki fara að halda uppi umr. um verðleika eða ekki-verðleika þessa rithöfundar, heldur aðeins gera enn nokkra grein fyrir minni skoðun á því, hvort rétt sé að styrkja

þennan rithöfund með styrk af opinberu fé.

Það vill svo vel til, að til eru dómar um þennan rithöfund, t. d. eftir yfirmann hv. þm. V.-Ísf., hæstv. dómsmrh. Í „Tímanum" 1927 kom út grein um bækur og listir, merkt með stöfunum J. J., sem allir vita, að eru upphafsstafir og ritmerki hæstv. dómsmrh. Þar tilfærir hann nokkra staði úr þá nýútkominni bók eftir H. K. Laxness, Vefaranum mikla frá Kasmir, og segist tilfæra þá til þess að sýna mönnum, hverskonar skáldskapur það sé, sem hér sé um að ræða. Það væri óneitanlega freistandi að lesa hér upp þessa kafla, sem hæstv. dómsmrh. tilfærir sem sérstakt sýnishorn ritháttar Halldórs Kiljan Laxness, sérstaklega samanburð þessa höfundar á gildi giftra kvenna og vændiskvenna, en ég held, að ég geri það ekki. Þessir kaflar eru þannig að efni og orðfæri, að þeir mundu setja blett á „Þingtíðindin", ef þeir væru teknir upp í þau, en hinsvegar fer mjög vel á því, að þeir séu ekki annarsstaðar prentaðir en í bókum höfundarins og „Tímanum".

Það væri fróðlegt, þar sem hér liggja fyrir yfirlýsingar frá hv. þm. V.-Ísf. um það, að honum hafi ofboðið að lesa suma kaflana í einni af bókum þessa höfundar, sem hann nú ber fram á bænarörmum við þingið, að fá yfirlýsingu um það frá fræðslumálastjóranum, hvert álit hans sé á þessum köflum sem efni í lestrarbók handa ungdómnum. Því er nefnilega ekki að leyna, að fyrir skömmu kom fram sú skoðun í einu blaði hér, að ein af bókum Halldórs Kiljan Laxness væri vel fallin sem lestrarbók fyrir ungdóm þessa lands. (HG: Því ekki sem húslestrabók). Ég veit það vel, að bæði ég og hv. flm. þessarar till. erum nógu þroskaðir og harðnaðir til þess að lesa bækur þessa höfundar án þess að bíða tjón á sálu okkur, en ég lít svo á, að ritverk sem þessi eigi ekki að berast út á meðal þjóðarinnar og vera lesin af óþroskaðri æsku, sem sólgin er í að lesa allt það, sem æsandi er, eða — eins og það er kallað — spennandi.

Ég álít það skaðlegt að vera að greiða götu slíkra ritverka með því að veita höfundum þeirra styrk af opinberu fé, en því er ekki að neita, að það er orðinn nokkurskonar tíðarandi, sem hefir gert vart við sig á undanförnum þingum og stingur enn upp höfðinu, — þetta daður og dekur við þá rithöfunda, sem helzt væri hægt að einkenna með því að nefna þá kynvillurithöfunda, er farið að verða nokkuð áberandi. Þeir eiga að vera svoddan gersemar, þessir rithöfundar, að sjálfsagt er talið að veita þeim opinberan styrk, samtímis því sem hendi er drepið við réttmætum kröfum aldurhniginna starfsmanna ríkisins og styrkjum til nauðsynlegra fyrirtækja.

Mér er spurn: Erum við svo fátækir að læsilegum íslenzkum bókum, að nauðsynlegt sé að styrkja af opinberu fé þá menn, sem skrifa bækur í sama anda og Halldór Kiljan Laxness hefir gert, bækur, sem eru þannig að efni, að öðrum hv. flm. þessarar till. þykir sér ofboðið með því? Og hver verður afleiðingin af því, ef þessi stefna verður upp tekin? Mundi hún ekki verða sú, að almenningur gleypti við allskonar skrifum, svipuðum þeim, sem hér er um að ræða?

Hv. þm. Ísaf. sagði, að Halldór Kiljan Laxness væri áþekkur „göldum fola", sem væri eftir að temja. Þetta má vera. Og ég vildi óska þess, að úr þessum unga manni ætti eftir að verða „góður hestur".

Ég held því fram, að Alþingi eigi ekki að styrkja neinn rithöfund, hvorki þennan né aðra, fyrr en þeir hafa öðlazt viðurkenningu á því, að þeir séu uppbyggilegir fyrir þjóðina. Meðan svo er, að þeir, sem mæla með styrkveitingu sem þessari, hafa ekki meiri trú á gagnsemi hennar og réttmæti en svo, að þeir vilja helzt loka augunum fyrir öllu því, sem þessi rithöfundur hefir skrifað, en miða eingöngu við það, sem hann kann að eiga eftir að skrifa einhverntíma í framtíðinni — á meðan ekki er um meiri verðleika að ræða en svo, verður að virða mér það til vorkunnar, þó að ég sé trauður til að kosta útgáfu bóka eins og „Vefarans" og „Alþýðubókarinnar" af opinberu fé. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef Alþingi veitir þennan styrk, verður það til að ýta undir menn með að fara að skrifa í sama anda sem Halldór Kiljan Laxness. Og ég er hræddur um, að þeir verði ef til vill með tímanum nokkuð margir Laxnessarnir, sem að vísu skrifuðu ekki bæk-

ur, er væru beint fallnar til fermingargjafa, en þó svo aðlaðandi að efni, að sjálfsagt þætti að veita þeim styrk af opinberu fé. Ég get getið mér þess til, að ýmsir ungir menn gætu skrifað æsandi bækur í stíl við „Vefarann", en ég vil ekki gefa þeim undir fótinn um að feta í fótspor Halldórs Kiljans Laxness með því að veita honum styrk af opinberu fé og verðlauna þannig þær bækur, sem hann hefir gefið út.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Vestm. kvað upp nokkurskonar hæstaréttardóm yfir Halldóri Kiljan Laxness sem rithöfundi, eða vitnaði öllu heldur, til stuðnings röksemdum sínum, í hæstaréttardóm, sem hæstv. dómsmrh. felldi yfir þessum manni í „Tímanum" fyrir nokkrum árum. En í hvaða tilefni var þessi grein skrifuð, sem hv. þm. Vestm. vitnaði til? Hún var skrifuð gegn manni, sem í næstu grein á undan í sama blaði var kallaður „ritstjóranefna íhaldsins". Henni var stefnt gegn þeim ummælum Kristjáns Albertssonar, að „Vefarinn mikli frá Kasmir", sem þá var nýkominn út, væri „með afbrigðum skemmtileg bók og skrifuð af óvenjulegum stílkrafti og andríki". Get ég fullkomlega tekið undir þessi ummæli Kristjáns Albertssonar, þrátt fyrir þá kafla „Vefarans", sem ég vildi helzt óskrifaða. Og ég vænti þess, að það megi hafa nokkur áhrif á skoðun hv. þm. Vestm. í þessu máli, að slík ummæli koma frá manni, sem í mörg ár var ritstjóri aðalmálgagns Íhaldsflokksins og jafnan talinn hið mesta prúðmenni af flokksbræðrum sínum.

Hv. 2. þm. G.-K. varpaði fram þeirri spurningu, hvort við flm. þessarar till. myndum fylgja fjárveitingu til rithöfundar, sem skrifað hefði bók eins og „Alþýðubókina" út frá sjónarmiði Íhaldsflokksins. (**ÓTh:** Þetta er ekki rétt haft eftir mér). Nú, hvað er þá ranghermt? (**ÓTh:** Ég sagði: frá sjónarmiði Sjálfstæðisflokksins). Ég get svo sem gert hv. 2. þm. G.-K. það til geðs að nefna flokk hans „Sjálfstæðisflokk", en hv. þm. verður þá að muna það, að ég hefi nafnið í gæsalöppum.

Ég hafði þá spurningu hv. 2. þm. G.-K. rétt eftir, að öðru leyti en því, að hann vildi hafa annað nafn um flokk sinn en ég notaði. En hvað á nú þessi spurning að gefa í skyn? Á hún að gefa það í skyn, að hv. 2. þm. G.-K. og flokksbræður hans beiti sér gegn þessari till. af því, að Halldór Kiljan Laxness hefir skrifað bók fyrir Alþýðuflokkinn? Spurningin gefur fullkomlega ástæðu til að hugsa svo. En ég vil gera hv. 2. þm. G.-K. tilboð um að flytja með honum till. samskonar þessari, þegar skrifuð hefir verið bók út frá sjónarmiði flokks hans, bók sem væri hliðstæð „Alþýðubókinni" og hefði almennt bókmenntalegt gildi, auk þess sem hún flytti ákveðið „propaganda". Og ég skal meira að segja benda hv. 2. þm. G.-K. og flokksbræðrum hans á manninn til að skrifa þessa bók. Það er Kristján Albertson. Herðið þið ykkur nú upp og látið þið Kristján skrifa þessa bók! Og ég lofa því, að ef hún tekst vel, skal ég standa við tilboð mitt.

Hér hefir stundum verið minnzt á klám, og vil ég í því sambandi minna á það, sem sagt var um „klám"' Þorsteins Erlingssonar fyrr á þingum, en Þorsteinn er nú viðurkenndur sem heilagur maður í gröf sinni. Á þinginu 1897, þegar um var að ræða styrkveitingu til Þorsteins Erlingssonar, fórust heiðursmanni einum og góðum klerki meðal annars svo orð, eftir að hann áður hafði farið nokkrum almennum orðum um skáldskap Þorsteins:

„Ég gæti nefnt fleiri kvæði, sem ég finn ekki mikið fallegt við, og því síður holl að efni, heldur þvert á móti, þó að sumir séu að hrósa þeim, svo sem „Örbirgð og auður", „Á spítalanum", eða þá „Kossinn" með daðrið milli Daða og Ragnheiðar, kámugt kvæði, þar sem kitlaðar eru vissar fýsnir lesandans".

Ég hefi aðeins vitnað í þetta vegna þess, að hv. þm. Vestm. byrjaði á því að vitna til Þorsteins Erlingssonar og bera hann saman við Halldór K. Laxness, og með því hefi ég sýnt, að þær undirtektir, sem hann hlaut hér á þingi, og það hjá ágætum mönnum, eru ekki ósvipaðar undirtektum hv. þm. Vestm.

Annars er mér ógeðfellt að bera þá saman Þ. E. og H. K. L., því að þeir eru mjög ólíkir sem skáld, og er það oftlega heimskulegt að vera með samanburð og telja einn fremstan og annan síztan, þeg-

ar um gerólíka rithöfunda og skáld er að ræða. Um H. K. L. hefi ég sagt það sama og Kristján Albertson sagði forðum, að hjá honum gætir „óvenjulegs stílkrafts og andríkis", og ég vil gefa honum tækifæri til að nota þessa eiginleika sína í þágu þjóðarinnar.

Hinsvegar skal ég viðurkenna, að þeir kaflar, sem hv. þm. Vestm. benti á, eru þeir, sem mér svíður mest, og mér er það ljóst, að H. K. L. hefir talað eins niðrandi um konur yfirleitt og hv. 2. þm. G.-K. talaði um vinkonur hv. þm. Ísaf. í sinni ræðu. Hvortveggja ummælin tel ég óviðeigandi. (ÓTh: Ég skora á hv. þm. að koma með þau ummæli, því að ég vil ekki sætta mig við slíkar dylgjur). Í ritum H. K. L. rekst maður á sömu skoðanir og uppi voru á 6. öld í kaþólskum sið, þegar allt var blandið munkakreddum og munkaþröngsýni, en ég get flutt þau gleðitíðindi hér í hv. deild, að H. K. L. er nú horfinn frá því ráði, og ég vona, að við munum eiga eftir að sjá hann í heilögu hjónabandi senn hvað líður. Því má gera ráð fyrir, að álit hans á konum muni vera gerbreytt og að hann eigi eftir að rita um þær eins lofsamlega og hann hefir lastað þær áður, og að við hv. 2. þm. G.-K. getum þá lesið saman með stolti þá kafla, sem hann á eftir að rita um hjónabandið.

Ég hefi bent á, að hv. þm. Vestm. hefir opin augu fyrir því einu, sem miður fer í ritum þessa höfundar, og ég hefi bent á, að ég hefi fundið marga lýsandi kafla í skrifum hans. Það er því ekki drengileg barátta, að halda því fram, að við viljum veita honum styrk vegna hins illa, sem í ritum hans er. Það þarf enginn að ímynda sér eða óttast, að margir muni rísa upp, sem riti eins og H. K. L., en ég vil þá einnig leggja áherzlu á það, að ef honum verður veittur styrkur, þá er það vegna kostanna, en ekki gallanna. Þeir, sem óttast það, að margir jafnokar H. K. L. rísi upp og feti í fótspor hans, hafa litla ástæðu til slíks. Þeir munu ekki margir, sem koma hingað fyrst sem mjólkurkúskar í þeirri trú, að fyrir þeim eigi að liggja að skrifa ljóð og sögur, ferðist í þeirri vissu um alla Norðurálfuna, fari til Vesturheims og vinni sér til frægðar innan við þrítugs aldur. Af slíkum mönnum má vissulega mikils vænta.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. fjmrh. mælti á móti brtt. minni á þskj. 260, um Guðm. Friðjónsson. Kvaðst hann vera mótfallinn því, að þingið setti slíkar aths., því að það leiddi til þess, að þm. færu að bítast um það, hverjir þennan styrk fengju og hverjir ekki. Annars tók hann þessari málaleitun vingjarnlega og hét því, að G. Fr. fengi styrkinn, enda þótt hann yrði ekki bundinn við hans nafn í fjárlögum. (Forsrh.: Það eru fleiri, sem vilja stuðla að því). Það þykir mér vænt um að heyra. Ég mun því taka till. mína aftur, eftir að hafa fengið þetta loforð frá tveim þriðju hlutum stj., enda þótt það sé ekki frá þeim ráðh., sem úthlutar þessum styrk.

Ég get ekki látið vera að segja það, að betra hefði verið fyrir skáldið, að honum hefði verið veittur slíkur styrkur meðan hann var yngri, en um það tjáir ekki að sakast. Ég er viss um, að hann kemur að fullu gagni engu að síður.

Þá vil ég minnast nokkuð á XXXVIII. brtt. á þskj. 260 og undirtektir hv. frsm. viðvíkjandi henni. Hún er, eins og kunnugt er, um ábyrgð ríkissjóðs á 500 þús. kr. láni til raforkuveitu í Skagafirði. Mér þótti leitt, hvernig hv. frsm. tók í þetta mál. Hann taldi málið gott og gagnlegt, en hafði þó allt á hornum sér viðvíkjandi till. okkar. Hann fann m. a. að því, hve lítið rafmagn væri ætlað á hvern bæ. Ég vil benda honum á, að ástæðan til þess er varfærni ein, til þess að áætlunin liti ekki of glæsilega út. Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri reiknaði með hinu minnsta rafafli. Hinsvegar er nóg raforka til í fossi þeim, sem um er að ræða. Hann sagði ennfremur, að rafmagnsmálið yrði ekki afgr. á þingi í þetta sinn. Á hann þar víst við frv. um raforkuveitur. Það hefir þó verið sagt, að væntanlegt væri álit frá nefndinni um það mál. Ég hefi spurt form. n. um það, og hann sagði, að álitið væri ekki komið. Hitt er vafasamt, að málið verði afgr. í þetta skipti, enda þótt meiri hl. n. sé með því. En ég vil lýsa yfir því við hv. frsm. og aðra, að svo framarlega sem frv. nær fram að ganga nú eða á næsta þingi, þá

erum við þm. Skagf. reiðubúnir að breyta upphæðinni í samræmi við það, sem þá kann að verða uppi á teningunum. Skil ég þá ekki, hvað er því til fyrirstöðu að samþykkja brtt. okkar, nema flokkur stj. vilji stöðva málið til að hindra, að Skagfirðingar komi þessu áhugamáli sínu í framkvæmd eins fljótt og þeir óska.

Ég vil ítreka það, sem hv. samþm. minn sagði, að hætta getur stafað af drætti á þessum framkvæmdum. Á Sauðárkróki eru gömul rafmagnstæki, sem verða ónýt innan skamms. Ég veit, að Sauðárkróksbúar una því ekki að vera rafmagnslausir, og verði ekki önnur úrræði, munu þeir grípa til þess að virkja litla á skammt frá kaupstaðnum, sem er þó svo lítil, að húnnægir varla kauptúninu. En yrði þetta, yrðu sveitir þær, sem hlut eiga að máli, að vera rafmagnslausar, því að strjálbyggt hérað gæti ekki risið undir þeim kostnaði, er af rafveitu leiðir, þegar Sauðárkrókur er frá genginn.

Hv. frsm. sagði, að ekki væri nóg fé til handa öllum héruðum í landinu, og það er satt. En auðvitað er það grundvallarmisskilningur, að þessar framkvæmdir eigi að gerast allar í einu fremur en vegir, vitar, brýr, símar o. s. frv., sem allt hefir verið framkvæmt á mörgum árum, án þess að mikill ágreiningur hafi orðið á Alþingi um það fé, sem veitt hefir verið í því skyni.

Þá sagði hv. frsm., að vantaði nýja tekjustofna til að styrkja rafveitur. Ég get ekki séð, að neina nýja tekjustofna þurfi til að samþykkja brtt. okkar, en ég viðurkenni, að þá vantar, ef hv. frsm. ætlast til að þessar framkvæmdir verði unnar á örfáum árum. En jafnvel þótt tekjustofna kunni að vanta, á það ekki að þurfa að verða þessu máli að falli. Skattanefnd situr nú á rökstólum og hún ætti að geta fundið nýjan tekjustofn, ef þörf þykir á.

Þá er það ábyrgðin, sem hæstv. fjmrh. og hv. frsm. minntust nokkuð á. Þeir sögðu báðir, að ekki væri hægt að taka slíkar ábyrgðir á ríkissjóð. Héruðin yrðu að ábyrgjast sín lán sjálf. Hæstv. fjmrh. hafði að vísu ekki sterk orð um þetta, en kvaðst vilja gera greinarmun á því, til hvers ábyrgðirnar væru. Ég veit ekki neinar framkvæmdir þarfari en þessar nú sem stendur. En þótt ég telji, að rétt sé, að ríkissjóður taki sem minnstar ábyrgðir á sig, þá tel ég þó rangt að skorast með öllu undan þeim. Héruðunum er ekki unnt að fá þessi lán með ábyrgð sýslufélaganna einna. Með því að neita um ábyrgð sína setur ríkissjóður hreint og beint fótinn fyrir þessar framkvæmdir. Ég hefi alltaf litið svo á, að fyrsta skylda ríkissjóðs væri að styðja framkvæmdir og framfarir í landinu. Ríkissjóður, eða forráðamenn hans verða að hugsa eins og gætinn og skynsamur einstaklingur myndi gera. Hann hikar ekki við að leggja fé sitt í áhættulaus og arðvænleg fyrirtæki. Ég skil aðstöðu þingmanna þannig, að þeim sé rétt og skylt að styðja héruð með ábyrgðum, ef engin áhætta fylgir þeim. Og ég sé enga áhættu í því fólgna að ábyrgjast hálfa milljón fyrir hérað eins og Skagafjarðarsýslu.

Mér er ekki kunnugt um, hve miklar ábyrgðir hvíla á ríkissjóði, og væri þó fróðlegt að vita það. Ég held að þær séu ekki mjög miklar, og þótt ábyrgðirnar næmu 10 milljónum, fyndist mér það ekki svo gífurlegt, þegar ábyrgð héraðanna er á bak við, og þótt 10% af þessu kynnu að vera áhættuábyrgðir, þá skelfir það mig ekki. Hér á ekki bindindi að ráða, heldur skynsamlegt mat, er fer eftir því, hvort fyrirtækin eru heilbr. eða ekki.

Hv. frsm. sagði, að ekki væri hollt að láta Pétur og Pál valsa með ábyrgðir ríkissjóðs erlendis. Ég skil ekki, að stj. geti ekki komið í veg fyrir, að „valsað“ sé með þessi ábyrgðarskjöl upp á vasann, því að vitanlega á ríkissjóður ekki að gefa út ábyrgðarskjal fyrr en vitað er, hvar lánið verður tekið og með hvaða kjörum.

Ég vona, að hv. deild hafi ekki látið skelfast af þessu umtali, því að ef neitað er um þessa ábyrgð, er það hið sama og bregða fæti fyrir þessar framkvæmdir. Engin innlend lánsstofnun getur lánað þessa hálfu milljón. En erlendis kemur ábyrgð héraðanna að engu haldi, þar dugar aðeins ríkisábyrgð.

Það má segja, að álitamál sé, hvar eigi að byrja á þessum framkvæmdum. En Skagfirðingar hafa orðið fyrstir til að hefjast handa, og mér finnst, að þeir eigi ekki að gjalda þess.

Ólafur Thors: Hv. frsm. lét nokkur orð falla út af till. minni á þskj. 260, um 800 kr. til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík til hjálpar fátækum ekkjum og börnum í Gerða- og Keflavíkurhreppum. Hann kvað þessa fjárveitingu hafa slæðzt inn í fjárl. í fyrra og kvaðst hafa álitið, að veitingin væri í eitt skipti fyrir öll. Mér finnst ekki líklegt, að þetta sé af einlægni mælt. Sjóðinn munar lítið um þetta í eitt skipti, og ekkert í ræðu minni í fyrra benti í þá átt.

Skýrði ég frá nokkru því um fjárhagsástand sjóðsins, sem af mætti álykta, að fremur væri ástæða fyrir þennan sjóð til þess að biðja um styrk árið 1930 heldur en öll önnur ár? Ég get vel hugsað mér, að hv. frsm. hafi af vangá látið sér detta slíkt í hug, en hitt þykist ég viss um, að jafnskýr maður og hann er geti séð, að það er röng ályktun og að fullu ástæðulaus.

En um þessa sjóði, sem yfirleitt eru veittir styrkir til í þessari gr. fjárl., er það að segja, að ríkisstj. felldi niður styrki til allra sjóðanna, nema eins, og það er dálítið eftirtektarvert, að þessi eini sjóður var Slysatryggingarsjóður „Dagsbrúnar". En síðan þessi sjóður komst inn í fjárl., hefir verið stofnuð hér Slysatrygging ríkisins, svo að þörfin er orðin minni en áður á styrk. Ef ástæða væri til þess að strika út einn sjóð öðrum fremur, þá væri það einmitt þessi sjóður. En stj. lét hann standa, vafalaust vegna þess, að hennar sönnu og spöku fylgismenn, jafnaðarmennirnir, standa að honum.

Um afskipti hv. fjvn. er það að segja, að hún tók upp alla sjóðina, nema hina litlu styrkveitingu til þessa sjóðs, og svo annan sjóð, sem hv. þm. V.-Ísf. flutti inn í fjárl. í fyrra og sem stóð öðruvísi á um, þar sem styrkurinn var 25% hærri til hans en þess, er ég ræði um, 1000 kr. fyrir 800 kr. Mér er ekki kunnugt um, hvert er eðli þess sjóðs, sem hv. þm. V.-Ísf. barðist fyrir, og skal ég því ekki átelja n., þótt hún kunni e. t. v. að eiga ákúrur skilið. En ég leyfi mér að vænta þess, að þó að n. sem slík sé þessu mótfallin, þá fáist fylgi einhverra nm. með þessari sanngjörnu kröfu, sem ekki skiptir ríkissjóð meiru.

Mér þykir leitt, að hv. frsm. tjáði ekki fylgi n. með lítilfjörlegri upphæð, sem ég fór fram á til Möllers fyrrv. símstöðvarstjóra. Ég get hugsað, að það sé ekki sjálf fjárhæðin, sem skiptir máli, heldur fordæmið, og það er erfitt fyrir mig að berjast á móti þeim rökstuðningi. Ég hefi annars góða samvizku af því að flytja þetta mál hingað inn og verð að reiða mig á stuðning brjóstgóðra manna.

Ég get að sumu leyti þakkað hv. frsm. fyrir undirtektir frá hans hendi viðvíkjandi styrk til Guðmundar Kambans. Hann sagði að vísu, að meiri hl. n. væri á móti þeirri styrkveiting; ég er nú ekkert viss um það, enda er Guðm. Kamban verður þess að n. sé með styrknum. En frsm. þakka ég sem sagt fyrir hlýleik hans hvað þennan mann snertir.

Viðvíkjandi ábyrgð, sem ég fer fram á, að ríkissjóður taki á ⅓ hluta kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík, skal ég að vísu játa, að það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að stefna fjvn. um lendingarbætur og bryggjugerðir er sú, að veita aðeins ⅓ hluta kostnaðarins, en ekki taka ábyrgð á hinum ⅔. En ég vil spyrja hv. frsm., hvort þessi stefna stafi ekki fyrst og fremst af því, að þær upphæðir, sem hefir verið um að ræða, hafa verið svo smáar, að ætlazt hefir verið til þess, að hreppsnefndir, með stuðningi viðkomandi sýslu, væru einfærar um að rísa undir því án ábyrgðar. En hér ræðir um svo stóra upphæð, að það er ástæða til að gera afbrigði frá stefnunni, og það má a. m. k. af líkum ráða, að hreppurinn eða sýslan verði ekki einfær um að lyfta þessu hlassi. Og það hygg ég, að allir sanngjarnir menn muni játa, að ekki skiptir máli, hvort þetta er lendingarbót eða hafnarbót, heldur hitt, hvort aðili er fær um þetta eða ekki, og ég fullyrði, að engar líkur eru til þess, að Keflavíkurhreppur með aðstoð Gullbringusýslu sé einfær um það. Ég leyfi mér því að vona, að hv. fjvn. geti að athuguðu máli sætt sig við þessa till. og veitt henni stuðning sinn.

Hér hefir slæðzt inn í umr., og mér verið alveg óþarflega mikið inn í það blandað, till. um að veita Halldóri Kiljan Laxness skáldastyrk. Ég hefi ekki sagt neitt um, hvort ég ætli að vera með því

eða ekki. Þau ein orð, sem féllu af mínum vörum, voru í tilefni af því, að hv. þm. V.-Ísf. var í varnarræðu sinni út af þessari till. að tala um Sjálfstæðismenn og kallaði þá „íhald". Ég talaði næstur á eftir og ávítti hv. þm. fyrir að nefna flokkinn rangnefni, sérstaklega vegna þess, að hann væri forseti Sþ. Að öðru leyti sagðist ég ekki ætla að blanda mér í þetta mál, en féll þó fyrir freistingunni og tilgreindi nokkur ummæli eftir skáldinu, sem mér þóttu vítaverð, en gat þess um leið, að hann væri mikill rithöfundur, svo að það var engin ástæða fyrir flm. til að sveigja að mér fyrir það, að ég ætlaði að vera á móti till., því að ég hefi ekkert um það sagt.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að hv. þm. Vestm. mundi áreiðanlega skammast af heilum hug, þegar hann skammaðist, en mig væri ekki mikið að marka; það mundi sjálfsagt enginn hugur fylgja máli, þótt ég amaðist við Halldóri Kiljan Laxness. Ég hefi nú reyndar ekkert amazt við honum, en hv. þm. gekk út frá því, að ég hefði talað á móti honum, og vildi segja, að það væri af óheilindum mælt hjá mér.

Óheilindi mín markaði hv. þm. á því, að ég flytti hér till. um fjárstyrk til Guðmundar Kambans, en Guðm. Kamban vildi hv. þm. telja engu síðri en Halldór Kiljan Laxness um þann rithátt, sem margir vilja ekki fella sig við hjá Halldóri Kiljan. Þessu mótmæli ég. Guðmundur Kamban hefir skrifað margar bækur — þær eru sjálfsagt komnar upp að einum tug — og hvergi gætir einnar setningar, sem menn geti hneykslast á, nema það væri þá einn kafli í einni bók, og hefir hann þó ekki tærnar þar, sem Kiljan hefir hælana í þessum efnum. En látum það liggja milli hluta, hvort Kamban er jafningi hans í þessum sökum. En þessi sami hv. þm. flytur með mér till. um að veita Guðm. Kamban styrk með því að setja hann í 18. gr. fjárl. (HG: Ég er ekkert hneykslaður á Kamban). Nei, ekki það, segir hv. þm. En hitt veit þessi hv. þm., að það eina, sem hann hefir sagt um till., þau einu afskipti, sem hann hefir haft hér í deildinni af þessari fjárbeiðni, er það, að líkja honum um siðleysi saman við Halldór Kiljan Laxness. Hér er ekki verið að deila um rithöfundarhæfileika Kiljans, því að þá hefir hann tvímælalaust, heldur um það, hvort þeir séu svo miklir, þrátt fyrir siðleysið, að ríkið eigi að styrkja hann sérstaklega. Það er þess vegna beinlínis til þess að spilla fyrir Guðmundi Kamban, þegar hv. þm. er að jafna honum við Halldór Kiljan Laxness um rithátt. Þetta kalla ég óheilindi, og þessi maður á ekki að tala um óheilindi hjá mér.

Ég hefði haft talsvert ríka tilhneigingu til að lesa hér upp ummæli hæstv. dómsmrh. um síðustu bók Halldórs Kiljans, og ég hefi hér líka Alþýðubók hans. Ég veit hinsvegar, að hæstv. forseti óskar þess ekki, og ef hæstv. forseti stöðvaði mig, meðan ég væri að lesa upp, þá væru það svo sterk andmæli gegn þessum unga rithöfundi, að ég þori ekki að freista þess. Það er ekki alltaf, sem ég læt í minni pokann um það, að skeyta ekki skapi mínu á mönnum. En ég ætla að tala hógværlega um þetta mál, bæði vegna hv. þm. V.-Ísf. og vegna þess, að ég hefi ekkert látið uppi um, hvort ég ætli að fylgja þessum unga rithöfundi.

Hv. þm. V.-Ísf. spurði mig, hvort fyrirspurn, sem ég beindi til hans um það, hvort hann myndi hafa flutt þessa till., ef Kiljan hefði skrifað frá sjónarmiði Sjálfstæðismanna, ætti að skiljast þannig, að ég væri á móti Halldóri Kiljan vegna þess, að hann skrifaði frá sjónarmiði jafnaðarmanna. Nei, það er langt frá því; mér þykir jafngaman að lesa bækur, frá hvaða pólitísku sjónarmiði sem þær eru ritaðar. En ég hefi sagt í minni fyrri ræðu að ég ætlaði engin afskipti að hafa af málinu, fyrr en ég greiði atkvæði um það. Annars veit ég ekki, hvaðan þeim kemur sú vizka, að ég sé á móti þessari styrkveitingu til Halldórs Kiljans Laxness. Hann hefir fengið meðmæli minnar elskulegu eiginkonu, því að hvernig sem hann skrifar um borgaralegar eiginkonur, þá hefir hún þó marghvatt mig til þess að styðja þennan rithöfund, sem hún telur mjög efnilegan.

Þá vildi hv. þm. V.-Ísf. sanna mér frjálslyndi sitt með því, að hann mundi flytja með mér till. um styrk til Kristjáns Albertsonar, ef ég gæti fengið hann til að skrifa svona bók eins og Kiljans. Ég veit, að hann gæti skrifað með jafn-

mikilli andagift, en ég býst við, að það mundi vanta ýmsa kafla í hana, sem nú eru í bók Kiljans, og það þá, sem eru verstir.

Ég veit ekki, hvort ég hefi nokkurntíma jarðsungið eftir sjálfan mig skárri ræðu heldur en ég hefði haldið, ef ég hefði fengið að tala hér áður en fundi var slitið. Ég fórna henni fyrir skapstillingu mína, svo að ég færi nú einu sinni verðuga fórn í þessu efni. Ég geri það fyrst og fremst vegna þess, að ég vil ekki fara í neinn ofsa út úr þessu máli, og ég ætla ekki heldur að kveða upp um, hvort ég sé með eða móti, fyrr en ég greiði atkv.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði talað um Jónasarmenn hér í deildinni, og í því sambandi vildi hann mynda flokk, sem hann vildi kalla Kleppkarla. Hann verður að ráða því. En ég held, að hann eigi nú ekki heima í neinum slíkum flokki. Það getur þó verið, að stofna mætti einhvern slíkan flokk Kleppkarla hér í þinginu, þótt ekki yrði hann stór.

Jón Ólafsson: Ég hjó einmitt eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að hann varaði fjvn. og þm. yfirleitt við því að bera fram till., sem gæfu tilefni til þess, að margar fleiri kæmu í kjölfarið. Það er í samræmi við þessa hugsun hæstv. fjmrh. og margra annara, að við þremenningarnir stöndum að till. XII., um að fella niður risnufé til menntaskólanna hér á landi. Þetta er í samræmi við það, að í landinu eru svo margir skólar, sem ríkið kostar skólastjórn á, sem mundu koma í kjölfar þessara skóla, ef ætti að lögleiða risnufé handa þeim.

En það er dálitið einkennilegt og ekki fyllilega í samræmi við þessa skoðun, það sem kemur fram einmitt hjá hv. frsm. n., að hann vill ganga inn á að láta þessa skóla fá risnufé. Ég verð nú að kannast við, að þessir skólastjórar eru svo vel launaðir, að ekki er þörf á að hækka við þá launin, og ég er viss um, að þau eru í samræmi við laun annara embættismanna, sem margir hverjir taka á móti gestum og verða fyrir átroðningi án þess að fá eyri fyrir það. Það yrðu þá að koma fram almennar till. um að bæta þessum starfsmönnum það upp, þannig, að þeir væru vel sæmdir af og gætu sýnt þeim, sem heimsæktu þá, nokkra risnu vegna embættisins.

Hv. frsm. gat þess um skólameistarahjónin á Akureyri, að þau væru mjög gestrisin. Það má vel vera. En ég geri ráð fyrir, að fjölmargir af þeim, sem stýra skólum, séu líka gestrisnir, og það kemur harðast niður á þeim, sem standa fyrir skólum í sveitum, því að þar er sjaldnast til annara að flýja; en í stórum kaupstöðum þurfa þeir síður að sýna risnu, þar sem menn geta haldizt við þar, sem þeir vilja.

En svo kom eitt hjá hv. frsm., sem er dálítið einkennilegt. Hann álítur, að þetta risnufé eigi að vera til þess að koma á nánari kunningsskap milli skólastjórnar og nemenda en verið hafi. Ég vil þá kasta þeirri spurningu fram: Eru þeir, sem skólunum ráða, orðnir svo aumir, að þeir geti ekki hænt að sér nemendur og haldið fullri virðing þeirra, nema með matar- og kaffigjöfum? Ég hygg, að eitthvað annað þurfi heldur en risnufé til þess að hæna ungviðið að sér. Það má ekki koma fram í þessari hv. d., að ungdómurinn þurfi á þessu að halda í því augnamiði, og ekki heldur gera ráð fyrir því, að hægt sé að hæna unga nemendur að sér með slíku. Ég vil þess vegna slá því föstu, að þetta geti ekki verið. Skólastjórar verða að hafa eitthvað annað til brunns að bera, svo að þeir haldi virðing nemenda sinna.

Það er ekki til neins að færa þetta sem ástæðu fyrir slíkri fjárveitingu, sem ég álít þar að auki, að geti verið hættuleg að því leyti, að hér komi fleiri skólastjórar í kjölfarið. Ég vil sérstaklega taka undir með hæstv. fjmrh., sem benti á það í sambandi við smávægilega styrki til sjúkrasjóða í landinu, að svo og svo margir gætu komið á eftir. Hér er alveg um sama að ræða. Ég er sannfærður um, að margir koma í þetta kjölfar og heimta fé til risnu, og ég mundi þá ekki sjá mér fært að vera á móti því, ef búið væri að samþ. þetta fyrir þessa tvo æðri skóla, sem að mínu áliti hafa langminnsta þörf fyrir það.

Mér kemur það ekkert við, þótt Ed. hafi samþ. lög um Menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri og sett þetta inn þar. Ég býst við, að það sé fyrir harðfylgi eins manns, en hinsvegar er ég ekki viss

um, að það gangi svo leikandi í gegnum þessa hv. d., að ástæða sé til þess að áætla féð í skjóli þessara laga.

Ef þetta á að vera fyrir eftirlit með heimavistum, þá vil ég spyrja: Hvað fengu hinir gömlu rektorar fyrir það? Þeir fengu vitanlega enga sérstaka þóknun, og ekki fengu þeir heldur neitt, sem unnu þó að vísindastarfsemi jafnframt. Mér finnst þó meira manns bragð að veita eitthvað þeim mönnum, sem hafa verið miklir vísindamenn í sinni grein, heldur en til þess að inna af hendi það, sem rektorar hafa frá fyrstu tíð gert fyrir ekki neitt.

Rektorinn hér í Reykjavík hefir heldur ekki svo mikinn stundafjölda, að hann á vel að geta sinnt slíkum störfum án endurgjalds; og það er meiri ástæða til að launa menn til þjóðnytjastarfa heldur en til þessa.

Þá hefir hv. frsm. lýst því yfir, að meiri hl. n. geti ekki fallizt á að fella niður styrk til íþróttakennslu. Hv. frsm. gat þess í sambandi við þann lið, að Jón Þorsteinsson íþróttakennari hefði sótt um 1500 kr. styrk til utanfarar. Mér skildist að hv. frsm. væri því fyllilega meðmæltur, að hann fengi eitthvað af þessu fé, sem ætlað er til íþróttakennslu. Það dregur úr mér að heyra þetta, því að ég álít Jón Þorsteinsson einmitt þann, sem við megum vænta einna mests af. Ég vil þess vegna slá því föstu, að ef till. okkar um að fella niður þennan styrk verður ekki samþ., þá fái hann þar af 1500 kr.

Mér finnst það alveg óviðkunnanlegt að hætta þessum 4 þús. alveg út í bláinn, til þess að geta veitt þær, ef einhver skyldi koma, sem fyndi náð fyrir fjárveitingavaldinu, og með það kynni að fara. Eins finnst mér hafa verið nóg fordæmi undanfarin ár, svo ekki sé erfitt að veita slíka smámuni sem þessar 4000 kr., ef einhver verðug persóna gefur sig fram. Svo mun enn verða. En ef þessi verðuga persóna skyldi engin koma, er hægt að veita þetta alveg út í bláinn.

Ég get verið hv. frsm. þakklátur fyrir undirtektir hans undir till. minar, XXXI. á þskj. 260, og í sambandi við það taka fram, sem mér láðist að geta í fyrri ræðu minni, að verði sú till. samþ. að veita kvenfélagasambandi Íslands 10 þús. kr., þá ætlast ég til, að Samband norðlenzkra og austfirzkra kvenna óski einskis og falli þessi litli styrkur til þeirra því niður, enda flyt ég till. þess efnis, sem er 2. og 3. liður í brtt. XXXI. á þskj. 260.

Hv. frsm. tók í raun og veru í einu tilfelli í sama strenginn og hæstv. fjmrh., en það var um það, að skapa ekki fordæmi í fjárveitingum, því þá mundu einstakir menn koma og sigla í það kjölfar. Hv. frsm. gat þess í sambandi við styrkbeiðni til Þórodds Bjarnasonar pósts.

Ég get tekið undir þetta með hv. frsm., en verð að segja það um leið, að það hefir bæði fyrr og síðar verið álit flestra þm., að það fólk, sem unnið hefir við síma og póstmál hér í Reykjavík, hafi yfirleitt þótzt illa haldið af launum sínum undanfarin ár, eða síðan þessi fyrirtæki tóku til starfa. Það dettur engum í hug að neita því, að maður sem þessi, sem hefir borið bréf um bæinn 12—14 klst. á dag — því það var alltaf að aukast, sem hann hafði að gera, án þess þó að launin hækkuðu fyrir það —, eigi rétt til að þurfa ekki að segja sig til sveitar þegar hann á áttræðis aldri hefir gengið sig upp að hnjám, heldur fengi hann nokkurn styrk til þess að lifa af. Ég verð líka að segja það, með fullri virðingu fyrir þeim, sem æðstir eru við þessar stofnanir, að þeir hafa ekki hlynnt að sínum undirmönnum eins og þeim hefir borið skylda til. En það er nú svo, að ég kann ekki við það, að ekki sé skilizt sæmilega við þá menn, sem hafa slitið sér út fyrir það opinbera, og ég álít það skyldu þess opinbera, ekki síður en margra annara, að taka vel undir það, þegar þetta fólk kemur og biður um lítið eitt til þess að lifa af, svo að það þurfi ekki að leita til sveitar. En það er þetta fordæmi, sem kom fram hjá hv. frsm. í þessu tilfelli, þótt hann gleymdi því þegar um risnufé skólanna var að ræða.

Þá er hér ein till., sem ég ber fram með hv. 1. þm. Árn., um það, að séra Kjartan Helgason fyrrv. prof. í Hruna haldi fullum launum sem þjónandi prestur, þegar hann lætur af embætti. Ég minnist þess nú, að þegar talað var um skólamál Sunnlendinga, snerist það mál um þennan mann. Þá þótti nauðsyn að hraða þessu máli, svo hinir góðu kraftar

þessa manns gætu notið sín. Við undirbúning þessa máls samþ. þingið, að hann skyldi einskis í missa að launum, þó að hann tæki að sér skólastjórastöðuna við þennan skóla. En loks þegar þessi skóli var stofnaður, var þessi maður, sem hafði verið boðin skólastjórastaðan og allt málið snerist um, svo farinn að heilsu, að hann hefði ekki getað dugað til þess að taka það starf að sér. En því meiri ástæða er til að líta á vandkvæði hans, þegar heilsufar hans er þannig, að hann varð að láta af embætti. Mér finnst því Alþingi frekar taka niður fyrir sig, ef það neitar um þennan styrk, fyrst málinu er svo komið sem er.

Hv. þm. V.-Húnv. minntist ofurlítið á Fiskifélag Íslands. Ég var ekki viðlátinn, svo ég tók ekki vel eftir, hvað hann var að ræða. Mér skildist hann þó vera að átelja það lítilsháttar með sinni venjulegu hógværð, að Fiskifélagið tæki af fé, sem ríkið legði því til, og verði því til bryggjugerða og lendingabóta. Það má vera, að eitthvað hafi verið gert af því, en það er oftast nær þannig, að ef einhver héruð eru deig við að leggja út í fyrirtæki, hefir þurft að hvetja þau bæði með orðum og stokkru fé (HJ: Það eru 15000 kr. á 2 árum.) til þess að hefjast handa í því efni. Fiskifélagið og Búnaðarfélagið eru hér í samræmi hvort við annað. Þau örva borgarana og koma þeim á rétta leið og verða þannig til þess að lyfta heilum héruðum upp til framfara. Fiskifélagið og Búnaðarfélagið er aðallega hvatningarstarfsemi, sem vinnur að málum þess flokks, sem þau eru fyrir. Fiskifélagið hefir t. d. látið mæla upp ýmsar hafnir, það hefir greitt ferðakostnað fagmanna í þeim tilgangi og greitt fé fyrir að gera áætlanir að lendingarbótum. Þessi hjálp félagsins hefir oft orðið til þess, að héraðið hefir ráðizt í þetta fyrirtæki, þótt það annars hefði ekki gert það, ef það hefði ekki fengið þessa hvatningu.

Ég get fallizt á það, að þessi liður falli nú úr sögunni, því hann er nú orðinn minna virði en áður, þar sem ríkissjóður tekur nú að sér þennan kostnað. Verður það í fyrsta skipti á næsta ári, sem ríkissjóður innir þetta af hendi, ef till. fjvn. í þessu efni ná fram að ganga. Fiskifélagið mun þá draga sig í hlé hvað fjárstyrk snertir, en láta framvegis alla þá hvatningu í té, sem það getur, eins og það hefir gert hingað til.

Það er þá ekki fleira, sem ég ætlaði að segja. Hv. frsm. gat þess, að hann myndi tilleiðanlegur til að hækka fjárveitinguna til Stórstúku Íslands frá því, sem hún er í frv., en hann gæti ekki fallizt á till. okkar um, að henni væru veittar 15 þús. kr. Það er sjálfsagt ennþá tími til að leiðrétta þetta, ef sú fjárveiting, sem við höfum stungið upp á, verður felld.

Einar Jónsson: Það er ekki um það að efast, að það er góðgirni hæstv. forseta samfara áhugaleysi allmargra þm. í gærkvöldi í því að mæla fyrir till. sínum, sem olli því, að umr. var ekki lokið í nótt. Fyrir þetta hafa verið umr. þennan dag allan og þingið því staðið einum degi lengur en nauðsyn krafði. En það ætti aldrei að eiga sér stað að eyða meiri tíma til þingstarfa en þörf er á. En það er nú svo, að það munar ekki um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni, og heldur ekki þótt þingtíminn lengist um einn dag, eða jafnvel þótt það taki vikutíma að ljúka því, sem hægt hefði verið að gera á einum degi.

Það er annars dálítið eftirtektarvert, hversu lítinn áhuga þm. hafa fyrir till sínum við umr. fjárl. Það er að sumu leyti reyndar ekki undarlegt. Þær eru margar þannig lagaðar, að þeim getur ekki verið alvara með að koma fram með þær hér í þessari hv. deild. Aðalatriðið virðist vera, hvernig verja skuli afganginum, þegar lögboðin gjöld hafa verið greidd, og ennfremur að sýnast fyrir kjósendum. Þetta eru mest styrkir til hins og þessa, ekki allir jafnþarfir, en flestir alveg óþarfir. Stærstu styrkirnir eru venjulega þarfastir. Það eru þeir, sem koma almenningi mest til gagns og heilla. Það eru verklegu framkvæmdirnar, sem verða að mestu gagni. Það eru vegir, brýr, símar, vitar og lendingarbætur, jarðrækt, sandgræðsla, áveitur, vatnaskemmdir, skólar, spítalar eða sjúkraskýli, hressingarhæli o. fl.

Þetta eru þau atriði, sem eiga að ganga fyrir flestum öðrum um það, hvernig verja skuli því fé, sem fyrir hendi er, til

þess að hjálpa landsmönnum. Landsfé á ekki að fleygja út fyrir óþarfa. Það eru söngmenn, listmálarar, leikarar, byggingar fyrir bíó og kaffihús. Þá þolir það enn nokkra bið að reisa skrifstofubákn, sundhöll, þrentsmiðju o. fl. Þetta útheimtir svo mikla peninga, að ekki er hægt að ætlast til þess, að því verði öllu framgengt í einu. Þm. verða að moða úr þessu og meta það, hvað gagnlegast er.

Það er ekki vafi á því, að mest ber að keppa að því að bæta samgöngur, atvinnuvegi, menningu o. þ. h. Það á ekki að vera að styrkja fúskara og aðra, sem álíta sjálfa sig færa til alls, en geta svo ekkert gert, sem að gagni má koma, þegar á reynir. Eða hvað gagnar það þjóðinni, þótt söngmönnum fjölgi fram úr öllu hófi? Þeir færu þá að keppa hver við annan, en enginn fengist til þess að hlusta á þá.

Ég skal ekki flytja hér langa ræðu, frekar en vandi minn er. Þó get ég ekki hjá því komizt að minnast hér á 4 brtt., vegna þess hve undarleg meðmæli voru færð fyrir þeim. Það voru regluleg mótmæli, en ekki meðmæli.

Hv. frsm. (BÁ) mælti með styrknum til Hóladómkirkju. Hann lýsti því yfir, að á undanförnum árum hefði verið veitt nokkurt fé til kirkjunnar, en það hefði alltaf orðið henni til ógagns. Ég tel það verulega illa farið, að styrkur, sem vera á kirkjunni til endurbóta, skuli verða henni til ógagns. En ef styrkurinn hefir undanfarin ár orðið henni til ógagns, grunar mig, að svo muni fara enn um þennan styrk. Mun ég ekki greiða honum atkv., því ég vil á engan hátt verða Hóladómkirkju til ógagns.

Hv. 3. þm. Reykv. færði hér fram rök fyrir því að hækka styrk til Stórstúku Íslands. Hann áleit sjálfsagt að samþ. þennan styrk, vegna þess mikla ágóða, sem ríkið hefði af einkasölunni. Nei, ég held að Stórstúkan eigi ekki hærri styrk skilið fyrir það. Það er ég og mínir líkar sem eiga þann styrk skilið (hlátur), nema þá þeir, sem í Stórstúkunni eru, sviki meira en nokkrir aðrir. Annars grunaði mig strax, þegar þessi till. kom fram og ég sá, að hv. 3. þm. Reykv. var aðalflm. hennar, að honum myndi í rauninni ekki vera alvara, enda hefi ég sannfærzt ennþá betur við það að heyra hann mæla fyrir henni. Ekki svo að skilja, að hann sé ekki bindindismaður nú. Síður er svo. Mér dettur það alls ekki í hug.

3. brtt. er um að veita Halldóri Kiljan Laxness styrk til ritstarfa. Flm. hennar er hv. þm. V.-Ísf. Hann taldi þá ástæðu til að veita þessum manni styrk, að hann skrifaði á annan hátt en þjóðin gæti fellt sig við. Meðmæli hans voru þau, að hann væri nú sem galinn foli, en mundi verða góður hestur. Mér finnst þetta ekki nóg. Það er engin reynsla fengin fyrir því, að hann verði góður hestur. Ég vil ekki verðlauna hann fyrr en hann hefir sýnt það. Þá má minna á það, að 2 hv. þdm. hafa kynokað sér við að lesa hér upp úr „Tímanum" greinir eftir þennan höfund. Sé þetta rétt, er það vottur þess, að þar standi svo mikið hastarlegt klám, að það sé ekki lesandi upp yfir heiðvirðu fólki. Það er alveg satt; slíkt er ekki lesandi upp hér. En þetta er allt af því, að þetta er galinn foli, en ekki hestur.

4. till. er um risnufé skólanna. Hv. frsm. vitnaði í það, að þetta ætti að vera til þess að koma á samúð milli kennara og nemenda. Þetta á að vera nokkurskonar sykurmoli til þess að gera nemendurna góða. Hér er þó önnur leið að fara fyrir kennarana. Það er heiðarleg framkoma, kennsla og lipur stjórn, sem eykur samúð milli kennara og nemenda, en ekki brauð og sykur og annað rusl.

Eins og ég gat um í byrjun orða minna, var ég ekki ánægður með þá tilhögun, sem var hér á umr. í gærkvöldi. Ég skal því ekki vera að lengja hér umr. frekar eða gera þm. leiða, meir en orðið er, og skal því hætta. (ÓTh: Mér finnst það ekki hafa verið svo leiðinlegt).

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Vestm.

Hv. þm. fór að gera samanburð á Þorsteini Erlingssyni og Halldóri Kiljan Laxness, dáði Þorstein og krossaði sig á bak og brjóst yfir ritsyndum Laxness. Broslegt er þetta. Hann dæmdi ritverk H. K. L. sama dómi og sálubræður hans dæmdu ritverk Þorsteins Erlingssonar fyrir nokkrum árum. Þessir menn hafa þó eitt sameiginlegt. Þeir eru báðir ádeilurithöfundar, og það er ástæðan fyr-

ir því, að dómur sálubræðra hv. þm. er sá sami um báða, þótt áratugir séu á milli þeirra.

Það er ekkert nýtt að heyra því haldið fram um þá menn, sem deila á stofnanir, stefnur og skipulag, að þeir séu hættulegir óhörðnuðum unglingum, sem hætt sé við að þeir leiði á glapstigu. Allir þeir rithöfundar, sem nokkuð hefir kveðið að, hafa einhvern tíma verið hættulegir í augum sálubræðra hv. þm.

Einn flokksbróðir hv. þm. Vestm. ber Guðmund skáld Friðjónsson mjög fyrir brjósti og vill hækka styrk hans. Þessi rithöfundur skrifaði einu sinni bók, sem ýmsum þá þótti óhæfa að láta óharðnað fólk lesa. Sú bók hneykslaði fjölda góðra borgara. Það var bókin „Ólöf í Ási". Nú er þessi rithöfundur orðinn svo hugþekkur sálubræðrum hv. þm., að þeim finnst sjálfsagt að styrkja hann riflega.

Ég skal ekki þreyta hv. þdm. á að fjölyrða mikið um þetta. En ég held að þeir, sem hneykslast svo mjög á ummælum H. K. Laxness í síðasta riti hans og telja stórhættulegt að styrkja slíkan mann af almannafé, ættu að kynna sér rit t. d. George Brandes, og líta í ritdómana, sem íhaldsmenn hafa skrifað um þau allt fram á síðustu ár.

Mér þótti það undarlegur smekkur hjá hv. 2. þm. G.-K., að hann skyldi enn vilja draga konu sína, sem af öllum er sögð hin ágætasta kona, inn í þessar umr., ekki smekklegri þátt en hann hefir lagt til þeirra. Ég mun ekki fylgja dæmi hans í því.

Það er ekki rétt, að ég hafi verið að gera samanburð á rithöfundunum H. K. Laxness og Guðmundi Kamban. Ég benti aðeins á, að ein af bókum Guðmundar Kambans hefði hneykslað marga, ekki síður en rit Kiljans. Hitt veit ég, að þessir tveir rithöfundar eru ólíkir að flestu leyti. Báðir hafa mikið til síns ágætis, því vil ég styrkja báða, en þeir þurfa ekki að vera líkir fyrir því.

Ég er lítið bókfróður og sneyddur allri listgáfu, því miður. Það er ef til vill þess vegna, sem mér finnst mestu skipta, að rithöfundar og aðrir slíkir hafi einhvern boðskap að flytja. Boðskapurinn, innihaldið, er í mínum augum ennþá meira virði en formið. Og þessi maður, H. K. Laxness, hefir boðskap að flytja, hvað sem annars má um hann segja. Ég veit vel, að hann setur oft þann boðskap fram á þann hátt, sem ýmsir látast hneykslast á eða telja miður fara. En það er háttur margra ágætra manna, er þeir vilja rjúfa þögnina, að taka sterkt til orða, svo að fremur sé á þá hlustað. Ætti hv. 2. þm. G.-K. að skilja það, því t. d. er hann vanur að brýna röddina og taka mikið upp í sig, þegar hann flytur ræður sínar. (ÓTh: Annar er þó þekktur að því að gaula hærra hér í hv. deild). Það gaular nú auðvitað hver með sínu nefi, eða sínum barka. (ÓTh: En ekki klaufunum). Vissulega ekki ég, en ef til vill hv. þm. Klaufaspörk hans eru a. m. k. alltíð.

Mér skildist á síðustu ræðu hv. 2. þm. G.-K., að hann væri ekki ráðinn í, hvort hann greiddi atkv. með styrknum til H. K. Laxness eða ekki. Það er auðvitað gleðilegt, ef maður má eiga von á, að hann greiði atkv. með brtt. En dálítið þætti mér það einkennilegt, eftir þau orð, er hann hefir viðhaft í sambandi við hana.

Að endingu skaut hv. þm. því að mér, að ég mundi vera að stofna einhvern nýjan flokk, sem ætti að heita „Kleppskarlar". En þetta er misskilningur; ég mun láta hv. þm. og ýmsa, sem eru í sálufélagi við hann, eina um það. Nafnið hæfir þeim vel.

Sveinn Ólafsson: Ég þarf ekki að þakka hv. fjvn. fyrir undirtektir hennar undir mín erindi. Þau voru aldrei nema tvö, og annað þeirra, það sem meiru máli skiptir, brtt. XXXIX. á þskj. 260, hefi ég tekið aftur vegna undirtekta n. Hitt erindið, sem er brtt. XVIII. á sama þskj., fer fram á það, að veita 1000 kr. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði. Þá brtt. virtist mér hv. frsm. fjvn. hafa misskilið nokkuð. Mér virtist hann ekki gefa því þann gaum, sem vert er, að þessi fjárveiting var tekin upp í fjárl. yfirstandandi árs, og hefir hann ekki athugað hvers vegna það var gert eða með hverjum formála.

Bókasafn þetta var upphaflega, eins og nafnið bendir á, eign Austuramtsins forna; var lagt til þess fé af öllum sýslum amtsins. Síðar, eftir að amtsráðin

voru lögð niður, lenti safnið á Seyðisfirði til geymslu og varðveizlu.

Um eitt skeið var safninu skipt niður í deildir, og þær fluttar á milli héraðanna til notkunar; en á seinni árum hefir verið frá þessu horfið og sýslurnar hættu að leggja fé til safnsins.

Nú er það tilgangurinn með þessari fjárveitingu að knýja fram samkomulag um notkun bókasafnsins milli þeirra aðila, sem upphaflega áttu það, og eiga það í rauninni enn, að fá þá til að leggja fram fé til safnsins og gera það öllum hlutaðeigendum nothæft. Ef Seyðisfjarðarkaupstaður vill ekki ganga að settu skilyrði, að ná samkomulagi við S.-Múlasýslu og Neskaupstað, þá verður féð ekki greitt. Það er ekki enn sýnt, hvort bókasafnið missir styrkinn af þessari ástæðu, missir fjárhæð þá, sem því er ætluð í fjárl. yfirstandandi árs, en mér þykir sennilegt, að á móti henni verði tekið og hún notuð til þess að safnið geti komið að eðlilegum notum fyrir þau héruð, sem eiga að hafa þess not.

Ég vildi aðeins benda á þetta til skýringar, af því mér fannst hv. frsm. hlaupa yfir þessa skýrslu og ekkert líta á það, að þetta safn hefir um mörg ár einskis styrks notið af opinberu fé, þótt hin amtsbókasöfnin hafi notið þrefaldrar upphæðar við þá upphæð, sem hér er beðið um.

Það er nú komið fram á nótt, og ég vil ekki gefa tilefni til, að umr. lengist úr hófi fram hér eftir. Þess vegna mun ég sleppa að minnast á aðrar brtt., þó ég væri búinn að merkja við nokkrar, sem ég hafði ætlað mér að minnast á.

Ólafur Thors: Það eru aðeins örfáar aths. við ræður hv. þm. Ísaf. Hann taldi sér hafa runnið til rifja, að ég skyldi nefna nafn konu minnar í ekki smekklegra sambandi en umr. voru. Ég sagði nú ekki annað um konu mína í dag en að hún væri ein í þeirra hópi, sem hefðu mætur á H. K. Laxness, þrátt fyrir sorann í ritum hans. Þetta finnst hv. þm., sem er þó að mæla með H. K. Laxness, vera að fara ósmekklega með nafn hennar.

Ég gleymdi í fyrri ræðu minni að áréttа þau ummæli, að sá ritháttur, sem H. K. L. hefir haft um konur yfirleitt, og einkum þó giftar konur, er mjög vítaverður. Þrátt fyrir það er hægt að fyrirgefa honum þau vítaverðu ummæli, eins og svo mörgum rithöfundum er fyrirgefið ýmislegt.

Einnig gleymdi ég að mótmæla því áðan, að ég hafi haft nokkur ósæmileg ummæli um þær konur, sem hv. þm. Ísaf. þekkir. Ég sagði aðeins eitthvað á þá leið, að ummæli þau, sem H. K. L. hefir um giftar konur, ættu ekki við þær konur, sem ég þekkti, en að ég gæti ekki sagt um, hvort það ætti við einhverjar aðrar konur, eða hvort hv. þm. þekkti einhverjar, sem það ætti við. Í þessu felst ekki nein svívirðing um þær konur yfirleitt, sem hv. þm. þekkir.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að aðalatriðið, þegar dæma ætti verðleika rithöfunda, væri það, hvort þeir hefðu nokkurn boðskap að flytja, en ekki hvernig þeir settu hann fram. En hjá H. K. L. tel ég nú einmitt framsetninguna aðalatriði, því allir vita, að hann er sem galdur foli, eins og það var orðað áðan, að því er skoðanir snertir. Það hefir meira að segja einn mætur maður sagt, að ekkert væri líklegra en eftir 10—20 ár skrifaði H. K. L. bók frá sjónarmiði sjálfstæðismanna, ekki lakari þeim heldur en Alþýðubókin er fyrir jafnaðarstefnuna nú.

Þó H. K. L. sé nokkuð brokkgengur og víxlgengur í skoðunum, er ekki óhugsandi, að hann lendi einhverntíma á betri stað á stjórnmálasviðinu heldur en hann er á nú; þó verður hann nú líklega aldrei tekinn alvarlega sem stjórnmálamaður. En þann heiður, sem hann á fyrir ritsnilld sína, vil ég ekki taka af honum.

Mér þykir hv. þm. Ísaf. mæla á undarlegan hátt með þeim mönnum, sem hann vill láta Alþ. styrkja. Guðm. Kamban reynir hann að fella í áliti með því að líkja honum við H. K. L. á því sviði, sem hv. þdm. hafa mest út á H. K. L. að setja. Og svo reynir hann að spana mig til að vera á móti styrknum til H. K. L., með því t. d. að telja það einhverja yfirbót af minni hálfu, ef ég greiddi atkv. með honum.

Þannig reynir hann að fæla menn frá báðum þeim brtt. um styrk til rithöfunda,

sem hann er meðflm. að. Slíkt er ekki venja hv. þm., og bendir það á, að hv. þm. Ísaf. fylgi ekki þessum till. sínum af miklum heilindum.

Ég get sagt hv. þm. Ísaf. það, að ég læt ekki ummæli hans fæla mig frá að greiða atkv. með styrknum til H. K. L.; þó játa ég, að þau hafa óbeinlínis gert aðstöðu mína erfiðari til þessa máls. Upphaflega var ég brtt. frekar meðmæltur, en vegna ræðu hv. þm. fór ég að blaða í bókum H. K. L., og sá ég þá, að ég var búinn að gleyma ýmsu af því, sem mér var mest á móti skapi í þeim. Þess vegna get ég nú varla fylgt þessari brtt., þó ég væri ekki á móti henni í upphafi umr.

Jóhann Jósefsson: Þó hv. þm. V.-Ísf. sé ekki staddur í deildinni sem stendur, sé ég ástæðu til að mótmæla því, að fyrir mér hafi vakað nokkurt drengskaparleysi áðan, þó ég talaði á móti brtt. hans og hv. þm. Ísaf. Hinn nýstárlegi ritháttur H. K. Laxness hefir vakið svo mikið umtal meðal þjóðarinnar, að ekki er nema eðlilegt, að það valdi nokkrum umr. á Alþ., þegar borin er fram till. um, að H. K. L. verði einn af þeim fáu, sem þingið velur af rithöfundum þjóðarinnar til að njóta styrks af opinberu fé til ritstarfa.

Hv. þm. V.-Ísf. þótti mannamunur á okkur, að því er snertir sanngirni í þessum umr., þar sem hann hefði hreinskilnislega viðurkennt, að sér ofbyði að lesa suma kafla í ritum H. K. Laxness. En ég vil benda honum á, að hann er svo sem ekki sá fyrsti eða eini, sem opinberlega hefir látið í ljós, að ýmislegt væri athugavert við rit þessa höfundar.

Hv. þm. Ísaf. var að benda mönnum á rit George Brandes og gefa í skyn, að ef rit H. K. Laxness væru hneykslanleg, mætti telja rit G. Brandes það ekki síður. Mér er nú ekki kunnugt um, að G. B. hafi haft líkar skoðanir og H. K. Laxness. Og meðan hv. þm. Ísaf. sannar ekki annað, með tilvitnunum úr ritum Brandesar, mun ég halda fram, að það sé efamál, ef ekki bein ósannindi, að G. Brandes hafi látið frá sér fara aðrar eins ritsmíðar og H. K. Laxness.

Annars er það alveg á tvo vegu, sem hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Ísaf. mæla með H. K. Laxness. Hv. þm. V.-Ísf. leggur aðaláherzluna á formið á ritsmíðum H. K. L. og þróttinn í stíl hans, en hv. þm. Ísaf. vill ekkert leggja upp úr slíku, heldur álítur þann mikilsverða boðskap, sem hann telur H. K. L. hafa að flytja, aðalatriðið.

Það er auðvitað hægt að flytja boðskap á margan hátt, og ég held, að yfirleitt sé ekki talið sama, hvernig það er gert. T. d. hafa líklega margar eða jafnvel flestar kvikmyndir einhvern boðskap að færa, en hann er þannig framsettur í þeim sumum, að þær eru ekki álitnar hollar, eða a. m. k. ekki boðlegar óþroskuðu fólki.

Mér þykir vænt um að hafa fengið tækifæri til að ræða þetta mál við hv. þm. Stefnumunur okkar er sá, að ég álít ekki ritverk H. K. L. eiga svo brýnt erindi til ísl. þjóðarinnar, að styrkja eigi höfundinn svo ríflega til ritstarfa, að nálgist meðalembættislaun.

Boðskapur H. K. L. er allskýr, svo ekki þarf mikið um hann að ræða. Og af framsetningu hans hafa hv. þm. víst séð ýms sýnishorn, a. m. k. skildist mér á hv. þm. V.-Ísf., að hann vera henni kunnugur. Það er nokkuð sama, á hvort er litið, formið eða boðskapinn; ég er jafnósamþykkur því um hvorttveggja, að það sé opinberra verðlauna vert.

Það er áður búið að minnast á, hvaða hneyksli búningurinn á sumum hugsunum þessa rithöfundar hefir vakið í huga þjóðarinnar; og boðskapur hans er þess eðlis, að ég tel eigi rétt að kosta hann af opinberu fé. Alþýðuflokkurinn ætti heldur sjálfur að kosta útbreiðslu á kenningum sínum.

Ég lít svo á, að atkvgr. um þessa brtt. eigi að sýna, hverjir af hv. þdm. telja boðskap og rithátt H. K. L. svo mikils virði, að ekki sé þarfara að verja fé ríkissjóðs til neins annars en verðlauna hann.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vissu leyti rétt hjá hv. þm. Vestm., að við hv. þm. Ísaf. höfum lagzt hvor á sína sveif um form og efni þessa rithöfundar. Ég trúi því raunar ekki, þó að hv. þm. Ísaf. segi það sjálfur, að honum sé alveg sama um formið, ef honum bara líki efnið. En það er ekki rétt, að ég vilji styrkja H. K. L. eingöngu vegna hans snjalla forms. Hann hefir skrifað margt — og auðsjá-

anlega miklu meira en hv. þm. Vestm. hefir hugmynd um, -- sem hrífur lesandann bæði að formi og efni. Þetta tvennt verður að fara saman svo vel sé. Það, sem guð hefir sameinað, má maðurinn ekki sundur skilja. Hitt er líka misskilningur, að H. K. L. eigi að fá styrk til að skrifa um jafnaðarstefnuna. Það er ekki aðalverksvið Halldórs Kiljans Laxness. Hans aðalstarf er alls ekki á pólitísku sviði. Ef hæstv. forseti vill leyfa mér það, vil ég lesa upp nokkra kafla úr ritum H. K. L. í svo sem 1--2 klst., sem hv. þm. Vestm. hefir tæplega heyrt. (**Forseti JörB:** Það get ég ekki leyft hv. þm). Ég verð að sjálfsögðu að beygja mig undir úrskurð hæstv. forseta, þó það sé illt, að hv. þm. Vestm. fái ekki tækifæri til að hlýða á góðar bókmenntir.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vil bæta því við, að mér þykir vænt um, að okkur flm. skuli hafa bætzt jafn-ágætur liðsmaður og kona hv. 2. þm. G.-K.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 2. þm. G.-K. vill sýnilega enn halda áfram að tala um kvennamál sín hér. Ég álít, að orð hans um sína konu og annara í þessu sambandi hafi verið honum til skammar — og aftur til skammar. En eitt er víst: ég ætla ekki að ræða við hann um mínar vinkonur, né heldur hans eiginkonu eða vinkonur.

Hv. þm. vék að því, að honum þætti undarleg sú háttsemi mín, þegar ég mælti með einum rithöfundi og minntist aðeins á galla hans. Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. þm. hefir komizt að þessari niðurstöðu. Ég drap á það, að ein bók Kambans hefði vakið hneyksli hjá ýmsum fariseum og hlotið svipaða dóma og sumt af ritum Halldórs Kiljans Laxness. Hvorugum þeirra lagði ég þetta til lasts. Þvert á móti. En ég veit upp á hár, að öll þessi hneykslun hv. þm.á ritverkum Kiljans eru eintóm látalæti. (**ÓTh:** Það getur hv. þm. alls ekkert sagt um). Ójú, við erum málkunnugir, hv. 2. þm. G.-K. og ég, og skröfum öðruhvoru saman. Hv. 2. þm. G.-K. veit það eins vel og ég, að það er svo um flesta þá rithöfunda, sem nokkur manndómur er í og þora að ganga í berhögg við fúa og feyskju þjóðskipulagsins, eins og bæði H. K. L. og G. K. hafa gert, að þeir hljóta jafnan illt umtal og harða dóma afturhaldsmannanna.

Ólafur Thors: Ég vil, að við hv. þm. Ísaf. hættum þessu kvennatali hér í hv. d. En ég vil benda hv. þm. á það, að það er lítil hagsýni að ætla sér að tryggja Halldóri Kiljan Laxness fjárveitingu með því að brýna fyrir mönnum, að það sé alveg sama, hvort rithöfundar skrifi vel eða illa, ef þeir aðeins hafi boðskap að flytja. Það væri þó sök sér, að menn vildu styrkja Laxness sökum formsnilldar. En það er undarlegt af sjálfum flm. till., að vera að brýna menn til andstöðu með því að halda því blákalt fram, að það sé einungis þessi brjálaði bolschevismi í ritum H. K. L., sem hann vill styðja.

Haraldur Guðmundsson: Þar skrapp það út úr hv. þm., að H. K. L flytti boðskap jafnaðarstefnunnar og þess vegna væri hann ekki styrks verðugur. En ég vil segja hv. þm., að mér dettur ekki í hug að vera neinn andlegur forráðamaður hans, eða segja honum fyrir um, hvernig hann greiði atkv. Um það verður hann að eiga við sjálfan sig.

Ólafur Thors: Ég ætlast ekki til, að hv. þm. Ísaf. sé í neinu tilliti forráðamaður minn, enda hlýtur hann að vita, að ég hefi miklu meira vit á því en hann að ráða mínum eigin háttum. En ég gat ekki varizt þess að undrast þá heimsku, að hv. þm. skuli rísa upp og segja, að vegna snilldarinnar eigi ekki að styrkja rithöfundana, heldur vegna boðskaparins, sem þeir flytja, það er að segja, ef sá boðskapur er bolschevismi. Ég tek það ekki aftur, að það er ekkert mark takandi á hinum pólitísku skrifum H. K. L.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég býst við, að mönnum þyki þurrt að heyra það, sem ég hefi nú að segja. eftir allt þetta skemmtilega bókmenntaskraf. En ég skal fara fljótt yfir sögu og aðeins stikla á stærstu atriðunum. Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég gleymdi að minnast á eitt þskj., 269, í ræðu minni áðan.

Fyrsta till. á því þskj. er frá hv. þm. Barð., um uppbót á læknisvitjanastyrk. N. mælir eindregið með þeirri till.

Næst kemur hin margumtalaða brtt. hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Ísaf., um styrk til Halldórs Kiljans Laxness. Ég hefi þau skilaboð frá meiri hl. fjvn., að hún leggur á móti till.

Þriðja brtt. er frá hv. 1. þm. Reykv., um lífeyri til Gunnlaugs Indriðasonar. N. hefir óbundnar hendur um þá till. — Fjórða og síðasta brtt. á þessu þskj. hefir verið tekin aftur.

Þá ætla ég að minnast á þær brtt., sem hafa verið gerðar aths. um. Skal ég fyrst nefna brtt. hv. 2. þm. Skagf., um styrk til raforkuveitu í Skagafirði. Það er aukaatriði, þó að ég færi inn á það áðan, að mér teldist, að eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, væri ekki eins mikið að hafa í aðra hönd og við mætti búast. Borið saman við árangur af einkaveitum annarsstaðar, er það ákaflega lítið. En þetta er ekkert aðalatriði. — Ef hér er um beztu skilyrðin á landinu að ræða, þá er ég vondaufur um góðan árangur í rafveitumálunum. En með því að samþykkja þessa till. hv. þm., er verið að samþykkja allt þetta mikla rafveitubákn. Fordæmið væri skapað og ekki hægt að neita öðrum, sem á eftir kæmu. Það er óviðeigandi, þegar um jafnmikið fjárhagsmál er að ræða og þetta, að ráða því til lykta með einföldu fjárlagaákvæði. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ef í rafveitufrv., sem liggur fyrir þinginu, yrði samþ. annað hlutfall um fjárframlag en farið er fram á í brtt., mundu þeir þm. Skagf. fallast á, að þetta fyrirtæki félli undir sömu ákvæði. En það er örðugra að kippa þessu til baka, ef minna verður ákveðið í frv. eða væntanl. lögum.

Ein af ástæðunum til þess, að hv. flm. taldi þetta mál svo aðkallandi, er sú, að Sauðárkrókur sé um það bil að skipta um raftæki. Þetta eru kannske rök í málinu, en ég verð að segja, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, liggur ekki svo mikið á, að 1—2 ár geti haft nokkur veruleg áhrif. — Það er hreinasti misskilningur, að ég haldi, að hægt sé að virkja allt landið á einu og sama árinu, enda liggja fyrir upplýsingar frá flokksmönnum hv. þm. um, að það taki aldir, en ég vil, að þetta mál sé athugað rækilega frá öllum hliðum.

Um ábyrgð ríkissjóðs í sambandi við þetta get ég verið fáorður. Það hefir komið fyrir, að svo gálauslega hefir verið farið með slíkar ábyrgðir, að áður en ábyrgðirnar voru fengnar, hefir verið leitað láns í útlöndum. Síðan hafa komið viðvaranir til forráðamanna landsins frá merkum fjármálamönnum. Ef slíkt færi að endurtaka sig, mundi það verða illt fyrir lánstraust okkar.

Hv. 1. þm. Rang. vil ég svara því, að hann hefir misskilið mig, ef hann heldur, að ég hafi sagt, að fjárveitingar til Hólakirkju hafi orðið henni til skemmda. Ég sagði bara, að það hefði verið gert við kirkjuna fyrir nokkrum árum, en nú væri áhugi orðinn mikill í þá átt, að bæta enn upp á hana og færa hana í sitt forna horf.

Ef till. hv. 3. þm. Reykv. um styrk til Kvenfélagasambands Íslands verður samþ., er ætlazt til, að kvenfélög á Norður- og Austurlandi fái sinn hluta af styrknum. Vitanlega yrði þá líka að veita styrk kvenfélögum á Suður- og Vesturlandi.

Um risnuna til skólastjóra menntaskólanna skal ég geta þess, að vegna hennar hljóta þeir að verða fyrir meiri útgjöldum en þeir geta borið af launum sínum, og n. fannst sjálfsagt að bæta þeim það upp. Einnig finnst n. sjálfsagt að glæða skólalífið og koma á nánari samvinnu milli kennara og nemenda. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að hann vildi ekki veita styrk til þess að kaupa fyrir sykur og rúsínur handa skólapiltum. Ég skal engar forskriftir gefa um þetta, en ég býst við, að ef hv. þm. heimsækti skólastjórana og fengi kaffi, vildi hann fá sykur í það, og ef hann fengi jólaköku, vildi hann ekki hafa hana rúsinulausa.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að það mundi hafa verið venja, þegar um minni háttar lendingarbætur hefði verið að ræða, að styrkja ekki framkvæmd þeirra með ríkissjóðsábyrgð, af því að upphæðir í því skyni væru svo smáar, að hrepparnir væru álitnir einfærir um framkvæmdirnar. Þessu væri nú ekki til að dreifa að því er snerti till. hans um styrk til Keflvíkinga, af því að þar væri um svo stóra upphæð að ræða. En ég vil segja hv. þm., að fyrir fjvn. lá beiðni frá Húsvíking-

um um viðlíka háa fjárhæð, en ekki farið fram á ríkissjóðsábyrgð. Það er auðvitað rétt, að því stærri fyrirtæki, sem þorpin ráðast í, því meiri þörf er þeim á styrk, en þess ber að gæta, að möguleikarnir til að standa undir slíkum fyrirtækjum eru þá líka meiri. Annars er örðugt að greina á milli þess, hvað eru lendingarbætur og hvað er hafnargerð.

Um styrkinn til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur skal ég geta þess, að hann skar sig úr í fyrra, fyrir það, hvað hann var hár, en þar sem menn hafa ætlað, að hann væri veittur í eitt skipti fyrir öll, var hann samþ. Fjvn. flytur nú aðra till. sama efnis, en hefir lækkað upphæðina.

Jón Sigurðsson: Ég get ekki látið hjá líða að svara hv. frsm. nokkrum orðum. Hann hafði þau ummæli í fyrri ræðu sinni, að ég hefði talað um raforkuþörf landsmanna yfirleitt. Ég gerði það einmitt ekki. Ég hélt mér við hina fyrirhuguðu rafveitu Skagfirðinga og þær áætlanir, sem hafa verið gerðar um hana. Hv. frsm. sagði, að samkv. upplýsingum mínum mundi aflið ekki nægja nema til helmings af því, sem þyrfti. Þetta er ekki rétt. Eftir því sem rafmagnsstjóri hefir tjáð mér, er ætlað miklu meira á mann í þessari rafveitu en notað er annarsstaðar á landinu, þar sem eru samveitur. Hitt hefir mér líka verið tjáð, og ég hygg, að hv. n. hafi grun um það, að sú hestaflatala, sem gefin er upp á smástöðvunum, muni ekki reynast svo há sem oft er gefið upp.

Hv. frsm. talaði mikið um það, að það mundi skapa fordæmi, ef þessi fjárveiting væri samþ. til rafveitu Skagafjarðar. Því er ekki að leyna, að fordæmin eru óspart notuð. Þeim er oft hampað, ef menn hafa ekki önnur rök fram að færa gegn einhverju máli. Hv. frsm. gerði ráð fyrir, að mörg héruð mundu koma á eftir og heimta sama styrk, og vildi sporna við því með því að neita öllum, þar til fullnaðarrannsókn væri lokið. En mér er spurn: Hvernig á rannsókn þessa rafveitumáls að fara fram? Á að rannsaka hvern krók og kima landsins áður en nokkur eyrir er veittur úr ríkissjóði? Af orðum ýmsra þeirra, er berjast á móti þessu máli og tillögum okkar, verður þetta helzt ráðið, en það er hið sama og fresta öllum framkvæmdum í 10—20 ár. Ég lít svo á, að þegar búið er að rannsaka og gera heildaráætlun í hverju héraði fyrir sig, ætti það að nægja, og þá megi byrja í því héraði. — Ég teldi rafveitumálinu í heild bezt borgið með því, að þingið veitti eftirleiðis árlega í fjárlögum ákveðna upphæð í þessu skyni, t. d. 200 þús. kr. á ári; þá mundi raftaugakerfið óðfluga breiðast út um byggðir landsins.

Hv. frsm. kvað það ekki koma til mála að samþ. okkar till., því að það yrði að sjá fyrir nauðsynlegu fé fyrst; mér skildist hann telja þörf á nýjum tollum og sköttum til að standast þetta. Það vill svo vel til, að einmitt þessi hv. þm. hefir nýlega borið fram frv. hér í hv. deild um það að leggja á ríkissjóð 150 þús. kr. árleg útgjöld til framræslu um óákveðinn árafjölda. Það er tvöföld upphæð við það, sem við leggjum til að eyða á ári hverju næstu 3 árin, og þó hefir hann engar ráðstafanir gert til að afla tekna í þessu skyni, og sýnir það bezt, hver alvara fylgir orðum hans og samherja hans. Fyrir slíka upphæð, 150 þús. kr., er hægt að leiða árlega rafmagn yfir allstórt hérað, miðað við það fé, sem þarf til þess að koma á rafveitu fyrir Skagafjörð, en það óx honum ekki í augum, af því fénu átti að verja til annars. Ég hefi þá bent hv. þm. á það, að það er ekki mikið samræmi milli orða hans og gerða hvað þetta snertir.

Þá vil ég víkja örlítið að ábyrgðunum. Þær hafa verið gerðar að umtalsefni, bæði af hv. frsm. fjvn. og hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri tæpast forsvaranlegt, að ríkissj. tækist þessar ábyrgðir á hendur, sem fyrir liggja, ef héruðin legðu ekkert á sig. Það vildi svo vel til, að ég var þá alveg nýbúinn að lýsa yfir því, að Skagfirðingar hefðu ákveðið að leggja fram þarna um 90 þús. króna, eða sem því svarar. Verður það að teljast — eftir okkar mælikvarða — talsvert álitlegur skildingur.

Um varfærni stj. að ganga í ábyrgðir mætti segja, að batnandi manni er bezt að lifa. Því það hefir verið annað hljóð í strokknum hvað þessar ábyrgðir snertir

2 undanfarin ár. Ég hefi að gamni mínu farið yfir ábyrgðir frá tveimur síðustu þingum, sem samþ. hafa verið fyrir tilmæli eða að vilja núv. stj. Á þinginu 1928 eru samþ. ábyrgðir fyrir 1500 þús. kr. og þingið í fyrra mun hafa samþ. ábyrgðir fyrir 1145 þús. kr. Á því þingi er ábyrgð vegna rafvirkjana 770 þús. kr. En það skal ég taka fram, að allar þessar ábyrgðir eru til rafveitu í kaupstöðum. En nú, þegar sveitamenn leita stuðnings í þessum efnum, þá er sagt: nú er ekki viðlit að halda lengra. Og ég fyrir mitt leyti gæti virt þetta, ef ég vissi og fyndi, að þessi andúð væri af fullum heilindum. Mér er ljóst, að það getur verið hættulegt að halda viðstöðulaust áfram á þessari braut. En þá geri ég mun á, til hvers fénu er varið, sem ábyrgzt er. En það, sem gefur mér grun um, að ekki séu heilindi bak við þessi ummæli, er það, að hver einasta ábyrgð á þessum tveimur síðustu þingum til bæjarfélaga hefir verið eingöngu — með einni einustu undantekningu — til kjördæma stuðningsmanna hæstv. stj. En nú þegar við stjórnarandstæðingarnir knýjum á þessar dyr, þá segir stj. og stuðningsmenn hennar: Nei, nú viljum við ekki, að ríkissjóður gangi í fleiri ábyrgðir, — og allt er harðlokað. Mér hefir því komið til hugar, að þessi nýja varfærni stafaði af öðru en umhyggju fyrir föðurlandinu.

Ég geri nú ráð fyrir, eftir ýmsum undirtektum, að þessi till. verði felld. En gaman þykir mér að sjá, hvort stj. og stjórnarstuðningsmenn standa eins fast í fylkingu, þegar verður farið að greiða atkv. um sumar ábyrgðir, sem eiga að koma við 3. umr. og bornar eru fram af flokksmönnum þeirra. Við sjáum hvað setur.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil ekki deila um það við hv. 2. þm. Skagf., hversu fullkomin not verði af þessari fyrirhugaðri virkjun, ef hún kæmist á. En hitt vil ég aðeins segja, að þótt það kunni að falla meira rafmagn til hvers heimilis en annarsstaðar þekkist í samvirkjun, þá held ég, að ekki verði hægt að fá svo mikið, sem telja verður nauðsynlegt á meðal sveitaheimili. (JS: Má ég skjóta inn í? Þetta er miklu meira en notað er í sveitum í Noregi). Ég skal ekki segja um það; en ég miða við þá staði, þar sem einstakar rafveitur hafa verið gerðar, þá reynslu, sem fengin er um það, hvað þurfi að vera á stórum heimilum.

Hv. þm. álítur, að Alþingi ætti að verja ákveðinni fúlgu — 200 þús. kr. — á ári í þessu skyni, og það má vel vera, að það væri rétt. En sú upphæð yrði þó ekki nema handa Skagfirðingum einum, þar sem þeir fara fram á rúmlega 200 þús. kr. styrk. En þótt ekki sé nema 200 þús. um að ræða, þá verður hv. þm. að viðurkenna, að eitthvað þarf til þess að standast þau útgjöld og að það er ekki varlegt að bæta þeim á sig án þess að hugsa fyrir nýjum tekjustofni.

Hv. þm. kvað ósamræmi í því, að leggja á móti þessu, en bera fram frv. mitt um styrk til framræslu. Ég hefi nú tæpast búizt við, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, heldur hefi ég borið það fram til þess, að þingið geti hugsað málið og velt fyrir sér, hvaða tekjumöguleikar væru fyrir hendi. Auk þess er það, fjárhagslega séð, smámál hjá öllu rafveitubákninu, sem þm. Skagf. er með á prjónunum.

Um ábyrgðarsamþykktir á undanförnum þingum viðurkenni ég, að þær eru miklar. Og ég viðurkenni sömuleiðis, að þær eru töluvert gapalegar. En meðfram vegna þessa eru farin að opnast augu bæði mín og annara fyrir því, að þannig megi ekki ganga ár frá ári viðstöðulaust. Einhversstaðar verður að nema staðar. Því að vitanlega er hægt að tefla lánstrausti landsins í hættu með ábyrgðum eins og lántökum, og það er sannarlega ástæða til að fara nú að fara gætilegar en gert hefir verið.

Ég man satt að segja ekki eftir því, að synjað hafi verið um neina ábyrgðarheimild á síðustu þingum af þeim ástæðum, að þær væru bornar fram af stjórnarandstæðingum eða kæmu úr sveit. Það, sem hv. þm. sagði í þessu sambandi, hygg ég sé sprottið aðeins út úr hans ímyndun, þótt það hafi hitzt svo á, að margir þessara kjördæma, sem ábyrgð fengu, hafa sent á þing mann, sem studdi stjórnina.

Um heilindi okkar stjórnarfylgismanna í þessu máli skal ég ekki ræða. En ég býst við, að þau séu ekki minni en stjórnarandstæðinga í þessu rafveitumáli og öðrum

málum, sem þeir eru að kasta hér fram sem „agitatoriskum" bombum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 260,I. felld með 14:6 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 229,1.a.—b. samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 229,2. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 229,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 229,4.a. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 229,4.b. samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 269,I.a.—b. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 229,5. samþ. án atkvgr.
— 229,6.a.—b. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 229,6.c. samþ. með 16:6 atkv.
— 229,7. samþ. með 15:2 atkv.
— 229,8. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 260,II. felld með 14:12 atkv.
— 229,9. samþ. með 16:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 229,10. samþ. með 15:7 atkv.
— 260,III. tekin aftur.
— 229,11. tekin aftur.
— 260,IV.1. samþ. með 14:11 atkv.
— 260,IV.2 samþ. með 15:11 atkv.
— 229,12 sjálffallin.
— 229,13 samþ. með 19:5 atkv.
— 229,14 samþ. með 18:1 atkv.
— 260,V.a. felld með 14:12 atkv.
— 260,V.b. tekin aftur.
— 260,VI. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 229,15 samþ. með 15:9 atkv.
— 260,VII. samþ. með 14:10 atkv.
— 270,I. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 229,16 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 260,VIII.a.—b. (aðaltill.) felld með 14:10 atkv.
— 260,VIII.a.—b. (varatill.) tekin aftur.
— 229,17.a. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 229,17.b. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 229,18 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 229,19 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 229,20 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 229,21 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 260,IX. samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 229,22 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 229,23 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 260,X.a.—b. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 229,24, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 229,25 samþ. án atkvgr.
— 229,26 samþ. með 17:3 atkv.
— 229,27 samþ. með 14:6 atkv.
— 229,28 samþ. með 15:9 atkv.
— 229,29 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 260,XI felld með 17:5 atkv.
— 229,30 samþ. með 17:1 atkv.
— 260,XII.1—2 felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 229,31 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 260,XIII felld með 14:4 atkv.
— 229,32 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 229,33 samþ. með 16:2 atkv.
— 229,34 samþ. með 18:1 atkv.
— 229,35 samþ. með 17:3 atkv.
— 229,36.a.—b. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 229,37 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 260,XIV felld með 18:6 atkv.
— 229,38 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 260,XV samþ. með 22 shlj. atkv.
— 260,XVI.a.—b. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 260,XVII felld með 15:9 atkv.
— 229,39 samþ. með 19 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 229,40 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 260,XVIII samþ. með 15:10 atkv.
— 229,41.a. samþ. með 15:2 atkv.
— 229,41.b. samþ. með 15:2 atkv.
— 229,41.c. samþ. með 14:4 atkv.
— 229,41.d. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 260,XIX samþ. með 15:4 atkv.
— 260,XX (aðaltill.) samþ. með 15:3 atkv.
— 260,XXI samþ. með 14:7 atkv.
— 260,XXII (aðaltill.) felld með 17:4 atkv.
— 260,XXII (varatill.) felld með 18:5 atkv.

Brtt. 260,XXIII felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: GunnS, HJ, HG, HV, JAJ, MJ, PO, SE, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ.
nei: HStef, IngB, JJós, JÓl, JS, LH, MG, MT, SvÓ, ÞorlJ, BSt, EJ.
HK, ÓTh, JörB greiddu ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 260,XXIV felld með 15:5 atkv.
— 269,II felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HV, MT, SE.
nei: SvÓ, EJ, HStef, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, PO, JörB.
ÓTh greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 229,42 samþ. án atkvgr.
— 260,XXV felld með 13:13 atkv. (Forseti, JörB, greiddi ekki atkv.).
— 260,XXVI tekin aftur.
— 229,43.a. samþ. án atkvgr.
— 229,43.b. samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 229,44 samþ. með 21:1 atkv.
— 229,45 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 270,II samþ. með 21 shlj. atkv.
— 260,XXVII. tekin aftur.
— 229,46 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 260,XXVIII. felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PO, SE, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.
nei: MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, LH, JörB.
SÁÓ, HG, HV greiddu ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 229,47.a. samþ. með 16:4 atkv.
— 229,47.b. samþ. með 20:2 atkv.
— 260,XXIX samþ. með 16:5 atkv.
— 229,48 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, EJ, GunnS, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, JörB.
nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HJ, HG, HV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 229,49 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 260,XXX (aðaltill.) felld með 14:11 atkv.
Brtt. 260,XXX (varatill.) samþ. með 16:2 atkv.
— 260,XXXI.1.—3. samþ. með 19:3 atkv.
— 260,XXXI.4. tekin aftur.
— 260,XXXII felld með 18:7 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 260,XXXIII felld með 16:8 atkv.
— 229,50.a.—f. samþ. með 16:3 atkv.
— 260,XXXIV samþ. með 14:6 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 229,51 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 229,52—57 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 260,XXXV (aðaltill.) samþ. með 14:12 atkv.
— 260,XXXVI samþ. með 14:7 atkv.
— 229,58—60 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 260,XXXVII.1. felld með 14:5 atkv.
— 269,III samþ. með 16 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
21. gr., með tölubreyt. samkv. atkvgr., samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 260,XXXVII,2. felld með 14:9 atkv.
— 260,XXXVIII felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, GunnS.
nei: HJ, IngB, JÓl, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HStef, JörB.
HG, HV, SÁÓ, BSt greiddu ekki atkv.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.
Brtt. 260,XXXIX tekin aftur.
— 260,XL samþ. með 18:3 atkv.
— 269,IV tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 229,61.a. samþ. án atkvgr.
— 229,61.b. samþ. með 19 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 284, 302, 316, 319).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt.

316 og 319. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Það eru aðeins örfá orð utan dagskrár. Ég skal hér með skýra frá því, að það hefir orðið áframhaldandi samkomulag milli hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga um það, að eldhúsverkin hefjist ekki fyrr en eftir atkvgr. um till. þær, er fyrir liggja við 3. umr. fjárlaganna. En að þeim umr. loknum er ætlazt til, að eldhúsdagur hefjist með þeim réttindum, sem honum fylgja samkvæmt þingvenju. Ennfremur skal það tekið fram, að af hálfu okkar stjórnarandstæðinga hefir það verið tilskilið, að eldhúsverkin hefjist ekki seint að kvöldi, heldur á venjulegum fundartíma, kl. 1, eða að minnsta kosti ekki síðar en kl. 5.

Forseti (BSv): Svo sem kunnugt er, varð það að samkomulagi við 1. umr. fjárl. að fresta hinum svokölluðu almennu umr. um þau til 3. umr. Hinsvegar er heimilt að ræða mál almennt við 3. umr., og kemur þessi meðferð því ekki í bága við þingsköp. Einnig má skipta umr. um fjárlög í kafla. Nú hefir verið farið fram á það, að skipta þessum umr. í tvo kafla, fyrst um brtt. og síðan um frv. í heild, með sama fyrirkomulagi sem við venjuleg eldhúsverk.

Til þess að girða fyrir allan misskilning er rétt að leita afbrigða frá þingsköpum um það, að svo skuli hagað umr. um fjárlagafrv., að fyrst verði ræddar og undir atkv. bornar brtt. þær, sem fram eru komnar eða fram kunna að koma, en að því loknu fari fram almenn umr. með sama hætti og tíðkazt hefir við frh. 1. umr. fjárlaga, og að því loknu verði svo gengið til atkv. um frv. í heild sinni og það afgr. til efri deildar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. fyrri kafla (Jörundur Brynjólfsson): Við 2. umr. fjárl. lét fjvn. þess getið, að hún mundi fyrir þessa umr. koma fram með athugun á tekjulið fjárlagafrv. Þetta hefir nú n. gert og ber fram brtt. á þskj. 302 um þetta efni. Þar leggur n. til, — eins og hv. þdm. sjá, — að hækkaðir verði nokkrir tekjuliðir í 2. gr.

Það er þá 1. brtt. n., að áfengistollurinn verði hækkaður úr 375 þús. upp í 425 þús. kr. Hækkun 50 þús. kr. Í öðru lagi, að tóbakstollur hækki úr 950 þús. upp í 1 millj. 25 þús. kr. Hækkun 75 þús. kr. Í 3. lagi, að vörutollur hækki úr 1,4 millj. upp í 1,5 millj. kr. Hækkun 100 þús. kr. Í 4. lagi, að verðtollur hækki úr 1½ millj. upp í 1,7 millj. Hækkun 200 þús. kr. Í 5. lagi, að tekjur af vínveitingasölu hækki úr 550 þús. upp í 575 þús. kr. Hækkun 25 þús. kr. Hækkunin á þessum 5 tekjuliðum nemur því alls 450 þús. kr.

Þegar litið er á þessa einstöku tekjuliði, ætla ég, að yfirleitt megi segja, að þó að um allverulega hækkun sé að ræða á sumum tekjuliðum, þá megi telja varlega farið af hálfu n. Ég skal geta þess, að áfengistollurinn hefir verið 3 síðustu árin: 1927 423 þús., 1928 441 þús. og 1929 659 þús. kr. Ég ætla þess vegna, að þó að lagt sé til, að hann sé hækkaður upp í 425 þús. kr., sé það mjög varlega farið, því meðaltal þriggja síðustu ára er liðlega ½ millj. kr.

Tóbakstollurinn hefir verið nærfellt 1,1 millj. kr. að meðaltali 3 síðastl. ár. Árið 1927 var þessi tollur 949 þús., 1928 1083 þús. og 1929 1250 þús. kr. Þar sem þessi tollur hefir aukizt allverulega ár frá ári, ætla ég, að ekki sé óvarlega farið, þótt hann sé áætlaður 1025 þús. kr., sem er lægra en meðaltal 3 síðastl. ára. (ÓTh: Síður en svo).

Þá er vörutollur að meðaltali 3 síðustu árin um 1600 þús. kr. Með tilliti til þess, að þessi tollur hefir ekki staðið óbreyttur öll þessi ár, er ekki hægt að segja, að með till. um hækkun á þessum lið sé nokkuð freklega af stað farið. Þessi tollhækkun gekk í gildi 1. apríl 1928. Ég tel það því varlega áætlað, þótt gert sé ráð fyrir, að hann verði 1½ millj. kr., þar sem meðaltal 3 síðustu ára er 1600 þús. kr.

Þá er 21. liðurinn, verðtollur. Hann var árið 1928 1667 þús. og 1929 2173 þús. kr. Um þennan toll er það sama að segja og hinn næsta á undan. Hann var hækkaður árið 1928, og gekk sú tollhækkun í gildi á sama tíma og hin. Það er því

ekki hægt að segja, að fjvn. hafi farið óvarlega í sínum till. um að hækka hann upp í 1700 þús. kr.

Þá er loks vínéinkasalan. Þar hefir n. lagt til að hækka þann lið upp í 575 þús. kr. Árið 1927 var þessi liður 325 þús., 1928 529 og 1929 1 millj. kr. Meðaltal 610 þús. kr. Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir um þessa tekjugrein, ætla ég, að forsvaranlegt sé að hækka þennan lið upp í 575 þús. kr. Auðvitað eru þessar till. byggðar á því, að löggjöf sú, sem gildir í þessu efni, fái að halda áfram, eða, verði hún ekki óbreytt, þá verði henni ekki breytt þannig, að tekjur ríkissjóðs verði að nokkru rýrari við það.

Þó að n. fyrir sitt leyti hefði verið ljúfast að bera ekki fram neinar till. um hækkun gjalda, gat hún ekki komizt hjá því að bera fram nokkrar till. þess efnis, og skal ég gera þeirra stutta grein.

Það er þá fyrst 6. liður undir I á þskj. 302, við 12. gr., um að hækka styrk til læknisvitjana um 150 kr. Er það samskonar styrkur og veittur er víða annarsstaðar. Þessi styrkur er ætlaður Loðmundarfjarðarhreppi í N.-Múlasýslu. Þeir eiga erfitt með að sækja lækni og n. þótti sanngjarnt að verða við þeirri ósk og leggur því til, að þessi styrkur verði veittur. Í sambandi við þessa till. vil ég geta þess fyrir hönd fjvn., að hún óskar þess, að stj. heimti skýrslur frá þeim sveitarfélögum, sem fá styrk í þessu skyni, því það er talinn vafi, hvort hann er alstaðar notaður sem vera ber, en ekki er ástæða til að veita þeim fé, sem nota það á annan hátt en til er ætlazt. Það ætti því að vera föst regla, að hlutaðeigandi sveitarfélag gefi skýrslu um það, hvernig fé því hafi verið varið, sem veitt hefir verið úr ríkissjóði. Væntir n., að það verði svo framvegis.

Þá er 7. liður um að hækka styrkinn til hjúkrunarfélagsins Líknar úr 3500 kr. upp í 4000 kr. Er það sama upphæð og er í núverandi fjárl. Þetta félag hefir haft hjúkrunarstarfsemi með höndum og innt það vel af hendi. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir styrkt það með 4000 á móts við ríkissjóð. Auk þess hefir félagið fengið 4000 kr. að gjöf. Allur starfskostnaður félagsins er því um 12000 kr. Félagið hefir víst mikið lagt af mörkum og þeir, sem vinna við það, gefa mikið til starf sitt, og þar sem menn vinna af svo mikilli ósérplægni, álítur fjvn. rétt að láta hið sama af mörkum og áður.

Þá er ennfremur brtt. X. á sama þskj., um að hækka laun aðstoðarverkfræðings vitamálastjóra úr 5700 kr. upp í 6500 kr., eða um 800 kr. Þessi breyt. er ekki nema leiðrétting á frv. Í frv. eru laun þessa manns vantalin um 300 kr., svo að hækkunin er ekki nema 500 kr. Orsökin til þess, að n. leggur til, að hann fái þessa hækkun, er sú, að hann er svo bundinn við störf í vitamálaskrifstofunni, að hann getur ekki leitað sér annars starfa. Hinsvegar hefir þessi maður unnið lengi í þágu landsins og hefir erfitt heimili og þarf því að breyta frá því, sem laun hans eru nú. N. þótti þetta hæfileg hækkun og býst við, að hv. deild geti fallizt á það.

Þá er skrifstofukostnaður vitamálastjóra hækkaður um 1200 kr. Vitamálastjóri átti tal við n. um kaup sitt og taldi sig fremur illa haldinn með það, sem hann hefir nú, samanborið við ýmsa aðra starfsmenn hins opinbera. Og þegar tekið er tillit til þess, hve lengi hann hefir unnið í þágu þess opinbera, fannst n. — þótt henni sé ekki vel við að blanda sér inn í þessi launakjör — ekki verða hjá því komizt að gera bót á þessum launum. Borið saman við aðra eru laun hans svo lág, að ekki er sanngjarnt, að hann sitji við þau alveg óbreytt. Og þegar litið er til þess, hvað greitt er til þeirra manna, sem í seinni tíð hafa gengið í þjónustu hins opinbera, virðist vitamálastjóri eiga kröfu á því, að laun hans séu dálítið hækkuð. N. sneið sína till. eftir því, hvað minnst er hægt að komast af með. Vitamálastjóra er því ætluð þessi hækkun af hálfu n.

Þá er brtt. XIII., við 13. gr., um bryggjur og lendingarbætur. Hún er til þess að tryggja almenningi afnot af bryggju, sem byrjað er á í Grindavík. N. þótti tryggilegast að setja slíka aths. við þessa fjárveitingu, vegna þess að það er einstakur maður, sem á landið og uppsátrið. Hún telur það sjálfsagt, að almenningur á þessum slóðum hafi bryggjunnar full not og væntir þess, að hæstv. stj. sjái svo um, að svo tryggilega sé búið um,

að menn úr sveitinni hafi bryggjunnar full not, þegar hún er fullgerð.

Hækkunartill. þær, sem n. flytur, nema alls liðlega 50 þús. kr. Eru það þær till., sem ég hefi hér talið, og till. þær, sem heyra til síðari kafla, 14. gr. og út, og verður gerð grein fyrir þeim af frsm. síðari kafla fjárl. Þessar till. allar, sem n. flytur, þótti henni ekki hægt að komast hjá, þótt hún hefði gjarnan kosið að þurfa ekki að flytja slíkar till.

Viðvíkjandi öðrum till., sem fram hafa komið frá einstökum þm., munu þær nema um 350 þús. kr. Hækkunartill. á þskj. 302 nema því liðlega 400 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir, að þær verði allar samþ. hér í þessari hv. deild, verður tekjuhallinn á frv. 250 þús. kr. eftir þessa umr. Slíkt væri óhæfileg afgreiðsla á fjárl. N. væntir því, að hv. þdm. sýni varfærni í því að samþ. till., sem fara fram á verulega hækkun.

Þá held ég, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þau atriði, sem fjvn. flytur og snerta mig sem frsm. Ætla ég, að ég hafi gert nægа grein fyrir þeim. En áður en ég sezt niður, ætla ég að gera stutta grein fyrir brtt., sem ég flyt undir mínu nafni.

Það er brtt. VII. á þskj. 302. Hún er um það, að Guðlaugi Þórðarsyni verði veittar 4000 kr. til þess að stækka gistihúsið að Tryggvaskála.

Eins og allir vita, er þetta við mjög fjölfarna þjóðbraut og þurfa margir að gista þar, svo húsið er nú allt of lítið fyrir alla þá, sem þar þurfa að gista. Gestgjafinn er því í vandræðum með gesti, sem ber þar að garði, og ætlar að ráðast í að stækka húsið á næsta vori. Kostnaðurinn við þetta mun nema um 15000 kr. Þessi maður er fyrir stuttu kominn þangað og keypti þá húsið dýru verði. Hann á því ekki auðvelt með að standa straum af slíkum kostnaði. Mér finnst því sanngjarnt að veita honum liðsinni eins og sumum öðrum hefir verið veitt, sem líkt stendur á með og hann. Eins og gististaðurinn er nú, er hægt að taka á móti allmörgu fólki, en þó minna en vera ætti. Sérstaklega er gistihúsið of lítið haust og vetur. Hefir það sýnt sig nú í vetur. Vona ég svo, að hv. deild geti fallizt á þessa till. mína.

Frsm. síðari kafla (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim fáu brtt., sem fjvn. hefir við þennan kafla fjárl.

Það er þá fyrst brtt. XVII. á þskj. 302, um að hækka styrk til barnaskólahúsa utan kaupstaða úr 30 þús. kr. upp í 40 þús. kr. Er það sama upphæð og er í núverandi fjárl. Eins og kunnugt er, greiðir ríkissjóður nú ⅓ byggingarkostnaðar til heimangönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar, ef það eru heimavistarskólar. Síðastl. ár var byggt mikið af þessum skólum, og mun þessi upphæð varla nægja til næsta árs. Og þó að þessi hækkun nái fram að ganga, þá mun vanta um ⅓ þess framlags, sem ríkið á að leggja til þessara bygginga.

Þá er brtt. XXXVI. um að hækka styrk til veðurstofunnar úr 3000 kr. upp í 4000 kr. Starfsemin þarf nú meira húspláss. Hún hefir leigt út undanfarið, en getur það nú ekki lengur. Upphaflega sendi veðurstofan ekki þessa beiðni því forstjóri hennar áleit, að veðurstofan mundi flytja í nýtt hús um áramótin, en eftir síðari upplýsingum verður það ekki, og er því nauðsynlegt að samþ. þennan lið.

Þá kemur till. um styrk til verkamannabústaða. Eins og hv. þdm. muna, voru samþ. lög á síðasta þingi um að ríkissjóður skuli leggja til 1 krónu pr. íbúa í kauptúnum og kaupstöðum til að koma upp verkamannabústöðum. Nú er komin tilkynning frá Reykjavík, Akureyri, Eskifirði og Patreksfirði um stofnun byggingarfélaga eins og lögin í fyrra gerðu ráð fyrir. Á Ísafirði hefir líka verið samþ. að stofna slíkan félagsskap. Íbúar á þessum stöðum eru samtals 33 þús., og er fjárveitingin miðuð við það.

Næst er XL. till., um styrk til Dýraverndunarfélagsins. Félagið sótti um meira en við höfum tekið upp í till. okkar, en n. vill veita því 1000 kr., sem sé einskonar viðurkenning fyrir starfsemi þess. Það hefir m. a. komið upp dýraspítala og kostar þar lækni. En eins og menn vita, hefir engin slík stofnun verið til hér áður.

XLII. brtt. er þess efnis, að veita fé til að gera laxastiga í Lagarfoss. Samskonar beiðni lá fyrir síðasta Alþingi, en henni var ekki sinnt, vegna þess að far-

ið var fram á mun hærra tillag en venja er að borga til slíkra hluta. Samkv. umsögn Pálma Hannessonar og Reinsch gæti verið töluverð laxveiði í Lagarfossi, ef hann væri gerður laxgengur og áin friðuð af sel; selurinn gengur nú alla leið upp að fossi.

Seinni liður þessarar sömu brtt. er um hækkun á fjárveitingu til vatnsrennslismælinga frá því, sem var í upphaflega frv., þannig að sá liður verði jafnhár og í síðustu fjárl. Þessar vatnsrennslismælingar eru nauðsynlegur liður í undirbúningnum við að rannsaka ár og fossa. Vegamálastjóri hefir lagt til, að þessi upphæð fái að halda sér.

Fyrri liður XLVI. brtt er um það, að fjárveiting til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur verði lækkuð úr 800 kr. niður í 500 kr. Þessi fjárveiting var samþ. við 2. umr., þrátt fyrir mótmæli fjvn., en brtt. fjvn. er byggð á því, að þarna er um önnur hlutföll að ræða en venja er um samskonar styrki, sem nú eru í fjárl. Og n. ætlast til, að þessar 500 krónur verði fastur, árlegur styrkur.

Í 3. lið þessarar sömu brtt. er aðeins um prentvillu að ræða. Fyrir „Kristínar Þórðardóttur" á að koma: Kristínar Þórarinsdóttur.

Síðasta brtt. n. er á þá leið, að ríkið ábyrgist allt að 40 þús. kr. húsakaupalán fyrir Kvennaskóla Reykjavíkur, gegn þeirri tryggingu, er stj. tekur gilda. Það er öllum vitanlegt, að Kvennaskólinn á ekkert hús. En nú stendur til boða sú bygging, sem skólinn hefir haft á leigu, fyrir 140 þús. kr. Á húsinu hvíla 90 þús. kr. Útborgun er 10 þús. kr. Það var nú sótt um ábyrgðarheimild fyrir 60 þús. kr., en n. fannst það óþarflega hátt, þar sem skólinn, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þarf eiginlega ekki á að halda nema 40 þús. kr.

Er ég þá búinn að fara yfir brtt. fjvn.

Sjálfur flyt ég nokkrar till. á þskj 302. III. till. á því þskj. er um lækningastyrk til Lúðvígs Guðmundssonar. Lúðvíg er þjóðkunnur dugnaðar- og áhugamaður, bæði um málefni stúdenta, eins og t. d. í Stúdentagarðsmálinu o. fl., og ekki síður um allt, sem að alþýðufræðslu lýtur. Nú er hann skólastjóri á Hvítárbakka í Borgarfirði, og hefir gegnt því starfi af mikilli alúð Fyrir skömmu hefir Lúðvíg fengið mjög óþægilega hálsveiki. Fylgir henni hæsi, svo að Lúðvíg á bágt með að tala lengi, og er það auðvitað mjög bagalegt fyrir skólastjóra. Sérfræðingur í Þýzkalandi hefir skoðað hálsinn og álítur, að Lúðvíg geti batnað, ef hann fæi svo sem ½ árs hvíld frá skólastörfum sínum. Nú er Lúðvíg einn af þeim mönnum, sem fórna öllu sínu starfi í þágu alþjóðar, en eins og menn vita, er slíkum mönnum ósýnt um að safna sér sjálfum fé. Er því ekki fyrir þá menn í annað hús að venda um aðstoð svipaða þessari, þegar þá ber upp á sker, en til ríkisins. Og það væri einkennilegur búhnykkur að vilja spara sér 3000 kr., og eiga þá á hættu, að einn af efnilegustu sonum landsins missi þá möguleika, sem hann annars hefir til þess að gera það mikla gagn, sem allir viðurkenna, að vænta má af Lúðvíg Guðmundssyni. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. sjái sóma sinn og hag landsins í því, að veita honum þennan litla styrk.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir þingið, var tekjuafgangurinn 60 þús. kr., en eftir 2. umr. hér í hv. d. var orðinn tekjuhalli, 300 þús. kr. Ég skal að vísu játa, að sumt af þeirri upphæð eru leiðréttingar. En allt hitt eru beinar hækkanir á útgjöldunum. Sumt er auðvitað til þarflegra framkvæmda — því dettur mér ekki í hug að neita —, en margt er hreinasti óþarfi að taka upp í fjárl. Og þó að sumt sé til þarflegra framkvæmda, álít ég, að að nokkru leyti hefði mátt láta þær bíða.

Hv. fjvn. flytur nokkrar brtt. til frekari hækkunar á útgjöldunum, sem nemur 50 þús. kr. Við þær till. hefi ég ekkert að athuga. Aðalupphæðin er í því fólgin, að 33 þús. kr. eru ætlaðar til þess að mæta væntanlegum útgjöldum við verkamannabústaði, sem lög voru sett um í fyrra. Þegar frv. var samið, lá ekkert fyrir um framkvæmdir í þessu efni, en nú er aftur á móti vitað, að sumstaðar standa slíkar framkvæmdir fyrir dyrum, svo að réttmætt virðist að ætla upphæð í fjárl. í því skyni. Ef brtt. hv. n. verða samþ., er tekjuhalli orðinn um 360 þús. kr., en til þess að jafna yfir þennan tekjuhalla, flytur fjvn. einnig till. um hækkun

á tekjuáætluninni, sem nemur um 450 þús. kr. Nú væri allt gott og blessað, ef þessar 450 þús. kr. væru raunverulegar tekjur. En því er ekki að heilsa. Útgjöldin, sem hafa bætzt við, eru raunveruleg útgjöld, en hækkunin á tekjuhliðinni er ekki raunveruleg. Það, sem öllu veldur um, hvort slíkar hækkanir séu réttmætar eða ekki, er árferði 1931. Um það getum við engu spáð nú, en ég vil taka það fram, að til þess að tekjuáætlunin standist með hækkun n., þarf árið 1931 að verða betra en í meðallagi. Hinsvegar megum við ekki miða við betra ár en meðalár, af því að alltaf er töluvert af útgjöldum utan við fjárl. Ég álít því ástæðulaust og óvarlegt að hækka tekjuhliðina, ef á að gera ráð fyrir, að tekjurnar eigi raunverulega að standast útgjöldin. Ég hugsa nú, að hv. n. hafi gert þetta til þess að koma í veg fyrir, að á pappírnum væri tekjuhalli.

Þetta vildi ég benda á, vegna þess að mér finnst hv. d. tæplega hafa farið nógu varlega við 2. umr., og skapað óþarflega mikinn tekjuhalla. Nú liggja enn fyrir brtt. frá ýmsum hv. dm., sem auka útgjöldin um 350 þús. kr., ef samþ. verða. Það verða ekki séð nein takmörk fyrir því, sem hv. þm. heimta af útgjöldum úr ríkissjóði. Nokkuð af fjárbeiðnum dm. á að fara til verklegra framkvæmda, aðallega síma og vita. En það er gert ráð fyrir hvorutveggja í frv., og það virðist eiga að nægja í bráðina. Mér finnst, að einhversstaðar verði að nema staðar um slíkar framkvæmdir, og hlýt ég því að leggja á móti brtt.

Af 56 brtt. á þskj. 302 eru um 30, sem heyra til beinapottinum svokallaða. Það er eins og eigi að gera fjárl. að einskonar beinaverksmiðju, sem eigi að mala úr fjárveitingar til einstakra manna. Og sú verksmiðja er alltaf að stækka, enda þótt stöðugt sé verið að mynda sjóði og styrkja menn á annan hátt. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir öllum þeim sæg mannanafna, sem standa í brtt. þm., og það er yfirleitt ekki hægt að sjá, að þm. vilji neita sér um þá skemmtun að flytja þetta. Ég skal ekki neita því, að það er bæði gott og gaman, oft og tíðum, að geta styrkt fólk til náms eða skemmtunar, en það verða aldrei nema mjög fáir, sem hægt er að styrkja, og ég vil slá einu stóru striki yfir þetta allt.

Jón Auðunn Jónsson: Ég flyt 3 brtt. á þskj. 302. Engin þeirra heyrir til beinapottinum, sem hæstv. fjmrh. talaði um, heldur eru það till. um endurbætur hjá héraðsbúum mínum, sem þegar hafa dregizt of lengi, en nú verða að komast í framkvæmd. Og þessum endurbótum er þannig varið, að þær auka ekki útgjöld ríkissjóðs nema rétt í bili.

Fyrsta brtt. mín er sú VIII. á þskj. 302, um framlag til símalagningar frá Sandeyri að Stað í Grunnavík. Eins og hv. þm. vita, er þessi lína í fyrstu símalögunum, og sú eina, sem enn er eftir ólögð af þeim línum, sem standa í fyrstu lögunum. Ég sé á till. hv. fjvn., að hún ætlast ekki til, að veitt sé fé til þessarar línu nú. Hinsvegar hljóta hv. þm. að skilja, að þörf þeirra manna, sem búa þarna í strjálbýlinu, er ákaflega brýn, og að þeir þurfa miklu fremur á síma að halda en hinir, sem ekki eru eins afskekktir, bæði til læknavitjana og vegna atvinnurekstrarins. Ég hefi oft talað um það hér, hvað símaleysið veldur miklum erfiðleikum hjá þessu afskekkta og fátæka fólki og vil ekki endurtaka það enn á ný. Það sparast 7—8 þús. kr. á símanum, sem fyrirhugaður er yfir Djúpið, í fjárlögunum 1930, og lægi næst að nota það fé til framhalds símalínu norður til Grunnavíkur. En á undanförnum árum hefir svo mikið verið lagt af símalínum, sem ekki hafa verið í fjárl. og hvorki hafa fengið meðmæli fjvn. né símastjóra, að mjög er óréttmætt að skilja þessa línu eftir nú. Menn hafa vegna símaleysisins orðið fyrir margföldu tjóni á við það, sem síminn kostar. Vona ég, að hv. dm. viðurkenni þetta og samþ. till.

Hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært að mæla með þessari till. minni eða taka hana upp sem sína till., en þó vil ég mega vænta þess, að innan n. séu óbundin atkv. um hana.

Hv. þdm. gleyma oft, hvernig ástæður eru fyrir fólki úti um land, sérstaklega á útkjálkunum, og taka miklu meira tillit til þeirra, sem nær þeim standa og þeir þekkja betur til. Venjulegast eru minnstir möguleikar á að koma fram

málum þeirra, sem búa á útnesjum, og minnst fyrir þá gert; en ég vona nú samt, að svo fari ekki að þessu sinni.

Þá á ég XIV. brtt. á þskj. 302, um styrk til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar, allt að 7500 kr. Ég hafði vænzt þess, að hv. fjvn. sæi sér fært að taka upp þennan lið og gera það að sinni till., en ég býst við, að þó að hún beri hana ekki fram, þá sjái n. sér fært að veita henni sinn stuðning við atkvgr. A. m. k. vænti ég, að atkv. nm. verði óbundin.

Síðan steinnökkvanum var sökkt niður framan við öldubrjótinn, hefir reynzt mjög erfitt að búa um hann. Það kom fljótt í ljós, að bilið á milli öldubrjótsins og nökkvans gat verið hættulegt fyrir öldubrjótinn og lendinguna, því mikið skolaðist af grjóti gegnum glufuna, sem barst svo inn í vörina. Á síðastl. hausti var miklu fé varið til þess af hreppsfél. að hreinsa þetta grjót úr lendingunni, svo að skip kæmust að. Þegar brimið sogast út og inn um glufuna, þá grefur það botninn undan nökkvanum og brimbrjótnum að framan. — Síðastl. sumar réðist hreppsnefndin í það, eftir fyrirsögn vitamálastjóra, að steypa í glufuna, en sementið gat ekki límt grjótið saman á svo miklu dýpi, og þegar það kom í ljós, að þetta var ónýtt verk, var hnigið að því ráði, eftir till. vitamálastjóra, að keyra grjóti í glufuna og hlaðið ofan á það steyptum steinum, sem eru 10—12 tonn að þyngd. Þetta sýnist vera rétta aðferðin. — Í síðastl. febrúarmán. fékk ég því til leiðar komið, að vitamálastj. sendi Sigurð Thoroddsen verkfræðing vestur í Bolungavík, til þess að líta á alla aðstöðuna þar og segja fyrir um, hvað heppilegast væri að gera til tryggingar öldubrjótnum. Sig. Thor. sendi skýrslu um athuganir sínar 14. þ. m. og gerir þar grein fyrir því, að steinsteypan í glufuna hafi reynzt árangurslaus; en þegar grjóti var hlaðið undir og þar ofan á 10—12 tonna steyptum steinum, þá virðist, að það muni bera góðan árangur og varna því, að botninn grafist undan nökkvanum og brjótnum. Vitamálastjóri segir, að þessi viðgerð sé fullnægjandi til þess að stöðva um mörg ár yfirvofandi skemmdir. Kostnaðurinn við framkvæmd þessarar endurbótar er áætlaður 15 þús. kr., og mælir vitamálastjóri eindregið með því, að Bolvíkingum verði gert kleift að ljúka þessu verki sem fyrst.

Undanfarið hefir það komið fyrir, að viðgerðir á brimbrjótnum í Bolungavík hafa mistekizt, og hafa þau mistök stafað að mestu leyti af því, að forstöðumenn verksins hafa ekki verið nógu kunnugir því, hvað brimið er kraftmikið á þessum stað. — Meðan Bolvíkingar stóðu einir að byggingu brimbrjótsins og lögðu fram til hans af eigin fé 20 þús. kr., þá byrjuðu þeir þar, sem mest reynir á, þar sem brimhrönnin brotnar við landið um hálffallinn sjó. Þessi hluti brjótsins hefir aldrei skemmzt eða þurft aðgerða við. En þegar farið var að leggja til hans af almannafé og framkvæma verkið undir opinberu eftirliti, þá var garðurinn mjókkaður um 2—3 metra, en það telja Bolvíkingar að hafi verið orsök allra þeirra óhappa, sem orðið hafa á framkvæmd verksins.

Það skal fúslega játað, að Alþingi hefir oft hlaupið vel undir bagga með styrk til þessa fyrirtækis, enda hefðu þorpsbúar ekki getað risið undir því, nema svo hefði verið. Vitamálastjóri telur, að brimbrjóturinn muni reynast öruggur a. m. k. í 6—8 ár, ef gert verður við hann á þann hátt, sem ég hefi gert grein fyrir. En auk þess þarf að hlaða grjótbálk norðanvert við brimbrjótinn, eins og ég skýrði frá í fyrra, og hlaða þar ofan á steyptum steinum, svo grjótinu ekki skoli burt. Mundi þetta kosta um 90 þús. kr. En það, sem hér er farið fram á, er einungis liður í því mikla verki, að tryggja brimbrjótinn.

Á þinginu 1927 og 1928 voru veittar til brimbrjótsins 37500 kr. Af þessari upphæð er ógreitt 3700 kr.

— Síðastl. sumar var steypt þykkt steinsteypulag ofan á steinnökkvann, til þess að binda hann við endann á gamla brimbrjótnum. Telur Sig. Thoroddsen, að þetta hafi verið vel ráðið og það verk vel unnið, enda gátu haffær skip losað þar í sumar kol, salt og fleiri vörur. — Það er út af fyrir sig mikils um vert, að með þessu mannvirki hefir tekizt að stöðva mannskaða í lendingu í Bolungavík. Á árunum 1866—1905 fórust yfir 60 manns

í lendingu í Bolungavík, en síðan öldubrjóturinn var byggður, hefir aldrei farizt þar maður í lendingunni.

Þó að mörg mistök hafi orðið á byggingu þessa mannvirkis og verkið reynzt dýrara en hefði þurft að vera, þá má þó gleðjast yfir því, að þrátt fyrir allt hefir öldubrjóturinn bjargað mörgum mannslífum. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þdm. vilji ekki láta þetta dýra mannvirki eyðileggjast, til þess eins að geta sparað rúmar 3700 kr., heldur verði þessi till. samþ.

Þá kem ég að þriðju brtt. minni, LXV. á þskj. 302, um heimild fyrir stj. til þess að láta ríkissjóð ábyrgjast lán til raforkuveitu fyrir Súðavíkurhrepp, ⅘ hluta kostnaðarins, allt að 60 þús. kr. — Nú má að vísu segja, að þetta mál sé ekki undirbúið sem skyldi. En þó er það svo, að hér liggur frammi kostnaðaráætlun um byggingu og uppsetningu stöðvarinnar og rekstraráætlun. Þessar áætlanir eru gerðar af Guðmundi Einarssyni rafvirkja í Vík og endurskoðaðar af Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra í Rvík. Hefir hann aðeins gert þá aths., að stofnkostnaður stöðvarinnar muni verða 6000 kr. meiri en Guðm. Einarsson áætlar. Að öðru leyti telur hann fyrirtækið ekki óefnilegt, og þó að tekjurnar séu áætlaðar mjög lágt, á fyrirtækið samt að geta borið sig. Til samanburðar vil ég benda á rafmagnsstöðina í Bíldudal, sem er hliðstæð að flestu. Sú stöð er 60 hestöfl og notendur hennar eru taldir um 250 manns, en árstekjur ca. 15 þús. kr. Þessi stöð í Súðavík er áætluð 67 hestöfl og notendur um 300 manns. Tekjurnar eru í upphafi aðeins áætlaðar 12 þús. kr. á ári; en þegar frá líður, t. d. eftir 3 ár, er gert ráð fyrir, að árlegar tekjur verði ekki minni en 15 þús. kr. Og það verður að teljast varleg áætlun, samanborið við þá reynslu, sem fengin er með Bíldudalsstöðinni.

Í þessari till. minni er ekki farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist allan byggingarkostnað stöðvarinnar. Hlutaðeigandi hreppsbúar gera ráð fyrir fjárframlögum innanhrepps, sem nemi ¼ kostnaðarins, annaðhvort með sölu skuldabréfa meðal hreppsbúa eða beinum fjárgreiðslum frá þeim. Í þessu máli er því höfð önnur aðferð en tíðkazt hefir, þegar óskað er ábyrgðar ríkissjóðs á lánum til rafveitufyrirtækja. Venjulega er farið fram á það, að ríkissjóður ábyrgist allan kostnað af byggingu slíkra stöðva. En hér er aðeins um að ræða ⅘ hluta kostnaðarins, og auk þess er boðin fram endurábyrgð sýslunefndar N.-Ísafjarðarsýslu; var það samþ. með öllum atkv. á sýslufundi nú nýlega.

Ég hygg, að það sé að öllu leyti forsvaranlegt og sjálfsagt að samþykkja þessa ábyrgðarheimild; ég er sannfærður um, að þetta fyrirtæki verður hreppsbúum til mikilla nytja.

Í Súðavíkurþorpi eru lakari byggingar heldur en í flestum öðrum þorpum á Vestfjörðum, og mikið verri en í Bolungavík og Hnífsdal, þar sem byggingar mega teljast í bezta lagi. Í Súðavík er talsverður misbrestur á í þessum efnum. En það er trú mín, að fólkið geti komizt af með lélegri húsakynni, ef það hefir nóg rafmagn til ljósa, suðu og jafnvel hitunar. Það mundi því verða þorpsbúum til ómetanlegs hagnaðar á ýmsum sviðum, og beinlínis til fjársparnaðar, ef hægt væri að koma upp þessari rafveitu. Ég vænti þess fastlega, að þar sem um er að ræða svo hóflega beiðni, en fjárframlög hreppsbúa svo mikil í upphafi, þá verði þessi till. mín samþ.

Magnús Jónsson: Það hefði verið ástæða til þess, áður en ég minnist á einstakar brtt., að ávarpa hæstv. fjmrh. út af því, sem hann sagði áðan í ræðu sinni, að hann vildi skera allar brtt. einstakra þdm. niður við einn kamb. Hann sagði, að það gæti náttúrlega verið gaman fyrir þm. að fá samþykkta ýmsa einstakra manna styrki og lítið þarfar till., en hann væri á móti því öllu saman. En þar sem umr. hér á eftir verður beint til stj., þá gefst tækifæri til að tala við hana. Annars er það dálítið hart, og þó spaugilegt, að heyra hæstv. stj., sem ekki er alltaf svo nákvæm í fjárútlátum til einstakra manna og stofnana, koma hér fram og vilja skera yfir einn kamb allar till., sem bornar eru fram af einstökum þm. Það er svo langt frá því, að þessar till. séu bornar fram af þm. til gamans eða sem skemmtanastyrkir handa einstökum

mönnum. Hinsvegar er það rétt, að þm. geri það upp við sjálfa sig, hvað ríkissjóði er fært að greiða samkv. þessum till., en viðurkenna það hreinskilnislega, að þær eru flestar mjög þarfar, og að þeir, sem eiga að njóta þeirra fjárframlaga, sem farið er fram á, vilji leggja geysimikið á sig á móti. Að öðru leyti fer ég ekki lengra út í þetta að sinni.

Ég á hér 4 brtt. við þessa umr., sem ég vildi minnast á. Um tvær þeirra get ég verið fáorður, af því að ég flutti þær við 2. umr. og gerði þá grein fyrir þeim; en þá voru þær báðar felldar með jöfnum atkv. Síðan hefi ég orðið þess var, að ýmsir hv. þdm. töldu upphæðirnar of háar og greiddu því atkv. á móti brtt. við 2. umr. En þær voru utanfararstyrkur til Þórðar Kristleifssonar og styrkur til upplýsingaskrifstofu stúdenta. — Páll Ísólfsson hefir gefið Þórði Kristleifssyni hin beztu meðmæli, og telur hann, að enginn muni vera eins áhugasamur og vel fallinn til söngkennslu í skólum hér á landi eins og Þórður. Einkum vegna þess, hvað hann hafi gott lag á að vekja áhuga nemenda fyrir söngnum og getur látið sönginn hafa uppeldislegt gildi fyrir þá.

Ég vænti því, að þó að hv. þdm. þætti þessi styrkur of hár við 2. umr., þá geti þeir nú verið með því að veita Þórði Kristleifssyni 1200 kr. utanfararstyrk, svo að hann geti orðið þjóðinni að sem beztu gagni í þessu áhugamáli sínu.

Mér kom það alveg á óvart, þegar hin till. var felld við 2. umr. Ég varð, satt að segja, alveg undrandi, því að ég hélt, að hún hefði alveg einróma fylgi hv. þdm. Að vísu var ég í vafa um, hvort þeir væru nógu margir búnir að gera það upp við sjálfa sig að greiða atkv. um hana, en hélt, að það yrði ekkert atkv. á móti. En nú hefi ég heyrt, að ýmsum hafi þótt upphæðin of há. Nú eru, í fjárl. þessa árs, veittar 1200 kr. til upplýsingaskrifstofu stúdenta, og hygg ég, að það hefði orðið samþ., en ég fór fram á 1500 kr.

Síðan hefi ég fengið upplýsingar um, að stúdentaráð háskólans þarf að greiða 600 kr. í húsaleigu á ári fyrir skrifstofuna; áður hafði það frítt húsnæði hjá Mensa Academica. Mér er kunnugt um, að stúdentaráðið á mjög erfitt með að standast þennan kostnað, nema með hækkuðum styrk, og getur ekki komizt af með minna en 1500 kr. Nú flyt ég brtt. um, að stúdentaráðinu verði veittar 1200 kr. Þó það sé of lítið, þá er það betra en að upphæðin falli alveg niður.

Einn liðurinn í starfsemi upplýsingaskrifstofunnar er að semja skrá um það, hvar íslenzkir stúdentar stunda nám við erlenda háskóla og hvaða greinir þeir lesa. Ég sé, að hér hefir verið útbýtt skýrslu frá forstöðumanni upplýsingaskrifstofunnar, sem sýnir m. a. hvar þeir stúdentar nema, sem hlotið hafa utanfararstyrk. Þetta er aðeins einn liður af sex, sem stúdentaráðið hefir á sínu starfsviði. Að lokum vil ég geta þess, að stúdentar inna hér af höndum óeigingjarnt starf fyrir mjög lítið kaup, eða svo að segja ekki neitt.

Þá flyt ég XX. brtt. á þskj. 302, um 1500 kr. utanfararstyrk til Unnar Jónsdóttur, til þess að fullkomna sig í íþróttakennslu. Þessi íþróttakennari hefir starfað hér í bænum um nokkurt skeið og hefir mjög lofsamleg meðmæli frá þeim, sem hún vinnur fyrir. Ég er henni ókunnugur, þó að ég flytji þessa till. fyrir tilmæli þeirra og annara áhugasamra íþróttavina hér í bænum.

Ég skal sérstaklega geta þess, að Unnur Jónsdóttir hefir stundað íþróttanám í 2½ ár í Kaupmannahöfn, í stofnun, sem heitir „Poul Petersens Institut", hjá tveimur konum, sem þykja mjög vel færar í sinni mennt. Prófvottorð hennar er hér til sýnis, og hefir hún samkv. því fengið dável og ágætiseinkunn fyrir hverja grein, sem hún hefir tekið próf í við þennan skóla, nema eina, en fyrir hana fékk hún einkunnina vel +. Við prófið eru gefnar 16 eink., og samtals fékk hún geysiháa 1. eink. Að vísu má segja, að próf hafi ekki mikið gildi, en þó er það víst, að enginn nær góðu prófi nema sá, sem vinnur vel og hefir góða hæfileika.

Þeir, sem þessi stúlka hefir starfað hjá síðan hún kom heim, leggja mikla áherzlu á, að henni verði veittur þessi styrkur. Hún hefir kennt leikfimi hjá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, og mælir það mjög eindregið með þessari umsókn, og auk þess hefir hún kennt við Kenn-

araskólann, Kvennaskólann og haft sundkennslu á hendi við Barnaskólann og hefir ákveðin meðmæli frá þessum skólum. Það er áreiðanlegt, að hér er mikið og þarft verkefni fyrir kvenleikfimikennara.

Auðvitað má segja, að hún geti haldið áfram að kenna eins og hún hefir gert. En ég tel það bæði virðingar- og viðurkenningarvert, að hún skuli vilja leggja þessa för á sig, til að afla sér aukinnar menntunar í sinni grein, þar sem augljóst er, að hún verður að leggja meira en lítið fram til ferðarinnar sjálf. Fróðir menn segja, að leikfimikennsla taki ótrúlega miklum breytingum og framförum erlendis frá ári til árs, svo að ef vel ætti að vera, þyrftu leikfimikennarar að sigla á nokkurra ára fresti. Vona ég, að hv. þm. taki þessu máli vel og bið ég hina auðu stóla að skila því til þeirra, sem fjarverandi eru.

Þá hefi ég hér annað erindi að flytja, sem ég vildi gjarnan, að fleiri hlýddu á en þeir, sem nú eru viðstaddir. Er það XLI. brtt. á þskj. 302, sem borin er fram af mér og hv. 3. þm. Reykv. og er um 25 þús. kr. byggingarstyrk til Elliheimilisins í Reykjavík. Þetta kann að þykja há upphæð, en risið fer af henni, þegar litið er á, hvert hún á að fara. Þessar 25 þús. eru eini styrkurinn, sem beðið er um úr ríkissjóði til að byggja hús, sem með lóð kostar 625—650 þús. kr. og verður einhver stærsta stofnun á Íslandi. Saga þessarar stofnunar er líkust ævintýri. Þeir, sem ganga vestur fyrir kirkjugarðinn, munu sjá þessa reisulegu byggingu, sem er 72 metrar á lengd með tveim álmum, sem eru 36 metrar hvor. Húsið er allt úr steini í hólf og gólf, með helluþaki, og stílhrein og fögur bygging, hvar sem á það er litið. Það mun ólíklegt þykja, að stofnun sem þessi hafi byrjað með tvær hendur tómar, en þó er það svo. Það er engu líkara en hrafnar hafi komið fljúgandi með það, sem hún hefir þurft með. (BÁ: Þeir gera það líka framvegis). Já, það er vonandi, að þeir geri það, en mér finnst alveg óviðeigandi, að ríkið skorist undan öllum stuðningi við slíka stofnun. Ég lít miklu fremur svo á, að með þessari brtt. sé verið að gefa ríkinu kost á að vera með í því að styðja þetta fyrirtæki en að hér sé verið að biðja um nokkra ölmusu. Auðvitað hafa engir hrafnar komið fljúgandi með það, sem með þurfti, þegar öllu líkingamáli er sleppt, heldur hefir verið unnið að þessu máli með fádæma árvekni og þrautseigju. Elliheimilið Grund byrjaði að starfa í litlu húsi við Kaplaskjólsveg. Hóf það starf sitt 1922 með styrk frá félagi því, er fyrirtækinu kom af stað, og 6000 kr. styrk úr bæjarsjóði. Komust þar þá fyrir 24 gamalmenni, en miklu fleiri sóttu um vist þar. Þetta fyrirtæki starfaði í 7 ár og fékk 4000 kr. árlega frá bænum. En einhvernveginn var það svo, að efni þess blessuðust, og var það þó ekki af því, að dýrt væri selt. Eftir 6 ár átti stofnunin 30 þús. kr. í sjóði og 35 þús. í húseign eða 65 þús. kr. samtals. Daglegur kostnaður á mann nam kr. 2.30—2.65, þrátt fyrir kostnað við endurbætur á húsinu og vaxtagreiðslur. En hér var vel á haldið, og allir, sem störfuðu að stjórn fyrirtækisins, gerðu það fyrir ekki neitt.

Þegar athugað er, hvernig húsið hefir komizt upp, sést, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir lagt mest af mörkum, enda var rétt, að hún gerði það. Hún gaf 6200 ferm. lóð, sem er 50—60 þús. kr. virði. Þá hefir hún lánað Elliheimilinu sjóð, að upphæð um 100 þús. kr., sem bærinn hafði á sínum tíma safnað til að reisa elliheimili. Ennfremur hefir bærinn veitt stofnuninni 80 þús. kr. bráðabirgðalán, unz hægt væri að taka veðdeildarlán. Þetta lán var veitt með góðum kjörum, en mun nú fallið í gjalddaga. Að vísu þykist ég þess viss, að bærinn framlengi lánið. Þá hefir bærinn tekið ábyrgð á 240 skuldabréfum, er hljóða á 500 kr. hvert og gefin eru út til 11 ára, án þess að skerða 1. veðrétt í húsinu. Bréfin hafa verið seld á 96% og munu öll vera gengin út. Landsbankinn hefir lánað 50 þús. kr. til byggingarinnar. Svo hafa og ávallt streymt inn gjafir, og það gengur undrum næst, að aldrei skuli hafa staðið á kaupgjaldi eða öðru því, er hefir þurft að greiða. Stórar upphæðir hafa fallið í gjalddaga án þess að fyrirsjáanlegt væri, hvernig hægt væri að greiða þær, en ávallt hefir eitthvað orðið til hjálpar. Stofnunin hefir þegar borgað út 412 þús. kr. Nú á stofnunin von á 30 þús. kr., þar sem áformað er að leigja Vestur-Íslendingum húsið um

hátíðina í sumar. Hefir fengizt loforð um 30 þús. kr. fyrir húsið þann tíma, og bankatrygging fyrir þeirri upphæð, en þá verður húsið auðvitað að vera tilbúið. Svo er búizt við, að vélar og innbú í húsið muni kosta 50 þús. kr. Búizt er við, að húsið kosti alls 200 þús. kr. í viðbót við þau rúm 400 þús., er það hefir þegar kostað, áður en það er fullbúið, en þá verður það líka eitthvert stærsta og vandaðasta hús á landinu, með 120 herbergjum og 150 gamalmenni fá þar góða vist og hvíld í ellinni. Þessi gamalmenni verða að líkindum flest úr Reykjavík, en þó má búast við, að nokkur hluti þeirra verði víðsvegar af landinu eins og hingað til.

Það, sem hér er farið fram á, er ekki nema 1/20—1/30 kostnaðar við byggingunа, og á því sést, að hælið kemst upp hvort sem þessi styrkur er veittur eða ekki. En áhrif þessa styrks koma þó ávallt fram í því, að vistin á hælinu getur orðið ódýrari en ella. Þessi styrkur yrði notaður til að minnka skuldir, sem á hælinu hvíla, og það munar strax miklu, ef hægt er að losna við 25 þús. kr. af dýrasta láninu. Styrkurinn kemur því fram í minnkuðum rekstrarkostnaði.

Ég vil benda á það, að ríkinu ber því ríkari skylda til að láta eitthvað af höndum rakna við hælið, sem það hefir gert þessari stofnun erfitt fyrir með einni ráðstöfun sinni. Ríkið svipti Elliheimilið skemmtanaskattinum. Bærinn var byrjaður að leggja skemmtanaskattinn í sjóð til að koma upp gamalmennahælinu. Í þennan sjóð voru komin um 70 þús. kr., er lögin um þjóðleikhúsið voru sett. Ef ríkið hefði ekki gert þessa ráðstöfun, hefði sjóðurinn nú verið orðinn nægilega stór til að standa straum af byggingunni. Það er því ekki nema sjálfsagt að veita þennan litla styrk sem viðurkenningu og sárabætur.

Ég er hissa á, að hv. fjvn. skyldi ekki leggja til, að styrkur þessi væri veittur, en þótt hún hafi ekki gert það, treysti ég því, að hún leggist ekki á móti brtt. þessari, og fel ég svo þessa sanngjörnu till. meðferð hv. deildar.

Sveinn Ólafsson: Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að útlit fjárl. er allt annað en glæsilegt eins og komið er, með öllum þeim mörgu nafnbundnu styrkjum, sem í þeim standa, og ég verð líka að vera honum sammála um það, að ekki muni þau lagast mikið, ef brtt. á þskj. 302 verða allar samþ. Fjárl. virðast, eftir útlitinu á þessari stundu, ætla að verða að enn stærri beinahrúgu en nokkru sinni áður en menntamálaráðið settist á rökstóla til að úthýta þeim bitlingum og styrkjum, sem það hefir yfir að ráða.

Við 2. umr. komust ófyrirsynju nokkrir styrkir til einstakra manna inn í 15. og 18. gr. fjárl. Ég gat þess þá, að ég yrði á móti þeim flestum. Mun ég líka í mörgum tilfellum gera hið sama við þessa umr., — ekki af því, að ég álíti alla svona styrki að óverðugu veitta, heldur vegna þess hættulega fordæmis, sem með þeim er skapað, og af því að ekki sæmir að leggja styrkþegana á metaskálar með þeim hætti, að tilviljun ráði meira en verðleikar um styrkina.

Ég á hér 2 brtt. einn, og fer hvorug þeirra fram á aukin útgjöld. Auk þess flyt ég 2 brtt. með öðrum hv. þdm., og lúta þær að örlitlum útgjöldum.

Ég á VI. brtt. á þskj. 302, við 13. gr. B. XIII., og hún er þess efnis, að færður verði niður byggingarstyrkur til gistihúss í Bakkaseli í 10 þús. kr. úr 35 þús. kr.

Ég vil ekki neita því, að heppilegt geti verið að hafa sæluhús eða gistihús á þessum stað, en ég álít, að ekki sé rétt að leggja svo mikið af mörkum til þessa, meðan nauðsynlegar framkvæmdir, eins og vega- og brúargerðir, verða að bíða vegna fjárskorts. Ég held, að nóg sé að byggja fyrir 10 þús. kr. á þessu litla heiðarkoti, sem í fasteignamati er virt aðeins 1100 kr. Ég hygg, að mörg stórbýli landsins, sem sæmilega teljast húsuð, verði að komast af með húsakost fyrir 10 þús. kr., og oft minna. Það má vera, að æskilegt þyki að hafa þarna hótel eða gildaskála fyrir einhverja farfugla, sem vilja dvelja þar á sumrum. En ekki get ég séð, að óskir þeirra manna séu jafnaðkallandi og margt annað, sem nú verður að vanrækja vegna fjárskorts.

Þá er önnur brtt. frá mér, sem fer fram á, að lækkaður verði byggingastyrkur til útihúsa í Fornahvammi úr 8000 kr. niður í 4000 kr. Þessi brtt. er í samræmi við

hina fyrri. Það hefir þegar verið varið tugum þúsunda til bygginga í Fornahvammi, og er jörðin þó eigi virt nema 1300 kr. í gildandi fasteignamati. Byggingarnar þar munu hafa kostað fertugfalt verð jarðarinnar. Mér finnst því, að ef vantar einhvern kofa þar í viðbót, þá hljóti 4000 kr. að nægja. Vona ég, að allir, sem vilja stuðla að skynsamlegri afgreiðslu fjárl. og hóflegri notkun fjárins geti fallizt á þessar till.

Kem ég þá að XXV. brtt. á sama þskj., sem er um 1500 kr. styrk til að gefa út nokkurn hluta af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Ég skal jafnframt geta þess, að líkur eru til, að sáttmálasjóður leggi fram fé á móti þessari upphæð, og ennfremur eru dálitlar vonir um, að nokkrir Austfirðingar vilji hlaupa undir bagga. Auðvitað er ekki hægt að gefa út nema lítinn hluta af þessu stóra safni fyrir þetta fé. En ef þeir flokkar væru valdir úr, sem aðgengilegastir og útgengilegastir eru, myndi útgáfan sennilega seljast svo fljótt, að hægt væri að gefa út það, sem eftir væri, fyrir ágóðann af sölunni. Þótt segja megi og sagt hafi verið, að sumt í þessu safni sé eigi fémætt eða merkilegt, þá er það samt víst, að safnið er sú heimild um menningarsöguleg gögn þjóðarinnar, sem engan á sinn líka og seint verður metið að verðleikum eða réttilega, nema út verði gefið.

En auðvitað er það, að kostir sagnanna eru mjög misjafnir, því að þær hafa verið teknar upp eins og þær lágu fyrir að efni og orðbúningi, betur eða verr samdar eftir aldri og meðferð.

Einkum eru tveir flokkar úr safni þessu, sem ég mundi vilja kjósa til útgáfu fyrst, ef þetta fé yrði veitt, en það er sá hluti safnsins, sem hefir fyrirsögnina „Afreksmenn“, og í öðru lagi sá, sem nefndur er „Jarðbúar“. Sá fyrrnefndi hefir mörg söguleg gögn að geyma, en í hinum munu vera ýmsar af elztu og frumlegustu sögum safnsins. Að ég ekki kom fram með þessa brtt. við 2. umr., stafaði af því, að þá leit fjárlagafrv. svo út, að ég hélt, að fátt af þessum persónustyrkjum myndi verða þar, en eftir að 2. umr. er lokið og allur sá fjöldi smástyrkja er kominn inn í 15. gr., sem þar er nú, og aðallega til manna, sem ekkert hafa afrekað á þessu sviði eða öðru, en hafa fengið styrki af því að þeir hafa áformað — eins og kveðið er að orði — að rita eitthvað síðar, þá fannst mér ég ekki geta setið hjá, heldur verða að gera eitthvað til þess, að útgáfa þessa merka rits fengi að njóta örlætis þingsins. Það getur hvort sem er ekki lengi dregizt, að þeirri útg. verði með einhverjum hætti sinnt. Það er áreiðanlega flestum hv. þdm. kunnugt, að þrjú stór bindi eru þegar komin út af þessu verki, en af þeim hefir lítið selzt ennþá, og það er af því, að höfundurinn hefir fylgt þeirri reglu að gefa út nokkuð af því léttvægasta fyrst, en geyma síðari tíma það, sem flestir girnast mest að eignast.

Ég vil ekki tefja tímann með því að ræða þetta lengi. Ég býst við, að það muni þó talsvert margir vera okkur flm. sammála um það, að ekki sé síður ástæða til að hugsa um þetta en suma hina persónustyrkina, sem inn eru komnir.

Ég vík þá að L. brtt. á þessu sama þskj., en hana hafa flutt ásamt mér hv. 2. þm. Eyf. og hv. 1. þm. N.-M. Með henni er farið fram á að færa ekkjustyrk þann, sem Susie Briem er ætlaður í fjárl., úr 300 kr. upp í 1000 kr.

Það má vel vera, að ýmsum finnist þetta óþarft, og með því að samþykkja svona till. komi fram nokkurt misrétti gagnvart þeim öðrum ekkjum embættismanna og opinberra starfsmanna, sem standa í 18. gr. Ég get vel skilið það, að frá þessari hlið verði þannig á það litið, en þess er að minnast, að í þessari 18. gr. eru til ekkjur, sem hafa svona há og hærri laun. Yfirleitt munu hv. þdm. líta svo á, að þeirra verðleikar séu þeim mun meiri, sem þeirra laun eru hærri. Mér er ákaflega ógeðfellt að þurfa að leggja einstaklinga þannig á vogaskálar og vera að meta þá eftir verðleikum, þegar líkt stendur á og þetta, en hjá þessu er þó ekki hægt að komast með öllu.

Ég vil segja um þessa gömlu konu, sem er af útlendu bergi brotin, eftir þeim kynnum, sem ég hefi af henni haft, að hún á sérlega mikla viðurkenningu skilið. Hún kom hingað til landsins 1882, ásamt manni sínum, Halldóri heitnum

Briem, og kynni þau, sem ég þá hafði af henni, sýndu mér það, að hún var í öllu tilliti ágæt kona, og ég veit, að hún stóð með sæmd og dugnaði við hlið manni sínum í lífsbaráttunni fyrr og síðar. En það má, um leið og ég nefni þetta, einnig nefna þá verðleika hennar, sem fjær liggja og líklega eru fæstum þdm. kunnir.

Það gerðist atburður merkur í sögu Íslendinga 1874, auk þjóðhátíðarinnar, sá, að vestur um haf fluttust um 300 Íslendingar til Canada. Þessi hópur átti hvergi atvinnu eða hæli þegar vestur kom og allir voru févana. Þeir komu seint sumars vestur, og vildi svo til, að þá dagaði uppi í litlum bæ, sem heitir Kinmount. Þá var landsstjóri í Canada Íslandsvinurinn alþekkti Lord Dufferin, en í hans þjónustu var þá maður að nafni John Taylor, er leysti úr vandanum. Fór hann á vit við þessa Íslendinga, sem þarna liðu skort og hvergi áttu höfði sínu að að halla, tók þá að sér, útvegaði þeim lánsfé til að lifa af og valdi þeim það hérað til landnáms, sem síðan hefir verið kallað Nýja Ísland. Með ráði Taylors fluttist hópurinn þangað og fékk leyfi Canadastjórnar til umráða þessari nýlendu. John Taylor átti tvær kjördætur. Önnur þeirra er Susie Briem. Báðar giftust þær Íslendingum; er önnur látin fyrir vestan haf ásamt Taylor, en þessi kjördóttirin lifir ein eftir hér.

Ég vil benda á það eins og verðleika þessarar öldruðu konu, að einmitt kjörfaðir hennar átti sinn mikla þátt í að bjarga þessum hópi Vestur-Íslendinga þegar mest lá við og var á meðan hann lifði bjargvættur þeirra á allan veg. Íslenzka nýlendan í Nýja Íslandi var, þegar hann og hópur hans kom þangað, óviðbúin að taka á móti landnemunum, en Taylor útvegaði hjá stjórn Canada 80 þús. dollara lán til þess að koma fótum undir nýlendubúana, og var lán þetta nokkru síðar gefið upp með öllu eftir óskum hans og tillögum.

Mér finnst, að af því að þessi maður hefir unnið nokkrum hluta íslenzku þjóðarinnar svo ómetanlega mikið gagn og reynzt henni svo frábærlega vel, — þá eigi þessi kjördóttir hans nokkurn rétt á því, að vér sýnum henni viðurkenningu. Á þann eina hátt er oss fært að endurgjalda velgerninga þessa ágætu kjörföður, því að hann getum við ekki viðurkennt, þar sem hann er nú fyrir löngu kominn undir græna torfu.

Það voru þessir verðleikar Susie Briem, sem ég vildi minnast á í sambandi við till. — Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta; ég býst við, að fleirum en mér sé þetta mál kunnugt, sem ég hefi skýrt frá, og að þeir muni þá líta líkt á þetta og ég, — að þeir muni eigi telja óviðurkvæmilegt, að hún njóti þess í nokkru, hvílíkur ágætismaður kjörfaðir hennar var og hvern stórgreiða hann vann vorri þjóð.

Þá á ég LVI. brtt. á þessu sama þskj. Ég hefi leyft mér að bera hana fram nokkuð breytta frá því, sem var við 2. umr., þegar ég tók hana aftur, af því að ég vildi ekki láta fella hana eins og hún þá lá fyrir. Ég bjóst við, að það myndi geta dregið til samkomulags við fjvn. um að bera till. fram með nokkuð öðrum eða breyttum formála. Till. þessi fer fram á, að ríkissjóður taki að sér ábyrgð á 90 þús. kr. láni til útgerðar-samvinnufélags Eskfirðinga. Eskifjörður er önnur stærsta verstöðin austanlands og svo settur, að atvinna kaupstaðarbúa er því nær eingöngu bundin við sjávarútveg. Það er landlaus staður með öllu og iðjugreinar eru þar engar stundaðar, en skipakostur, sem þeir hafa, er orðinn úreltur, skipin orðin forn og of smá. Í seinni tíð hefir sjósókn breytzt á þann veg, að sótt er miklu lengra suður og austur en áður var, enda er vertíðin miklu lengri en þegar sjósókn var hafin þar skömmu eftir aldamót með vélbátum. Nú er sótt út og suður um Papey eða jafnvel í Lónsvík. Bátarnir gömlu eru allt of litlir til slíkrar sóknar og sumir þeirra fá jafnvel ekki lengur haffærisskírteini og eru fyrir þeirra hluta sakir settir á land. Það er á þessum stað, eins og reyndar víðar á verstöðvarmölunum, að þar eru margir efnalitlir menn, sem ekki eru þess umkomnir að afla sér farkostanna til að geta haldið út á eigin spýtur. Yfirleitt eru þessir menn svo illa efnum búnir, að þeir geta aðeins með samtökum þokazt eitthvað í þessa átt, og myndi þó lítið vera, ef ekki stæði svo á, að þarna hafa 2—3 efnaðir menn

gengið í þeirra félagsskap, til þess að gera þeim efnaminni mögulegt að koma fyrirtækinu á fót. — Þetta félag er stofnað af 52 búendum í Eskifjarðarhreppi. Tilgangur þeirra er, ef þeir fá þessa ábyrgð, að kaupa fjóra væna vélbáta til úthalds og sameina sig um úthaldið. Þarna er að vísu útgerð með stærri skip. Þaðan gengur einn togari og einn línuveiðari, en eins og gefur að skilja, geta ekki allir íbúar kauptúnsins fengið atvinnu við rekstur þessara skipa, því að mannfjöldi er hátt á áttunda hundrað í kauptúninu.

Ég hefi í till. þessari ekki farið lengra en það að óska eftir ábyrgð á lánsupphæð, sem næmi ¾ af kaupverði skipanna tilbúinna til fiskveiða, og ég hefi ennfremur, út af tilmælum manna úr fjvn., ákveðið eftir ósk þeirra að bera fram brtt. við till. eins og hún er á þskj. 302, sem lýtur að því að auka baktrygginguna fyrir þessu láni frá því, sem gert er ráð fyrir í till. sjálfri, nefnil. að ekki sé aðeins bundið við sjálfsskuldarábyrgð félagsmanna og Eskifjarðarhrepps, heldur einnig við ábyrgð sýslunnar. Ég tel nefnil., ef hún er fengin, að þá sé um mjög óverulega ábyrgð að ræða fyrir ríkissjóð, jafnvel aðeins ábyrgð að nafni til. Ég hefi einnig tekið upp í þessa brtt. ákvæði um það, að lánið skuli taka í innlendri lánsstofnun, en ekki farið með það út úr landinu, eins og títt hefir verið undanfarið í svipuðum tilfellum, og reyndar reynzt misjafnlega, sérstaklega þó vegna þess, að það hefir alið sumstaðar utanlands þá trú, að ríkissjóður myndi vera háðari slíkum ábyrgðum heldur en hann er.

Ég þarf ekki um þetta að ræða frekar og ætla að gera ráð fyrir því, að hv. þdm. geti fallizt á svona till.; hún er í raun og veru langtum hóflegri heldur en hliðstæðar till., sem áður hafa legið hér fyrir og sem samþ. hafa verið. — Ég skal svo um leið og ég lýk máli mínu, afhenda forseta skriflega brtt., sem ég síðast nefndi.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi brtt. við brtt. undir LVI. lið á þskj. 302, frá hv. 1. þm. S.-M.:

„Aftan við „Eskifjarðarhrepps“ í 2. málslið komi: og Suður-Múlasýslu“.

Það þarf að veita afbrigði, til þess að brtt. megi komast að, og verður þeirra leitað þegar fundur hefst á ný, en nú er fundi frestað til kl. 5.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 319, VI) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Einar Jónsson:*) Ég spurðist fyrir um það í byrjun fundar, hvort till,. sem ekki eru komnar ennþá, mundu ekki koma undir umr. Þar eru brtt. frá mér, sem ég hefi orðið nokkuð seinn með, því að ég hefi verið fjarverandi tvo undanfarna daga. Hæstv. forseti fullyrti, að þær mundu koma, en ég hefi ekki séð þær ennþá, enda eru fleiri till., sem hafa komið síðar fram en hæstv. forseti ákvað. Hvernig á að fara að þessu? Það er ekki gott að tala fyrir þeim brtt., sem eru ekki komnar fram, því að þá vita menn ekkert fyrir hverju verið er að tala.

Þegar ég kom úr ferðalagi mínu í morgun, sá ég hér á ferðinni 56 eða 57 brtt., og ég skal lýsa því yfir, að fyrir bónda úr sveit sé ég ekki ástæðu til að samþ. nema ef til vill tvær af þessum 57 brtt. Hér er um bitling að ræða, styrk til einstakra manna, sem lítil líkindi eru til, að mundu vinna þjóðinni gagn. Ég álasa engum þm., þó að hann vilji útvega vinum sínum styrk, en ég hefi aldrei séð aðrar eins styrkbeiðnir lagðar fyrir Alþingi og þær, sem eru á þessu þskj. En þær brtt., sem ég flyt, eru til framfara og bóta á atvinnuvegunum, svo að það er full ástæða til að samþ. þær. Önnur brtt. mín er um síma í héraði, sem aldrei hefir haft hans not, en hin er um mælingar og rannsóknir á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Ég býst annars ekki við, að ég hafi leyfi til að tala fyrir þeim, fyrr en þær eru komnar fyrir sjónir hv. þdm. En fengi ég leyfi hæstv. forseta, skyldi ég skýra þessar brtt nú.

Forseti (JörB): Hv. þdm. hafa venjulega sýnt frjálslyndi í þessum efnum, og

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

tel ég því víst, að þessi afbrigði fáist. Hv. 1. þm. Rang. getur þess vegna talað fyrir sínum till. nú, sem ég veit, að eru þess eðlis, að þeir, sem hlýða á mál hans, vita gerla um hvað þær hljóða.

Einar Jónsson: Austur í Rangárvallahreppi er þannig ástatt, að þar er engin símstöð út frá aðallínunni, sem liggur frá Reykjavík og austur. Þess vegna óska menn þar eystra eftir, að símalína verði lögð frá Efra-Hvoli og upp á Land, sem lægi frá Efra-Hvoli um Stóra-Hof, Vestri-Kirkjubæ og Geldingalæk.

Menn úr þessum sveitum hafa gert tilraunir til að fá þetta samþ., en landssímastjóri álítur, að samkv. símaáætlunum muni þessi lína ekki geta komið fyrr en næsta ár, m. ö. o. 1931. En mönnum þykir illt að verða að bíða, og óska eftir að fá línuna á þessu ári. Kostnaður yrði ekkert afskaplega mikill, með því að ríkið greiddi helminginn, þá yrði sá styrkur ca. 10 þús. kr. Flutning allan á efni frá höfn munu héraðsbúar taka að sér á sinn kostnað.

Í vetur hefi ég verið að leita eftir því hjá landssímastjóra og atvmrh., hvort þetta mundi fást, en fékk ekki vissu fyrir því, nema því væri komið inn í fjárl. Og ég sé vitanlega það, að það verður að fara þá leið, því að annars er engin vissa fyrir því, að þessu verði framgengt næsta ár. Þess vegna þykir mér vissara að fá þessa fjárveitingu í þessum fjárl., til þess að framkvæmdirnar þurfi ekki að bíða.

Ég ætla mér ekki að halda langa ræðu um þetta atriði, en vil aðeins lýsa því fyrir þeim, sem ókunnugir eru þar eystra, hversu erfitt menn eiga þar í strjálbýlinu á söndunum austur í Rangárvallasýslu. Það er óþægilegt fyrir menn að þurfa að fara 10—30 km. til að síma og fá ef til vill ekkert samband, verða að fara heim aftur erindislaust og eiga á hættu að fara sömu erindisleysuna, þó að þeir fari aftur næsta dag. Það blandast því engum, sem þekkir þessar ástæður, hugur um, að þarna er mjög mikil þörf fyrir síma. Ég skal ekkert um það dæma, hvort hún er þar mest, en ég veit, að hún er mjög knýjandi. Ef hv. deild treysti sér til að taka þessari brtt. minni vel, væri ég ánægðari en áður. En samt mun ég ekki fara í hrossakaup með þetta mál; ég er ekki vanur því. Ég geng aldrei inn á atkvgr. í nokkru máli, nema ég vilji það sjálfur.

Ég veit, að hv. fjvn. mun athuga þetta mál og skilja, hver nauðsyn er hér á ferðum. Annars læt ég laust og bundið með það, hvernig þetta mál fer, og legg það algerlega í vald hv. deildar, hvernig hún greiðir atkv. um það.

Þá er annað mál, sem er ekki síður mikilsvert. Það er athugun á vatnafyrirhleðslu í Markarfljóti og Þverá. Vegamálastjóri, sem er þessu mjög kunnugur, álítur, að þessara rannsókna sé hin mesta þörf. Ég þarf ekki að minna á það, að á síðasta þingi voru veittar 10 þús. kr. til rannsókna á þessu svæði. Ég hefi nú í dag fengið bréf frá búnaðarmálastjóranum, sem mun hafa mesta þekkingu á þessum málum af þeim mönnum, sem nú eru uppi hér á landi, og hann álítur ekki nóg, þó að veittar hafi verið 10 þús. kr. í þessu skyni síðastl. ár. Til þessara rannsókna var Ásgeir Jónsson frá Þingeyrum fenginn á síðasta ári, og lauk hann þá við ⅓ af því, sem þar þarf að rannsaka. Ásgeir er góður og gegn maður, og þrátt fyrir það, að hann notaði sinn tíma eins vel og hann gat, gat hann ekki afkastað meiru en þessu. Þess vegna álít ég, að þetta Alþingi þurfi að veita aðrar 10 þús. kr. til þessara rannsókna og svo þriðju tíu þús. næsta ár.

Ég gæti talað langt mál um þetta til að lýsa því fyrir ókunnugum mönnum, hver nauðsyn er að vernda sveitirnar þar eystra fyrir vötnunum. En ég vona, að þess þurfi ekki, en menn geti sett sig inn í þessar ástæður, þó að ég skýri málið ekki nánar nú.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þær rannsóknir, sem gerðar voru í fyrra að tilhlutun stj.

Þá er eftir að athuga lágsvæðin, sem grasi vaxin eru ennþá, t. d. Landeyjar o. fl., í hverri hættu þau standa, ef ekkert er gert þeim til verndar. Gagnvart vatnafyrirhleðslunni var ég svo heppinn, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri fékk mér bréf í dag um þessi atriði, og hefi ég fengið það í hendur hv. formanni fjvn. Vona ég, að hv. n. taki

málið til athugunar eftir þessum tillögum.

Mér leiðist að þurfa að standa hér þing eftir þing og benda á það, hvernig Rangæingar eru hafðir útundan um fjárframlög úr ríkissjóði. Þótt þeir séu kannske ekki heppnir með þingmenn, þá finnst mér það nokkuð lítið, að þeir eigi að láta sér nægja einar 600 kr. Fjárlfrv. í fyrra var svo úr garði gert, að þeir áttu að fá þetta eitt, og eins kom það núna frá hæstv. stj. Veit ég, að mínir hv. þingbræður sjá, hver hlutdrægni er hér á ferð, og heiti ég nú á hv. fjvn. og þingheim allan að fara nú ekki svo að sökum við Rangæinga, að þeir fái ekki frekari styrk, einkum til samgöngubóta.

Ég vildi óska, að allir mínir kæru þingbræður hefðu verið staddir með mér austur á Rangárvöllu[illegible] fyrrakvöld, til þess að sjá, hvernig þar er umhorfs í vonzkuveðri. Ég var þá austur í Gunnarsholti með öðrum manni, Tómasi Tómassyni, ættuðum frá Reyðarvatni. Og það get ég sagt mönnum, að þar var svo dimmt af sandrokinu, að það var alls ekki ratljóst. En þó er það vatnabrotið, sem er til allra mestrar eyðingar í þessari sýslu, því að það rótar niður túnum manna og grasnyt. Ef ríkið hleypur ekki undir bagga með mönnum og styrkir þá eitthvað í baráttunni gegn vötnunum, þá eru þeir bara dauðir.

Eins og ég hefi sagt áður, sé ég ekki, að það sé til neins að vera að tala hér í tómri deildinni, þótt nú séu hér raunar óvenjumargir saman komnir. Vil ég heita á þá, sem viðstaddir eru, að bregðast ekki Rangæingum í þessu nauðsynjamáli þeirra. Einkum heiti ég þó á hv. fjvn.-menn — ég sé, að hv. þm. Mýr., sem er góður maður, er hér inni, og eins hv. form. og hv. frsm. fyrri hlutans, sem situr í forsetasæti.

Bernharð Stefánsson: Við 2. umr. þessa máls átti ég enga brtt. og við atkvgr. greiddi ég atkv. á móti mjög mörgum till., sem fóru fram á að hækka gjöld ríkissjóðs. Þykist ég því hafa gert mitt til, að fjárl. yrðu sæmilega atgr. á þessu þingi. Nú við 3. umr. kemst ég þó ekki hjá að bera fram brtt., sem verða til nokkurrar hækkunar á gjaldahlið frv. En hér er um að ræða svo bráðnauðsynlegar framkvæmdir í mínu kjördæmi, að ég kemst alls ekki hjá að bera fram tillögurnar.

Í raun réttri ber ég þó aðeins fram eina brtt., sem er um hækkun á gjaldahliðinni, þ. e. brtt. XII. á þskj. 302. Hún er um 45 þús. kr. til að reisa ljós- og hljóðvita á Sauðanesi, vestan við Siglufjörð, gegn 15 þús. kr. framlagi frá Siglufjarðarkaupstað. Vitamálastjóri hefir áætlað kostnaðinn af að reisa þennan vita 60 þús. kr., og byggi ég á því. Vitamálastjóri mælir eindregið með því, að þetta sé gert, eins og hv. fjvn. er kunnugt. Skipstjórafélögin, bæði á Akureyri og Siglufirði, hafa sent honum eindregnar áskoranir um að beita áhrifum sínum til að koma þessu í framkvæmd, en engir geta betur borið um þörfina á vitum en skipstjórarnir, sem eiga að sigla þarna framhjá. En það eru ekki þeir einir, sem óska eftir þessum vita, heldur öll sjómannastétt Norðurlands. — Það hefir verið svo undanfarið, að allar till., sem fram hafa komið um að greiða fyrir Siglfirðingum, hafa átt litlum vinsældum að fagna á hinu háa Alþingi. Veit ég ekki, hvað til þessa ber, því að Siglufjarðarkaupstaður hefir sérstöðu að því leyti, að það, sem þar er gert til framfara, kemur fleirum að gagni en framkvæmdir víðasthvar annarsstaðar á landinu. Er það vegna þess, hve margir leita þangað atvinnu vissan hluta ársins. Viti sá, sem hér um ræðir, er því ekki reistur handa Siglfirðingum einum, heldur handa öllum þeim, sem við veiðiskap fást fyrir Norðurlandi. Mér er kunnugt, að hv. fjvn. hefir haft þetta mál til athugunar og átt tal um það við vitamálastjóra. Geri ég því frekar ráð fyrir stuðningi hennar en andstöðu.

Þá er brtt. LII. á sama þskj., um að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn þriðjungs framlagi frá Siglufjarðarkaupstað. Ástæðan til, að ég ber fram þessa brtt., er sú, að í vetur hafa komið á Siglufirði stórflóð tvisvar sinnum, sem hafa gert þar mikinn skaða. Fyrra flóðið var í desember, en hitt í miðjum janúar. Þau voru

svo mikil, að flóði yfir alla eyrina og fara varð á bátum þar, sem menn ganga venjulega þurrum fótum. Og það hafa sagt mér kunnugir menn, að það megi aðeins þakka sérstakri heppni, að í hvorugt skiptið skyldi verða manntjón. Á Siglufirði voru útnefndir menn til að meta skaða þann, sem hlauzt af flóðunum á eignum manna, og var hann metinn á 20 þús. kr. En þar með er ekki talinn sá skaði, sem varð á sjávargarðinum sjálfum. — Það liggur í augum uppi, að fyrst þetta gat komið fyrir í vetur þrátt fyrir sjóvarnargarðinn, sem gerður var fyrir nokkrum árum, þá er hættan enn meiri hér eftir, því að sjóvarnargarðurinn hefir orðið fyrir skemmdum af flóðunum. Það hlýtur hv. þd. að vera mér sammála um, að koma verður í veg fyrir þessa hættu. Enda þótt Siglfirðingar hafi oft orðið fyrir kulda í hv. deild og þótt hv. þdm. vilji litlu fórna vegna íbúa staðarins, þá er á það að líta, að ríkið á þarna eignir, sem liggja undir skemmdum engu síður en aðrar eignir á Siglufirði. Auk þess er eyrin sjálf í hættu, en hún er eign ríkissjóðs, eða kirkjujarðasjóðs nánar tiltekið. Sumum kann að þykja það undarlegt, að þessi brtt. er borin fram við 22. gr. fjárlfrv., en ekki sem fjárveiting á tiltekinni upphæð. Þetta stafar af því, að ég gat ekki fengið neina áreiðanlega áætlun um kostnaðinn, sem þessi framkvæmd mundi hafa í för með sér. Það var að vísu rannsakað í vetur og gerð um það áætlun á Siglufirði, hvað mundi kosta að gera við garðinn, hækka hann og bæta eins og þörf er talin, og var álitið, að það yrðu um 64 þús. kr. Það var að vísu vanur verkstjóri, sem gerði þessa áætlun, en af því að hún er ekki gerð af verkfræðingi, bjóst ég ekki við, að hv. þd. mundi taka hana gilda, og því kaus ég þessa leið. Þó vil ég geta þess, að vitamálastjóri hefir látið uppi, að hann teldi þessa áætlun ekki ósennilega. Þó að fjárhæðin sé ekki tiltekin, getur hér ekki orðið um neinar óskapaupphæðir að ræða, enda er hæstv. stj. treystandi til að leggja ekki út í neina ófæru, er hún hefir látið athuga málið.

Skömmu eftir flóðin skrifaði vitamálastjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytinu — Siglufjörður er kirkjueign — og lagði til, að þegar í stað væri sendur norður verkfræðingur til að athuga kostnaðinn af viðgerðinni, svo að hægt væri að leggja áætlun hans fyrir þingið. En þetta hefir alveg farizt fyrir. Þetta mál þolir ekki að bíða næsta þings. Önnur eins flóð geta vel komið næsta haust, og er þá ekki að vita, hvað af hlýzt. Því verður að gera eitthvað í sumar, a. m. k. að koma garðinum í samt lag. Hv. fjvn. hefir einnig haft skjöl þessa máls undir höndum, og geri ég fastlega ráð fyrir meðmælum hennar.

Þá á ég brtt. á þskj. 316, VII. lið, um að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir allt að 620 þús. kr. láni fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, er ríkissjóður metur gildar. Ég býst við, að þetta mál sé vel kunnugt hv. fjvn. og flestum þdm., því að ég hefi afhent n. teikningar af þessum mannvirkjum og nægilega mörg eintök af ítarlegri áætlun, er gerð hefir verið um verkið. Einnig hefi ég afhent flestum hv. þdm. eintak af þessari áætlun, og ef einhverjir eiga eftir að fá hana ennþá, geta þeir vitjað hennar til mín fyrir atkvgr. Er ætlunin sú, að virkja Fljótaá í Skagafjarðarsýslu og leiða rafmagnið til Siglufjarðar. Till mín er byggð á þessu, en annars er ekki ástæða til að fara að lýsa fyrirtækinu nánar, með því að lítið gæti orðið á þeirri lýsingu að græða fram yfir það, sem menn geta séð í áætluninni. — En hér kemur fleira til greina. Hæstv. fjmrh. hefir oftar en einu sinni vikið að því hér í hv. deild, að hann vildi vara menn við að láta ríkissjóð taka á sig miklar ábyrgðir. Telur hann það fyrst og fremst varasamt vegna þess, að ef mikið er að þessu gert, geti ríkissjóður þurft að borga svo og svo mikið af ábyrgðunum á sínum tíma, og í öðru lagi geti það beinlínis skert lánstraust hans út á við. Um fyrra atriðið lít ég svo á, að það þurfi ekki að óttast í þessu tilfelli. Siglufjarðarkaupstaður hefir slíka fjárhagsafkomu, að hann hlýtur að geta borgað hvern eyri. Það hlýtur að verða sannfæring allra, sem kynna sér málið, og get ég látið a. m. k. nokkra hv. þdm. fá efnahagsreikning kaupstaðarins, ef þeir vilja sannfær-

ast um, hvort ég fer hér ekki rétt með. Því er ekkert við þessa ábyrgð að athuga inn á við. En um hitt skal ég ekki segja, nema það geti orðið til nokkurs skaða fyrir lánstraustið út á við, að ganga í ábyrgð sem þessa. — Þá vil ég og nefna annað, sem haft kann að verða á móti þessu. Mér er það kunnugt, að nefnd sú, sem hæstv. atvmrh. skipaði nýlega til að athuga rafveitumálin í heild sinni, hefir lagt á móti því, að teknar væru út úr nokkrar einstakar rafveitur fyrr en búið er að ganga frá heildartillögum um málið.

Af þessum tveimur ástæðum var það, að þrátt fyrir eindregna áskorun frá kjósendum mínum um að bera þessa ábyrgðarheimild fram, þá ætlaði ég þó ekki að eiga neitt við það, og þeim mun síður, sem samskonar beiðni annarsstaðar frá var felld við 2. umr. En er ég sá á þskj. 302, að samskonar beiðnir eru fram bornar nú við þessa umr. af öðrum, þá þótti mér rétt að bera þessa ábyrgðarbeiðni fram líka. Ég álít, að mín till. eigi alveg eins mikinn rétt á sér og hinar aðrar, sem nú eru bornar fram. Ef ég verð þess vís af umr. þeim, er fram fara, eða af undangengnum atkvgr. um till. annara, að hv. deild vill ganga inn á þá braut að veita þessar ábyrgðarheimildir, þá læt ég óhikað mína till. koma undir atkv. líka. Hinsvegar mun ég taka hana aftur, ef ég sé, að það er vilji þm. að fara varlega í þessu efni, og einkum ef það getur orðið að samkomulagi að láta öll slík mál bíða, þar til n. sú, er nú starfar, hefir lokið áliti sínu.

Ég er ekki vanur því að gera till. annara að umtalsefni, enda þótt ég minnist á fjárlfrv. En að þessu sinni er það þó ein brtt., sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á. Það er 6. brtt. á þskj. 302, frá hv. 1. þm. S.-M. Till. er um það, að lækka liðinn til bygginga í Bakkaseli úr 35 þús. kr. og niður í 10 þús. kr. Þessi fjárveiting er svo til komin, að eins og menn muna, var borin fram till. 1928 um, að keyptar væru jarðirnar Bakkasel og Gil í Öxnadal. Var sú till. borin fram með það fyrir augum, að þarna yrði haldið uppi gististað fyrir ferðamenn. Fjvn. bar þá þessa till. fram að undirlagi vegamálastjóra, sem mælti eindregið með því, að ríkið keypti þessar jarðir. Þinginu hafði þá borizt beiðni um fjárstyrk til húsabygginga á Bakkaseli. En vegamálastjóri og fjvn. virtist ekki rétt að veita þann styrk, heldur væri heppilegra, að ríkið ætti sjálft jarðirnar og byggði þær upp. Samkv. þeirri heimild voru svo þessar jarðir keyptar, og síðastliðið vor voru þær svo byggðar manni, er þangað flutti. Sá, er við þeim tók, gerði svo byggingarsamning við ríkisstj. og enda þótt ekki sé fulltekið fram í þeim samningi, að byggt verði upp, þá er það þó víst, að bóndinn flutti þangað í því trausti, að svo yrði gert. — Ég vil ekki fullyrða, að skilyrði um það standi í samningunum, en ég fullyrði, að ábúandinn hefir ástæðu til að gera sér sterkar vonir um, að byggt verði upp. Það var líka einmitt með það fyrir augum, að þarna yrði gististaður, að kaupin voru gerð. Í ákvörðun þingsins 1928 um kaupin fólst einmitt óbeint loforð um, að byggt yrði upp, og var það skýrt tekið fram af frsm. fjvn. Það, sem síðan hefir gerzt í þessu máli, var það, að í sumar sem leið gerði aðstoðarmaður vegamálastjóra athugun á húsastæði. Gerði hann það í samráði við mig og fleiri kunnuga menn. Varð niðurstaðan sú, að heppilegast myndi að byggja upp á landamerkjum þessara tveggja jarða, Bakkasels og Gils. Þar er ágætt túnstæði og liggur sá staður betur fyrir ferðamönnum. En verði bærinn fluttur þangað, þarf einnig að flytja fleiri hús, og verður því byggingin meiri.

Ég vona nú, að það, sem ég hefi sagt, sé nægilegt til að sýna, að till. hv. 1. þm. S.-M. er fjarstæða. Þessar byggingar er ómögulegt að gera fyrir 10 þús. kr.

Ég þarf naumast að fara út í nauðsyn þess að hafa þarna sæmilegan gististað. Frá þeirri hlið málsins var í raun og veru gengið fyrir tveimur árum. Þá var þörfinni greinilega lýst af hv. frsm. fjvn. Ég tók þá einnig undir það og gaf upplýsingar sem kunnugur maður. Bakkasel liggur við versta fjallveginn, sem er á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, því þótt Holtavörðuheiði sé ögn lengri, er Öxnadalsheiði verri fjallvegur. Þegar af heiðinni er komið á austurleið, er

langt til allra annara bæja en Bakkasels. Þessi leið er líka orðin mjög fjölfarin, og verður þó enn fjölfarnari síðar, er vegir batna. Oft er líka snjór á heiðinni, þó bílfært sé um byggð beggja megin. Er þá nauðsynlegt að fá flutning yfir heiðina. Er því þörfin fyrir byggð í Bakkaseli hin sama og í Fornahvammi, og eins er um fylgd og annan greiða. Þetta er enn hliðstætt við Kolviðarhól, sem allir þekkja. Ég hygg þó, að í Bakkaseli mætti komast af með minni hús en í Fornahvammi, en að öðru leyti er það alveg hliðstætt og fordæmið frá Fornahvammi.

Þessar upplýsingar vildi ég þá gefa um málið. Hygg ég, að ekki þurfi að svara hv. 1. þm. S.-M. nákvæmar en þetta, einkum þar sem hv. þm. er ekki nærstaddur mér sjáanlega. Hann kallaði Bakkasel kuldakot og gat þess, að það væri ekki metið nema á 13 hundr. að fasteignamati. En nú er það líka, að þarna er búið að slá tveimur jörðum saman. En svo er vitanlega þessi bygging þarna ekki gerð vegna búskapar þar, heldur vegna ferðamanna. Hvaða nafn þessu koti er valið, skiptir því ekki miklu máli. Hvort 35 þús. kr. þurfi til byggingarinnar, skal ég ekki dæma um. Ég hefði getað haldið, að komast mætti af með minna. Ég hefði því ekki skipt mér af, þótt hv. 1. þm. S.-M. hefði gert till. um dálitla lækkun, t. d. um 10 þús. kr. En hitt nær engri átt, að hægt sé að byggja sómasamlega upp fyrir einar 10 þús. kr.

Ég læt svo þetta nægja. Vona ég, að hv. deild felli till. með öllum atkv., að undanteknum atkv. hv. flm. hennar. Þykist ég mega vænta, að svo verði gert.

Ólafur Thors: Hv. fjvn. hefir flutt brtt. við brtt., er ég bar fram við 2. umr. og þá var samþ. Sú till. var um, að veitt væri til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur 800 kr. Nú leggur hv. fjvn. til, að þessi upphæð sé lækkuð niður í 500 kr. Hv. frsm. fjvn. gerði þá grein fyrir þessari brtt., að n. hefði þótt rétt, þar sem þessi styrkur er kominn inn í fjárl. í annað sinn — og mætti því búast við, að þetta yrði fastur styrkur — að lækka hann til samræmis við styrki þá, er aðrir sjóðir fá. Með þeim forsendum, að styrkurinn verði til frambúðar, vil ég sem flm. að fyrri till. sætta mig við þessa lækkun.

Ég flyt eina brtt., þá VII. á þskj. 316. Er hún um það, að styrkurinn til slysavarna verði hækkaður um 12500 kr., eða úr 10000 kr. upp í 22500 kr. Í aths. við liðinn geri ég grein fyrir því, hvernig verja skuli hækkuninni. 8000 kr. skal varið til að fullgera veg þann, er hafinn var með sama framlagi í fyrra milli Sandgerðis og Stafness. En 4500 kr. skal varið til símalagningar milli sömu staða.

Ég hygg, að mörgum hv. þdm. séu enn í fersku minni umr. um þennan veg frá síðasta þingi. Þá bar hv. fjvn. fram till. um 8000 kr. byrjunarveitingu til vegagerðar milli Sandgerðis og Stafness. En ástæðan til þess var sú, að Slysavarnafélag Íslands eignaðist björgunarbát, sem átti að hafa aðsetur í Sandgerði. En bátinn ætlaði Slysavarnafélagið að nota á þessu svæði, frá Sandgerði að Stafnesi. Þá lágu fyrir gögn, er sýndu það, að síðan um aldamót höfðu orðið 62 skipströnd á þessu svæði, og höfðu þau orðið 92 mönnum að grandi. Þá var það upplýst, að björgunarbáturinn kæmi ekki að notum, nema hægt væri að flytja hann á landi. Báturinn er þannig gerður, að undir honum er breiður sleði, sem krefst breiðs vegar. Þá var ennfremur upplýst, að ströndin þarna væri afar skerjótt og sjógangur mikill í öllum áttum, nema austanátt. Væru því lítil tök á því að flytja bátinn á sjó, langar leiðir máske, þegar þyrfti skyndilega að nota hann. Till. fjvn. hnigu í þá átt, að mjög miklar líkur væru fyrir því, að mikil not gætu orðið að bátnum, en að þau not kæmu ekki að haldi, nema þarna væri vegur til að flytja bátinn eftir

Nú mun svo komið fyrir fjárveitingu síðasta þings, að vegur þessi er hálfgerður. Ég hefi því leyft mér, út frá sömu rökum, að leggja til, að fé væri veitt nú til að fullgera veginn. Og það er rökrétt hugsun, að hafi verið rétt að byrja á þessum vegi, þá sé einnig rétt að ljúka við hann. Og fyrst hv. fjvn. áleit það rétt í fyrra, þá vænti ég þess, að hún líti enn sömu augum á það mál og styðji því till. mína um að verkinu verði lokið. Ég veit ekkert það hafa komið fram, er afsanni

álit fjvn. í fyrra. Og þar sem frsm. þess kafla fjárl. er hinn sami nú og þá, þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að rifja upp orð hans þá um þetta efni. — Hv. frsm. sagði, eftir að hafa lýst því, hve staðurinn þarna suður frá væri hættulegur skipum, er þangað bæri: „En báturinn mun ekki koma að fullum notum þarna, nema hægt sé að flytja hann eftir landi, enda er hann þannig útbúinn. Til þess þarf að leggja breiðan veg, svo að hægt sé að draga bátinn fram og aftur, eftir því sem með þarf. N. gat ekki lagt á móti því, að þetta fé yrði veitt, því að leitt væri til þess að vita, að slys yrði fyrir það, að ekki væri hægt að koma bátnum áfram og horft hefði verið í þessa fjárveitingu. Þetta er að vísu aðeins byrjun, en vonandi verður þess ekki langt að bíða, að víðar á landinu verði hafnar slíkar björgunartilraunir, og má þá ekkert til spara, ef hægt væri með þessu móti að koma í veg fyrir eitthvað af þeim mörgu slysum, sem eru svo tíð hér við land".

Þetta er vel og drengilega og af fullum skilningi mælt. Og mér finnst nú raunar, að n. hefði sjálf átt að leggja til, að þetta fé væri veitt. En hún hefir nú að vísu í mörg horn að líta, og er því skiljanlegt, að þetta gæti gleymzt. En ég veit, að hún muni styðja þessa till. mína með atkv. sínum.

Nauðsyn þessa máls var viðurkennd með einhuga áliti mikils meiri hl. Alþ. í fyrra. Þarna hafa á tæpum þremur áratugum farizt 92 menn í sjóinn. Ég vona, að okkur komi saman um það, að ekki sé vert að kalla fleiri vitni á þann hátt fram til sönnunar nauðsyn þessa máls.

Í sjálfu sér get ég fært öll hin sömu rök fyrir nauðsyn símalagningar frá Sandgerði að Stafnesi. Ef slys ber að höndum, er vitanlega hin mesta nauðsyn, að boð komist sem skjótast til þeirra, sem fyrir björguninni eiga að standa. En nú nær síminn ekki lengra en til Sandgerðis. Fyrir því fer ég fram á, að veittar séu 4500 kr. til að tengja saman Sandgerði og Stafnes. Hefi ég snúið mér til landssímastjóra um þetta og hann gefið þær upplýsingar, að línan myndi kosta þetta. Þá hefi ég ennfremur snúið mér til formanns Slysavarnafélagsins og óskað eftir áliti hans um nauðsyn þessarar fjárveitingar. Herra landlæknirinn tjáði mér þegar í stað, að stjórn Slysavarnafélagsins væri samþykk þessari beiðni og teldi nauðsynlegt, að hún kæmi fram. Hinsvegar hefir dregizt úr hömlu, að hann léti þetta álit í ljós skriflega. En ég hefi fengið upplýsingar úr öðrum áttum, sem staðfesta, að umsögn formannsins var rétt.

Ég gæti hugsað mér, að til væru þeir hv. þm. hér í deild, sem að vísu viðurkenna þörfina fyrir þennan síma, en líti meira á getuleysi ríkissjóðs að sinni. Vildu því vera með í því að samþykkja veginn, en teldu, að síminn gæti frekar beðið. Vegna þessara manna hygg ég, að það væri rétt af mér að koma fram með varatill., þannig að mönnum gæfist kostur á að greiða atkv. með veginum, enda þótt þeir treystu sér ekki til að vera með hvorutveggja, síma og vegi. Geta menn þá gengið lengra eða skemmra í þessu, eins og samvizkan býður þeim að gera.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla að minnast á tvær eða þrjár till., sem ég er riðinn við. Fyrst er það XV. brtt. á þskj. 302, frá mér og hæstv. forsrh., um 1200 kr. styrk til stúdents, sem stundar heimspekinám í París. Hann er bláfátækur, en hefir notið styrks hjá manni, sem nú getur ekki hjálpað honum lengur, vegna þess, að hann hefir misst heilsuna. En pilturinn er mjög duglegur og áhugasamur og hefir nú barizt áfram við nám í 10 ár, en vantar nú eitt ár eða hálft annað til þess að geta lokið prófi. Það er von, að hann taki sárt, ef hann þarf að hætta, svo nærri leiðarenda sem hann er kominn. Þessi till. er borin fram til að koma í veg fyrir það. Um þetta nám, heimspekina, er það að segja, að hér er til öflugur sjóður handa mönnum, sem vilja helga sig henni. En styrk úr honum fá þeir fyrst, er þeir hafa lokið prófi; þá fá þeir styrk til framhaldsnáms. Og því fylgir það skilyrði, að þeir riti síðar á íslenzku og verði þannig þjóð sinni að gagni. Þetta er önnur ástæða til að verða við þessari litlu beiðni.

Þá er XL. brtt. viðvíkjandi öðrum stúdent, Eiði Kvaran, sem talsvert öðruvísi stendur á um. Hann hefir lesið sögu og

mannfræði í München. Hann hefir fengið tæringarsnert og er búinn að liggja alllengi í sjúkrahúsi í Sviss og verður að liggja lengi enn. Ég fer fram á, að honum sé veittur 1500 kr. styrkur af því fé, sem ætlað er til berklavarna samkv. lögum frá 1921. Hæstv. stj. er ekki heimilt að borga þetta af því fé, nema hún fái heimild til þess, af því að maðurinn liggur ekki í sjúkrahúsi innanlands. En ef þessi stúdent fær ekki neinn styrk, liggur tæpast annað fyrir en að flýja heim. Og þá lendir kostnaðurinn á því opinbera. Því er stungið upp á, að honum séu greiddar 5 kr. fyrir hvern legudag. Það er sama og greitt er hér á Vífilsstöðum; þó má þetta ekki fara yfir 1500 kr.

Ég bið hv. þdm. að athuga, að dvölin í sjúkrahúsinu í Sviss er miklu dýrari en hér. Þar verður að greiða 290 kr. á mánuði í legukostnað, en hér heima um 150 kr. Með þessu væri því aðeins létt undir með aðstandendum, en ekki greiddur allur kostnaður. Svipaðar till. hafa verið samþ. hér, um það að greiða kostnað, þó að menn liggi ekki í sjúkrahúsi. En það ætti ekki að spilla fyrir, þó að þessi maður sé í sjúkrahúsi erlendis.

Vafasamt er, að hann þyldi heimflutning, a. m. k. er líklegt, að hann þyrfti þá að liggja lengur. Mér sýnist sanngjarnast, og í rauninni að öllum líkum hagur fyrir ríkissjóð, að veita þennan styrk, ef borið er saman við það, að þessi maður kæmi heim til að liggja hér í sjúkrahúsi.

Þá átti ég eftir að minnast fáum orðum á brtt. XXXV, sem hv. samþm. minn (JS) er flm. að, því að hann er nú fjarverandi. Það eru 50 þús. kr. til raforkuveitu um Skagafjörð. Við 2. umr. var felld hér till. um meiri framlög í þessu skyni og ennfremur heimild fyrir stj. að ábyrgjast lán til fyrirtækisins. En nú förum við ekki fram á neina heimild til ábyrgðar í þetta skipti. Og hinsvegar höfum við lækkað upphæð styrksins. Ég skal hreinskilnislega segja, hver ástæðan er.

Við viljum fá yfirlýsingu þingsins um, hvort það vilji styrkja þetta fyrirtæki. Ef þingið sýnir ekki neinn vilja í þessu efni, óttumst við, að Sauðárkrókur fari að fást við sérvirkjun á lítilli á þar í nándinni. Þá væri þar með fyrirbyggt, að sveitirnar þar nyrðra gætu notið góðs af. Það verður allt of dýrt fyrir þær sveitir, sem hlut eiga að máli, að koma upp rafveitu einar saman. Ég fékk í gær að sitja á fundi hjá hv. fjhn., þar sem þetta mál bar á góma. Það voru, að því er mér skildist, hennar till., að nú þegar á þessu þingi væri veitt eitthvert fé í þessu skyni. Mig minnir helzt, að hún nefndi 150—200 þús., án þess að nefna, til hvers það ætti að fara; það ætti að ganga í sjóð, sem síðar yrði ráðstafað af Alþingi. Ég skal ekki segja, hvað ofan á kann að verða. En verði eitthvað slíkt ofan á, t. d. í Ed., því að fyrr getur það ekki orðið, þar sem þetta er 3. umr. fjárl. hér í deild, þá vil ég fyrir mitt leyti ganga inn á, að þetta verði fellt, en önnur fjárveiting komi í staðinn. En mér þykir viðurhlutamikið að reyna ekki þessa leið fyrir hönd Skagfirðinga, af því að ég óttast, eins og ég sagði áðan, að Sauðárkróksbúar fari að verða bráðlátir í þessu efni. Raftæki þeirra eru að verða ónýt, og ef þeir sjá, að ríkið muni ekki vilja hjálpa, hugsa þeir sér að virkja sjálfir út af fyrir sig.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa till., a. m. k. ekki fyrr en ég hefi heyrt undirtektir hv. fjvn.

Hákon Kristófersson: Ég á að þessu sinni tvær örlitlar brtt. á þskj. 302. Aðra þeirra, sem er undir XXIV. lið, flutti ég með hv. þm. V.-Sk. Ég skal viðurkenna, að það er oft erfitt að flytja brtt., sem fara fram á styrk, og þá erfiðast, ef það eru styrkir til einstaklinga. Hæstv. fjmrh. sagði í dag, að flestar ef ekki allar þær till., sem fyrir lægju á þskj. 302, mundu þm. flytja að gamni sínu. Það er mjög óþarft og óviðkunnanlegt, að getsakir komi úr þeirri átt um það, hvaða tilhneigingar liggi bak við till. einstakra þm. Það er ekkert við því að segja, þó að brtt. séu felldar. En hitt, að stj. taki sér dómsvald yfir athöfnum þingmanna og slái því föstu, að þær komi af hinum eða öðrum miður viðeigandi ástæðum, sýnir bezt hvaða stórmenni það eru, sem við eigum nú í stj. á landi hér.

Fyrri till. mín fer fram á að veita síra Árna Þórarinssyni á Stóra-Hrauni 2000 kr., eða til vara 1500 kr., til ritstarfa. Þetta er háaldraður heiðursmaður, nú

kominn á áttunda áratug, og mundi helzt hafa kosið að láta af embætti nú strax. Þegar menn hafa þjónað eins lengi og hann, eða full 45 ár, ætti þjóðfélagið að vera þess megnugt að geta leyst þá frá embættisstörfum, án þess að láta þá missa nokkurs í af launum sínum, svo að þeir gætu í ró og næði notið seinustu áranna á þann hátt, er þeir hefðu mesta ánægju af, og notið þó verðugrar hvíldar eftir langt og vel unnið starf. Ég býst við, að allir hv. þm. þekki þennan mann, annaðhvort af kynningu við hann sjálfan eða af orðspori. Það er á allra orði, hvað snilldarlega hann kann að segja frá, hvort sem er það, sem hann hefir sjálfur séð og heyrt, eða heyrt frá annara vörum. Og full ástæða er til að treysta því, að honum láti ekki verr að segja frá í riti en ræðu. Hann á í fórum sínum ógrynni af þjóðlegum fróðleik, sem hann hefir að sér viðað um langt æfiskeið. Allir ættu að vita, hver munur er á verðmæti frumsagna og þeirra fræða, sem týnd eru saman úr bókum. Frumsagnir eru t. d. Íslendingasögurnar og aðrar slíkar frásagnir úr lífinu sjálfu. Það eru slíkar sagnir, sem hafa þótt svo merkilegar, að þær hafa t. d. verið sýndar á sjónleikum bæði utan lands og innan. En það er einmitt slíkt verðmæti, er hann á í fórum sínum í svo ríkum mæli. Ég trúi ekki, að hægt sé að telja því fé illa varið, sem veitt væri þessum ágæta fróðleiksmanni síðustu ár æfinnar, til þess að veita öðrum af nægtabrunni sínum.

Ég leyfi mér að lesa upp ummæli frá Sigurði Nordal, þessum heiðursmanni viðkomandi:

„Það er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til síra Árna Þórarinssonar prófasts á Stóra-Hrauni, að hann er allra manna skemmtilegastur í viðræðum. Fer þar saman víðtækur fróðleikur, glögg athugun, hugsanafjör og frásagnarlist. Hefi ég oft hugsað um, hvílíkur skaði það væri, ef engar minjar sæjust eftir slíka hæfileika í bókmenntum vorum. Nú er mér tjáð, að síra Árni sæki um styrk til ritstarfa, til þess að skrásetja eitthvað af endurminningum sínum og öðrum fróðleik. Mér er sérstaklega ljúft að gefa þessari umsókn hans hin beztu meðmæli mín, ekki einungis fyrir fróðleik prófasts né fyrir langt embættisstarf, sem aðrir eru færari til að meta en ég, heldur einkanlega vegna þeirra ritstarfa, sem ég vona að honum endist tími til að inna af hendi".

Vitanlega eru orð þessa merka fræðimanns mikið þyngri á metunum en það, sem ég læt um málið falla, og bið ég hv. þm. að athuga það, þegar þeir fara að meta þessa till. mína. Ég skal viðurkenna, að það getur e. t. v. verið þröngt fyrir dyrum ríkissjóðs, og ég er sízt að átelja, þó að farið sé varlega með fé hans. En hvað sem maður lítur í kringum sig, verð ég að segja, að mjög orki tvímælis, hvort þeirrar varúðar sé gætt eins vel og okkur þm. er bent á af hálfu hæstv. fjmrh., að við skulum gæta hennar. Hversu mikill sparnaðarhugur sem í hv. þingmönnum er, þá má hann ekki verða svo mikill, að hann geri skaða.

Spor, sem miða að aukinni menningu og menntun, verða ekki metin í hundruðum króna.

Ég læt þá útrætt um þessa till. Ég legg hana á vald hv. deildar og treysti, að hún sýni sanngirni þessum háaldraða heiðursmanni, eins og henni þykir viðeigandi, þegar hann á áttunda áratugi leitar eftir þessum örlitla styrk. (BÁ: Og er það víst, að hann lifi ekki nema 2—3 ár ennþá?) Hv. þm. Mýr. spyr, hvort það sé víst, að hann lifi ekki nema 2 eða 3 ár. Ég veit ekki af hverju þm. spyr. (Rödd: Já, á hvaða reikningum byggist það?). Og það var einhver, sem tók undir þetta hinum megin. Ég var ekki að slá fram neinu vissu. Ég sagði þetta aðeins lauslega, eftir því sem hægt er að geta sér til eftir gangi lífsins. Þessir hv. þm. geta farið í svo föst faðmlög sem þeir vilja, til að gera „grín" að þessum ummælum mínum. Þeir hafa lengi faðmast og mega lengi faðmast áfram; ég hygg, að þeir ... (ÓTh: Ekki fer hv. þm. Mýr. að faðma þessa kámugu vergangsmenn). Nú, ég skal ekki fara inn á það. Í þörf er þrællinn þekkastur. Svo getur þörfin orðið mikil, að kámið verði þá ekki sýnilegt. (MJ: Hann kemur þá bara í sápuna á eftir). Ég var ekki að meina neitt til sérstakra manna. (Forseti: Ekki samtal). Ég vildi aðeins skýra þetta fyrir hæstv. forseta, því að mér sýndist hann líklegur

til að slá í bjölluna. (**Forseti**: Ekki gagnvart hv. þm., heldur af því, að aðrir glepja mál hans). Það gleður mig að heyra.

Þá á ég aðra lítilfjörlega till. við 18. gr. II. i. Þar er misritun: „200“ fyrir 300 kr. Ég vona, að hægt sé að leiðrétta hana. Annars ætlaði ég ekki að tala mikið um þessa till. Ég læt hv. dm. um það, hvað þeir gera við hana. Hún skýrir sig sjálf. Aðeins get ég sagt, að þar er mjög erfiður efnahagur fyrir hendi. Ég læt svo úttalað um þessar brtt. mínar. Og ég vil ekki gera mig að neinum dómara um, hvað aðrar brtt. eigi mikinn rétt á sér. Það er eins og gerist og gengur, að sínum augum lítur hver á silfrið, og virðist nægja, að hver þm. sýni skoðun sína með atkv. sínu.

Forseti (BSv): Þar sem veður taka nú mjög að versna og búast má við, að þeir þm., sem harðgerðastir eru, séu nú þegar komnir á þingfund, en hinsvegar svo fáir mættir, að varla má telja fundarfært, tel ég rétt að bera það undir deildina, hvort fundinum skuli haldið áfram eða ekki.

ATKVGR.

Fellt að halda fundi áfram með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, JAJ, JörB, MT, TrÞ, BÁ.

nei: EJ, HG, HV, LH, SE, SÁÓ, ÞorlJ.

BSv greiddi ekki atkv.

Fjórtán þm. (GunnS, HJ, HK, IngB, JJós, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, ÁÁ, BSt) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 284, 302, 316, 319, 323, 324).

Haraldur Guðmundsson: Ég á aðeins þrjár brtt. að þessu sinni, og þar af eru tvær smávægilegar. En áður en ég vík að þeim, vil ég drepa lítillega á annað atriði, sérstaklega í sambandi við tekjuáætlun fjárl. Ég hygg, að menn hafi ekki veitt því eftirtekt, að lögin um bráðabirgðaverðtoll falla úr gildi nú um áramótin næstu. Þennan toll hefir ríkisstj. áætlað 1 millj. og 500 þús. kr., en fjvn. hefir hækkað áætlunina upp í 1,7 millj. kr. Hinsvegar hefi ég ekki orðið þess var, að neitt frv. lægi fyrir um framlenging þessara verðtollslaga. Þótti mér því rétt að minna hv. þdm. á þetta. Ekki af því, að ég vilji framlengja lögin, heldur til að minna á till. minar um það, hvað koma skuli í stað verðtollsins.

Þá vil ég snúa mér að till. þeim, sem ég er flm. að. Þá er það fyrst XVIII. brtt. á þskj. 302, við 14. gr. Er hún um það, að veita kvenfélaginu „Ósk“ á Ísafirði 1000 kr. styrk til vefstólakaupa. Þetta félag sótti um byggingarstyrk í fyrra og sömuleiðis nú við 2. umr., en var í hvorttveggja skipti synjað. Nú er félaginu ætlaður sami rekstrarstyrkur og að undanförnu í fjárl., en vegna þess að félagið varð að sleppa húsnæði, sem það hafði, og var synjað um aðstoð til þess að byggja, þá bakaði það því ákaflega mikil óþægindi og kostnað að þurfa að flytja skólann í ný húsakynni, sem leigð voru handa honum, og þrátt fyrir þann styrk, sem skólinn nýtur, bæði frá ríkinu, bæjarsjóði og sýslusjóði, þá hefir samt orðið stórkostlegur halli á rekstri hans, og svo mikill, að með öllu er óhugsandi, að félagið geti undir risið. Auk þess hefir skólinn keypt á þessu ári áhöld til vefnaðarkennslu; það eru átta vefstólar, og munu hafa kostað um 3000 kr. Þetta var auðvitað alveg nauðsynlegt, því að vefnaður er einmitt einn meginþáttur húsmæðrafræðslunnar, auk matargerðar, hjúkrunar og fleiri þvílíkra starfa. Mér er kunnugt um, að hannyrðakennslan, sem skólinn veitir, hefir borið hinn glæsilegasta árangur; það eru ofnar allskonar ábreiður, gluggatjöld, veggtjöld og vefnaður af ýmsu tægi. Kann ég varla að telja upp þá mörgu fögru og ágætu muni, sem þar eru búnir til. Til vefnaðarkennslunnar dugir ekki minna en 8 vefstólar, til þess að ekki þurfi að vera fleiri en 4 stúlkur um hvern vefstól. Auk vefstólanna hefir skólinn keypt á þessu ári áhöld fyrir 800—1000 kr., svo að alls nema áhaldakaup skólans um 4000 kr. á þessu ári. Nú eru það tilmæli okkar, að ríkið styrki þessi kaup að einum þriðja hlut, sem er það sama og veitt er til iðnfræðslu karlmanna, en húsmæðrafræðslan er iðnfræðsla kvennanna og þess vegna ætti að láta sama yfir hvorttveggja ganga.

Þá kem ég að 45. brtt. á þskj. 302, um það, að veita gamalmennahæli Ísfirðinga 2000 kr. rekstrarstyrk. — Mig furðar satt að segja stórlega á því, að hæstv. stj. skuli ekki hafa tekið þessa fjárveiting upp á fjárlagafrv. Þingið í fyrra samþykkti þessa fjárveiting með yfirgnæfandi atkvæðamun. Ísafjörður er eini kaupstaðurinn á landinu, sem hefir viðurkennt þá skyldu sína, að sjá gömlu og farlama fólki fyrir samastað í ellinni. Ég býst við, að hæstv. stj. þykist hafa numið þetta burt af fjárl. í sparnaðarskyni, en ríkissjóð munar ekkert um þessa upphæð. Hún er nánast viðurkenning þess, að hér sé rétt stefnt: að bæirnir komi sjálfir upp sameiginlegum heimilum fyrir aldurhnigið fólk, sem eru einstæðingar. Ég þykist vita, að þingið muni vera sjálfu sér samkvæmt, miðað við í fyrra, í þessu atriði, og þarf því ekki að fjölyrða um það. Þingið skildi þá þörf í fyrra, sem lá að baki þessari beiðni, og svo mun verða enn.

Meginþorri aldraðs fólks, sem ekki á nóg efni eða efnafólk að, á þess engan kost, að njóta ánægjulegra ellidaga, heldur verður það annaðhvort að hýrast eitt sér í lélegum, óvistlegum húsakynnum, eða þá að vera hjá vandalausum, og þá einatt sjálfu sér til leiðinda og öðrum til ama. Á elliheimilum getur þetta fólk hinsvegar notið ánægjunnar af samvistum við aðra, en um leið losnað við að verða öðrum til ama og óþæginda. Þetta er sú hlið, sem snýr að fólkinu. Svo er kostnaðarhlið málsins. Vistin á þessu gamalmennahæli er mjög ódýr að tiltölu. Þar búa bæði fátæklingar, sem greitt er fyrir af fátækrasjóði, og líka gamalt fólk, sem sjálft borgar með sér, af því það kýs helzt að dvelja þar með jafnöldrum sínum.

Þannig geri ég ráð fyrir, að það verði víðar, ef slík hæli eru byggð. Ég skal geta þess, að ég lít á þennan styrk miklu fremur sem viðurkenningu fyrir, að þarna er haldið inn á rétta braut, með því að bæjarfélagið reisi og reki slík hæli, heldur en sem fjárstyrk fyrir hælið sjálft.

Þá á ég hér till. LI. á sama þskj., þess efnis, að í stað þess að heimila ríkisstj. að veita Eimskipafélagi Íslands aukastyrk, allt að 85 þús. kr., þá sé henni heimilt að leggja fram til hlutabréfakaupa í sama félagi sömu upphæð, allt að 85 þús. kr. Ég flutti þessa brtt. við 2. umr. fjárl. í fyrra, og var hún þá felld með örlitlum atkvæðamun. Ég vil nú vænta þess, að hv. d. hendi slíkt ólán ekki aftur, að fella svo sjálfsagða till. Ég býst ekki við, að neinn ágreiningur sé hér í deildinni um að styrkja Eimskipafélagið, eftir því sem þörf er á. Það er eingöngu fyrirkomulagsatriði, á hvern hátt þennan styrk skuli veita, hvort það skuli gert með því að veita kvaðalausan styrk, eins og verið hefir, sem félagið geti ráðstafað eins og því sýnist, eða hvort ríkissjóður eigi að leggja þetta fram sem starfsfé handa félaginu, eins og hlutafé, með sömu réttindum og sömu skyldum. Ég tel þetta eðlilega leið. Eimskipafél. hefir oft skort og mun sennilega á næstu árum skorta starfsfé. Úr því er bætt með því, að ríkissjóður leggi það fram sem innskotsfé sitt í fél., sem viðbótarstarfsfé fyrir það.

Ég hefi tekið hér saman, hversu miklu nemur það fé, sem ríkissjóður hefir alls lagt Eimskipafél. frá byrjun og fram til ársloka 1929. Hlutafé, sem ríkissjóður tók strax í byrjun í fél., var 100 þús. kr., en allt hlutafé félagsins nam 1680 þús. kr., svo að það er ljóst, að ríkissjóður hefir svo lítinn hluta fjárins, að hann getur engu ráðið um stj. félagsins. Eimskipafélaginu hefir verið greitt fyrir strandferðir þau ár, sem Eimskipafél. hefir annazt þær að meira eða minna leyti, en það eru árin 1916, 1921—23, og 1925—'29. Á þessum árum hefir Eimskipafél. fengið samtals 562325 kr. í strandferðastyrk, en auk þessa hefir það haft aukastyrk langflest árin, ég ætla öll, nema 1920—1923. Árin 1915—1919 nam þessi aukastyrkur úr ríkissjóði 40 þús. kr. á ári, en öll þessi ár greiðir fél. arð, 1915 4%, 1916 7%, 1917 7%, 1918 10% og 1919 10%. Síðan 1924 fær Eimskipafélagið enn þennan styrk úr ríkissjóði, og 1924—1927 nam hann þá 60 þús. kr. á ári. Ekkert af þessum árum greiðir Eimskipafél. neinn arð. 1928 er aukastyrkurinn hækkaður upp í 85 þús. kr., en eftir það ár greiðir Eimskipafélagið 4% í vexti. Sé þetta borið saman við aukastyrkinn, hefir hann þá því nær allur gengið

til þess að greiða hluthöfum arð. — Arður hluthafa nam tæpum 68 þús. kr. en aukastyrkurinn 85 þús. Árið 1929 fær fél. 85 þús. kr. umfram strandferðastyrkinn, 60 þús. kr. Alls hefir ríkissjóður lagt til fél. í aukastyrk 610 þús. kr. og í strandferðastyrk 562325 þús. kr. árin 1915—1929. Sé hlutafé ríkissjóðs, 100 þús. kr., talið með, hefir hann lagt fram alls 1272325 kr. til félagsins. En ef frá er dreginn strandferðastyrkurinn, sem ekki er rétt að telja sem styrk til félagsins, er fjárframlag ríkissjóðs 710 þús. kr.

Auk þess hefir fél. síðan 1925 verið gert skattfrjálst að öllu leyti með lögum. Hversu miklu þær upphæðir nema, skal ég ekki um segja.

Ég lít svo á, að þær 610 þús. kr., sem ríkissjóður hefir lagt félaginu í aukastyrk, hefði verið langtum eðlilegra, að ríkið legði sem hlutafé, og hefði fengið rétt til umráða í fél. í réttu hlutfalli. Þá hefði styrknum ekki verið varið til að greiða hluthöfum arð, heldur orðið til þess að auka starfsfé félagsins. Það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. En mér finnst réttast, að Alþingi sjái nú að sér og taki upp þann háttinn, sem betri er.

Ég skal geta þess, að eftir því sem ég bezt veit, mun ríkissjóður hafa haft fullan atkvæðisrétt eftir krónutölu síns hlutafjár á aðalfundum félagsins, en ekki látnar gilda fyrir hlutafé hans þær takmarkanir, sem annars gilda um hlutafé Eimskipafélagsins. Þegar ég ber fram þessa brtt., geri ég ráð fyrir, að það haldist eins og verið hefir, að atkvæðamagn ríkissjóðs vegna hlutafjáreignar hans í fél., sé ekki háð þeim takmörkunum, sem gilda annars um hámark atkvæða, sem einn hluthafi getur haft.

Jón Ólafsson: Ég hefi hér nokkrar brtt., sem flestar eru mjög smávægilegar, en eins og hv. þdm. verður ljóst, þegar þeir líta á þær á þskj. 302, þá eru þær því þýðingarmeiri, sem þær eru smærri.

Fyrsta till. mín er undir XXII. lið, til Skáksambands Íslands 2000 kr. styrkur, og til vara 1500 kr. Þetta félag hefir eins og kunnugt er haft styrk í fjárl. undanfarin ár, 1500 kr., en hefir nú ekki verið tekið upp í þetta sinn, þrátt fyrir það, þótt allir viðurkenni, að þetta íþróttafélag, eins og fjöldamörg önnur íþróttafélög hjá okkur, hafi orðið til þess að bera hróður okkar Íslendinga út yfir pollinn með einna mestum glanz, með viðurkenningu fyrir íþrótt sína.

Nú er Skáksambandi Íslands boðið að senda 5 menn á þýzkt taflmót, en þeir mega ekki senda færri en 5. Af þessu stafar töluverður kostnaður, og er áætlað, að það muni kosta þá 500—600 kr. Ef gera má sér jafngóðar vonir um þessa för og viðureign þeirra við taflmenn á þessu móti eins og þeir hafa áður reynzt, sýnist mér ekki til mikils mælzt, þótt þessir 5 menn, sem sendir eru fyrir félagsins hönd, væru styrktir með þessari fjárhæð.

Ég vona þess vegna, að þar sem Alþingi hefir tekið vel og að maklegleikum ýmsum fjárbeiðnum frá íþróttafélögum, þá verði auðfenginn hjá hv. d. styrkur til þessarar farar, sem búast má við, að verði til frægðar.

Þá hefi ég flutt till. XXXI, ásamt hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Reykv. Það er styrkur til Jónu Guðbjartsdóttur, til framhaldsnáms í bókverzlunarfræðum í Englandi og Frakklandi, 2000 kr., og til vara 1500 kr.

Það er um þetta að segja, að það mun vera í fyrsta skipti, sem sótt hefir verið um slíkan styrk sem þennan, og það er áreiðanlega, hvað þessa stúlku snertir, full ástæða til þess að styrkja hana til þessa náms. Þar að auki hefir hún lagt mikla stund á þetta hér, þar sem hún var allmörg ár í bókaverzlun hér á landi. Síðan hefir hún verið ytra 1927 og 1928 og stundað þar nám við skóla í Leipzig. Kennarar hennar þar hafa eindregið ráðið henni til þess að leita sér frekari fræðslu í þessum efnum og stunda framhaldsnám í Frakklandi og Englandi. En til þess að hún geti gert þetta, er efnahagurinn svo, að henni er það ókleift, nema hjálp komi einhversstaðar að.

Ég býst við, að þar sem ekki er nokkur maður hér á landi, sem hefir kynnt sér þetta til hlítar, til þess að setja upp og standa fyrir slíkri verzlun og viðskiptum, þá sé öllum hv. þdm. ljóst, að hér er um töluverða nauðsyn að ræða. Jafnmiklum bókamönnum og Íslendingar hafa yfirleitt verið ríður vitanlega ekki á litlu að

hafa góðar leiðbeiningar um kaup á útlendum bókum. Og með þessu ætti að vera fengin allmikil trygging fyrir því, að meira flyttist af nytsömum bókum, en minna af þeim lakari, heldur en verið hefir.

Þessi stúlka hefir meðmæli frá allmörgum menntamönnum hér í bæ; þar á meðal vil ég nefna prófessor Sigurð Nordal og Þorstein Gíslason ritstjóra, sem báðir telja mikla nauðsyn á því, að þessi styrkur sé veittur.

Þá höfum við hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Ísaf. till. um, að Fanney Jónsdóttur sé veittur styrkur til þess að ljúka teiknikennaranámi í Kaupmannahöfn. Þessi stúlka hefir stundað nám þar áður í teikniskóla og hefir þaðan allra bezta vitnisburð. Nú langar hana til þess að fullkomna sig í þessu og undirbúa sig undir teiknikennslu yfirleitt, en vantar algerlega til þess fjárhagslegan stuðning. Okkur flm. þessarar till. hafði því dottið í hug, að það væri eins og fyrri daginn lítið að flýja, nema til Alþingis, sem ég verð að segja, að oft hefir hlaupið drengilega undir bagga með slíku fólki, þegar því hefir legið mikið á. Stúlka þessi er efnalaus og hefir engan þann, er hún geti snúið sér að, til þess að ljúka þessu námi, en það vakti einmitt fyrir henni að ljúka því einhverntíma seinna á þessu ári, ef hún hefði ekki orðið að hætta vegna fjárskorts.

Það er óþarfi fyrir mig að minnast á till. okkar hv. þm. Borgf. um að hækka styrkinn til Stórstúkunnar, af því að nú hefir hv. fjvn. tekið svo prýðilega í þetta mál, að við teljum okkur sigurinn vísan. En rétt er í þessu sambandi að minna á það, að síðasta árs hagnaður af vínverzluninni mun hafa numið 1 millj. kr. Eftir þessum tölum að dæma, sýnist ekki til of mikils mælzt, þó að varið sé 12 þús. kr. til þess að vinna ofurlítið á móti þessari miklu brúkun á þessari vöru og til að halda áfram starfsemi, sem ég tel hafa verið mjög siðbætandi hér og komið miklu góðu til leiðar. En þar sem þessu er tekið svo vel, þarf ekki frekari ummæla við.

Þá höfum við hv. 1. þm. Reykv. borið fram till. um styrk til elliheimilisins „Grundar". Hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Reykv. hafa talað svo vel fyrir þessu máli, að óþarfi er fyrir mig að bæta þar nokkru við. Sérstaklega vil ég leggja áherzlu á það, að hér er á ferðinni eitt af mestu mannúðarmálum, sem Alþingi hefir haft til meðferðar. Hér er verið að hlynna að þeim þjónum þjóðarinnar, sem hafa slitið kröftum sínum út fyrir hana, og gera þeim æfikvöldið bjartara en verið hefir frá byggingu þessa lands. Þetta er að vísu ekki mikil fjárhæð, borið saman við þann kostnað, sem þetta risafyrirtæki hefir í för með sér. En það er þá aðeins til að láta sjá, að Alþingi viðurkenni þá viðleitni, sem einstakir dugnaðarmenn sýna, til þess að koma málefnum fram, sem eru í þessa átt, og launi starf þeirra manna, sem árum saman hafa lagt á sig mikla erfiðismuni, til þess að koma upp heimili, sem hlýtur að verða til sæmdar í hvers manns augum. Þess vegna er það í raun réttri ekki með öllu skammlaust fyrir Alþingi að vilja ekki líta á þetta með sanngirnisaugum, þar sem ekki ræðir um stærri upphæð, og í eitt skipti fyrir öll.

Ég held, að ég hafi þá lýst þeim till., sem ég er við bundinn. En ég get ekki látið hjá líða að minnast ofurlítið á eina till., nr. LI., frá hv. þm. Ísaf., hv. 1. þm. Árn. og fleirum. Hún er um það, að styrkurinn til Eimskipafélagsins skuli ganga til hlutabréfakaupa. Ég skal játa, að ég er þessu ekki svo kunnugur sem skyldi, til þess að geta dæmt um það. En svo mikið þori ég að segja, að félagið hefir verið styrkt vegna þess, að það hefir tekið á sig að snúast kringum land inn á hverja smáhöfn með ærnum kostnaði. (HG: Það er strandferðastyrkurinn). Það er að vísu rétt, en hann hefir ekki verið nærri nógur til að vega upp á móti þeim halla, sem félagið hefir beðið af því að binda sig við smáhafnirnar, í staðinn fyrir að hafa það eins og Sameinaða gufuskipafél. og Bergenska, að fara aðeins á þær hafnir, þar sem nóg er um flutning. Ég er viss um, að Eimskipafélagið væri miklu betur stætt, ef það hefði aldrei fengið þennan styrk og ekki þurft að koma nálægt ríkisstjórninni um nokkurn styrk. Ég er sannfærður um, að ef þetta væri tekið upp, að láta styrkinn ganga til hlutabréfakaupa, þá yrði það að sjálfsögðu til þess,

að fél. sigldi aðeins á þær hafnir, sem gefa flesta peninga, og hirti ekkert um, hvað landsmönnum væri fyrir beztu. Ég er hræddur um, að einhver víkin verði óhirt, ef nú á að kippa þessum styrk burtu.

Þegar hv. þm. Ísaf. er að telja fram, hvað Eimskipafél. hafi fengið frá ríkissjóði, þá eru það smámunir á móti þeim óþægindum, sem félagið hefir haft af þessu. Vegna þess að félagið er bundið við flestar smávíkur landsins, hafa hin útlendu félög stillt svo til, að þau hafa hraðferðir kringum land, og taka oft mest af farþegum og flutningi. Og það vita allir, að þessar hraðferðir, sem Eimskipafél. hefir ekki haft efni á að inna af hendi, hafa orðið til þess að gleypa frá því. En hvað er það á svo margra ára timabili, þótt það sé kringum millj. kr., sem félagið hefir fengið, þegar það er borið saman við allan þann rekstrarkostnað, sem félagið hefir haft. Í hlutfalli við það er þessi styrkur aðeins smáræði. Þetta sýnir líka, að það á engan rétt á sér sem hlutafé, því þetta er mest fé, sem félagið hefir fengið fyrir að inna af hendi störf, sem öðrum hefir ekki þótt borga sig. Ég vil aðeins benda á það, að hér er um það að ræða, hvort félagið sé skuldbundið til að starfa í þágu hvers einstaks viðkomustaðar á landinu eða það fari að reka félagsskapinn eingöngu í því augnamiði að hagnast af honum. Þetta mundi hafa það í för með sér, að félagið mundi hætta þeim störfum, sem tap verður á. En það yrði til þess að útiloka smáhafnirnar frá öllum samgöngum, í stað þess að hingað til hefir verið reynt að hlúa að þeim.

Sigurður Eggerz: Ég á hér eina brtt., nr. IV. á þskj. 302. Þar er farið fram á, að veittar verði 70 þús. kr. til Vesturlandsvegarins, í stað 40 þús. í frv. Ég flutti þessa sömu brtt. við síðustu umr. þessa máls, en tók hana þá aftur, með því að ég bjóst við, að það kæmu ef til vill ummæli frá stjórninni, sem gerðu það að verkum, að taka mætti hana aftur fyrir fullt og allt.

Ég skal geta þess að hæstv. forsrh. hefir ritað ýmsum mönnum í Dalasýslu bréf, sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta.

„Ég grip tækifærið til þess að láta yður fá fregn af fyrirætlun ráðuneytisins viðvíkjandi vegagerðum um Dalasýslu og miðhluta Strandasýslu, til þess að flýta fyrir því, að þau héruð komist í bílvegasamband við Borgarfjörð. Bendingar um einstök atriði frá kunnugum mönnum myndu mér kærkomnar.

Fer hér á eftir orðrétt bréf, sem ég ritaði vegamálastjóranum um þetta í fyrradag:

„Í framhaldi af samtali við yður í gær, herra vegamálastjóri, er yður hér með tjáð, að ráðuneytið leggur mikla áherzlu á, að flýtt verði framkvæmdum um lagning Vesturlandsvegarins, frá Dalsmynni í Norðurárdal vestur í Dalasýslu, fyrir þær fjárveitingar, sem veittar eru þegar og væntanlega verða veittar síðar til þessa vegar, þannig að bílfært geti orðið úr Mýrasýslu vestur í Dali sumarið 1930, eða í síðasta lagi vorið 1931. Með þeim umbótum, sem gerðar hafa verið þegar og gerðar verða, ætti þá um leið að verða bílfær leið eftir endilangri Dalasýslu vestur í Gilsfjörð".

Ég skal svo ekki lesa meira upp úr þessu bréfi. Hinn partur þess skiptir ekki máli um þennan veg.

Samkv. þessu bréfi hefir stjórnin gefið loforð um það, að þessum vegi skuli lokið ekki síðar en vorið 1931. Það mætti því kannske segja, að þar sem slíkt loforð liggur fyrir, sé ástæðulaust fyrir mig að koma hér fram með þessa hækkunartill. En vegamálastjóri hefir sagt svo í till. sínum til stj., að ef ljúka eigi við þennan veg í ár, sé nauðsynlegt að hækka þennan lið fjárl. um 30 þús. kr.

Mér til mikillar undrunar hefir hv. fjvn. gert það að sinni till. við 2. umr. þessa máls, að þessi liður verði lækkaður um 5000 kr., í stað þess að taka þessar till. vegamálastjóra til greina, til þess að hæstv. stj. geti komið þessu í framkvæmd.

Þegar þessi till. kom fram, hafði ég enn ekki átt tal við hv. fjvn. Hún sýndi þó þá velvild að taka þessa till. aftur til þessarar umr. Ég treysti því, að þegar ég hafði lagt þetta mál fyrir hv. nefnd, svo að hún þekkti fyrirætlun hæstv. stj. í þessu máli,

sem er svo greinileg, að veginum sé ekki lokið síðar en vorið 1931, vænti ég þess, að hv. fjvn. yrði með þessari till., til þess að nægilegt fé væri fyrir hendi til þess að efna loforð hæstv. stj. En ef hæstv. stj. sæi sér fært að koma veginum í framkvæmd án þess að fá heimild í fjárl. til þess, væri ég fús til að draga þessa till. til baka. Auðvitað getur orðið breyting á stjórninni, og þá gæti maður hugsað sér, að sú stj., sem þá tæki við, mundi ekki ljúka veginum nema heimild væri til þess í fjárl. En á þetta verður að hætta og mun ég draga till. til baka, ef nægilega skýr yfirlýsing kemur frá stjórninni.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr. þessa máls, að ég vil þakka hæstv. stj. þann velvilja, sem hún hefir sýnt *mínu kjördæmi* með því að gefa þá yfirlýsingu, sem ég hefi leyft mér að lesa hér upp. Því hvernig sem fer um mína till., verður að byggja á því loforði, sem hæstv. stj. hefir gefið kjósendum mínum um þennan veg. Það er því enginn vafi, að þessi vegur verður gerður á tilsettum *tíma*. Verði einhver brestur á þessu, eru það hrein loforðsbrigði hjá hæstv. stj. Ég dreg það ekki í vafa, að hæstv. stj. stendur við þetta loforð sitt, en ég hefi komið hér fram með þessa till. til þess að gera hæstv. stj. hægara fyrir að framkvæma þessa vegalagningu, sem allir vita, að nauðsynlegt er að komi sem fyrst. Ég hefi áður leitt rök að því hér, og er óþarfi að endurtaka þau. Raunverulega eru það engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, hvort veitt er nú eða síðar til þessa vegar. Og það er æskilegast fyrir héraðið, sem er svo að segja útilokað frá umheiminum, að sambandið komist á fyrr en síðar. Og velvilji hæstv. stj. sýnir, að þessi vegalagning muni komast á sem allra fyrst.

Sem betur fer eru þeir straumar uppi nú, að menn sjá svo að segja úr öllum áttum, hver nauðsyn það er að setja sveitirnar í samband við umheiminn. Þetta er svo, að það er reglulegt kapphlaup milli hinna stærri flokka í því að vinna sem mest að því að bæta úr þessari þörf og rétta sveitunum og landbúnaðinum hjálparhönd. Og þar sem þessir straumar eru nú svo sterkir og hafa svo mikil tök á okkar þingi, skyldi maður ætla, að þessar till., sem ég ber fram fyrir mitt kjördæmi, nái hér fram að ganga, þar sem það framar öllum öðrum kjördæmum á landinu er landbúnaðarkjördæmi, þar sem menn lifa á engu öðru en landbúnaði, og þar sem þeir menn, sem hafa sérþekkingu á þessu máli, eins og t. d. Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, segja þetta hérað eitt af þeim landbúnaðarhéruðum, sem hafa einna bezt skilyrði fyrir því, að landbúnaður geti þróazt þar og tekið miklum framförum. Ég vil ennfremur benda á það, að í þessu héraði er stöðugt að vaxa áhugi fyrir því að koma því í vegasamband við önnur héruð, og það sem allra fyrst. Það er lyftistöng þess, að framleiðsla þessa héraðs geti aukizt. Það má nefna sem dæmi, að á einni jörð í *mínu kjördæmi*, Hjarðarholti, er að öllu leyti rekinn fyrirmyndarlandbúnaður, og sjá allir, hvaða þýðingu það hefir. Auk þess eru ótal menn aðrir, sem hafa minna fé til umráða og geta ekki rekið atvinnu í eins stórum stíl, en hafa þó mikinn áhuga í þessu efni. Í mitt kjördæmi munu nú komnar 3 dráttarvélar, og lýsir það áhuganum.

Þar sem nú svo standa sakir, að þeir, sem sérþekkingu hafa á þessum málum, segja, að þetta hérað, Dalasýsla, sé eitt af þeim héruðum landsins, sem bezt skilyrði hafa til framfara, þá mætti ætla, að eyru manna væru opin fyrir réttmætum *kröfum, er frá þessu héraði koma*. Ég skal játa, að sá mikli velvilji, sem hefir sýnt sig viðvíkjandi vegalagningunni og ég minntist á áðan, er vottur um skilning á því, hvað þurfi að gera fyrir þetta hérað, sem hefir verið vanrækt svo mjög.

Það er ekki eingöngu í samgöngum, að þetta hérað er haft útundan. Því hefir líka verið haldið utan símasambands. Geta allir séð, hverja þýðingu það hafi fyrir hérað sem þetta. Ég hefi þess vegna leyft mér að bera hér fram brtt. IX. á þskj. 302, þar sem farið er fram á, að tillag til símalagninga hækki um 50 þús. kr. og sé því varið til að gera símalínu frá Dalsmynni að Búðardal.

Um þessa símalínu vil ég taka það fram, að hún er ein af þeim línum, sem landssímastjóri taldi rétt, að kæmu strax. Rökstuðningur hans er sá, að með því að leggja þessa línu sé opnað beint samband

til Vesturlandsins og þess vegna muni þessi lína afla ríkissjóði mjög mikilla tekna. Það er því fengin trygging fyrir því, að verði hún lögð, getur hún aflað ríkissjóði tekna strax á næsta sumri. Auk þess myndu margir komast í símasamband, sem eiga nú langt til síma. Það er líka það, sem maður heyrir fyrst af öllu, þegar talað er um nýja símalagningu, hvað erfitt það er fyrir hérað að ná í lækni, ef sími er ekki við hendina.

Ef þessi upphæð verður samþ., er um leið séð fyrir auknu og betra sambandi við Vesturland og hefir auk þess miklar tekjur í för með sér fyrir ríkissjóð.

Þá er ennfremur farið fram á að veita 29 þús. kr. til þess að leggja símalínu frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti.

Þessi héruð, sem þessi lína á að liggja um, eru nú alveg án síma. En það fer nú satt að segja að verða meira og meira óverjandi að halda slíkum héruðum fyrir utan símasamband. Ég vænti þess vegna, að hv. deild mæti þessum óskum, sem hér er farið fram á fyrir kjördæmi mitt, með fyllsta skilningi.

Ég þarf ekki að lýsa því, hvílíkt erfiði það er nú fyrir héraðið að komast í símasamband. En símasamband er samband við umheiminn. En ég vona, að hv. þdm. finni til þess ranglætis, sem þeir, sem standa fyrir utan símasamband, eru beittir. Því það er rangt að láta þessa menn taka þátt í kostnaðinum og láta þá ekki hafa nein ný samgöngutæki, sem skiptir þá þó svo miklu máli. En svo leita þessir menn úr sveitunum og streyma til kaupstaðanna. En hvernig er hægt að ætlast til, að sá straumur hætti, ef ekkert er gert til þess að skapa þægindi fyrir þessa menn, sem ekki eru landfræðilega afskekktir, heldur verða afskekktir vegna þess, að þeir fá ekki þetta samgöngutæki, sem þeir eiga kröfu til?

Þá á ég brtt. XLIX., við 18. gr., um að veita Guðrúnu Magnúsdóttur ljósmóður 200 kr. eftirlaun.

Þessi ljósmóðir gegndi starfi sínu í 10 ár, en varð þá að láta af því starfi sínu vegna sjúkleika, er hún bakaði sér á einni af embættisferðum sínum. Er hún enn veik og gengur örðugt með batann. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa litlu upphæð. Það eru svo mörg fordæmi þess, að slík eftirlaun hafa verið veitt, og á það eins við hér, því kona þessi hefir rækt starf sitt með mesta dugnaði. Og þar sem hún fékk þennan sjúkdóm er hún var að gegna skyldustörfum sínum, finnst mér eðlilegast, að henni verði veitt þessi litla upphæð.

Þá er hér loks brtt. IV. á þskj. 319, sem ég flyt ásamt hæstv. forseta þessarar deildar. Samkv. þessari till. er farið fram á að veita Stefáni frá Hvítadal 2000 kr., í stað 1000 kr., sem honum eru nú veittar samkv. 18. gr. fjárl. Það er nú í 3. skipti, sem ég leyfi mér að bera till. þessa efnis fram hér í þessari hv. deild. Í tvö undanfarin skipti hefir það verið samþ. hér í þessari hv. deild með yfirgnæfandi meiri hl., en hinsvegar hefir hv. Ed. ekki enn þá séð sér fært að samþ. þessa till., svo hún hefir verið felld þar.

Ég ætla ekki nú að fara að endurtaka þau ummæli öll, sem ég hefi fært fyrir því, að þessu ágæta skáldi okkar sé veittur þessi styrkur. Það væri algerlega óþarft, því hv. þdm. er það vel kunnugt, hversu margt fallegt liggur eftir hann og hversu miklir örðugleikar það hafa verið fyrir hann að brjótast áfram. Og ef nokkurt íslenzkt skáld hefir átt að berjast við fátækt, þá er það Stefán frá Hvítadal. Það hefir verið stöðug barátta við fátækt í sinni ömurlegustu mynd.

Ég vil geta þess, að Stefán í Hvítadal hefir nú með höndum mörg verkefni og sum þeirra stór. Og til þess að styðja að því, að þessi verkefni verði svo fullkomin, sem þau geta orðið, er full ástæða til þess að hækka styrkinn upp í 2000 kr. í ár, svo að hann geti nú unnið að hinu ágæta starfi sínu fyrir bókmenntir þjóðarinnar.

Ég skal svo ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu. En þess þykist ég fullviss, að ég þurfi ekki að bera hér fram meiri meðmæli með þessari till. minni. Hér í þessari deild hefir þessu máli jafnan verið tekið með fullum skilningi.

Héðinn Valdimarsson: Ég á hér fáar og heldur smáar brtt.

Brtt. XVI. á þskj. 302 er borin hér fram til að veita Jens Jóhannessyni lækni 2000 kr., eða til vara 1200 kr. til sérfræðináms í háls-, nef- og eyrnalækningum.

Það eru nú 2 ár síðan hann tók læknapróf. Hann hefir verið í 4 stöðum hér á landi í stað lækna, sem verið hafa þar fjarvistum, og getið sér þar góðan orðstír. Hann hefir og einnig meðmæli frá Guðmundi Thoroddsen prófessor.

Hann ætlar að leggja fyrir sig háls-, nef- og eyrnalækningar. Hann langar til að komast til Jena í Þýzkalandi og vera þar um tíma. Er þar bezt nám í Þýzkalandi í þeirri sérgrein lækna. Hann ætlar að koma hingað upp að loknu námi og setjast að á Akureyri, því þar er nú enginn sérfræðingur í þeirri grein.

Allur kostnaður við þetta nám mun vera um 10 þús. kr. Það er því ekki mikill hluti kostnaðarins, þótt hann fái þessar 2000 kr. Það er full ástæða til þess að setja það skilyrði fyrir veitingu námsstyrkja, að þeir, sem þeirra verða aðnjótandi, komi hingað aftur að loknu námi. Hér þarf ekki að setja þetta skilyrði, því það er víst, að hann kemur hingað aftur, svo að þessir peningar koma til gagns fyrir landsmenn.

Önnur brtt., sem ég flyt, er um það, að veita Árna Kristjánssyni 2000 kr. námsstyrk, til að fullkomna sig í píanóleik. Hann hefir þegar dvalið 6 ár í Þýzkalandi við slíkt nám, og hefir beztu vottorð frá kennurum sínum. Hann er búinn að halda einn konsert hér í Reykjavík og hlaut ágætis dóma fyrir hjá þeim mönnum, sem mesta þekkingu hafa á tónlist hér. Námið hefir vitanlega kostað hann mikið fé og nú á hann aðeins eftir eitt ár til að ljúka námi. Væri mjög vel viðeigandi, að hann fengi styrk þennan síðasta námsárið.

Þriðju brtt., sem ég vildi minnast á, flyt ég ásamt öðrum. Er hún þess efnis, að Magnúsi Ásgeirssyni sé veittur styrkur til ljóðaþýðinga. Till. um sama efni var samþ. hér í hv. d. með miklum atkvæðamun í fyrra, og geri ég ráð fyrir, að það verði ekki síður gert nú. Þeir, sem lesið hafa ljóðaþýðingar þessa manns, vita, að þær eru mikils virði fyrir íslenzkar bókmenntir.

Þá höfum við hv. 4. þm. Reykv. tekið upp brtt. hv. 2. þm. G.-K., sem felld var við 2. umr., um að ábyrgjast fyrir Keflavíkurhrepp 83 þús. kr. lán, sem á að verða ⅓ hluti kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu.

Við jafnaðarmenn gátum ekki greitt atkv. með þessari brtt. við 2. umr., vegna þess, að við vildum setja nánari skilyrði fyrir ábyrgðinni. Við höfum því bætt inn í brtt. tveimur skilyrðum. Annað er það, að lánið sé tekið innanlands; hefir það skilyrði verið sett fyrir fleiri smáábyrgðum, til þess að fjölga ekki að óþörfu ábyrgðum ríkissjóðs gagnvart útlöndum.

Hitt skilyrðið er sett til að fyrirbyggja það, að eigandi landsins umhverfis hina fyrirhuguðu bryggju geti leigt það út fyrir svo mikið verð, sem honum sýnist. Sá, sem á þetta land nú, er sanngjarn maður og ég býst ekki við, að hann hafi neitt við þetta að athuga. En vitanlega verður hann eigi ávallt eigandi jarðarinnar, svo vissara er að hafa það ákvæði til, að atvmrh. verði að samþykkja leigukjör lóðanna. Vænti ég þess, að hv. deild geti samþ. þessa brtt. nú. Það er mjög nauðsynlegt fyrir Keflvíkinga að fá þessa bryggju, því hafnleysið veldur þeim miklum erfiðleikum og kostnaðarauka eins og nú er ástatt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð út af þremur af þeim brtt., sem fram hafa verið bornar nú.

Fyrst og fremst er það þá brtt. IV. á þskj. 302, frá hv. þm. Dal. Það er rétt, sem hv. þm. gat um, að stjórnarráðið hefir ákveðið, að vegagerðinni frá Dalsmynni vestur í Dali verði lokið á fyrri hluta ársins 1931, ef ekki verða sérstakar ástæður því til fyrirstöðu, svo sem mannekla eða eitthvað slíkt. Þó er ekki gert ráð fyrir, að fjárveitingin til þessa vegar í fjárlögum þessa árs og þess næsta muni nægja til að ljúka við hann, heldur er ætlunin, að fjárveitingin skiptist á 3 ár. En það á að nota það, sem veitt verður í fjárl. fyrir 1932, árið 1931, og er slíkt algengt. Það mun því óþarft að flytja þá brtt., sem hv. þm. Dal. ber fram um þetta efni, nema því aðeins, að gert sé ráð fyrir þeim möguleika, að á næsta ári verði annar atvmrh. tekinn við völdum, sem ekki er eins velviljaður Dala-

mönnum og ég. Verður hv. þm. Dal. að ráða það við sig sjálfan, hvort hann vill styðja að því, að svo verði.

Þá er brtt. XI. á þskj. 302, frá hv. þm. N.-Þ. Samkv. varatill. við hana er farið fram á, að fjárveiting til nýrra vita hækki um 15 þús. kr., sem gangi til byggingar Höfðavita við Raufarhöfn. Ég vil því geta þess, að samkv. viðtali við vitamálastjóra hefir stj. áformað, að vitinn við Raufarhöfn skuli byggður fyrir það fé, sem ætlað er til nýrra vita í fjárlfrv., eins og það er nú. Ég hefi að vísu ekki ákveðna áætlun um hinn vitann, sem ákveðið er að reisa á næsta ári, en búizt er við að fjárveiting fjárlfrv. hrökkvi fyrir tvo vita. Lofa ég því fyrir hönd stj., að Höfðaviti verði reistur fyrir það fé, sem þegar stendur í fjárlfrv., og beini jafnframt þeirri ósk til hv. þm. N.-Þ., að hann taki brtt. sína aftur.

Að síðustu er það brtt. frá hv. þingmönnum Rang. um fjárveitingu til rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Ég vil mæla hið bezta með því, að þessi till. sé samþ. Verk þetta er byrjað, og má ekki hætta við það fyrr en því er lokið. Það var aðeins af vangá stj., að þessi fjárveiting féll niður af fjárlagafrumvarpinu.

Ásgeir Ásgeirsson: Eg get haft stuttan formála fyrir mínum till.

Fyrst er að minnast brtt. á þskj. 302, nr. V, um að veita til Breiðadalsheiðarvegar 20 þús. kr. Það er kunnugt, að vegagerð á Vesturlandi hefir hingað til verið stórlega afskipt, enda engir vegir þar í þjóðvegatölu. Þó er nú búið að leggja vegi að Breiðadalsheiði á báða vegu svo langt, að ekki eru eftir nema einir 6 km. til þess að bílfært verði frá Ísafirði til Önundarfjarðar. Vegamálastjóri hefir áætlað, að þessi vegarspotti yfir háheiðina mundi kosta 60 þús. kr. Af því legg ég til, að veittar verði nú þegar 20 þús.

Vestfirðingar hafa orðið mjög útundan um vegalagningar á undanförnum árum, og við svo búið er ekki lengur unandi. Um tugi ára hafa þeir gert sífelldar kröfur um styrki til vegabóta, en því hefir ekki verið sinnt. Nú er ekki hægt að standa á móti þeim kröfum lengur. En ef þessi vegur fengist fullgerður á næstu þremur árum, þá væru þeir þó nokkru bættari. Ég vona, að það dragist ekki lengur, þar sem nú liggur fyrir áætlun vegamálastjóra um kostnaðinn.

Þá flyt ég ásamt fleirum till. um að veita Helga Tryggvasyni utanfararstyrk, til að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál. Þessi maður er öllum hv. þm. að góðu kunnur af starfi hans hér við þingið. Það getur haft talsverða þýðingu fyrir þingið, að hann fái þennan styrk, og geti síðan kennt fleirum og fleirum hraðritun, svo hægt verði að taka upp fullkomna hraðritun hér við þingið, eins og tíðkast annarsstaðar. Þó Helgi Tryggvason hafi leyst þingritunarstörf mjög vel af hendi, hefir hann eingöngu lært hraðritun af sjálfum sér, og hefir því aldrei séð, hvernig aðrir kenna hana. Það er því skylt að styrkja hann til að kynna sér, hvernig hraðritun er kennd erlendis; mundi hann þá einnig fullkomna kerfi sitt og samræma það við þarfir íslenzkunnar. En af því hann er líka kennari, mundi hann og nota tækifærið til að kynna sér jafnframt skólamál almennt.

Þá endurtökum við hv. þm. Ísaf. till. okkar um að veita H. K. Laxness styrk til ritstarfa. Höfum við nú lækkað upphæðina niður í 2000 kr. Það var talað um það um daginn, að réttara væri að verja fénu til einhverra verklegra framkvæmda heldur en að styrkja H. K. Laxness. Samkv. því hafa nú andstæðingar þessarar brtt. unnið það á, þó hún verði nú samþ., að leggja mætti 500 kr. meira til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, brimbrjóts í Bolungavík eða einhverra slíkra framkvæmda, heldur en ef till. hefði verið samþ. við 2. umr.

Þá flyt ég brtt. um að hækka eftirlaun Þórðar Ólafssonar fyrrv. prófasts að Söndum í Dýrafirði. Verði hún samþ. munu eftirlaun hans samtals nema um 1200 kr., og er það jafnt þeim, sem mest eftirlaun hafa.

Séra Þórður er búinn að vera prestur um mjög langt skeið, og prófastur í 20 ár. Varla mun nokkur prestur hafa starfað meira fyrir börn og unglinga í sókn sinni en hann; t. d. hélt hann uppi kristilegu félagi ungra manna á Þingeyri um

langt skeið. Finnst mér ekki mega minna vera en að maður, sem búinn er að vinna jafnvel og lengi fyrir velferð annara eins og séra Þórður, fái 100 kr. í eftirlaun á mánuði á gamals aldri. Það er ekki venja hér á hv. Alþ. að fella krófur sem þessar, þegar þær eru á sanngirni byggðar, og vona ég, að svo fari ekki heldur nú.

Þá flyt ég brtt. um að gefa Ostagerðarfélagi Önfirðinga eftir eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni. Hér er um að ræða tilraun, sem algerlega misheppnaðist, þó að vel virtist til hennar stofnað. Það var ekki nóg með það, að bændurnir fengu ekkert fyrir mjólk sína, heldur sat félagið eftir stórskuldugt.

Eftir rannsókn á þessu máli er augljóst, að ekki verður hjá þessari eftirgjöf komizt, og hæstv. fjmrh. mun vera henni samþykkur. Og þó félagið losni við þessa skuld, er það samt skuldugt og eignalaust eftir. Ég legg mikla áherzlu á þessa brtt., enda mælir öll sanngirni með henni og nauðsyn héraðsins krefst þess, að hún verði samþ.

Benedikt Sveinsson: Herra forseti! Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þær fáu brtt., sem ég hefi borið fram.

Sú fyrsta er á þskj. 302, II. liður, um að veita Unni Vilhjálmsdóttur sjúkrastyrk, 1000 kr. Alþingi hefir áður veitt þessari kennslukonu styrk til að leita sér heilsubótar erlendis. Fór hún til Svíþjóðar og kom þá albata heim aftur. Svo veiktist hún á ný af landfarsótt í haust og er ekki vinnufær síðan. En ef hún fengi góða aðhlynningu til hausts, hefir hún von um að fá algerðan bata. Ýmsir hv. þm. eru þessari konu eins kunnugir og ég og vita, hvað hún hefir mikla þörf fyrir þennan styrk.

Þá flyt ég brtt. XI. á sama þskj., um að hækka fjárveitinguna til nýrra vita. Til þeirra hafði hæstv. stj. ekki ætlað nema 50 þús. kr. í fjárlfrv., og er það lítið, samanborið við þær tekjur, sem ríkissjóður hefir af vitagjöldunum. Hv. fjvn. hefir þó hækkað þennan lið upp í 80 þús. kr., en vitamálastjóri vill láta hækka hann meira. Hann telur mesta nauðsyn á að reisa vita á Glettinganesi, en þar næst telur hann mesta þörf þeirra vita, sem nefndir eru í brtt. minni. Ég hefi átt tal við vitamálastjóra, og telur hann ekki hægt að reisa nema Glettinganesvitann, ef ekki sé hækkuð fjárveitingin, en með þeirri fjárveiting, sem ég fer fram á, megi reisa þessa tvo vita. Hann telur og betra að reisa Raufarhafnarvita og Sauðanesvita samsumars, því að þá er hægt að nota sömu verkamennina við báða, og flutningur til þeirra yrði ódýrari, ef flutt væri til beggja í einu, því að skammt er á milli þeirra. Ekki geri ég þó svo mikið úr þessu, að ég vilji ekki heldur annan þessara vita á næsta ári en hvorugan, og er þá meiri nauðsyn á vita við Raufarhöfn, sem er albezta höfn á Norðausturlandi, eða allt frá Akureyri til Seyðisfjarðar. En innsiglingin þangað er nokkuð varasöm, en enginn viti nálægt, nema á Rifstanga. Sjósókn er allmikil frá Raufarhöfn; þar er síldarsöltun og síldarbræðsla, sem að vísu er einkaeign nú, en mun verða eign ríkisins á næstu árum, og um síldveiðitímann er oft mikil síldarganga þar úti fyrir. Hinsvegar er ströndin umhverfis fremur lág og illt að finna höfnina í dimmu; kemur oft fyrir þar, eins og á Siglufirði, að skip verða að liggja tímunum saman úti fyrir í þoku og dimmviðri, af því að þau treysta sér ekki að rata inn á höfnina; sjá allir, hvað slíkt veldur miklu tjóni, þegar uppgripasíldveiði er. Má því alls ekki draga að reisa þennan vita.

Hinn vitinn, sem nefndur er í brtt. minni, er við innsiglinguna á Þórshöfn. Þaðan er ekki eins mikil útgerð stunduð, og mætti sá viti því frekar bíða eitt ár, þótt hans sé einnig mikil þörf.

Fáar framkvæmdir eru nauðsynlegri en þær að koma upp vitum. Er það hvorttveggja, að þeir tryggja mjög samgöngur og fiskveiðar og svo er sízt að gleyma því þryggi, er þeir veita lífi sjófarenda.

Nú hefir hæstv. atvmrh. lýst yfir því, eftir viðtal við vitamálastjóra, að hann treystist til að láta reisa Raufarhafnarvita fyrir það fé, sem búið er að taka upp í fjárlfrv.. Og þar sem hæstv. ráðh. lýsir því afdráttarlaust, að þessi viti verði reistur að sumri, þó að brtt. verði ekki samþ., þá er mér ekki kappsmál, að hún komi til atkv. Með þessum formála og skírskotun til yfirlýsingar hæstv. atvm-

rh., tek ég því aftur brtt. mína nr. XI á þskj. 302.

Ég á aðra brtt. á sama þskj., XIX, við 14. gr., þess efnis, að 2400 kr. verði veittar blindum mönnum til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað. Maður einn hér í bæ, Þorsteinn Bjarnason, sem hefir numið körfugerð erlendis, hefir gert það af góðvild og greiðasemi, að kenna blindum mönnum þessa iðn án þess að taka neitt fyrir það. Ýmsir blindir menn hafa viljað læra hjá honum, en þeir kunna ekki við það að biðja hann að kenna sér fyrir ekkert, enda geta menn ekki ætlazt til þess, að hann leggi á sig slíka kennslu án endurgjalds. Það er mikið mannúðarverk að veita þessum mönnum nokkra dægradvöl í hinu langa myrkri þeirra, og ég vil því mælast til þess við alla góða menn í þessari hv. d., að þeir samþ. till. mína.

Næsta brtt. mín er sú, að ríkið kaupi Grænlands-bókasafn Einars Benediktssonar skálds. Hafa þegar farið fram samningaumleitanir á milli Einars Benediktssonar og stj. um þetta mál, en stj. hefir ekki talið sér heimilt að kaupa safnið, nema hún fengi til þess fjárveiting frá Alþingi. Einar Benediktsson hefir um áratugi safnað allskonar ritum um Grænland og hvorki sparað til þess erfiði né fé. Safn hans er orðið geysimikið, bæði heil ritverk, tímaritsgreinar og sérprentanir úr ótal bókum og blöðum. Hvergi á jarðríki mun vera til eins fullkomið bókasafn um allt það, er að Grænlandi lýtur. Íslendingar mega ekki láta ganga sér úr greipum þetta tækifæri, því að annað eins býðst áreiðanlega ekki aftur. Einar Benediktsson hafði að vísu af sinni alkunnu rausn ætlað sér að gefa Landsbókasafninu þetta safn sitt, en fjárhag hans er nú svo komið, að hann er neyddur til að selja það. Verðið er ákveðið samkvæmt mati yfirlandsbókavarðar, Guðmundar Finnbogasonar, og hann segir, að safnið sé a. m. k. 5000 kr. virði. Nú eru sumar af bókunum úr þessu safni til í Landsbókasafninu, en Guðmundur Finnbogason áskilur safninu rétt til að fá í þeirra stað einhverjar aðrar bækur úr bókasafni Einars Benediktssonar. Það væri illa farið, ef þjóðinni gengi þessi dýrgripur úr hendi, og þó að hv. fjvn. hafi ekki fallizt á erindi frá hæstv. forsrh., þess efnis að gera þetta að sinni brtt., vænti ég, að hún leggi ekki fast á móti því. Hæstv. forsrh. leggur eindregið með þessum kaupum, enda ber hann manna bezt skyn á, hvílíkt verðmæti er um að ræða. Safnið er geymt í húsi hans. — Ég hafði áður ritað hæstv. forsrh. bréf um þetta efni, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa það upp hér:

„Þar sem bókasafn hr. Einars skálds Benediktssonar viðvíkjandi Grænlandi og norðurhöfum er nú til sölu, þá vil ég leyfa mér að skora eindregið á hæstv. stjórn að gera ráðstafanir til þess, að safn þetta gangi eigi Íslandi úr greipum, heldur verði keypt til handa landinu. Í safni þessu eru bæði margar mjög fágætar og torfengnar bækur um Grænland, fornar og nýlegar, allt frá dögum Arngríms lærða til vorra tíma, og ennfremur mörg hundruð ritgerða úr tímaritum og blöðum á ýmsum tungum um þetta efni, sem gersamlega væri ókleift að ná til að öðrum kosti eða fá vitneskju um. Þetta fágæta og einstæða safn hefir eigandinn dregið saman um langt árabil víðsvegar um lönd með mikilli elju og ærnum kostnaði.

Hér á landi er nauðalítill kostur rita um Grænland og norðurhöfin, en Íslandi in mesta nauðsyn að eiga þess færi að kynnast sem gerst öllu því, er varðar sögu og eðli Grænlands, hinnar einu nýlendu vorrar og næsta grannlands. Er því brýn þörf þess, fyrir allra hluta sakir, að landið eignist þetta fágæta safn".

Í bezta trausti þess, að hv. þm. fallist á þessa till., ætla ég að ljúka máli mínu.

Jón Auðunn Jónsson: Á síðasta þingi ákvað núverandi hæstv. fjmrh. að gera till. um skuldir nokkurra hreppa, sem höfðu fengið lán úr viðlagasjóði á stríðsárunum, en ekki getað greitt lánin. Ég hafði nú vænzt þess, að hæstv. fjmrh. hefði komið fram með sínar till., svo að hægt væri að ljúka skiptum þessara hreppa, Grunnavíkurhrepps, Árneshrepps, Gerðahrepps og Innri-Akraneshrepps. Ég hefði helzt óskað, að upplýsingar um þetta hefðu komið fram nú við fjárlagaumr. og gerðar endanlegar till. um eftirgjafir á skuldunum.

Ég ætla að segja örfá orð um till., sem ég flyt um að veita Gunnari Bjarnasyni styrk til vélaverkfræðináms. Það virðist að vísu ekki blása byrlega fyrir slíkum till. frá hæstv. fjmrh., en ég ætla samt að hætta á að flytja hana. Gunnar Bjarnason er stúdent frá Menntaskólanum hér og hefir lokið fyrri hluta prófs frá polytekniska skólanum í Kaupmannahöfn. Síðan veiktist hann og kom heim til Íslands. Eftir að hann hafði náð fullri heilsu, fór hann að vinna fyrir sér hjá vélsmiðjunni „Héðni“ hér í bæ. Þar var hann verkstjóri í ½ ár og þegar hann hafði á þann hátt aflað sér nokkurs fjár, fór hann til Þýzkalands til að halda áfram námi sínu. En námi sínu getur hann ekki lokið, nema því aðeins, að hann fái nokkurn styrk. Okkar þjóð er meiri þörf á kunnáttu í hagnýtri vélfræði en flestu öðru. En eins og kunnugt er, er slíka kunnáttu helzt að sækja til Þýzkalands. Hinsvegar er nám miklu dýrara í Þýzkalandi en t. d. í Danmörku. Ég vænti þess fastlega, að hv. dm. samþ. þessa till.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég flyt eina litla brtt. á þskj. 302, um að Maríu Markan söngkonu verði veittur 2000 kr. námsstyrkur, en til vara 1500 kr. Þessi söngkona sótti til fjvn., en n. hefir ekki séð sér fært að verða við beiðni hennar. Hún hefir dvalið við nám í Þýzkalandi um tveggja ára skeið. Öll ætt hennar er sérstaklega kunn hér í bæ fyrir frábæra sönghæfileika. Allir þekkja Einar Markan, sem nú syngur hér við mikinn orðstír og er álitinn einn af okkar allrafremstu söngmönnum. María Markan hefir fengið ákaflega góð meðmæli kennara sinna. Ein þýzk söngkona segir um hana: „Ungfrú María Markan hefir svo undursamlega og óvenjulega fagra rödd og er auk þess svo miklum sönghæfileikum gædd, að hún hefir skilyrðislaust örugga framtíð sem sönglistarkona ....“. Annar kennari segir eitthvað í þá átt, að hún hafi með afbrigðum mikla raddfegurð og hæfileika, sem gefi fyllstu vonir um, að hún nái langt á braut sinni. Nú þarf hún að dvelja enn eitt ár við námið. Einkum þarf hún að iðka ítalska og franska tungu, til þess að geta komið fram sem fullkomin söngkona. Hún þarf að borga með sér 400 mörk á mánuði, en er hinsvegar fátæk, svo að ég vænti, að hv. þm. vilji samþ. þessa till. mína.

Ég ætla að víkja örlítið að tveim till. frá öðrum hv. þm. Önnur er á þskj. 302, um 45 þús. kr. framlag til að reisa ljós- og hljóðvita á Sauðanesi, vestan við Siglufjörð. Erindi þessa efnis hefir legið fyrir sjútvn., en það hefir dregizt úr hömlu fyrir n. að lýsa afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. n. er þessu samt fylgjandi. Hv. flm. hefir gert ítarlega grein fyrir nauðsyn þessa máls, en ég vil bæta því við, að þarna er brýn ástæða til að bæta úr því, sem er. Það koma svo mörg skip til Siglufjarðar bæði á nóttu og degi, að það verður að tryggja innsiglinguna eins mikið og hægt er. Siglunesvitinn er ekki útbúinn til þess að verá innsiglingarviti. Það hefir verið í ráði að setja þarna hættudufl, en horfið frá því aftur, af því að sýnt var, að það mundi ekki koma að fullum notum. Það er álit allra siglingafróðra manna, að þarna eigi að vera innsiglingarviti, útbúinn hljóðtækjum. Á sumrin er oft dimm þoka inni á firðinum, en skip full af síld, sem þurfa að leita hafnar skilyrðislaust. Siglufjarðarbær vill leggja fram nokkurn hluta kostnaðar, svo að ég vænti, að hv. dm. geti fallizt á till. mína. Í sambandi við vitamálin skal ég geta þess, að það er veruleg ástæða til að veita því eftirtekt, að gjald það, sem kemur inn samkv. lögum fyrir vita, er orðin allmikil upphæð. Ég veit, að það er allsterk krafa sjófarenda, að vitagjöldunum verði varið til að byggja fyrir nýja vita. Síðasta ár var gert ráð fyrir, að til stjórnar og rekstrar vita gengju 170 þús. kr., en framlag var bara áætlað 80 þús. kr. Sé tekið með það, sem ætlað er til bryggjugerðar, verður framlagið 368 þús. kr. En hafnar- og bryggjugerðir eru annars eðlis en vitamálin, og ég sé ekki annað en að hv. Alþingi geti með góðri samvizku fallizt á þá stefnu að auka um mun framlag til vita.

Hin till., sem ég vildi gera að umtalsefni, er till. um styrk til Stórstúku Íslands. Reynslan hefir sýnt, að Stórstúkan á fremur örðugt uppdráttar hér í hv. d., en mér er óskiljanlegt, af hvaða á-

stæðum. En hvernig sem menn líta á starfsemi Stórstúkunnar, er það víst, að mestum hluta styrksins er varið til fræðslustarfsemi. En sú sorglega reynsla er athugaverð, sem fengizt hefir um hin svokölluðu bannlög. Arðurinn af áfengisverzluninni er kominn upp í milljón kr. Einhverjir hljóta að neyta vínsins, — og hverjir eru það? Miklu frekar unga kynslóðin en sú eldri. Ég veit. að hv. dm. sjá, að það er sanngjarnt, að hinum mikla arði af áfengisverzluninni verði varið til að fræða unglinga um skaðsemi víns.

Ég minnist þess að hafa séð þess getið í Evrópublöðum fyrir nokkru síðan, að í Rússlandi hafi ríkið um skeið haldið verndarhendi yfir vínandaneyzlu. Brennivínið var talið blessun fyrir þjóðina og menningarauki að því að halda uppi slíkri sölustarfsemi. Nokkuð líkt höfumst við að. Við lögverndum drykkjuskapinn á vissan hátt. Það virðist vera mjög mikil ánægja í herbúðum vissra manna yfir því, hvað mikið er drukkið, þegar peningarnir koma í landssjóðskassann fyrir vínið. Ég er nú þannig innrættur, að ég álít, að við mundum standa siðferðislega og menningarlega á hærra stigi, þótt við tækjum ekki einn einasta eyri í ríkiskassann fyrir þessa atvinnu.

Ég vildi þess vegna mæla með því, þar sem sá styrkur, sem Stórstúkan fer fram á, beinlínis miðar að því að upplýsa fólk um skaðsemi víns og fá það til að hætta vínnautn, þá sé hann veittur með góðu og eftirtölulaust. Og það á að verða okkar takmark, að með hverju einasta ári minnki tekjur af þessari verzlun.

Ég gat ekki látið hjá líða að lýsa afstöðu minni til þessa máls. Hvort ég er bindindismaður eða ekki, skiptir ekki máli í þessu sambandi. Við eigum allir að geta litið á nauðsyn þessa máls frá þjóðfélagslegu sjónarmiði.

Ég skal ekki fjölyrða um till. yfirleitt. Fyrir þeim hefir verið talað. Þó er hér ein till., sem ég vænti, að verði gerð frekari grein fyrir, og samgmn. flytur. Hún fer fram á styrk nokkurn til flugferða. Ég vænti þess, að hv. form. n. geri grein fyrir henni áður en þessari umr. lýkur. En ef ekki, þá verður einhver til þess af okkur hinum nm.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 329) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér með örfáum orðum að gera grein fyrir brtt. minni.

Ég flutti við 2. umr. till. um það, að ríkissjóður tæki ábyrgð á ⅓ af kostnaði við bryggjugerð í Keflavík, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu. Ég rökstuddi þá þessa ósk mína, svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök nú. Till. þessi var nú felld við 2. umr. og meðal annars með atbeina — eða hlutleysi — þeirra manna, sem nú eru flutningsmenn að annari till., og á ég sérstaklega við hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ).

Á þskj. 323 er farið fram á þetta sama, að ríkissjóður ábyrgist fyrir Keflavíkurhrepp allt að ⅓ kostnaðar við bryggjugerð, allt að 83 þús. kr., gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, enda samþ. atvinnumálaráðh. leigukjör á landi í grennd við bryggjuna. Annað skilyrði er líka ákveðið, að lánið sé tekið innanlands. Um hið fyrra nýmælið, samþykki atvinnumálaráðherra á leigukjörum á landinu í grennd við bryggjuna, hefi ég ekkert að segja. Ég geri ekki ráð fyrir samningavandræðum milli landeiganda og hreppsnefndar. En um hitt skilyrðið, að lánið sé tekið innanlands, verð ég að segja, að ég tel það mjög óheppilegt. Það gæti skipast svo, að hægt væri að útvega þetta lán erlendis, en ekki innanlands. Og ég sé ekki, að það sé neitt þægilegra að ábyrgjast lán fyrir það, að það sé tekið innanlands.

Menn verða að hafa það hugfast, að auk þessara 83 þúsunda, sem hér er um að ræða, er Keflavíkurhrepp ætlað að útvega sér jafnháa upphæð, alveg án tilhlutunar ríkissjóðs. Lánið er þess vegna alls að upphæð 170 þús. kr. Og ég get hugsað mér, að það verði eina ráðið að fá það lán erlendis, og þá einna helzt hjá mönnum, sem væru látnir standa fyrir þessu verki. Og þá tel ég, að bezt skilyrði séu fyrir hendi um lántöku, ef það er alveg óbundið af hendi löggjafans, hvar taka skuli lánið. Við vitum, að eftirspurnin eftir lánsfé er meiri en fram-

boðið, svo að það er sízt ástæða til að þrengja skilyrði fyrir ábyrgð ríkisins á þennan hátt.

Í gær flutti ég ræðu um till. mínar við fjárl. að þessu sinni. Auk þeirra till., sem ég gat um, er ég meðflm. að einni till., og vil ég láta henni fylgja nokkur orð frá minni hendi. Ég hefi ekki orðið þess var, að hv. aðalflm. (GunnS) hafi talað fyrir henni.

Till. er um það, að Magnúsi Ásgeirssyni skáldi séu veittar 1500 kr. til þess að iðka áfram þá list, sem hann hefir tamið sér undanfarin ár, að þýða ljóð eftir stórskáld annara þjóða. Það er fyrir það minni þörf að mæla með þessu skáldi, sem mönnum er í fersku minni frá því í fyrra lýsing á hans ágætum í þessu efni. Þá ákvað Alþingi að úthluta þessum manni samskonar styrk. Ef hann var styrksins verður þá, er hann það engu síður nú, og þörf hans er engu minni nú. Ég get rétt um þörfina, þó að auðvitað sé það ágæti mannsins, sem hér kemur til greina gagnvart þinginu. En ég hygg, að flestir hv. þdm. viti, hvílíkur snillingur þessi maður er um ljóðaþýðingar. Mikið er nú frumorkt af okkar yngri mönnum, og mjög misjafnt að list, án þess að ég leggi annan dóm þar á, en miklu færri gefa sig við að greiða aðgang íslenzks almennings að listaverkum erlendra stórskálda. Ég hallmæli engu íslenzku skáldi, þó að ég fullyrði, að Íslendingum sé meiri andlegur gróði að því að kynnast því bezta úr kveðskap erlendra þjóða heldur en að fá hverja nýja bókina á fætur annari eftir frumþýlinga í íslenzkri ljóðagerð, eins og nú gerist árlega.

Ég minnist þess að hafa lesið ritgerð nýlega eftir Sigurð Nordal prófessor, þar sem minnzt er á óvenjugóðar gáfur þessa skálds. Ef ég hefði ætlað upphaflega að tala fyrir þessari till., mundi ég hafa náð í þessa ritgerð. En fyrir því hefir mér þótt gott að vitna til Sigurðar Nordals, að hann mun af flestum álitinn vitnisbærastur allra Íslendinga í þessu máli.

Í tilefni af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði út af vitamálunum, vil ég minna á, að það, sem hann ræddi um, er gömul deila hér á Alþingi. Það varð á þinginu 1926 — fremur en 1927 — ákaflega hörð rimma um þessi mál. Sjávarútvegsnefndarmenn, aðallega þáverandi hv. þm. Ísaf. (Sigurjón Jónsson) og ég, bentum á það, að það væri gersamlega ósæmilegt, að þjóð, sem lifði aðallega á fiskveiðum, eins og Íslendingar, gerði vitamálin að ríkulegum tekjustofni meðan landið væri verr vitað en strendur annara landa, þegar það jafnframt er staðreynd, að siglingar eru að öðru leyti hættulegri og verri við Ísland en víðast annarsstaðar. Ég tel það næsta lítinn sóma fyrir Íslendinga að vera svo trega um framlag til vitamála sem þeir eru. Það er svo langt frá, að hér séu bornar fram of háar till. Ég tel, að það sé jafnvel til vansæmdar, hvað menn ganga skammt í krófum. Ég tel það blátt áfram vansæmd, að Íslendingar skuli ekki vilja eyða ½ milljón af ríkisfé til þess að koma upp radiovitum kringum landið. Ég hygg, að fyrir þá upphæð megi girða radiovitum allar strendur landsins, svo að vel lýsi í 25 sjómílna fjarlægð.

Það er hreinasta hneyksli, hvernig Alþingi vanrækir skyldu sína í þessu efni. Dæmið lítur talnalega miklu verr út en hv. þm. ber fram. Því að það nær ekki neinni átt að blanda saman bryggjugerðum og hafnargerðum annarsvegar og vitamálum hinsvegar. Það er tvennt sitt hvað. Ég get þess vegna fyllilega tekið undir með honum um það, að Alþingi á að leggja inn á nýja braut í þessu efni og leggja ríflega fram til vitamála; því fyrr, því betra.

Gunnar Sigurðsson: Ég á XXX. brtt. á á þskj. 302, sem hv. meðflm. minn, 2. þm. G.-K., hefir minnzt á. Hún fer fram á að veita Magnúsi Ásgeirssyni 1500 kr. styrk til ljóðaþýðinga. Ég býst við, að flestir hv. þdm. hafi kynnt sér bók þá, sem lögð var hér fram í deildinni í fyrra, og sannfærzt um, hvað M. Á. er óvenjulega góður þýðari. Þessi bók er safn af þýðingum erlendra úrvalsljóða, sem hann hefir gert. Mér er kunnugt um, að á þessu ári hefir M. Á. þýtt talsverðan kafla úr „Faust". Þá þýðingu hefi ég séð, og er hún óvenjulega vel af hendi leyst. Á þessu ári hefir hann ennfremur í hyggju að þýða Gróttasöng hinn nýja eftir Rydberg, og gefa hann út, ásamt ýmsu öðru,

sem hann hefir þýtt. Þýðingar M. Á. hafa fengið óvenjulega góða ritdóma. Má í því efni m. a. minna á ritdóm í síðasta hefti „Vöku", eftir prófessor Sigurð Nordal, þar sem hann telur M. Á. óvenjulega góðan ljóðaþýðara og fullyrðir, að hann komist í röð þeirra manna, sem bezt hafa þýtt erlend ljóð á íslenzku. Jafnar hann honum við Sveinbjörn Egilsson og Jón Þorláksson á Bægisá, ef hann heldur áfram á þessari braut. Ég er viss um það, að þessum 1500 kr. er vel varið, ef þjóðin hefir áhuga fyrir þessari grein listarinnar.

Þá flyt ég ennfremur I. brtt. á þskj. 316, við 13. gr., um að Magnúsi Jochumssyni póstfulltrúa verði veitt persónuleg launaviðbót, 400 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót, eða alls 560 kr.

Mér er þessi maður persónulega kunnugur, því að við vorum bekkjarbræður í Menntaskólanum; hann er sérstaklega góður starfsmaður á margan hátt og ágætur málamaður. — Ýmsir hafa ámælt stj. fyrir það, að hún veitti honum ekki póstritarastarfið, sem hann sótti um, og mun enginn hafa verið honum verðugri til að hljóta það. Þess vegna tel ég það fullkomna sanngirniskröfu, að honum verði veitt þessi litla launauppbót.

Þá vil ég minnast á II. brtt. á þskj. 316, við 13. gr., frá samgmn. Þar er farið fram á að veita Flugfélagi Íslands hf. styrk til flugferða, 20 þús. kr., og ennfremur til flugvélakaupa 50 þús. kr., sem stj. er heimilt að verja til hlutakaupa í flugfélaginu. Er gert ráð fyrir, að félagið kaupi tvær nýjar flugvélar.

Eins og hv. þdm. muna, þá er hér á ferðinni í þinginu frv. til laga um flugmálasjóð, þar sem gert er ráð fyrir að leggja 10 aura á síldartunnu og hvert mál síldar og að af því myndist sjóður, sem nemur 50 þús. kr. á ári.

Dr. Alexander Jóhannesson, sem unnið hefir allra manna mest að þessum flugmálum hér á landi, hefir skrifað merkilega grein í blöðin Tímann og Morgunblaðið. Þar gerir hann grein fyrir þeim grundvallartill. sínum, að keyptar verði 2 flugvélar og starfræktar hér allt árið, eftir því sem við verður komið, til þess að flytja farþega og póst á milli fjarlægustu staða á landinu, með mörgum viðkomustöðum. Auk þess á önnur flugvélin að starfa þrjá mánuði við síldarleit fyrir norðan land á sumrin.

Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. atvmrh. fyrir það, að hann hefir gerzt brautryðjandi á þessu sviði. Fyrsta tilraunin í þessa átt, að nota flugvél við síldarleit, var gerð hér við land fyrir atbeina hæstv. ráðh. Norðmenn hafa komið á eftir og notað þessa aðferð.

Ég þarf ekki að lýsa þeim öru framförum, sem orðið hafa á sviði flugmálanna síðan 1919, þegar fyrsta litla flugvélin var hér í Reykjavík og menn gerðu mikið að því, einn og einn í senn, að fara með henni upp í loftið og svo strax niður aftur, enda var hún ekki hæf til flutninga.

Nýlega hefir verið gerð sú mikla uppgötvun, að fundið hefir verið upp áhald — gyrorektor eða viðmiðunartæki —, sem gerir flugvélum mögulegt að fljúga í þoku og athuga, hvað þær eru langt frá jörðu og það, sem er framundan, og gerir það að verkum, að vélarnar geta haldið sér á flugi í loftinu eftir vild, en falla ekki til jarðar, eins og þeim var áður hætt við.

Ég skal taka það fram, að það er ætlazt til, að starfsmennirnir á þessum flugvélum verði íslenzkir, enda hefir þingið áður veitt þeim flestum stuðning úr ríkissjóði til náms erlendis. Og með því er þegar búið að stíga svo stórt spor í þá átt að starfrækja hér flugvélar, að það er ekki rétt að stíga það aftur til baka. Þeim peningum er áreiðanlega vel varið, sem veittir eru til þess að styrkja flugferðir hér á landi, þar sem allar samgöngur á landi eru svo ófullkomnar.

Þá flyt ég ásamt hv. samþm. mínum III. brtt. á þskj. 316, um að veittar verði 10 þús. kr. til þess að leggja símalínu frá Efra-Hvoli, um Stóra-Hof og Vestri-Kirkjubæ að Geldingalæk. Ég hafði skilið það svo, að hæstv. stj. væri búin að gefa loforð um, að þessi lína yrði lögð hið allra fyrsta, og vænti ég, að það verði gert. Þess vegna legg ég það til, að þessi till. verði tekin aftur, í trausti til þeirra ummæla, sem stj. hefir látið falla um þetta.

Aðra brtt. flyt ég ásamt samþm. mínum, sem er sú VI. á þskj. 316, og fer hún

fram á, að veittar verði 10 þús. kr. til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Ég var áður búinn að tala við hæstv. stj. um, hvort þetta mundi ekki verða framkvæmt, þó það stæði ekki í fjárl. En nú hefir hæstv. atvmrh. lýst því yfir, að réttast sé að hafa þessa upphæð í fjárl., og vænti ég, að það verði samþ., enda þótt ég hefði fyrir mitt leyti treyst því, að þetta yrði gert, þó það stæði ekki í fjárl.

Fjmrh. (Einar Árnason): Við byrjun þessarar umr. lá hér fyrir fjöldi brtt. á einu þskj., og undir umr. hafa smátt og smátt komið fram fleiri þskj. með brtt. við fjárlfrv. Ég veit ekki, hvort ég hefi verið svo heppinn að fá í hendur öll þau þskj., sem fram kunna að vera komin með nýjum brtt., en þær munu vera orðnar fullar 20, þessar nýkomnu brtt. Það eru aðeins örfáar af hinum einstöku brtt., sem ég vildi drepa á með fáum orðum.

Það er fyrst brtt. á þskj. 302, frá hv. fjvn., þar sem hún leggur til, að tekjur af verðtolli verði áætlaðar 1700 þús. kr. í stað 1500 þús. kr., sem stóð í fjárlfrv. Í rauninni var áætlun verðtollsins fullhá í frv. upphaflega, en ég ætla ekki að metast við hv. n. um það, hver upphæðin skuli vera. Hinu vil ég gera ráð fyrir, að hv. n. og hv. þd. geri sitt til þess, að núgildandi ákvæði um verðtoll haldist óbreytt á næsta fjárhagstímabili, ef ekki verður gerð önnur skipun á tollmálunum á þessu þingi. Eins og kunnugt er, þá falla verðtollsákvæðin úr gildi um næstu áramót. Þess vegna verður annaðhvort að gera, að samþykkja nýtt frv. um verðtoll, sem liggur fyrir þinginu frá meiri hl. mþn. í skattamálum, eða að framlengja núverandi lagaákvæði um verðtoll. Ég vil mega vænta, að hv. þd. styðji það, að þessi tekjuliður ríkissjóðs, sem fjvn. hefir áætlað 1700 þús. kr., fái að standa áfram óhaggaður.

Þá vil ég minnast á XI. brtt. á þskj. 302, frá hv. 1. þm. S.-M., þar sem hann ætlast til, að framlag til bygginga í Bakkaseli verði lækkað úr 35 þús. kr. niður í 10 þús. kr. Þessi fjárupphæð var ákveðin í stjfrv. samkv. till. frá vegamálastjóra. Mitt álit er, að það sé ekki rétt að lækka upphæðina, því að ég býst ekki við, að hún reynist of mikil. Þegar hafizt verður handa um bygginguna, sem er óumflýjanlegt að gera sem fyrst, þá verður það meira en íbúðarhús fyrir ábúanda. Það þarf að byggja þannig, að hægt sé að taka á móti gestum, svo að sæmilega færi um þá, og ennfremur þarf að byggja nauðsynlegustu útihús fyrir búpening. Það er áreiðanlegt, að ef lagt verður í þessa byggingu, sem ég tel óhjákvæmilegt, þá er ekki hægt að spara þannig, að komizt verði af með minni fjárupphæð en tiltekin er í frv.; og alls engin leið til þess að byggja svo, að gagn sé að, fyrir 10 þús. kr.

Á þskj. 302 er brtt. LI. flutt af fjórum hv. þdm., um að heimila stj. að kaupa hlutabréf í Eimskipafél. Íslands, ef ástæða þykir til, fyrir allt að 85 þús. kr. Ég ætla ekki að mæla á móti þessari brtt.; en ég hefði viljað heyra nánar frá hv. flm. till., hvernig þeir hugsa sér framkvæmd hennar. Það er ekki hægt að kaupa hluti í Eimskipafél. Íslands, nema félagið vilji ganga inn á það, og ef fél. gerir það ekki, þá vil ég spyrja hv. flm., hvort það sé meiningin, að Eimskipafél. Íslands eigi ekki að fá þennan 85 þús. kr. aukastyrk. Einnig vildi ég fá að vita, hvort það er ekki ætlazt til þess, að stj. fái óskertan atkvæðisrétt á aðalfundum félagsins fyrir þessa viðbót við núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs. Ríkissjóður á nú hlutabréf fyrir 100 þús. kr. í félaginu, og hingað til hefir stj. haft óskertan atkvæðisrétt fyrir þau bréf á aðalfundum félagsins. En ég vil geta þess, að á síðasta aðalfundi reis ágreiningur út af þessu atriði. Var því haldið fram af mönnum úr stjórn Eimskipafélagsins, að samkv. samþykktum þess mætti ekki fara með atkv. fyrir meira en sem svaraði 12500 kr. af hlutafé ríkissjóðs. Þó úrskurðaði fundarstjóri, að á þeim fundi skyldi atkvæðisrétturinn haldast óskertur eins og áður hefði verið venjulegt.

Út af þessu skrifaði ég stjórn Eimskipafél. og spurði, hvaða fyrirætlanir hún hefði um þetta. Hvort það væri áform hennar að takmarka atkvæðisrétt ríkissjóðs, eins og fram hefði komið á síðasta aðalfundi félagsins. En ég hefi ekki fengið svar við þessu bréfi og veit ekki, hvernig horfur eru í því máli.

Hv. samþm. minn flytur á sama þskj. LII. brtt., um að stj. skuli heimilað að athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða úr ríkissjóði $^2/_3$ kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn $^1/_3$ framlagi frá Siglufjarðarkaupstað. Ég er viss um, að hv. flm. hefir gert ljósa grein fyrir þessari till., og þarf ég ekki við það að bæta. Það er vitanlega nauðsynlegt að endurbæta garðinn og gera rækilega við það, sem hefir eyðilagzt, svo að það geti ekki endurtekizt, sem kom fyrir síðastl. vetur, að sjávarflóð rauf varnargarðinn og olli geysilegu tjóni og skemmdum, eigi aðeins fyrir bæjarbúum, heldur líka á eignum ríkissjóðs og mannvirkjum þar á staðnum.

Gallinn er sá, að ennþá hefir ekki verið gerð nein áætlun um þetta, og þess vegna er ekki hægt að tiltaka nú neina ákveðna upphæð. Fyrst verður því að rannsaka, hvað þetta muni kosta, og síðan væri ríkissj. heimilt að leggja fram nokkurn hluta kostnaðar.

Þá kemur II. brtt. á þskj. 316. Þessi brtt. er nú í rauninni nokkuð stórfelld, því að hún fer fram á 70 þús. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en ég hygg, að það muni þykja nokkuð mikil aukning á þeim tekjuhalla, sem þegar er orðinn á frv. Ég hefi ekki á móti þessari brtt. af því, að ég sé því ekki meðmæltur, að reynt verði að koma á flugferðum á Íslandi, og ég viðurkenni fyllilega, að dr. Alexander hefir sýnt mikinn dugnað og ósérplægni í þessu máli og er viss um, að hann hefir ekki hagnazt á því. (GunnS: Þvert á móti). Ég er líka sannfærður um, að hann hefir sterka trú á þessu máli, en gallinn er sá, að þetta kemur fram á síðustu stund, þannig að ég hefi ekki haft ástæður til að kynna mér málið sem skyldi. Annars skal ég geta þess, að ég er frekar hlynntur því, að ríkissjóður leggi fram fé í þessu skyni.

Þá kemur brtt. VII. á sama þskj., frá hv. 2. þm. G.-K., og við hana er brtt. til vara á þskj. 319, III., en þá till. yrði maður sennilega að leggja til grundvallar. Þar er farið fram á, að í staðinn fyrir 10 þús. komi 18 þús. kr., og skal þessum 8000 kr. varið til að byggja veg milli Sandgerðis og Stafness, svo að hægt verði að flytja björgunarbátinn þar á milli.

Þetta er hinn sami liður og var í fjárl. í fyrra, en ég hafði skoðað það svo, að þetta framlag yrði ekki meira, en nú kemur sama till., svo að þá verður maður að draga af því þá ályktun, að hér sé um stórfellda vegagerð að ræða, sem eigi ekki heima í 17. gr. (ÓTh: Þetta er lokaveiting). Það er náttúrlega gott að heyra, en maður verður dálítið vantrúaður, þegar maður verður þess var, að sama fjárveitingin skýtur aftur upp höfði hvað eftir annað, þótt maður hefði haldið, að hún væri úr sögunni. Annars hygg ég, að þessi vegur muni kosta meira en 8000 kr., því að vegalengdin er mikil, og auk þess er ég hræddur um, að vegurinn komi alls ekki að notum, þegar flytja þarf björgunarbátinn þessa leið, svo að ég hygg, að málið sé ekki eins vel undirbúið og æskilegt væri.

Þá kemur brtt. IX. á þskj. 316, um að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr. Ég skal ekki um það segja, hvort það er nauðsynlegt eða rétt að gefa þessum manni eftir það lán, sem hann hefir fengið, enda hygg ég, að þingið hafi tæpast vald til að gera það. Í lögunum um Búnaðarbankann frá í fyrra er svo ákveðið, að hann skuli taka við viðlagasjóði, er hann taki til starfa. Það hefir verið ákveðið, að Búnaðarbankinn taki við viðlagasjóði í ársbyrjun 1930, og þótt þetta sé nú að vísu ekki komið í kring, þá er þó ákveðið, að svo skuli verða, þannig að í rauninni er þinginu þetta mál óviðkomandi.

Þá er brtt. á þskj. 323, frá hv. 2. og 4. þm. Reykv., er gengur út á það, að ríkið taki að sér ábyrgð fyrir Keflavíkurhrepp á allt að 83 þús. kr. láni, er sé tekið innanlands ($^1/_3$ hluti kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík), gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, enda samþykki atvmrh. leigukjör á landi í grennd við bryggjuna. Í raun og veru finnst mér hér um að ræða samskonar till. og hér var á ferðinni við 2. umr., því að ég get lítinn mun á þeim séð. Því vil ég þó lýsa yfir, að ég er henni mótfallinn, eins og flestum samskonar brtt., sem hér liggja fyrir.

(MG: Ekki öllum?) Ég sé ekki ástæðu til að taka einn hrepp fram yfir annan og er samþykkur hv. fjvn. að því leyti, að ég er því mótfallinn, að ríkið gangi í ábyrgð vegna bryggjugerða yfirleitt.

Þá er brtt. 53 á þskj. 302, frá hv. þm. V.-Ísf., er gengur í þá átt, að veitt verði eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, sem Ostagerðarfélagi Önundarfjarðar var veitt. Út af þessari till. og jafnframt út af fyrirspurn, sem kom fram frá hv. þm. N.-Ísf., vil ég drepa nokkrum orðum á þetta mál. Eins og hv. þm. muna, samþykkti þessi hv. deild í fyrra till. þess efnis, að stj. kynnti sér greiðslugetu hreppa, sem stæðu í skuldum við viðlagasjóðinn. Stj. leitaði upplýsinga um þetta hjá hlutaðeigandi sýslumönnum á síðastl. ári, og þau plögg voru síðan lögð til grundvallar fyrir þeim till., sem ég hefi gert. Hér er að ræða um 6 hreppa og eitt félag, Ostagerðarfélag Önundarfjarðar. Þessar skýrslur, sem fengizt höfðu, sendi ég síðan ásamt till. mínum til fjvn., og gerði ég ráð fyrir, að hún myndi leggja fram till. sínar við umr. fjárl. Þetta hefir þó ekki orðið, og sennilega stafar það af einhverjum mistökum, en ég mun leggja málið fyrir fjvn. Ed. og mun hún þá koma fram með till. sínar viðvíkjandi því. Nú hefir hv. þm. V.-Ísf. tekið einn liðinn út úr og flutt um hann till. við þessa umr. fjárl. Ég hefi í sjálfu sér ekkert við þetta að athuga, því að ég geri ráð fyrir, að þótt viðlagasjóðurinn sé nú horfinn undir Búnaðarbankann, hafi þingið þó enn vald til að ráðstafa þessum umræddu lánum.

Ég vil þá skýra hv. þdm. frá þeim upplýsingum, sem fengizt hafa um hvern hrepp, og er þá fyrst fyrir Gerðahreppur. Ég ætla ekki að fara út í að lýsa, hvernig fjárhagsástand hans er, en skal aðeins vekja athygli á því, að útsvörin eru þar ferfalt hærri en annarsstaðar. Gerðahreppur sýnist því mjög illa staddur, enda flýr fólkið hreppinn, og virðist því ekki önnur leið vera fyrir hendi en að gefa honum eftir það, sem ógreitt er af láninu. Þess skal getið, að þetta lán var upphaflega 40 þús. kr., en er nú komið niður í 37 þús. kr. með áföllnum vöxtum.

Þá kemur næst Innri-Akraneshreppur. Hann fékk dýrtíðarlán 1918, sem nam 3000 kr., og er sú upphæð óbreytt ennþá. Eftir að hafa athugað ástæður hreppsins, gat ég ekki lagt til, að lánið yrði gefið eftir.

Um Grunnavíkurhrepp er það að segja, að hann hefir líka tekið hallærislán 1918, til matvælakaupa, og eru nú eftir af því 3262.50 kr. Hin till. er sú, að hreppurinn verði látinn greiða 3000 kr. með jöfnum afborgunum á 12 árum, og verði upphæðin vaxtalaus.

Þá er það Árneshreppur í Strandasýslu. Skuld hans við viðlagasjóð mun nú vera fullar 11000 kr. Eftir því, sem fjárhag hreppsins virðist varið, hefi ég álitið rétt að leggja til, að helmingur lánsins verði gefinn eftir.

Patrekshreppur kemur næst, og get ég ekki séð, að rétt sé að gefa honum eftir lánið að svo stöddu, því að þar eru atvinnuvegirnir allblómlegir. T. d. styðst hann við 1 botnvörpung, 5 þilskip og 10 báta. (HK: 5 þilskip?). Já, eftir þeim skýrslum að dæma, sem liggja fyrir. (HK: Ef þær eru allar svona nákvæmar, þá skal mig ekki furða á, þótt eitthvað verði bogið við till. hæstv. ráðh.). Skýrslurnar segja þetta, og að útvegur fari þar vaxandi, og þessar skýrslur hefi ég engar ástæður til að rengja, og því fæ ég ekki séð, að þessi hreppur hafi þörf fyrir eftirgjöf.

Þá kemur Suðurfjarðahreppur. Þar eru ástæðurnar ekki slæmar, enda virðist engin þörf á að gefa honum eftir lánið.

Þrátt fyrir það þótt þingið treysti sér ekki til að verða við óskum þessara hreppa og veita þeim eftirgjöf, geta þeir auðvitað snúið sér til Búnaðarbankans og samið við hann um einhverjar ívilnanir eða fullkomna eftirgjöf, ef honum þykir ástæða til.

Þá kem ég að Ostagerðarfélagi Önundarfjarðar. Frá því hafa ekki fengizt nákvæmar skýrslur, þannig að erfitt er að dæma um fjárhag þess. Lánið var upphaflega 10 þús. kr., en í árslok 1929 var það komið niður í 9141.67 kr. Mín till. er sú, að Búnaðarbankinn gerði samning um þessa skuld, því að ég þóttist ekki hafa svo skýr gögn í höndum, að ég gæti lagt til, að lánið yrði gefið eftir með öllu. Hinsvegar hygg ég, að fjárhagur félagsins sé þannig, að engin von sé á því, að

þetta lán fáist að fullu greitt, og því get ég gengið inn á till. hv. þm. V.-Ísf., jafnvel þótt eitthvað mætti kannske fá greitt, ef hart væri gengið eftir.

Eins og ég tók fram áðan, verður þetta mál lagt fyrir fjvn. Ed., og geta þá þeir hv. þm., sem einhver plögg hafa í höndum, sem gefa nánari upplýsingar, snúið sér til hennar, til að fá leiðréttingu mála sinna, ef ástæður eru til.

Einar Jónsson: Það er eins og gerist og gengur, að þetta fjárlagafrv. hefir tekið allmiklum breytingum frá því það kom fyrst fram, og hv. þdm. hafa gert sínar brtt. Þegar frv. kom fyrst fram, var það með 59 þús. kr. tekjuafgangi, en nú er það með 380 þús. kr. tekjuhalla. Ég vildi leyfa mér að benda á, að ekki er það ég, sem á sök á þessu, því að ég hefi ekki fengið mikil framlög fyrir mitt hérað. Ég á hér III. brtt. á þskj. 316, og óska ég, að hæstv. forseti taki eftir því, að ég tek till. hér með aftur. Geri ég það af því, að þótt sú símalína, sem þar um ræðir, sé næsta nauðsynleg, þá liggja fyrir ákveðin loforð frá landssímastjóra og hæstv. forsrh., að hún verði lögð næsta sumar, og vænti ég því, að þeir haldi orð sín, og læt mér nægja með að vísa málinu til stj.

Þá á ég till. VI. á sama þskj. Þar er um nauðsynjamál að ræða, nefnilega, að 10 þús. kr. styrkur verði veittur til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Í fyrra var sama upphæð veitt, en hún er nú uppétin, svo að enn þarf sama styrk í þessu augnamiði, og sennilega þarf styrkinn að fá í 3. sinn.

Þó að Rangæingar fengju 10 þús. kr. í fyrra til þessa þarfa fyrirtækis, þá þurfa þeir aftur 10 þús. kr. nú, og ég býst við, að þeir þurfi 10 þús. kr. að ári til varnar gegn vötnunum, sem ætla að eyðileggja sveitirnar og deyða íbúana.

Um brtt. annara hv. þm. ætla ég ekki að tala, en mun sýna afstöðu mína með atkv. mínu.

Þorleifur Jónsson: Ég á hér brtt. á þskj. 324, ásamt hv. 1. þm. Árn., um 4000 kr. fjárveitingu til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár.

Hér er um merkilegra mál að ræða en virðast kann í fljótu bragði. Það er ef til vill ekki öllum kunnugt, hvílíkan usla Hornafjarðarfljót og fleiri ár þar eystra hafa gert á jörðum þar í grenndinni, eins og ár þær gera, sem renna sitt á hvað og sífelldlega skipta um farveg. Hinsvegar getur land það, er fyrir skemmdum verður, gróið upp á löngum tíma, ef vötn falla frá, og er þetta svipað og um vatnaspjöllin í Rangárvallasýslu, sem öllum munu kunn af umtali hér á þingi. Er því sennilegt, að gera mætti eitthvað þarna eystra, til að verjast landskemmdum, eins og gert hefir verið í Rangárvallasýslu. En vatnasvæðin hafa lítt verið rannsökuð ennþá. Þó var byrjað lítilsháttar á rannsóknum í fyrra, og hafði hr. ráðunautur Pálmi Einarsson þær á hendi. Gerði hann athuganir á rennsli Hornafjarðarfljóts, til að vita, hvort hægt væri að byggja garð til varnar því landi, sem aftur er farið að gróa upp. En ráðunautinn skorti bæði tíma og mannafla til rannsóknanna. Nú hefi ég rætt um það við ráðunautinn, hvernig að skyldi fara, og farið fram á, að Búnaðarfélagið héldi áfram mælingunum. En búnaðarmálastjóri hefir sagt, að félagið vantaði fé til þess, og skal ég til glöggvunar lesa upp bréf um þetta efni frá Pálma Einarssyni:

„Þar sem þér hafið spurt mig um álit mitt viðvíkjandi fyrirhleðslu fyrir Hornafjarðarfljót (Austurfljótin) hjá Hoffelli til varnar landskemmdum og aukningu nýgræðslu á býlunum Hoffeli, Setbergi, Krossbæ og Stóru-Lág, þá leyfi ég mér að skýra yður frá þeirri afstöðu, er ég tel hægt og rétt að taka viðvíkjandi því máli, eins og sakir standa nú:

1. Á vegum Búnaðarfélags Íslands athugaði ég s.l. sumar hið umrædda svæði, og er það mjög álitlegt til græðslu og er líklegt, verði það tryggt gegn ágangi Hornafjarðarfljóts, að þar komi, er tímar líða, mjög góð engjalönd til afnota fyrir þessi býli.

2. Rannsóknir, er byggja megi á áætlanir um framkvæmdir, eru ekki gerðar. Aðalástæða þess var sú, að ég tel heppilegast og nauðsynlegt, að fram fari ítarlegar rannsóknir á öllu vatnasvæði Hornafjarðarfljóts (hins eystra og vestra) í byggð, og annara vatna, austan Skálafells og Smirlabjarga. Kæmi svo til rann-

sóknar vesturhluti Nesjahrepps og Mýrar allar. Á öllu þessu svæði liggja mörg býli fyrir skemmdum frá aurvötnum, og stór landsvæði líkleg til uppgræðslu hafa þar á liðnum öldum eyðilagzt og jarðir lagzt í eyði.

Varnarráðstafanir og uppgræðsla þessa lands þarf að byggjast á nákvæmum rannsóknum og mælingum svæðisins, og á þeim byggðar síðan skipulagsbundnar framkvæmdir.

Til þessa undirbúnings þarf nokkurn tíma og fé, og tel ég það nauðsynlegt, að þessar rannsóknir yrðu framkvæmdar hið bráðasta, því þær leiða í ljós, hverjir möguleikar eru til hagnýtra umbóta á þessu svæði og á hvern hátt það vandamál tveggja sveita verður til lykta leitt, að vernda þær frá eyðileggingu sanda og jökulvatna.

Ég hygg, að einn mælingaflokkur lyki þessum rannsóknum á einu til tveimur sumrum, og lauslega áætlað myndi það kosta 8—10 þús. kr.

Virðingarfyllst.

Pálmi Einarsson".

Það er með tilliti til þess, sem hér er lagt til, að ég fer nú fram á fjárveitingu til rannsókna á vatnasvæðinu. Hefi ég farið fram á 4000 kr. nú, og býst ég við, að næsta þing þyrfti að veita aðrar 4000 kr. Pálmi Einarsson gerir ráð fyrir, að 8 þús. kr. þurfi í þessu skyni. Ég skal geta þess, að fimm jarðir í Nesjahreppi hafa misst engjar á sléttlendi af völdum vatnanna, en nú hafa vötnin hnigið þaðan aftur og landið er tekið að gróa upp. Vötnin hafa hallazt vestur á bóginn, og eigi færri en 17 jarðir í Mýrahreppi eru í hættu fyrir Hornafjarðarfljóti og Hólmsá, ef ekki er að gert. Þar hafa eyðilagzt mörg býli í minnum þeirra, er nú lifa, og fyrir nokkrum árum skemmdist stór jörð svo, að bóndinn varð að flytja sig í burtu, en jörðin var lögð undir aðra jörð.

Það skiptir því miklu máli, hvort hægt er að verja héraðið og hvernig það skuli gert. Kemur þar tvennt til greina. Annað er að nota skurðgröfu eða önnur dýpkunartæki, en hitt að nota garða til fyrirhleðslu. Um þetta er ekki hægt að segja, fyrr en mælingar hafa farið fram og svæðið hefir verið kortlagt.

Því miður fékk ég ekki bréf það, er ég las upp, fyrr en í gær og gat því ekki lagt mál þetta fyrir fjvn. Býst ég við, að fjvn. hefði orðið málinu hlynnt, ef hún hefði fengið nægilegar upplýsingar í tíma, en þar sem flestir hv. fjvn.menn eru ókunnugir málinu, er ekki að vænta, að þeir séu eins örir og ef þeir hefðu átt kost á að kynna sér það. Sumir kunna að segja, að Búnaðarfélagið geti innt þetta verk af hendi. Ég hefi talað um þetta við Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, en hann segir, að Búnaðarfélagið hafi látið 2 mælingarflokka starfa að slíkum rannsóknum í Rangárvallasýslu og á öðrum stað, og það geti ekki lagt meira fé fram. Ég hygg þó, að það borgi ekki nema öðrum þessum flokki, en hinn sé kostaður af ríkisfé.

Á seinni árum hefir verið lögð stund á að verja landið fyrir sandfoki og ágangi vatna, og af því, að sú stefna er upp, hefi ég komið fram með þessa brtt., því að ég veit, að allir, sem vilja rækta landið, vilja líka vernda það fyrir skemmdum og hjálpa til að nýgræðingurinn fái að þroskast.

Þar sem þetta er eina brtt. við fjárlögin, sem ég ber fram fyrir mitt kjördæmi, vænti ég þess, að þetta nauðsynjamál fái góðar viðtökur hjá hv. fjvn. og hv. deild.

Pétur Ottesen: Ég á eina brtt. á þskj. 319, um fjárveitingu til útvarpsins, sem er nýr liður. Brtt. mín fer hvorki fram á hækkun né lækkun, heldur að skipta einum lið í tvo liði, þannig að laun útvarpsstjóra séu sérstakur liður, en eigi undir sama lið og útvarpsráð og útvarpsefni. Verða þá launin sérstakur liður, alveg á sama hátt og hjá vitamálastjóra og vegamálastjóra.

Eftir upplýsingum, sem landssímastjóri hefir gefið, og hæstv. atvmrh. hefir síðar staðfest, eiga laun útvarpsstjóra að vera 9300 kr. á ári. Þetta eru mikil laun Þau eru 1500 kr. hærri en laun vitamála- og vegamálastjóra. Þessi háu laun hafa orðið til þess, að ýmsir aðrir starfsmenn hins opinbera hafa orðið óánægðir, og má búast við, að þetta dragi þann dilk á eftir sér, að hækka verði laun þeirra. Við höfum þó ekki borið fram neina till.

um að lækka laun útvarpsstjórans, af því að við töldum það þýðingarlaust. Till. hljóðar aðeins um það, að taka launin út úr og lækka hinn liðinn að sama skapi.

Frsm. fyrri kafla (Jörundur Brynjólfsson): Það er nú búið að segja allmörg orð um brtt. þær, sem fyrir liggja, síðan ég talaði í gær. Mun ég því reyna að lengja umr. sem minnst.

Vík ég þá að II. brtt. á þskj. 302, um sjúkrastyrk handa Unni Vilhjálmsdóttur. Meiri hl. fjvn. fellst ekki á brtt. þessa. Vafalaust er þó sanngjarnt og réttmætt að veita þennan styrk, en ef ætti að fara að sinna öllum slíkum kröfum, yrðu þær sennilega nokkuð margar.

Þá er II. brtt., frá hv. þm. Mýr., um sjúkrastyrk til Lúðvígs Guðmundssonar. Nokkur hl. n. er till. andvígur, og má segja um hana það sama og till. næst á undan, að æskilegt væri að geta orðið við henni, en hinsvegar hættulegt að skapa fordæmi.

Þá kemur brtt. frá þm. Dal., um hækkun til Vesturlandsvegar úr 40 þús. upp í 70 þús. (JS: Sú till. er tekin aftur). Þá þarf ég ekki að fjölyrða um hana, en þó get ég ekki látið þessa brtt. svo framhjá fara, að ég segi ekki nokkur orð.

Gert er ráð fyrir, að Vesturlandsvegurinn kosti alls 90 þús. kr. Í gildandi fjárlögum eru ætlaðar 20 þús. kr. til vegarins og í fjárlagafrv. fyrir 1931 40 þús. Nú vill hv. þm. Dal., að veginum verði lokið næsta sumar. Nú er mér sagt, að hæstv. atvmrh. hugsi til að láta ljúka við veginn næsta sumar, þannig að fjárveiting sú, er standa á í fjárl. 1932, verði notuð næsta sumar. En nú er ósýnt, hvað þingið lætur af hendi í þessu skyni, og auk þess er hæpið að lofa, að verkið skuli verða unnið árið áður en fjárveitingin á að borgast út. Þetta hefir að vísu átt sér stað, en samkv. nál. fjvn. ætlaðist hún til, að farið yrði eftir ákvæðum fjárl. um þessi efni. Þessi yfirlýsing hæstv. atvmrh. brýtur því í bága við till. nefndarinnar. Ég býst við því, að n. haldi fast við það, að gert verði sem minnst að því, að greiða um fjárlög fram, og ég verð líka að segja það, að mörg héruð hafa orðið að bíða lengur en í tvö ár eftir vegi, því að víða hefir það tekið áratug að ljúka við smáspotta, og verið mylgrað 10—15 þús. kr. í þá árlega.

Mig skal ekki undra, þótt hv. þm. Dal. sé ánægður með undirtektir hæstv. atvmrh. Hitt er annað mál, hvort deildin er það, og geri ég varla ráð fyrir því, að svo sé. Hv. þm. Dal. sagði, að hér væri ekki um aukin útgjöld að ræða, þar sem þegar væri ákveðið að leggja veginn, en hið sama má segja um alla þjóðvegi, og hætt er við, að gjaldþol ríkissjóðs brysti, ef ljúka ætti við þá alla í sumar.

Þá kem ég að V. brtt. á þskj. 302, frá hv. þm. V.-Ísf., um 20 þús. kr. til Breiðadalsheiðarvegar. Ég hefi þau boð ein að flytja frá n., að hún er brtt. mótfallin; ekki af því, að þessi vegur sé eigi nauðsynlegur fyrir héraðið, heldur af fjárhagsástæðum, og auk þess er þetta ekki þjóðvegur og á því að sæta sömu meðferð og sýsluvegir.

Þá kem ég að brtt. hv. 1. þm. S.-M., um að færa styrk til byggingar í Bakkaseli niður í 10 þús. kr. úr 35 þús. Fjvn. getur ekki fallizt á þetta. Telur hún, eins og hv. 2. þm. Eyf. og hæstv. fjmrh. hafa bent á, að eigi sé unnt að byggja upp í Bakkaseli fyrir þessar 10 þús. kr. Hinsvegar hefi ég borið fram brtt. um að færa upphæðina niður í 25 þús. kr. Fjvn. mælir með þessari till. og telur, að hægt sé að byggja sæmileg íbúðar- og útihús fyrir hana. Um íbúðarhús er til áætlun, og er gert ráð fyrir, að það kosti 14 þús. kr. 11 þús. ættu að nægja til útihúsa.

Þá er brtt. VI, 2, um að færa styrk til að byggja útihús í Fornahvammi úr 8000 niður í 4000 kr. Meiri hl. n. er á móti þessu, telur þetta of lága upphæð.

Þá er á sama þskj. brtt. VII, um styrk til Guðlaugs Þórðarsonar, til þess að stækka gistihúsið að Tryggvaskála, 4000 kr. Meiri hl. n. leggur á móti þessari fjárveitingu.

Þá er næsta brtt. á sama þskj., frá hv. þm. N.-Ísf., nýjar símalagningar. Það er um að hækka upphæðina til þeirra og verja 12500 kr. til að koma símalínu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík. Um þessa brtt. eru óbundin atkv. í fjvn., en nokkur hluti n. leggur þó á móti henni, ekki sakir þess, að hún efist um, að hv. þm. sem hefir mælt með þessari till. mjög greinilega, kunni ekki að hafa rétt mál að

flytja, eða að ekki sé æskilegt að koma þessu í framkvæmd, heldur af því, að n. treystir sér ekki til að mæla með því, að meira fjármagni sé varið úr ríkissjóði heldur en þegar er búið að ákveða í þessu skyni.

Þá er IX. brtt. á sama þskj., frá hv. þm. Dal., um að leggja nýjar símalínur í Dölum. Eru það 50 þús. kr. til símalínu frá Dalsmynni að Búðardal, og önnur till. um nýja símalínu frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti, 29000 kr. Hv. þm. talaði mjög um það, að þetta væri landbúnaðarhérað og að kapphlaup væri hafið milli flokkanna um að styrkja sem mest landbúnaðinn og gera honum allt til liðveizlu og taldi, að þetta væri eitt af þeim atriðum, sem sveitirnar skipti mestu máli. Allt er þetta mjög vel kunnugt, og menn vilja náttúrlega gjarnan greiða fyrir þessu máli hér sem annarsstaðar, en hv. þm. veit, að viðsvegar um land verða héruðin að bíða, og það meira að segja héruð, sem hafa fengið von um línur samkv. ádrætti frá löggjafarvaldinu. En þetta hefir dregizt af sömu ástæðu og ég gat um viðvíkjandi hans brtt., að þingið hefir ekki séð sér fært að verja meiru fé í þessu skyni. En viðvíkjandi fullyrðingu hv. þm. um það, að landssímastjóri teldi það nauðsynlegt, að fyrri símalagningin kæmi árið 1931, þá er það svo, samkv. þeim upplýsingum, sem fjvn. hefir, að landssímastjóri hefir ekki séð sér fært að ráða til, að hún yrði byggð, vegna þess hve mikið hún kostar. Fjvn. hefir einmitt í höndum álit landssímastjóra um þessa hluti, svo að ég þarf því eiginlega ekki að fjölyrða um þessa brtt. hv. þm. frekar. Ég er ekkert að draga það í efa, að þetta væri gott og gagnlegt að koma þessu í kring, að það væri æskilegt fyrir héraðið o. s. frv., en fjárhagurinn verður að ráða, og það verður að sitja fyrir.

Um brtt. XI. á sama þskj., sem hv. þm. N.-Þ. flytur, þarf ekki að fjölyrða, þar sem sú till. hefir verið tekin aftur.

Þá er XII. brtt. á sama þskj., frá hv. 2. þm. Eyf., um að byggja nýjan vita á Sauðanesi við Siglufjörð. Hv. þm. hefir mælt mjög fyrir nauðsyn þessa máls og taldi þann vita hafa mjög mikla þýðingu fyrir innsiglingu inn til Siglufjarðar, og ég ætla ekki að fara að mæla á móti því. Hinsvegar sér fjvn. sér á engan hátt fært að mæla með hækkun til vitabygginganna, og hvað undirbúning þessa máls snertir, má gjarnan segja það, samkv. þeim skjölum og skilríkjum, sem fjvn. hafa borizt um þetta, að málið sé hvergi nærri nóg undirbúið. Má vel vera, að vitinn sjálfur kosti ekki meira, en hitt er algerlega óupplýst, hvort rekstur vitans kostar ekki meira árlega. Ég ætla, að vitamálastjóri hafi eigi gert sér nógu ljósa grein fyrir því, hve mikill árlegur kostnaður myndi verða; virtist hann helzt gera ráð fyrir, að það mætti stunda vitann frá næsta býli við hann, en kunnugir menn hafa fullyrt, að þess sé enginn kostur, og vitanlega verður þá maðurinn að búa þar. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. n. á móti byggingu vitans að þessu sinni. Viðvíkjandi því, að þessi viti kæmi fleirum landsmanna að notum en Siglfirðingum, efast ég ekkert um, né heldur að það sé gagnlegt fyrir sjófarendur að hafa vita á þessum stað, en n. getur samt sem áður ekki mælt með byggingu hans.

Þá er XIV. brtt. á sama þskj., til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, 7500 kr. Hv. þm. gerði grein fyrir þeirri bilun, sem orðin er á þessum garði, og lýsti því, hver hætta væri á ferðum, að brimið skemmi brimbrjótinn enn meira, ef ekki verður að gert. Hv. þm. gat þess, að tilraun til viðgerðar hefði verið framkvæmd á síðastl. sumri, en sem hefði misheppnast, og sú áætlun, sem fyrir lægi um viðgerð á brimbrjótnum nú, áætlaði kostnaðinn 15000 kr. Þær 7500 kr., sem hér er farið fram á, eru því helmingur þess kostnaðar, sem þarf til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir á brimbrjótnum. Hinsvegar, ef ætti að gera við brimbrjótinn eins og þyrfti, til þess að öruggt væri og kæmi að fullum notum, myndi það verk kosta eitthvað kringum 80 þús. kr.

Fjárveiting til þessa mannvirkis hefir nú verið sótt til Alþingis árum saman. Um mörg undanfarin ár hefir verið farið fram á lokaveitingu til þessa mannvirkis, og samt hefir þing eftir þing komið ný beiðni.

Ég skal nú ekki álasa hv. þm. kjör-

dæmisins, þótt hann verði að bera þetta fram, því að hver og einn getur farið í sjálfs sín barm, þegar um slíkt er að ræða, og það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. vilji fá úr þessu bætt. En það er það sorglega fyrir okkur, sem eigum að greiða atkv. um þessar fjárveitingar, að okkur bregðast sífellt þær vonir, sem við höfum um góðan árangur, og maður veit ekkert, hvenær séð er fyrir endann á þessu. Það er leitt að geta ekki fengið fulla vissu um það, hvernig og hvenær hægt verður að gera við þetta mannvirki. Óhöppum er kennt um. En nú ætla ég þó, að þeir menn, sem starfað hafa hjá vitamálastjóra, og hann sjálfur, hafi árum saman haft kynningu af þessu, og ég verð að segja, að það er raunalegt, ef þeir hafa ekki komið auga á það, hvernig á að gera við þetta mannvirki, svo að endist. Fjvn. er því mjög í vandræðum, þegar á að ákveða um þetta; hún hefir sem sagt óbundnar hendur um atkvæði, en ég býst við, að nm. eigi mjög erfitt með að greiða atkv. með þessari fjárveitingu, vegna þess ótta, að þessi viðgerð muni ekki endast og að það sama muni endurtaka sig ár frá ári. Ég býst alls ekki við því, enda væri það heldur ekki rétt, að það stæði á fjvn. frekar heldur en mörgum öðrum þdm. að greiða atkv. með þessari fjárveitingu, ef öruggt væri, að ráðin yrði bót á þessu, því að um nauðsyn þess fyrir íbúa hreppsins þarf maður sjálfsagt ekki neitt að efast.

Þá ætla ég, að ekki séu fleiri brtt. á þessu þskj., sem ég þarf að gera að umtalsefni. Ég ætla þá stuttlega að víkja að brtt. þeim, sem eru á öðrum þskj.; tek ég þær eftir tölusetningu þskj. og byrja þá á þskj. 316, I. Það er persónuleg launaviðbót til Magnúsar Jochumssonar póstfulltrúa. Ég verð, því miður, að flytja hv. flm. þessarar brtt. þá frétt, að n. leggur á móti henni.

Þá er brtt. II., frá samgmn., til Flugfélags Íslands, fyrst styrkur til flugferða, 20 þús. kr., annað til flugvélakaupa, 50 þús. kr., alls 70 þús. kr. Hv. frsm. samgmn. mælti með þessari till. og gat þess, að tilætlunin væri að kaupa og starfrækja tvær flugvélar allt árið, aðallega í því skyni að flytja póst og farþega. Ég vil nú ekki í sjálfu sér af hálfu fjvn. mæla í gegn því, að eitthvað gott kunni af þessari starfsemi að leiða, það get ég ekki, en hinsvegar er það álit n., að við höfum svo mörgu öðru nauðsynlegu og gagnlegu að sinna, sem taka ber fram yfir þessa starfsemi, að við verðum að láta þetta bíða um stund. Ég býst við, að á næstunni verði flugferðir meira notaðar til skemmtunar en gagns. Hinsvegar er það fyrirfram vitað, að ef á að sinna þessu, svo að til gagns verði, þá hlýtur það að kosta mikið fé. En það er ekki á einstakra manna færi að halda uppi slíkri starfsemi; til þess að hún geti gengið, verður ríkissjóður vafalaust að leggja mikið af mörkum, enda var það líka að heyra á ræðu hv. frsm., því að hann gat þess jafnvel út af því litla, sem þegar hefði veitt verið, að nú væri svo langt komið, að aftur yrði ekki snúið. Nú getur fjvn. alls ekki fallizt á þessa röksemd, en ég vil alls ekki segja, að ef farið væri að veita svo stórkostlegar fjárveitingar, að þá væri ef til vill erfiðara að snúa aftur. Ég hygg því, að gætilegast væri að veita ekki fjármagn í þessu skyni, og því leggur fjvn. eindregið á móti því að samþykkja slíka till. sem þessa.

Brtt. 316, III., frá hv. þm. Rang., er tekin aftur, svo að ég þarf ekki að gera þá till. frekar að umtalsefni.

Þá er brtt. II. á þskj. 319, sem er frá hv. þm. Borgf. o. fl. Hún er um að skipta upphæðinni, sem ætluð er til útvarpsráðs, útvarpsstjóra og útvarpsefnis, þannig, að laun útvarpsstjóra séu færð sér, en hitt, útvarpsráð og útvarpsefni, haft saman. — Af hálfu fjvn. eru óbundin atkv. um þetta, en ég fyrir mitt leyti get ekki séð að það sé neitt á móti slíkri skiptingu, því eins og menn vita um ýmsar starfsgreinar í fjárl., er einmitt þessi tilhögun höfð. Það er þess vegna ekkert, sem mælir á móti slíkri skiptingu á fjárveitingu eins og þessari.

Ég ætla þá, að ég hafi drepið á þær till., sem snerta minn kafla, af hálfu fjvn. Áður en ég lýk máli mínu, verð ég að. víkja örfáum orðum að till., sem ég flyt. Ég skal reyna að gera það mjög stuttlega.

Það er þá fyrst IX. brtt á þskj. 316. Hún er um, að stj. sé heimilt að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni,

5500 kr. Þegar þessi maður fór til náms til að nema umbúðasmíði, var honum veitt nokkur fjárupphæð til náms og til áhaldakaupa. En nú hefir hann fengið lítilfjörlegan styrk í nokkur ár, til þess að halda þessari starfsemi uppi. Hann er eini Íslendingurinn, sem kann þessa iðn, en allir vita, hver nauðsyn er að hafa slíkan mann hér á landi, svo að þeir, sem þurfa að afla sér gervilima, þurfi ekki að sækja slíkar bætur til útlanda. Þess verður einnig að geta, að erlent umbúðasmíði tekur sízt fram vinnu þessa manns; hann er dverghagur, svo að hann minnir mann á fornar sagnir, þar sem lýst er dvergum, sem gátu leyst af hendi hið haglegasta smíði. Hann verður að leigja sér dýrt húsnæði og liggja með mikið og dýrt efni. Alþingi hefir ekki, þótt það að vísu hafi sýnt honum nokkurn vott um viðurkenningu fyrir starf sitt, látið í ljós sem skyldi, að það hafi metið það að fullu, hver nauðsyn er að hafa slíka starfsemi hér heima. Ég get máske öðrum fremur borið um þessa nauðsyn, og því flutti ég þessa brtt., því að ég varð um eitt skeið að leita til þessa manns, og mig hefði a. m. k. kostað það fleiri þúsund krónur, ef ég hefði orðið að sækja þær umbúðir, sem ég þurfti, til útlanda. Ég vil ekki segja, að hann geri þessa hluti betur en útlendir menn gera þá bezt, en vinna hans mun þó fullkomlega standa erlendri vinnu jafnfætis, og mun öllu ódýrari. Ég hefi að vísu heyrt suma segja, að hann gefi ekki handaverk sín, en þeir, sem þekkja til erlendis, munu vita, að allt af því tægi er enn dýrara þar.

Nú hefir hæstv. fjmrh. heldur andmælt þessari till., ekki af því, að honum þætti hennar ekki full þörf, heldur af því, að viðlagasjóður eigi að ganga til Búnaðarbankans. Ég verð að geta þess, að þótt fullnaðarráðstöfun hefði verið gerð á viðlagasjóði, þá hefði verið hægur hjá að gera slíka leiðréttingu, þar sem ekki hefði þurft annað en að greiða þessa upphæð til Búnaðarbankans. En þar sem þessari ráðstöfun er ekki lokið, get ég ekki séð, að neitt mæli í gegn þessari till. Hæstv. ráðh. gat þess líka í öðru sambandi, þar sem talað var um að gefa nokkrum hreppum, sem illa væru staddir, upp lán úr viðlagasjóði; fannst mér þá hæstv. ráðh. ekki sjá neitt á móti því, að sú ráðstöfun væri gerð, en hér gegnir sama máli.

Til sönnunar því, að hér sé um þjóðnytjamann að ræða, mætti kannske benda á það, að þegar hann var við nám erlendis, þá gerði hann þann smíðisgrip, sem enginn þeirra manna, er á þeirri vinnustofu unnu, var fær um að inna af höndum, og þegar hann kom til dóms, sögðu þeir, er dæma skyldu, að hann væri svo vel gerður, að ekki væri hægt að finna lýti á. Þar sem um þjóðnytjastarf er að ræða og fjölhæfan mann, sem frekast verður á kosið, verð ég að líta svo á, að þessi hv. d. megi ekki láta þá vansæmd eftir sig liggja, að verða ekki við þessari ósk.

Þá á ég brtt. á þskj. 319; það er V. brtt., viðvíkjandi því að láta byggja sjóvarnargarð á Siglufirði, og á að greiða helming kostnaðar. Það er brtt. við brtt. hv. 2. þm. Eyf. Þegar fé var veitt til þessa mannvirkis, mun það hafa verið helmingur kostnaðar, sem bar að greiða. Ég tel ekki nema í alla staði rétt og eðlilegt, að þetta hlutfall haldist; hinsvegar get ég lýst yfir því, gagnvart þessari brtt., sem fjvn. getur fallizt á, ef ákvörðun væri sett um að veita fé í þessum tilgangi í fjárlögum, þegar rannsókn væri lokið um það, hversu mikið þetta kostaði, að n., eða a. m. k. nokkur hluti hennar, mun ekki sjá sér fært að fylgja þessari till. minni, nema slík ákvæði verði sett inn í hana. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um hana, aðeins geta þess, að mér finnst í alla staði eðlilegra, að þetta hlutfall ráði, hvað sem gert verður við síðara atriðið, sem ég drap á.

Þá er ég meðflm. að einni brtt., sem hv. þm. A.-Sk. flytur. Hún er um, að veittar verði 4000 kr. til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár á Mýrum. Af því að ég hefi kunnugleika mikla á þessum stöðvum, vil ég gjarnan taka undir með hv. þm. A.-Sk. um nauðsyn þessa máls. Þeir menn, sem komið hafa á Almannaskarð í björtu og heiðskíru veðri og horft vestur um undirlendið, þeim er vafalaust minnisstæð sú sjón, sem þá blasti við augum. Það er einhver hin fegursta sjón, sem ég hefi séð. Grasgróið undirlendi blasir við, jöklarnir í baksýn og fjörðurinn vestur

með, alsettur eyjum langt til vesturs. Aðeins eitt meiðir augað; það er að sjá, hve vatnið hefir gert mikil spjöll á þessum slóðum. Það eru til fornar frásagnir um það, að í Skógey, eyju einni í Hornafjarðarfljóti, hafi fyrrum verið átján bæir. Nú er þar enginn bær. Hornafjarðarfljót er búið að taka nær allt landið, sem áður var frjósamt og skógi vaxið. Nú hagar þar svo til, að áin hefir um mörg ár slegið sér vestur með fjallinu. Austurhluti þessa lands er því allmikið gróinn upp. Hinsvegar getur enginn sagt um það, nema fljótið geti grafið sig gegnum þetta land og eyðilagt gróðurinn. Hv. þm. A.-Sk. og ég flytjum till. um það, að heimila fjárveitingu til þess að rannsaka, hvað þarf að gera til þess að tryggja það, að fljótið eyði ekki þennan nýja gróður, sem er að koma upp úr jökulleirnum. Ég tel því illa farið, ef þingið lætur standa á sér að verða við þessum tilmælum. Hver blettur, sem græða má upp án þess að það kosti mjög mikla fjármuni, er dýrmætur fjársjóður, ekki aðeins fyrir nútíðina, heldur einnig fyrir komandi kynslóð. Þess vegna verður ríkið bæði að verndа þann gróður, sem er í landinu, og einnig að auka hann, eftir því sem hægt er. Og hvað þessa brtt. snertir, þá vona ég, að hv. þdm. taki henni vel.

Ég vænti þess, að ekki þurfi að mæla frekar fyrir þessari till., og vil ég þá láta máli mínu lokið.

Sigurður Eggerz: Ég skal leyfa mér að þakka hæstv. atvmrh. fyrir yfirlýsingu þá, sem hann gaf út af Vesturlandsveginum, yfirlýsingu, sem var í fullu samræmi við það, sem hann hafði áður lagt fyrir vegamálastjóra og sagt við ýmsa kjósendur mína, — að lokið yrði við lagningu þessa vegar, ef ekki í ár, þá að ári. Þar sem hæstv. atvmrh. sagðist geta látið gera þetta, þótt brtt. mín væri tekin aftur, þá geri ég það að sjálfsögðu með glöðu geði. Það, sem brtt. var ætlað, var aðeins að gera hæstv. landsstj. fært að ljúka við veginn á næstu árum, einu eða tveim. Hæstv. ráðh. var með spaug út af því, að ég hefði óttazt, að næsti atvmrh. yrði mér ekki eins góður og hann, ef til stjórnarskipta kæmi. Ég hafði nefnilega látið í ljós, að e. t. v. væri rétt að samþykkja brtt., þrátt fyrir undirtektir hæstv. atvmrh., því að ekki væri víst að öðrum kosti, að ný stj. teldi sér heimilt að ljúka verkinu á svo skömmum tíma. En þar sem hæstv. ráðh. hefir nú gefið ákveðið loforð um þetta á Alþingi, geri ég ráð fyrir, að eftirmaður hans mundi telja sig algerlega bundinn af því, og tek brtt. því óhræddur aftur.

Ég heyrði ekki það, sem hv. frsm. fjvn. sagði um veginn. Ég var þá fjarverandi, á fundi í utanríkismálanefnd, sem skyndilega var kallaður saman. En þar sem ég hefi nú fengið yfirlýsingu hæstv. stj., sem þessi hv. þm. styður svo eindregið, verð ég að álíta, að allt sé í bezta lagi.

Hinsvegar heyrði ég það, sem hv. frsm. sagði um símalínur þær, er ég hefi borið fram brtt. um. Það er þá fyrst símalínan í Búðardal. Landssímastjóri sagði mér, að þetta væri ein af þeim línum, sem hann hefði lagt til, að yrðu látnar ganga fyrir. Þegar hv. fjvn. gerði mann á fund hans, til að fá hann til að benda á einhverjar af þeim línum, er hann hafði mælt með, sem helzt væri vegur að fresta eitthvað, þá má vera, að hann hafi talið unnt að láta þessa bíða, fremur en sumar aðrar. En landssímastjóri sagði, að þessi lína væri mjög nauðsynleg, því að hún gæfi aukið og betra samband við Vestfirði, og auk þess mætti vænta af henni mikilla tekna. Fjárhagslega er því engu að kvíða, þótt hún verði lögð. Mér skildist á hv. frsm., að hann teldi héraðið í góðu símasambandi, þótt þessi brtt. yrði ekki samþ. Þetta er ekki rétt, nema að nokkru leyti. Sumir hlutar héraðsins, t. d. Haukadalur, eru mjög langt frá síma, en ef þessi nýja lína yrði lögð, kæmi sjálfsagt aukalína þangað. En Haukadalur er langur dalur með mikilli byggð, og það er afskaplegum erfiðleikum bundið að hafa ekki símasamband þar, t. d. þegar skyndilega þarf að ná í lækni.

Hin brtt. mín er um síma um hluta af héraðinu, sem nú er alveg símalaus, þ. e. frá Staðarfelli í Saurbæ. Þessi símalína er enn nauðsynlegri en hin vegna héraðs míns, en hin verður að koma alveg á næstunni vegna nauðsynjar landsins alls.

Annars fundust mér undirtektir míns

góða vinar, hv. frsm., undir þessar brtt. líkastar því, þegar ríki maðurinn talar við fátæka manninn. Hv. 1. þm. Árn., sem sjálfur hefir svo góðar samgöngur í sitt hérað og samt biður um fjárveitingu til járnbrautar austur, setur upp stór augu, þegar fulltrúi Dalamanna fer fram á tvo smásimaspotta um kjördæmi sitt. Mér finnst undarleg þessi harka, sem hann vill sýna þessu afskekkta héraði, sem svo lítinn opinberan styrk hefir til samgangna, — þessi hv. þm., sem hefir betri samgöngur í sitt kjördæmi en flestir aðrir, en þó gerir kröfu um að fá nú að bera allmargar milljónir í fanginu heim til kjósenda sinna. Og hún er orðin undarleg, umhyggjan fyrir landbúnaðarhéruðunum, sem nú er gumað svo mikið með, ef ekki á að unna Dalasýslu þessarar litlu samgöngubótar. Ef nokkur alvara fylgir öllu landbúnaðartalinu, veit ég, að hv. þm. standa sig ekki lengur við að hafa þetta landbúnaðarhérað lokað fyrir öllum samgöngum.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi, vegna undirtekta hv. fjvn. um mínar till., segja örfá orð.

Það er þá fyrst símalagning frá Sandeyri að Stað í Grunnavík. Ég lýsti þörfinni fyrir þessa línu í ræðu minni í gær, og þarf því ekki að endurtaka það, enda veit ég, að öllum hv. þdm. er málið kunnugt. Hv. frsm. viðurkenndi líka, að þessi lína hefði orðið útundan og væri því réttlætiskrafa, að hún verði byggð. Þetta er alveg rétt. Engin lína hefir verið dregin jafnlengi. Þörfin fyrir síma er þó sízt minni þarna en annarsstaðar.

Þá er það öldubrjóturinn í Bolungavík. Ég verð að segja það, að ég skil ekki fjármálaspeki hv. deildar, ef hún ætlar að neita um einar 3750 kr. til nauðsynlegrar viðgerðar á garðinum og koma í veg fyrir frekari eyðileggingu. (**Einhver:** Það eru 7500 kr.). Það er rétt, að í till. eru nefndar 7500 kr., en af því eru kr. 3742,52 endurveiting. Og ástæðan til þess, að það fé var ekki notað, var sú, að ekki þótti rétt að byrja svo á verkinu, að því yrði ekki lokið, svo fullum tilgangi yrði náð. Tel ég, að það hafi verið mjög skynsamlegt. Hér er um nauðsynlega endurbót að ræða, sem gerir garðinn tryggan a. m. k. um 8—10 ár. En sé þessari fjárveiting neitað, má búast við, að mannvirki þetta eyðileggist á 4—6 árum. Til þess að gera þetta mannvirki altryggt þyrfti 80—90 þús. kr. En fram á það er ekki farið, vegna þess að hreppnum væri nú sem stendur ofvaxið að leggja fram sinn hluta kostnaðarins, enda er talið, að þessi smærri viðgerð dugi 8—10 næstu ár. Á þeim tíma verður fullnaðarendurbót undirbúin og fé til þess náð með gjaldi fyrir afnot brimbrjótsins. Vitamálastjóri og verkfræðingur, sem fór vestur og athugaði þetta, leggja til, að þessi endurbót verði gerð sem fyrst. Landsbankaútibúið á Ísafirði mun lána hreppnum, þó skuldugur sé, þann helming kostnaðar við endurbótina, sem honum ber að greiða. Nú er búið að staðfesta hafnarreglugerð fyrir Hólshrepp og fyrirtækinu með henni tryggðar tekjur til að geta staðið í skilum og borgað af skuldum sínum. Eftir 6—8 ár er áætlað, að mannvirkið eigi í sjóði um 15 þús. kr. Verður þá léttara að fá lán til viðbótar, svo fullgera megi aðalendurbætur. Ég vona því, að hv. deild geti fallizt á að veita til viðbótar því, sem stóð í eldri fjárl., þessar 3750 kr. Hér er um að ræða elztu og frægustu veiðistöð Íslands, þar sem tugir þúsunda eða hundruð þúsunda manna hafa fengið uppeldi sitt um aldaraðir. Og þessi staður hefir gefið ríkissjóði margfaldar tekjur við það, sem lagt hefir verið til brimbrjótsins, þó sumum þyki það of mikið. Ísafjarðarsýsla hefir greitt í ríkissjóð milljónir móti hundruðum þúsunda, sem hún hefir fengið. En ég tel það ekki eftir og skal í engan meting fara um það. Eftir hinu vonast ég, að hv. Alþingi líti á nauðsyn þessarar fjárveitingar.

Frsm. síðari kafla (Bjarni Ásgeirsson): Ég vildi leyfa mér að fara fram á það, að þeir hv. þm., sem á annað borð eru nálægir, hlustuðu á mál mitt, því ég hefi ýmislegt við þá að segja fyrir hönd fjvn. En áður en ég sný máli mínu til hv. þm. sem frsm. fjvn., vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um till., sem ég er sjálfur flm. að.

Það er þá fyrst brtt. III. á þskj. 302,

styrkur til Lúðvígs Guðmundssonar skólastjóra til að leita sér lækninga erlendis gegn illkynjuðum sjúkdómi. Ég við aðeins taka það fram út af því, sem hv. frsm. fyrri kaflans sagði, og það í fullum rétti frá n. hálfu, að ég get ekki beygt mig undir ummæli hans. Það er að vísu alveg rétt, að allir þeir, sem lækningu þurfa, geta ekki fengið til þess styrk úr ríkissjóði. En hér er um mann að ræða, sem er í opinberri þjónustu. Og ég veit sannarlega ekki, hvert menn eins og hann, sem meira meta að starfa að þjóðnytjamálum heldur en að safna sér fjár, eiga að leita í nauðum sínum, ef ekki til ríkisins. Ég skil ekki, að neinn telji það búhnykk af þingi og þjóð, að fleygja frá sér jafngóðum og miklum starfskröftum og Lúðvíg hefir til að bera, fyrir jafnlítið og hér er farið fram á. Ég verð að vona, að slíkt komi ekki fyrir.

Þá er brtt. 302, XXXVII., sem ég er meðflm. að og ég hefi ekki minnzt á áður. Það er nýr liður til Iðnráðs Reykjavíkur, 2000 kr. — Iðnráð Reykjavíkur var stofnað í des. 1928. Það hafði lengi staðið til, að slíkt iðnráð yrði stofnað, og í því skyni hafði legið fyrir Alþingi umsókn um 5000 kr. styrk. Sú upphæð var ekki veitt, en þrátt fyrir það var þó iðnráðið stofnað. Þrátt fyrir nafnið, Iðnráð Reykjavíkur, nær þó starfsemi þess um allt land. Hefir það staðið í sambandi við og leyst vandamál fyrir menn víðsvegar um land. T. d. kom það í veg fyrir verkfall á Akureyri, gat þar miðlað málum. Þetta er því vísir til iðnráðs fyrir allt land. Verður starf þess hliðstætt starfi Búnaðarfél. Íslands, Fiskifélagsins og annars hliðstæðs félagsskapar. Ég flyt þessa till. af því, að ég skil vel, um hve mikla nauðsyn hér er að ræða. Þessi stofnun mun ekki einungis verða nauðsynleg vegna hins eiginlega iðnaðar, heldur og hin hjálpandi hönd við aðalatvinnurekstur landsmanna bæði til lands og sjávar. Og því meir sem atvinnuvegirnir breytast í það horf að verða vélrænir, því meiri nauðsyn verður slíkrar stofnunar. Og þeir atvinnuvegir, sem lengst eru komnir, eru orðnir nokkurskonar iðngreinar. Og því marki þurfa þeir að ná, ef þeir eiga að verða fullkomnir.

Nú sem stendur má segja, að iðnaður landsmanna sé í millibilsástandi. Hinn forni iðnaður landsmanna hvarf að mestu um leið og fólkinu fækkaði í sveitunum. Á síðustu árum höfum við nær eingöngu notað iðnað annara þjóða. Við höfum sent út ull og skinn, en keypt aftur fatnað og skó. Við höfum flutt inn mjólk og smjör, vegna vöntunar á iðnaði í landinu sjálfu. Verkfæri öll og vélar höfum við flutt inn frá útlöndum. Kjöt og fisk höfum við sent út þannig verkað, að aðeins fátækari hluti manna erlendis kaupir og neytir. Úr hvorutveggja þessu mætti þó gera hina dýrustu vöru, sem færi á borð efnamannanna. Svona mætti lengi telja. Verðmæti flestrar vöru liggur mest í því starfi, sem farið hefir til þess að búa hana til notkunar. Alls þess hagnaðar hafa Íslendingar farið á mis til þessa, og það er hlutverk Iðnráðs Íslands að bæta úr þessu ófremdarástandi. Iðnaðurinn þarf í framtíðinni að verða önnur hönd íslenzkrar framleiðslu.

Þá flyt ég næstu brtt. á sama þskj., utanfararstyrk til Friðriks Þorvaldssonar. Ég skal geta þess, að ég tek þessa till. aftur. Og þeim mun meiri rétt á sér, sem ég tel, að þessi till. eigi, samanborið við ýmsar aðrar till., er hér liggja fyrir, þeim mun meiri fórn færi ég með því að taka hana aftur og því betra eftirdæmi gef ég með þessu öðrum hv. þm.

Þá er enn till. frá mér á sama þskj., sú XXIII. Er hún um það að hækka styrkinn til Björns K. Þórólfssonar úr 1000 kr. í 1500 kr. Björn hefir fengið styrk áður og notar hann til að kanna söfn erlendis og semja skrá yfir þau handrit, er varða sögu Íslands á einhvern hátt. Hefir honum orðið mikið ágengt, einkum viðkomandi verzlunarsögunni. Hefir hann fundið merkileg skjöl, áður óþekkt, sem öðrum, jafnvel Jóni Sigurðssyni, hafði sézt yfir. Björn er duglegur og samvizkusamur í starfi sínu. Telur hann sig varla munu geta komizt af með minna en 1500 kr. Vona ég, að sú till. verði því samþ.

Áður en ég vík að brtt. frá sjónarmiði fjvn., skal ég leyfa mér að árétta það, sem ég sagði við 2. umr. viðvíkjandi styrk til íþróttakennslu, að upphæð 4000 kr.,

og sem þá kom inn í frv. Ég vil árétta það, að af þessum styrk, sem aðallega er ætlaður til kennslu í sveitum, fái Jón Þorsteinsson íþróttakennari 1500 kr. styrk til utanfarar, til að fullkomna sig í íþróttum. Ég tel vel við eiga, að Jón fái þennan styrk af þessum lið. Jón er sá maður, sem mestan áhuga hefir og mest starfar til útbreiðslu íþrótta hér á landi á síðustu árum. Njóta sveitamenn mjög góðs af kennslu hans. Vil ég því treysta því, að honum sé veittur þessi styrkur, enda eru þetta samhljóða tilmæli fjvn.

Eins og þegar hefir verið getið, þá nema brtt. þær, er nú liggja fyrir, rúmri ½ millj. kr. Af þeirri upphæð eru um 52 þús. kr. till. frá fjvn. Að vísu eru nokkrar brtt. frá einstökum hv. þm., sem n. leggur til, að verði samþ. En ég verð þó að segja, að verði till. fjvn. fylgt, þá má segja, að fjárlfrv. verður afgr. ósvaranlega héðan úr deildinni. En þó er það nú svo, að sem heild er n. ekki á móti flestum þessara till., en einhver meiri hl. hennar er á móti þeim flestum. Ekki mun ég þó gera nánari grein fyrir þessu, enda kemur það í ljós við atkvgr.

Ég skal þá fyrst nefna þrjá námsstyrki, og þar sem undirtektir n. eru hinar sömu um þá alla, tek ég þá saman í eitt. Það eru liðirnir XV. og XVI. á þskj. 302 og IV. liður á þskj. 316. Allt eru þetta styrkir til náms erlendis, og kann n. ekki að gera upp á milli þessara manna. Því hefir að vísu verið hent á milli sín hér í hv. þingi, að eitthvað meira en lítið muni vera varið í þann mann, sem sækir um styrk til heimspekináms í París, þar sem sú till. hefir getað sameinað þá, sem flytja hana, hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Skagf.; en slíkt ber sjaldan við. En n. lítur nú svo á, að ef maðurinn er svona bráðefnilegur, þá ætti hann að fá sinn styrk frá menntamálaráði. N. vill því ekki beygja sig undir þetta, en vill gera öllum jafnt undir höfði. Hún lítur svo á, að hér sé um að ræða annaðhvort eða, og væntir þess, að hv. þdm. fylgi henni að málum í því að halda þeirri stefnu, að veita ekki þessa styrki upp á nöfn. Ég hygg líka, að nú muni bráðlega losna styrkir, og geta þá þessir menn komið til álita hjá menntamálaráði.

Þá er sú ósk fram borin af hv. þm. Ísaf., að Ósk á Ísafirði séu veittar 1000 kr. til vefstólakaupa. Hv. flm. till. hefir nú borið fram ýmsar óskir fyrir hönd þessa félags. Get ég ekki skilið annað en að hv. þm. haldi hylli kjósenda, því svo margar óskir ber hann fram fyrir þeirra hönd. En fjvn. getur ekki orðið við þeirri ósk hv. þm. að mæla með þessum vefstólastyrk. Fjvn. hefir þegar tjáð sig samþykka einum styrk til þessa félags, og mælir því á móti því, að fleiri séu veittir.

Þá er brtt. frá hv. þm. N.-Þ., nýr liður, til blindra manna til að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands. Það kann nú að þykja hart að neita styrk, er ganga á til þess að kenna blindum iðngreinar. En þrátt fyrir það hefir n. ekki getað sannfærzt um þörf þessa styrks og leggur því á móti brtt. Sama má segja um næsta lið, styrk til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til að fullnema sig í íþróttakennslu. N. efast ekki um, að þessi kona er allra góðra hluta makleg og muni vera góður kennari. En á hitt er og að líta, að starfsemi hennar en enn afarstutt, og finnst n. rétt, að hún sýni sig nokkuð betur áður en farið er að styrkja hana til utanferða. Þegar hún hefir sýnt sömu reynslu og t. d. Jón Þorsteinsson, þá efast ég ekki um, að hún fái slíkan styrk.

Um næstu tvo liðina, til Helga Tryggvasonar og til Skáksambands Íslands, er ekkert að segja. Meiri hl. fjvn. leggur á móti þeim, en hefir þó óbundnar hendur um atkv. sín.

Um styrkinn til Árna prófasts Þórarinssonar er það að segja, að ég hafði tilhneigingu til að fylgja honum. En það varð ofan á í n., að það, sem fram á væri farið, væri allt of hátt. Ég kom því fram með vara-varatill. um, að honum verði veittar 600 kr. Vona ég, að ýmsir hv. þm. muni fylgja þessu.

Þá er brtt. á sama þskj., XXV., frá 3 hv. þm., að veita 1500 kr. styrk til útgáfu á þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Hv. 1. þm. S.-M. talaði fyrir þeirri brtt., og ég verð að álíta, að hann hafi þar farið í gegnum sjálfan sig. Hann byrjaði á að tala um allar þessar óþörfu

styrkbeiðnir, sem væru í þessum brtt., en biður svo um styrk, sem er ekkert sjálfsagðari en margar þær beiðnir, sem hann var að mæla á móti.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta safn væri að mörgu leyti merkilegt, en ég vil bæta því við, að margt í því er tiltölulega ómerkilegt. Ég skal ekki neita því, að Sigfús mun hafa lagt mikið verk í að safna þessum sögum saman og bjarga þeim frá glötun, svo að þeir menn, sem vilja rannsaka sögu þjóðarinnar í þessu efni, hafa nú aðgang að þessu safni. En eftir því, sem ég þekki til þessa safns af því, sem út er komið, er alls ekki nauðsynlegt að hraða útgáfu þess svo mjög. Það er miklu nær að velja það bezta úr og gefa það út smátt og smátt.

Þá er nokkur styrkur til tónlistamanna. Um hann get ég verið fáorður. N. varð ekki sammála um hann, en hefir óbundnar hendur við atkvgr. um hann, hver eftir sinni eigin sannfæringu. Þessi styrkur er ekki svo hár, að hann varði miklu. Sama vil ég segja um styrkinn til Halldórs Kiljan Laxness. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. þyki nóg komið af umr. um hann. Sömuleiðis hefir n. óbundnar hendur um styrkinn til Magn. Ásgeirssonar.

Um styrkinn til Jónu Guðbjartsdóttur á sama þskj. kemur n. ekki saman, en meiri hl. n. er styrknum mótfallinn.

Um styrkinn til stúdentaráðsins hefir n. óbundnar hendur og sömuleiðis um styrk til kaupa á Grænlandsbókasafni Einars Benediktssonar.

Þá er farið fram á 50 þús. kr. styrk til raforkuveitu um Skagafjörð. Það var rætt við 2. umr., og er því ekki ástæða til að fjölyrða um það nú. Niðurstaða sú, sem þá var komizt að, er óbreytt. Ég fer því ekki út í einstök atriði þess máls, en vil aðeins geta þess, sem er aðalatriðið. Það er nefnilega ekki réttlátt að taka svona ákvarðanir um einstakar framkvæmdir á þessu stóra verksviði, sem hér liggur fyrir, sem sé raforkuveitunum. Allir þm. eru sammála um það, að þessu máli þurfi að hrinda í framkvæmd, en það á bara ekki að byrja á því, fyrr en búið er að fá einhvern þann fastan tekjulið, sem stöðugt megi verja til þessara framkvæmda. Það er alls ónóg að byggja hér aðeins á tekjuafgöngum á fjárl., því að þeir eru oft alls ekki til. Ég veit ekki betur en nú sé þingið að afla ákveðins styrks í þessu skyni, sem á að standa, hvort sem betur gengur eða verr með fjárhaginn og hvort sem tekjuafgangur er eða ekki. Á ég hér við tekjur af tóbakseinkasölunni. Það er miklu tryggara en að ætla til þess t. d. einstök einkaframlög, eftir því sem árar í landinu í það og það skiptið. Nú hefir verið skipuð nefnd, sem á að rannsaka þetta mál og gera till. um heildarfyrirkomulag þess. Hún álítur, að ekki eigi að koma upp einstökum raforkuveitum, eða réttara sagt að veita styrk til þeirra, fyrr en séð hefir verið fyrir þessum málum í heild og ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á þeim. Þess skal ég þó geta, að vísu þó ekki fyrir hönd n., heldur er það mín skoðun, að þegar farið er að veita rafveitum styrk, er rétt, að Skagafjörður verði fyrstur til að njóta þess styrks. Þeir hafa orðið manna fyrstir til að undirbúa þessar framkvæmdir hjá sér, en það er engin ástæða til þess fyrir þá að skera sig úr með það að vilja framkvæma þetta nú á þessu ári.

Þá er beiðni um 500 kr. styrk til Bandalags skáta. Um hann hefir n. óbundnar hendur, en ég fyrir mitt leyti er þessum styrk heldur meðmæltur.

Þá koma tvær brtt., sem ég get talað um saman. Það er 25 þús. kr. styrkur til elliheimilisins Grundar og 1000 kr. styrkur til gamalmennahælis Ísfirðinga. Um báða þessa styrki er það að segja, að n. leggst á móti þeim. Hún mótmælir alls ekki ýmsu, sem fært var hér fram af flm. við umr. Grund er ríkmannleg bygging, og þeir, sem staðið hafa fyrir henni, hafa sýnt þar mikinn áhuga og dugnað og látið þar eftir sig mikið ólaunað starf. En þetta er algerlega sérmál Reykjavíkur. Reykvíkingar ráða því sjálfir, hvernig þeir sjá fyrir gamalmennum sínum. En fyrst það er sérmál hvers bæjarfélags, hvernig það ræður fátækramálum sínum til lykta og hvernig það sér fyrir gamalmennum sínum, þá sé ég ekki, að Reykjavík og Ísafjörður hafi meiri rétt til þess en aðrir að fá styrk til þess að ala önn fyrir þessum mönnum, þó að framfærslu þeirra sé öðruvísi hagað en annarsstaðar á landinu. Það er að vísu rétt, að það

er gott bæði fyrir þetta fólk og aðstandendur þess, að elliheimilin séu sem bezt, en það er mál út af fyrir sig. Og ég býst við, að önnur héruð muni sjá fyrir sinni gamalmennaframfærslu framvegis án þess að biðja um styrk til þess. Það er þeirra einkamál, hvernig þessari framfærslu er hagað. Ef þessi styrkur til Ísafjarðar verður samþ., sé ég ekki betur en hvaða sveit sem er hafi sama rétt til svona styrks til gamalmenna sinna. Það er engin ástæða, þó að Ísafjörður hafi tekið það ráð að sjá fyrir gamalmennum sínum með því að byggja hæli fyrir þau. Hafi Ísafjörður rétt til að fá svona styrk, hafa sveitirnar það líka. Þó er það meiri fjarstæða að fara fram á rekstrarkostnað til gamalmennahælis heldur en byggingarstyrk. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ríkið hefði tekið skemmtanaskattinn, sem annars hefði gengið til elliheimilisins, og því hefði elliheimilið kröfurétt á hendur ríkissjóðs. En ég held nú, að sama megi segja um alla skatta. Þeir gera allir mönnum örðugra að standa undir öðrum útgjöldum. Skemmtanaskatturinn er engin undantekning þar. Reyndar kemur þetta mest niður á Reykjavík, því að þar er skemmtanaskatturinn mestur, en þar á móti kemur það, að leikhúsið verður byggt í Reykjavík, og auðvitað verða það mest Reykvíkingar, sem njóta þess. Það er því alveg rétt, að þeir leggi meira til þess en aðrir.

Hv. þm. Ísaf. taldi það sem eina af ástæðunum fyrir þessum styrk, sem hann fór fram á, að veran á gamalmennahæli Ísafjarðar kostaði svo lítið. En það er aðeins sönnun fyrir því, að það var hyggilegt að koma upp þessu hæli. Og því síður er ástæða til að styrkja hælið, þar sem það er svona ódýrt í rekstri.

Þá er 17. gr. Við hana er brtt. frá hv. 1. þm. Skagf. Það er allt að 1500 kr. sjúkrastyrkur handa Eiði Kvaran. Mér er óljúft að mæla á móti sjúkrastyrk til efnilegra manna, og það lítið sem ég þekki þennan mann sem rithöfund, virðist mér hann efnilegur maður. En þessi brtt. er við þann lið, sem berklasjúklingum er ætlaður innanlands, og það er áður óþekkt að ráðstafa nokkru af þeim styrk til að styrkja berklasjúklinga erlendis. N. leggur á móti styrknum, sérstaklega vegna þess fordæmis, sem sú veiting gæti gefið. Það er líka ólíklegt, að aðstandendur þessa unga manns geti ekkert úrræði fundið honum til bjargar annað en þetta.

Þá kemur till. frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf., að hækka styrkinn til Stórstúkunnar úr 8000 upp í 12000 kr. Meiri hl. n. mælir með þessum styrk. Ég fyrir mitt leyti get fallizt á rök þau, sem flm. báru fram, þegar þeir mæltu fyrir till. Starf stúkunnar er svo mikilsvert, að það virðist sjálfsagt fyrir ríkið, þegar það fær svona miklar tekjur af víninu, að einhverju af þeim tekjum sé varið til að hamla á móti því tjóni, sem af víninu leiðir, þó að það yrði til þess, að þessi tekjul. fjárl. lækkaði nokkuð. En ég segi það fyrir mig, að ég álít illa farið, ef Stórstúkan fer að blanda sér inn í flokkapólitík, eins og hún gerði við síðustu bæjarstjórnarkosningar hér í Reykjavík. Þá kom hún þannig fram gegn einum stjórnmálaflokknum, að það er algerlega óforsvaranlegt. Ef stúkan ætlar framvegis að koma þannig fram gagnvart einstökum stjórnmálaflokkum, þá er vafasamt, að hún nyti áfram þeirra almennu vinsælda og þess styrks, sem hún hefir notið frá því opinbera.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., að styrkurinn til Þórðar Ólafssonar sé hækkaður úr 370 upp í 555 kr. N. leggur á móti þessari brtt. vegna þess, að hún vill fylgja þeirri reglu, sem venja hefir verið að fara eftir, að eftirlaun hækki aðeins upp í visst hámark. Þó að góður maður eigi hér í hlut, þá er það svo, að n. treystir sér ekki til að gera upp á milli verðleika manna í þessum efnum eða leggja til, að einn fái meira en annar.

Þá er brtt. við 18. gr. frá hv. þm. Barð., um 300 kr. styrk til Kristínar Jónsdóttur frá Brjánslæk. N. getur ekki lagt með þessari brtt., því að ef svona styrkir eru veittir, mundu eflaust koma fleiri slíkar styrkbeiðnir á eftir. Það hefir líka verið vani að leggja svona styrkbeiðnir fyrir fjvn. í þingbyrjun, svo að hún gæti athugað, hvort rétt væri að samþ. þær. En nú kemur þessi brtt. svona seint, og ekkert það hefir legið fyrir n., sem sýni, að rétt sé að veita þennan styrk. Þar að auki

heyrir þetta mál undir biskupinn. Það er í hans verkahring að gera till. um styrki eins og þennan.

Þá er brtt. XLIX. á sama þskj., 200 kr. til Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður. N. hefir engin þau gögn fengið í sínar hendur, sem sýni, að þessi styrkur sé réttmætur. Þessi kona hefir verið ljósmóðir aðeins stuttan tíma. Og þó að vera megi, að hún sé styrksins verðug, þá getur fjvn. ekki mælt með brtt. á þessu stigi málsins.

Þá er brtt. L. á sama þskj., að hækka styrk til Susie Briem. N. leggur á móti þessum styrk, ekki af því, að hún geti ekki gengið inn á að hækka hann neitt að gefnum upplýsingum, en henni þykir of langt gengið að hafa styrkinn þetta mikinn. Þessi kona nýtur nú 300 kr. lögboðinna eftirlauna, en verði þau nú hækkuð upp í 1000 kr., þá er það miklu meiri styrkur en flestar ekkjur njóta. Þess vegna getur n. ekki fallizt á þessa hækkun.

Brtt. LI., um hlutabréfakaup í Eimskipafélaginu, hefir verið rædd svo ítarlega, að óþarfi er þar við að bæta, en ég skal aðeins taka það fram, að n. hefir óbundnar hendur við atkvgr.

N. getur ekki fallizt á brtt. LII., frá hv. 2. þm. Eyf. En hv. 1. þm. Árn. hefir flutt brtt. við hana og gert grein fyrir henni hér í þessari hv. deild, sem n. fellst á, og leggur til, að hún sé samþ.

Um brtt. um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Ostagerðarfélags Önfirðinga skal ég vera stuttorður. N. hefir óbundnar hendur um þá till. Ég býst þó við, að margir fylgi henni, sérstaklega eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh.

Þá er ein ábyrgðarheimild ennþá, sem farið er fram á af hv. þm. N.-Ísf. Hann fer fram á, að ríkissjóður ábyrgist, gegn endurábyrgð sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, ⅘ kostnaðar við byggingu rafmagnsstöðvar fyrir Súðavíkurhrepp, allt að 60 þús. kr. Um þessa till. hefir n. óbundnar hendur, en sumir nm. munu vera henni fylgjandi.

Þá er það ábyrgðarheimildin undir LVI. lið á sama þskj., frá hv. 1. þm. S.-M., að ganga í allt að 90 þús. kr. ábyrgð fyrir samvinnufélag Eskfirðinga. Um hana hefir n. óbundnar hendur, og skal ég ekkert segja um það, hvort það er meiri eða minni hl., sem fylgir henni, en þó skal ég geta þess, að ég mun ekki greiða henni atkv. eins og nú standa sakir.

Þegar farið var fram á samskonar ábyrgðarheimild til Samvinnufélags Ísfirðinga, var ég frsm. n. og mælti með heimildinni, svo að það mætti segja, að ég sé ekki sjálfum mér samkvæmur, ef ég mæli á móti þessum styrk. En þó að ég hafi fyllilega trú á þessum félagsskap, þá álít ég samt rétt, að það félag, sem þegar er stofnað (Samvinnufélag Ísfirðinga) fái að sýna sig nokkuð og safna reynslu um rekstur og fyrirkomulag, áður en önnur samskonar félög eru stofnuð og rekin að fordæmi þess.

Þá kem ég að 5. brtt. á þskj. 316, um að veita Fanneyju Jónsdóttur 1000 kr. til þess að ljúka námi í dráttlistarkennslu í Kaupmannahöfn. Hefi ég ekki annað um þessa till. að segja en að n. hefir um hana óbundnar hendur.

Um næstu till. á þessu sama þskj., frá hv. þm. Rang., um að veittur verði 10 þús. kr. styrkur til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, get ég lýst yfir því, að n. mælir eindregið með henni. Í fjárl. síðasta árs var veittur samskonar styrkur, og verður að halda honum áfram, til þess að not verði að honum. Er hér um afarmerkilegt mál að ræða, sem í senn er ræktunar-, samgangna- og landvarnarmál, og því sjálfsagt að samþykkja þessa áframhaldandi styrkveitingu.

Þá kemur 7. brtt. á sama þskj., frá hv. 2. þm. G.-K., sem fjallar um það, að auka skuli framlag ríkissjóðs til slysavarna um 12500 kr. og verja 8000 kr. af framlaginu til þess að fullgera veg, sem flytja megi eftir björgunarbát frá Sandgerði til Stafness, og 4500 kr. til símalagninga milli sömu staða. N. er á móti þessari till., en hefir tjáð sig fylgjandi till. frá sama þm., sem fer í svipaða átt, og prentuð er á þskj. 319, þar sem er gert ráð fyrir 8000 kr. hækkun á þessum lið, sem eingöngu skuli varið til að fullgera veginn, en fjárframlagi til símalagninga á þessum slóðum er sleppt. Nú er það rétt, að n. flutti í fyrra till. um 8000 kr. fjárveitingu til þess að gera þennan veg, og var þá gengið út frá, að þessi fjárveiting

myndi nægja til þess að fullgera veginn. Nú varð sú raunin á, að þetta fé reyndist ekki nóg í þessu skyni, og þó að illt sé, að verkið strandi, verð ég að átelja það, þegar komið er með áætlanir, þar sem gert er ráð fyrir minna fé til framkvæmda einnar eða annarar, en hægt er að komast af með, og segja svo, að þar sem byrjað hafi verið á framkvæmdinni, verði að halda áfram með hana. Það verður að vera hægt að treysta því, að áætlanirnar standi heima. Annars býst ég við, að ýmsum fjvnm. fari svo, að þeir verði varfærnari um að leggja með fjárveitingum til framkvæmda, þó að til þjóðþrifa kunni að horfa.

Þá kemur ein ábyrgðarheimildin enn, frá hv. 2. þm. Eyf., um að ábyrgjast allt að 620 þús. kr. lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. tekur gildar. Skal ég ekki fjölyrða um þessa brtt., en aðeins geta þess, að n. leggur á móti því, að þessi ábyrgð verði veitt, af sömu ástæðum og ég hefi tekið fram í sambandi við hinar aðrar ábyrgðarheimildir.

Um 9. brtt. á þessu þskj., um að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum á láni úr viðlagasjóði, 5500 kr., skal ég ekki fjölyrða, en aðeins geta þess, að n. hefir óbundnar hendur um hana. Meiri hl. n. leggur þó á móti henni.

10. og síðasta brtt. á þessu þskj. er viðaukatill. við brtt. 32, LV, við 22. gr. IV. N. leggur með þessari till., þótt hún hafi óbundnar hendur um hana. N. lítur svo á, að það sé til bóta, ef þetta lán sé tekið innanlands, ef ábyrgðin verður veitt, vegna hinna skaðlegu áhrifa, sem það getur haft í för með sér, ef einstökum mönnum eru veittar ábyrgðarheimildir til þess að valsa með utanlands.

Um brtt. hv. 2. þm. G.-K. á þskj. 319, III, hefi ég áður getið í sambandi við aðra brtt. frá sama þm. á þskj. 316, VII, og get því sleppt því nú.

Um 4. till. á þskj. 319, sem fer fram á 1000 kr. aukinn styrk til Stefáns skálds frá Hvítadal, skal ég aðeins geta þess, að n. hefir um hana óbundnar hendur.

Þá kem ég að till. hv. 1. þm. Árn., en hann flytur brtt. við brtt. 302, LII, þess efnis, að till. skuli orða sem þar hermir. Ég held, að ég fari rétt með það, að hv. 1. þm. Árn. hafi í hyggju að bera fram brtt. við þessa brtt. sína, þess efnis, að sú framkvæmd, sem hér um ræðir, fari fram, þegar fjárveiting liggur fyrir um það í fjárl. Með það fyrir augum, að þessi brtt. komi fram, leggur n. með fyrrnefndri brtt. hv. þm.

Þá kemur viðaukatill. frá hv. 1. þm. S.-M., við brtt. sama þm. á þskj. 302, LVI, þess efnis, að það lán, sem þar er um að ræða, skuli tryggt með ábyrgð Suður-Múlasýslu, auk ábyrgðar Eskifjarðarhrepps og sjálfskuldarábyrgðar félagsmanna. Munum við allir fjvnm. greiða atkv. með þessari viðaukatill., hvað svo sem við gerum við aðaltill.

Ég held, að ég þurfi ekki að minnast á fleiri brtt., en hafi ég gleymt að minnast á nokkra, vonast ég til, að ég verði minntur á það áður en umr. verður slitið.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi ekki margt að segja. Till. mínar hafa ekki mætt miklum mótmælum og heldur ekki miklum stuðningi. Vil ég byrja með því að þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir þann stuðning, sem hann veitti till. minni viðvíkjandi Sauðanesvitanum. Það, sem hann tók fram viðvíkjandi þessari till., var rétt. Mér skildist, að hv. frsm. fyrri kafla fjárl. drægi það fram sem ástæðu fyrir því, að n. mælti ekki með till. minni, að málið væri illa undirbúið. Þó virtist mér, sem hv. frsm. rengdi ekki þá áætlun um kostnað við að reisa þetta mannvirki, sem vitamálastjóri hefir gert, heldur skildist mér hann byggja mótmæli sín á því, að engin áætlun um rekstrarkostnað þessa vita lægi fyrir. Þori ég ekki að segja um það fyrir víst, en ég held þó, að svo sé um alla vita, sem Alþingi hefir veitt fé til þess að reisa, að engin slík áætlun hafi verið til um þá. Skildist mér því, að þessi röksemd n. líkist mest því, sem almennt er kallað viðbára.

Hv. frsm. síðari kaflans drap á till. mína viðvíkjandi endurbyggingu sjóvarnargarðsins á Siglufirði. Ég sé, að fram hefir komið brtt. frá hv. 1. þm. Árn., þess efnis, að styrkur ríkisins til þess verks verði færður niður til jafns við framlag Siglufjarðarkaupstaðar. Hefir ekki önnur röksemd verið færð fyrir

þessari brtt. en sú, að þegar umræddur garður var byggður, hafi hlutfallið verið þetta. Veit ég, að þetta er rétt, að ríkið lagði fram helming kostnaðarins við byggingu garðsins í upphafi, gegn helmings framlagi frá kaupstaðnum. En ég fæ ekki séð, að þótt svo hafi verið í upphafi, þá þurfi svo að vera áfram, þegar um endurbyggingu garðsins er að ræða. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að t. d. var veitt hlutfallslega meira til sjóvarnargarðsins á Sauðárkróki, þar sem ríkisframlagið var $^2/_3$ eða $^3/_4$, eða a. m. k. meira en helmingur af kostnaðinum. En þótt till. hv. 1. þm. Arn. yrði samþ., tel ég þó nokkuð fengið, því að lítið er betra en ekki neitt.

Það, sem hv. frsm. síðari kaflans sagði um þessa till., skildi ég hvorki upp né niður í. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hv. 1. þm. Árn. hefði í hyggju að bera fram brtt. við áðurnefnda brtt. sína, þess efnis, að endurbygging nefnds sjóvarnargarðs færi fram þegar fé hefði verið veitt til þess í fjárl. Mér skilst, að þegar þingið hefir samþ. fjárveitingu til einhvers, verði ekki hægt að hringla með það fram og aftur, en hvað það snertir, að framin verði rannsókn í þessum efnum, þá er það svo lítið atriði, að mér skilst, að stj. geti látið slíka rannsókn fram fara án þess, að þessi till. væri samþ. Ef þessi till., sem hv. frsm. er að boða, um að nýja samþykkt þurfi í fjárl., nær fram að ganga, þá sé ég ekki, að neitt verði samþ. í málinu, því að vitanlega er það ekki nema fjarstæða ein, að þetta þing geti farið að banna komandi þingum að veita fé til einnar eða annarar framkvæmdar. Ég hefi ekki séð þessa brtt. og trúi því ekki, að hv. 1. þm. Árn. eigi eftir að flytja hana, fyrr en ég tek á því, því að það nær engri átt að ætla að fara að leyfa komandi þingum að setja eina eða aðra fjárveitingu í fjárl. Það er miklu hreinlegra að greiða atkv. á móti till. minni. Ég kæri mig ekkert um það, að verið sé að veita till. minni látalætisfylgi, með því að koma fram með brtt. við hana, þannig lagaðar, að hún yrði þýðingarlaus, enda þótt hún næði fram að ganga. Hefi ég aldrei vitað eins afkáralega lagt til mála, og skora ég því á tillögumann, ekki vegna mín, heldur vegna sjálfs hans, að falla frá slíkri fjarstæðu.

Frsm. síðari kaflans gat þess, að n. legði á móti till. minni um ábyrgðarheimild fyrir Siglufjörð til raforkuveitu, eins og öðrum slíkum till. Við þá aðstöðu n. hefi ég ekkert að athuga, þar sem ég get ekki búizt við, að minum till. sé gert hærra undir höfði en till. annara þm., sem í svipaða átt ganga. Hver svo sem niðurstaðan verður um þessa till. mína, er þessi afstaða n. byggð á fullum rökum, og er það meira en sagt verður um röksemdir hv. þm. Mýr., eins og ég hefi áður tekið fram.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Skagf. á þskj. 324, III, þess efnis, að aftan við þessa till. mína bætist sem skilyrði, að Fljótamenn fái rafmagn hjá þessu væntanlega orkuveri með kostnaðarverði, svo mikið, sem raforkuráðunautur ríkisins telur hæfilegt eftir mannfjölda, vil ég segja það, að mér fyndist eðlilegast, að um þetta atriði færu fram frjálsir samningar milli hlutaðeigandi aðilja, en samt vil ég ekki mótmæla því sérstaklega. Ef Alþingi sýnist að setja Siglfirðingum þetta sem skilyrði fyrir ábyrgðarheimildinni, býst ég við, að þeir muni sætta sig við það, að Fljótamenn njóti góðs af þessu.

Ég drap í fyrri ræðu minni á brtt. hv. 1. þm. S.-M. um að færa framlagið til byggingarinnar í Bakkaseli úr 35 þús. kr. niður í 10 þús. kr., og sýndi þá fram á, hvílík fjarstæða þessi till. væri, þó að ég verði að játa, að þessi till., sem boðuð er frá 1. þm. Árn., sé enn fjarstæðukenndari. Ég hélt, sannast að segja, þegar ég sá þessa till. hv. 1. þm. S.-M., að ekki væri hægt að komast lengra í vitleysunni, en ég sé, að mér hefir skjátlast. Nú hefir komið fram brtt. við þessa till. hv. 1. þm. S.-M. frá hv. 1. þm. Árn., þess efnis, að í stað 10 þús. kr. verði veittar 25 þús. kr. til byggingarinnar í Bakkaseli. Gleður það mig, að fram hefir komið, að bæði hæstv. fjmrh. og n. líta svo á, að ekki megi veita minna framlag í þessu skyni en 25 þús. kr. Mun ég greiða atkv. með þessari till. 1. þm. Árn., en þar á eftir á móti till. hv. 1. þm. S.-M., þar sem ég lít svo á, að liðurinn eigi helzt að standa óbreyttur. Ég

skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en verð að lokum að endurtaka það, sem ég áður sagði, að ég kysi heldur, að hv. 1. þm. Árn. léti ekki ginna sig til að flytja þá till., sem hv. þm. Mýr. hefir boðað frá honum, og að hann greiði fremur atkv. á móti minni till. en að hann geri sig að athlægi með því að bera fram eins fjarstæða till.

Jón Sigurðsson: Við þm. Skagf. höfum borið fram viðaukatill. við till. hv. 2. þm. Eyf. um að ríkið ábyrgist allt að 620 þús. kr. lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, þess efnis, að aftan við till. bætist: enda fái Fljótamenn rafmagn hjá orkuverinu með kostnaðarverði, svo mikið, sem raforkuráðunautur landsstjórnarinnar telur hæfilegt eftir mannfjölda.

Ástæðurnar til þess, að við höfum borið fram þessa brtt., eru þær, að orkuverið, sem Siglfirðingar ætla að byggja, á að fá vatnsafl úr Skeiðsfossi í Fljótum, en til þess að slíkt megi takast, verður að hækka fossinn, en við það myndast lón, 119 ha. að flatarmáli, fyrir ofan Stífluhóla, og verður það til þess, að beztu engi sveitarinnar eyðileggjast. Þannig missir önnur bezta jörðin í sveitinni, Tunga, 52 ha. af engjum sínum, og verður þessi bezta engjajörð sveitarinnar þannig svo að segja engjalaus, og því um lítið bú að ræða á henni, samanborið við það sem verið hefir. Eigandinn mun sjálfur fá metinn skaða sinn, en þó að hann fái silt tjón þannig bætt, kemur það sveitinni ekki að notum í heild sinni. Sveitin missir einhvern sinn bezta gjaldanda, og er því ekki ósanngjarnt, að henni í staðinn gefist kostur á að fá hæfilegt rafmagn með kostnaðarverði. Vænti ég þess, að hv. þd. sé okkur flm. þessarar brtt. sammála um, að hér er ekki farið fram á neitt ósanngjarnt, ekki sízt, ef litið er til þess, hversu tilfinnanlegt það er fyrir fátæka sveit að missa einn af sínum beztu gjaldendum.

Ég þykist ekki þurfa að mæla fleiri orð með þessari sanngjörnu till., en úr því að ég stóð upp á annað borð, vil ég ekki láta hjá líða að svara hv. frsm. nokkrum orðum út af því, sem hann sagði í sambandi við þá till., sem við þm. Skagf. höfum leyft okkur að bera fram um styrkveitingu til raforkuveitu um Skagafjörð.

Ég get að vísu þakkað honum fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf, að Skagafjörður ætti að sjálfsögðu að vera það hérað, sem fyrst nyti styrks. Annars sagðist hv. þm. undrast það kapp, sem við þm. kjördæmisins legðum á að fá þennan styrk. Ég ætla ekki að færa fram ástæður fyrir þessu. Það var gert við 2. umr. Aðalmótbára hv. frsm. var, að þetta væri meiningarlaust, meðan n., sem stj. hefði skipað fyrir stuttu síðan, hefði ekki tekið ákvarðanir sínar enn, né fullnaðarrannsókn farið fram um heildarskipulagið. Á meðan væri ekkert vit að fara að veita fé í þessu skyni. En það vill nú svo til, að þessi hv. n. hefir gefið umsögn sína og gert þá bráðabirgðatill. um þetta mál, að ríkissjóður verji allmiklu fé í svokallaðan raforkusjóð. Ég veit ekki betur en að hún telji mjög æskilegt, að byrjað sé á því nú þegar. Og n. viðurkennir fyllilega, að Skagafjörður sé eitt af þeim héruðum, sem standi langnæst að hjálpa til að koma upp raforkuveitum. Hér er því ekki farin önnur gata en n. hefir hugsað sér og í fullu samræmi við till. hennar. Þar með eru ástæður hv. frsm. alveg dottnar úr sögunni, nema hann vilji kannske hengja sig í það, að nafn Skagafjarðar er tengt við þetta. En ef honum væri það hugþekkara, mætti nema það burt, enda mætti líka treysta hv. Ed. til þess.

Hann fór líka að tala um, að afla þyrfti fjár til slíkra hluta. Og hann sagði, að þessar framkvæmdir ætti að gera fyrir tekjuafgang í einstökum góðærum. Þessar framkvæmdir mundu að sjálfsögðu, ekki síður en vegagerðir og brúabyggingar, njóta góðs af þeim. En þetta, að ég ætlaðist til, að eingöngu yrði notað afgangsfé ríkisjóðs til raftaugalagninga, er útúrsnúningur. Hv. þm. hefir tekið hann eftir hæstv. forsrh., sem var að japla á honum hér í deildinni fyrir skömmu. Hv. þm. hefir ekki þótt jórtrið fulltuggið. Mig undrar ekki, þó að honum þyki vandkvæði á að veita 50 þús. kr., þegar hann hugsar til þeirrar fórnar, sem hann hefir fært með því að taka aftur till. sína um styrkinn til farfuglafræðingsins, kr. 1500, og lét svo um mælt, að hann gerði það til

þess að bjarga fjárhag ríkissjóðs. Hann er auðvitað svo handgenginn stj., að hann ætti að vita manna bezt, hvað líður fjárhag ríkissjóðs og hversu núverandi stj. hefir komið honum á kné. En satt að segja hélt ég ekki, að hann væri svo aumur, að það væru bjargráðin við hann að taka aftur 1500 kr. hækkunartill.

Ég vænti þess, að þessari till. okkar verði mætt með enn meiri skilningi en við 2. umr.; till. var þá felld með jöfnum atkv., en nú vænti ég þess, að einhver góður liðsmaður bætist í hópinn til stuðnings þessu merkilega nauðsynjamáli.

Hákon Kristófersson: Ég vil beina til hæstv. forseta fyrirspurn um, til hvers menn eiga að vera að tala fyrir till. sínum, þegar hv. þdm. eru hér og þar á stjái. **(Rödd af þingbekkjum:** Þeir koma í hópum). Annars ætla ég ekki að tala langt mál fyrir þessum till. mínum, því að ég minntist á þær í gær. Hvorug þeirra hefir fundið náð fyrir augum hv. n. Ég ætla ekki að gera ráð fyrir, að það hafi haft nein áhrif, hver var flm. þeirra; ég vil ekki geta til um jafnágæta menn og í n. sitja, að þeir láti „pólitík" hafa slík áhrif á sig. **(BÁ:** Nei, nei!). Nei, nei, segir hv. frsm. Það er ánægjulegt að heyra. Hann fór mjög hógværum orðum um till. minar. **(BÁ:** Ég þorði ekki annað). Á, já, var þá tilhneiging til annars. Holdið er þá veikt. Hann talaði um styrkinn til Árna Þórarinssonar prófasts og sýndi sinn góða hug til þessa merka heiðursmanns með því að koma með brtt. við varatill. mína. Hvort hann hefir sýnt þar höfðingsskap sinn allan, er erfiðara að dæma um. Ég verð að segja, að honum hefði verið betra að sýna hann ekki. **(BÁ:** Á ég þá að taka till. aftur?). Ja, af því að okkur er orðið vel til vina, vildi ég mælast til, að hann gerði það sín vegna. Ég kann því illa, þegar maður, sem um marga tugi ára hefir unnið fyrir þjóðina með smánarlaunum, vill svo fara að starfa að mestu áhugamálum sínum, en fær engan styrk. Og það er sagt, að fjárhagur landsins sé svo bágur, að það sé ekki hægt. En einum útvarpsstjóra er hægt að veita 9—10 þús. kr. í laun. Þarna sér maður mjög svo mikið ósamræmi í hlutunum. Það virðist vera þannig í landi hér, að eitthvað annað en það, sem á að vera, haldi í stjórnartaumana. Auðvitað er það lofsverður áhugi, sem kemur fram hjá n., að gæta sem bezt fjárhags ríkisins. Hv. frsm. hefir sýnt hann, eins og hv. 2. þm. Skagf. benti á, með því að taka aftur till. sína vegna þessa farfuglafræðings. En þegar litið er á önnur útgjöld, svo sem þær fúlgur, sem ríkissjóður verður að gjalda samkv. einstökum frv., sem hér hafa verið samþ., þá verða 1500 kr. ekki mikil upphæð.

Hæstv. fjmrh. fór allmörgum hógværum orðum um hina ýmsu hreppa, sem vildu fá eftirgjöf á viðl.sj.lánum sökum erfiðra kringumstæðna. Annars býst ég ekki við, að hægt hefði verið að fá leiðréttingu á þessum hlutum. Enda er nú orðið of seint að koma með brtt., þar sem nú er 3. umr., og svo er líka þýðingarlaust að vera að því, eins og samkomulag er nú hér í deildinni og samtökin sterk þegar um fjárl. er að ræða. Það er Patreksfjarðarhreppur, sem skuldar langmest. Hæstv. fjmrh. sá sér ekki fært að leggja til, að nein eftirgjöf verði veitt, því að hann byggði á því, að svo mikil útgerð væri á Patreksfirði. En hún heyrir ekki öll til því byggðarlagi, heldur öðrum. Mér er sagt, að þar séu skrásett skip, sem ekki hafi nokkurn tíma átt þar heima, t. d. skip, sem í einhverju millibilsástandi voru eign Einars Jónassonar fyrrv. sýslumanns, en þó að þau væru skrásett, hafa þau að minni vitund aldrei komið þangað.

Hv. þm. V.-Ísf. sagðist hafa tekið till. út úr þessum beiðnatill. og borið hana fram við þessa umr. En það er væntanlega af því, að hann hefir vitað um stj. og vilja hennar. Við því er náttúrlega ekkert að segja. Eftirgjöf Árneshrepps tel ég ekki eftir, því að ég býst við, að hún hafi verið markleg, fyrst hæstv. fjmrh. féllst á hana. Um rafveituna á Patreksfirði var talað í fyrra, og þá lá hér fyrir mjög rækilegt bréf um ástand hennar. Hún er ónóg fyrir byggðarlagið og þarf að byggja í viðbót fyrir 30—35 þús. kr., ef með er tekinn kostnaður af nauðsynlegum lagfæringum. Hreppnum er ofvaxið að standa undir því. Hann er einmitt í kröggum vegna þessara fram-

kvæmda, sem gerðar voru á ófriðarárunum, þegar enginn maður gat séð fyrir, hvaða endi fyrirtækið hefði, þegar það var byrjað. Rafstöðin átti að kosta 35 þús. kr., en komst að lokum upp í 90 þús. kr.

Um eftirgjöf til ostabús Önfirðinga hlýtur að gilda líkt og um brtt. hv. þm. Borgf. við frv. um eftirgjöf vegna Skeiðaáveitunnar. Það mátti ekki samþykkja þær brtt. af því, að málið væri komið undir Búnaðarbankann. Eins er með þessa brtt. hv. þm. V.-Ísf. Annars er ég ekki að mæla á móti henni. En alþjóð krefst þess, að sanngirni sé gætt í hvívetna, og sérstaklega, að landsstj. og Alþingi séu þar fyrirmyndin, og að það fari ekki eftir hagsmunum einstaklinga úr hinum ráðandi flokki, hvað fær að ganga hér fram og hvað ekki.

Að gefnu tilefni vildi ég beina einni fyrirspurn til fjvn. og vona, að hv. frsm. svari mér. Náttúrlega gera fjárl. ráð fyrir, að þeir símar, sem þau ákveða fjárveitingar til, verði ekki lagðir fyrr en á næsta ári. (PO: Já, 1931). Nú spyr ég hv. frsm. að því, að ef einhverjir hreppar t. d. sæju sér svo brýna nauðsyn að koma þessu í framkvæmd á komandi sumri, að þeir réðust strax í verkið, myndu þeir þá .... (BÁ: Ég er ekki frsm. þessa kafla, það er hv. 1. þm. Árn). Jæja, þá vona ég, að hann sýni mér þann sóma að láta mig fá að heyra sína skoðun. En hv. frsm. síðari kaflans má ekki taka mér það illa upp, þó að mér verði starsýnt á hann. Hann er svo fallegur maður, og líka svo meðmæltur mínum till.

Ég vildi vita, hvort ekki mætti treysta því, að þeir hreppar, sem ég var að tala um, fengju endurgreiddan kostnað sinn í sumar og nytu þeirra kjara, sem gert er ráð fyrir í nál. n.

Þá kem ég að seinni till. minni. Ég gat þess þegar ég minntist á hana áður, að atvika vegna væri mér illa við að fara um hana mörgum orðum. En úr því að hv. n. hefir neytt mig til þess, þá sé ég ekki eftir mér til þess. Þetta á að fara til Kristínar Jónsdóttur, ekkju séra Bjarna Símonarsonar á Brjánslæk. Hv. n. lagðist á móti af sparnaðarástæðum. Hún vill ekki rasa fyrir ráð fram, Hún vill ekki skapa fordæmi. Hvers vegna gerir n. svo mikið úr, að það skapi fordæmi, ef ekkju prests, sem lengi hefir þjónað erfiðu embætti, er veitt svolítil viðbót, einar 300 kr., við smánarlega lág eftirlaun? Látum svo vera, að það skapi fordæmi, segjum, að það kæmu 10—12 prestsekkjur, sem fengju svo sem 50 kr. hækkun hver til jafnaðar. Skyldi ríkissjóður hallast af þessu? Skyldi ekki muna meir um eitthvað annað? Hitt mætti kannske segja, að annar aðili hefði skyldu til að greiða slík eftirlaun; það eru þeir, sem notið hafa um mörg ár ávaxtanna eftir vel unnið starf. En n. hefir ekki dottið í hug að skríða undir það melbarð. Þegar talað er um fordæmið, mætti minnast þess, að laun ljósmæðra ýmissa geta hækkað upp í 500 kr. (SE: Ég held, að það sé ekki of mikið). Ég var heldur ekki að telja það eftir.

Svo er enn ein ástæðan ótalin, sem n. hefir flutt fram, að ég hafi ekki munað eftir að ráðfæra mig við hans hávelborinheit herra biskupinn um þetta. Var það furða, þó ég teldi það enga skyldu mína, að gera mér ferð suður í Tjarnargötu til þess að spyrja herra biskupinn, hvort honum mætti þóknast að leyfa mér að bera fram þessa sjálfsögðu mannúðar- og réttlætiskröfu. Mér bar auðvitað engin skylda til slíks, enda kom mér aldrei til hugar að leita fulltingis úr þeirri átt, því það væri að fara úr skaðanum í voðann, að leita á náðir jafnvel enn meiri nánasar en hv. fjvn. (Hlátur). Já, það verður að segja afdráttarlausan sannleikann um þessa menn, sem eru að leggja stein í götu góðra mála, með því að hanga í óverulegum formsatriðum, en brestur hug til þess að ganga fram fyrir skjöldu og skýra afdráttarlaust frá því, hvað þeir vilja í raun og veru. Þeir eru að skjóta sér bak við ímyndaða hluti, til þess að þurfa ekki að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Slíkar blekkingar verðskulda enga hlíf. (HG: Vel mælt).

Hvað snertir þessar till. mínar, þá trúi ég því ekki að óreyndu, að öll n. standi óskipt um þessa fádæma lítilmennsku, sem fram kemur í undirtektum hennar. Og ég verð að vona það í lengstu lög, að hv. deild muni líta á þetta með meiri

sanngirni en n. og að hún samþykki þessar till. þegar þar að kemur. Ég ætla að biðja hæstv. forseta að hafa nafnakall um þær, til þess að skrásett verði nöfn þeirra þjóðhöfðingja, sem á því herrans ári 1930 sáu þá einu leið til þess að rétta við fjárhag landsins, að fella þessar smávægilegu till. minar, sem öll mannúð, sanngirni og réttlæti mælir sterklega með. Ég verð að leyfa mér að segja til þeirra, er að þessum sparnaðarráðstöfunum standa: „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er". Það virðist nefnilega svo, sem þessum sparnaðarpostulum séu ærið mislagðar hendur, einkum ef þeir menn eiga í hlut, sem hentast þykir að gera vel við af pólitiskum ástæðum. Er þar skemmst að minnast, að hinn nýi útvarpsstjóri, sem er byrjunarmaður, hefir samt miklu hærri laun en bæði landssímastjóri og vegamálastjóri, sem þó eru báðir búnir að gegna embættum sínum í mörg ár. Þetta litla dæmi, sem er eitt af mörgum, nægir til þess að sýna, hversu mikil alvara liggur að baki þessu sparnaðarhjali. Og það er að endemum, að hinir sömu menn, sem leggja blessun sína og samþykki yfir allan hinn óhæfilega og óforsvaranlega fjáraustur stj., skuli nú geta fengið af sér að mæla á móti þessum till. minum, sem fara fram á nokkur hundruð krónur til handa því fólki, sem þjóðfélagið stendur í stórri þakkarskuld við og allir hljóta að viðurkenna, að eigi annað skilið en að líða örbirgð og skort í ellinni.

Já, ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Einn virðulegur hv. þm. var að ganga framhjá mér og skaut dálitlu að mér, sem ég ætla að minna hv. fjvn. á. Hvernig litu þeir háu herrar á ummæli hr. biskupsins um Hólmasöluna í fyrra? Ég man ekki betur en að þá þættu till. hans að litlu hafandi, og var þó þá um stærra mál að ræða en nú. En þegar um er að ræða lítilfjörlega fjárveiting, þá rísa þessir menn upp í heilagri vandlæting yfir því, að ekki skuli hafa verið leitað umsagnar hans hávelborinheita. Hvenær halda þessir menn að taka megi mark á vorum velæruverðuga biskupi og hvenær ekki?

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil svo biðja þann hluta n., sem svo drengilega hefir tekið í þetta mál mitt, að tileinka sér þessa þakklætiskveðju mína. Hinir þurfa þess ekki.

Forseti (BSv): Með því að fjöldi hv. þm. er á mælendaskrá, þá þykir sýnt, að eigi verði umr. lokið fyrr en undir morgun. Verður umr. því frestað að þessu sinni.

Á 59. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 284, 302, 316, 319, 323, 324, 329).

Gunnar Sigurðsson: Til þess að tefja ekki tímann um of, skal ég í þetta sinn aðeins tala sem frsm. samgmn., og þá aðeins minnast á eina till., þá til Flugfél. Íslands, styrkur til flugferða, 20 þús. kr., og til flugvélakaupa 50 þús. kr. Ég skal taka það fram, að ég get í raun og veru verið hæstv. fjmrh. þakklátur fyrir undirtektir hans. Hann mælti í raun og veru með þessari till., þótt hann hinsvegar af varfærni og af hræðslu við getuleysi ríkissjóðs treysti sér ekki fyllilega til að mæla með henni á þessu stigi og í þessu formi. En það skein út úr orðum hans, að hann er þessu máli fylgjandi, eins og reyndar hver einasti maður hlýtur að vera. Einn hv. þm. hefir sagt við mig, að ég hafi átt að tala lengur í gær fyrir þessu máli. Ég talaði að vísu ekki lengi, en ég tók þó fram öll aðalatriði málsins. Ég hélt líka, að allir hv. þm. væru vel heima í þessu máli, og það er mér ávallt mjög á móti skapi að túlka mál mitt á Alþingi eins og gert myndi vera í barnaskóla.

Ég benti á það í gær, að dr. Alexander Jóhannesson, sem manna bezt hefir barizt fyrir þessu og verið hefir frömuður flugmála hér, hefir skrifað rækilega um þessi mál í tvö stærstu blöðin hér, Tímann og Morgunblaðið, og lýst þar „plani" flugmanna. Telur hann nauðsynlegt, að ríkið leggi fram 50 þús. kr. styrk eða til hlutabréfakaupa. Er tilætlunin að kaupa tvær flugvélar og nota aðra til síldarleitar um síldveiðitímann.

Rekstrarkostnaður er talinn að muni verða 150 þús. kr. á ári. Er gerð áætlun um, að hann fáist þannig:

Styrkur úr ríkissjóði	20	þús.	kr.
Úr flugmálasjóði	55	—	—
Farþegagjöld	50	—	—
Póstflutningur	25	—	—
Samtals	150	þús.	kr.

Að auki má búast við tekjum fyrir hringflug o. fl.

Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi gert sér ljóst, að verði þessi brtt. felld, þá eru flugferðir hér á landi stöðvaðar, um tíma a. m. k., og allt undirbúningsstarf eyðilagt, en í raun og veru erum við nú komnir yfir örðugasta hjallann. Viðvíkjandi síldarleit er eflaust, að við erum á réttu spori, og þar höfum við verið brautryðjendur. Norðmenn tóku það þegar eftir. Verð ég að þakka hæstv. atvmrh. fyrir skilning hans og undirtektir um það mál. Hver sem viðurkennir, að slík síldarleit sé á fullu viti byggð, hlýtur að verða með þessum styrk, því ein síldartorfa borgar hann fullkomlega. Hér er ekki verið að tala um neitt nýtt og óreynt. Á loftferðir er komin 10 ára reynsla í öllum menningarlöndum heimsins. Framfarir í fluglist hafa orðið örari en í nokkurri annari samgöngubót. Bifreiðar voru miklu seinni að ná fullkomnun.

Ég vil víkja að þeim ummælum hv. frsm. fyrri kaflans, að flugferðirnar væru meira til gamans en gagns, eins og hann orðaði það. Ég veit nú, að hann hefir slegið þessu fram án þess að hann hafi meint það, eða þá sagt það í athugaleysi. Eða þá af því, að hann hefir átt erfitt með að færa rök á móti loftferðum. Heldur hv. þm. kannske, að Bandaríkin hafi 5000, England 500—600, Frakkar álíka mörg loftför bara að gamni sínu? Önnur samgöngutæki eru þó þar miklu fullkomnari en hér. Mundu þó ekki slík farartæki miklu nauðsynlegri hér, þar sem öll „moderne" samgöngutæki vantar? Heldur hann ekki, að þetta mundi greiða afarmikið fyrir póst- og farþegaflutningi? Hefði ekki verið gagnlegt í vetur að geta náð í hv. þm. A.-Sk. á þing, þegar allar aðrar leiðir voru lokaðar? Eða heldur hv. frsm., að ekki geti verið mikilsvert að flytja þannig dauðveika sjúklinga, sem enga bið þola, til læknisaðgerðar. Ég vil benda á það dæmi frá síðastl. sumri, er önnur flugvélin flutti dauðvona sjúkling frá Stykkishólmi og var 3 tíma í þeirri ferð. Það getur oft og einatt riðið á lífi sjúklingsins, að hægt sé að flytja hann á sem skemmstum tíma.

Ég skal ekki áfellast hv. frsm. harðlega, þótt hann hafi snúizt svona við þessu máli. Ég veit, að hann muni skilja þetta sjálfur. Ég veit, að hann hefir þann eina tilgang, að auka ekki útgjaldabyrði fjárl. Sá tilgangur er vitanlega lofsverður, en ég álít bara, að þessi liður megi sízt missa sig eða falla niður. Áhugi fyrir flugferðum fer hraðvaxandi, og alltaf verður minni og minni hætta að ferðast með flugvélum. Áætlunarferðir Luft-Hansa eru t.d. taldar miklu öruggari gegn slysum en t. d. bílferðir. Nýlega hefir og verið fundið upp áhald eitt, „gyrorektor", sem gerir loftförunum fært að ferðast í þoku. Áhald þetta segir jafnan til um það, hversu loftfarið er langt frá jörðu. Áætlunarferðir eru nú daglega milli Parísar og Lundúna, sem er löng leið.

Ég skal taka það fram, að ef flett er í gömlum Alþt., má sjá, að nákvæmlega sömu skoðun hefir verið haldið fram um bílana þá og nú er gert um flugvélarnar: að þeir gætu orðið til gamans, en aldrei til neins gagns. Þessa skoðun lét einn þm. þá í ljós. Nú þykir sú skoðun blátt áfram hlægileg. En spá mín er sú, að enn skemmra verði þangað til það þykir jafnhlægilegt að vera á móti því, að flugvélar verði teknar í notkun hér á landi. Ég vil og minna á, að Einar H. Kvaran lætur mann í einni sögu sinni segja, að Íslendingar, sem kæmu upp í járnbrautarvagn, mundu geta hlotið bana af því, að vagninn færi harðara en þeir hugsuðu. Ég vil þó ekki segja, að neinum hv þm. sé svo varið, að hann af þeirri ástæðu þoli ekki að ferðast í flugvél. En ég vil fullyrða, að þeir, sem greiða atkv. móti þessari till. nú, munu sjá eftir því síðar. Það má vera, að hægt sé að stöðva þetta mál í bili, en aldrei til langframa. Og að stöðva það nú er hinn mesti skaði, því allur sá undirbúningur, sem nú er hafinn, verður þá að engum notum.

Sveinn Ólafsson: Ég verð að víkja fáeinum orðum að hv. frsm. síðari kaflans, og ef til vill fleirum, en einkum mun mál

mitt verða við hann miðað. Áður en ég kem að undirtektum hans við brtt. minar á þskj. 302, virðist mér ástæða til að vekja eftirtekt hv. þdm. á hinum stórhöfðinglegu hrossakaupum, sem hv. þm. bauð hér í gærkveldi. Þau eru svo einstæð, að ég get ekki orða bundizt um þau. Ég hefi aldrei fyrr heyrt slíkt hrossakaup boðin. Hv. frsm. á einhverja farfugla- eða umrenningatill., sem nemur 1500 kr., og býður hann öllum öðrum þm. hér í hv. deild að afturkalla þessa till., ef þeir taki allar sínar brtt. aftur. Þetta er sannarlega virðingarverð viðleitni til þess að fá góða afgreiðslu á fjárl., og lýsir þetta tilboð mjög mikilli fórnfýsi af hendi frsm., þótt hann bjóði hér ójöfn kaup. Ég veit nú ekki nema ég hefði slegið í slík hrossakaup, ef ekki stæði nú svo á, að flestar þær brtt., sem ég er riðinn við, eru fluttar með öðrum. Ég treysti mér því ekki að taka þær aftur vegna meðflm. eða að taka þessu höfðinglega boði.

Vík ég þá að þeim brtt. á þskj. 302, sem nafn mitt stendur við. Er þá fyrst VI. brtt. á því þskj. Sú till. lýtur raunar ekki að fjáreyðslu, heldur að sparnaði. Þar er gerð till. um, að 35 þús. kr. fjárveiting til að byggja upp í Bakkaseli sé færð niður í 10 þús. kr. Hv. 1. þm. Árn. er nú nýkominn með brtt. við mína till. og leggur hann til, að liðurinn verði 25 þús. kr., og á þetta víst að heita miðlunartill. Ætlast hv. þm. til, að ég taki brtt. mína aftur. En ég get nú samt sem áður ekki gengið að till. hans. Mér finnst óþarflega langt farið með 25 þús. kr. fjárveitingu. Ég bjóst satt að segja við, að því yrði tekið með þökkum af hv. fjvn., að gerðar væru till. um að lækka einhverja óþörfustu liðina, og þetta er einn af þeim lakari. Nefndin hefir sýnt lofsverðan áhuga á því að ganga móti óþörfum fjárveitingum. Ég hélt því, að hún mundi verða þakklát hverjum, sem vildi styðja hana að því verki. En hið undarlega hefir þó skeð. Hv. frsm. fjvn. og fleiri hv. þm., þar á meðal hæstv. fjmrh., hafa lagt á móti lækkunartill. minni. Ég verð því að sýna fram á það, að þessi till. er ofur eðlileg frá minni hendi. 10 þús. kr. ættu sannarlega að duga til að byggja upp þetta kuldakot, sem aðeins er metið 1100 kr. Byggingar á dýrasta býli þessa hrepps eru virtar á 1700 kr. Og þótt þetta eigi nú að heita gististaður, þá finnst mér ástæðulaust að reisa slíkan gildaskála fram í öræfum, að meira kosti en 10 þús. kr. Ég verð að segja, að mér kom á óvart, að hv. fjvn. skyldi leggja svo fastlega móti till. minni um sparnað. Það var eins og ég hefði boðið hundi heila kõku, og þarna var ég þó að aðstoða nefndina í að draga úr óhóflegum gjöldum og spara ríkisfé. Annars ætla ég ekki að tefja lengur við þessa till. Úr því henni er svo illa tekið, þá læt ég slag standa um hana.

Hv. frsm. síðari kaflans hafði þau orð um framkomu mína við 2. umr. fjárl., að ég hefði ámælt öðrum fyrir till. til útgjalda, en síðan siglt í kjölfar þeirra. Sannleikurinn er nú sá, að ég hefi enga brtt. til útgjalda borið fram einn. En ég sá mér ekki annað fært en að flytja tvær smábrtt. með öðrum hv. þdm., og ég vil fullyrða það, að þær eiga eins mikinn rétt á sér eins og allur þorri annara till., önnur jafnvel óhjákvæmleg, en um réttmæti till. má auðvitað lengi deila.

Ég kem þá hér að XXV. till. á þskj. 302, sem hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. Reykv. flytja með mér. Það er nýr liður til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, 1500 kr. Hv. frsm. taldi þetta ekki aðkallandi. Hann sagði, að þetta safn væri til og að það mundi ekki ganga okkur úr greipum, og mundi því jafnan verða tiltækt þegar fræðimenn vildu nota það. Þetta er mikill misskilningur. Safnið er einkaeign höfundarins. Getur hann því fargað því hvernær sem hann vill eða hvert sem hann vill. Er því alls ekki víst, að það verði jafn tiltækilegt, nema því aðeins, að það sé gert nothæft fyrir almenning á þann hátt, að það sé gefið út. Í raun og veru er hér líka um litla fjárhæð að ræða, samanborið við það verk, sem þessi maður hefir unnið. Hann hefir varið mestum hluta ævi sinnar í þágu þessa verks og bjargað með því frá gleymsku óhemju af þjóðlegum fræðum.

Það er auðvitað rétt, sem hv. frsm. tók fram, að þetta safn er nokkuð misjafnt að kostum, svo sem eðlilegt er um slíkt safn. Það er margt í því, sem ekki er sér-

staklega eftirsóknarvert að komi á prent eða útgengilegt á bókamarkaði. En svo eru aðrir hlutar þess, sem mjög mikils er um vert og fræðimenn telja sigilt. Og það er eðlilegt, úr því að höfundurinn tók sér fyrir hendur að safna heimildum og draga fram einskonar myndir af hugsunarháttum og venjum kynslóða, sem lifðu á öndverðri síðastl. öld og fram að aldarlokum, að þá yrði það nokkuð misjafnt að áferð og útliti, en til þess að slík mynd hefði verið rétt, er ekki nóg að taka aðeins fegurstu drættina.

Þó að ég hafi ekki fengið færi á að kynnast nema nokkrum deildum safnsins, þá fullyrði ég, að það er margt í því, sem mikill ávinningur er fyrir almenning að fá gefið út. Þess skal hér getið til leiðbeiningar, að einn bókaútgefandi landsins hefir boðizt til að gefa safnið út strax, ef þessi umræddi styrkur fengist. Og ef þetta tækifæri til útgáfu á safninu gengur úr greipum, þá er áreiðanlega ekki eftir öðru betra að bíða fyrst um sinn.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um L. brtt. á þskj. 302, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Eyf. og hv. 1. þm. N.-M., um að hækka ekkjustyrk frú Susie Briem úr 300 kr. upp í 1000 kr. En við þessa till. okkar er fram komin brtt. frá hv. frsm. síðari kaflans, sem fer fram á, að styrkupphæðin sé færð úr 1000 kr. niður í 800 kr. Hv. frsm. hafði það eitt á móti till. okkar, að honum virtist styrkurinn nokkuð hár. Ég vil nú ekki vanþakka þá viðleitni hans að vilja mæta okkur á miðri leið. Mér er sagt, að þessi kona sé vegna heilsubilunar og elli komin að fótum fram. Að vísu má segja, að sæmilega sé við hana gert, ef farið er eftir brtt. hv. frsm., en óneitanlega er þetta smáskorið, að klípa af þessar 200 kr. — Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að mér þætti rétt, að þessari konu væri sýnd nokkur viðurkenning þess, að þjóðin stendur í stórri þakklætisskuld við fósturföður konu þessarar, þótt hann sé löngu látinn. Hann var ekki aðeins bjargvættur hinna íslenzku landnema 1874, sem settust að í Nýja-Íslandi, heldur allra Íslendinga, sem vestur fluttust til Canada á fyrsta tímabilinu eftir að Ameríkuferðir hófust héðan af landi. Ég efast um, að nokkur útlendur maður hafi gert eins mikið fyrir íslenzku útlagana í Vesturheimi og hann. Og ef það á að viðurkenna þessa starfsemi hans á annað borð, þá er tæplega hægt, úr því sem komið er, að gera það betur á annan veg en þann, að láta þessa öldruðu kjördóttur hans njóta mannúðarstarfsemi fóstra sína; og þá má viðurkenningin tæpast minni vera en þetta, sem till. mín fer fram á. Þess vegna get ég ekki tekið hana aftur og hallazt að miðlunartill. hv. frsm. Eftir öllum líkum að dæma getur hér ekki orðið um langvarandi styrk að ræða, þar sem konan er komin á áttræðisaldur, og eigi líklegt, að hún eigi langa ævi eftir.

Þá á ég eftir að minnast á LVI. brtt. á þskj. 302, um að heimila ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 90 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum. Hv. frsm. sagðist ekki geta fylgt þessari brtt. En eitthvað hyllti þó undir það í ræðu hans, að einhverjir aðrir fjvnm. mundu standa þar nærri. Ég get verið þakklátur fyrir þau tilboð frá hinum nefndarmönnunum. En mig furðar á því, að hv. frsm. skuli gefa þessa yfirlýsingu fyrir sjálfan sig persónulega.

Á öðru þskj., 319, flyt ég brtt. við þessa till. mína, þar sem ákveðið er, að á eftir orðinu „Eskifjarðarhreppi“ komi: og Suður-Múlasýslu, — og er þar með ákveðið að krefjast bakábyrgðar S.-Múlasýslu, auk annara trygginga, sem settar eru fyrir láninu gagnvart ábyrgð ríkissjóðs. Þar sem fyrst er um að ræða sjálfskuldarábyrgð allra félagsmanna og auk þess bakábyrgð Eskifjarðarhrepps og S.-Múlasýslu, þá finnst mér satt að segja, að lánið sé orðið svo vel tryggt, að það muni ekki þurfa að taka til ríkisábyrgðarinnar, hvernig sem fer, og þess vegna sé hún aðeins veitt fyrir formssakir. Hv. frsm. líkti þessari ábyrgðarheimild við lánsábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufél. Ísfirðinga, og kveðst hann þá hafa sett fram þann fyrirvara, að hann vildi bíða eftir því, hvernig sú ábyrgð reyndist og hvort hún yrði að slysi, áður en lengra yrði gengið um ríkisábyrgðir til útgerðarfyrirtækja. Út af því vil ég minna hv. frsm. á það, að hér stendur mjög ólíkt á. Ísfirðingum var veitt ábyrgð fyrir 320

þús. króna láni, með bakábyrgð kaupstaðar, sem hefir tæplega 2000 íbúa, en hér er aðeins um að ræða 90 þús. kr. lán fyrir kauptún, sem hefir á áttunda hundrað íbúa og með þeim bakábyrgðum, sem áður er frá skýrt. Bakábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar er ekki líkt því eins sterk og sú, sem ætlað er að setja fyrir þessu láni Eskfirðinga. Þar sem ábyrgð margra einstaklinga, hreppsfélags og sýslufélags standa á bak við, er engin áhætta; hún kemur alls ekki fyrir. Þess vegna er hér ekki um neina áhættu að ræða fyrir ríkissjóð, heldur aðeins ábyrgð að nafni til.

Ég skal svo ekki tefja lengur fyrir því, að aðrir geti tekið til máls. Þótt hér séu að vísu fleiri brtt., sem ég vildi drepa á, þá ætla ég að sleppa því, svo að atkvgr. dragist ekki um skör fram. Ég mun að mestu fylgja fjvn. og greiða atkv. á móti öllum þorra brtt., sem lúta að auknum útgjöldum úr ríkissjóði.

Magnús Jónsson: Háttv. frsm. síðari kaflans sagði fátt um flestar af mínum brtt., enda eru þær fremur smáar og tvær þeirra endurteknar frá 2. umr. með lægri upphæðum en þá voru tilgreindar.

Þessar till. eru um utanfararstyrk til Þórðar Kristleifssonar, 1200 kr., og til upplýsingaskrifstofu stúdentaráðsins, sömuleiðis 1200 kr. Ég tók ekki eftir því, að háttv. frsm. segði neitt um þær; og þó að þessir styrkir féllu við 2. umr. með jöfnum atkv., þá hefi ég aftur borið þá fram með lægri upphæð, sem hv. þdm. mun þykja meira við hæfi, og vona ég, að ég þurfi ekki að mæla frekar fyrir þeim nú, enda býst ég við, að þeir nái fram að ganga.

Hv. frsm. segir, að nefndin sæi ekkert athugavert við brtt. mína um utanfararstyrk til Unnar Jónsdóttur leikfimikennara; og um aðra samskonar brtt., um utanfararstyrk til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, flutti hann meðmæli n. Ég er ekki á móti því, að Jóni Þorsteinssyni verði veittur slíkur styrkur; ég get verið hv. frsm. þakklátur fyrir það, að hann hefir með þessu viðurkennt rök mín fyrir því, að það er nauðsynlegt fyrir leikfimikennara að fara utan af og til og kynnast nýjungum í þeirri grein, enda þótt þeir hafi upphaflega verið vel að sér í þeim efnum og tekið góð próf. Á sviði uppeldismálanna koma sífellt fram ýmiskonar breytingar og nýjungar, ekki síst í leikfimi og íþróttamálum. Í tíð feðra okkar og afa voru líkamsæfingar og leikfimi fólgin í því, t. d. í latínuskólanum, að æfa piltana eins og hermenn. Þeim var kennt að skilmast (hugning) og axla trébyssur, og voru margar skemmtilegar skrítlur hafðar eftir dönskum skilmingakennurum, t. d.: „Op med hauserne"! og annað því um líkt. Þetta sýnir, að hér var aðeins um lítilsháttar heræfingar að ræða, en annað ekki; leikfimi gat það ekki talizt.

Nú er þetta mjög mikið breytt, sérstaklega á síðustu árum; leikfimikennslan hefir stórum aukizt. Hver leikfimikennari finnur upp sitt sérstaka kerfi og reynir stöðugt að fullkomna það og auka. Nú eru þau ekki sniðin fyrir hermenn, heldur beinlínis til þess að efla þrótt og heilbrigði líkamans, fá fagrar og snöggar hreyfingar, og sérstaklega til þess að fólk, sem venst kyrrsetum og innivist, þjálfist við hollari og fjölbreyttari áreynslu.

Ég skal viðurkenna, að það er stutt síðan Unnur Jónsdóttir kom frá námi sínu í þessari grein, og það er eina ástæðan, sem hv. n. hefir á móti þessum styrk, að Unnur sé búin að starfa svo stutt við kennslu. En ég vil benda á, að það getur einmitt verið ástæða til þess fyrir leikfimikennara að fara fljótt utan, eftir að hann hefir byrjað á kennslu; þá vakna upp ýmsar spurningar og vandamál fyrir kennaranum, sem erfitt er að leysa úr. Þetta hefir Unnur Jónsdóttir fundið, og telur hún sér nauðsynlegt að kynnast nýjum aðferðum, sem fram hafa komið á þessu sviði. Og ég held, að það verði ekki farið eftir öðru en tilfinningu og dómgreind kennaranna sjálfra um þetta; þó að ég viðurkenni, að Alþingi verði að beita valdi sínu í þessum málum og stilla krófunum í hóf. Mér þótti vænt um, að hv. fjvn. skyldi taka á þessu með skilningi og opnum augum. Þjóðin hefir iðkað ýmsar greinir menningar og lista um margar aldir, en í sumum greinum er hún að stíga fyrstu sporin, t. d. í leikfimi og íþróttum; og er það sameiginlegt með þeim og sönglistinni, að í þessum efnum verðum við að sækja menntun okkar og

fyrirmyndir til útlanda. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sem flesta góða kennara í leikfimi og sönglist, og get ég verið hv. n. þakklátur fyrir skilning hennar á því. Og ég vil skjóta því til hv. þdm., hvort ekki sé fullkomin ástæða til að glæða áhuga þessarar stúlku, sem hefir reynzt svo vel í sínu starfi og sem beztu íþróttavinir hér í bænum hafa gefið svo góð meðmæli.

Ég var í fyrstu fremur tregur til að flytja þessa till. Ég er persónulega ókunnugur þessari stúlku og þekki hana varla í sjón, að ég geti sagt. Mér er þetta því ekkert tilfinningamál, hvernig fer um þessa brtt., en eftir að ég hafði átt tal við ýmsa af þeim mönnum, sem standa fremstir í íþróttalífinu hér í bænum, um þessa styrkbeiðni, þá fann ég, að þeir voru þess mjög fýsandi, enda lögðu þeir fast að mér að flytja hana.

Þá vil ég minnast á XXV. brtt. á þskj. 302, sem hv. 1. flm., 1. þm. S.-M., hefir mælt svo röggsamlega fyrir í tveimur ræðum. Till. fer fram á, að veittar verði 1500 kr. til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Eini gallinn, sem mér þykir vera á þessari till., er sá, að upphæðin er of lág; safnið er svo stórt. Og ég er fyrir mitt leyti þyrstur í að fá áframhaldið af því. Ég hefði því óskað, að upphæðin væri ⅓ hærri og miðuð við, að út væri gefin ⅓ hærri arkatala. Nú má vera, að nærmir bókmenntafræðingar segi ef til vill sem svo, að þó að finna megi gimsteina í þessu safni, þá sé margt í því fremur ómerkilegt. Ég get ekki sagt, að ég finni neitt slíkt í því, sem ómerkilegt geti talizt. Mestur hluti þess eru afbragðs góðar sögur, sem jafnast við það bezta, sem prentað hefir verið í þjóðsagnasöfnum okkar. Flestar draugasögurnar eru svo hamrammar, að ég efast um, að við eigum aðrar betri til í því efni. Hinsvegar verður mjög erfitt að dæma þetta mikla safn eingöngu eftir því, hvert bókmenntagildi þess er. Ég býst við að það verði ekki talið eins mikið, ef það er borið saman við þjóðsögur Jóns Árnasonar, sem að ýmsu leyti mun verða talin ein hin merkasta bók hér á landi. Með nákvæmri leit og smásálarskap mætti að líkindum tína eitthvað smávægilegt, t. d. ⅔ úr æfintýrasafninu í þjóðsögum Jóns Árnasonar, og velja úr ⅓; æfintýrin eru svo lík hvert öðru.

En ég vil líta á þessi þjóðsagnasöfn frá allt öðru sjónarmiði; ég vil að vissu leyti meta þau sem heimildarrit, eins og máldagana frá fyrri öldum. Bókmenntagildi þeirra er vitanlega smávægilegt. En þeir eru ótæmandi af menningarsögulegum fróðleik, um líf og kjör þjóðarinnar á þeim tímum, sem þeir eru ritaðir. Ef hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur í deildinni, mundi ég skjóta þessari umsögn minni til hans, því að hann hefir mikið kynnt sér þessa fornu máldaga. Þjóðsögurnar eru að vissu leyti eins og máldagarnir, að þær geyma ótæmandi safn um sögu og siðvenjur kynslóðanna, og það er ómögulegt að fullyrða neitt um, hvað af því er gott og hvað ómerkilegt. Ein kynslóðin kann að telja það fjársjóði, sem önnur metur hégómamál.

Þetta þjóðsagnasafn Sigfúsar á Eyvindará er ekki skrifað í ígripum, heldur hefir það verið æfistarf höfundarins. Og safnið hefir því meira gildi vegna þess, að höfundurinn hefir algerlega lifað sig inn í hugsunarhátt og lífskjör og málfar þeirra manna, er hann segir frá.

Þó að ýmsir fræðimenn hér á landi hafi safnað þjóðsögum og menningarsögulegum heimildum á við og dreif, þá er það samanlagt ekki eins mikils virði og þetta eina safn Sigfúsar á Eyvindará. Ég vil því leggja það til, að safnið verði allt gefið út. Og það getur engin afsökun réttlætt það, að dregið sé úr styrk til þess, önnur en sú, að fjárhagurinn leyfi það alls ekki, og hún verður nú að teljast létt á metunum. Einn bókaútgefandi hefir boðizt til að gefa safnið út, að fengnum nokkrum styrk til þess, og ég hygg, að það sé þægilegra að borga ofurlítinn styrk til útgáfunnar heldur en að taka hana upp þegar útgefandinn væri guggnaður við það.

Þegar stundir líða, mun þetta þjóðsagnasafn Sigfúsar verða talið eitt af því merkasta, sem gert hefir verið á þessum árum. Þessir bókmenntafjársjóðir glatast ekki, en lifa lengst og eru það merkilegasta, sem kynslóðirnar láta eftir sig.

Ég vil í þessu sambandi minna á þjóð-

sögur Jóns Árnasonar. Þegar þær komu út, þótti mörgum í meira lagi einkennilegt að vera að safna slíkum sögum og gefa þær út, og jafnvel þeir, sem sögurnar skrásettu, vissu ekki, að þeir voru að vinna bókmenntaafrek, sem varla á sinn líka í ísl. bókmenntum. Þær eru skrifaðar á alþýðumáli, og þó einhver merkilegasta bók á íslenzku fyrr og síðar. Þær eru skáldskapur allrar þjóðarinnar, og við vitum sjaldnast hvaða snillingar höfðu fágað perlurnar.

Ég vil að síðustu fylgja till. þessari úr hlaði með því að leggja ríka áherzlu á það, að ekki verði tekin upp sú aðferð, að velja úr safninu af einhverju handahófi, né heldur að breyta fyrirsögnum né orðalagi í neinu. Að vísu hefir Sigfús Sigfússon sagt við mig, að sín vegna mætti breyta skiptingu og fyrirsögnum kaflanna, en ég hefi mótmælt því með öllu, að svo yrði gert. Hann þekkir þessa hluti miklu betur en nokkur annar; hann getur greint sundur margar tegundir af undraverum alveg á sama hátt og fjármaðurinn þekkir hverja kind í hjörð sinni af ættarmóti og svip, þar sem við sjáum ekki annað en hvítar kindur.

Vísindamenn geta síðar meir flokkað efnið og raðað því niður í vísindalegum útgáfum, enda mun þetta vera ein af þeim fáu bókum, sem til verða á þessum tímum, sem vísindamenn geta byggt á um aldaraðir. Það er sómi þingsins að styðja þessa útgáfu, og ég harma það eitt, að eigi skuli vera farið fram á meira fé í brtt., svo að útgáfan geti gengið örara.

Þá kem ég að XLI. brtt., sem ég ber fram ásamt hv. 3. þm. Reykv. Þarf ég að vísu ekki að vera langorður um hana, þar sem ég hefi sagt um hana það, sem máli skiptir, í fyrri ræðu minni. Ég get að sumu leyti verið þakklátur frsm. fjvn. fyrir ummæli hans um þá stofnun, sem till. hljóðar um, þar sem hann taldi, að hér væri að ræða um nytjafyrirtæki, sem hefði verið komið upp af miklum dugnaði. En ég gat ekki annað en undrazt ályktanir þær, sem hann dró af þessum forsendum. Hann lagði á móti fjárveitingunni, einkanlega af þeirri ástæðu, að þetta væri svo mikið sérmál Reykjavíkur, að hið opinbera mætti ekki veita styrk til að koma hælinu upp. Nú þarf ekki að taka það fram, að ekkert er algengara en að veitt sé fé úr ríkissjóði til fyrirtækja, sem eru sérmál einstakra héraða, og slíkt á jafnvel við um meginhlutann af fjárveitingum til verklegra framkvæmda, sem landið í heild hefir aðeins óbeint gagn af. Hv. frsm. sagði, að það væru aðeins gamalmenni úr Rvík, sem góðs nytu af hælinu, og því ætti ríkissjóður ekki að styrkja það. En Rvík leggur þó sannarlega sinn skerf í þann sameiginlega sjóð, og ef Reykjavík er að koma gamalmennaframfærslu sinni í betra horf en annarsstaðar tíðkast, því má ekki styðja þá viðleitni, ef álitið er, að verið sé að vinna þarft og gott verk? Þetta er alveg hliðstætt því, að héruð komi sér saman um að sameina sig um einn myndarlegan skóla, í stað þess að láta kenna á hlaupum, og hví mætti ekki styrkja slíkar umbætur? Þetta eru engar röksemdir hjá hv. frsm. Ef framkvæmdirnar eru þarfar, hví má þá ekki styrkja þær úr hinum sameiginlega sjóði? Ég vil líka benda á það aftur, að ástæðan til þess, að hælið er ekki komið upp, stafar af því, að Alþingi ákvað, að skemmtanaskatturinn gengi til þjóðleikhússins, en ekki til elliheimilis, eins og bæjarstjórn Reykjavíkur hafði ákveðið. Hv. frsm. sagði, að sá hugsunarháttur, að héruðin fengju fé úr ríkissjóði eftir því sem þau greiddu í hann, leiddi út í ógöngur. Ég held nú, satt að segja, að Reykvíkingar greiði marga krónuna í ríkissjóð án þess að hugsa um, hvað kemur í staðinn. Ég vil t. d. benda á, að mestur hluti tekjuskattsins kemur úr Reykjavík. (HStef: Er hann ekki greiddur eftir sömu reglum þar og annarsstaðar?). Jú, en því verður þó ekki í móti mælt, að mestur hluti skattsins kemur úr Reykjavík. Reykjavík hafði komið á skemmtanaskatti í því skyni að reisa elliheimili fyrir hann, en þingið skipar svo fyrir, að skattur þessi skuli ganga til þjóðleikhúss. Hv. frsm. sagði, að Reykjavík myndi mest og bezt njóta þjóðleikhússins. Þetta getur verið, en það, sem er hér um að ræða, er það, að Reykjavík hefir aldrei beðið um þjóðleikhús.

Þegar Reykjavík hafði verið svipt þessum tekjustofni til þess að koma upp elliheimili, hófust einstaklingarnir handa í

þessu efni, og með útsjón og dugnaði hefir þeim tekizt að koma byggingunni upp. En fyrir beinar aðgerðir Alþingis hafa lánskjörin orðið mun erfiðari en ella, og væri það því ekki nema fallegt af Alþingi að veita þá upphæð, sem hér er farið fram á, til að borga það lán, sem óhagstæðast er. Auk þess má á það líta, að þessi stofnun er alls ekki fyrir Reykvíkinga eina. Fólk drífur að til Reykjavíkur úr öllum áttum, og því munu gamalmenni af öllu landinu njóta þar skjóls og hvíldar í ellinni. Það væri ekki nema fallegt af Alþingi að veita þennan 1/25 hluta byggingarkostnaðarins í viðurkenningarskyni við það óeigingjarna starf, sem hér hefir verið unnið.

Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. fjvn. fyrir að taka upp í brtt. sínar ábyrgðarheimild á 40 þús. kr. til húskaupa halda Kvennaskólanum. Hús það, sem skólinn hefir leigt hingað til, verður selt, og það verður til óbætanlegs tjóns fyrir skólann, ef aðrir kaupa það en skólinn sjálfur. Hitt er lakara, að ábyrgðarheimildin skuli ekki vera svo há sem fram á var farið, og hefir formaður skólanefndar tjáð mér, að það muni valda talsverðum örðugleikum, og ábyrgð á 45 þús. hefði verið það minnsta, sem komizt yrði af með. En þó vil ég þakka n. fyrir undirtektir hennar.

Ég vil taka undir ummæli hv. frsm. fyrri kaflans út af viðræðum hæstv. atvmrh. og hv. þm. Dal. um Vesturlandsveginn. Mér finnst sú tilhneiging hæstv. atvmrh. mjög undarleg, að vilja heldur veita fé í heimildarleysi en hafa heimild til þess í fjárlögum. (LH: Þetta er rangfærsla). Hv. þm. upplýsir þá væntanlega síðar, í hverju sú rangfærsla liggur. Hæstv. atvmrh. hefir gefið yfirlýsingu um það, að Vesturlandsvegurinn verði lagður í sumar fyrir þau 30 þús., sem eiga að vera í fjárl. 1932, hvort sem fé er veitt til þess í fjárlögum nú eða ekki, og í krafti þessarar yfirlýsingar tekur hv. þm. Dal. sína brtt. aftur. En ef nú færi svo, að önnur stjórn og annað þing væri orðin ráðandi hér í landi áður en til framkvæmda kemur, þá er alls ekki víst, að sú stj. eða það þing teldi sig bundin við þetta loforð hæstv. atvmrh., og þótt hv. þm. Dal. voni það, þá álít ég ekki rétt að vænta þess, því að ég vil vona, að næsta stj. telji sig bundna við fjárl. þau, er þingið setur. Núverandi stj. er með þessu eins og mörgu öðru að hrifsa fjárveitingarvaldið úr höndum þingsins. Annars er nægur tími til að ræða það atriði, þar sem eldhúsdagur er nú fyrir dyrum.

Þá ætla ég að drepa lítið eitt á ummæli hv. frsm. síðari kaflans um XLIV. brtt., um styrkinn til Stórstúkunnar. Hann kvaðst fylgja brtt. sjálfur og fór hlýlegum orðum um starfsemi Stórstúkunnar, en hann hnýtti aftan í ummæli sín þeirri óskiljanlegu aths., að ef Stórstúkan ætlaði sér að fá fé hjá Alþingi, þá ætti hún að hafa sig hæga og ekki blanda sér inn í pólitískar deilur. Ég vissi satt að segja ekki, hvað hv. frsm. átti við. Ég býst við, að hann hafi átt við Þórð Bjarnason. (BÁ: Já. — ÓTh: Eða Brynleif Tobíasson). Það hefði verið hreinlegra að nefna nöfn. En þess er að gæta, að Þórður Bjarnason er ekki í Stórstúkunni, heldur í Umdæmisstúkunni og hún hefir falið honum eftirlit með kosningum. Honum er því hreint og þeint lagt svo fyrir að athuga, hvort tekið sé rétt tillit til templara við framboð til kosninga. Templarar eru orðnir mjög sterkur félagsskapur, sem hefir mikilla hagsmuna að gæta, og því er ekki furða, þótt þeir láti sig kosningar nokkru skipta. Nú fóru fram í vetur hinar stærstu kosningar á Íslandi, er 15 bæjarfulltrúar voru kosnir í einu. Þessi gæzlumaður leit yfir listana og skrifaði stutta grein í Vísi, þar sem hann segir, að á lista jafnaðarmanna séu fjórir templarar í vonarsætum, ellefu á lista Sjálfstæðismanna, en enginn á lista Framsóknar. Hann segist því ráða templurum til þess að kjósa annaðhvort A- eða C-lista, en greiða hinsvegar B-listanum alls ekki atkvæði sitt. Út af þessari grein rýkur svo hæstv. forsrh. upp og skrifar bréf eitt af miklu monti og yfirlæti, þar sem hann gortar af því, hve mikið hann hafi gert fyrir templara, og hótaði jafnframt, að þeir skyldu fá fyrir ferðina, ef þeir ætluðu að fara að skipta sér af pólitík. (Forsrh.: Það væri gaman að heyra þær hótanir). Ég held, að kosningablaðið „Ingólfur" sé ekki hér í lestrarsalnum. En ég ætla

að lesa hér kafla upp úr bréfi því, er Þ. B. skrifaði í „Vísi“, svo að menn geti heyrt, hvað um er að ræða. (**Forsrh.**: Vill ekki hv. þm. lesa hótanirnar líka?)

„Frá sjónarmiði vor templara er C-listinn langsamlega bezt skipaður vorum mönnum, A-listinn sæmilega skipaður, en B-listinn hefir ekkert tillit tekið til vilja vor templara. Listinn er nær eingöngu skipaður andbanningum og því beint í andstöðu við vor málefni. Ég leyfi mér því sem umdæmisgæzlumaður kosninga að skora á templara, sem kosningarrétt hafa, að styðja A- og C-listana við í hönd farandi kosningar, en ljá B-listanum ekkert lið og greiða honum ekki atkvæði“.

Með öðrum orðum: Þ. B. gerir ekki upp á milli tveggja aðalandstöðuflokkanna, en varar hinsvegar við Framsókn.

Skömmu síðar skrifar forsrh. grein sína, er ég drap á áður, og rétt á eftir skrifar Páll Ólafson stórtemplar auðmjúka grein í „Ingólf“, þar sem hann hrósar hæstv. forsrh. á hvert reipi. Þar komst pólitíkin inn í málið. Og það er einmitt þessi auðmýkt hjá stórtemplar, sem bendir á það, að hæstv. forsrh. hafi haft í hótunum við Stórstúkuna. Ég skal nú að vísu ekki draga í efa, að Framsóknarflokkurinn sé hlynntur bindindismálinu, enda þótt hann tæki ekkert tillit til templara við bæjarstjórnarkosningarnar. En þó er víst, að meira hefir verið um fjálgleik en framkvæmdir í því máli af hálfu flokksins.

Áður en þessi flokkur varð svo voldugur, að hann gæti ráðið lögum og lofum hér á landi, ætlaði hann að gera alla skapaða hluti, taldi það hneykslanlegt, hve margar vínbúðir störfuðu hér, og bar fram till. um að skora á stj. að segja upp spánska samningnum. En það kom að því, að þegar þessir góðu menn komust til valda, þá sviku þeir flest sín loforð. Það eina, sem þeir hafa gert, er það, að fræðslumálaráðherrann hefir tekið sig til og viljað kenna mönnum að drekka vinið eins og kaffi. En stórtemplar ris upp og segir, að enginn stjórnmálaflokkur hafi gert eins mikið fyrir templara eins og Framsóknarflokkurinn. En svo vil ég segja það, að það er algerlega ósæmilegt, ef sú stefna á að verða ráðandi hér, að til þess að geta fengið styrk af opinberu fé, þá verði menn sviptir skoðanafrelsi. Það keyrir langt úr hófi, ef þeir, sem eru í stórstúku Íslands, mega ekki hafa sínar skoðanir í stjórnmálum. Það væri t. d. nokkuð hart, ef allt Leikfélagið í Reykjavík ætti að vera fylgjandi Framsóknarflokknum, til þess að hafa nokkra von um að fá styrk af opinberu fé, á meðan Framsóknarflokkurinn fer með stjórnina. Nei, það var stórdrengilegt af gæzlumanni kosninga að rísa upp og bregðast ekki skyldu sinni, og hann gerði alveg rétt að því leyti sem hann mælti með ákveðnum listum.

Þá vildi ég vekja athygli á einni mjög varhugaverðri brtt. á þskj. 302, LI., frá nokkrum þm., um að veita 85 þús. kr. styrk til Eimskipafélags Íslands, þannig, að í stað þess að veita hann sem rekstrarstyrk, þá skuli kaupa fyrir hann hlutabréf í félaginu. Ég vil vara hv. d. við því að samþykkja þessa brtt., af þeirri ástæðu, að ef þessi brtt. er samþ., þá er það alveg það sama og að svipta félagið þessum styrk. Og hv. þd. verður að gera það upp við sig, hreint og klárt, hvort hún vill veita félaginu þennan styrk eða ekki. Það er sem sé fyrir það fyrsta það, að það er ákvæði í samþykkt Eimskipafélagsins, sem beinlínis tekur það fram, að hlutafjáraukning í félaginu má ekki fara fram öðruvísi en með almennu hlutaútboði. (**Nokkrir þm**: Innanlands). Það er ekki heimilt að auka hlutaféð með annari aðferð en almennu hlutaútboði, og því getur stjórn félagsins ekki tekið við slíku sem þessu. Það mætti náttúrlega segja, að það væri ekki annað en að breyta samþykktunum, en ég hygg, að þær ástæður, sem upphaflega voru fyrir hendi, séu ennþá í fullu gildi, og það er rangt að vilja neyða félagið til að breyta þeim til þess að geta notið styrks frá þinginu. En það er fyrst og fremst, að þetta er sett sem varúðarráðstöfun gagnvart mönnum, sem kynnu að vilja ná yfirráðum í félaginu, með því að fá stjórnina til þess að selja sér svo mikið af hlutum, að þeir gætu náð meiri hluta í félaginu svo að enginn vissi af. Því er það, að alltaf verður, ef á að auka hlutaféð, að fara fram almennt hlutaútboð innanlands; það er þessvegna nægileg ástæða til að fella þessa brtt., því að samþykkja hana, það er sama og að

haga svo til, að stj. félagsins geti alls ekki tekið við fénu. En þar að auki eru ýmsar ástæður til þess, að þetta er ekki sanngjarnt eða skynsamlegt á neinn hátt. Fyrst er það, að þessi styrkur, 85 þús. kr., er bundinn því skilyrði, að félagið láti 60 farmiða milli landa, sem skiptast á bæði farrými, og það er þegar 15000 kr., svo að raunverulegur styrkur er þá ekki nema 60 þús. kr.

En viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Reykv. dró fram, vil ég benda á það, að þessi styrkur er í raun og veru ekkert annað en það, að Eimskipafélagið verður að starfa hér í samkeppni, og helzt í samkeppni, sem það stendur sig vel í við hina erlendu keppinauta. Við vitum ekki, hvaða völd og hvaða fjármagn kann að standa á bak við þá, og því er alveg rétt, að ríkissjóður standi á bak við Eimskipafélagið, sem er réttnefndur bjargvættur landsmanna, og þar að auki vil ég segja það, að þetta er ekki nema nokkur uppbót á strandferðastyrknum. Ég hefi, því miður, ekki hjá mér skýrslu samskonar þeirri, sem hv. þm. Ísaf. er með, en ég má segja, að strandferðastyrkurinn hefir verið óbreyttur nú í fjögur ár, en á hinn bóginn er það kunnugt, að á síðustu árum hefir Eimskipafélagið aukið strandferðir sínar mjög mikið, en að því er þann styrk snertir, þá hefir hv. þm. Ísaf. viðurkennt það, að hann mætti ekki skoða nema sem borgun fyrir unnið verk. Sérstaklega vil ég benda á það í þessu sambandi, að félagið hefir nú í smíðum nýtt, stórt skip, er mun koma í sumar eða haust í gagnið, og þá munu strandferðir Eimskipafélagsins verða svo miklar, að sambærilegar verði við þær, sem ríkið sjálft lætur halda uppi. Strandferðirnar verða þannig í sambandi við millilandaferðirnar, sem verður til ómetanlegs gagns fyrir landsmenn; en þótt það sé í sambandi, þá tefja slíkar gutlferðir skipin mjög frá millilandaferðum. Ég vil því segja það, að samanborið við þann kostnað, sem ríkið hefir af Esju, þá er það ekki mikið, þótt þessi styrkur væri ekki heldur skoðaður nema sem borgun fyrir unnið verk, og ég er viss um, að það borgar sig ekki betur fyrir félagið að fá þessa styrki, ef slík skilyrði eiga að fylgja, enda mundi félagið ekki óska að fá þá, fyrir utan það, sem félagið getur ekki tekið á móti þeim eftir sínum samþykktum. Svo vil ég benda á það, að eins og styrkurinn er ætlaður nú, er hann beinlínis ætlaður til rekstrar, þ. e. a. s. til árlegs eyðslufjár. Ef þetta er veitt sem hlutafé í staðinn fyrir styrk, þá er um tvo möguleika að ræða: Annaðhvort að nota hann til eyðslufjár eftir sem áður, en það er hreint „svindel", því að það er útþynning á hlutafénu, það er einskonar eignarnám frá þeim, sem eiga hluti fyrir í félaginu. Þá er hinn möguleikinn, að fé er tekið sem aukið hlutafé og látið auka þá virkilegu eign félagsins, en þá er ekkert gagn í því fram yfir hverja aðra skuldbindingu, sem félaginu er veitt, t. d. gott lán. Það má ekki nota fé til að láta það hjálpa sér í samkeppninni.

Þessi till. er því ákaflega óheppileg og mér þykir leitt að sjá, að það skuli standa svo margir góðir menn sem flm. að henni. En ég vona, að hv. d. sjái þó, að það dugir á engan hátt að samþykkja þessa till. Það er sama og að svipta félagið þessum styrk. Hitt er það, að ég viðurkenni þá hugsun, sem hér liggur á bak við, að gott er, ef ríkið eignast meira í félaginu.

Ég ætla þá, að ekki séu fleiri till., sem ég hefi, og vil þá láta lokið mínu máli.

Jóhann Jósefsson: Það var smátill., sem ég hafði leyft mér að flytja hér, sem er prentuð á þskj. 302, um 500 kr. styrk til Skátasambands Íslands. Samskonar till. var samþ. á síðasta þingi. Bæði er nú það, að það er svo stutt síðan á það var minnzt og öllum hv. þm. er kunnugur sá holli félagsskapur, sem hér er um að ræða, skátafélagsskapurinn, og þess vegna er það, að ég álít ekki þörf að hafa hér um langa ræðu.

Innan skátafélagsskaparins eru ungu fólki innrættar þær beztu dyggðir, sem kunna að prýða mann eða konu, og ég tel víst, að þingið muni vilja veita Skátasambandinu þennan lítilvæga styrk, eins og síðasta þing gerði, til þess að þeir geti haldið áfram útbreiðslustarfsemi skátafélaganna.

Það hefir mikið verið talað hér við þessa umr., og ætla ég litlu við það að bæta; en hinsvegar er eðlilegt, að nokk-

uð mikið sé talað um svo margar till., og verð ég að vera nokkuð á sama máli eins og þeir, sem hafa látið í ljós óánægju yfir ýmsum fjárstyrkjum, sem hér eru bornir fram, einkum hinum ótalmörgu persónustyrkjum, sem alltaf fer fjölgandi. Það bætist alltaf í þann hóp manna, sem bæði til ritstarfa, sönglærdóms og ýmislegs annars sækja að ríkissjóði. Mér er, satt að segja, farið að þykja safnast allmikið að af þessari tegund, og þó að það væri að vísu bæði gott og skemmtilegt á ýmsan veg, að hægt væri að veita mönnum styrki til ýmiskonar lærdóms, sem þó ekki kemur að beinu gagni, þá má af öllu of mikið gera. Ég vildi taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér snemma við umr. þessa frv., að þar sem veitt er fé af hálfu hins opinbera til þess að styrkja félög og sjóði, t. d. sjúkrasjóði og önnur styrktarfélög, þar sé gert að skyldu, að þesshättar sjóðir og félög gefi þinginu skýrslu, eða ríkisstj., ef það þykir betur henta. Það er í raun og veru ekki rétt að láta úti styrktarfé, án þess a. m. k. að fá einhverja vitneskju um það, hvernig farið er með þetta fé, þótt ekki sé höfð hönd í bagga með úthlutun þess. Ég held, að ég fari hér rétt með, að það hafi verið hæstv. fjmrh., sem minntist á þetta snemma í umr. um fjárl.

Það var minnzt m. a. á styrkinn til Stórstúku Íslands, eða á till. þeirra hv. þm., sem vilja hækka styrk til hennar. Ég verð að segja það, að þótt ég sé ekki neinn bindindisfrömuður, þá er ég meðmæltur því, að Stórstúkan fái hækkaðan þennan styrk, og ekki er ég það síður eftir að maður hefir heyrt þær upplýsingar um vöxt vinnautnar í landinu, sem hv. frsm. gaf hér við umr. málsins. Það er í raun og veru ákaflega eftirtektarvert og alvarlegt mál, að tekjur ríkissjóðsins af vineinkasölunni skuli hafa tvöfaldazt á einu ári, þ. e. að þar sem þær voru ½ millj. kr. árið 1928, þá eru þær orðnar ein millj. kr. árið 1929.

Ég vil ekki fullyrða um allar þær orsakir, sem til þess leiða, að þessi tekjuliður ríkissjóðs vex svo hraðfara, en hitt vil ég segja, að það er a. m. k. full ástæða til þess að gefa gaum að því, hversu vinnautnin virðist fara hraðfara vaxandi í landinu. Einn hv. þm., sem talaði um þetta, drap á það — ég held að það hafi verið hv. 4. þm. Reykv. — að í vissum herbúðum væri ánægja yfir því, að drykkjuskapur yxi hér á landi. Mér er ekki ljóst, hvaða herbúðir hv. þm. á við með orðum sínum, en í þeim herbúðum, sem honum standa næst — má segja að hann sé þar í fordyri —, þar hefir að vísu verið ritað um það, að vaxið hafi sala á vínunum, en ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. hafi þurft að skilja það þannig, að þar væri lýst yfir beinlínis ánægju yfir drykkjuskap; ég vildi a. m. k. ekki leggja þann skilning í það, sem stjórnarblaðið flutti um málið, þótt það kannske mætti.

Þá er aðeins ein önnur till., sem ég ætla að minnast á. Það er till. samgmn. um fjárveitingu til flugferða. Ég skal ekki vera langorður þar um, en ég vildi aðeins benda á tvær höfuðástæður, sem hljóta að liggja að því hér á landi, að flugsamgöngur eru okkur ekki ónauðsynlegri heldur en öðrum þjóðum, nema fremur sé, en það er það, að samgöngur almennt á landi hér eru lakari heldur en í öðrum löndum álfunnar, og hitt annað, að skyggni er betra hér á landi heldur en víðasthvar annarsstaðar í Norðurálfunni, þar sem flogið er. Þessar tvær ástæður gera það að verkum, að þetta samgöngutæki, flugvélina, hljótum vér Íslendingar að taka í vora þjónustu, og það er þegar komið svo langt, að þingið er farið að styrkja íslenzka menn til að læra flug. Þá geri ég ráð fyrir, að þeir, sem þar hafa verið að verki, þessir íslenzku menn, verði landinu tapaðir og gangi í þjónustu útlendinga. Heldur nú nokkur, að styrkur til að læra að fara með flugvélar hafi verið veittur með það fyrir augum, að Íslendingar eignuðust ekki sjálfir þessi samgöngutæki og hefðu menntað sína eigin menn til að fara með þau? Það er náttúrlega rétt og sjálfsagt, að Íslendingar eignist flugvélar, eins og önnur samgöngutæki, sem við höfum eignazt fram að þessu. Ég hefi þess vegna mikla tilhneigingu til þess að fylgja till. samgmn. að einhverju leyti, þótt ég verði að kannast við, að það eru allmikil útgjöld, sem þar er farið fram á; en hér er um svo mikið framfaramál að ræða og svo nauðsynlegt, að haldið sé áfram, hæði

hvað snertir notkun flugvéla við síldveiðar og svo að haldið sé áfram þeirri byrjun á bættum samgöngum, sem við höfum séð, að vel eru mögulegar hér á landi um sumartímann með flugvélum.

Ólafur Thors: Ég hefi aðeins leyfi til að gera örstutta aths. og þarf heldur ekki meira. Það er í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. og hv. frsm. n. um brtt., sem ég er við riðinn að þessu sinni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að í fyrra hefði ég gefið Alþingi þær upplýsingar, að það væri hægt að leggja veg frá Sandgerði að Stafnesi fyrir 8—10 þús. kr., og hann sagðist hafa litið þannig á, og það hefði raunar komið fram áður, sagði hann, að sú fjárveiting, sem veitt var til þessa vegar 1930, hefði verið lokaveiting og að slík málaleitun myndi ekki koma fram aftur. Frsm. n. tók í sama streng og sagði, að ég hefði flutt boð um þetta. Ég verð að segja það, að þetta er í sjálfu sér kannske afsakanlegt, þótt hæstv. fjmrh. fari rangt með í þessu máli; hann er svo lítið við hér í deildinni, og það jafnvel þótt verið sé að ræða um fjárl., en það er engin ástæða fyrir hv. frsm. n. til að fara rangt með, af því að hann er æfinlega við, þegar verið er að ræða um fjárl. En ég tók það skýrt fram í ræðu minni í fyrra, að ég þættist viss um, að þessi fjárveiting nægði ekki, og hv. frsm. n. lét þá á sér skilja, að hann hefði þá haft réttan skilning á málinu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp nokkur orð úr ræðu minni í fyrra, sem sönnun á þessum ummælum mínum. Ég hefi komizt svo að orði þá:

„Ég vil því færa hv. fjvn. bèztu þakkir fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál. Og þótt hún sé að vísu nokkru smátækari en helzt hefði verið kosið, þá vona ég, að menn hafi það í huga, að þetta ber að skoða sem fyrstu fjárveitingu til þessa verks, því ég vona, að menn ljái þessu það fulltingi, sem með þarf, og láti eigi staðar numið á miðri leið".

Ég veit ekki, hvernig á að orða þetta skýrara. Getur nokkrum manni dottið í hug, að hér sé farið fram á fjárveitingu í eitt skipti fyrir öll eða sé staðar numið á miðri leið með fyrstu fjárveitingu?

Ég hefi ekki á nokkurn hátt farið óhreint að þessu. Það er ekki vani minn. Það er því ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. og hv. frsm. að drótta því að mér. Þeir sýna aðeins með því, að þeir kannast ekkert við þessar umr., sem þeir eiga að hlusta á og vera við.

Haraldur Guðmundsson: Ég var ekki við í gær, þegar hæstv. fjmrh. talaði um brtt. mína um kaup á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands. En mér var sagt, að hæstv. ráðh. hefði spurt, hvort ég ætlaðist til, að ríkisstj neitaði að inna af hendi þennan styrk til Eimskipafélagsins, nema félagið afhenti hlutabréf fyrir þeirri upphæð. Það er alveg óþarfi að svara þessu, því að það er skýrt í minni till., að hlutabréf skuli koma fyrir þennan styrk.

Þá hafði hæstv. ráðh. spurt, hvort ég ætlaðist til þess, að ríkisstj. hefði óskoraðan atkvæðisrétt í Eimskipafélaginu fyrir þetta hlutafé. Ég hefi þegar drepið á þetta og sagði, að stj. hefði haft óskoraðan atkvæðisrétt fyrir allt hlutafé sitt og að ég ætlaðist til, að atkvæðisréttur fyrir hlutafé ríkissjóðs héldist áfram án takmarkana eins og verið hefir. Þess vegna flutti ég ekki viðbótartill. um það.

Hv. 1. þm. Reykv. drap á þessa till. mína og kom fram með samskonar fyrirspurn og hæstv. ráðh., og hefi ég þá svarað henni hér með. En hv. þm. bætti því við, að það væri óheppilegt að breyta samþykktum félagsins frá því, sem nú er. Mér sýnist það ekkert óheppilegt. Ég álít, að nauðsynlegt sé að breyta samþykktum félagsins til þess að það geti notað sér þann styrk, sem ég ætlast til, að ríkissjóður veiti því með því að kaupa ný hlutabréf. Hlutafé er ákveðið í lögum félagsins, og vitanlega þarf tíma til að gera breytingar á samþykktum félagsins. En tíminn er líka nægur. Á aðalfundi félagsins í sumar, og eins á aðalfundi félagsins 1931, mun gefast tækifæri til að koma í gegn þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru á samþykktum félagsins. Þær breyt. þurfa ekki að vera aðrar en þær að auka hlutafé sem þessu munar og kveða skýrt á um þau réttindi, er fylgja hlutafé ríkissjóðs.

Ástæðan, sem hv. 1. þm. Reykv. færði fram fyrir því, að óheppilegt væri að breyta samþykktum félagsins þannig, að auka mætti hlutafé, var sú, að menn,

sem stæðu nærri stj. félagsins, gætu náð miklum hluta nýju hlutabréfanna undir sig og gætu á ýmsan hátt notað aðstöðu sína til að „svindla á félaginu", eins og hv. þm. kallaði það. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. dettur þetta í hug. Ég veit ekki betur en það sé svo yfirleitt, þegar um almennt útboð hlutabréfa er að ræða, að þá sé almenningur látinn fá vitneskju um það, til þess að allir hafi tækifæri til að taka þátt í hlutabréfakaupunum. (MJ: Hvers vegna?). Þegar um almennt útboð hlutabréfa er að ræða, er þetta sjálfsagt til þess að girða fyrir, að fáeinir menn geti sölsað undir sig bréfin. Í hug almennings hefir Eimskipafélagið verið einskonar þjóðarfyrirtæki, en ekki verið skoðað sem venjulegt gróðafélag. Svo á það og að vera. Með því að auka eign ríkisins í félaginu er aukinn hlutur þjóðarinnar, almennings, í því.

En þó að það, sem hv. þm. hélt fram, að menn, sem standa nærri félagsstjórninni, mundu reyna að sölsa undir sig hlutabréfin, ef hlutafjáraukning yrði ákveðin, hefði við einhver rök að styðjast, sem ég vil vona, að ekki sé, þá er engin ástæða til að mæla á móti minni till. fyrir það, því að hún fer aðeins fram á að heimila að selja ríkisstj. hlutabréf. Þess vegna er engin hætta á því, að óhlutvöndum mönnum gefist færi á að sölsa undir sig hlutabréf félagsins, og ótti hv. þm. er því alveg ástæðulaus.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að þessi aukastyrkur til félagsins bæri ekki að skoðast sem styrkur. Ég skal benda á það, að sjálf félagsstj., sem er þessum málum kunnugust, lítur öðruvísi á þetta en hv. þm. Í skýrslu, sem stj. Eimskipafélagsins gaf út síðastl. ár, er drepið á fjárframlög ríkisins til félagsins. Um strandferðirnar segir stj. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Félagið vinnur fyrir honum með auknum viðkomum skipa á ýmsar hafnir út um land, sem féllu niður, ef strandferðastyrkurinn yrði ekki veittur". Og svo kemur: „En það er allt öðru máli að gegna með aukastyrk ríkissjóðs til félagsins. Hann er beinlínis nokkurskonar fátækrastyrkur til félagsins, þar sem félagið lætur ekkert á móti, og á honum má ekkert byggja í rekstri félagsins.

Þetta er þá skoðun stj. Eimskipafélagsins um eðli styrksins, og að hv. þm. ólöstuðum, hlýtur hún þó að vera kunnugri hnútum Eimskipafélagsins en hann. Annars er óþarfi að vera með miklar vitnaleiðslur út af þessu atriði, því að þær samþykktir, sem þingið hefir gert, sýna, að það lítur svo á, að strandferðastyrkurinn og aukastyrkurinn sé ólíks eðlis. Strandferðastyrkurinn er ákveðinn með lögum, en fyrir aukastyrknum er aðeins heimild, sem ríkisstj. getur notað, ef ástæða er til eða þörf félagsins krefst, og aðeins ákveðið víst hámark fyrir þeim styrk. Hv. þm. vildi halda því fram, að félagið fengi ekki þennan styrk fyrir ekki neitt, heldur væri lögð sú kvöð á félagið, að það skyldi veita 60 mönnum ókeypis far frá og til útlanda og styrkurinn væri sem greiðsla fyrir það. Þetta er alveg rangt hjá hv. þm. Þetta er algerlega laust við aukastyrkinn og hefir aldrei verið í sambandi við hann. Í skýrslu Eimskipafélagsstj. um framkvæmdir félagsins árið 1928 er talað um skattfrelsi það, sem Eimskipafélaginu var veitt. Það er laust við útsvar til Reykjavíkurbæjar og tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, að öðru leyti en því, að það greiðir 5% af nettótekjum í bæjarsjóð. En þessu skattfrelsi fylgir skilyrði, eins og tekið er fram í skýrslu félagsins, og vil ég lesa þau orð upp, með leyfi hæstv. forseta:

„En þau skilyrði voru sett fyrir skattaívilnuninni, að félagið greiði hluthöfum sínum ekki hærri arð en 4 af hundraði á því tímabili og að því sé skylt að veita samkvæmt úthlutun menntamálaráðs Íslands allt að 60 mönnum (30 á hvoru farrými) ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum félagsins". — Með öðrum orðum, þetta ókeypis far er til að mæta skattaívilnuninni, en ekki aukastyrknum, eins og hv. þm. hélt fram.

Þá kom hv. þm. með hagfræðilegar hugleiðingar og sagði, að annaðhvort yrði aukastyrknum eytt eða honum yrði ekki eytt. Þetta er alveg laukrétt hjá hv. þm. Ef þessari fjárhæð er ekki eytt til að greiða með arð til hluthafa, þá leggst hún við starfsfé félagsins. Hv. þm. sagði, að ef hlutabréf yrðu látin fyrir féð, þá væri þetta fé félaginu engu betra en lán. En þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það er

áreiðanlega betra fyrir félagið að fá þetta fé sem starfsfé, hlutafé, en að verða að taka það að láni og greiða síðan vexti og afborganir af þeirri skuld, hvernig sem árar. Ef þetta fé verður hlutafé félagsins, þá stendur það undir skuldbindingum félagsins út á við. Og því sterkara er félagið, sem það hefir meira hlutafé. Því betur þolir það þau óhöpp, sem fyrir það kunna að koma. Og ég veit ekki, hvaða styrkur ætti að vera félaginu kærkomnari en einmitt slíkur styrkur frá ríkissjóði.

Þá sagði hv. þm., að ef svo færi, að styrknum væri eytt vegna þess að félagið tapaði á árinu, þá væri það aðeins útþynning á hlutafé félagsins, ef hlutabréf væru látin fyrir upphæðinni. Nokkuð er til í þessu. En hvar eiga töpin að koma niður? Hvar lenda þau, ef ríkissjóður leggur ekki fram þennan styrk, sem farið er fram á í minni till.? Tapið hlýtur þá að lenda á hlutafénu. Við þessu er ekki hægt að sporna, meðan félagið á ekki nægan varasjóð til að mæta töpunum. En því meira sem eigið starfsfé félagsins, hlutaféð, er, þess betur á rekstur þess að ganga og því betur þolir það töp, sem það kann að verða fyrir.

Vilji félagið hinsvegar ekki þiggja þetta tilboð Alþingis um að leggja því starfsfé, þá hlýtur það að vera af því, að það þykist vera orðið svo öflugt, að það þurfi ekki aukins starfsfjár. Og þá er þarflaust að ætla því styrk úr ríkissjóði.

Frsm. síðari kafla (Bjarni Ásgeirsson): Ég mun ekki verða langorður. Mér finnst umr. vera farnar að líkjast því, þegar börn eru í leiknum „sittu með þann síðasta". Allir sýnast vera að gera tilraunir til að hafa síðasta orðið, þótt þeir hafi lítið eða ekkert að segja.

Hv. 2. þm. Eyf. fór allómjúkum orðum um ummæli, er ég hafði haft út af brtt. frá fjvn., er mér var falið að boða við brtt. frá honum um sjóvarnargarð á Siglufirði. Hv. þm. sagðist ekki skilja, hvað þessi brtt. ætti að þýða. Ef henni væri bætt við brtt. hans, þá væri hún einskis virði. — Þessari klausu, „þegar fé er veitt til þess í fjárlögum", er alvanalegt að hnýta við ýmsar samþykktir hér í hinu háa Alþingi, og hún þýðir það, að Alþingi bindur sig við fjárframlag í þessu skyni, en ætlar þó ekki að greiða féð af hendi fyrr en annað þing hefir samþ. það í fjárl. Mér virðist, að það ætti að vera reglan í sem flestum tilfellum að greiða ekki úr ríkissjóði fyrr en fjárlagaveiting er fyrir greiðslunni, enda þótt hún hafi verið samþ. í öðrum lögum. Út af því, sem hv. þm. sagði, að eitt þing gæti ekki bundið síðara þing um fjárframlög, vil ég segja, að þetta er e. t. v. ekki hægt lagalega, en siðferðislega getur eitt þing vel bundið annað á þennan hátt. Það er alveg sama eðlis og t. d. þegar samþ. er fyrsta greiðsla til einhvers, þá eru næstu þing siðferðislega bundin við að halda áfram fjárveitingum til þess.

Um rafveituna í Skagafirði held ég, að mér sé óhætt að sleppa öllum svörum. Það mál er orðið svo þrautrætt.

Það er aðallega hv. 1. þm. Reykv., sem ég þarf að beina til nokkrum orðum. Skal ég þó ekki verja til þess nema litlu broti af þeim tíma, sem fyrirlestur hans áðan tók. Bæði hann og hv. 1. þm. S.-M. fóru mörgum orðum um það þjóðnytjastarf, sem Sigfús Sigfússon hefði unnið með söfnun þjóðsagna sinna. Um þetta þurftu hv. þm. ekki að sannfæra mig, og sjálfsagt ekki aðra hv. þdm. heldur. Öllum er þetta fullljóst, enda hefir Sigfús fengið nokkra viðurkenningu með því að honum er veittur fastur styrkur í 18. gr. fjárl. Aðalatriðið er hér fengið, að búið er að taka til varðveizlu frá gleymsku stórkostlegt heimildasafn, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði réttilega, að yrði þeim mun verðmætara, sem lengra líður. En það rekur enga nauðsyn til að gefa allt safnið út núna. Nú er búið að forða því frá glötun, og handa almenningi tel ég óþarft að svo stöddu að gefa út nema úrval af því.

Hv. þm. talaði mikið um elliheimilið Grund. Út af því get ég endurtekið það, sem ég sagði í gær, að nefndin, sem fyrir þessu hefir staðið, er alls góðs makleg. En frá hinu get ég ekki horfið, að mér virðist Reykjavík eiga ein að standa straum af þessari stofnun, því að það er Reykjavík, sem hennar nýtur, ein eða nærri ein. Hv. þm. kom með samanburð á byggingu skóla og elliheimilis og sagði, að alveg eins ætti að styrkja hið síðar-

nefnda. En hér stendur mjög ólíkt á. Ríkið heldur uppi svo að segja allri skólastarfsemi í landinu, og þar fær Reykjavík sinn styrk í hlutfalli við aðra. En um fátækraframfærslu — ef hér má nota það orð — hefir verið farin sú leið, að láta hin einstöku héruð sjá alveg fyrir henni sjálf. Það eru því alveg sérmál bæði Reykjavíkur og Ísafjarðar, hvernig þau koma fyrir hjá sér fátækraframfærslu og ellistyrk. Ef þau kjósa að reka elliheimili, þá verða þau að gera það upp á eigin spýtur.

Ég ætla ekki að deila við hv. 1. þm. Reykv. um það, hversu skattabyrðinni er jafnað niður á einstaka landshluta, eða hvort Reykjavík beri hlutfallslega of mikið af henni. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að mikið af sköttunum kemur frá Reykjavík. En aðstaða sú, sem allt landið hefir skapað Reykjavík, er þannig, að mikill hluti af auðæfum landsins hefir dregizt þangað. Því er ekki nema eðlilegt, að hlutfallslega mikið gjaldist þaðan aftur í sköttum.

Út af því, sem hv. þm. sagði um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, skal ég aðeins segja, að ég veit ekki, hvar á landinu áhugi er fyrir því máli, ef ekki í Reykjavík. Annarsstaðar má heita, að hans verði alls ekki vart. Enda er þetta mjög eðlilegt. Hér er mest saman komið af menntamönnum og öðrum, sem skilyrði hafa til að geta metið leiklist. Aldan um þjóðleikhúsbyggingu er enda héðan komin. Það var þáverandi þm. Reykv., Jakob Möller, sem fyrstur bar þetta mál fram á Alþingi. Það er ein sönnunin enn fyrir því, að þetta er gert eftir óskum Reykvíkinga.

Þá kemur Stórstúkustyrkurinn og ummæli þau, er ég hafði um einn einstakan templara í sambandi við síðustu bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. Hv. 1. þm. Reykv. gerði málstað þessa manns, Þórðar Bjarnasonar, að sínum, og er það ekki nema sanngjarnt, þar sem hr. Þ. B. framdi atferli sitt í þágu flokks hv. þm. Af hinu „opna bréfi", sem hv. þm. las hér í hv. deild, er það sæmilega ljóst, að það er skrifað í pólitískum tilgangi, til að koma ákveðnum flokki að notum. — Hv. þm. hneykslaðist á því, að ég skyldi tala um Stórstúkuna í þessu sambandi. Ég vissi, að bréfhöfundurinn hafði verið þar áður, þótt það sé eflaust rétt hjá hv. þm., að hann sé þar ekki lengur. Og það voru fleiri en ég, sem höfðu það álit, að ekki væri hægt að sjá annað en að bréfritarinn kæmi fram í stórstúkunnar nafni. (SE: Á Stórstúkan endilega að vera Framsóknarstórstúka?) Ég skal koma að því síðar. Þó að hann sé ekki beinlínis í Stórstúkunni, er náið nef augum, þar sem Umdæmisstúkan hefir beinan styrk frá Stórstúkunni af því fé, sem Alþingi veitir.

Hv. þm. varð mjög tíðrætt um það, að með orðum mínum um frumhlaup Þórðar Bjarnasonar hefði ég verið að boða skoðanakúgun, þar sem ég héldi því fram, að menn í opinberum félagsskap mættu ekki hafa ákveðna pólitíska skoðun. Þetta er ákaflega rangt hjá hv. þm. Ég hefi aldrei haldið slíku fram. Mér hefir aldrei dottið í hug, að t. d. leikendur Leikfélagsins mættu ekki hafa pólitíska skoðun. Hitt fullyrti ég, og það vil ég undirstrika, að þegar Þórður Bjarnason, eða hver annar sem er, kemur fram í nafni félagsskaparins og skorar á starfsmenn að styrkja ákveðinn pólitískan flokk, en vinna á móti öðrum, þá er of langt gengið. Ef t. d. Háskóli Íslands styrkti sérstakan pólitískan flokk, væri það hið mesta hneyksli, þó að hver og einn af prófessorum og nemendum megi að sjálfsögðu hafa þá skoðun, sem honum sjálfum lízt. Og ef Leikfélagið styrkti ákveðinn flokk, væri það of langt gengið. En opna bréfið til templara sýnir ljóslega, að sá, sem að því stendur, kemur fram sem sannleikans postuli og dregur taum eins stjórnmálaflokks á kostnað annara. Þar segir svo um B-listann:

„B-listinn hefir ekkert tillit tekið til vor templara. Listinn er nær eingöngu skipaður andbanningum og því beint í andstöðu við vor málefni.

Ég leyfi mér því sem umdæmisgæzlumaður kosninga að skora á alla templara, sem kosningarrétt hafa, að styðja C- og A-listann, en ljá B-listanum ekkert lið og greiða honum ekki atkvæði".

Hér er farið með hreinustu ósannindi. Það er hægt að sanna, að margir menn á B-listanum eru bannmenn. Það er sérstaklega varhugavert fyrir félagsskap, sem hingað til hefir notið stuðnings frá

öllum stjórnmálaflokkum, að spila frá sér því trausti með því að kasta sér út í flokkapólitík. Ég „kritisera“ þetta athæfi, af því að ég álít, að félagsskapurinn sé of góður til þess að láta sig henda slíkt; sá er vinur, sem til vamms segir.

Ég ætla að minnast ofurlítið á brtt. frá nokkrum þm., um að breyta styrk þeim, sem Eimskipafélag Íslands nýtur, í hlutafé. N. hefir óbundnar hendur um till., en ég tel mér skylt að lesa upp bréf, sem mér barst frá formanni og ritara Eimskipafélagsins. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Út af tillögu um það, að aukastyrkur til Eimskipafélags Íslands sé bundinn því skilyrði, að félagið gefi út hlutabréf fyrir styrknum, viljum vér leyfa oss að leiða athygli að því, að þar sem styrkurinn gengur til árlegra rekstursútgjalda félagsins, þá væri útgáfa nýrra hlutabréfa í þessu tilfelli sama sem útþynning á hlutafé félagsins að sama skapi sem styrknum nemur. Í annan stað er þess að geta, að samkvæmt lögum félagsins er ekki mögulegt að selja ný hlutabréf án þess að gefa öllum hluthöfum hlutfallslegan rétt til kaupa á hlutabréfum. Nú á ríkissjóður ekki meira en 16. til 17. hluta af hlutafé félagsins, og yrði því að bjóða út hlutafé, sem væri 16 til 17 sinnum meira en styrkupphæðin, sem mundi algerlega umhverfa fjármálum félagsins.

Að þessu athuguðu, er það raunverulega sama sem að neita félaginu um styrkinn að setja umrætt skilyrði fyrir honum“.

Ég legg þetta bréf fram þeim til sýnis, sem vilja athuga þetta mál.

Þá ætla ég að svara vini mínum, hv. þm. Barð. nokkrum orðum. Honum þótti mér hafa farizt mjög óhöfðinglega, þar sem ég flutti brtt. við varatill. hans um að lækka þær 1500 kr., sem hann vill veita séra Árna Þórarinssyni, niður í 600 kr. Þetta er ekki mínu óhöfðinglyndi að kenna, heldur því óhöfðinglyndi, sem kann að vera hér í hv. d. Ég mun greiða atkv. með aðaltill. hv. þm. og varatill. hv. þm., en ef hvorug verður samþ., ber ég mína till. fram.

Hv. þm. fór hörðum orðum um fjvn. fyrir það, að hún lagði á móti brtt. hans um styrk til Kristínar Jónsdóttur prestsekkju. Ég held, að hv. þm. hafi verið óþarflega ónotalegur í garð okkar nefndarmanna. Það var ekki vegna þess, að fjvn. vildi níðast á þessari prestsekkju, heldur varð nefndin að vera sjálfri sér samkvæm og fylgja þeirri reglu, sem hún hefir áður fylgt í þessum efnum.

Ég vil geta þess, að í gær láðist mér að minnast á nokkrar brtt. Sú fyrsta þeirra er á þskj. 323, frá tveim þm. Reykv., um lánsábyrgð fyrir Keflavíkurhrepp, til bryggjugerðar í Keflavík. Mér er óhætt að segja það f. h. n., að hún leggur á móti þessari till., eins og öllum öðrum, sem koma fram í sömu átt. Hún vill ekki ganga inn á þá braut að veita ábyrgð frekar einum stað en öðrum, þó að hún viðurkenni hinsvegar, að þessi till. er til bóta frá þeim, sem áður hafa legið fyrir þinginu.

Um till. beggja þm. Skagf., sem er III. till. á þskj. 324, skal ég geta þess, að n. mælir eindregið með henni og telur, að ef sú brtt., sem þessi er brtt. við, verður samþ., þá sé sjálfsagt að samþ. þessa.

Ég læt máli mínu hér með lokið, til þess að gera mitt til að stytta umr., þó að ástæða geti verið til að minnast á fleira.

Frsm. fyrri kafla (Jörundur Brynjólfsson): Frsm. samgmn. hagaði orðum sínum svo, að ekki er unnt fyrir mig annað en gera honum nokkur skil, þó að ég hefði kosið að taka ekki til máls núna. En úr því að ég geri það, ætla ég að nota tækifærið og víkja nokkrum orðum að hv. þm. Dal. Þegar hann var að tala um. að fjvn. hefði ekki viljað verða við ósk hans, var engu líkara en að hans kjördæmi væri eina héraðið á landinu, sem skorti síma. Ef svo væri, þá mætti kannske til sanns vegar færa ummæli hans, en hv. þm. var að seilast til mín og míns kjördæmis út af framkvæmdum þar. Hv. þm. er nú búinn að vera nokkrum sinnum í stjórn landsins, svo að honum ætti að vera kunnugt um helztu framkvæmdir í nágrenni Reykjavíkur. En hnútur hans til mín sýndu mikla vankunnáttu í þessum efnum. Ef ég hefði farið hörðum orðum um ósk hv. þm., þá væri sök sér, þó að hann veittist að mér og mínu héraði. En því fer fjarri, að ég

hafi ekki viðurkennt óskir hans. Hv. þm. skírskotaði til landssímastjóra, en ég leiðrétti það með hógværum orðum. Fjárhagsástæður einar sagði ég að væru þess valdandi, að við gætum ekki tekið óskir hans til greina. Heilir hreppar í mínu byggðarlagi hafa engan síma fengið og allflestir hreppar austanfjalls hafa fengið síma á síðustu þrem til fjórum árum. Það er undarlegt, að maður, sem þykist fylgjast vel með í stjórnmálum, skuli opinbera slíka fáfræði, — ég segi fáfræði, af því að aldrei ætla ég þessum hv. þm. að halla vísvitandi réttu máli. Hv. þm. er að tala um vegi um þetta hérað. Veit ekki hv. þm., að þetta hérað er langverst sett af öllum héruðum landsins hvað samgöngur snertir? (SE hlær). Já hv. þm. má hlæja! Hafnleysi er t. d. svo mikið, að oft og einatt um hásumar geta skip ekki hafnað sig þar. Fjallgarður liggur að héraðinu, sem getur valdið algerðu samgönguleysi heilan vetur. Hérað hv. þm. er sannarlega betur sett. Ég ætla annars ekki að fara frekar orðum um þetta hér. Ég ætla ekki að fara út í neinn héraðameting. En þá fyrst er tími til að gera milljónakröfur, þegar maður hefir milljónirnar.

Að þessu athuguðu hlýtur hv. þm. að sjá, að hér er engri hlutdrægni til að dreifa, og í því get ég skírskotað til Gísla Ólafsonar landssímastjóra, sem er ákaflega sanngjarn í till. sínum.

Þá kem ég að hv. frsm. samgmn. (GunnS). Það má vel vera, að ekki sé til mikils að gera till. hans að umtalsefni. Utan þessara veggja hitti ég mann, sem sagði mér, að hann væri búinn að tryggja sér meiri hl. þessarar hv. deildar. Þóttist hann vera með nöfn hv. þm. upp á vasann. Ég ætla á eftir að heimta nafnakall, svo ég sjái, hverjir það eru, sem binda sig þannig fyrirfram, án þess að vita, hvað upplýsist í málinu. Það má vel vera, að í framtíðinni eigi fjárveiting í þessu skyni mikinn rétt á sér, a. m. k. þurfti hv. frsm. ekki að falla í stafi yfir yfirlýsingu þeirri, sem ég gaf fyrir hönd n. í gær. Sú yfirlýsing er ekki fram komin af skilningsleysi, heldur af fjárhagslegum ástæðum. Ég vil benda hv. dm. á það, að hvort sem þeir veita nú 50 eða 70 þús. kr., mega þeir vera viðbúnir að þurfa á næsta þingi og næstnæsta þingi o. s. frv. að veita ekki minni upphæð í sama skyni. En arðurinn, sem á að borga þessar upphæðir, á langt í land. — Hv. þm. Vestm. lét sitt ljós skína og vildi rökstyðja nauðsyn flugvéla með því, að skyggnið væri svo gott, að flugvélar gætu komið að afarmiklu gagni í síldarleit, eins og þegar væri fengin nokkur reynsla fyrir. Hv. þm. sagði, að hér væru verri samgöngur en erlendis og því bæri fremur að styrkja flugferðir hér. Íslenzkir menn hefðu verið styrktir til að nema fluglist í því skyni, að þeir störfuðu hér, og þessvegna ættum við að nota krafta þeirra. En þessir menn hafa ekkert fyrirheit fengið um það. Mér finnst það vera fyrirgreiðsla fyrir þeim að styrkja þá til námsins, og óþarfi að skuldbinda sig þeim áfram. Það ætti ekki að vera nein ógæfa, þó að þeir þyrftu að vinna erlendis í nokkur ár. Hversu miklu fremur er ekki sú skuldbinding rík, þegar búið er að leggja mikið fram af ríkisins hálfu til flugvélakaupa? Hvað yrði sagt á næsta þingi, ef þingið kippti þá að sér hendinni, en ef svo skyldi verða, myndi félagsskapurinn gefast upp, og peningunum er á glæ kastað.

Hv. frsm. þóttist ekki hafa stiklað nema á stærstu atriðunum í gær. En nú hugsa ég, að hann hafi tínt allt til. Það er nógu fróðlegt að athuga nánar hans miklu rök. Hann skírskotaði til tveggja greina eftir dr. Alexander Jóhannesson í Morgunbl. og Tímanum. Þessar ritsmíðar höfum við hinir líka haft vitneskju um, svo að það er ekkert nýtt í málinu. — Annars er allt starf dr. Alexanders í þágu flugferða mjög þakkarvert og verður án efa málinu til mikils góðs. En hitt er jafnvíst, að flugferðirnar geta ekki borgað sig enn sem komið er hér á landi.

Hv. frsm. spurði, hvort við héldum, að Bandaríkin og England hefðu leyft sér að leggja peninga í flugvélar og halda uppi flugi, ef það borgaði sig ekki. Þessar þjóðir byrjuðu flugstarfsemi sína í hernaðarþarfir, þó að flugvélarnar séu núna notaðar til samgangna. En hvað þýðir nú slíkur samanburður sem þessi? Hér búa rúmlega 100 þús. hræður. Hv. þm. er svo einfaldur að bera þarfir þeirra þjóða, er skipta tugum milljóna, naud-

synjar þeirra og getu saman við okkur. Þetta er blátt áfram barnaskapur. Á Englandi eru rúmar 40 milljónir manna, á Frakklandi annað eins, Þýzkalandi 60—70 milljónir, í Bandaríkjunum sennilega nær 130 millj., og það geta menn svo borið saman við tölu íbúa hér á landi. Og þó munar enn meiru, ef borið er saman við þá starfsemi, sem í löndunum er, og fjárhagsstyrkleika þeirra þjóða. Hér hallar svo gífurlega á, að ég undrast, hvernig hv. frsm. samgmn. getur látið sér slíkt um munn fara. Ef nokkuð er rothögg, þá eru það þessar röksemdir hv. þm. Hann kemur ekki með neitt máli sínu til stuðnings nema hugarburð og draumóra, sem við vonum að rætist einhvern tíma í framtíðinni, en eru hvergi nærri tímabærir.

Það er líkt með þessa fjárveitingu eins og féð, sem búið var að safna til þjóðleikhúss og þeir, sem fyrir því stóðu, tóku út til þess að moka ofan af klöppinni til að eyða því. Það er áreiðanlega réttara, að við látum okkur hægt fyrstu árin, reynum að safna í sjóð og nota eitthvað af því fé, sem til þessara mála er ætlað samkv. frv. því, er samþ. var hér nýlega, til undirbúnings, meðan engir peningar eru fyrir hendi til að kaupa þessar vélar, og því síður til að starfrækja þær.

Hv. frsm. talaði um gagnið af flugvélum við síldarleit. Hann bar fyrir sig álit einhverra sérfræðinga, sem ekki væri til neins að mótmæla. (GunnS: Ég hefi reyndar aldrei minnzt á þetta). Jú, og hv. frsm. var drjúgur yfir því, að við værum fyrstir til að nota flugvélar í þessu skyni og að talsverð reynsla væri þegar fengin. Vill hann ekki segja, hve langæ hún er? Hún er ekki svo fjarska mikil. Ætli það yrði ekki nokkuð ósamhljóða vitnisburður hjá útgerðarmönnum, ef þeir ættu að segja álit sitt um notin af flugvélinni við síldarleitina. Sumir hafa trú á gagni hennar, aðrir enga. Og hverjir skyldu þessir sérfræðingar vera? Ætli það séu ekki einhverjir hv. þm., sem við atkvæðasmölun hafa lofað að greiða þessari till. atkv. sitt? Ég sé ekki betur en að þeim mönnum megi þykja gott, að ég hefi gefið hv. 2. þm. Rang. tilefni til að kasta út síðara mörsiðrinu, og reyna nú hér eftir að rökstyðja till. eitthvað meir.

Margt er það, sem flugvélar þykja nauðsynlegar við. Einkum er talað um póstflutning, farþegaflutning og sjúkraflutning. Ég játa, að það síðasta getur oft komið sér vel, og væri æskilegt, ef það væri kleift að gera svo mikið fyrir sjúklinga. En hvaða farþegar ætli það séu hér á landi, sem þurfa að flýta svona afarmikið ferð sinni? Sennilega helzt kaupmenn og kaupsýslumenn. (JAJ: Og kaupfélagsstjórar). Ég held að skipin séu nú ekki orðin svo ýkjalengi milli viðkomustaða, eða langt líði milli ferða þeirra, að menn tefji sig til stórtjóns yfirleitt. Og þá er pósturinn. Símar liggja nú milli flestra þeirra staða, sem póstur gæti borizt til með flugvélum. Ætli það mætti ekki bjargast í þessum efnum svona fyrsta kastið við þessar samgöngur, sem eru, án þessara afardýru fartækja? Og ætli gagnsemin af þeim tækjum kynni ekki að bíða býsna lengi, ef óheppilega væri af stað farið með þau?

Hv. þm. (GunnS) sagði, að nytsemin væri þegar orðin margfalt meiri en féð, sem varið hefði verið til flugferða. Þetta nær engri átt. Útgerðarmenn, sem hafi hafa tækifæri til að kynna sér þetta hér manna bezt, eru ekki á einu máli. Sumir telja nokkurt gagn, en hinir eru líka mjög margir, sem telja það ekkert. Afstaða ríkissjóðs er þannig, að gagnið þarf að verða nokkuð mikið, ef hann á að fá allt sitt borgað beinlínis. En ef útgerðarmenn hefðu mikinn hag af flugvélunum, væri ekki um að sakast, þó að ríkissjóður bæri nokkurn þunga af þeim án þess að fá beint endurgjald. En það er bara ekki nokkur vissa fyrir þessu enn. Þvert á móti. Allt bendir á stórkostlegt tap og fjáreyðslu við þetta fyrirtæki.

Hv. þm. drap á ummæli, er einhver þm. hefði haft fyir löngu um bíla. Þau skipta engu máli í þessu sambandi. Við vitum báðir, hvaða ummæli hafa heyrzt hæði innan þings og utan um járnbrautir t. d., og þó hygg ég, að við séum sammála um, að bæði þær og bílarnir geti borið uppi samgöngur hér og borgað sig. En það kemur ekki við þessum flugsamgöngum.

Þá sagðist hv. þm. ekki kunna við, þeg-

ar hann væri að rökstyðja mál sitt, að fara að stafa eins og fyrir krakka í barnaskólum. (GunnS: Ég sagði aldrei svona).

Ég skrifaði það upp. En ég held hann hafi talað eins og hjá börnum. Þó að hann sé langt upp úr því vaxinn að líkamsstærð að setjast á barnaskólabekk, hefir hann talað þannig núna, að ég þekki engan barnaskóla það lítinn, að minnsti bekkur hans sé ekki of stór fyrir hann í þessum efnum. Eins og skein í gegnum ummæli hans, er reynslan alltof lítil til þess, að hægt sé að byggja á henni nokkra sönnun. Og eins og ég hefi sýnt, hafa ekki önnur ótvíræð rök verið borin fram heldur. Vonandi eiga þau rök eftir að koma fram, því að bezt fer á, ef hv. þdm. samþykkja þetta, að svona stórri upphæð sé ekki á glæ kastað. Getuleysi okkar hamlar okkur frá því að ráðast í mörg nauðsynjafyrirtæki, og ekkert annað en getuleysið. Því skyldum við þá tefla miklu fé í óvissu til þessa, sem hvergi nærri getur borið sig fyrr en eftir óralangan tíma? Hver veit hvað langan?

Ég hefi andmælt hv. frsm. samgmn. nokkuð óvægilega. Ég hefði ekki tekið hann þeim tökum, ef hann hefði ekki brýnt mig til þess. Heppnist honum hér eftir að sannfæra menn um, að þessu fé sé ekki á glæ kastað, má hann vera mér þakklátur fyrir að hafa brýnt hann til þess.

Magnús Jónsson: Hv. þm. Ísaf. féllst á, að breyta þyrfti samþykktum Eimskipafélagsins til þess, að það gæti notfært sér ríkisstyrkinn til hlutakaupa. En hann álítur ekki nema sjálfsagt fyrir félagið að gera þetta. Þessi samþykkt félagsins er tvímælalaust varnarráðstöfun gegn því, að fáir aðilar geti sölsað undir sig of mikil yfirráð í félaginu. Þetta er til þess að tryggja, að almenningur geti haldið áfram að vera þar aðaleigandi. Hér er beint stefnt að því, að annar aðili sölsi undir sig völdin. Ég veit, að þessi hv. þm. telur það ekki skaða, þó að ríkið eignist félagið. En þar er önnur hlið, sem að almenningi snýr. Þetta, sem hér er lagt til, hlyti að fæla menn frá því að eiga hluti í félaginu. Vill meiri hl, hv. þdm. játa með atkv. sínu, að það sé tilgangur sinn? Það væri að brjóta algerlega í bág við anda félagslaganna.

Og þó að búið væri að breyta samþykktum félagsins, þá hefi ég bent á þá erfiðleika, sem eru á því fyrir félagið að taka við þessum styrk samt sem hlutafjárauka. Segjum, að hann yrði notaður eingöngu sem hlutafé eftir heilbrigðum rekstrarreglum, en ekki til árlegrar eyðslu. Þá væri tillag ríkissjóðs bara eins og gott lán fyrir félagið, sem þó væri skuldbundið til að standa straum af árlegum vöxtum á því. En fari þetta í kostnað og sé látið ganga til þurrðar í árlegum rekstri, þá rýrnar hlutafé félagsins sjálfs á hverju ári um jafnmörg „prósent" og ríkistillaginu nemur af allri hlutafjárupphæðinni. Ef félagið er rekið þannig, þá eiga hlutafjáreigendur eftir nokkur ár ekki nema lítinn hundraðshluta af fé sínu. Slíkt væri vitaskuld ekki annað en útþynning hlutafjárins, sem stefndi að því að gera hlutabréfin svo að segja einskis verð. Það er ómögulegt að hugsa sér, að þetta sé heilbrigt, enda hefir hæstv. fjmrh. neyðzt til að játa það algerlega, og mér skilst hv. frsm. fjvn. líka með því að lesa upp bréfið frá félaginu. (BÁ: Ég gerði ekkert annað en skyldu mína).

Hv. þm. Ísaf. var ekki á móti því, að þetta gengi út yfir hluthafana. En það væri ósæmilegt af þingmanni að hvetja til þess að reka félagið þannig. Þetta er bara till. um það, hvort Alþingi vill halda áfram að styðja félagið eða vill, að ríkið dragi sig til baka og láti arka að auðnu, hvernig fer í samkeppninni við hin útlendu félög.

Hv. frsm. síðari kafla og fleiri hv. þm. hafa gert mikið veður úr bréfum þeim, sem Þórður Bjarnason hafi sent til einstakra kjósenda við bæjarstjórnarkosningarnar hér í vetur. Ég skal verða stuttorður um það, því að ég tala undir þolinmæði hæstv. forseta.

Í þessu bréfi ber Þórður Bjarnason alls engin rök fram önnur en rök templara. Þar stendur aðeins: Það eru svona margir okkar vinir á þessum lista og svona margir á hinum. Ef þið viljið kjósa bindindismenn, þá kjósið þið þá lista, þar sem þeir eru. — Með því mælir hann

með sterkustu andstæðunum, C-lista og A-lista, en ekki B-listanum, af þeirri einföldu ástæðu, að þar eru ekki bindindismenn. Hv. þm. (BÁ) er bara á „wrong car", eins og Englendingar segja, þegar hann er að gefa Stórstúkunni þetta að sök. Hann hugsar ekki um þetta, þegar æðsti maður reglunnar, stórtemplar, mælir með því að fylgja Framsóknarflokknum.

Það er rangt að taka háskólann til samanburðar við stórstúkuna. Templarar hafa svo mikilla hagsmuna að gæta, að þeim er ekki láandi, þó að þeim sé kappsmál að eiga fulltrúa í bæjarstjórnum og á Alþingi. En þeim til lofs verð ég að segja, að þeir hafa skipt sér niður á flokkana alla, en alls ekki gert pólitík að félagsmáli. Það nær því engri átt að ætla að binda hendur templara, þegar þeir tala til templara, eða fella að öðrum kosti fjárveitingar til stórstúkunnar.

Svo ætlaði ég að minnast einu orði á elliheimilið í Reykjavík. Hv. frsm. talaði mjög vingjarnlega um stofnun þess, enda var ekki annað hægt. En hann vildi ekki nú fremur en fyrr mæla með fjárveitingunni til þess. Hann sagði, að það væri Reykjavík ein, sem ætti að sjá fyrir þessu. Það er ekki Reykjavík ein, sem nýtur góðs af heimilinu, þó að hún hafi orðið að leggja fram 24/25 af því, sem til þess hefir verið kostað, eða það hefir komið inn á einhvern hátt fyrir stuðning manna úr Reykjavík. Ég vil leiðrétta það í ræðu hv. þm., að þetta sé sérmál bæjarins, af því að stofnunin sé eingöngu handa þurfamönnum hans. Að vísu notar bærinn þetta hæli handa þeim, þegar svo ber undir, en hinir eru fjöldamargir, sem borga þar fyrir sig. Þannig kemur fjöldi manna utan af landi til að kaupa sér þar vist. Það er líklega nálægt helmingur fólksins á Grund, sem tilheyrir ekki fremur Reykjavík en öðrum landshlutum. Þetta er hæli, þar sem menn eiga að geta alið elliár sín þolanlega, þó að þeir eigi ekki annað heimili. Það væri svívirðing, ef þingið vildi ekki styðja svona stofnun. Ég trúi því ekki fyrr en ef atkvgr. sýnir mér það. Einn hlutur er erfiðastur. Það er að gera vistina á stofnuninni ódýra. Það var álitið, þegar fyrst var mælt fyrir þessu, að 2.60 kr. á dag muni nægja. (HK: Það er nokkuð dýrt). Já, hjá því er ekki gott að komast, þegar búið er að reisa vandað hús og kosta miklu til. Ég veit ekki, hvað þingið getur gert betra við fé landsins en að verja dálitlu upphæð til þess að gera þessu vesalings fólki vistina ögn ódýrari. Ég veit ekki, hvað er gert í alþjóðar þágu, ef það er ekki að hjálpa slíkum mönnum.

Lárus Helgason: Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að fara að halda langa ræðu, heldur vil ég aðeins gera örstutta aths.

Ég skaut því fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hann færi með rangt mál, þegar hann var að víta þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf í sambandi við Vesturlandsveginn. Vil ég nú rökstyðja þetta innskot mitt.

Hæstv. forsrh. sagði, að hann væri fyrir sitt leyti hlynntur því, að til Vesturlandsvegarins yrði lagt það fé, sem þyrfti til þess að fullgera hann á árinu 1931, þó að ekkert fé væri áætlað í fjárl. þess árs í því skyni. Nú veit hv. 1. þm. Reykv. það ósköp vel, að ekki er svo sjaldan gripið til fjár utan fjárl. til einnar eða annarar framkvæmdar, og heimildin til slíks fyrst veitt á næsta þingi á eftir. Þetta var það, sem hæstv. forsrh. átti við, að gert yrði, og ætla ég, að hv. 1. þm. Reykv. sé ekki svo skyni skroppinn, að hann skilji það ekki.

Gunnar Sigurðsson: Ég hefi þegar haldið tvær ræður út af styrknum til Flugfélagsins, og er það þó ekki vandi minn að halda hverja ræðuna á fætur annari, enda er ég mjög hikandi í því, hvort ég á nú að fara að reifa þetta mál að nýju.

Eins og ég hefi tekið fram áður, er gert ráð fyrir, að rekstrarkostnaður flugvélanna verði um 150 þús. kr. Til þess að mæta honum eru áætlaðar 50 þús. kr. tekjur af farþegaflutningi og 25 þús. kr. tekjur af póstflutningi, auk 55 þús. kr. framlags úr flugmálasjóði, samkv. nýsamþykktum l. frá þessu þingi. Ennfremur er reiknað með 20 þús. kr. rekstrarstyrk frá ríkinu, eftir till. samgmn. á þskj. 316, II. Auk þessa má geta þess, að ríkissjóður mun græða um 32500 kr. á

þessu ári vegna flugferðanna, á sölu flugfrímerkja, svo að augsýnt er, að hér er um fyrirtæki að ræða, sem gefur mikið í aðra hönd.

Stofnkostnaður þessa fyrirtækis er áætlaður 200 þús. kr. Leggur samgmn. til á áðurnefndu þskj., að stj. verði heimilað að kaupa hluti í félaginu fyrir 50 þús. kr., og dr. Alexander Jóhannesson, sem hefir verið vakinn og sofinn í að vinna að framgangi þessa máls og er því allra manna kunnugastur, telur víst, að takast muni að fá 50 þús. kr. annarsstaðar frá. Hinn hluta stofnkostnaðarins verður að fá með framlögum frá einstökum mönnum, og er ekki að efa, að dr. Alexander muni takast það með sínum alþekkta dugnaði, enda er allverulegur hluti þeirrar upphæðar þegar fyrir hendi.

Eins og um allt, sem er á byrjunarstigi, er ekki hægt að segja með vissu, hvort þetta fyrirtæki muni bera sig, en ég lít svo á, að ekki eigi eingöngu að líta til þess, þegar um samgöngur er að ræða. Eða hvernig bera vegirnir sig? Það er vitanlegt, að þeir bera sig ekki. Og sama er að segja um strandferðirnar. Enda eru ekki gerðar þær kröfur, að þetta beri sig, heldur miðað við það, að vegir og strandferðir eru undirstaðan undir öðru, sem ber sig.

Ræða hv. frsm. fyrri kaflans var öll út í bláinn. Hann sagði, að ég hefði ekki byggt á neinum rökum, en sjálfum fannst mér honum fara eins og kerlingunni, sem vildi ekki láta breyta myndinni, fyrr en gamla fólkið væri dáið. Honum þykja flugferðir ekki tímabærar enn hér á landi og vill láta byrja á þeim einhverntíma síðar, en það á að byrja strax, eða öllu heldur halda áfram þeirri byrjun, sem þegar er hafin, enda er búið að ráða ýmsa af starfsmönnunum við þetta fyrirtæki og Alþingi búið að samþykkja l. með það fyrir augum, að síldarleitinni verði haldið áfram, vegna þeirrar góðu reynslu, sem fengizt hefir um hana þann skamma tíma, er hún hefir verið starfrækt. Er það ófyrirgefanleg vanþekking hjá hv. frsm. fyrri kaflans, ef hann veit ekki, að bak við það standa eindregin meðmæli og óskir allra þeirra útgerðarmanna, sem síldarútveg stunda.

Ég veit ekki, hvort hv. frsm. hefir verið alvara með það, að flugferðir séu ekki enn tímabærar hér á landi, en ég verð að segja, að það eru undarleg rök á móti þessu máli. Ég benti á það í dag, að stórþjóðirnar, sem hafa tíu ára reynslu í þessum efnum, leggja fram milljónir króna árlega til flugsamgangna, og eru þó samgöngur þeirra hundrað sinnum betri á öllum sviðum en hér hjá okkur, sem eigum við að stríða samgönguleysið bæði á sjó og landi. Hversu miklu meiri nauðsyn er okkur ekki á flugsamgöngum? Hversu miklu meiri ástæðu höfum við ekki til þess að reyna að koma upp flugferðum?

Hv. frsm. talaði um símann, og vissi eg ekki, hvort ég átti að skilja hann svo, að hann ætlaðist til, að verzlunarmenn ferðuðust með honum. En ef hv. frsm. skilur, hvað verzlun er, ætti hann að geta skilið, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir verzlunarmanninn og útgerðarmanninn að geta t. d. komizt til Akureyrar á 2—3 tímum, í stað þess að þurfa að eyða í það ferðalag 2—3 dögum og jafnvel meira.

Hv. frsm. hélt því fram, að þetta mál þyrfti meiri undirbúnings við en það hefði fengið. Málið er prýðilega undirbúið. Eitthvert sterkasta flugfirma í Evrópu, Luft-Hansa, hefir staðið á bak við þær tilraunir, sem hér hafa verið gerðar til flugferða, og árangurinn orðið betri en nokkur þorði að gera sér vonir um fyrirfram. Auk þess er á það að líta, að verði flugferðunum ekki haldið áfram nú, þegar segja má, að þær séu komnar af tilraunastiginu, er með því sporið stigið aftur á bak, í stað þessa að stíga það áfram. Slíkt sætta sig ekki við aðrir en þeir, sem vilja láta fresta öllum framkvæmdum, þangað til gamla fólkið er dáið. Og læt ég hv. frsm. það eftir að sitja á bekk með þeim mönnum.

Ég neita því, að ástæða sé til þess að ætla, að Flugfélagið muni þurfa svo mikinn styrk og hér er farið fram á árlega. Eftir því sem menn kynnast þessu samgöngutæki meira, nota þeir það meira, vegna hinna miklu yfirburða, sem það hefir yfir öðrum farartækjum um þægindi og flýti, og leiðir beint af því, að félagið kemst af með minni og minni ríkisstyrk, unz styrkurinn getur fallið niður með öllu.

Hv. frsm. komst út í járnbrautarmálið, og fannst mér þó lítil ástæða til þess að fara að blanda því saman við þetta mál. En hv. frsm. er eins og sprellikarl, sem iskrar í, og sprettur upp til þess að skýra frá því, að hann sé með járnbrautarmálinu, hvenær sem hann sér sig geta komið því við. Ég hefi oft lýst yfir því áður, að ég tel það lífsnauðsyn fyrir suðurlandsundirlendið að fá járnbraut, og ég get endurtekið það enn einu sinni, að ég er reiðubúinn til þess að styðja hverja þá stj., sem vill bera það mál fram til sigurs. Vil ég nú gera þá fyrirspurn til hv. frsm., hvort hann sé reiðubúinn til að gera slíkt hið sama?

Ég gat þess áður, að á bak við það, að síldarleitinni yrði haldið áfram, stæðu allir helztu útgerðarmenn þessa bæjar, að undanteknum hv. 3. þm. Reykv., enda gerir hann ekki út á síld. Það liggja meira að segja fyrir vottorð frá einhverjum heppnasta manni fiskiflotans, Guðmundi Jónssyni skipstjóra á „Skallagrími", þar sem hann lýsir yfir því, að hann hafi mjög mikla trú á flugvélum í sambandi við síldveiðarnar. Og samt dirfist hv. frsm. að segja, að ég hafi farið með ósannindi um þetta atriði.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Hafi engin rök verið í því, sem ég hefi sagt, veit ég ekki, hvað rök eru. Aðeins vil ég endurtaka það, áður en ég sezt niður, og leggja sérstaka áherzlu á það, að ef það er rétt af stórþjóðunum, sem hafa ágætar samgöngur, að leggja fram milljónir króna til flugferða, er það því fremur rétt af okkur, sem eigum við vondar samgöngur að stríða á öllum sviðum.

Sigurður Eggerz: Hv. frsm. síðari hl. lagðist á móti styrknum til Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður og rökstuddi það með því, að ég hefði ekki fært næg rök fyrir því, að hún ætti rétt á að fá þessa hjálp. Ég veit ekki, hvað veigamikil rök hv. frsm. heimtar til réttlætingar þessum styrk, en ég skýrði frá því, að þessi ljósmóðir gegndi starfi sínu í tíu ár, en varð þá að láta af því vegna veikinda, sem hún fékk upp úr einni af ferðum sínum. Mér finnst því ekki nema sjálfsögð sanngirni að veita þessari ljósmóður eftirlaun, og ég vænti þess, að hv. frsm. og hv. fjvn. verði ekki svo harðsvíruð að standa á móti því, að svo verði gert.

Ég hefi jafnan verið með styrknum til Stórstúkunnar, og er það enn. Mun ég því greiða atkv. með hærri upphæðinni. Hinsvegar vil ég ekki setja stúkunni neitt skilyrði með styrknum. Slíkt er rússneskur hugsunarháttur, sem er í alla staði fordæmanlegur, þó að því verði ekki neitað, að ýmislegt bendir til þess, að þessi hugsunarháttur eigi meiri ítök hér í þinginu en hefði mátt ætla. Það nær engri átt að vera að binda stúkuna, þó að henni sé veittur þessi styrkur, heldur á hún að vera frjáls um að taka hverja þá afstöðu, sem hún telur heppilega fyrir bindindisstarfið.

Ég held, að hv. frsm. fyrri kaflans hafi verið farið að dreyma um það, að eldhúsdagurinn væri byrjaður. Það var svo mikil æsing í þessum rólega manni, þegar hann var að svara mér. En hvað sagði ég, svo að það mætti setja sál hv. frsm. í þessa ógnar hreyfingu? Þegar hv. frsm. lagði með þungum orðum á móti fjárveitingu til síma í Dalasýslu, benti ég á aðstöðumuninn á kjördæmi hans og kjördæmi mínu. Það var allt og sumt, sem ég gerði.

Hv. frsm. þótti það undarlegt, að ég, sem væri búinn að vera ráðh., skyldi ekki þekkja betur, hvernig hagaði til í kjördæmi hans, en ræða mín hefði borið vitni um. Ég veit ekki betur en að hægt sé að þjóta í bílum svo að segja um þvera og endilanga Árnessýslu, enda hefir svo miklu verið varið til vegagerða þar, að lítill hl. þeirrar upphæðar mundi vekja hina mestu gleði í mínu kjördæmi. Þá liggja allvíðþætt símakerfi um sýsluna, þar hefir nú verið reistur einn af þessum nýju skólum, sem enginn veit, hve miklu fé hefir verið varið í, og eru þó ótalin öll þau hundruð þúsunda, sem gengið hafa til áveitugerða þar eystra. Og nú liggur við stjórnarbyltingu út af járnbrautinni. A. m. k. hefir hv. 2. þm. Rang. lýst yfir því skýrt og skorinort, að svo framarlega sem stj. snérist ekki vel við í járnbrautarmálinu, mundi hann yfirgefa hana. Og ekki nóg með það, heldur skoraði hann á hv. 1. þm. Árn. að gera hið sama. Vil ég taka undir þá áskorun hv. 2. þm.

Rang., því að vissulega mundi birta til og létta yfir þjóðinni, ef svo giftusamlega mætti takast að losna við hæstv. núv. stj.

Hv. frsm. fyrri kaflans er ótrauður til þess að ausa fé til síns eigin kjördæmis á öllum sviðum, en þegar ég fer fram á lítilfjörlega fjárveitingu til símalagningar í mínu kjördæmi, hefir hann ekki einu sinni þolinmæði til þess að bíða eftir skýringu frá minni hálfu, heldur eys yfir mig óbóta eldhúsdagsskömmum fyrir að hafa vogað mér að fara fram á slíkt. Mér datt þó ekki annað í hug en að öll landbúnaðareyru í þinginu væru opin fyrir þessari málaleitan minni fyrir hönd kjördæmis míns. En það er nú eitthvað annað en að svo sé. Ef guð hefði ekki gefið mér eins mikinn kjark og ég hefi, væri ég löngu bognaður undir þeim skömmum, sem hv. frsm. hefir hellt yfir mig út af þessari till., ekki einungis í sínu eigin nafni, heldur og í nafni fjvn. og þjóðarinnar. Á ári hverju er varið stórfé til símalagninga hér og þar um landið, og þó að Dalamenn beri þau útgjöld, sem af því leiðir, hlutfallslega við aðra landsmenn, eiga þeir að vera rólegir og símasambandslausir. Og fulltrúi þeirra á þingi þjóðarinnar er tekinn og atyrtur, þegar hann vill halda á rétti þeirra. Hv. frsm. fyrri kaflans má vera þess fullviss, að það græðir enginn meiri hlutaflokkur á því að sýna annað eins ranglæti og kemur fram í þessu, að synja einu kjördæmi um þann rétt, sem öðru er gefinn. Það græðir enginn á því að standa á móti réttmætum kröfum.

Ég vil ekki níðast á frjálslyndi hæstv. forseta með því að hafa þessa aths. lengri, en ég get ekki annað en lýst undrun minni yfir þeirri æsingu, sem kom fram í ræðu hv. frsm. og virtist bera vitni um einhvern pólitískan öldugang í sál hans.

Frsm. fyrri kafla (Jörundur Brynjólfsson): Mér hefir nú loksins tekizt að knýja fram þau gögn, sem hv. 2. þm. Rang. býr yfir. Býst ég við, að hann hafi aflað sér þeirra hjá dr. Alexander Jóhannessyni, eftir að ég hafði beint fyrirspurn minni til hans. Er ég ekki að lasta það, þó að hv. þm. færi í smiðju, úr því að það varð til þess að upplýsa málið.

Áður en ég vík að ræðu hv. 2. þm. Rang., vil ég segja hv. þm. Dal. það, að hann hefir nú meira en áður lýst ókunnugleika sínum í Árnessýslu. Hann segir, að þar sé sími svo að segja á hverjum bæ og að þjóta megi um sýsluna þvera og endilanga í bílum. Sannleikurinn er nú sá, að heilar sveitir í Árnessýslu eru með öllu símalausar, og það vantar mikið á, að hægt sé að bíla um alla sýsluna. Það er því langt því frá, að Árnessýsla hafi verið eitthvert óskabarn Alþingis að því er fjárveitingar snertir, og þýðir ekki að vera að flagga með því. (SE: Er hv. þm. búinn að gleyma áveitunum?). Og sussunei. (SE: En Laugarvatnsskólanum?). Hann er ekki eingöngu fyrir Árnessýslu.

Hv. þm. Dal. fór að tala um væntanleg stjórnarskipti, og var ekki laust við, að hoppaði í honum hjartað við þá tilhugsun. Ég skal gjarna segja hv. þm. Dal. það, að ef slíkt bæri á góma á eldhúsdaginn, getur vel verið, að það komi yfirlýsing frá mér um afstöðu mína til stj. (SE: Kemur þá engin bylting?). Hv. þm. þarf ekki að kvíða strax. Hver veit, hvað síðar kann að koma.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að ég hefði farið með vísvitandi ósannindi, er ég hélt því fram, að það væri fjarri því, að allir útgerðarmenn stæðu á bak við síldarleitina. En hv. þm. sannaði sjálfur mitt mál. Hann tilnefndi sjálfur einn hinna meiri útgerðarmanna, sem ekki stendur á bak við þetta. Og honum varð ekki vandratað á skýringuna: Þessi útgerðarmaður var ekki með, af því að hann gerði ekki sjálfur út á síld. Ég hélt nú, að hv. 2. þm. Rang. þekkti þennan útgerðarmann það vel — þessi útgerðarmaður er hv. 3. þm. Reykv. —; að hann þyrfti ekki að bregða honum um, að hann léti aðra eins smámuni hafa áhrif á afstöðu sína; a. m. k. hefi ég aldrei orðið þess var, að hv. 3. þm. Reykv. miðaði stuðning sinn við nokkurt mál við eiginn hag.

Það myndi enginn, sem nokkuð þekkir til hv. 3. þm. Reykv. koma fram með slík ummæli, og ég mótmæli þeim harðlega. (GunnS: Þarf ekki með). Það er gott, að hv. þm. sér að sér.

Hv. þm. kom með kostnaðaráætlun og áætlun um tekjur, en það var allt út í bláinn og án þess að hann færði nokkur rök fyrir máli sínu, og ég verð að segja það,

að mér virðist það mjög hæpið, að tekjurnar geti orðið eins miklar og hann áætlar, enda póstflutningur og vöruflutningur dýru verði keyptur. En búast má við, að gjöldin verði margfalt meiri. Þetta eru allt saman eintómar ágizkanir.

Hv. þm. var enn að bera saman aðstöðu okkar og útlendinga. En skilur hann ekki, að við erum fátæk og fámenn þjóð og höfum engin efni á að kasta tugum þúsunda í fyrirtæki, sem er jafnlítið undirbúið og þetta. Sér hv. þm. ekki, að geta okkar er svo lítil, að ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir verða að sitja á hakanum og bíða betri tíma. Sjórinn í kringum þetta land er hreinasta gullnáma, — en vantar ekki vita til þess að lýsa farmönnum, og vantar ekki ýms önnur tæki til að koma í veg fyrir slys og hörmungar? Og hindrar ekki getuleysið okkur í þessum framkvæmdum? Myndi okkur ekki nær, svona fyrsta kastið, að búa betur í haginn fyrir okkur hvað þetta snertir og sjá um, að atvinnuvegirnir geti gengið vel bæði til lands og sjávar?

Fyrsta skilyrði fyrir verulegum framkvæmdum í landinu er það, að atvinnuvegir vorir geti borið þær uppi, og þess vegna ætti hv. þm. ekki að hafa í frammi nein svigurmæli um það, að þetta sé ekki fullkomið alvörumál fyrir mér, að samgöngumálin geti verið í sem beztu horfi. Hv. þm. ætti að muna það, að við höfum flutt till. saman, sem lýtur að þessum efnum, og þar sem hann er formaður samgmn., ætti hann að vita manna bezt, hvað því máli líður. En ég verð að segja, að mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að ekkert skuli vera farið að bóla á því. Þar er þó um að ræða samgöngubót, er kemur almenningi að notum. Annaðhvort verður það mál því mjög vel undirbúið, þegar það kemur frá nefnd, eða full ástæða virðist til að ætla, að áhugi þessa hv. þm. fyrir samgöngumálunum sé ekki alveg eins mikill og hann vill vera láta. Ég ætla mér ekki að fara að deila beint persónulega á þennan hv. þm., en það má hann vita, að ef hann ætlar að reyna að gera mig tortryggilegan í augum hv. þdm. í þessum málum, þá má hann fyrst líta í eiginn barm og sjá, hvort þar er allt svo hreint sem skyldi.

En við skulum halda okkur við málið og þær upplýsingar, sem þegar eru fengnar viðvíkjandi flugferðunum. Ég hefi haldið því fram, að þetta væri aðeins byrjun á kostnaði, sem gæti orðið gífurlegur, og nú hefir hv. þm. fært sjálfur beztu rökin fyrir því. Þeir menn, sem greiða atkv. með þessu máli, mega því ganga að því sem gefnu, að þarna verði ausið fé í fyrirtæki, sem við höfum nauðalítið gagn af, samanborið við aðrar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru og verða þó að bíða sakir fjárskorts.

Gunnar Sigurðsson: Með því að ég tel víst, að hv. frsm. sé nú dauður eða næstum því það, þá skal ég ekki gefa honum mikla ástæðu til andsvara eða tilefni til að bera af sér sakir.

Hv. frsm. talaði um, að ég hefði leitað í smiðju, og er það að nokkru leyti rétt, því að dr. Alexander Jóhannesson hefir gefið mér upp kostnaðaráætlunina. en sjálfur hefi ég unnið með honum í mörg ár að þessum málum. Hvað tekjunum viðvíkur, þá er það að segja, að raunin hefir sýnt, að þær eru allmiklar, og því meiri sem reksturinn er lengri. (JörB: Það er stórhalli af rekstri þeirra erlendis). Það kann að vera, að svo virðist á pappírnum, en veit hv. þm., hvað hinn óbeini hagnaður er mikils virði. Til þess að sýna hv. þm. dæmi þess, get ég nefnt honum eitt, og það var þannig, að á Akureyri bilaði vél í skipi, en þar fengust ekki nauðsynlegir varahlutir. Skipið hefði því orðið að liggja inni og misst mikinn afla, ef flugvél hefði ekki strax verið fengin til að sækja þessa varahluti til Reykjavíkur og þannig bætt úr þörfinni. Þetta dæmi sýnir, hve mikill óbeinn hagnaður getur orðið fyrir landið að hafa flugvélar við hendina, en það er ekki hægt að meta þann hagnað til fjár, því að svo mikill getur hann verið, en hinsvegar er afar erfitt að koma fólki í skilning um gildi ýmissa nýjunga. Því til sönnunar get ég sagt hv. þm. þá sögu, að það var mjög fátækur maður, sem fyrstur fann upp skipsskrúfuna og fékk auðmann til að reyna hana. Fólk hló að þessum manni og taldi hann vitlausan, að ætla að fara að skrúfa í sjóinn, en þegar það sá, að skipið fór á stað, þá kom annað hljóð í strokkinn.

Ég er líka sannfærður um það, að þótt þessi hv. þm. standi svo mjög á móti þessu máli nú, þá muni hann vera kominn á aðra skoðun þegar t. d. 10 ára reynsla er fengin fyrir notagildi flugvéla, og þá mun hann hafa komizt að raun um, að það verða flugvélarnar, sem munu bæta upp slæmar samgöngur bæði á sjó og landi.

Frsm. síðari kafla (Bjarni Ásgeirsson): Það eru aðallega tvö atriði, sem ég hefi þörf á að athuga í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Annað eru þau ummæli, sem hann hafði um templara og hvort gæzlumaður þeirra hefði hallað á einstaka flokka. Í grein þeirri, sem þessi maður skrifaði fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, segir hann, hvert viðhorf templara eigi að vera gagnvart listum þeim, sem fram komu, og byrjar á því að telja upp marga menn af C-listanum, sem hann segir, að starfað hafi fyrir stúkurnar, þótt sumir vilji nú bera brigður á það. Svo snýr hann sér að einum manni, sem hann segir, að sé að vísu ekki í stúku, en hann sé nú góður samt. Síðan snýr hann orðum sínum að öðrum lista og segir, að þar sé ekki einn einasti templari, þótt það sé hinsvegar vitanlegt, að allir, sem á listanum voru, eru bindindismenn. Ég verð að álíta, að hér hafi Þórður Bjarnason gert sig sekan í ófyrirleitinni tilraun til blekkinga, enda skal ég játa það, að mér hafa borizt mótmæli gegn þessari yfirlýsingu hans.

Ef tilgangurinn hefir verið sá, að vinna með þessu að málefnum templara, virðist þessi maður hafa lent á röngum bás, því að ég veit ekki til, að Framsóknarflokkurinn hafi reynzt templurum illa, og ég hygg, að hann muni standast samanburð við þann flokk, sem þessi maður virðist fylgja, og sem hefir eina andbanningablaðið í sinni þjónustu.

Hvað yfirlýsingu Páls Ólafsonar viðvíkur, þá er því til að svara, að hún var bersýnilega gerð til að bæta fyrir frumhlaup Þórðar Bjarnasonar, en alls ekki í pólitísku augnamiði, enda verð ég að segja það, að stúkan á því aðeins von á styrk frá minni hálfu, að hún fari ekki að blanda sér inn í pólitík.

Hitt atriðið, sem ég ætla að víkja að, er gamalmennahælið. Ég verð að segja, að ég álít ekki rétt af ríkinu að styrkja slíkt hæli á óheppilegasta staðnum, sem hægt var að velja því, því að það er vitanlegt, að Reykjavík er dýrasti staður á landinu. Rekstur hælisins verður því óþarflega dýr, enda varla við því búið, að aðsóknin verði mikil utan af landinu, heldur aðeins héðan úr Reykjavík.

Frsm. fyrri kafla (Jörundur Brynjólfsson): Hv. þm. Barð. beindi til mín fyrirspurn í gær, sem ég hefi gleymt að svara, en hún var viðvíkjandi nýjum símalagningum. Hann spurði að því, hvort ekki mætti ganga að því sem gefnu, að ef eitthvert hérað hefði fengið styrk til símalagninga í fjárl., þá mætti það fá lán út á væntanlegt framlag frá ríkissj., til að koma verkinu fyrr í framkvæmd. Ég hygg, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, því að vitanlega fá héruðin það fé greitt, sem þeim er veitt í fjárl. Frekari yfirlýsingar get ég ekki gefið fyrir hönd n.

Hákon Kristófersson: Ég þakka hv. frsm. fyrir þessa yfirlýsingu, og ef þessari skoðun hans verður ekki mótmælt, vil ég treysta því, að óhætt sé að reiða sig á þetta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Vegna þess hversu mikil átök hafa orðið á milli hv. frsm. fjvn. (JörB) og hv. frsm. samgmn. (GunnS), þá vil ég gera grein fyrir atkvæði mínu í því efni. Ég hefi mikla trú á framtíð flugvéla í þágu landsins, og þess vegna vil ég athuga, hvort þetta muni ekki gerlegt, og því mun ég greiða atkv. með till. að þessu sinni. Eins og ég hefi heyrt þetta mál flutt, þá verð ég að segja, að mér virðist sá grundvöllur, sem nú er byggt á, engan veginn öruggur ennþá, og ef ekki verður fundinn annar betri í hv. Ed., álít ég ekki leggjandi af stað með þetta mál, svo illa undirbúið. Ég skoða því þetta atkv. mitt aðeins sem bráðabirgðaatkv., þar sem ég geri ráð fyrir að gallana megi laga.

ATKVGR.
Brtt. 302,I.1.—5. samþ. með 21:3 atkv.
— 302,I.6. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 302,I.7. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 302,II. samþ. með 16:5 atkv.
— 302,III.(aðaltill.)felld með 14:6 atkv.
— 302,III. (varatill.) samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JörB, LH, MG, MJ, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HK, BSv.
nei: JAJ, JÓl, JS, MT, TrÞ, ÞorlJ, EJ, HStef, HJ, HV, IngB.
ÓTh, HG greiddu ekki atkv.
Brtt. 316,I. felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, MT, SÁÓ, SvÓ.
EJ, BSv greiddu ekki atkv.
Brtt. 302,IV. tekin aftur.
— 302,V. felld með 15:8 atkv.
— 319,I. samþ. með 19:3 atkv.
— 302,VI,1, svo breytt, samþ. með 16:4 atkv.
— 302,VI.2, samþ. með 15:11 atkv.
— 302,VII. felld með 15:8 atkv.
— 316,II.1.—2. samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, HV, JJós, JAJ, LH[1]), MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, BSv.
nei: IngB, JS, JörB, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, EJ[2]), HStef, HJ.
JÓl greiddi ekki atkv.[3])
Brtt. 302,VIII.a.—b. felldar með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS.
nei: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JörB, BSv.
Brtt. 302,IX.1.a.—b. felldar með 14:7 atkv.
— 302,IX.2.a.—b. felldar með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, EJ, HK, JJós.
nei: JörB, LH, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, IngB.
HV, BSv greiddu ekki atkv.
Brtt. 316,III.a.—b. teknar aftur.
— 302,X.1. samþ. með 21:2 atkv.
— 302,X.2. samþ. með 15:6 atkv.
— 302,XI. teknar aftur.
— 302,XII.a.—b. felldar með 14:9 atkv.
— 302,XIII. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 302,XIV. samþ. með 15:5 atkv.
— 319,II.a.—b. samþ. með 15:3 atkv.
— 302,XV. felld með 14:9 atkv.
— 302,XVI. (aðaltill.) felld með 16:8 atkv.
— 302,XVI. (varatill.) samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HStef, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, BSv.
nei: BSt, BÁ, EJ, HJ, IngB, JS, JörB, LH, MG, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
PO greiddi ekki atkv.
Brtt. 316,IV. (aðaltill.) felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JörB, LH, BSv
nei: MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JS.
Brtt. 316,IV (varatill.) samþ. með 15:6 atkv.
— 302,XVII. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 316,V. felld með 14:6 atkv.
— 302,XVIII. felld með 19:7 atkv.
— 302,XIX. samþ. með 16:4 atkv.
— 302,XX. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSv.
nei: BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ, HK, IngB, JS, JörB, MT, PO, TrÞ.

---

1) Með svofelldri grg.: Það kom fram hér í umr. í dag, að einn maður hefði verið að smala nöfnum nokkurra þm. á blað. Ég lýsi því yfir, að ég er ekki á því blaði, og enginn hefir heimild til að setja mig þar á, en þrátt fyrir það segi ég já við þessari till.

2) Með svofelldri grg.: Ég varð þess var við umr., að hv. 1. þm Árn. hefir svo mikil yfirráð yfir hv. 2 þm. Rang., að ég verð knúður til að segja nei og geri það hér með.

3) Með svofelldri grg.: Mér er lítið um flugur og þykir afleitt að gleypa flugur, og finnst þetta ekki svo aðkallandi, að ég þurfi að skipta mér af því og greiði því ekki atkv.

Brtt. 302, XXI. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 302, XXII. (aðaltill.) felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, BSt, HJ, HG, HV, JJós, BSv.
nei: JS, JörB, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HK, IngB.
Brtt. 302,XXII. (varatill.) samþ. með 17 :4 atkv.
— 302,XXIII. felld með 14:7 atkv.
— 302,XXIV. (aðaltill.) felld með 14:9 atkv.
— 324,I. samþ. með 15:6 atkv.
— 302,XXIV. (varatill.), svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
— 302,XXV. samþ. með 16:5 atkv.
— 302,XXVI. felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HG, HK, HV, JAJ, JörB, MJ, BSv.
nei: PÖ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ, IngB, JJós, JÓl, JS, LH, MG.
Brtt. 302,XXVII. (aðaltill.) felld með 17:5 atkv.
— 302,XXVII. (varatill.) samþ. með 15:12 atkv.
— 302,XXVIII. samþ. með 15:7 atkv.
— 302,XXIX. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HV, BSv.
nei: JS, JörB, MG, MJ, PO, EJ, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl.
ÓTh, IngB greiddu ekki atkv.
Brtt. 302,XXX. samþ. með 18:1 atkv.
— 302,XXXI. (aðaltill.) felld með 15:11 atkv.
— 302,XXXI. (varatill.) felld með 15:12 atkv.
— 302,XXXII. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 302,XXXIII. samþ. með 17:1 atkv.
— 302,XXXIV. samþ. með 17:2 atkv.
— 302,XXXV. felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
nei: BÁ, GunnS, HStef, HJ, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.
Brtt. 302,XXXVI. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 302,XXXVII. felld með 14:11 atkv.
— 302,XXXVIII. tekin aftur, en aðaltill. tekin upp af þm. Barð. og felld með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, ÁÁ, BÁ, GunnS.
nei: HK, HV, IngB, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, BSt, EJ, HJ.
JJós, JörB, MJ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, BSv greiddu ekki atkv.
Brtt. 302,XXXIX samþ. með 18:2 atkv.
— 302,XL. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 302,XLI. felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE, EJ.
nei: HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, BSv.
Brtt. 316,VI. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 324,II. samþ. með 16:7 atkv.
— 302,XLII.1.samþ. með 15:2 atkv.
— 302,XLII.2. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 302,XLIII. samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, GunnS, HStef, BSv.
nei: HG, HV, IngB, JörB, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HJ.
EJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 316,VII.a.—b. felldar með 15:11 atkv.
— 319,III.a.—b. samþ. með 18:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, HV, JJós. JAJ, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÁÁ, BÁ, EJ, GunnS, HG, BSv.
nei: IngB, JÓl, JörB, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ.
Brtt. 302,XLIV, felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, JJós, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, PO, SE, SÁÓ, BÁ.
nei: GunnS, HStef, HJ, HK, HV, IngB, LH, MT, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, BSv.
JAJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 302,XLV. felld með 15:8 atkv.
— 302,XLVI.1. samþ. með 16:4 atkv.
— 302,XLVI.2. samþ. með 16:3 atkv.
— 302,XLVI.3. samþ. án atkvgr.
— 302,XLVII. samþ. með 17:6 atkv.

Brtt. 302,XLVIII., samþ. með 24:1 atkv.
— 319,IV. samþ. með 17:1 atkv.
— 302,XLIX. samþ. með 17:2 atkv.
— 302,L. felld með 15:9 atkv.
— 329,I. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 302,LI, felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HG, HV, IngB.
nei: JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, BSv.
Brtt. 319,V. felld með 15:11 atkv.
— 302,LII. felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JörB, BSv.
nei: MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG.
BÁ, IngB greiddu ekki atkv.
Brtt. 324,III. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 316,VIII., svo breytt, samþ. með 15:9 atkv.
— 316,IX. samþ. með 17:3 atkv.
— 302,LIII. samþ. með 17:6 atkv.
— 302,LIV. samþ. með 15:6 atkv.
— 316,X. samþ. með 16:4 atkv.
— 302,LV., svo breytt, samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ.
nei: TrÞ, ÞorlJ, BÁ, HStef, HJ, IngB, JörB, MT, SvÓ, BSv.
BSt greiddi ekki atkv.
Brtt. 319,VI. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 302,LVI., svo breytt, samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HStef, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.
nei: EJ, HJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
BSt, BÁ greiddu ekki atkv.
Brtt. 329,II. felld með 14:11 atkv.
— 323 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SÁÓ, SvÓ, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, BSv.
nei: PO, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JS, JörB, MT.

Atkvgr. um frv. sjálft frestað.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 22. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 284).

Magnús Guðmundsson: Það er með samþykki okkar stjórnarandstæðinga, að eldhúsdagsumr. hefir verið frestað þangað til nú. Var það sérstaklega gert til þess að tefja ekki fyrir fjárlfrv. — Okkur virðist, að þingið hafi verið aðgerðalítið hingað til, og viljum ekki tefja fyrir málum þegar hægt er að komast hjá því.

Þingið er nú búið að standa á 3. mán., og hefir litlu verið afkastað af því, sem lagt var fyrir það af málum í upphafi. — Þetta er 16. þingið, sem ég hefi setið á, og ég minnist ekki að hafa verið á jafnafkastalausu þingi síðan 1918, þegar beðið var eftir sambandslagasamningnum frá Danmörku.

Ég veit, að ein meginástæða þess er sú, að stuttu eftir þingbyrjun kom Íslandsbankamálið upp, og skyggði það á öll önnur mál þingsins um mánaðartíma, svo ekkert sé ofsagt.

Mér er það vel ljóst, að í þetta skipti er mikið eldsneyti til handa þessum degi, — en ég ætla ekki fyrir mitt leyti að stuðla að því, að umr. verði langar. Ég ætla þar fyrir ekki að skorast undan umr. eða orðaskiptum við hæstv. stj., en læt hvern og einn sjálfráðan um, hversu margorður hann vill vera.

Ég ætla fyrst að minnast nokkrum orðum á skuldir ríkissjóðs, enda er það efni, sem vissulega er viðeigandi að ræða um, þegar fjárlagafrv. er til meðferðar.

Skuldir ríkissjóðs hafa undanfarið verið samkv. landsreikningum eins og hér segir, í milljónum króna, en ég tilfæri þær ekki nánar en svo, að broti úr 100 þús. kr. er sleppt eða hækkað, eftir því hvort það er yfir 50 þús. kr. eða undir. Skuldirnar 31. des. ár hvert voru:

1917	13,7	millj.
1918	19,6	—
1919	16,1	—
1920	14,7	—
1921	16,4	—
1922	15,8	—

1923	18,1	millj.
1924	16,6	—
1925	11,8	—
1926	11,5	—
1927	11,3	—
1928	13,6	—
1929	18,5	—

Um skuldirnar í árslok 1929 er þess að geta, að ég hefi talið þær eftir því, sem ætla má að rétt sé samkv. ræðu þeirri, er hæstv. fjmrh. hélt, er hann lagði fjárlagafrv. fyrir þessa hv. d. Að sönnu sagði hann í þessari ræðu, að skuldirnar hefðu frekað minnkað á árinu 1929, en þetta getur ekki verið rétt, því að í sömu ræðu upplýsti hæstv. sami ráðh., að stj. hefði í haust er leið tekið um 5½ millj. kr. lán í Englandi, og því láni verður sannarlega að bæta við ríkisskuldirnar í árslok 1929, ef rétt útkoma á að fást. Ég veit að sönnu ekki, hve miklu er eytt af þessu láni, en það, sem óeytt kann að vera, ber þá að telja sem peningaeign ríkissjóðs í árslok 1929, og kemur það vitaskuld í sama stað niður um hag ríkissjóðs. Ég geng út frá, að um 600 þús. kr. hafi verið afborgað af skuldum ríkissjóðs 1929 eftir föstum samningum. Skuldaaukningu á árinu 1929 tel ég því 4,9 millj. kr., og eru þá skuldirnar í árslok 1929 18,5 millj. kr., eins og ég áður taldi.

Þá liggur næst fyrir að spyrja hvernig muni fara um ríkissjóðsskuldirnar á yfirstandandi ári. Minnka þær eða vaxa þær? Um svarið við þessu getur varla leikið á tveim tungum. Skuldirnar hljóta að vaxa. Lán á að taka til nýrrar símastöðvar hér í bænum, til nýrrar útvarpsstöðvar, til síldarverksmiðju á Siglufirði, til Landsbankans, Búnaðarbankans, Íslandsbanka o. fl. Til alls þessa hefir landsstj. fengið heimild til að taka 16½ millj. kr. lán, en þar frá ber að draga þær 5½ millj. kr., sem teknar voru að láni í Englandi til bráðabirgða síðastliðið haust. Eftir verða þá 11 millj. kr., sem langsennilegast er, að tilætlunin sé að taka á yfirstandandi ári, því að ella mundi stj. ekki hafa útvegað sér heimildir þessar, enda eru vextir nú svo lágir í umheiminum, að allar líkur eru fyrir, að hægt sé að fá hagstæð vaxtakjör.

Ef nú svo verður — og mér sýnist það nærri óhjákvæmilegt, eftir því hvernig er í pottinn búið — að þessi lán verði að meira eða minna leyti tekin á yfirstandandi ári, þá er það bert, að í lok þessa yfirstandandi árs verða ríkisskuldirnar orðnar 25—30 millj. kr., og er það miklu meira en nokkru sinni hefir verið fyrr.

Mér sýnist óhjákvæmileg nauðsyn að benda á þetta, því að nú verður að stinga fótum við og athuga hvert stefnir. Við megum ekki halda þannig áfram á skuldaaukningabrautinni. Ef það verður gert, fer óðar en varir mikill hluti teknanna í vexti og afborganir. Vextir og afborganir fyrsta árið af 30 millj. kr. til 20 ára með 6% vöxtum eru 3,3 millj. kr., þ. e. rúmlega ¼ allra tekna, eins og þær eru áætlaðar í frv. hæstv. stj. fyrir 1931, því sem hér er til meðferðar.

Í fjárlagafrv. fyrir 1931 eru vextir og afborganir áætlað tæplega 1,2 millj. kr. Ég er ekki í neinum efa um, að þetta er alltof lágt, enda er alls ekkert áætlað í vexti af þeim lánum, sem sumpart hafa verið tekin á síðastl. ári, sumpart tilætlunin að taka á yfirstandandi ári. Vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvernig á því stendur, því að vissulega verður þó að borga vexti af þeim á árinu 1931, og sennilega afborganir líka. Hve mikið til þessa þarf, veit ég ekki nákvæmlega, og enginn veit það um hin óteknu lán, en hæstv. ráðh. hlýtur að geta farið nokkuð nærri um það, því að ég geri ráð fyrir, að hann hafi lagt niður fyrir sér, hve mikið ríkissjóði muni endurgreiðast frá þeim stofnunum, sem hin nýju lán eru tekin til. Væri mjög æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi upplýsa þetta.

Ég sé af 13. gr. D. fjárlagafrv., að þar eru færðar 48 þús. kr. meðal útgjalda símans, og eru það vextir og afborganir af hinu umsamda símastöðvarbyggingaláni. Eins er um vexti og afborganir af útvarpsláninu. Þetta verð ég að telja rangt. Fyrst sérstök grein er í fjárl. fyrir vexti og afborganir af lánum, þá á að sjálfsögðu að færa þetta til þar. Til símans hafa áður mörg lán verið tekin og þau færð í 7. gr., og því þá ekki þetta lán líka? Þetta miðar að því að fela vexti og afborganir og villir efnisniðurröðun fjárl.

Eftir því, sem ég áður tók fram, eru allar líkur á, að í tíð núverandi stj. komist ríkisskuldirnar upp í 25—30 millj. kr.,

en þær voru rúmlega 11 milljónir, er hún tók við. Í þessu sambandi er gagnlegt að minna hæstv. forsrh. á það, hver ummæli hann hafði á niðurlægingartímum sínum sem ritstjóri um fjárstjórn hv. 3. landsk. og mína. Hv. 3. landsk. kallaði hann „skuldakóng landsins“ og alkunnugt er, að hann rómaði lítið fjárstjórn mína árin 1920—1921. Sannleikurinn er nú sá, að þegar hv. 3. landsk. varð fjmrh. voru ríkisskuldirnar rúmlega 18 milljónir, en þegar hann fór frá rúmlega 11 milljónir. Ef hann því er réttnefndur skuldakóngur, þá hlýtur það að vera af því, að hann réði yfir skuldunum — borgaði þær að miklu.

En ef „skuldakóngur“ á að þýða þetta, og það eitt getur verið rétt, hvað vill þá hæstv. forsrh. kalla þá, sem auka skuldirnar eins og núv. stj.? Ég finn ekki neitt betra nafn á þeim en að kalla þá „skuldaþræla“, ef halda á líkingunni.

Skráin hér að framan sýnir, að þegar ég tók við fjármálaráðherrastarfinu eftir áramótin 1919—1920, voru ríkisskuldirnar 16,1 millj. kr., en þegar ég fór frá rétt eftir áramótin 1921—1922, voru þær 16,4 millj. Meiri var ekki skuldaaukningin þessi ár, þótt það væru mestu dýrtíðarárin, sem yfir okkur hafa komið. Laun embættismanna voru t. d. þá nærri tvöfallt hærri en nú vegna dýrtíðaruppbótarinnar. — Hver mundi nú trúa því, að þessi væri niðurstaða umræddra ára, sem eingöngu hefði lesið blað hæstv. forsrh.? Þessar tölur verða ekki rengdar, þær eru teknar eftir landsreikningunum. Ég man eftir, að ég hafði einu sinni með mér landsreikningana í stjórnmálafundaferð, og las að gefnu tilefni upp þær tölur úr þeim, sem máli skiptu, og bauð andstæðingunum að sjá, hvort ekki væri rétt frá skýrt. Þeir kærðu sig ekki um það, en fjöldi manna kom til mín eftir fundinn og sögðust aldrei skyldu trúa Tímanum oftar. En þetta var dálítill útúrdúr frá skuldaaukningunum, sem ég aftur mun snúa mér að.

Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þau lán, sem tekin hafa verið og takast eiga, séu eyðslueyrir, en þau hvíla á ríkissjóði um vaxtagreiðslu að meira eða minna leyti á næstu árum, og fyrir því verður að gera.

Ég man eftir, að hæstv. forsrh. sagði í deilunum við mig út af „fjáraukalögunum miklu“, að ég hefði gefið þinginu 1922 falska skýrslu um gjöldin 1921, af því að þegar landsreikningurinn fyrir 1921 kom, þá sýndi hann hærri upphæð en ég hafði gefið upp. Nú kom það fyrir þennan ráðh. í fyrra, að hann átti að gefa þinginu skýrslu um gjöld ársins 1928, og þegar landsreikningurinn 1928 kom, þá sýndi hann gjöld nærri ½ millj. kr. hærri en ráðh. sagði þinginu. Hann hefir þá eftir sínum eigin orðum gefið þinginu falsaða skýrslu. En það stóð eins á um okkur. Báðir gáfum við skýrslu, sem bundin var því skilorði, að frekari gjöld kæmu, og báðir erum við því jafn sekir eða jafn saklausir. Mér er óneitanlega dálítil ánægja í að húðstrýkja þennan hæstv. ráðh. með hans eigin vendi. Það er alltaf skemmtilegt að taka vopn mótstöðumannanna og vinna á þeim sjálfum með þeim. Og það er nú svona um hæstv. forsrh., að hann hafði vopnin mjög á lofti í ritstjórnartíð sinni, en nú eru flest eða öll þessi vopn komin í hendur andstæðinganna, því að svo að segja hvarvetna hefir hann sem ráðh. snúizt gegn því, sem hann áður hélt fram, og það er meinleysi og hlífð okkar andstæðinganna að þakka, að hann hefir stundarfrið. Sem dæmi má nefna, að meðan hann var ókrossaður vildi hann leggja skatt á heiðursmerki, en nú, þegar hann er orðinn einhver mesti krossberi landsins, nefnir hann þetta ekki á nafn, að hann fjandskapaðist móti öllum sendimönnum erlendis, en flýtir sér þó að skipa mann í slíkt sæti, sem losnaði í hans stjórnartíð, að hann ávítaði Jón sál. Magnússon harðlega fyrir að taka 4000 kr. í risnufé, en tekur sjálfur 8000 kr., að hann taldi fyrrv. stj. hafa gleymt tekjufrv., ef þau komu ekki fram í þingbyrjun, en nú kemur tekjufrv. fram, þegar langt er liðið af þingi, að hann taldi óheimilt að áætla með tekjuauka í fjárlagafrv., sem byggðist á væntanlegum nýjum lögum frá þinginu, en þó er þetta gert í frv. því, sem hér liggur fyrir, o. fl. o. fl.

Ég veit, að hæstv. forsrh. hefir látið lána kaupmanni einum hér í bænum 300 þús. kr., meira en milljónar-fjórðung úr sjóði Brunabótafélags Íslands, til þess að

reisa stórhýsi til verzlunar hér í bænum. Þetta þykir mér ákaflega undarleg ráðstöfun og raunar óverjandi. Fjöldi hreppsfélaga og sýslufélaga þarfnast mjög lánsfjár gegn ágætum tryggingum til mjög nauðsynlegra framfarafyrirtækja, og mér finnst, að það hefði verið stórum mun réttmætara að lána þetta fé til þeirra hluta en til verzlunarstórhýsis hér í bænum, fyrst Brunabótafélagið hafði safnað svo miklum sjóði, að það gat lánað þetta. Mér finnst sem sé, að hér í Reykjavík sé nóg af verzlunarhúsum, og hið opinbera þurfi því ekki að hjálpa til að byggja stórhallir í þessum tilgangi. Fjöldi nauðsynjafyrirtækja úti um land verður að bíða sökum þess, að ekki er unnt að fá lán til þeirra. Þessi stóra fjárhæð hefði getað bætt úr þeirri nauðsyn á mörgum stöðum, en hæstv. stj. hefir þótt réttara að láta hana koma þannig niður, og tel ég það mjög ámælisvert. Eftir skrifum hæstv. forsrh. undanfarið mundu fáir álíta, að hann væri svo mikill vinur kaupmannanna í Reykjavík, að hann steingleymdi þörfunum úti um landið fyrir hagsmunum eins kaupmanns hér í bæ. En það kemur fram hér sem víðar, að orð hans og athafnir eru sitt hvað, ekki skyldari en suðrið norðrinu, eða hvítur litur svörtum.

Næst vil ég vikja nokkrum orðum að fjós- og hlöðubyggingu á Hvanneyri, sem hefir kostað um 130 þús. kr. Margir munu álíta, að þessi bygging sé nokkuð dýr. Ég ætla að sleppa því, að hæstv. forsrh. hefir hér að mestu leyti byggt yfir gripi skólastjórans á Hvanneyri, sem er mágur hans, en ég vil snúa mér að því atriði, hvaða heimild hæstv. forsrh. hafi haft til þess að leggja fram þennan gífurlega byggingarkostnað. Ég mundi ekki eftir, að hæstv. stj. hefði hjá þinginu fengið samþykki til þess að nota þessa stóru upphæð í þessu skyni, og tók mér fyrir hendur að athuga þetta nánar. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að í fjárl. fyrir árið 1929 voru veittar 9 þús. kr. til aðgerðar fjósi á Hvanneyri, en enga aðra heimild hefi ég fundið fyrir þessari 130 þús. kr. greiðslu. Af þessum fjósbyggingarkostnaði voru um 80 þús. kr. greiddar á árinu 1928, en 50 þús. kr. á árinu 1929. Nú var það svo, að á þinginu 1929 lágu fyrir fjáraukalög fyrir árið 1928, og verð ég að láta í ljós mikla undrun mína yfir, að hæstv. forsrh. skyldi ekki telja sér skylt að fá samþykki fyrir þessari miklu greiðslu. Hann stendur í þeim sporum á þinginu í fyrra, að hann hefir greitt 80 þús. kr. án þess að hafa neina fjárveitingu frá þinginu, og hann er í þeim sporum, að hann veit, að hann heldur áfram að borga í stórum stíl, en samt leitar hann alls ekki heimildar þingsins. Með þessu hefir hann sýnt fjárveitingavaldi þingsins hina megnustu fyrirlitningu. Hann borgar 16—17 sinnum hærri upphæð en veitt var, og hirðir þó ekki um að fá samþykki þingsins, þótt tækifæri væri til. Svona aðferð verður þingið að átelja. Hæstv. forsrh. hefir hvað eftir annað sagt, að hann muni ekki greiða umfram fjárveitingu, en svona eru efndirnar á því. Nú spyr ég hann og krefst svars: Er allur þessi fjóskostnaður nú greiddur, eða er von á meiru? Ég tel mig hafa fulla ástæðu til að spyrja, því að mér er kunnugt um, að nýlega voru greiddar 10 þús. kr. til fjóssins. Ég vil vita, hvort áframhald á að verða á greiðslum í þessu skyni, svo að maður geti átt von á kannske í allt 200 þús.kr. kostnaði við þessar byggingar.

Ég vil einnig spyrja, hvernig hagað hafi verið þessari byggingu, sérstaklega hvort um ákvæðisvinnu hafi verið að ræða eða ekki.

Það, sem ég hér hefi sagt, sýnir það, að hæstv. ráðh. telur rétt að leggja fram úr ríkissjóði heimildarlaust á 2. hundrað þúsund kr. til þess að byggja yfir gripi einstaks manns, því að ríkissjóður á ekki nema tiltölulega fáar af kúnum á Hvanneyri. En þegar 8—10 hreppar úti á landi fara fram á styrk til raforkuveitu hjá sér, þá gerir hæstv. forsrh. það að flokksmáli að neita um þennan styrk. Hann veit þó, að fátt eða ekkert verður betra gert fyrir þessar sveitir en hjálpa þeim til þessa. Hann þykist vera vinur sveitanna, en breytnin er samt svona.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á Búnaðarbankann, þennan banka, sem bæði er húsnæðis- og peningalaus. Það er nú nærri ár síðan l. um hann voru samþ. hér á þingi. Eftir þeim l. á hann að starfa í 6 deildum, en aðeins 2 þeirra eru starfandi, Ræktunarsjóðurinn, sem

starfað hefir mörg ár, og Byggingar- og landnámssjóðurinn. Sparisjóðs-, veð-, smábýla- og bústofnslánadeildir eru ekki enn teknar til starfa eftir nærri ár. Til samanburðar er nógu fróðlegt að minnast þess, að forðum daga, þegar það drógst nokkra mánuði, að Búnaðarlánadeildin tæki til starfa, ætlaði þáv. ritstj. Tímans, núv. forsrh., að rifna af vandlætingarsemi, og átti hann þó sem meðlimur stj. Búnaðarfélags Íslands sök á nokkru af drættinum. Minnir mig, að við skiptumst þá á opnum bréfum um þetta, og hlægir það mig nú að geta minnt hann á að nú hefir hann dregið að koma á fót lánstofnun fyrir landbúnaðinn lengur en þá var gert, og þótti honum það þó óhæfilegt, en nú telur hann víst allt í besztu reglu.

Ég sagði, að dregizt hefði að koma lánsstofnun þessari á fót, en eitt var það, sem ekki drógst, og það var að skipa bankastjórana. Þeir fæddust, 3 að tölu, og er almennt álitið, að þeir muni ekki vera ofreyndir af störfum. Laun er sagt að þeir hafi rífleg, að minnsta kosti 1 þeirra, sumir segja 18 þús. kr. á ári, aðrir 24 þús. kr. Hæstv. forsrh. hefir verið spurður um þetta hér í d. og engu svarað. Nú endurtek ég spurninguna um þetta og vænti, að hæstv. ráðh. svari, því að slíkt sem þetta á ekki að vera launungarmál.

Annars var aðalástæða mín fyrir að hreyfa þessu máli sú, að ég vildi spyrja hæstv. ráðh. hvenær hinar 4 nefndu deildir bankans muni taka til starfa. Það er atriði, sem varðar fjölda sveitabænda.

Úr því ég er að ræða við hæstv. forsrh. get ég ekki gengið fram hjá því, hversu honum hefir farizt formennska bankaráðsins í Íslandsbanka. Þessu starfi hefir hann gegnt hér um bil 2½ ár, og gegnir enn. Þetta starf hans hefir borið þann árangur, að bankinn er lokaður eins og kunnugt er, og þingið hefir neyðzt til að leggja fram, eða lofa að leggja fram stórfé til þess að bjarga viðskiptalífi landsins og lánstrausti þess. Allan þennan tíma, sem hæstv. forsrh. hefir verið form. bankaráðsins, hefir verið eindæma góðæri, en áður hafði bankanum verið haldið á réttum kili á neyðarárum dýrtíðar og viðskiptakreppu án nokkurs fjárframlags úr ríkissjóði.

Hvað er það nú sem veldur þessu? Hvers vegna skiptir svo í tvö horn eftir því hver á heldur?

Ég held, að það sé af því, að fyrri forsrh. hafa skilið þýðingu bankans fyrir viðskiptin í landinu. Þeir sáu, að bankann þurfti að styðja, ekki vegna bankans sjálfs — því að bankarnir eru til vegna viðskiptalífsins, en viðskiptalífið ekki vegna bankanna — heldur vegna almennings í landinu. Þeir höfðu því stöðugt auga með hag bankans og veittu aðstoð strax og með þurfti. Á þennan hátt var hægt að hjálpa útlátalaust, og á þennan hátt hélt bankinn áfram störfum sínum án áhættu og útláta fyrir ríkissjóð. En þegar hæstv. forsrh. tók við æðstu stj. bankans, þá brast hann skilninginn á þessu. Hann skildi ekki þýðingu bankans fyrir þjóðarheildina. Þetta segi ég ekki út í bláinn né athugunarlaust. Ég hefi veitt athygli hug hæstv. forsrh. til bankans á þinginu síðan 1924, og það hefir jafnan andað kalt frá honum og hans flokki, með nokkrum undantekningum þó, í garð bankans. Ég kenni þetta ekki illum vilja, heldur skilningsleysi á nauðsyn þess að halda lífi í bankanum.

Ég tel, að með því að veita ábyrgð ríkissjóðs á öllum innstæðum í Landsbankanum, eins og gert var 1928, undir forystu hæstv. forsrh. og í skjóli hins nýskapaða þingmeirihluta, hafi Íslandsbanka verið veitt svöðusár, enda var strax á það bent í þinginu það ár. Það gefur sem sé öllum að skilja, að þegar 2 bankar, og hvorugur sterkur, eru í landinu, þá er þeim þeirra, sem fær ríkisábyrgð á inneignum landsmanna, veitt ótvíræð aðstaða til að soga til sín sparifé landsmanna úr hinum bankanum. Menn láta helzt fé sitt þar, sem það er tryggast. Með þessu er soginn mergurinn úr hinum bankanum, því að bezta starfsféð, sem bankar hafa, að undanskildu eigin fé, er sparifé.

Og ég hefi séð fleiri merki skilningsleysis á þýðingu bankans. Ég hefi séð þau á þessu þingi átakanlegast og greinilegast. Ég hefi séð hæstv. forsrh. halda fast við lokun bankans þangað til brakaði í stólnum undir honum. Þá og þá fyrst kenndi hann sín og iðraðist eins og fálki, sem fæst við rjúpu, sem hann hefir drepið.

En þetta skilningsleysi hefir orðið og verður landsmönnum dýrt, hvernig sem fer. Lánið til að bjarga bankanum mun hvíla allþungt á oss fyrst um sinn, en ennþá verra, langtum verra, hefði það verið að hlaupa ekki undir bagga. Því miður er þetta mál ekki enn til lykta leitt. Ennþá er bankinn lokaður og ég get ekki neitað því, að ennþá er ég ekki ugglaus um lausn málsins, þegar ég hugsa til skilningsleysisins og þess, hve hæstv. stj. er háð jafnaðarmönnum, sem alkunnugt er, að hafa barizt ósleitilega fyrir lokun bankans.

Mín skoðun er því sú, að hún hafi orðið oss dýr bankaráðsformennska hæstv. forsrh. Hann hefir leyft blöðum sínum sýknt og heilagt að rýra og naga traust bankans, þar til hann féll, en landsmenn borga brúsann, til þess að lenda ekki í enn meiri vandræðum.

Þetta er þá líkræðan yfir bankaráðsformennsku hæstv. forsrh., því að hvernig sem fer, er sú formennska á enda. Líkræðan er samin eftir beztu vitund. Það fullvissa ég hæstv. ráðh. um.

Hæstv. forsrh. hefir sjaldan hin síðustu 6—7 árin minnzt á mig án þess að minnast á „fjáraukalögin miklu“ (fjáraukalögin 1920—1921). Í hvert sinn, eða því sem næst, sem okkur hefir lent saman í ræðu eða riti — og það hefir verið talsvert oft —, hefir aðalvopn hans verið fjáraukalögin miklu. Með þeim hefir hann reynt að vega mig sýknt og heilagt.

Nú hefir hæstv. ráðh. verið forsætisráðherra 2 heil ár, árin 1928 og 1929. Nú er því hægt að bera saman, hvor okkar hefir eytt meiru upp á væntanlega aukafjárveitingu, ég eða hann. Árin 1920—1921 falla á mitt bak, en árin 1928—1929 á hans.

Áður en ég fer út í nokkurn samanburð um þetta ætla ég að minna á orð hæstv. ráðh. sjálfs, er hann sagði í þinginu 1928, og til þess að sýna, að ég fer rétt með, skal þess getið, að þessi orð standa í Alþt. 1928, B. 298. dálki: „Við ætlum ekki að ganga með „fjáraukalögin miklu“ á bakinu; í þær íhaldsspjarir ætlum við ekki að fara. (MG: Við sjáum nú til). Nei, það er áreiðanlegt, að við gerum það aldrei“.

Eins og hin tilfærðu orð sýna, hefi ég tekið fram í ræðu hæstv. ráðh. við þetta tækifæri og sagt, að við skyldum sjá til. Ég ætla að enda þetta og athuga, hvort hæstv. ráðh. getur staðið við þetta eða ekki.

Stj. hefir nú lagt fyrir þingið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928. Þar er farið fram á aukafjárveitingu að upphæð rúmlega 1800 þús. kr. Ennfremur hefir stj. gefið bráðabirgðaskýrslu fyrir árið 1929. Samkv. þeirri skýrslu eru gjöld þess árs rúmlega 14400 þús. kr., en fjárveiting fjárl. var 10850 þús. kr. rúml. Umfram fjárveitingu hefir því verið greitt á árinu um 3½ millj. kr. Þar við bætist svo það, sem ógreitt var um miðjan jan. í ár af gjöldum ársins 1929. Það áætla ég ½ millj. kr., eða alveg eins og það var í fyrra. Greiðslur umfram fjárveitingar verða þá 4 millj. kr. 1929. Nú veit ég, að ekki kemur öll þessi upphæð á fjáraukalög að ári, en eftir að hafa athugað þetta mál, sem ég er nauðkunnugur, er ég viss um, að minna en 2,6 millj. kr. kemur ekki á fjáraukalög fyrir árið 1929, ef fylgt verður sömu reglu og hingað til. Ef gengið er út frá þessu í frv. hæstv. stj. fyrir árið 1928, þá verða fjáraukalög þessara ára 4,4 millj. kr., en „fjáraukalögin miklu“ voru ekki nema 4,3 millj. kr.

Hæstv. forsrh. sýnist mér því hafa sokkið í þann pytt, sem hann svo að segja sór og sárt við lagði, að hann myndi ekki gera. Ég sé ekki betur en að hann muni verða talinn höfundur „fjáraukalaganna mestu“, og skilst mér þá, að stimpillinn, sem hann ætlaði að setja á mig, muni lenda á honum sjálfum. Ef hæstv. ráðh. skyldi vilja reyna að verja sig með því, að hann hefði ekki verið fjmrh. þessi ár, þá vil ég fyrst og fremst benda honum á, að hann hefir verið fjmrh. nokkurn hluta tímabilsins, og allan tímann hefir hann verið það, sem meira er en fjmrh., sem sé forsrh., og ábyrgð hans því mest allra ráðh.

En það er annað, sem gerir árin 1920—1921 og 1928—1929 ósambærileg. — Árin 1920—1921 eru mestu dýrtíðarárin, sem yfir oss hafa gengið. Gott dæmi til að sýna mismuninn er það, að árið 1920 var dýrtíðaruppbót embættismanna 120% og 1921 137%, en 1928 og 1929 var hún 10%. Allir sjá, hve gífurlegur munur þetta er.

Þetta munar milljónum fyrir ríkissjóð. Og svona er þetta á öllum sviðum. Kaupamannskaupið komst t. d. á þessum árum upp í 100 kr. á viku, en nú mun mega telja það um 50 kr. að meðaltali. Til þessa tók forsrh. ekkert tillit, þótt það auðvitað hlyti að koma niður á ríkisbúskapnum í öllum greinum. Enginn þáttur ríkisbúskaparins var ósnortinn af þessu. Alstaðar lagði dýrtíðin sína helköldu hönd á. Vegir, brýr, vitar, símar, skólar, spítalar, embættislaun, eftirlaun, póstgöngur, prentun, söfnin, allt varð um það bil tvöfalt dýrara en það er nú.

Mér dettur í hug að nefna hér eitt dæmi um hina lamandi hönd dýrtíðarinnar, sem ég vænti, að hæstv. forsrh. rengi ekki. Það er þetta:

Jónas Þorbergss., fyrrv. ritstj. Tímans, reit fyrir nokkru og birti opinberlega æfiágrip Hallgríms sál. Kristinssonar. Þar er sagt frá því, að á þessum dýrtíðarárum hafi Hallgr. sál. verið hugsandi mjög yfir skuldum þeim, sem hlóðust á kaupfélögin og Sambandið vegna dýrtíðarinnar. Honum hafi stundum fundizt sem lífsverk sitt væri að hrynja til grunna, því að skuldlaus eða skuldlítil verzlun var áhugamál hans. Nú spyr ég: Vill hæstv. forsrh. kenna Hallgr. sál. um skuldasöfnunina? Eða vill hann kenna bændum um hana? Ég vil það ekki. Ég kenni þetta rás viðburðanna, sem enginn ræður við. Ég þakka hamingjunni fyrir það, að á þessum árum tókst að verja ríkissjóðinn bölvun skuldaaukningarinnar, og ég álít, að þeir, sem fyrir því stóðu, eigi að minnsta kosti kröfu á að vera lausir við álygar óhlutvandra manna.

Áætlanir þingsins fyrir árin 1920—1921 reyndust minnst 100% lægri en veruleikinn krafði. Ekki hefir hæstv. núverandi stj. þá afsökun yfirleitt fyrir umframgreiðslum sínum. Sumir liðir hafa verið of lágt áætlaðir. Það viðurkenni ég, en stj. hefir borgað út stórfé, sem enga stoð hefir í fjárl. Ég vil geta þess til, að meðfram sé orsökin sú, að góðæri hefir verið óvanalegt þessi ár. En þá vaknar sú spurning, hvort stj. eigi eða hafi heimild til að greiða gífurlegar upphæðir utan fjárl. af því að tekjur fara fram úr áætlun. Mér er ljóst, að dómur um þetta fer mikið eftir því, til hvers greiðslan hefir farið, hvort það er til nytsamra framkvæmda, eða ónauðsynlegra bitlinga eða fánýts nefndafargans. Ég verð að segja, að mér þykir það undarleg fjármálaspeki eftir hin ágætu ár, sem á undan hafa gengið, að við skulum þurfa að taka lán til t. d. símastöðvar og útvarpsstöðvar. Hefði ekki verið viturlegra að láta af nægtum þessara góðæra til þessa, heldur en setja þessi fyrirtæki sem bagga á komandi ár, 10—15—20, sem sennilega verða sum vond og sum góð? Ég held, að lánin geti orðið mörg hjá okkur, ef í hvert skipti á að taka lán, er stórbygging er reist. Mín skoðun er sú, að það hafi verið mjög heppileg ráðstöfun, er fyrrv. stj. notaði hinn mikla tekjuafgang ársins 1925 til skuldagreiðslu.

Mér er kunnugt um, að hæstv. stj. hefir keypt jarðir nokkrar í Ölfusi fyrir 100 þús. kr., vegna þess að þar er jarðhiti. Nú vil ég spyrja: Hvað ætlar hún að gera við þessar jarðir? Í fasteignamati eru þær metnar á rúml. 30 þús. kr., og þykir mér kaupverðið því hátt.

Eins og kunnugt er voru á þinginu 1928 sett lög um friðun Þingvalla. Eftir þeim lögum er Þingvallasveitin friðlýstur helgistaður frá 1. jan. 1930, og verja á landið fyrir ágangi sauðfjár. Sem betur fer er enn lítið gert til þess að uppfylla ákvæði þessara l. og við, sem börðumst gegn þessum l., höfum fengið sannanir fyrir, að það, sem við sögðum um kostnaðinn af framkvæmd þeirra, er sízt ofmælt, en það mál mun ég sennilega rekja betur síðar, ef af framkvæmdum verður.

Það er þó ekki svo að skilja, að ekkert hafi verið gert á Þingvöllum í skjóli þessara friðunarlaga. T. d. hefir presturinn verið flæmdur burtu, bæjarhúsin rifin og byggt þar veglegt steinhús, sem ég veit ekkert hvað á við að gera, ef þar verður ekki prestur. Kunnugt er og, að Valhöll og konungshúsið hefir verið flutt með ærnum kostnaði. Hinn beini flutningskostnaður er þó hið minnsta, sem af þessu leiðir. Óbeinn kostnaður er margfallt meiri, því að til þess að komast að þessum húsum, þar sem þau eru nú, þurfti að leggja langan veg, með steypubrú á Öxará, leggja vatnsleiðslur m. m. Þar við bætist, að Valhöll var sett rétt hjá mýrarsvakka, svo að miklu fé hefir

þurft að verja til þess að fylla svo upp í kring um hana, að hægt væri að ganga þar í kring þurrum fótum. Hve mikið allt þetta hefir kostað veit ég ekki, en það hlýtur að vera að minnsta kosti 100 þús. kr., og ég verð að segja, að ég hefi aldrei vitað gálauslegar og heimskulegar með fé farið. Ég er í Þingvallafriðunarnefndinni, og ekkert af öllum þessum verkum hefir verið undir mig borið, nema sjálfur flutningur húsanna, sem ég auðvitað var alveg mótfallinn. Mér blöskrar og sárnar að sjá þannig farið með fé, er ég hugleiði hinar mörgu knýjandi þarfir hvarvetna á landinu. Ég veit ekki hvort meðnm. minn, hv. 4. landsk., hefir samþ. þetta, en ég gæti bezt trúað, að hæstv. dómsmrh., sem er 3. maður í n., hafi einn ráðið þessu, og er það ekki meira en annað gerræði hans. Hann skeytir ekkert um lög né reglur, heldur fer því fram, sem honum sýnist í það og það skiptið.

Ég get ekki endað þessi orð mín án þess að minnast nokkrum orðum á fimmtardómsfrv. það, sem hæstv. stj. hefir lagt fyrir þingið. Í þessu frv. eru alveg auðsæ stjórnarskrárbrot. Hæstv. stj. hefir eins og við hinir þm. unnið eið að því að halda ákvæði stjskr. Hún hefir unnið tvöfaldan eið að henni, þingeið og embættiseið. Ég ákæri hana fyrir að hafa rofið þennan endurtekna eið, ég ákæri hana fyrir að hafa leyft sér að reyna að raska þeim hornsteinum, sem stjórnskipulag vort er byggt á. Ég mun taka þetta nánar til athugunar síðar hér í d., ef frv. þetta gengur gegnum Ed., sem mér þykir mjög ólíklegt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er nú í þriðja sinn, sem ég hefi þá ánægju að sitja hér fyrir áróðri hv. stjórnarandstæðinga á eldhúsdegi. **(ÓTh:** Það ætti að vera í síðasta sinn). Ég efast um, að hv. 2. þm. G.-K. trúi því sjálfur, að svo verði. — Í bæði skiptin hefi ég haft ástæðu til þess, þegar ég hefi hlýtt á ræðu aðalræðumanns stjórnarandstæðinga, að láta í ljós ánægju mína. Og eftir að ég hefi hlýtt á ræðu hv. 1. þm. Skagf. nú, sé ég, að ég hefi enn ástæðu til að þakka stjórnarandstæðingum fyrir það, hvernig þeir hefja árás sína á stj.

Ég skal aðeins rifja það upp, hve mikla ástæðu ég hafði til að þakka hv. þm. í hitteðfyrra. Þá líkti hann mér við hinn forvitra, rómverska guð, sem hafði tvær ásjónur og horfði annari fram í tímann, en hinni aftur til hins liðna. En í fyrra var hv. 1. þm. Reykv. kjörinn til að hefja árásina á mig, og hóf hana þá með því að segja, að stj. væri að batna.

Ef litið er í stórum dráttum yfir ræðu hv. 1. þm. Skagf., þá er það dálítið eftirtektarvert, að hann byrjar ekki á því að finna að stj. Nei, það finnst hv. þm. ekki liggja næst; hann byrjar með því að ráðast á þingið. Hv. þm. var að tala um, hve lítið lægi eftir það. Þetta væri 16. þingið, sem hann sæti, og þetta væri aumasta þingið af þeim öllum.

Svo kom hv. þm. að mér. Og þá skyldi maður halda, að rauði þráðurinn í ræðu hv. þm. hefði verið árás á forsætisráðherrann. Nei, það var langtum meira árás á gamla ritstjóra Tímans, Tryggva Þórhallsson, sem hv. þm. verður svo oft talað um. Þegar hv. þm. svo löngu síðar fer að ráðast á ráðh., verður hann að rifja upp eitthvað gamalt til þess. En ég fyrir mitt leyti er mjög ánægður með, hvernig fór um okkar viðskipti, og hefi enga ástæðu til að reyna að bæta um það aftur.

Svo hélt hv. þm. áfram að tala við ráðherrann, og þá var ég að bíða eftir einhverri nýrri samlíkingu hjá honum. Jú, hún kom. Hv. þm. líkti mér við fálka, þennan göfuga og hrausta fugl, sem um langt skeið var í skjaldarmerki Íslands. Ég verð einu sinni enn að þakka hv. þm. fyrir það, hvernig hann byrjar aðalárásarræðu sína. **(MJ:** Það hefði átt að líkja hæstv. ráðh. við sauð. — **ÓTh:** Það hefði verið réttara að líkja honum við þorsk). Nei, ég vil heldur láta líkja mér við sauð heldur en þorsk.

Ég verð að víkja að því, sem hv. þm. beindi til mín sem ritstjóra Tímans. — Af því gamla, sem hv. þm. nefndi, var það, að ég hefði kallað hv. 3. landsk. skuldakóng, og ég vil undirstrika það, að ég skal gera það enn, hvar og hvenær sem er, því að ég álít það verðskuldað nafn. En það var ekki það, hverjar skuldirnar eru á pappírnum, sem setti aðalsvipinn á ráðherradóm hv. 3. landsk. Það, sem var höfuðsvipurinn, var það, að þegar yf-

ir Ísland kom eitthvert hið mesta góðæri og veltiár, sem yfir landið hefir komið, þá notar stj. það, með hv. 3. landsk. í broddi fylkingar, til að breyta því góðæri í hið mesta böl, með því að láta dynja yfir þjóðina hina mestu gengishækkun, sem dæmi eru til, sem bæði bankar og einstakir atvinnurekendur enn standa undir með bogin bök, vegna ofurþunga hinna ranglátu byrða.

Því næst talaði hv. þm. um það, sem ég hefði sagt um hans eiginn ráðherradóm. Náttúrlega get ég látið minn dóm koma fram um það á ný, en ég þarf ekki að vera að rifja það upp aftur, því að ég get vitnað í annan dóm, dæmdan af hans eigin flokksmönnum. Hv. þm. varð fjmrh. í fyrsta skipti þegar hann varð ráðherra. Svo komst hans flokkur aftur til valda, og ég hygg, að engum af hans flokksmönnum hafi þá dottið í hug að gera hann að fjármálaráðherra, en sá, sem var gerður að fjmrh., var verkfræðingur, sérfræðingur í atvinnumálum. En engum kom í hug að gera hann að atvmrh.; það var álitin jafnmikil fjarstæða og að gera hv. þm. sjálfan aftur að fjmrh. (MJ: Það er víst sérfræðingur í lögum, sem er dómsmrh. núna?).

Svo kom hv. þm. aftur að okkar gömlu málum og „fjáraukalögunum miklu". Sagðist einu sinni hafa haft þau með sér þegar hann var í þingmálafundaferð, og talaði mikið um þann árangur, sem orðið hefði af því. Það er fróðlegt að tala mikið um það, en það er ennþá fróðlegra að sjá, hver árangurinn hefir orðið í verkinu. Hv. þm. var með þau í töskunni, þegar hann bauð sig síðast fram í Skagafjarðarsýslu, — og hver varð árangurinn? Hann varð sá, að atkvæðum mótstöðumanna hans fjölgaði meira en nokkru sinni áður, um 50—100%, en hans eigin atkvæðum fækkaði að sama skapi. Það hefir m. ö. o. aldrei verið komið eins nærri hv. þm. með hinn pólitíska skurðhníf eins og einmitt þegar hann var með fjáraukalögin miklu í töskunni. Og sami hefir árangurinn orðið annarsstaðar úti um land, því að við sjáum hann alstaðar við síðustu kosningar. Það er, sem sagt, hinn mesti stjórnmálaósigur, sem nokkur flokkur hefir beðið síðan árið 1908. Ef þetta mætti nú skilja sem árangur af bardagaaðferð hv. þm., þá vildi ég fyrir mitt leyti óska þess, að hv. 1. þm. Skagf. færi sem oftast út um byggðir landsins með fjáraukalögin miklu í töskunni.

Hv. 1. þm. Skagf. vék svo ofurlítið að skýrslu, sem hann hefði gefið á þingi sem fjmrh. — ég man ekki, hvort það var á þinginu 1920 eða 1921 — og skýrslu, sem ég sem settur fjmrh. gaf á þinginu í fyrra. Um þær skýrslur er það að segja, að engum er kunnugra um það en hv. þm. sjálfum, að þær skýrslur eru samdar af starfsmönnum í fjármálaráðuneytinu, og verður fjmrh. mjög að reiða sig á það, sem þeir starfsmenn gefa upp. Hv. þm. sagði, að aðstaða okkar um þetta hefði nákvæmlega verið sú sama. En ég vil segja það, að það er mjög rangt að segja, að okkar aðstaða væri nákvæmlega sú sama. Hv. þm. var fjmrh. og hafði ekkert annað starf á hendi, og átti þess vegna að hafa lagt alveg sérstakt starf í það, þegar þessi skýrsla var samin. Ég hafði, aftur á móti, hlaupið til, þegar Magnús heitinn Kristjánsson dó, og bætt því ofan á önnur störf; meira að segja sat ég líka samhliða á búnaðarþingi, og gat þá ekki hjá því farið, að ég yrði miklu háðari starfsmönnum í stjórnarráðinu um þessa skýrslugerð. (MG: Báðar skýrslurnar voru réttar). Það reyndist síðar, að þær voru hvorugar fyllilega réttar.

Þá vék hv. þm. að því, hvað þeir stjórnarandstæðingar væru vel innrættir í minn garð; ég hefði smíðað vopnin, en þeir vildu ekki beita þeim, þeir væru svo meinlausir og saklausir. Hvernig stendur á þessu? Ég hefi ekki beðið þá að vera meinlausa. Og hafi ég verið grimmur og harður við þá, því koma þeir þá ekki líka með sína grimmd? Ég bið þá engrar vægðar. Komi þeir bara og með þau vopn á mig, sem þeir geta!

Þá vék hv. þm. að sérstöku atriði frá því að ég var ritstjóri Tímans, sagði, að ég hefði þá viljað leggja skatta á krossa, en vildi nú ekkert við það fást eða væri á móti því, eftir að ég hefði verið krossaður sjálfur. Hv. þm. getur borið fram frv. um það efni, og ég lofa hv. þm. því hér í heyranda hljóði, að ég skal vera tilbúinn að samþykkja slíkt frv. hvenær sem er. (MJ: Hversvegna kemur hæstv.

ráðh. ekki með það sjálfur?). Ég hefi einu sinni borið fram þess háttar frv., og goldið Torfalögin að því leyti, en þá var það fellt fyrir mér, mig minnir af hv. þm. og flokksbræðrum hans. En ég skal fylgja því af öllu afli. Svona er þessu þá varið, og hv. stjórnarandstæðingar geta hagað sér eftir því; öruggasta atkv. sitt skulu þeir hafa frá mér. (MG: Það er ekkert að marka, hverju hæstv. ráðh. lofar). Það er bezt að láta reynsluna skera úr því.

Svo sagði hv. þm., að ég hefði lánað kaupmanni einum hér í bæ 300000 kr. úr Brunabótafélagi Íslands. Ég verð að segja það, að þetta var það illgjarnasta, sem kom fram í ræðu hv. þm., og hv. þm. veit vel, hvernig á þessu stendur. Það var einn af hans kunnustu fylgismönnum, sem lagði til, að stjórn Brunabótafélagsins fengi leyfi til að gera þetta, til að reyna að bjarga allmiklum fjármunum fyrir Brunabótafélag Íslands. Forstjóra Brunabótafélagsins fyrrv. mun ekki hafa gengið annað til en þetta. Ef hv. þm. því óskar að ræða þetta frekar, þá getur hann fengið allar upplýsingar um þetta mál hjá þessum nánasta samherja sínum.

Þá talaði hv. þm. mikið um fjós á öðrum bændaskólanum. Hann talaði aðeins um fjós, en það er um fjós og hlöðu að ræða. Já, „öðrum fórst en ekki þér", því hv. 1. þm. Skagf. á sína sögu gagnvart bændaskólunum, og ef við förum að rifja upp, hvaða fjármuni hv. þm. lét renna úr ríkissjóði til íbúðarhússins á Hvanneyri, þá kemur það fram, að hann lét ríkissjóðinn borga þá helmingi hærri upphæð en ég hefi látið ganga til fjóss og hlöðu þar, og þótt nauðsynlegt sé að hafa stórt og gott íbúðarhús á slíkum stað, þá hygg ég þó, að gott fjós og hlaða sé enn nauðsynlegra fyrir rekstur bændaskóla. En hvað snertir heimildir fyrir stj. til að láta gera þetta, þá er sú saga svo löng, að hún nær aftur í stjórnartíð hv. 1. þm. Skagf. Það var á þinginu 1927, sem erindi kom frá bændaskólastjóranum á Hvanneyri um, að það væri ekkert undanfæri, að það yrði að byggja upp fjósið á Hvanneyri, og fjvn. Nd. lagði einróma til, að á liðinn „ýmisleg útgjöld" væri bætt 9000 kr. í þessu skyni, og að á næsta ári skyldi koma meira. Þetta var samþ. hér í hv. Nd., og þar sem hv. þm. var að tala um, að þetta væri mál, sem kæmi mönnum mjög á óvart, þá er þó skýrt og skilmerkilega frá því sagt í landsreikningnum, sem nú hefir verið útbýtt hér, auk þess sem þessi saga er öllum kunn, sem sátu í Nd. á Alþingi 1927. En hv. Ed. felldi þessa fjárveitingu að því sinni.

Í fjárl., sem sett voru 1928, var þetta aftur borið fram af stj. og samþ. af Alþingi, og svo var farið að hugsa um framkvæmdir á verkinu. Húsameistari ríkisins var sendur upp eftir meðan stóð yfir þingið 1928. Ég man ekki dagsetninguna, hvenær hann fór þessa ferð, en svo mikið er víst, að þegar hann kom aftur, voru fjárl. svo langt komin, að ekki var hægt að koma brtt. að. Af till. húsameistara er það að segja, að hann taldi „plan" það, sem verið hafði áður um það, hvernig fjósið skyldi verða, með öllu óframkvæmanlegt. Það átti nefnilega að notast við veggi úr gamla fjósinu, en hann taldi það með öllu ógerlegt. En þá þurfti að leysa málið á annan hátt. Við vildum ekki, að þarna færi eins og í Reykholti, að fjósið dytti niður á kýrnar. Ég veit ekki nema hv. 1. þm. Skagf. hafi viljað það, en okkur þótti það höfuðskömm, að láta það koma fyrir á öðrum bændaskóla landsins. Húsameistari lagði til, að reist yrði nýtt fjós, fyrst ekki var hægt að nota það gamla. Húsameistari gerði áætlun um kostnaðinn í þinglokin 1928. Sú áætlun og þessar till. hans komu fyrir fjvn. Nd. rétt í þinglokin. Fjvn. hafði ekki langan tíma til stefnu, og ég man ekki, hvort sérstök samþykkt var gerð um þetta, en n. áleit, að í þessu efni yrði að fara eftir því, sem húsameistari legði til.

Það var vitanlega ekki formlegt að veita úr ríkissjóði þá upphæð, sem þetta kostaði, en það var gert í samráði við fjvn. og farið eftir till. sérfræðings, húsameistara ríkisins. Á þessum grundvelli var málið framkvæmt. Þessi bygging kostaði meira en áætlað var, eins og oft vill verða, og mér þykir ekkert undarlegt, þó að mörgum þm. vaxi þessi upphæð í augum. Og enginn átti von á því í upphafi, að þetta yrði svona dýrt. En ég skal taka það fram, að mér vex hún ekki mjög í augum. Hv. þm. sagði,

að þarna hefði verið byggt yfir búfé einstaks manns. En hann veit það vel, sá hv. þm., að þetta er ekki rétt nema að litlu. Þó að ríkið eigi ekki enn þá mjög mikið af fénaði á Hvanneyri, þá er ætlazt svo til, að það verði ekki svo framvegis. Hv. Ed. gerir a. m. k. ráð fyrir því, að í framtíðinni verði rekið myndarlegt bú á Hvanneyri, sem verði ríkiseign.

Ég skal með mestu ánægju taka á móti ávítum fyrir það, að ég lét reisa þarna myndarlegt fjós og hlöðu. Og ef nú stæði svo á, að þyrfti að taka slíkar ákvarðanir, mundi ég snúast alveg eins við því). (ÓTh: Ekki má nú gleyma fjárveitingunni). Hv. þm. mega láta mig sæta ábyrgðinni fyrir þetta. Þeir mega koma og segja: „Þar sem bændaefni landsins eiga að læra að búa, þar á fjósið að detta niður á kýrnar".

Hv. 1. þm. Skagf. spurði, hvernig verkinu hefði verið hagað, hvort það hefði verið ákvæðisvinna eða daglaunavinna. Því get ég ekki svarað nú; ég hefi engan tíma fengið til að fara og spyrja húsameistara að því. Hv. þm. heldur ef til vill, að ég hafi haft einhverja prettí í frammi við þetta, en ég skal segja honum það, að húsameistari sá um þessa byggingu eins og allar aðrar opinberar byggingar og hefir vafalaust hagað sér eins um þessa sem um allar aðrar.

Hv. þm. sagði, að umhyggja mín fyrir landbúnaðinum sýndi sig í þessu. Ég léti reisa svona stórbyggingu á einum stað fyrir afar mikið fé, en ríkissjóður væri lokaður fyrir 8—10 sveitum norður í Skagafirði, þegar þær vildu fá styrk ríkisins til að koma upp raforkuveitum. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál nú, en aðeins geta þess, að nú er verið að semja heildarlöggjöf fyrir raforkuveitur. Þess vegna eiga einstakar sveitir ekki að hlaupa fram fyrir, meðan verið er að koma skipulagi á þetta mál. En þegar þessi löggjöf er komin, þá geta Skagfirðingar komizt að með sínar till. eins og aðrir.

En ég mun jafnan, meðan ég er atvmrh., telja það skyldu mína að hlynna alveg sérstaklega að bændaskólunum, sem ég tel einna þýðingarmestu stofnanir landbúnaðarins.

Þá talaði hv. þm. um Búnaðarbankann og það húsnæðisleysi, sem hann ætti við að búa. Sem betur fer, eru fyllstu líkur á því, að það húsnæðisleysi verði ekki lengi. Og það grunar mig, að ef ég verð lengi ráðh., sem enginn veit, að ég muni fremur fá árásir fyrir það, að hafa fengið bankanum of veglegt húsnæði en of lélegt, og til þess hefi ég fremur skap. Ég vil heldur fá átölur fyrir að vera of rausnarlegur en of knífinn í því efni. Hv. þm. talaði um, að ég hefði dregið lengi að stofna bankann, en ég hefði ekki dregið að veita bankastjórastöðurnar. En hvernig er hægt að stofna banka án þess að skipa bankastjóra? Bankinn er ekki stofnaður fyrr en bankastjórarnir eru komnir. Hv. þm. vill láta draga að skipa bankastjórana. En hverjar hefðu afleiðingarnar orðið, ef það hefði verið gert? Þá hefði vitanlega öll undirbúningsvinna undir það að koma skipulagi á bankann orðið að bíða. Heldur hv. þm., að allar reglur fyrir hinar mörgu deildir bankans og yfirleitt allt fyrirkomulag bankans hefði skapað sig sjálft, svo að bankinn hefði allt í einu komið fram alskapaður eins og Aþena forðum út úr höfðinu á Seifi? Nei, til alls þessa þarf mikla vinnu, og hverjir áttu að vinna það verk aðrir en bankastjórarnir? Það er gæfa, að hv. 1. þm. Skagf. átti ekki að skipa bankastjórnina. Hann hefði látið það dragast, svo að bankinn hefði ekki getað tekið til starfa og ekkert verið hægt að gera. Ég vona, fyrst bankastjórnin var skipuð á þeim tíma, sem var, en ekki dregið að gera það, þá takist að vinna hinn nauðsynlegasta undirbúning, áður en hann flytur í þau bráðabirgðahúsakynni, þar sem hann verður að vera, þangað til hann fær önnur veglegri og betri húsakynni en þar eru.

Þá kom hv. þm. að því í ræðu sinni, þegar ég hafði á hendi yfirstjórn Íslandsbanka, eins og hann orðaði það. Honum fannst, að þessi generalbankastjóri, Tryggvi Þórhallsson, hefði að mestu leyti eða öllu leyti verið valdur að þessum vandræðum Íslandsbanka. Það hefði þó verið munur á hinum fyrrv. ráðherrum og þessum. Þeir hefðu vitað og skilið, hvað þeir voru að gera. Hv. 1. þm. Skagf. vissi, hvað hann var að gera, þegar hann tók enska lánið, það versta lán, sem

nokkru sinni hefir verið tekið Íslendingum til handa. Hv. 3. landsk. vissi, hvað hann var að gera, þegar hann skipaði Landsbankanum að beina einni millj. til Íslandsbanka. Hv. þm. vill, að ég hefði gert slíkt hið sama og látið ríkið taka á sig alla súpuna, þegar bankastjórn Íslandsbanka kom til mín og fór fram á það. Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf., að það er mikill munur á mér og hinum fyrrv. bankaráðsmönnum Íslandsbanka að þessu leyti.

En ég er ósammála hv. 1. þm. Skagf. um annað. Það hefir komið fram áður í ræðu hjá honum, að hann álítur, að fyrst og fremst hafi ég sem bankaráðsformaður átt að hugsa um hag bankans, en ég álít, að fyrst og fremst hafi átt að hugsa um hag landsins. Annars fer ég ekki langt út í það mál. Ég býst við, að flestir séu nú ánægðir með það, hvernig þetta mál var leitt til lykta, og kvarta því ekki yfir því, hvernig komið er. Ég fyrir mitt leyti er mjög ánægður, ekki sízt fyrir það, að hv. 1. þm. Skagf. hefir haft tækifæri til að halda líkræðuna yfir bankaráðsformennsku minni, þó að ég hefði fremur kosið, að hann hefði getað flutt hana fyrr. Árið sem leið var ég að hugsa um að fara þess á leit við konung, að hann vildi létta því af forsrh. landsins með útgáfu bráðabirgðalaga að vera bankaráðsformaður fyrir privatbanka. Enginn maður er glaðari en ég út af því að vera nú leystur við að vera bankaráðsformaður Íslandsbanka.

Hv. þm. fór loks að tala um fjáraukalögin í sinni tíð og fjáraukalögin nú. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál; það heyrir undir fjmrh. Hv. þm. fór hér sem oftar með villandi og rangar tölur. Ég skal aðeins nefna tvö atriði. Annað er umframgreiðsla á berklavarnakostnaðinum frá stjórnartíð hv. 1. þm. Skagf. Árið 1924 var sú umframgreiðsla 256 þús. kr., 1925 var hún 204 þús. kr., 1926 var hún 191 þús. kr. og 1927 var hún 360 þús. kr. Hitt atriðið er jarðræktarlögin. Árið 1927 var umframgreiðsla vegna þeirra 129 þús. kr. Engin þessara upphæða var tekin í fjáraukalög, en svona umframgreiðslur eru í fjáraukalögunum nú. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi til að sýna, hvað villandi þessar tölur eru hjá hv. þm.

Nú skal ég ljúka máli mínu, en vil aðeins minnast á það, sem hv. þm. talaði um einn af mínum látnu vinum, Hallgrím Kristinsson. Hann var að tala um, hvað hann hefði sagt, og var að gera samanburð á sér og honum. Ég vil ekki taka þátt í því starfi með hv. 1. þm. Skagf., hvorki nú né endranær. Ég hefi enga tilhneigingu til að nefna þá í sömu andránni, hv. 1. þm. Skagf. og Hallgrím Kristinsson, og samanburð á þeim mun ég aldrei gera.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem að mér snéru. Hv. þm. las upp skýrslu um skuldir ríkissjóðs eins og þær hafa verið samkv. landsreikningunum mörg undanfarin ár. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi farið rétt með þær tölur, sem hann tók upp úr landsreikningunum fram til ársloka 1928. En svo fór hann að gera áætlun um það, hvernig útkoman væri með skuldirnar árið 1929, og þá fataðist honum útreikningurinn. Ég undrast, að maður, sem hefir verið fjmrh., skuli láta sér sæma að fara með svo villandi tölur. Hann sagði, að árið 1929 hefðu skuldir ríkissjóðs vaxið úr 13,6 millj. kr. upp í 18,5 millj. kr. Þessa staðhæfing sína byggir hann á því, að á árinu 1929 hafi stj. tekið 5½ millj. kr. lán, og bætir því við skuldarupphæðina eins og hún var við árslok 1928.

Sannleikur þessa máls er sá, að á síðastl. hausti gerði stj. samning við enskan banka um 5½ millj. kr. lán, og mátti stj. nota svo mikið eða lítið af þessu láni, sem hún teldi sig þurfa.

Nú notaði stj. af þessu um 2½ millj., og var þeirri upphæð varið til að greiða aðrar skuldir, sem ríkissjóður var í og taldar eru í landsreikningnum 1928. Fór mest af þessu fé til Landsbankans. Hér er því aðeins um tilfærslu á skuldum að ræða.

Ég tók það fram við 1. umr. fjárl., að skuldir ríkissjóðs hefðu að mestu staðið í stað á árinu sem leið, og þó heldur minnkað. Við þetta stend ég hvar sem er. Allt tal hv. þm. um hækkun á skuldum ríkissjóðs á árinu 1929 er því vísvitandi fals og staðlausir stafir.

Þá kom hv. þm. með miklar bollalegg-

ingar um það, hvernig það yrði með skuldir ríkissjóðs í framtíðinni. Hann sagði, að ef þetta og þetta lán yrði tekið, þá mundu skuldir ríkissjóðs verða svona og svona miklar. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að þar sem skuldir ríkissjóðs væru 18 millj. kr. — en það er vitanlega alrangt, — þá mundu skuldirnar verða 30 millj. kr., þegar búið væri að taka það 12 millj. kr. lán, sem stj. hefði heimild til.

Þetta er náttúrlega auðvelt reikningsdæmi, sem óþarfi var að leggja fram hér. Allir vita, að 12 við 18 eru 30. Auk þess vita allir hv. þm., nema þá ef til vill hv. 1. þm. Skagf., að þessar 2½ millj., sem búið er að taka, eru hluti af 12 millj. kr. heimildinni. En hv. þm. er nú ekki að rekja sannleikann svo nákvæmlega. Og ef hv. andstæðingar hafa ekkert annað en ódrýgðar syndir stj. til að tala um, þá fara nú ásakanirnar að verða léttvægar.

Hv. þm. lét mjög á sér skilja, að lítil gætni væri sýnd í fjármálum. En ég verð að segja það, að ef athuguð er atkvgr. við 2. og 3. umr. fjárl. nú í þessari d., muni það koma í ljós, að það er hv. 1. þm. Skagf. og hans flokksmenn, sem hafa viljað fara ógætilega. Nú vill hv. 1. þm. Skagf. og hans flokksmenn, að byggðar séu raforkuveitur úti um allar sveitir, og í sambandi við það sé ríkissjóði steypt í milljóna ábyrgðir og skuldir. Ég hefi í raun og veru alls ekki á móti raforkuveitum, síður en svo. Þær framkvæmdir eru sjálfsagðar, þegar hægt er að koma þeim upp án þess að stofna héruðum og ríkissjóði í fjárhagslegan voða. En hv. þm. og hans flokksmenn vilja byrja á þessum framkvæmdum undir eins, án þess að athuga, hvort ríkissjóður hefir nokkurt bolmagn til að reisa rönd við slíkum útgjöldum. Eins og nú er ástatt, þá er enginn tekjuliður ákveðinn, sem mæti þessum raforkuveitum og þeim kostnaði, sem af þeim leiðir. Og þá er ekki um annað að gera fyrir ríkissjóð en að taka lán. Og get ég ekki séð hvað gæti komið ríkissjóði í skuldir, ef ekki það.

Þá sagði hv. þm., að áætlun 7. gr. fjárlagafrv., um vexti og afborganir lána, væri of lág, og sagði í því sambandi, að það mundi væntanlega koma fyrir, að lán yrði tekið á þessu ári. Það er nú fyrst og fremst ómögulegt um það að segja, hvort eða hve mikið lán verður tekið þetta ár, og því ómögulegt að segja um það, hve mikla vexti ríkissjóður verður að greiða. En þó að lán verði tekið, þá er nú svo með það lán, sem tekið verður til vissra stofnana og fyrirtækja, að þessi fyrirtæki standa undir sínum lánum sjálf, og kemur alls eigi á bak ríkissjóði að greiða vexti og afborganir. Svo er t. d. um síldarverksmiðjuna, símastöðina, skrifstofubygginguna og Byggingar- og landnámssjóðinn, og þangað fer þó mest fjármagnið. (MG: En Íslandsbanki?). Íslandsbanki sýndist standa í blóma, þegar frv. var samið, og ekki hægt að vita, að kassinn tæmdist svona hastarlega. (MG: Má maður koma með brtt.?). Já, hv. þm. má koma með brtt.; það bannar honum enginn. En það er vel á minnst hjá hv. þm., að allt útlit er fyrir, að Íslandsbanki muni verða þungur baggi á ríkissjóði. (MG: En framlagið til Landsbankans?). Landsbankinn greiðir 6% vexti af því. Veit hv. þm. það ekki? (MG: Nei, það hefir ekki verið upplýst). Það stendur þó í samningunum milli ríkisstj. og Landsbankans. Eða heldur hv. þm., að þetta sé ekki satt? (MG: Nei). Mig furðar það, að hv. þm., sem er endurskoðandi landsreikninganna, skuli ekki vita þetta, og ég held, að það hefði verið betra fyrir hann að kynna sér þetta mál, áður en hann fór að tala um það.

Þá sagði hv. þm., að það væri fært til vaxta í 13. gr., sem ætti heima í 7. gr. Þetta skiptir engu máli um fjárhagsafkomu ríkisins. Hann sagði, að þetta væri gert til að fela vextina, en þetta er gert eftir fyrirlagi þingsins, að vextir af byggingu landssímastöðva skyldu vera færðir í 13. gr., og fjvn. þessarar d. hefir fallizt á þetta.

Það, sem hv. þm. á hér við, eru vextir og afborganir af byggingarkostnaði landssímastöðvarinnar. Í frv. er þetta sett í 13. gr. beinlínis eftir fyrirmælum þingsins í fyrra, enda hefir fjvn. þessarar d. ekkert haft við þetta fyrirkomulag að athuga. Það þarf því ekki að eyða orðum að þessari firru hv. þm.

Hv. þm. var að tala um það, að ekki væru talin í 7. gr. fjárlagafrv. öll þau lán, sem ríkissjóður hefir tekið. Til þess er

því að svara, að það hefir aldrei verið gert, að telja þar öll lán, sem landið hefir tekið. T. d. er það svo um lán til veðdeildarbréfakaupa, að þau hafa hvorki verið talin sem skuld á landsreikningnum né vextir af þeim verið færðir í 7. gr. fjárlagafrv.

Hv. þm. talaði um, að hv. 3. landsk. hefði lækkað skuldir ríkissjóðs á þeim árum, sem hann var fjmrh. Á þessum árum voru litlar framkvæmdir af hálfu hins opinbera, og var því hægt að borga nokkuð af skuldum. Ég viðurkenni fyllilega, að það var gert. En þó var það svo, að þessi hv. þm. (JÞ) tók í ráðherratíð sinni nokkurra millj. króna lán, en það sést bara hvergi í fjárl. eða landsreikningum. Þetta fé fór til veðdeildanna, og er að sínu leyti hliðstætt því fé, sem núv. stj. væntanlega tekur að láni til Byggingar- og landnámssjóðs. Sá er aðeins munur á, að það fé, sem hv. 3. landsk. tók til láns, fór til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, en Byggingar- og landnámssjóður fer til þess að byggja upp sveitir landsins.

Þegar hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að útlit væri fyrir, að ríkissjóður myndi komast í stórskuldir í tíð núv. stj., gleymdi hann alveg að minnast á það atriði, að nú er verið að byrja hér stórkostlegar framkvæmdir, sem Alþingi hefir ákveðið, að í skuli ráðizt og veitt fé til. (MG: Ég tók þetta fram). Stj. á því ekkert ámæli fyrir þetta. Ef ekkert væri gert, en safnað stórum skuldum eins og árin 1920 og 1921, þá væri einhver ástæða til ásakana. Þá var allt etið upp og sást ekkert eftir.

Þá var hv. þm. enn með spádóma fram í tímann — hann sýnist halda mikið upp á þá —, um það, hversu há fjáraukalögin fyrir næsta ár mundu verða. Sagði hann, að þau myndu verða ennþá hærri en „fjáraukalögin miklu". Skal ég ekki fara að metast um þetta við hann; reynslan mun skera úr því. En út af því, sem hann sagði, að hann vissi til, að búið væri að greiða úr ríkissjóði ½ millj. kr. síðan ég gaf hér skýrslu mína við 1. umr., vil ég geta þess, að ég bætti við einn lið í þessari skýrslu minni 200 þús. kr. umfram það, sem greitt hafði verið. Verður a. m. k. að draga það frá upphæð þeirri, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði um. Annars finnst mér þetta, hvort búið er að borga krónunni meira eða minna síðan þing kom saman, vera smámunir, sem ekki er hægt að eyða tímanum til að tala um.

Fleiru þykist ég ekki þurfa að svara úr ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hún var full af hógværum blekkingum og rökvillum í því nær hverju atriði. Sérstaklega er sú fullyrðing hans, að skuldir ríkissjóðs séu nú 18,5 mill. kr., algerlega röng, og er upphæðin nærri 5,5 mill. kr. of há, eins og ég benti á áður. Vil ég að lokum skora á hv. þm. að færa skýr rök að þessari staðhæfingu sinni; ella verður hún að teljast markleysa ein.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það eru mjög fá atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem ég þarf að svara, og þá helzt út af „litlu Þingvallanefndinni", sem við erum báðir saman í. Hefir ekki borið á öðru en að samvinnan gengi þar vel, við höfum verið mjög sparsamir báðir og tekizt með lagni að bægja frá nefndinni útgjöldum, sem aðrir vildu á hana leggja. — Út af kaupunum á Ölfusjörðunum skal ég geta þess, að Þorkell Þorkelsson veðurfræðingur hefir gert rannsóknir á hitamagninu á þessum stöðum og komizt að þeirri niðurstöðu, að þarna væru um 100 jarðhitaop. Og ef reiknað er með því kolaverði, sem nú er hér í Reykjavík, og að notaður væri helmingur af þessari orku, þá mundu jarðirnar á þennan hátt gefa af sér 2 þús. kr. á dag. Þessi notkun er að vísu ekki byrjuð ennþá. (MG: En kostar ekkert að vinna þessa orku?). Jú, að vísu, en þarna liggur mikill fjársjóður falinn, þar sem orkan er. Ennfremur hefir í tveim holunum fundizt radium. Veit ég ekki, hversu mikið það er, en það er þó alltaf mjög mikils virði. Ég vil því ráðleggja hv. 1. þm. Skagf., fyrst og fremst vegna sinnar eigin framtíðar, að bíða með alla óvinveitta útreikninga vegna þessara jarðakaupa. Annars er hætt við, að fari líkt fyrir honum og hv. 1. þm. G.-K. (BK), þegar hann reiknaði það út, að landið mundi fara á höfuðið vegna kaupa á símastaurum, þegar sími var fyrst lagður um landið.

Hv. þm. (MG) greip fram fyrir sig, þegar hann fór að tala um aðgerðir há-

tíðarnefndar á Þingvöllum og finna að flutningi „Valhallar“ og konungshússins af hinum helga sögustað. Það var hátíðarnefndin, sem lagði til að þetta yrði gert, og kostnaðurinn af því telst til hátíðarkostnaðar. Ég veit, að nefndin getur aldrei hlotið annað en frægð og hrós fyrir þessa ráðstöfun, og ég vænti, að hv. meðnefndarmaður minn, þm. Dal., verði í sumar fús til að taka sinn hlut af þökkunum fyrir þetta.

Í sambandi við bæinn á Þingvöllum dettur mér í hug lítil saga. Þegar konungur kom hér fyrir rúmum 20 árum, var einn maður, sem endilega þurfti að fá kross, en ráðherrann, sem þá var, sagði, að þetta andlit vildi hann ekki „presentera“ fyrir konginum. Og svo fékk maðurinn bara medalíu. Svipað er með Þingvallabæinn, að mér fannst ekki hægt að „presentera“ hann eins og hann var fyrir hátíðagestum innlendum og útlendum. Það hefir verið talað um að láta einn eða tvo prinza búa þar í vor, og er ekki ósennilegt, að upp úr þessu hafist talsvert af krossum, jafnvel handa smærri Þingvallanefndum eins og þeirri, sem við hv. 1. þm. Skagf. erum saman í. Honum til hugfróunar skal ég nú lofa að gefa honum, í viðbót við það, sem að sjálfsögðu fellur í hans skaut sem eins af þremur umráðamönnum Þingvallabæjar, alla þá krossa, sem ég kynni að fá fyrir að vera einskonar landsdrottinn á Þingvöllum vorið 1930.

Út af fimmtardómsfrv. sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Hv. 1. þm. Skagf. vildi segja, að í því væri eitt, tvö eða jafnvel þrjú stjórnarskrárbrot. Þegar rætt var um fimmtardómsfrv. í hv. Ed., hafðist það upp úr umtalinu um stjórnarskrárbrot, að menn voru minntir á, að fyrir fáum árum bar hv. 3. landsk. þm., sem þá var ráðh., fram frv., þar sem var óþægilega skörp ör til hv. þm. Dal., og var sú tillaga margfalt nær því að brjóta stjórnarskrána en ákvæði þessa frv. Þetta þótti ekki bera vitni um sérlega frómt hugarfar hjá hv. 3. landsk. þm., að hann hafði í hyggju að bola þessum núverandi flokksbróður sínum frá þingsetu með lagaboði, og í þetta var vitnað í hv. Ed., um leið og það var viðurkennt, að mjög litlar líkur væru til, að fimmtardómsfrv. kæmi nokkursstaðar nærri stjórnarskránni.

Magnús Jónsson:*) Ég býst við, að það fari nú fyrir mér eins og áður hefir farið bæði fyrir mér og öðrum, sem yrt hafa á hæstv. stj., að ég geri ekki annað en innvinna mér enn einu sinni þakklæti hæstv. forsrh. Venja hans hefir verið sú á undanförnum þingum, þegar þornar hafa verið á hann sakir, að í stað þess að bera þær til baka, þá hefir hann bara sagt: „Ég þakka“. Hann þakkaði í fyrra, þakkaði líka í hitteðfyrra. Hann þakkar enn, og þakkar eflaust líka á morgun eins og endranær. Þegar sagt er, að hann hafi brotið öll þau loforð, er hann gaf meðan hann var ritstjóri, þá bara þakkar hann. — Þegar sýnt er fram á, hve óhollur hann hefir reynzt bændastétt landsins, þá þakkar hann enn. — Ég þykist vita, að eins muni fara fyrir mér. Ég veit, að hann þakkar mér bara. En ég læt mér það í léttu rúmi liggja, því ég veit ósköp vel, hversu alvarlega það er meint. (**Forsrh.**: Það er meint alveg einlæglega). — Ójá, ég fer nú líka nærri um það!

Annars er talsvert skemmtilegt að athuga framkomu hæstv. forsrh. á eldhúsdegi. Um eldhúsdaginn er nú það að segja, að hann á að vera hér sem annarsstaðar talsvert nauðsynleg stofnun. Hann á að gefa andstöðuflokki stj. alveg sérstakt tækifæri til að rifja upp það, sem aflaga hefir gerzt í fari stj., og hann á að gefa stj. færi á að koma fram með sín rök til andsvara. Ræður þær sem fluttar eru á eldhúsdegi eru oft vel uppbyggðar og fast rökstuddar. Og sá er síðar vill kynna sér stjórnarfar einhvers tíma á kost góðra heimilda um það í eldhúsdagsumr. Alþt. En hæstv. forsrh. skilur eldhúsdaginn svo, að þá eigi að stofna til einhvers apa- og slönguleikhúss, þar sem allt sé undir því komið, hver mest geti sprellað og hver orðið geti fyndnastur. Ég get sem dæmi tekið svar hæstv. forsrh. áðan, þegar hann var að tala um töskuhv. 1. þm. Skagf. „Hann fór með töskuhv. forsrh. — Alveg eins og þegar krakkar í grínleik hrópa:

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

„Einn í einn! Einn í einn!“ — Þetta á að vera gert til þess að menn fari að hlæja. Og svo eru svör hæstv. ráðh. svo dauðans ómerkileg. Sem dæmi um það má nefna eitt atriði í ræðu hans til hv. 1. þm. Skagf. Sá hv. þm. hafði bent á ósamræmið, sem væri milli afstöðu hæstv. forsrh. um krossaveitingar fyrr og síðar. Áður voru krossaveitingar hið tilvalda grín hæstv. forsrh. Þá vildi hann stilla öllu slíku glingri út í skemmu Haralds. Nú segist hann bara vilja vera með, ef aðrir komi fram með frv. um það efni að banna alla krossa. En hvers vegna vill hann ekki sjálfur bera þetta mikla áhugamál sitt fram? Stj. hefir þó langbezt tökin á að koma fram með frv. Hvers vegna? — Ætli það sé ekki af því, að hæstv. ráðh. er sjálfur orðinn einhver mesti krossberi þessa lands. Ég held, að hann ætti nú að minnast sinna fyrri orða og fara að sýna krossa sína í skemmu Haralds. Hann vildi láta fyrirrennara sína í ráðherrasæti gera það. Ég vil nú skora á hæstv. forsrh. að veita bæjarbúum þá fágætu skemmtun að sýna sig nú í allri sinni krossadýrð í skemmuglugga Haralds, svo sem einn klukkutíma, strax á morgun! Ég ætla ekki að rekja ræðu hæstv. forsrh. Ég tel víst, að hv. 1. þm. Skagf. fái tækifæri til að gera það síðar. Og ég býst við, að honum muni ekki reynast það erfitt verk. — Jú, það getur nú samt einmitt orðið nokkuð erfitt, því að í stað þess að ræða málin eftir því sem ræða hv. 1. þm. Skagf. gaf efni til, þá er hæstv. ráðh. með þetta ógnar flug út um allt, líkt og fálki. — Og að þessu leyti er hann einmitt líkur fálkanum. Ég heyrði nú ekki það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði. En ég held nú, að í raun og veru hafi hann farið vilt að nefna nokkuð fálkann í sambandi við hæstv. forsrh. Hann hefði heldur átt að líkja honum við fyrsta skjaldarmerkið, sem okkur Íslendingum var gefið. Ég held því, að hv. 1. þm. Skagf. hafi þarna farið skjaldarmerkja villt. Hæstv. forsrh. er einmitt svo afarlíkur stórum golþorski, sprellandi og úttútnuðum meðan ekkert er átt við hann, en sem verður næsta fyrirferðarlítill þegar hann er slægður og flattur. Það má t. d. taka fjósið á Hvanneyri. Í stað þess að svara með rökum, þá belgir hæstv. forsrh. sig allan út og hrópar: Komið þið bara! — Komið þið bara ef þið þorið! Ég skal standa fyrir mínu máli við bændur þessa lands. Bændur landsins munu skilja, að ekki var rétt að láta þakið detta ofan yfir kýrnar! Það getur satt verið, að ekki hafi verið rétt að láta þakið á fjósinu detta yfir kýrnar. En það var bara ekkert verið að tala um það. Hitt var talað um, að ekki hefði verið veitt á Alþingi fé til þessarar byggingar, sem kostar mikið á annað hundrað þúsund kr., að undanteknum einum 9 þús. kr. Og það var þetta, sem var átalið. Það er jafnan ámælisvert þegar fé er veitt án þess að spyrja Alþingi að, og hægt er að koma því við.

Þegar þingin voru stofnuð á þann hátt, að þjóðin sendi kjörna fulltrúa á þau, þá var mark þeirra fyrst og fremst það, að hafa gát á fjárhagnum. Það var algengt, að konungarnir notuðu fjárhirzlu ríkisins til að auka sína dýrð. Þeir eyddu peningunum í munað og hégóma, en alþýðan var pínd til að borga. Hið fyrsta, sem því er heimtað af þingunum, er, að þau hafi ráð yfir fjárhirzlum ríkjanna. Og þótt þingin fari misjafnlega með það vald, þá er þeim þó treyst betur en stj. eða konungum. Núv. hæstv. stj. virðist hafa löngun til að draga þetta vald úr höndum þingsins. Hvanneyrarfjósið er sláandi dæmi þess. Það hlýtur líka að vera óhóflegt að eyða 130 þús. kr. til að byggja eitt fjós og hlöðu. Fyrir sömu upphæð hefði mátt byggja vegi og brýr yfir heila sýslu. Ég man ekki hvað ég hefi heyrt um það, hvað þetta kostar á hverja kú. En það er alveg lýgileg upphæð. En þó er það ekki upphæðin, sem hæstv. ráðh. er vittur fyrir, heldur hitt, að leita ekki heimildar þingsins um að láta gera þetta. Hæstv. ráðh. vill sjáanlega haga sér alveg eins og einvaldskonungarnir gerðu áður. Þetta er svipað og kom fram við 3. umr. fjárl. hér nýskeð, þegar talað var um fjárveitingu til Vesturlandsvegar. Þá kom hið einkennilega fram, að hæstv. fors.- og atvmrh. vildi heldur gera þennan veg án þess að fá heimild í fjárl. til þess.

Þá minntist hæstv. forsrh. á rafveitumál Skagfirðinga að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Skagf. Það var nú ekkert einkenni-

legt við það, þótt þeim hv. þm. kæmi það mál til hugar í sambandi við Hvanneyrarfjósið. Í eitt fjós má veita 130 þús. kr. En til raforkuveitu fyrir stórt hérað má ekki veita miklu minni upphæð. Hæstv. forsrh. ver sig að vísu með því, að nú sé n. að rannsaka þessi mál, og ekkert megi gera fyrr en hún hefir lagt fram álit sitt. En þetta er bara tylliástæða. Þing eftir þing hefir frv. verið borið fram um þessi mál. Og þing eftir þing hefir verið neitað að afgreiða nokkuð í því máli. Það fæst því hvorki heildarlöggjöf um þetta, né heldur samþykki um einstakar framkvæmdir. Stj. stendur fast á móti því öllu saman. Hæstv. forsrh. stendur svo upp og segir: Af því ekki er til heildarlöggjöf um þetta, þá má heldur enginn byrja. Þannig er það. Eitt rekur sig á annars horn hjá hæstv. stj. Hvar annars endar þetta?

Ég hefi skrifað hjá mér Búnaðarbanka Íslands. Hæstv. ráðh. fannst ástæða til að fara að skipa bankastjórn fyrir þennan banka, enda þótt hann játi nú, að hann hafi hvorki haft hús né peninga til að byrja með. En þó var sjálfsagt að byrja að skipa stj. Og hæstv. forsrh. hélt því fram, að bankinn hefði ekki getað komizt af stað fyrr en stj. væri skipuð. En ég held nú, að hyggilegra hefði verið að bíða með skipun bankastjórnar þar til bankinn gat farið að taka til starfa. Það hefði sparað óþörf útgjöld. Það eru að vísu til fyrirtæki, sem aldrei eru annað en stj. Það eru braskfyrirtæki, sem aldrei eru annað en nafnið eitt. Þau hafa aldrei neinn sannan höfuðstól, og eru sett af stað í því einu augnamiði að svindla út fé á einn eða annan hátt. Ég veit ekki hvort hæstv. fors.- og atvmrh. hefir þótt viðeigandi, að Búnaðarbankinn hefði svip slíkra fyrirtækja. En víst er um það, að annað aðaleinkenni þeirra hefir hann: að borga há laun. Það eitt er víst, að sú bankastjórn, eða minnsta kosti aðalbankastjórinn, hefir há laun, enda þótt hæstv. stj. hafi ekki til þessa fengizt til að segja til um dýrtíðaruppbót þá, sem borguð hefir verið síðan stj. var skipuð. Áður var þessari stofnun stjórnað á mjög ódýran hátt. Og síðan breyt. var gerð á stj. hennar, hefir engri deild verið bætt við. Þar situr allt í sama farinu og áður var.

Þá vil ég víkja máli mínu að embættaveitingum þessarar stj. Mestu frægðarverk hennar, og líklega þau, sem hún getur sér ódauðlega frægð fyrir, liggja einmitt á því sviði, hvernig hún hefir valið í embætti þau, sem hún hefir veitt. Á því sviði er hún eflaust hin allra ófyrirleitnasta stj., sem setið hefir við völd í langan aldur. Að vísu er þetta þekkt úr sögunni. En slíkt hefir jafnan þótt hinn mesti blettur, bæði á stj. og mönnum, þótt ágætismenn hafi verið að öðru leyti. Ég skal t. d. nefna Odd Einarsson, sem þótti einhver hinn ágætasti maður í sinni stöðu. En á honum hvíldi sá blettur, að hann væri ranglátur í embættaveitingum. En Oddur Einarsson hafði breiðar herðar til að bera það ámæli, vegna annara mannkosta mikilla. En slíkt verður aldrei hægt að segja um núv. stj. Ég held, að þessi hæstv. stj. fái aldrei annað en heldur leiðinleg eftirmæli, og ekki sízt fyrir embættaveitingar sínar. Annars er sjálfsagt líkt farið með þetta og ýmsa aðra lesti, að þegar farið er að láta undan þeim, þá eykst og magnast ástríðan til að fremja þá. Þessu er líkt farið og með drykkjuskapinn. Og ég held, að drykkjuskapur stj. á þessu sviði fari sívaxandi.

En áður en ég vík að þessu aðalmáli minu, embættaveitingum stj., þá vil ég minnast nokkrum orðum á annað, en það er kostnaðurinn vegna undirbúnings alþingishátíðarinnar. Þegar hæstv. fjmrh. gaf í þingbyrjun yfirlit yfir útgjöld ríkisins á liðnu ári, um leið og hann lagði fram fjárlagafrv. stj., þá kom það í ljós, að hann taldi, að varið hefði verið til undirbúnings alþingishátíðarinnar um 350 þús. kr.

Ég hafði þá ekki fylgzt svo nákvæmlega með því, hver eyðsla var orðin, að ég gæti sagt um það nákvæmlega, hve mikið mundi hafa getað eyðzt. En ég þóttist þó strax viss um, að það gæti ekki verið neitt nálægt þessu. Ég gerði þá þegar fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, í hverju þessi eyðsla væri fólgin. Hæstv. ráðh. svaraði því, að þessar tölur hefðu sér verið gefnar upp hjá ríkisfé-

hirði. Um sundurliðun vissi hann ekki. Ég lét þá þetta gott heita í bili. Í hátíðarn. kom svo fljótlega þar á eftir ósk um það, að fá sundurliðaða skýrslu um þennan kostnað. Kom þá í ljós, að samkv. bókum gjaldkera n. náði útlagður kostnaður ekki hálfri þeirri upphæð, sem ráðh. hafði gefið upp, og ekkert nálægt helming.

Ég veit nú eiginlega varla, hvernig ég á að fara í þetta mál. Það er svo samantvinnað af allskonar vitleysum, að ég veit naumast hvar ég á að byrja.

Ég held ég verði þó að byrja á því, að skýra frá, að sá kostnaður, sem framkvæmdastjóri hafði ávísað, og þann einan kostnað má með réttu telja útlagðan vegna hátíðarinnar, er orðinn 128 þús. kr. En samkv. skýrslu þeirri, er ráðh. hafði frá ríkisbókara, var hann orðinn kr. 340624.20.

Aukreitis og til skýringar því, sem hæstv. dómsmrh. tók fram í stuttri ræðu sinni áðan, þegar hann var að hæla n., sem sér um friðun Þingvalla, fyrir það, að hún væri lagin að koma af sér kostnaði af framkvæmdum þar, skal ég segja hvernig þetta er gert. Valhöll og önnur hús á Þingvöllum stóðu óheppilega, svo að þau voru til mikilla lýta og skemmdu svip staðarins, þegar að var komið. Því hafði stundum verið talað um að flytja þessi hús. En þegar um það var rætt í undirbúningsn. lagði ég áherzlu á, að hún gæti ekkert við þetta átt. Því að þegar ótal tjöld eru komin á völlunum, veitingatjöld, sem taka hundruð og þúsundir manna, og allt fullt af smærri tjöldum, þá tæki enginn eftir, þó að Valhöll og konungshúsið hefðu staðið þar líka. Það bæri lítið eða ekkert á þeim, þegar sá hátíðabragur, sem búast má við, hefir sett sinn svip á vellina.

Þá er að víkja að því, að hæstv. dómsmrh., sem er form. Þingvallan., kom með skilaboð til undirbúningsn. um það, að ef flytja ætti húsin, hvort n. áliti þá ekki bezt að flytja þau fyrir 1930. Ég bjóst strax við, að þetta væri af lævísi gert, til þess að velta þessum kostnaði yfir a undirbúning hátíðarinnar. Ég ætla að lesa hér útskrift úr fundabók hátíðarn, og skal taka það fram strax, að það, sem þar var gert, var ekki samþ. með mínu atkv. Þetta er dags. þriðjudaginn 11. sept. 1928:

„Enn var rætt um húsaflutning á Þingvöllum. Með 4 shlj. atkv. ályktaði n. að mæla með því við Þingvallan., að öll hús á þingstaðnum forna, önnur en staðarhús og kirkja, yrðu fyrir 1930 flutt á annan stað en nú standa þau, þangað, sem minna bæri á þeim".

Þetta sýnir aðeins, að þegar hæstv. dómsmrh. spyr, hvort n. vilji ekki heldur, að húsin séu flutt fyrir 1930, þá drógust fjórir af sjö inn á það. Nokkru seinna er þetta bókað:

„Lesin var upp tilkynning Þingvallanefndar frá 17. þ. m. um, að nefndin hafi út af ályktun undirbúningsnefndarinnar á fundi 11. sept. þ. á. ákveðið, að flytja hús af þingstaðnum forna, önnur en staðarhús og kirkju, og jafnframt hafi Þingvallanefnd samþykkt, að kostnað, sem leiði af flutningi þessum, beri að telja með hátíðarkostnaði".

Þetta er m. ö. o. sama og ef hæstv. dómsmrh. stingi upp á því við mig, hvort mér þætti ekki betra, að Arnarhvoll t. d. stæði einhversstaðar annarsstaðar en nú, og ég segði jú, og svo léti hann rífa húsið og flytja burt á mína ábyrgð. Undirbúningsn. sagði aldrei annað en, að hún kysi heldur að þetta væri gert fyrir hátíð, ef það ætti að gerast á annað borð. En ég þorði þó ekki að vera með þessu þá. Ég þekkti mína „Pappenheimera" og vissi til hvers refarnir voru skornir.

Ég bar síðan fram till. um að mótmæla þessu. En það var þá samþ. með 4 atkv. gegn 2, að samsinna ákvörðun Þingvallan., eins og stendur í fundargerð undirbúningsn. frá 22. des. 1928:

„Hafið var máls á því, hvort greiða skyldi kostnað af flutningi Þingvallahúsanna af hátíðarkostnaði, samkv. tilmælum Þingvallanefndar, og var það samþykkt með 4:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Ásgeir Ásgeirsson, Jónas Jónsson, Sig. Eggerz, Pétur Guðmundsson.

nei: Jóhannes Jóhannesson, Magnús Jónsson".

Með þessu er náttúrlega búið að samþykkja þessi útgjöld. En hvað varð svo þessi kostnaður mikill? Hér var eingöngu átt við það ákvæðisverð, sem um hafði

verið samið við ákveðinn mann að flytja húsin fyrir. Það voru 19 þús. kr. fyrir flutning Valhallar, og við undirbúningsn. var ekki talað nema um þá upphæð eina.

En menn sjá, að þótt hér séu talin þau 128 þús., sem framkvæmdarstjóri n. hefir greitt, og bætt við 19 þús. kr., sem stöfuðu af flutningi Valhallar, þá er þó ekki kominn nema lítill partur af þessu, sem telst til hátíðarkostnaðar samkv. reikningi, sem ég skal lesa upp með leyfi hæstv. forseta.

I. (Útgjöld, sem nefndin hefir samþykkt að greiða):

Greitt af framkvæmdastjóra samtals	kr.	128000,00
Efniskaup vegna alþingishátíðar	—	40000,00
Flutningur á sama efni ..	—	9000,00
Bílstæði ofan Almannagjár	—	650,00
Vegur um Fögrubrekku ..	—	80,00
Gangstígar í Almannagjá	—	200,00
Reiðvegur frá Vatnsviki að Sleðaási	—	400,00
Vegur frá Þingvöllum að Leirum	—	11500,00
Flutningur Valhallar	—	19000,00
Flutningur Konungshúss	—	13500,00
Lagfæring umhverfis Valhöll	—	3500,00
Vatns- og skólpleiðsla til Valhallar	—	1300,00
Vegur að Valhöll	—	7000,00
Vegur að Konungshúsi ..	—	3350,00
Ýmis kostnaður við þessi verk	—	3420,00
		240900,00

II. (Útgjöld, sem hafa ekki verið borin undir nefndina):

Þingvallabærinn	kr.	35000,00
Til Laugarvatnsskólans (verður endurgreitt) ...	—	42636,20
Girðingar	—	3000,00
Vatnsveita	—	3500,00
Magnús Torfason	—	3000,00
E. Schram	—	126,00
Vegur að Þingvallabæ	—	600,00
		87862,20

Loks eru þrír liðir, sem n. hefir samþ., en vafasamt er, hvort færast eiga á kostnað alþingishátíðar:

Leynistígur að Ármannsfelli	kr.	5000,00
Vegur frá Bolabás á Hofmannaflöt	—	2000,00
Breikkun vega á Þingvöllum	—	5000,00
		12000,00

Samtals kr. 340762,20

Kostnaður, sem leitt hefur af flutningi húsanna á Þingvöllum er um 50 þús. kr.

Nú vil ég segja það um einstaka liði reikningsins, að sumir af þeim fólust alls ekki í því, sem undirbúningsn. hafði samþ. að greiða. Efni t. d. og flutningur þess, sem nemur 49 þús. kr. til samans, er náttúrlega kostnaður vegna hátíðarinnar. En framkvæmdastjóri n. hafði enga hugmynd um þetta. Húsameistara ríkisins var ávísað fé til þessa framhjá n. Svona embættisrekstur má ekki eiga sér stað í vesölustu búðarholu, hvað þá hjá sjálfri landsstj. Ef hún ávísar Pétri og Páli, er framkvæmdastjóranum ómögulegt að halda reikning um allt, sem til þessa fer, og þó er það bæði réttur hans og skylda að gera það. Ég verð að segja, að hæstv. fjmrh. kunni ekki sitt starf, ef hann ávísar hinum og öðrum eða til mþn. fé til framkvæmda, sem aðrir eiga að hafa umsjón með. Þá gæti hver, sem er, komið og beðið stj. um ein 10—20 þúsund og sagzt ætla að nota þau til þessa og þessa fyrirtækis, án þess að það kæmi honum nokkuð við.

Þingvallabærinn kostaði 35 þús. kr. Hvernig dettur hæstv. stj. í hug að fara að reisa nýjan bæ í sambandi við hátíðina? Aldrei var á það minnst í n. Og fyrir þetta verð! Hann virðist ekki heldur reistur fyrir neinn. Menn muna víst eftir þeim úlfaþyt, sem gerður var, þegar reist var við prestssetrið á Mælifelli fyrir 30 þús. kr. Þar býr þó prestur. Hæstv. ráðh. upplýsti það, að tveir prinzar ættu að búa í bænum meðan á hátíðinni stendur. Þetta eru víst krossaveiðar. Hann bauð meira að segja hv. 1. þm. Skagf. að gefa honum eitthvað af krossum.

Næsti liður er sá, sem okkur nm. þótti undarlegastur. Það eru 42636,20 kr. til

Laugarvatnsskólans. En það fylgdi með, að þetta ætti að endurgreiða. Vildi ekki hæstv. fjmrh. gera grein fyrir, hvort þetta sé oft gert í stjórnarráðinu, þegar búið er féð, sem fjárl. heimila til einhvers fyrirtækis? Þegar stj. leyfir sér að veita margfalda upphæð þá, sem heimild er fyrir, þá ætti hún ekki að fara að færa á milli líka. Hvernig ætli það tæki sig út, ef hún færi t. d. að veita aukagreiðslur við laun embættismanna og bera milli þeirra eftir geðþótta? Nú hefi ég heyrt, að búið sé að endurgreiða þetta. Það er gott, ef hæstv. stj. hefir vaknað með einhvern ótta út af þessu.

Nú fer að vandast málið. Hér stendur: Magnús Torfason 3 þús. kr. Enginn veit, hvað þetta er. Það sést ekki einu sinni, hver þessi maður er. Aldrei var þetta samþ. í n., svo að hún getur ekkert um það sagt. En menn segja, að þetta sé utanfararstyrkur til hv. 2. þm. Árn., þáv. forseta Sþ. Hann fór utan til að kynna sér sitthvað, sem þurfti að vita á þessari herrans hátíð. Verst að hann skuli ekki vera í þessari stöðu lengur. Ég vildi bera fram till. um, að hann kenni núv. forseta, hv. þm. V.-Ísf. eitthvað í mannasiðum. Einhver sagði annars, að hann hafi líka átt að kynna sér nýjungar í löggjöf Dana. Ekki heyrir það undir Alþingishátíðina.

Hér stendur næst: L. Schram 126 kr. Þetta er svo lítið, að n. hefir ekki hirt um að rekast í því, en ekkert veit hún til hvers það hefir verið notað.

Loks er vegur að Þingvallabæ. Hann hefir verið kostaður án þess að borið væri undir n.

Þrír síðustu liðirnir, sem nema 12 þús. kr., eru að vísu samþ. af n., en þeir eiga eiginlega heima hjá öðrum vegagerðarkostnaði, en ekki hér.

Af öllu þessu get ég ekki séð, að neitt sé veitt með heimild nema það, sem framkvæmdastjóri hefir á reikningi sínum, 128 þús. kr. Sumt af hinu er að vísu samþ. af n. En það er alveg óverjandi, hvernig stj. hefir ávísað þeim upphæðum. Undirbúningsn. hefir ætlað sér að hafa svolitinn hemil á, hve miklu væri eytt, og þá má stj. ekki gera slíkt, án þess að n. fái svo mikið sem að vita um það.

N. hefir haft fáa fundi undanfarið vegna anna margra nm. hér á þingi, svo að mótmæli hafa ekki verið samþ. enn. En ég býst við, að það verði gert.

Ég ætlaði sérstaklega að tala um embættaveitingar stj. Það er ákaflega mikil ábyrgð, sem á hana er lögð með þessu valdi. Þegar þjóðirnar tóku valdið af einvaldskonungum sínum, höfðu þeir ekki eftir nema nafnið tómt. Þingin tóku við framkvæmdastjórninni og fela hana ráðh., sem eru ábyrgir fyrir þinginu. Reynslan sýnir, að völd þeirra geta orðið næstum einræðisvöld. Því að það er svo sjaldgæft, að flokkur stj. taki af henni völdin. Af því er svo þung ábyrgðin, og skylda að fara vel með þetta vald. Ég játa, að það er oft fjarska mikið vandastarf, og embættaveitingar ekki sízt. Stj. þarf að vega vel allar ástæður, þegar margir eru umsækjendur. Þó ætti ekki að vera mikill vandi að velja alltaf einhvern af þeim hæfu. Og umfram allt má hlutdrægni ekki komast að, hvort sem er pólitísk hlutdrægni eða sprottin af persónulegum hvötum. Hvernig hefir núv. hæstv. stj. gætt þessa?

Það er ekki hægt annað að segja, en að hún hafi oft sýnt pólitíska hlutdrægni og stundum persónulega. Þetta eru mjög þungar ásakanir. Núv. stj. hefir gengið mjög erfiðlega að hreinsa sig af þeim. Það er erfitt að losna alveg við pólitíska hlutdrægni. En það má ekki koma fyrir, að stj. verði sjálfri sér samkvæm í hlutdrægninni. Nú er hún orðin svo mikil regla hjá hæstv. stj., að ef það hefir komið fyrir, að hún hafi sýnt óhlutdrægni, og það hefir hún gert einstöku sinnum, þá hrökkva menn við, og þá ganga allmiklar sögur um rimmu innan stj. sjálfrar út af því.

Þá ætla ég að taka nokkur dæmi. Fyrst verður fyrir mér Búnaðarbankinn. Það er búið að tala dálítið um hann hér í öðru sambandi. Það er búið að skipa í hann stj., en lítið annað komið í framkvæmd. Hann er settur saman úr fimm eða fleiri pörtum, en aðeins tvær deildir eru teknar til starfa, Ræktunarsjóðurinn, sem frá upphafi er sjálfstæð stofnun og byggir starf sitt á lögum frá 1925, og Byggingar- og landnámssjóður frá 1929. Fyrir þessum sjóðum stóð sami maður, Pétur

Magnússon. Það mun hafa mælzt vel fyrir, þegar honum var falin stj. Ræktunarsjóðsins, því að þessi hrm. hefir orð á sér fyrir að vera hygginn maður og ágætlega að sér. Það mun hafa verið til þess að gera lítil þóknun, sem hann hafði fyrir þetta. Þegar Byggingar- og landnámssjóði var bætt við hann, voru laun hans hækkuð, en þó urðu þau ekki eins mikil og aðalbankastjórinn hefir nú einn. Lögin um bankann gengu í gildi 1. jan. 1930. Það brást ekki, að stj. skipaði bankastjórana þrjá. Menn höfðu verið að geta sér til, hverja hún mundi skipa. Böðvar Bjarkan hafði verið tilnefndur. Hann hafði víst unnið mikið að undirbúningi málsins fyrir stj. Hann hafði um mörg ár skoðað og kynnt sér svipaða bankastarfsemi og farið utan í þeim tilgangi. Ekki er opinbert, hvers vegna hann var ekki valinn, eða hvort hann hefir ekki viljað taka við bankastjórastöðu. En samt er á almæli, að hann hafi ekki verið ráðinn vegna þess, að hann vildi ráða nokkru um, hverjir yrðu meðbankastjórar. Það er sagt, að einn þeirra manna, sem hann vildi hafa með sér, sé maður, sem stj. virðist hafa lagt í einelti í seinni tíð, Þórður Sveinsson á Kleppi. Hún hefir látið hann fara frá ráðsmennskunni þar eftir 20 ára starf. Sagt er, að 70 hestar hafi fengizt af túninu, þegar hann tók við, en það tún fæðir nú um þrjátíu nautgripi, svo að ætla má, að heyfengur sé á annað þúsund hesta.

Þetta er svipað og á Vífilsstöðum. Þar var áður kot, en allir þekkja, hvernig þar er búið nú. Slíkir menn virðast góðs maklegir. Mér er sagt, að þessu stórbýli hafi Þórður Sveinsson komið upp með undralitlum kostnaði, hann hafi haft lag á að láta sjúklinga vinna að þessu og sýnt óvenjulega hagsýni og framtak.

Það er hálf-leiðinlegt, að hæstv. stj. skyldi launa Þórði lækni þetta 20 ára starf sitt í þágu ræktunarinnar með því að víkja honum frá því fyrir tyllisakir einar. En hæstv. stj. var nú einu sinni búinn að espa sig á móti Þórði lækni, og því var engin von til þess, að hún færi að veita honum stöðu við Búnaðarbankann. Slíkt hefði verið á móti meginreglum hennar í embættaveitingum, þeirri reglu, að veita aldrei neinum pólitiskum andstæðingi stöðu, hversu fær sem hann væri og vel fallinn til að leysa hana af hendi.

Ég hefi heyrt því fleygt, að einmitt af þessari ástæðu, að hæstv. stj. fékkst ekki til að veita Þórði Sveinssyni lækni bankastjórastöðu við Búnaðarbankann, hafi Böðvar Bjarkan ekki viljað taka við bankastjórastöðunni við þennan banka. Þær ástæður aðrar, sem ég hefi heyrt færðar til fyrir því, að Böðvar Bjarkan afsalaði sér þessari stöðu, eru svo smávægilegar, að mér finnst þær ekki geta komið til greina.

En hvern valdi svo hæstv. stj., til þess að gegna þessari stöðu? Val hennar féll á dr. Pál Eggert Ólason, prófessor í sögu við háskólann. Ég hefi þekkt dr. Pál frá því á skólaárum hans og skal verða manna seinastur til að neita því, að hann er framúrskarandi vel gefinn maður og duglegur eftir því, en hann er orðinn roskinn, og ævistarf hans hefir hnigið í aðrar áttir en staða hans við Búnaðarbankann bendir til. Hann hefir verið búsettur í kaupstað í mörg herrans ár og fjarlægzt það meira og meira að þekkja til um hag landbúnaðarins, enda hefir starf hans, eins og ég áðan sagði, ekki beint huga hans í þá átt. Og meðmælin, sem dr. Páli voru gefin í stjórnarblaðinu, voru eins dæmalaus og vera hlýtur, þegar verið er að verja óverjandi embættaveitingar. T. d. það, að dr. Páll hefði verið mjög duglegur við þúfnasléttur austur í Fljótshlíð í barnæsku sinni. Og að hann þekkti út í æsar sögu stórbýlanna hér á landi á 16. og 17. öld! Slíkt og annað eins gerir dr. Pál auðvitað hvorki verr né betur fallinn til þess að gegna bankastjórastöðunni við Búnaðarbankann. Hitt er annað mál, að dr. Páll er slíkur gáfu- og dugnaðarmaður að búast má við, að honum takist að setja sig inn í þetta starf með tímanum, en ef þessi regla verður tekin upp, að veita greindum mönnum stöður, sem þeir kunna ekkert til við, í þeirri von, að þeim muni takast með tíð og tíma að setja sig inn í starf sitt, er þar með búið að rugla öllum þeim reglum um embættaveitingar, sem hingað til hafa gilt, og sjálfsagt er, að gildi áfram. Stofnanir eins og Búnaðarbankinn eiga ekki að vera neinar kennslustofnanir. Það ríður á því, að þeir menn hafi öðlazt

nægan undirbúning, sem við þær starfa, en komi ekki þangað til þess að læra að setja sig inn í starf sitt.

Það var sagt hér í bænum í gamni, að stj. ætlaði að gera dr. Sigurð Nordal að forstjóra við síldarbræðsluverksmiðju norður á Siglufirði. Þetta væri engu meiri fjarstæða. Dr. Sigurður Nordal er nákvæmlega jafnfær til þess starfs og dr. Páll Eggert til að vera aðalbankastjóri við Búnaðarbankann, og ég efast ekki um, að hann mundi með tíð og tíma læra þetta vandaverk, ef hann á annað borð tæki það að sér, enda þótt ég verði að telja það mjög vafasamt, að rosknir menn geti sett sig svo vel inn í óþekkt starf, að þeir standi þeim á sporði, sem starfinu hafa vanizt frá blautu barnsbeini.

Það hefir ekki fengizt upplýst enn hjá hæstv. stj., þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, hve há laun bankastjórarnir við Búnaðarbankann hafa. Þó er það víst, að þeim var fyrst í stað borguð 100% dýrtíðaruppbót, en því var hætt, að því er menn bezt vita, þegar Morgunblaðið hafði komizt á snoðir um þetta og fór að gera veður út af því. Hvað mikla dýrtíðaruppbót bankastjórarnir fá nú, það veit enginn nema hæstv. stj., og hún fæst ekki til að gefa upplýsingar um það, frekar en ýmisleg önnur útgjöld, sem hún hefir stofnað til.

Þá kem ég að veitingu rektorsembættisins við Menntaskólann.

Þó að menn séu orðnir þjálfaðir í að heyra undarlegar fregnir um embættaveitingar stj., held ég, að dottið hafi yfir flesta þegar það fréttist, að ungum manni, nýkomnum frá prófborðinu, með litla sem enga kennarareynslu, hefði verið veitt rektorsembættið við Menntaskólann.

Menntaskólinn er elzta og virðulegasta menntastofnun hér á landi. Við hann hafa starfað margir hinna ágætustu vísindamanna okkar, og það þori ég að fullyrða, að þegar rektorsembættið losnaði að þessu sinni, var enginn hörgull á ágætum mönnum innan skólans til þess að taka við því embætti. Og fyrst svo var, virtist einsætt að veita það einhverjum þeirra. Þessir menn hafa unnið við þessa kennslustofnun með lágum launum um langan tíma, og höfðu því fyllstan rétt til þessa embættis með þeirri launahækkun, sem því er samfara, auk þess sem bar að líta til þess, að þeir eru manna kunnugastir skólanum og hans högum. Fimm af kennurum skólans sóttu um rektorsembættið: Þorleifur H. Bjarnason, sem hefir starfað við skólann í yfir 30 ár, og hafði stjórnað honum sem settur rektor í 1½ ár, við hinn ágætasta orðstír og í góðu samkomulagi við hina kennara skólans. Auk hans sóttu þeir Sigurður Thoroddsen, sem verið hefir kennari við skólann í 25 ár, Ólafur Daníelsson (20 ár), Jón Ófeigsson (18 ár) og Bogi Ólafsson (12 ár). Allir voru þessir menn ágætlega hæfir í rektorsstöðuna sökum starfs síns við skólann, lærdóms, kennarahæfileika og mannkosta, enda bar stjórnarblaðið þau ein boð frá hæstv. dómsmrh., sem hafði með veitingu þessa embættis að gera, að þetta væru allt svo hæfir menn, að ekki væri hægt að velja á milli þeirra. Ef svo var, að hæstv. dómsmrh. treysti sér ekki til að gera upp á milli þessara manna, var hægurinn á fyrir hann að fylgja hinni gömlu reglu og hluta á milli þeirra, og láta þannig hendingu ráða um það, hver þeirra hreppti stöðuna, auk þess sem honum var í lófa lagið að komast hjá vali með því að veita elzta kennaranum embættið, ekki sízt þar sem sá kennari hafði gegnt rektorsembættinu á annað ár og farizt það prýðilega úr hendi. En hæstv. dómsmrh. tók annað ráð. Um rektorsembættið hafði auk þeirra, sem ég hefi þegar nefnt, sótt ungur maður, sem nýlega var búinn að taka við kennarastöðu norður á Akureyri. Honum veitti hæstv. dómsmrh. rektorsembættið, að því er virðist vegna þess, að sá munur var á honum og hinum umsækjöndunum, að hann einn átti alls ekki að fá þessa stöðu. Ég vil taka það fram, að það er fjærri mér að vilja lasta Pálma Hannesson. Ég þekki hann ekki, en mér er sagt, að hann sé vel gefinn maður, og hann hefir haft lag á því að vinna sér hylli þeirra, sem samtímis honum eru. Ég veit það, að Pálmi er af góðum ættum, og mér virðist sem kjarni sé í honum, ef dæma má eftir útliti hans. En hann átti engan rétt á þessu embætti, og með því að veita honum það er framið hróplegt ranglæti gagnvart kennurum skólans og gagnvart skólastofnuninni sjálfri.

Ein einasta ástæða hefir verið borin fram, til þess að fóðra þetta ranglæti: Að það hefði þurft að fá „nýtt blóð“ í skólann. Ég skal nú játa það, að ég þekki ekki mikið til í Menntaskólanum, en eftir því, sem ég hefi haft spurnir um, er langt frá því, að Menntaskólinn hafi verið orðinn slíkt spillingarsýki og hæstv. dómsmrh. hefir viljað vera láta. Það má vel vera, að erfitt hafi verið að halda uppi reglu, þar sem slíkt fjölmenni ungra og óstýrilátra pilta var samankomið í ekki stærri húsakynnum en er í Menntaskólanum, en það er ekkert, sem bendir til þess, að skólalífið hafi verið orðið svo spillt, að þurft hefði að grípa til örþrifaráða, eins og t. d. gert var eftir „þereatið“ fræga, þegar Bjarni Jónsson var sóttur til þess að taka við rektorsembættinu af Sveinbirni Egilssyni. En setjum nú svo, að spillingin í Menntaskólanum hafi verið eins mikil og hæstv. dómsmrh. lætur, og hyggjum að því, hvernig ástandið er nú í skólanum, hvort það hefir batnað eða farið versnandi. Er fróðlegt að fá hér umr. um það, því að vera má, að þær fregnir, sem borizt hafa út um bæinn um skólann, séu ekki sem áreiðanlegastar. Piltar hafa föst samtök um það að flíka ekki neinu, sem gerist innan veggja skólans, en samt er það nú svo, að það sígur ýmislegt út úr stofnun, sem er hér í miðjum bænum, þar sem hæstv. dómsmrh. fann bókasafnið, sællar minningar. Ég hefi t. d. handa á milli blað það, sem Menntaskólapiltar gefa út, og ætti það að vera nokkur spegilmynd þess, hvílíkur bragur er í skólanum. Þetta blað hefst á svofelldri „trúarjátningu“ nemandanna:

„Ég trúi á Jónas frá Hriflu, sem lét mér í té kamra, vindsnældur og fatasnaga.

Ég trúi á hans pólitísku vindsnældu, Pálma Hannesson, sem getinn var á venjulegan hátt, pindur undir Valtý Stefánssyni og Árna frá Múla, svívirtur, smánaður, kvalinn, féll í áliti, reis upp eftir marga daga og stefndi Árna og Valtý. Ríður nú röftum í höll sannleikans og mun þaðan kveða upp áfellisdóma yfir þeim, sem völdu gullið í stað sannleikans“.

Ég læt menn sjálfa um að dæma um það, hvernig umhorfs er í skóla, þar sem nemendurnir byrja blað sitt með því að snúa út úr hinni postullegu trúarjátningu, hvað svo sem líður virðingunni, sem lýsir sér í þessari trúarjátningu piltanna fyrir hæstv. dómsmrh. og hans pólitísku vindsnældu, rektor skólans. En ég fæ ekki skilið, að það sé hollur jarðvegur, sem slíkt og annað eins sprettur upp úr, og að þurft hefði að fá mann langt að til þess að fá þennan jarðveg fram. En auk þessa virðingarleysis, sem virðist ríkja í skólanum, fyrir öllu á himni og jörðu, kveður mjög að því, hve piltar sækja illa kennslustundir. Þeir eru út um hvippinn og hvappinn um sama leyti dags og kennsla fer fram í skólanum, eins og þeir séu sjálfs sín herrar. Ég vissi til þess, að ferðamaður, sem var staddur hér í bænum, en var ókunnugur og þurfti því á hjálp að halda við erindi sín, fór að rekja þessi vandræði sín fyrir frænda sínum, sem stundar nám í Menntaskólanum. Piltur inn bauðst óðara til að hjálpa honum, og þegar þessum manni þótti þetta hálfskrítið, og spurði hann að því, hvort hann þyrfti ekki að sækja tíma í skólanum, svaraði pilturinn því einu, að það gerði ekkert til, hann réði því sjálfur. Og svo liðu tveir dagar, að pilturinn lét ekki sjá sig í skólanum, en var að hjálpa frænda sínum við þau erindi, sem hann þurfti að reka hér í bænum. Þó að það væri ekki sterk stj. í Menntaskólanum þegar ég var þar við nám, þá datt okkur piltum samt aldrei í hug að valsa um bæinn meðan tímar voru og hjálpa einum eða öðrum til að reka erindi sín. Ég veit heldur ekki, hvað rektorinn, sem þá var, Jón sál Þorkelsson, hefði sagt, hefðum við fundið upp á öðru eins háttalagi. Við þetta bætist svo, að sagt er, að slitnað hafi með öllu upp úr milli eins kennarans og nemandanna, svo að kennslan hefir fallið niður í hans grein, án þess að rektor skólans tækist að taka í taumana. Slíkt nær vitanlega engri átt, að nemendurnir geti sagt kennurum sínum upp trú og hollustu þegar þeim býður svo við að horfa, þannig, að kennsla hætti. Með slíkum vettlingatökum fer allur agi út um þúfur. Rektor skólans átti að sjálfsögðu að setja nemöndunum stólinn fyrir dyrnar og segja: Annaðhvort sækið þið tíma eða farið. En í stað þess að gera þetta, er sagt, að rektor hafi lúffað fyrir piltunum og gengið

inn á kröfu þeirra um að fá nýjan kennara í þessari námsgrein.

Þannig hefir það þá reynzt þetta „nýja blóð", sem hæstv. dómsmrh. var að veita inn í Menntaskólann. Og þetta var eina ástæðan, sem heyrzt hefir færð fyrir því, að Pálma Hannessyni var veitt rektorsembættið og þannig tekinn fram yfir alla aðra. Ég leyfi mér að fullyrða það, með tilliti til þess, sem ég nú hefi sagt, að skólalífið í Menntaskólanum hefir ekki batnað, heldur versnað, síðan nýi rektorinn tók þar við stj., að ég nú ekki tali um það ranglæti, það óverjandi ranglæti, sem kom fram í því að veita Pálma Hannessyni þetta embætti. Hæstv. dómsmrh. getur hellt sér yfir mig með skömmum, en hann getur aldrei varið þessa veitingu sína. Þó að Pálmi Hannesson væri jafnoki Caesars eða Washingtons réttlætti það ekki þessa ráðstöfun ráðh., og þar sem honum hefir ekki farið skólastjórnin betur úr hendi en ég hefi lýst, verður dómurinn yfir hæstv. stj. algjörlega fellandi.

Þá kem ég að skipherranum á Ægi. Eins og kunnugt er lét fyrrv. stj. byggja Óðinn 1925, og árið eftir keypti hún Þór af Vestmanneyingum til landhelgisgæzlunnar. Var þetta djarft spor, sem Sjálfstæðisflokkurinn steig með þessu, og mikið undir því komið, hvernig færi, einkum um val yfirmanna. Þó að gnótt væri hér góðra sjómanna var næstum enginn, sem uppfyllti þau skilyrði, sem gera verður til foringja á varðskipi. Þegar Vestmanneyingar keyptu Þór var aðeins um einn mann að gera, sem gæti uppfyllt þessar kröfur, Jóhann P. Jónsson. Hafði hann gengið á liðsforingjaskóla og auk þess gegnt liðsforingjastöðu á stríðstímunum. Þennan mann fengu Vestmanneyingar fyrir skipherra á Þór, og þegar Óðinn kom til sögunnar var hann gerður að skipherra á honum, en fyrsti stýrimaðurinn á Þór fór utan til þess að fullnuma sig og búa sig undir að taka við skipherrastöðunni á honum. Eftir þetta virtist brautin bein fram undan, og sjálfsagt að þessir tveir skipherrar hækkuðu í tigninni eftir því, sem betri og stærri skip bættust við í flotann, svo framarlega sem ekki yrði fundið að embættisrekstri þeirra. En ég held, að enginn gerist til þess að halda því fram, að þessir menn hafi brotið neitt af sér. Þeir eru báðir ágætir sjómenn og hin mestu prúðmenni í allri framkomu. Hefir það ekki litið að segja, því að þótt þessir menn umgangist aðallega lögbrjóta vegna starfs síns, er ekki sama, hvernig fram við þá er komið. Eftir að þessir menn höfðu verið settir yfir landhelgisgæzluna lærðist okkur fyrst að reka gæzluna, og það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu fengsæl landhelgisgæzlan hefir orðið í höndum þeirra.

Næst gerist það fyrir atbeina Sjálfstæðismanna, að þriðja skipið er byggt til strandvarnanna. Er það stærsta skipið, líklega helmingi stærra en Óðinn. Sýndist nú sjálfsagt, að annarhvor gömlu skipherranna tæki við foringjastöðunni á þessu nýja skipi, og þó fremur skipherrann á Óðni, vegna þess að hann hefir lengri embættisaldur að baki.

Ef ekki var hægt að sanna upp á þessa menn, að þeir dygðu ekki til starfans, þá var ekkert, sem gat komið í veg fyrir það, að annarhvor þeirra fengi stöðuna, nema hlutdrægni. Hana vantaði svo sem ekki, enda hafði ráðh. frá upphafi lagt fæð á þessa tvo skipherra, brotið á þeim lög, lækkað kaup þeirra, og sýnt þeim allskonar ójöfnuð. Og nú seilist hann fram hjá þeim báðum, þegar hann á að veita skipherrastöðuna á þessu stærsta og vandaðasta skipi flotans, og veitir hana stýrimanni á öðru eldra skipinu. Hvað valdið hefir, eða hvort skipherrarnir hafa ekki verið nógu liðugir sem pólitískar vindsnældur, veit ég ekki, en engum dylst það, að hér hefir hið magnaðasta ranglæti verið haft í frammi. Það efast enginn um, að þessi maður er röskleikamaður og ágætur sjómaður, en hann hafði ekki fengið neina sérmenntun til þessa starfs, og hann var ekki stöðu sinnar eða reynslu vegna rétt kominn að þessu embætti. Það hefir engin áhrif á dóm minn um þetta, að einmitt sá maður, sem naut hér náðar stj., er fornkunningi minn, en hinir mennirnir mér ókunnir þar til nú fyrir skemmstu.

Í hvaða flokki, sem hv. þm. eru, hljóta þeir þó að skilja, að það er ekki rétt að launa mönnum þannig vel unnin störf, og

þetta ranglæti hlýtur öllum heiðarlegum mönnum að gremjast, því að vitanlega er þetta gert af pólitískum ástæðum.

Ég ætla þá að víkja að annari persónulegri veitingu, þótt vont sé að bera skömm saman við skömm, en sama svívirðingin hefir þar átt sér stað, að embættin hafa verið veitt án þess að tekið hafi verið tillit til verðleikanna, en óvildin gegn einstökum umsækjendum hefir þar ráðið úrslitum.

Síðan núv. stj. kom til valda hafa tvær póststöður losnað, nefnilega póstmeistaraembættið og póstmálaritaraembættið. Í bæði þessi embætti virtust sjálfsagðir menn, og ef vel hefði átt að vera komu þeir einir til greina, en af því varð nú ekki alveg. Ekkert virðist sjálfsagðara en að *Guðmundi Bergssyni* hefði verið veitt póstmeistarastaðan, því að hann hafði manna bezt unnið til hennar. Ég minnist þess, að þegar ég var hér í Reykjavík fyrir 20 árum, þá var bróðir minn hér á pósthúsinu, og átti ég þá stundum tal við hann um póstafgreiðsluna. Þá sagði hann mér, að hún væri nú nokkuð misjöfn, en á einum stað skeikaði aldrei í neinu, hvort sem um útlendan eða innlendan póst væri að ræða, og það væri hjá Guðmundi Bergssyni, sem þá var póstafgreiðslumaður á Ísafirði. Guðmundur Bergsson er búinn að vinna að póstmálunum um tugi ára, og nú hafði hann náð svo langt, að hann var kominn til Reykjavíkur og hafði verið skipaður póstmeistari eftir fráfall Þorleifs Jónssonar, en þegar staðan er veitt, hvað skeður þá? Þessi maður fær ekki stöðuna. Nú veit ég ekki, hvað valdið hefir, því að á síðari árum hefir hann ekki gefið sig neitt að pólitík, en líklegt þykir mér, að þessir pólitísku þefarar stj. hafi ekki fundið af honum rétta lykt, og því var sóttur sócíalisti austan af Seyðisfirði til að gegna þessu embætti. (**Dómsmrh.**: Sótti Guðmundur um embættið?). Já, hann gerði það. (**Forsrh.**: Hafði hann meðmæli póstmeistara?). Það veit ég ekki, en nú skal ég sýna fram á, hvað hæstv. stj. tekur mikið tillit til þess, þótt meðmæli fylgi umsóknum. Það vildi svo til, að póstmálaritarastaðan losnaði sökum veikinda Óla P. Blöndals, og hafði Magnús Jochumsson gegnt þessari stöðu nokkuð á annað ár, án þess að fá nokkura launauppbót. Þessi maður sækir svo um stöðuna, en tveir menn, sem aldrei hafa starfað að póstmálum, keppa við hann. Annan þessara manna þekki ég vel, því að hann er lærlingur minn, og ég veit, að hann er ágætur maður, en hinn manninn þekki ég ekkert. Báða þessa menn skorti þá þekkingu og þá reynslu, sem nauðsynleg var til þess að hægt væri að veita þeim embættið, og Magnús Jochumsson virtist því sjálfsagður í stöðuna. En hvað kemur þá upp úr kafinu?

Fyrir mörgum árum hafði Magnús Jochumsson skrifað heldur óþvegna skammagrein í eitthvert blaðið um Tryggva Þórhallsson, sem sjálfur hafði aldrei verið spar á skömmunum. Greinin mun hafa verið hvassyrt, og komið ónotalega við kaun núv. forsrh., enda hefi ég heyrt til þess tekið, hver kraftur hafi verið í greininni.

Nú skyldi maður ætla, að hæstv. forsrh., sem sjálfur hafði fengið fjölda sektir fyrir rit sín, hefði ekki kippt sér neitt upp við það, þótt hann fengi óþvegna skammagrein, en greinin virðist hafa hitt markið. Þrátt fyrir það, þótt M. J. hefði náttúrlega óskoruð meðmæli aðalpóstmeistara, vildi hæstv. ráðh. ekki veita honum stöðuna sökum þessarar greinar, að því er sagt er, heldur hlaut maður stöðuna, sem alls ekki hafði sótt, og er mér sagt, að persónulegur kunningsskapur hafi ráðið því.

Það er erfitt að gera upp á milli pólitískrar hlutdrægni og persónulegrar, eins erfitt og að gera upp á milli skammar og ósóma (*hlátur*), en báðar tegundir virðist stj. eiga, og hér er þá komið sýnishorn af persónulegu hlutdrægninni. Það mætti ennþá nefna fjölda dæma, þar sem þessi hlutdrægni hefir komið í ljós, og get ég þá t. d. nefnt, að á Sandi átti að sameina póst og síma, og vildi símstjórinn taka starfið að sér, en af því að það var ekki rétt pólitísk lykt af honum, var öðrum auðvitað veitt það. Sömu sögu er að segja úr Árnessýslu. Þar var póstafgreiðslan tekin af séra Ólafi og flutt að Ölfusárbrú, en þótt símstjórinn sækti um stöðuna, var ekki við það komandi, að

honum yrði veitt hún, heldur var maður sóttur norður í Strandasýslu, og honum veittur biti.

Ég hefi svo margt að segja, að ég sé fram á það, að tími muni ekki vinnast til að tína allt til, og verð því að sætta mig við að grípa aðeins á fáum þeim kýlum, sem líkami stj. er alþakinn af. Það gengur nú svona, að þegar maður kemst í eldhúsið, þá er nóg eldsneyti til að brenna.

Það er ekki nóg fyrir stj., að stöður losni, því að þegar stj. þykir þær ekki losna nógu ört, er hlaupið í að búa til ný embætti og stöður, og er Esjuútgerðin gott dæmi þess. Eimskipafélagið hefir gert Esju út, og bauðst nú til þess að annast þá útgerð fyrir svo lágt verð, 1800 kr. á mánuði, að óhugsandi er að gera það eins ódýrt á nokkurri sérstakri skrifstofu. Hæstv. dómsmrh. hafði í bæklingnum „Komandi ár" skrifað um nauðsyn þess að sameina útgerðir ríkisins undir Eimskipafélagið. En nú var nýr Pálmi sprottinn, Pálmalundur stj. aukinn, en reynslan mun sýna, að af því mun leiða mikinn kostnað fyrir ríkið, því að hinn svo kallaði brauða- og flotamálaráðh. og hv. 4. þm. Reykv. munu einnig fá þarna feitan bita, enda er sagt, að þetta hafi verið gert til að útvega þessum mönnum að éta. Ég hygg,að allir landsmenn séu miklu frekar sammála hæstv. dómsmrh. í greininni „Komandi ár", heldur en nú, þegar allt þetta fargan er gert út af einu skipi, og ef til vill nokkrum flóabátum. Það er enginn efi á því, að bezt væri að láta Eimskipafélagið taka alla afgreiðslu þessara skipa að sér fyrir lítið, heldur en að ríkið fari að kosta til þess ærnu fé.

Þá kem ég að læknamálinu, en af því að það er svo víðtækt verð ég aðeins að stikla á stærstu steinunum, og skal ég þá víkja að veiting læknisembættisins í Keflavík. Læknaembættin á samkv. l. að veita eftir till. landlæknis. — Hæstv. dómsmrh. kunni ekki við að hafa slíkt vald við hlið sína og braut því þessa reglu. Hann gekk jafnvel svo langt, að hann veitti hvert embættið eftir annað eftir eigin geðþótta, ýmist án þess að spyrja landlækni, eða móti till. hans. Til að fóðra þetta gerræði var svo oft smalað einhverjum undirskriftum í þeim héruðum, sem hlut áttu að máli, og loks voru læknar svo brýndir af þessu, að þeir ákváðu að nota samtök sín til þess að koma á heilbrigðri reglu í þessum málum. Þeir kusu því n., til að vinna svipað verk og það, sem landlæknir á að inna af hendi, en var bægt frá að vinna: að leggja til sérþekkingu. Þetta var svo kallað ríkisupplausn í Tímanum, en hinu gleymt, að það var ráðh., sem átti sök á þessari ríkisupplausn, ef einhver var, með því að svipta konung raunverulega veitingarvaldinu, eins og Alþýðublaðið komst svo hátíðlega að orði, og leggja það í hendur einhverra áskorenda.

En þegar læknarnir mynda samtök með sér og skipa n. til þess að gera skynsamlegar till. um þetta mál, þá rís ráðh. upp með offorsi og segir, að ríkisupplausn sé í aðsigi. Við skulum nú athuga þetta mál nokkuð ofan í kjölinn og komast að raun um, í hverju þetta gerræði læknanna var fólgið, sem hæstv. ráðh. talar svo mikið um. Jú, þeir bjuggu til ákveðið kerfi, ákveðnar reglur til þess að fylgja við veitingar læknisembætta. Það voru öll ósköpin, sem hæstv. ráðh. stendur svo mikill stuggur af, að muni hafa upplausn ríkisins í för með sér. Að þessi framkoma læknanna sé byggð á fullri sanngirni og réttlæti sést af því, hversu nákvæmar þessar reglur eru, að þær vísa algerlega á bug öllu persónulegu vali, en eru ákveðinn, fastur mælikvarði, til þess að leggja á umsækjendur. Það er t. d. eitt stig fyrir embættisaldur, eitt fyrir t. d. sérmenntun, eitt fyrir utanför til fullkomnunar, eitt fyrir hátt próf, o. s. frv. Yfirleitt allt það, sem sérstaklega mælir með umsækjanda, er nákvæmlega metið án nokkurrar persónulegrar íhlutunar. Þetta er nú þessi voðalega ríkisupplausn. Nú sjá það vitaskuld allir sannsýnir menn, að læknarnir hafa ekkert gert annað en það, sem þeir voru knúðir til þess að gera. Þetta var neyðarvörn læknanna gegn rangsleitni þessa ráðh., sem brotið hefir á þessari stétt bæði l. og venjur, og komið fram með meira ofstæki, einræði og frekju í garð læknastéttarinnar, heldur en bjóða má frjálsbornum, vel menntuðum mönnum. Gerræði ráðh. hlaut því að knýja þessa stétt til andstöðu, til varnar, og hafa þeir

í þeim viðskiptum gætt fullrar sanngirni, enda þótt framkoma ráðh. gæfi einatt lítið tilefni til slíks. Nú er fróðlegt að bera saman við þetta kerfi, sem læknarnir vilja láta veita embættin eftir, það kerfi, sem hæstv. dómsmrh. fer eftir í læknaveitingum. Hann þykist vilja veita embættin eftir áskorunum héraðsbúa. Um þetta fyrirkomulag er það skemmst að segja, að það mun vera það lang-ófullkomnasta á alla lund, sem hugsanlegt er. Þá væri betra að einn maður réði óskorað, eða að héruðin kysu læknana, eða eitthvað þvílíkt. En að fara eftir áskorunum nokkurra manna í héruðunum, sem engin trygging er fyrir að séu meiri hl. héraðsbúa, það er alveg fráleitt form fyrir embættaveitingum. Það er ekkert hægt um það að segja, hversu hart hefir verið gengið að mönnum um undirskriftir, og það getur líka vel komið fyrir, að farið sé að safna undirskriftum fyrir einhvern ákveðinn umsækjanda áður en umsóknarfrestur er liðinn, og að síðar komi svo fram einhver umsækjandi, sem héraðsbúar kysu miklu fremur. Hversu meingallað slíkt fyrirkomulag er og hefir reynzt má sjá af prestskosningunum. Það kemur þrásinnis fyrir, að skorað er á prest að sækja um brauð, en sem hefir fallið þegar til kom. Er þess t. d. skemmst að minnast, að ekki fyrir löngu var skorað á prest hér í nágrenni Reykjavíkur að sækja um brauð eitt. Vegna þess, hve margar áskoranir bárust honum, lét hann að lokum undan og sótti, en — mikil ósköp — hann féll með miklum atkvæðamun. Þetta stórgallaða og stórhættulega fyrirkomulag vill nú hæstv. ráðh. innleiða um læknaveitingar. — Ennfremur ber á það að líta, að héraðsbúar eiga þess sjaldnast kost að dæma um umsækjendur af reynslu, heldur kemur þar miklu fremur ýmislegt annað til greina, sem bezt væri að blanda ekki inn í þessa hluti. Afleiðing af slíku er það, að ekkert réttlæti og skynsemi mega sín nokkurs framar í þessum efnum. Í stað þess eru það agitationir, pólitískt flokksfylgi og persónuleg kynning, sem ræður. Sérþekking, há próf, embættisaldur og reynsla eru að engu höfð í þessum efnum. Afleiðingin hlýtur að verða handahóf í veitingum embættanna, sem um leið er ranglæti gagnvart mörgum umsækjanda, gerræði og blekking gagnvart héruðunum sjálfum, og lamandi fyrir framahug læknanna í landinu, því þá er minni hvöt fyrir lækna að reyna að verða nýtir í stöðum sínum, ef þeir eiga þess engan kost síðar að fá betri héruð. Svo reynir hæstv. ráðh. að telja mönnum trú um, að þetta sé einhver háleit og göfug hugsjón, sem hann er að hrinda í framkvæmd með því að taka upp þetta fyrirkomulag. En þar hallar hann réttu máli, sem endranær.

Loks kemur hin margumtalaða veiting Keflavíkurhéraðs. Þá er það, að hæstv. ráðh. beitir einhverju því mesta einræði og gerræði, sem nokkur stjórnarherra getur gripið til. Héraðið er auglýst laust og margir sækja um. Embættan. Læknafélagsins tekur málið til athugunar á þeim grundvelli, sem hinar settu reglur ákveða, og niðurstaðan verður sú, að einhver harðasti andstæðingur ráðh. fær meðmæli n. Nú var svo sem ekki að sökum að spyrja. Vitaskuld virti ráðh. þessar vel athuguðu og óhlutdrægu till. n. að vettugi. Nú var um að gera að geta sundrað samtökum læknanna, fengið einhvern úr þeirra hópi til þess að svíkjast undan merkjum og taka við embættinu. Hann fór með þá upp á afarhátt fjall til þess að ginna þá til að þiggja embættið. En allt kom fyrir ekki. Sá, sem að lokum lét tilleiðast, gerði það mjög nauðugur, og meira að segja afsalaði sér stundum embættinu, en slíkt tjóaði nú ekki. Það þarf nú ekki í grafgötur að leita um þær hvatir, sem lágu að baki þessa atferlis hæstv. dómsmrh., það var hrein og bein pólitísk hlutdrægni, samfara hefndarfýst og persónulegri óvild. Og það, sem sérstaklega er athugandi í þessu sambandi er það, að hér var ekki leitað álits héraðsbúa, enda mun ekki hæstv. ráðh. þótt eigandi undir því, ef ske kynni að óskir héraðsbúa pössuðu ekki við vilja hans. Og það er líka á allra vitorði, að lækninum var beinlínis þröngvað upp á héraðsbúa, því hann er, sökum heilsubrests, ófær til þess að gegna stóru læknisembætti. Á þessu litla dæmi sést, að allt tal ráðh. um vilja héraðsbúa, þegar um er að ræða veitingu læknisembætta, er hreinn fyrirsláttur og ekkert annað. Um þetta hneykslismál,

sem er eitt af mörgum, mætti vitaskuld tala mjög langt mál, en til þess er ekki tími að svo stöddu. Gefst mér væntanlega tilefni og tækifæri til þess að ræða það mál frekar við þessa umr.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að veitingu útvarpsstjórastöðunnar. Það er af hendingu að ég tala um hana síðast, því að um þá veitingu má segja með öruggri vissu, að hún er pólitisk hlutdrægni og verður að öðru leyti á engan hátt réttlætt. Þessi veiting er miklu alvarlegri en flestar aðrar embættaveitingar, vegna þess að embætti þessu hljóta að fylgja mikil áhrif á allt menningar- og þjóðlíf okkar. Það má segja um útvarpið, að það er það menningartæki nútímans, sem erfiðast mun að segja fyrir um, hve mikið býr í. En svo mikið mun þó óhætt að fullyrða, að útvarpið er vafalaust einn voldugasti og áhrifamesti þátturinn í menningarlífi komandi ára. Hingað til hefir ekki verið unnt að tala til nema fárra manna í einu, en með útvarpinu er mögulegt að tala til heillar kynslóðar. Með því er unnt að tala til allrar þjóðarinnar og meira að segja til annara þjóðlanda. Af þessu má ráða, hversu geysileg ábyrgðarstaða það er að veita útvarpinu forstöðu. Það er því auðsætt, að veita má slíkt embætti aðeins framúrskarandi góðum mönnum. Hér máttu sízt koma til greina pólitiskir flokkshagsmunir né flokksfylgi, og allra sízt skipa þann mann, sem ber var að því að vera harður flokksmaður. Allt veltur á, að misnota ekki þetta merkilega menningartæki. En hvernig fór? Það má að því leyti líkt um þessa veitingu segja og veitingu Búnaðarbankastjórastöðunnar, að stj. flýtti sér að slá embættinu upp, ákveða launin nógu há, þó þau vitanlega væru ekki alveg eins há og bankastjóranna, en þó til muna hærri en t. d. biskups, landsímastjóra og annara slíkra embætta. Það lá mikið á að hola þarna niður einum gæðing stj., og það þurfti að gerast strax, enda þótt ekkert útvarp væri komið á fót. Í l. í fyrra skyldi skipa útvarpsráð. Það virðist nú dálítið hæpið, hvernig það er skipað, en ég mun ekki fara frekar út í þá sálma að sinni. Í því eru þeir Helgi Hjörvar, Páll Ísólfsson og Alexander Jóhannesson. Útvarpsráðið auglýsti nú stöðuna lausa og um hana sóttu nokkrir menn, sem flestir voru prýðilega gefnir, hámenntaðir og háskólagengnir menn og alkunnir mannkostamenn, eins og t. d. Baldur Sveinsson blaðamaður, sem hefir almenningsorð fyrir mannkosti og gáfur og alveg sérstaklega mikla þekking á íslenzkri tungu. Svo má nefna ýmsa fleiri ágætismenn, svo sem Vilhjálm Þ. Gíslason magister og séra Ragnar E. Kvaran prest í Vesturheimi, sem að mörgum þótti sem mest hefði skilyrðin til þess að takast starfið á hendur. En auk þessara manna, sótti einnig ritstjóri að einu harðvítugasta og ófyrirleitnasta flokksblaði, sem út hefir verið gefið hér á landi, maður, sem orðinn var þjóðkunnur fyrir pólitiskt ofstæki, ófyrirleitni og ofsa, sem mjög benti til lágrar menntunar. Þetta var ritstjóri Tímans og fyrv. ritstjóri Dags, Jónas Þorbergsson. Frá sjónarmiði almennrar skynsemi hlaut þessi maður með öllu að vera útilokaður frá því að koma til greina í þessu sambandi, og því fremur, sem úr var að velja ágætum mönnum, menntuðum, viðurkenndum gáfu- og mannkostamönnum. En hvað skeður? Þrátt fyrir hina syndugu fortíð þessa ófyrirleitna blaðamanns, og þrátt fyrir menntunarleysi hans samanborið við hina umsækjendurna, og þrátt fyrir það þótt hann væri allra umsækjendanna lakastur að öllu leyti, varð hann samt sem áður valinn. Einhverntíma hefðu slíkt þótt mikil tíðindi og ill, en nú er maður orðinn svo mörgu misjöfnu vanur af hendi núv. stj., að jafnvel slíkt atferli hefir fremur lítið verið átalið. Það hefir verið sagt, að hæstv. forsrh. hafi þótt þessi ritstjóri ekki gera nógu mikið úr sér og sínum verkum, og hafi því gjarnan viljað losna við hann frá ritstjórn Íhaldsins. Því var það, að einn fyndinn naungi sagði, að Jónasi Þorbergssyni hafi verið veitt útvarpsstjórastaðan vegna ókosta hans en ekki vegna kosta hans, þ. e. a. s. ekki vegna kosta hans sem útvarpsstjóra, heldur vegna ókosta hans sem ritstjóra Tímans. Annars mætti margt um þennan mann segja, sem ekki á við á þessum stað, þar sem hann er ekki viðstaddur og jafnvel ekki hérlendis. En ef ætti í fám orðum að segja það um hann, sem að líkindum væri sanni næst, þá er það það, að

hann ætti að vera áfram ritstjóri Tímans, þar hæfir hvort öðru, en útvarpsstjóri ætti hann að vera sízt allra manna. Það fór vel á því að hafa slíkan sannleikspostula fyrir stjórnarblaðinu. Þar hæfði skel kjapti.

Að lokum má benda á það gerræði í þessu máli, að umsóknarfresturinn var styttur til þess að bægja frá þeim umsækjandanum, sem að flestra dómi hafði bezt skilyrði til að gegna embættinu. Þannig var búin til átylla til þess að hundsa þessa umsókn. Með því að taka til greina umsókn séra Ragnars Kvarans hefði tvennt áunnizt að dómi margra: fengizt heim ágætur maður, sem nú dvelur erlendis, og um leið fengizt ágætur maður sem útvarpsstjóri. Hann er gáfumaður með afbrigðum, og raddmaður í bezta lagi, sem er mikill kostur á manni, sem tala á í útvarp, hann er söngvinn maður og hefir prýðilegt vit á hljómlist. Allt eru þetta kostir, sem prýða mann í þessari ábyrgðarstöðu.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa hluti. Þessi fáu dæmi, sem ég hefi nefnt, sýna það og sanna, hve greypilega hæstv. stj. misnotar veitingavaldið. Það er ekki nema um tvennt að ræða: pólitisk hlutdrægni eða persónuleg hlutdrægni. Allt annað víkur fyrir þessum meginlögmálum stj. Engin trygging er fyrir því framar í þessu landi, að hæfir menn, menntaðir og vel hugsandi setjist í embætti. Þetta er spilling, rotnun í opinberu lífi þjóðarinnar, sem fyrr eða síðar leiðir til ófremdar og ófarnaðar fyrir þjóðina í heild.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Reykv. hagaði svo ræðuhöldum sínum á laugardaginn, að engir komust til að tala aðrir en hann. Hv. þm. talaði hér í 2½ tíma samfleytt, og býst ég við, að hann beri í því af okkur ráðherrunum þegar við svörum honum, að hann noti lengri tíma. Í því sambandi vil ég aðeins rifja það upp með hv. þm., að okkur var sameiginlega kennt það, þegar við vorum við nám, að við ættum að tala í hálftíma, og var það það allra mesta. Og yfirleitt var það svo, að til þess að ganga fullkomlega frá kölska kalli og öllum hans árum var hálftími álitinn nógur.

Nú hefir hv. þm. álitið, að hann þyrfti 5 sinnum lengri tíma. Hann hefir syndgað fimmfalt hvað formið snertir og ennþá meira hvað innihaldið snertir. Ég veit ekki hvernig fer fyrir mér, en ég geri ráð fyrir, að ég syndgi ekki eins mikið og hv. 1. þm. Reykv. í þessu.

Ræða hv. þm. var í tveimur köflum. Fyrst var stuttur kafli, þar sem hann vék að einstökum atriðum í svarræðu minni út af ásökunum hv. 1. þm. Skagf. Út af þessum ummælum ætla ég að segja nokkur orð.

Hv. þm. kvartaði undan framkomu minni hér við eldhúsdagsumr. Honum féll það illa, að þegar andstæðingar mínir eru búnir að skamma mig, skuli ég standa hér upp og þakka þeim. Mér finnst ekki sérstaklega vel viðeigandi fyrir kennara í guðfræði, að kvarta undan því, þótt menn snúist svo við, þegar þeir lenda í orðakasti. Hygg ég að hv. þm. hafi fulla þörf á að endurskoða siðfræði sína í þessu efni. En ég þykist vel skilja hvers vegna hv. þm. og flokksbræðrum hans er svo illa við þessa framkomu mína. Fyrst þetta bítur svona á ráðh., að hann þakkar okkur, þá hljóta að vera einhver mistök hjá okkur. Jafnvel þegar við tökum hans eigin vopn, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, þakkar ráðh. Þetta hlýtur að hafa mistekizt hjá okkur. — Og þetta er alveg rétt hjá hv. þm.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um eldhúsdaginn og þýðingu hans. Hv. þm. gat þess réttilega, að við hefðum ólíka skoðun á þýðingu þessa dags. Hv. þm. áleit hann þýðingarmikinn og alvarlegan dag. Hann áleit eldhúsdagsumr. sérstaklega góða sögulega heimild. Verð ég að segja, að mér virðist ekki fara vel á því, að prófessor í sögu við háskólann skuli leggja slíkt mat á það, hvað séu góðar sögulegar heimildir.

Ég er ósammála hv. þm., því að mér virðist þessi eldhúsdagur vera eins og hinir fyrri. Þeir hafa aðallega verið þann-

ig, að hv. stjórnarandstæðingar hafa lesið heila dálka upp úr Morgunblaðinu og látið prenta þá í Alþingistíðindunum. Hv. þm. kom líka með heilan árgang af Morgunblaðinu eða Ísafold, og lagði hann á borðið hjá sér þegar hann fór að tala.

Nú er það lýðum ljóst, hversu góð söguheimild greinarnar í Morgunblaðinu eru. Og ekki verða þær betri fyrir það, þó að þær séu endurprentaðar í Alþingistíðindunum.

Ég lít á eldhúsdaginn, eins og hv. stjórnarandstæðingar stunda eldamennskuna nú, sem ómerkilega tilraun til að lengja þingið. Í fyrra var hann ekkert annað en það, að prenta upp það, sem blöð íhaldsmanna höfðu flutt arið á undan. Þess vegna álít ég, að það hefði verið miklu einfaldara fyrir þessa hv. þm., að merkja þá dálka með rauðu, sem þeir vilja láta prenta upp, og koma með þá þannig í prentsmiðjuna, heldur en að vera að slíta sér út á því að vera að tala þetta hér á Alþingi og þreyta okkur á því að hlusta á þá.

Hv. þm. drap á einstök atriði í ræðu minni til hv. 1. þm. Skagf. Fyrsta atriðið, sem hann lagði mikla áherzlu á, var fjósið á Hvanneyri. Hv. þm. lagði svo mikla áherzlu á það, hvað þetta hefði lýst miklu einræði hjá stj. Hún hefði gert þetta algerlega í heimildarleysi. Ég hefi vikið nokkuð að þessu í svarræðu minni til hv. 1. þm. Skagf., en vil þó víkja að því nánar.

Þegar ráðizt var í að byggja fjósið, lá fyrir samþykkt frá Alþingi til þess að gera það. Einungis var gert ráð fyrir lægri upphæð og að unnt væri að nota veggi gamla fjóssins. Sú breyt., sem á þessu var gerð, var gerð í samráði við fjvn. Nd., því við rannsókn húsameistara ríkisins kom það í ljós, að ekki var hægt að byggja á sama grunni og áður. Að þessu leyti er því alrangt að tala um einræði stj. í þessu efni. Hún hafði til þessa góðar heimildir. En ég vil í því sambandi minna á tvö hliðstæð dæmi frá tíð fyrirrennara míns, hv. 1. þm. Skagf.

Annað er um aðra húsbyggingu á Hvanneyri. Það var ekki fjós, sem þá var byggt, heldur íbúðarhús. Og eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, kostaði það ekki 130 þús. kr., heldur tvisvar sinnum 130 þús. kr., eða um 260 þús. kr. Ég veit ekki með hvaða heimild hann hefir gert það. Ég áfelli hann ekki fyrir þetta. Það var ekkert undanfæri að byggja húsið þá, alveg eins og nú var ekkert undanfæri að byggja fjós.

Þá er annað hliðstætt dæmi frá hinum bændaskólanum, á Hólum. Það var árið 1927, þegar hv. 1. þm. Skagf. var atvmrh. Þá lá hér fyrir Alþingi till. um að reisa fjárhús á Hólum. En sama daginn og ég sem frsm. fjvn. talaði fyrir þessari till. var útboð í verkið auglýst í Morgunblaðinu. Það var því gert áður en nokkur heimild var til þess fengin. Ég ásaka ekki hv. 1. þm. Skagf. fyrir þetta. Hann varð að gera þetta. Það varð ekki hjá því komizt. En nú ásaka þeir félagar og nafnar mig, er ég hafði miklu réttari heimild.

Svo klykkir hv. 1. þm. Reykv. út með þeim orðum um mig, að ég hafi sérstaka ást á því að nota fé án heimildar í fjárl.

Hv. þm. nefndi sem dæmi, að ég hefði við 3. umr. fjárl. ekki viljað fá fjárlagaheimild til að fullgera Vesturlandsveginn og ætli mér að láta leggja þann veg án fjárlagaheimildar. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það eina, sem ég ætla að gera — og það hefir hver einasta stjórn leyfi til að gera, — er að flytja fjárveitingar, sem heimild er fyrir á fjárl., til milli ára. Þetta dæmi er því óheppilega valið hjá hv. þm., því það er einmitt dæmi um það, að ég hefi heimild í fjárl. fyrir því, sem ég ætla að láta framkvæma.

Hv. þm. minntist á Búnaðarbankann og tók þar undir með hv. 1. þm. Skagf. og beindi því til mín, hvers vegna ég hefði skipað stj. svona fljótt. Ég verð að segja hv. þm. það, að það var ekki hægt að koma neinu af stað fyrr en bankastjórn hafði verið skipuð. Hverjir eiga að vinna að því að gera reglugerðir fyrir bankann og ráða fyrirkomulagi hans í einstökum atriðum? Hverjir eiga að gera það aðrir en bankastjórarnir? Það er skiljanlegt hjá hv. þm., að hann vilji ekki láta skipa bankastjóra, því hann hefir aldrei viljað láta stofna neinn Búnaðarbanka. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. í fyrra, og raunar hjá fleiri íhaldsmönnum. Hv. þm. er þar í fullu samræmi við sjálfan sig. En hvernig getur hv. þm. verið að ásaka mig fyrir það, að ég hefi komið fram áhuga-

máli mínu? Hv. þm. mun ekki fá hljómgrunn fyrir þessu úti um byggðir landsins.

Þá vék hv. þm. að rafveitu Skagfirðinga. Hefi ég áður sagt ástæðu mína fyrir því, að ég vil ekki afgreiða þetta mál nú. Hún er sú, að engin heildarlöggjöf er til um þetta efni, en málið hinsvegar mjög vandasamt. Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki borið fram frv. til neinna heildarlaga á þessu þingi eða öðrum. En til þess var enginn von, því að það er enn verið að vinna undirbúningsvinnuna að því, að setja löggjöf um málið. Hinsvegar er það nú alviðurkennt, að það frv., sem ihaldsmenn hafa borið fram um þetta efni, er byggt á rammskökkum grundvelli og að því unnið með hinni mestu hroðvirkni, og aðeins til að sýnast.

Þá skal ég snúa mér að aðalefninu hjá hv. 1. þm. Reykv., sem er embættaveitingar stj. Hv. þm. beindi ræðu sinni mest til mín, enda hafa langflestar embættaveitingar borið undir mig.

Ég skal þá geta þess fyrst, að hv. þm. hélt því fram, að stj. færi eftir fastri reglu um allar embættaveitingar. Ég man ekki, hvort hv. þm. sagði, að það væri nær eða alveg ófrávíkjanleg regla, en þessi hv. þm. er vanur að komast skýrt að orði. Reglan var þessi: Stjórnin fer annaðhvort eftir pólitískri eða persónulegri hlutdrægni um embættaveitingar.

Hv. þm. hefir bezta aðstöðu til að kveða upp dóm um þetta, því hann er einn þeirra, sem hefir orðið fyrir því að koma til greina við embættaveitingar af þessari stj. Ég veit ekki, hvort það hefir heldur verið af persónulegri eða pólitískri hlutdrægni, að hann fékk veitingu fyrir því embætti. (MJ: Það er bezt að spyrja flokksmenn hæstv. stjórnar. Þeir hafa skammað stj.). Ég var nú að spyrja hv. 1. þm. Reykv. Ég spyr nú hv. þm. alveg ákveðið: Hvort var það heldur pólitísk eða persónuleg hlutdrægni, er ég veitti honum prófessorsembættið?

Árásir hv. þm. á mig hafa aðallega verið á þrem sviðum, um skipun bankastjóra Búnaðarbankans, póstmannaembættin og útvarpsstjóraembættið.

Hv. þm. ásakaði mig einkum fyrir skipun aðalbankastjórans í Búnaðarbankanum, og virtist hneykslast mjög á því, að mér hefði dottið í hug að setja dr. Pál Eggert Ólason í það embætti. Hneykslun hv. þm. stafaði einkum af því, að honum fannst alveg sjálfsagt að taka einhvern bankamann. Ég er á allt annari skoðun en hv. þm. Það er svo gersamlega ólíkt að starfa sem starfsmaður í banka, t. d. við bókhald eða gjaldkerastörf, og að vera bankastjóri, sem sé ráða því, hvert eigi að beina peningastraumnum í landinu. Bankamenn geta auðvitað haft þá hæfileika, sem bankastjóra eru nauðsynlegir, en þeir geta líka verið lausir við slíka hæfileika og samt verið vel fallnir til síns starfs. Í bankastjórastöðuna þarf að fá gáfaðan mann, duglegan og sjálfstæðan, sem er gagnkunnugur öllum högum landsins, og landbúnaðarins sérstaklega. Og jafnvel hv. 1. þm. Reykv. hefir játað, að Páll Eggert Ólason hafi þessa hæfileika í ríkum mæli. Svo að ég haldi mér við ummæli ýmissa samherja hv. þm., get ég sagt það, að einn af menntuðustu blaðamönnum í hans flokki hefir sagt, að hann áliti dr. Pál Eggert einhvern alhæfasta manninn í þessum bæ til að vera bankastjóri Búnaðarbankans, og annar samflokksmaður hv. þm., sem situr hér skammt frá mér, hefir látið svo um mælt, að hann álíti veitinguna óaðfinnanlega. Það væri kannske hægt að beina þeirri ásökun til mín, að ekki hefði verið rétt að taka slíkan dugnaðarmann sem dr. Páll Eggert er úr því starfi, sem hann hefir gegnt. En þó að mér sé sagan kær, er mér þessi nýja stofnun enn kærari. Mér er Búnaðarbankinn svo kær, og það er svo áríðandi, að hann fari vel af stað, að ég lét ekkert annað en velgengni bankans ráða þessari veitingu. Ég vissi, að allt hefir blessast í höndunum á Páli Eggert, og um allt hefi ég á honum hið fyllsta traust. Þess vegna veitti ég honum embættið. — Hv. þm. hefir ekkert ásakað mig fyrir að gera Pétur Magnússon að bankastjóra, en út af Bjarna Ásgeirssyni var hann eitthvað óánægður. En ég vil segja, að Bjarni Ásgeirsson er sérstaklega vel að sér á búnaðarsviðinu, einkum er hann vel kunnur öllum nýjungum á sviði búskaparins, enda var hann á síðasta búnaðarþingi endurkosinn í stjórn Búnaðarfé-

lagsins með öllum (12) atkv. Nei, eina stóra ásökunin í þessu máli var sú, að ég skyldi hafa tekið Pál Eggert Ólason, mann, sem er viðurkenndur fyrir frábæra vitsmuni og dugnað. Og þessi ásökun kemur frá manni, sem reis upp hér í hv. d. í fyrra og mælti á móti því, að Búnaðarbankinn yrði stofnaður. En ég veit, að eftir nokkurn tíma verður það einróma dómur þjóðarinnar, að valið á forystumanninum hafi tekizt farsællega, alveg eins og dómur þjóðarinnar var á móti hv. 1. þm. Reykv. í fyrra.

Hv. þm. kastaði til mín þeirri hnútu, að við í stj. værum að leggja Þórð Sveinsson lækni í einelti. Hann hefði verið í stj. Ræktunarsjóðsins í fyrra, en væri ekkert riðinn við Búnaðarbankann núna. Þegar Bjarni Ásgeirsson varð bankastjóri, losnaði hann úr þeirri sérstöku nefnd, sem á að vera stjórn Búnaðarbankans til aðstoðar um lánveitingar úr Byggingar- og landnámssjóði, en Þórður Sveinsson var skipaður í stað hans. Þórður tók þeirri skipun greiðlega og hefir starfað með áhuga í nefndinni, eins og hans var von og vísa. Þetta er nú eltingarleikurinn sá.

Hv. þm. sagði, að ég hefði flýtt mér að búa til útvarpsstjóraembættið. Á þinginu 1928 voru sett lög um þetta mál, en það var ekki fyrr en í ársbyrjun 1930, að útvarpsstjórinn var skipaður. Alþingi skoraði á mig á þinginu 1929 að flýta þessu máli. Ennfremur lágu fyrir till. frá útvarpsráðinu í þessa átt. M. ö. o. var það alveg sjálfsögð ráðstöfun að skipa útvarpsstjóra. Hv. þm. sagði, að ég hefði flýtt mér að ákveða launin. Nefnd var skipuð 1927, og hún ákvað launin í nál. og ég fór eftir því. Sannleikurinn er sá, að þingið hefir oftar en einu sinni verið að reka á eftir mér í þessu máli, sagt mér, að ég þyrfti að flýta mér, — og svo fæ ég aftur skammir fyrir, þegar loks er farið af stað.

Um sjálfa veitinguna ætla ég ekki að segja margt. Vitanlega orkar alltaf tvímælis um slíkar stöður, einkum þar sem ekki getur verið um reynda menn að ræða. Nú hittist svo á, að frá útvarpsráðinu og landssímastjóra komu 4 till. Allt voru það góðir menn, sem stungið var upp á, og ég var þeim öllum kunnugur. Þar sem útvarpsráðinu bar ekki saman, hlaut ég að taka mest tillit til þess, sem formaðurinn sagði, og hann tilnefndi Jónas Þorbergsson. Þetta var nú formlega hliðin. Um efnislegu hliðina er það að segja, að ég trúði á mestan dugnað hjá Jónasi Þorbergssyni af þeim fjórum mönnum, sem til voru nefndir. Hv. þm. sagði, að útvarpsstjórinn mætti umfram allt ekki vera pólitiskur maður. Þá var vandlifað fyrir mig, því að allir þessir menn voru pólitiskir. Þrír af þeim voru ritstjórar við pólitisk blöð og séra Ragnar Kvaran er yfirlýstur sócialisti. En hitt er ég sammála hv. þm. um, að þegar þessi pólitiski maður er orðinn útvarpsstjóri, á hann að vera hlutlaus. Jónas Þorbergsson á mest í húfi sjálfur, ef hann verður hlutdrægur. Loks kom rúsínan hjá hv. þm. Hann sagði, að ég hefði veitt Jónasi Þorbergssyni embættið af tveim ástæðum. Annarsvegar af því, að Jónas Þorbergsson væri einhver ákveðnasti og harðsnúnasti vinur minn og samherji. Hinsvegar af þeirri ástæðu, að Jónas Þorbergsson væri orðinn á móti mér og gerði mér allt til bölvunar. Með öðrum orðum: Af tveimur ástæðum veitti ég Jónasi Þorbergssyni embættið:

annarsvegar af því, að hann var svo mikið með mér,

hinsvegar af því, að hann var svo mikið á móti mér.

Slík er rökvísi hv. þm. Þeim, sem nota önnur eins rök og þetta, á að útvarpa.

Loks kem ég að póstmönnunum. Áður en ég vík að póststöðunum í Reykjavík, ætla ég að minnast á 3 breyt., sem gerðar voru úti á landi. Hv. þm. fann að því, að ég hefði tekið póstafgreiðsluna af séra Ólafi Sæmundssyni í Hraungerði. Ég gerði þetta af því, að póstafgreiðslan var flutt frá Hraungerði að Ölfusárbrú. Svo stóð á, að búið var að fullgera nýja rjómabúið við Ölfusárbrú. Ölfusárbrú varð þá auðvitað enn miklu frekar en áður miðstöð fyrir héraðið, svo að það var alveg sjálfsagt, að þar átti póstafgreiðslan að vera. Hraungerði liggur í miðjum Flóanum og var vel sett fyrir póstafgreiðslu á sinni tíð. Nú er allt öðru máli að gegna, enda hefir póstmálanefndin hiklaust lagt til, að afgreiðslustaðurinn yrði fluttur. Engum einasta manni í Árnessýslu dettur í hug að áfellast mig fyrir þetta.

Þá ásakaði hv. þm. mig fyrir, að póstafgreiðslan í Vestur-Skaftafellssýslu skyldi vera flutt að Klaustri. En það er öllum vitanlegt, að þegar póstafgreiðslan var fyrir nokkrum árum flutt frá Klaustri, var það af pólitiskum ástæðum gert, svo að ég var bara að gera sjálfsagða leiðréttíng. Kirkjubæjarklaustur er miðstöð í héraðinu, og þar á póstafgreiðslan að vera, enda lagði póstmálanefndin það einróma til.

Það þriðja, sem hv. þm. nefndi, var afgreiðslan á Sandi. Við Framsóknarmenn höfum ekki vitað til, að þar ættum við nokkra fylgismenn, en þegar einn samflokksmaður hv. 1. þm. Reykv. ber þar fram till. um að ásaka mig fyrir afskipti mín af póstmálunum þar, er hún felld þar á 2 fundum af andstæðingum mínum.

Loks kem ég að þyngstu ásökun hv. þm., um veitingu póstmeistara- og póstritara-embættanna hér í Reykjavík. Þeir menn, sem embættin fengu, hafa báðir um áratugi verið í þjónustu póststjórnarinnar og farizt það hið bezta úr hendi. Hv. þm. setti upp reglu, sem sé þá, að ráða mætti með vissu af embættaveitingunum, að memmirnir væru flokksmenn stj. Annar maðurinn, sem um er að ræða, Sigurður Baldvinsson, er jafnaðarmaður. Hinn, Egill Sandholt, er íhaldsmaður. Hvorugur þessara manna er því flokksbróðir stj. Annarsvegar sótti um póstritarastöðuna mjög eindreginn flokksmaður minn frá heimili í Strandasýslu, þar sem búa einhverjir öruggustu fylgismenn mínir. Þessi maður var Einar Guðnason. En ég veitti honum ekki embættið. Hv. þm. vildi halda fram Guðmundi Bergssyni. Hann er vafalaust vandaður maður, en hann er kominn á gamals aldur og póstmálastjóri lagði ekki til, að hann fengi embættið. Ég veitti það Sigurði Baldvinssyni, sem um langt skeið hefir gegnt samskonar störfum á Seyðisfirði og getið sér hinn bezta orðstír. En um leið verður póstafgreiðslustaðan á Seyðisfirði lögð niður og sameinuð stöðvarstjórastöðunni. Sparast ríkissjóði árlega álitleg fúlga við það. Hinsvegar veitti ég þeim manni póstritarastöðuna, sem aðalpóstmeistari lagði eindregið til, að yrði póstmeistari hér í bænum. Þeirri stöðu fylgir mikil peningaábyrgð, umsjón með öllum frímerkjabirgðum og öllum fjárreiðum í fjarveru póstmálastjóra. Ég veitti Agli Sandholt embættið í samráði við póstmálastjóra. Ég leitaði upplýsinga um manninn og treysti honum bezt, að fengnum upplýsingum, og veitti honum þess vegna embættið.

Þá kem ég að stóru syndinni, sem hv. þm. sagði, að væri ekki pólitiskt glappaskot, heldur annað miklu verra. Hv. þm. sagði, að persónuleg hefndarlöngun hefði ráðið gerðum mínum. Hv. þm. gat þess, að fyrir mörgum árum hefði ég lent í blaðadeilum við Magnús Jochumsson, og nú hefði ég hefnt mín á honum, með því að veita honum ekki þá stöðu, sem hann sótti um. Það er erfitt fyrir mig að sanna, að persónulegar hvatir hafi ekki ráðið þessari veitingu. Undir slíkum kringumstæðum komast venjuleg rök ekki að. Og þegar ég nú legg út í að tala um þetta, kemst ég ekki hjá því að vera nokkuð persónulegur.

Hv. þm. segir, að ég hafi vegna skammagreinar hefnt mín á gömlum skólabróður á ódrengilegan hátt. Hann segir, að ég hafi misbeitt valdi mínu til þess að níðast á Magnúsi Jochumssyni.

Fyrst vil ég þá spyrja: er það einsdæmi, að skammagrein sé skrifuð um Tryggva Þórhallsson? Nei, þær skipta hundruðum og jafnvel þúsundum. Hv. 1. þm. Reykv. ætti því sannarlega að geta rökstutt það með mörgum dæmum, hvernig þessi vondi maður, Tryggvi Þórhallsson, hefir hefnt sín fyrir þessar skammagreinir. Ég hefi sem sé haft betri aðstöðu en nokkur annar maður á Íslandi til að hefna sín, bæði sem þingmaður og ráðherra. Dæmin ættu því að vera mörg fyrir hendi. En slík dæmi hefir hv. þm. alls ekki nefnt. Ég ætla aftur á móti að leyfa mér að nefna nokkur dæmi, sem benda nokkuð í aðra átt.

Ég nefni þá fyrst til viðskipti mín við annan skólabróður minn. Margar skammagreinir fóru okkar í milli, miklu harðari en milli mín og Magnúsar Jochumssonar. Við háðum saman hina harðvítugustu kosningabaráttu. Og enn harðari varð viðureign okkar, því að hann lögsótti mig og fékk mig dæmdan í fésektir. Síðar fékk ég tækifæri til að nefna mín, og hafði vissulega meiri ástæðu til

þess gagnvart honum heldur en Magnúsi Jochumssyni. En hvernig hefndi ég mín? Það kom fram á Alþingi nokkrum árum síðar, þegar hv. þm. Barð. flutti till. um fjárstyrk til þessa skólabróður míns, og það valt á mínu atkvæði, ef ég man rétt, til samþykktar. Svona hefndi ég mín á honum.

Ég get ennfremur nefnt annan skólabróður minn, embættismann nú á Norðurlandi. Við skrifuðum hvor um annan margar skammagreinar, hinar mestu óbótaskammir, sem sézt hafa í blöðum á síðari árum. Það leið ekki á löngu, að ég fengi tækifæri til að hefna mín, — og hvernig gerði ég það? Þessi skólabróðir minn sendi erindi til Alþingis, sem var miklu þýðingarmeira fyrir hann en þessi 500 kr. launaviðbót til Magnúsar Jochumssonar. Ég greiddi atkvæði með þessu erindi, fyrst í fjvn. og svo í þingdeildinni. Miklu meiri ástæðu hafði ég til að hefna mín á honum en á Magnúsi Jochumssyni. Svona hefndi ég mín gagnvart þessum skólabróður mínum.

Þá nefni ég þriðja dæmið, og þar hlýt ég að verða enn persónulegri. En ég þarf að verja hendur mínar gegn mjög illvígri persónulegri ásökun, þeirri ásökun, að ég hafi misbeitt valdi mínu gegn gömlum skólabróður. En ég vil jafnvel fá hv. 1. þm. Reykv. til þess að sannfærast um það og játa, að þessi áburður hans er rangur, að ég hafi verið að hefna mín út af lítilfjörlegri skammagrein. Ég vil minna hv. þm. á það, þegar við fyrir nokkrum árum síðan kepptum um embætti hér við háskólann. Það var embætti, sem faðir minn hafði gegnt um skeið og sem ég hafði verið settur til að þjóna í 9 mánuði. Þetta er hið eina embætti, sem mig hefir langað mikið til að fá, en hv. þm. tók það frá mér. Það eru mestu vonbrigðin, sem ég hefi orðið fyrir um æfina. Hversu miklu meiri ástæðu hafði ég ekki til þess að hefna mín grimmilega gagnvart þeim skólabróður, sem hrenndi þetta embætti frá mér, enda þótt hann veitti það ekki. En hvernig hefndi ég mín? Þar sem við höfum nú starfað meira og minna saman á ýmsum sviðum í 10—20 ár, þá vil ég nú snúa mér að honum með þá spurningu, og leggja undir drengskap hans, hversu hann svarar:

Hvernig hefi ég komið fram við hann í okkar viðskiptum? Hefir hann orðið var við hefndarhug frá mér í sinn garð? Og ef ég er svona hefnigjarn, sem hv. þm. vill vera láta, þá hafði ég sérstaka ástæðu til að gera það í þessu tilfelli. — Síðastl. sumar bar svo til, að það heyrði undir mig, í forföllum hins reglulega dómsmrh., að veita prófessorsembætti við guðfræðideild háskólans. Þar fékk ég tækifæri til að sýna í verki, hversu hefnigjarn ég væri. Ég get gjarnan sagt það, að ég sóttist eftir því að veita þetta embætti, og hvatti til þess fyrr, að svo yrði sett í embættið sem var. Og svo veitti ég hiklaust þessum gamla skólabróður mínum embættið.

Og nú segir hann, að útaf lítilfjörlegri skammagrein, fyrir mörgum árum, hafi ég hefnt mín á Magnúsi Jochumssyni.

Öðrum fórst, en ekki hv. 1. þm. Reykv., að beina því til mín, að ég notaði tækifæri til þess að hefna mín í embættaveitingum. Hv. 1. þm. Reykv. hefir sízt allra manna átyllu til þess. Ég þykist vita, hvaða vitni hann muni bera mér um þetta, og samvinnu okkar yfir höfuð, og treysti drengskap hans til þess að játa það, sem rétt er.

Ég vil ljúka máli mínu með því að beina þeirri áskorun til hv. 1. þm. Reykv., að hann taki aftur þá ásökun sína í minn garð, að ég hafi níðst á gömlum skólabróður mínum í hefndarskyni, með því að neita honum um póstritaraembættið. Við veitingu þess embættis hafði ég það eitt í huga, að veita það þeim manni, sem ég gæti borið fullt traust til, að því er snertir hina fjárhagslegu ábyrgð, sem því er samfara.

Hv. þm. hefir ásakað mig fyrir fjórar embættaveitingar. Tvö af þessum embættum voru veitt samflokksmönnum mínum, en hin tvö mönnum, sem ekki eru í mínum flokki. Þar er því ekki hægt að bregða mér um pólitiska hlutdrægni. Ég vil ennfremur benda á, að undir mína stjórnardeild heyra flestar embættaveitingar, og ég hefi veitt yfir 100 embætti og opinber störf, síðan ég tók við stjórn. Og svo kemur þessi ötuli stjórnarandstæðingur með marga árganga af íhaldsblöðum og ræðst á mig fyrir veitingu á þessum fjórum embættum. Tvö af þessum embættum eru

veitt bráðduglegum gáfumönnum, dr. Páli E. Ólasyni og Jónasi Þorbergssyni, en hin tvö mönnum, sem eru vammlausir og hafa staðið vel í sínum stöðum, en það eru Sigurður Baldvinsson póstmeistari á Seyðisfirði og Egill Sandholt.

Mér þykir leitt að þurfa að hryggja hv. 1. þm. Reykv. með því að þakka honum eins og áður, ekki fyrir þær persónulegu aðdróttanir, sem hann hefir beint til mín, heldur af því að hann, sem er svo glöggur maður og ötull stjórnarandstæðingur, hefir ekki getað fundið fleira að gerðum mínum til að ásaka mig fyrir en ræða hans bar vott um.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Í þetta skifti mun ég aðeins taka til athugunar útjaðrana í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (MJ), en geyma mér þangað til í kveld að svara ýmsum öðrum atriðum úr henni, þegar fleiri hv. þm. eru búnir að víkja að því sama. Hv. þm. talaði aðallega um embættaveitingar stjórnarinnar, og hélt því fram, að þar væri eingöngu farið eftir pólitísku flokksfylgi eða persónulegu. — Ég vil í þessu sambandi minna á það, þegar hv. 3. landskj. var fjármálaráðherra, og lét fara fram mat á Landsbankanum, þá var matsnefndin eingöngu skipuð flokksmönnum stjórnarinnar og á meðal þeirra var mesti fjandmaður bankans, Björn Kristjánsson, sem áður hafði með ofsóknum og árásum á bankann í ræðu og riti sýnt fullan vilja á því að vinna honum tjón.

Þegar fundið var að þessu vali á mönnum í matsnefndina, sagði hv. 3. landskj. (JÞ), að það stafaði af því, að þáverandi stjórn hefði ekki talið neinn mann til þess hæfan í andstöðuflokki stjórnarinnar, að vinna slíkt verk. Ég skal ekki fara lengra út í þetta nú, en vil aðeins geta þess, að úr því að ihaldsstjórnin fylgdi svo nákvæmlega þessari reglu, að finna ekki hæfa menn til vandasamra starfa nema í sínum eigin flokki, þá þarf hv. þm. ekki að vera neitt hissa á því, þó að núverandi stjórn treysti samflokksmönnum sínum betur til þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum, sem hún þarf að skipa menn til, heldur en Morgunblaðsmönnum. En þó hefir það oft komið fyrir, að hún hefir falið stjórnmálaandstæðingum sínum sérstök opinber störf, og sýnt með því meiri mildi gagnvart andstæðingum heldur en fyrrverandi stjórn. Hv. þm. talaði talsvert um Þingvallamálin og undirbúning alþingishátíðarinnar. En í hátíðarnefndinni, sem skipuð er mönnum úr öllum þingflokkum, eigum við báðir sæti. Hefir þar verið hið bezta samkomulag um undirbúning hátíðarinnar á Þingvöllum. Mér finnst að það hefði verið viðkunnanlegra fyrir hv. þm. að geyma slíkar aðfinnslur, þangað til að nefndin hefir lokið störfum sínum, eftir nokkrar vikur, en vera ekki að flytja hér inn í þingið missagnir um störf nefndarinnar, og það sögur sem hv. þm. veit að eru með öllu rangar. Í hátíðarnefndinni á hv. þm. að taka fyrir þessi atriði, sem nefndinni einni kemur við, og hún á að skera úr sjálf, að meira eða minna leyti. Ef ég færi að bera hér út um hann í þinginu ýmislegt broslegt, sem komið hefir fram hjá honum í nefndinni, þá býzt ég við að honum þætti það ekki viðeigandi, enda mun hvorki mér eða öðrum samnefndarmönnum hans koma það til hugar. Hv. þm. þóttist fá tilefni til þess, í sambandi við Þingvallanefndina, að halda því fram, að það væri einhver „tendens“ hjá mér, að færa ýmiskonar eyðslu eða útgjöld á kostnaðarreikning við undirbúning hátíðarinnar, sem kæmi henni ekkert við. En það hefir ekki við neitt að styðjast.

Ég ætla síðar að minnast á það, hvaða lífs-skoðanir koma fram í sambandi við þetta Þingvallamál hjá talsmönnum flokkanna. Um það er fyrst deilt, hvort Þingvellir eiga að vera ruslakista Reykjavíkur eða helgistaður allra Íslendinga. Ég efast ekki um, að hv. 1. þm. Reykv. sé í hjarta sínu hlynntur því, að Þingvellir verði helgistaður þjóðarinnar. — Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið farið fram hjá Þingvallanefndinni um framkvæmdir viðvíkjandi vegum og brúm á Þingvöllum; en hann getur deilt um það við flokksbræður sína og fulltrúa nefndarinnar, formanninn Jóh. Jóh. og framkvæmdarstjórann Magnús Kjaran. Ég veit ekki betur en að nefndin hafi falið vegamálastjóra yfirumsjón með öllum vega- og brúargerðum og beðið húsa-

meistara, í samráði við framkvæmdastjórann, að sjá um húsin og útvegun á byggingarefni. Og ef það er meiningin að áfella þessa tvo menn fyrir vegabæturnar og aðrar framkvæmdir er snerta húsin á Þingvöllum, þá koma þær ásakanir fyrst og fremst niður á hátíðarnefndinni og sérstaklega framkvæmdastjóra hennar. En í raun og veru er engin ástæða til slíkra ásakana. Sama máli gegnir um bókfærslu á reikningum eða greiðslum úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. — Ef það hefði átt að ávísa öllu því fé, sem varið hefir verið til vega-, brúa- og húsagerða á Þingvöllum — fyrst til formanns nefndarinnar og framkvæmdastjóra og svo aftur frá þeim til vegamálastjóra og húsameistara, þá hefði það sennilega verið óþarflega margbrotið. Það hefir enginn í hátíðarnefndinni ætlazt til þess að slíkt væri gert. — En það eru tveir liðir í þessum reikningum, er hv. þm. nefndi, sem mér skilst að þar séu ranglega tilfærðir. Og skal ég játa, að það hefði átt að leiðrétta það, en mér var ekki kunnugt um þetta fyrri en ég heyrði hv. þm. geta um það í ræðu sinni.

Það kemur vitanlega ekki til mála, að telja hið nýbyggða prestssetur á Þingvöllum á kostnaðarreikningi alþingishátíðarinnar. Ég átti tal um þetta við húsameistara í gær, og sagði hann þá, að það mundi rétt vera, að endurbygging Þingvallabæjarins væri bókfærð undir öðrum lið en ætti að vera.

Um hitt atriðið var mér einnig ókunnugt, að fjárgreiðsla til Laugarvatnsskólans, sem húsameistari hafði yfirumsjón með, hefði verið færð á reikning Þingvallahátíðarinnar. Annars hafði húsameistari um 20 hús síðastl. sumar, sem hann varð að sjá um útboð á, efni og vinnu. Það væri með öllu óhugsandi, að hann geymdi peningana til hverrar byggingar í sérstökum peningakassa. Hann hefir vitaskuld sameiginlegan sjóð fyrir allar byggingar, en sérstakt bókhald fyrir hverja þeirra. Síðan jafnast greiðslurnar upp úr áramótum hjá honum og ríkisbókara, alveg eins í þessum tilfellum og öðrum. Húsameistari og ríkisbókari hafa reynt að láta Mbl. leiðrétta þessar missagnir blaðsins og samherjanna, en það tókst ekki. Úr því að íhaldsmönnum þykir ástæða til að blása svona fjarstæðu upp, þá seilast þeir langt til loku.

Háttv. 1. þm. Reykv. sagði, að við sem erum í Þingvallafriðunarnefndinni, ég og háttv. 1. þm. Skagf. og 4. landskj. þm., hefðum leikið á hátíðarnefndina með húsaflutninginn á Þingvöllum. Hv. þm. veit, að meiri hluti nefndarmanna voru sammála um að færa húsin, og flestir játa nú, að það hafi verið bæði þarft og gott. Vitanlega varð að gera það á kostnað ríkisins. Háttv. þm. er í raun og veru ánægður yfir því sjálfur, að húsin voru flutt; og úr því að það var rétt að gera þetta, þá var sjálfsagt að framkvæma það nú rétt fyrir alþingishátíðina, heldur en að fresta því eitthvað lengur, og halda Þingvelli í niðurlægingar ástandi á þessu merka afmæli, þegar þangað koma flestir gestir.

En það var eitt atriði, sem háttv. þm. virtist ekki gera sér ljóst, um þörf fyrir hina nýlögðu vegarspotta á Þingvöllum. Eins og honum mun vera kunnugt, þá hafði formaður hátíðarnefnd. Jóh. Jóh., uppástungu að því, að hinn nýi vegur var lagður yfir Mosfellsheiði til Þingvalla. Sá hv. þm. hélt því fast fram í ræðu í Ed., að hann vildi ekki vera í nefndinni og bera ábyrgð á þeim bílslysum, sem áreiðanlega myndu verða mörg, ef flytja ætti 20 þús. manna á 3 dögum fram og aftur frá Þingvöllum, eftir hinum gamla og lélega Þingvallavegi. Þetta var réttmæt skoðun og í samræmi við hana var ráðizt í dýrustu framkvæmdina við hátíðina, veg til Þingvalla fyrir 300 þús. kr. Þessi vegur, sem að vísu átti að byggja síðar, hefir nú fengizt fyrr en ella myndi. Og þó að ýmsir segi sem svo, að það hefði verið meira gagn og gaman að því, að hafa þennan veg annarsstaðar á landinu, þá held ég að allir séu nú samt ánægðir með hann. — Þá var háttv. 1. þm. Reykv. að gagnrýna það, að vegur hefir verið lagður frá völlunum upp að fossinum og einnig að tjaldastaðnum norðan við Þingvelli. Ennfremur var hann óánægður yfir því, að vegur var lagður sunnan við Þingvallatún og brú gerð þar yfir ána, svo að komizt yrði að Valhöll, sem vitanlega var óhjákvæmilegt eftir að búið var að flytja húsið, enda hefir enginn ágreiningur orðið um það í Þingvalla-

nefndinni. Mér skilst, að það sé eðlilegast, að kostnaðurinn við þessar vegalagningar á Þingvöllum verði bókfærður ásamt nýja Þingvallaveginum, og greiddur með því láni, ef með þarf. Menn verða þó að komast frá aðalveginum, eftir þessum þremur vegaspottum heim að tjöldunum, Þingvallabænum og gistihúsinu.

Ég veit ekki betur en að þegar hafi farið fram glöggir samningar á milli forsætisráðherra og framkvæmdarstj. hátíðarnefndarinnar annarsvegar og útlendra aðila hinsvegar, um prentun á hátíðarfrímerkjunum, og að hinn mikli gróði, sem væntanlega fæst af sölu frímerkjanna, minnispeninga og af ýmsum leyfum í sambandi við hátíðina, ca. 700 þús. kr., gangi upp í þá „ópródúktivu" eyðslu í sambandi við hátíðina.

Það er svo ótalmargt, sem nauðsynlegt er að laga á Þingvöllum; og hvað er þá eðlilegra, ef landið græðir eitthvað á hátíðahöldunum, en að því sé þá varið til þess að prýða hátíðarsvæðið og fegra Þingvelli? — Vegina þurfti að gera hvort sem var, fyrr eða síðar, og þeir eru varanleg eign. Og þó að flutningurinn á húsunum sé kostaður af „lotteri"-gróða hátíðarinnar, þá er það vel við eigandi.

Þá minntist háttv. 1. þm. Reykv. á, að Þórði Sveinssyni lækni hefði verið vikið frá forstöðu búsins á Kleppi. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál nú. Það verður síðar sýnt fram á, að þetta var aðeins gert með hagsmuni búsins fyrir augum. En í sambandi við þetta má benda á, að um sama leyti sparka íhaldsmenn hér í bænum Þórði Sveinssyni út úr bæjarstjórninni, þó að hann vildi vera þar kyrr og hefði verið sauðspakt atkvæði borgarstjóra. Hvers vegna? Er það ekki af því, að þeir treystu honum ekki lengur? — Hvers vegna eru þeir þá að furða sig á því, þó að búsforstaðan sé tekin af honum, þegar það liggja fyrir athugasemdir og aðfinnslur um rekstur búsins og reikningsfærslu bústjórans frá endurskoðendum landsreikninganna síðan 1923, er Hjörtur Snorrason var endurskoðandi, og aldrei hefir fengizt úr bætt.

Ég hleyp þá hér yfir nokkur atriði og kem að „Esju"-útgerðinni. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég hefði skrifað grein fyrir nokkrum árum, þar sem ég hefði haldið því fram, að ferðir Eimskipafélagsins og strandferðirnar yrðu tengdar í eitt kerfi. En þá bjóst ég ekki við, að þeir menn ættu sæti í stjórn Eimskipafélagsins, sem, eins og hv. 3. landsk., hafa beitt sér á móti auknum og bættum strandferðum. Hann hefir ávalt haft ótrú á strandferðunum og sýnt þeim óvináttu. Þegar „Esja" var byggð, skrifaði hv. 3. landsk. blaðagrein, þar sem hann hélt því fram, að „Esja" ætti að hafa stórt lestarrúm með lausum milligerðum fyrir farþega, svo að hægt væri að nota skipið til fiskflutninga til Spánar á vetrum. Ég átti minn þátt í því, að „Esja" var miðuð við íslenzka menn en ekki íslenzkan þorsk. Síðar, þegar rætt var um að byggja nýtt strandferðaskip, þá leggst hv. 3. landsk. á móti því og flokkur hans, og með hinni mestu frekju.

Eimskipafélagið hefir aldrei viljað taka að sér strandferðirnar, nema ríkið kostaði þær að öllu leyti. Því er það, að ég er nú með því, að strandferða- og varðskipin séu gerð út sérstaklega, meðan svo hagar til. Stjórn Eimskipafélagsins hefir ótrú á strandferðunum, en ríkisstjórnin hefir trú á þeim. Við viljum reyna þessa breytingu, til að fá fjörugri strandferðir. En ef breyting verður á hugsunarhætti þeirra, er stjórna Eimskipafélaginu, um nytsemi strandferða og velvild til þess máls, mun ég snúa til minnar fyrri skoðunar.

Landið hefir nú tvö strandferðaskip, tvö varðskip og eitt vitaskip. Árseyðsla varðskipanna tveggja nemur nú um 500 þús. kr. Það skiptir því eigi litlu máli, hvort þessi útgerð er rekin vel eða illa. Síðan Íhaldsflokkurinn lét af völdum, hefir tekizt að spara 20 þús. kr. á útgjöldum varðskipanna með breyttu fyrirkomulagi á fæði. Brytarnir fengu áður kr. 4,50 á dag fyrir manninn, og var þeim þó lagt til eldhúsgögn, borðbúnaður og eldiviður. Allir sjá, að ekki nær nokkurri átt, að taka kr. 4,50 fyrir efnið í dagsfæði eins manns. Nú hefir þessu verið breytt þannig að 20 þús. kr. sparast á ári, og þó hefir fæðið ekki versnað. En brytarnir græða ekki eins og áður. Á „Esju" var sama fyrirkomulag. Brytinn seldi fæðið sjálfur og fékk ákveðið gjald á hvern skipsmann. Talið er að sumir

brytar hafi grætt um 30 þús. á ári. Næstum alstaðar annarsstaðar en hér reka félögin sjálf fæðissöluna. Þarf ekki annað en að benda á Sameinaða félagið. Nú rekur ríkið sjálft fæðissöluna á „Esju", og lítur vel út fyrir, að góður ágóði verði á henni, og kemur það sér ekki illa upp í þær 200 þús. kr. sem íhaldsmenn hafa jafnan talið sjálfsagðan tekjuhalla á Esju.

Þá kem ég að síðasta atriðinu, um veitingu útvarpsstjóraembættisins. Hæstv. forsrh. hefir að vísu borið fram nægileg rök fyrir þeirri veitingu, en ég vil þó bæta nokkrum orðum við. Í þessa stöðu þurfti fyrst og fremst gáfaðan mann, og mann, sem þekkti hinar dreifðu byggðir landsins, þarfir og óskir og þroskaskilyrði þeirra, sem í dreifbýlinu og smáþorpunum búa. Rvík græðir að vísu á útvarpinu, en lítið í samanburði við hinar afskekktu og samgöngulausu byggðir. Jónas Þorbergsson skilur stórum betur en nokkur hinna umsækjendanna, að þeim annars ólöstuðum, líf, þarfir og óskir þeirra manna, sem þar búa, og hefir tekið manna mestan þátt í þeirri hugsjónabaráttu, að gera dreifbýlið lífvænlegan dvalarstað menntaðra manna. Það er enginn að segja, að Magnús Jónsson undir Jökli sé betri en Magnús Jónsson í Reykjavík. En útvarpið kemur að meira gagni fyrir þann fyrnefnda, en fyrir nafna hans í Reykjavík. Þeir, sem vænta sér mests góðs af útvarpinu og munu mest gott af því hljóta, munu fagna því, að í þessa stöðu hefir verið settur maður, sem bezt þekkir kjör og hugsunarhátt sveitanna og hefir í einu vit og vilja til að vinna fyrir þeirra hag.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. Reykv. hóf ræðu sína með því að setja upp hvítasunnuandlit og tala um það með miklum fjálgleik, hve alvarleg athöfn það væri, er stofnað væri til eldhúsdags hér í þinginu. Var helzt að skilja á honum, að eldhúsræðurnar myndu valda einhverjum straumhvörfum. En ég held, að óhætt sé að fullyrða, að þótt hv. þm. finni sjálfur köllun hjá sér til að vera hér síðameistari og leiðtogi, þá muni ekki margir aðrir taka hann alvarlega. Menn muna eftir manninum, sem um sama leyti gaf út Pál postula og Alþingissöguna, þar sem réttdæmið og sannleiksástin átta í minnsta lagi upp á pallborðið. Og fyrst svo var um atburði, sem hv. þm. var sjónar- og heyrnarvottur að, hvers má þá vænta um Pál postula, sem hv. þm. hefir hvorki heyrt né séð. (**MJ:** Hann þótti þó töluvert betri bók en hin). Það er gott, ef svo hefir verið.

Hv. þm. finnst það auðsjáanlega heyra til hirðisstarfi sínu, að halda syndum annara til haga, og væri þá gott, ef hann vildi bera þær líka. (**ÓTh:** Það ætti að veita hæstv. ráðh. skáldastyrk).

Það var auðheyrt á hv. þm., að hann taldi sig vera hinn eina í alþingishátíðarn., sem hefði hreint mjöl í pokanum. Annars var allt það, er hv. þm. sagði í ræðu sinni, löngu áður komið fram, og í henni var ekki nema örstuttur kafli, sem snéri að mér, og mun ég víkja að þeim kafla örfáum orðum.

Hann talaði um óreglu á bókfærslu í fjmrn., sem stafaði af því, að ég kynni ekki mitt verk. Ég hafði nú aldrei efazt um, að hv. þm. liti svo á, að ég eða aðrir alþýðumenn væru óhæfir í slíka stöðu. Ég skal heldur ekki deila við hann um það. Hann og aðrir flokksmenn hans geta ekki skilið það ennþá, að þeir séu ekki bornir til þess að ráða lögum og lofum. Það má undravert heita, hve illa þeir hafa borið ósigur sinn.

Þá vík ég að því, er hann sagði um bókfærsluna. Að fjárhæðir séu færðar á skakka liði til að byrja með, eru þeir smámunir, að varla tekur að tala um það. Það er algengt, að húsameistari, vitamálastjóri og vegamálastjóri fái ávísað upphæðum, sem síðan eru lagðar inn í banka og notaðar eftir þörfum. Vegamálastjóri fær oft ávísað fé til brúagerðar, sem síðan er varið til vegagerðar. Það fé, sem ávísað er til sýsluvega, fer oft til þjóðvega o. s. frv. Sama er að segja um það fé, sem húsameistara er ávísað. Á eftir eru liðirnir gerðir upp, og þá kemst allt til leiðréttingar. Þetta eru því smámunir, sem ekki er vert að minnast á.

Það er útlit fyrir, að þessi hv. þm. telji sig dómbæran á öllum sviðum, og þó einkum um það, hvernig fjármálum skuli skipað. Hann var í bankaráði Landsbankans, fór í mál við ríkið, þegar hann

varð að víkja þaðan, og vildi láta borga sér fyrir að vera þar ekki. Nú er hann þó kominn þangað aftur. Hefði mátt ætla, að hann hefði reynzt kunnugri ágreiningnum um skyldur Landsbankans til að greiða vexti af stofnfé en raun hefir á orðið. Hann greip fram í fyrir mér og efaðist um, að minn skilningur væri réttur. Þar sem hv. þm. hefir undirbúið l. Landsbankans og auk þess átt sæti í bankaráði, hefði mátt ætla, að hann vissi betur. Ég leitaði upplýsinga hjá bankastjórunum um það, sem okkur bar á milli, og fékk þau svör, að ég hefði haft rétt fyrir mér. Hv. þm. ætti að vera kunnugri fjármálunum á því sviði, er sérstaklega heyra undir hann, úr því að hann er að finna að gerðum annara.

Héðinn Valdimarsson*): Þegar Hrafna-Flóki snéri héðan af Íslandi og kom til Noregs, þá lastaði hann mjög Ísland. Þórólfur skipverji hans kvað aftur á móti drjúpa smjör af hverju strái, en Herjólfur sagði kost og löst á landinu.

Nú virðist Íhaldið hafa tekið að sér hlutverk Flóka, og hæstv. stj. hlutverk Þórólfs smjörs, og virðist þá eigi nema rétt, að við jafnaðarmenn tökum að okkur hlutverk Herjólfs og segjum kost og löst á stjórnarfarinu.

Það er enginn vafi á því, að ástæðan til þess, að Framsóknarflokkurinn er við völd er sú, að honum hefir tekizt að vinna hylli bænda með því að leggja meiri rækt við landbúnaðinn en Íhaldið gerði, og jafnframt það, að Framsóknarflokkurinn hefir tekið betur í umbótakröfur verkalýðsins, þegar harðast hefir að sorfið. Það var auðséð, að fjandskapur og aðgerðaleysi Íhaldsins á báðum þessum sviðum hlaut að leiða til þess, að Íhaldið færi í hundana. Og Íhaldið líkist Flóka í fleiru en því, að leika hlutverk hans á eldhúsdegi. Hann var fyrsti maður á landi hér, sem drap kvikfénað sinn úr hor. Á sama hátt hefir Íhaldið stuðlað að því að eyðileggja landbúnaðinn.

Framsóknarflokkurinn hefir gert mikið fyrir landbúnaðinn með stuðningi jafnaðarmanna, og nú orðið með stuðningi Íhaldsmanna líka, og sé litið á fjárl. sést, að styrkir til landbúnaðarins eru að síaukast. Lagafrv. um aukin fjárframlög til landbúnaðarins koma fram á hverju þingi, og ef þessu heldur áfram, fer að halla á þá sveifina, að of miklu fé sé varið til landbúnaðarins samanborið við aðra atvinnuvegi. Sumt af þessari löggjöf gengur heldur ekki í rétta átt, eins og t. d. l. um Landnámssjóð, sem leggur fram styrk til býla án tillits til lífsskilyrða og þess, hvort margir njóta eða ekki.

Þá vil ég víkja nokkuð að stefnu flokksins og flokknum sjálfum. Því hvað er hæstv. stj. ef hún hefir ekki flokkinn að baki sér?

Þó að Framsóknarflokkurinn fyrst í stað virtist ætla að beita sér fyrir málefnum verkalýðsins í kaupstöðum, er varla hægt að búast við miklu af honum í því efni framvegis. Því nú upp á síðkastið hefir það sýnt sig, að þó að hagsmunamál verkalýðsins hafi verið flutt hér á Alþingi hafa þau verið svæfð eða drepin með tilstyrk Framsóknarflokksins. Stundum eru það aðeins sumir úr flokknum, sem hafa beitt sér gegn hagsmunum verkalýðsins, en vitanlega ber flokkurinn ábyrgð á því. Álit mitt á flokknum fer því versnandi, og eru mikil líkindi fyrir því, að svipað fari um Framsóknarflokkinn sem fór um Íhaldsflokkinn, að traustið á honum fari minnkandi með þjóðinni.

Þá vil ég gera stutta aths. um embættaveitingar hæstv. stj.

Mér þykir leitt, að hv. 1. þm. Reykv. er ekki hér inni, því ég ætlaði að tala um hann. En á meðan hann kemur ekki ætla ég að minnast á vegavinnukaupið.

Um þetta mál hefir verið rætt á undanförnum þingum, og hæstv. stj. hafa borizt kvartanir um þetta bæði frá verkamönnum í kaupstöðum og sveitum. Því að kaupið í vegavinnu er svo lágt, að sennilega er ekki við neitt fyrirtæki á landinu borgað svo lágt kaup sem þar, og í sumum atvinnugreinum er borgað miklu hærra kaup. Þetta hefir ekkert lagast hjá núv. hæstv. stj., frá því, sem var hjá fyrirrennurum hennar. Ég vil nú skora á hæstv. stj., að hún sjái um, að slíkri þrælkun verði ekki beitt við þá menn, sem verða í þjónustu ríkisins á komandi sumri.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm.

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

Reykv., að það eru ýmsar embættaveitingar hæstv. stj., sem ég hefi töluvert við að athuga. Svartasti flekkurinn á núv. hæstv. stj. í þessu efni er það þó, þegar hún setti og síðan skipaði Magnús Jónsson, hv. 1. þm. Reykv., prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands. Ég álít, að það sé eitthvert hið mesta hneyksli, sem þekkist í sögu þessa lands, að slíkur maður sé skipaður af ríkisstj. til að uppfræða prestaefni þessa lands um sannleika og réttlæti. Þessi maður, sem hefir reynt að nota þekkingu sína á kirkju og kristindómi til þess að úthúða andstæðingum sínum í stjórnmálum í nafni kristinnar trúar og halda því fram, að þeir séu yfirleitt fjendur kristninnar. Slíkur maður ætti ekki einu sinni að vera docent, hvað þá prófessor.

Mér skildist á ræðu hæstv. forsrh., að hann hefði veitt þetta embætti með tilliti til gamallar venju um slíkar embættaveitingar. Mér finnst þetta vítavert. Ef margar embættaveitingar hæstv. stj. eru eins og þessi, á hún ekki langt líf fyrir höndum.

Þá vildi ég víkja nokkuð að brottrekstri vitavarðar Ólafs Sveinssonar á Reykjanesi.

Það hafa komið greinar í blöðunum með umsögn allra nábúa hans um það, hvernig hann hefir rækt sitt starf. Að dómi nábúa sinna hefir hann rækt starf sitt sem gæzlumaður við vitann með frábærum dugnaði. Því hefir verið haldið fram, að hann hafi verið óreglumaður, en eftir því, sem komið hefir fram, hefir því ekki verið til að dreifa um langan tíma. Ég verð að segja, að mér er þessi brottrekstur algerlega óskiljanlegur. Því þótt bréf vitamálastjóra um þetta efni hafi nýlega verið birt í Tímanum, gefur það ekki miklar upplýsingar. Það, sem Krabbe kvartar helzt um, er, að kveikt hafi verið korteri of seint á vitanum einhverntíma á árinu 1928. Það hafa reyndar komið kvartanir eftir þann tíma en um það gefur vitamálastjóri þær upplýsingar, að þá hafi það verið skúrir, sem dregið hafa úr ljósinu. Og þó að vitamálastjóra hafi sinnazt við vitavörðinn síðast, þegar hann var staddur hér í bænum, virðist ekki ástæða til þess að reka hann frá fyrir það, ef honum hefir ekkert nýtt orðið á.

Þá álít ég, að Ragnar Kvaran hefði verið betra efni í útvarpsstjóra en Jónas Þorbergsson, því hann er hinn mesti fyrirlesari og músikalskur mjög. Jónas Þorbergsson er að vísu gáfaður maður, en ég álít, að Kvaran hefði verið enn betur til þessa starfa fallinn.

Þá hefir hæstv. atvmrh. skipað n. manna til þess að endurskoða fiskimatslöggjöfina. Í henni eru þó einungis íhaldsmenn. Ég sé enga ástæðu til, að þegar skipuð er n. til að athuga mat á fiski, séu eingöngu valdir til þess menn úr einum stjórnmálaflokki. Þetta atriði varðar sjómenn svo miklu, að þeir hefðu að minnsta kosti átt að hafa 1 mann í n. Í þessu sambandi vil ég loks spyrja hæstv. ráðh., hvaða störf n. hefir af hendi leyst.

Það er svo mikið búið að rífast um Íslandsbankamálið, að ég skal ekki fara langt út í það. Ég vildi aðeins gera þá kröfu til hæstv. forsrh., að þau skeyti verði birt, sem farið hafa milli Sveins Björnssonar sendiherra og Jóns Þorlákssonar um þetta mál. Það er sumt á huldu í þessu máli, en hæstv. forsrh. getur náð í þessi skeyti og látið birta þau.

Þá hefir hæstv. atvmrh. ráðizt í það að kaupa lóð rétt hjá Alþingish. undir nýja símstöð. Ég verð að álíta, að þessi staður sé ekki heppilega valinn, að minnsta kosti ef það skipulag nær fram að ganga, sem skipulagsn. hefir stungið upp á. Þótt nokkuð sé örðugt að komast á pósthúsið, verður þó enn örðugra að komast á símstöðina, því þá verður að fara krókinn hjá Alþingishúsinu, því engin gata liggur frá símstöðinni út í Austurstræti. Þar að auki veit ég ekki betur en hæstv. atvmrh. hafi verið því fylgjandi, að sameina póst og síma sem mest. Þetta hefði verið auðvelt, ef pósthús og símstöð hefðu verið hvort hjá öðru. En þessi fjarlægð, sem á að vera milli stöðvanna, gerir þessa sameiningu örðuga. Mér finnst því hæstv. atvmrh. hafa gengið hér móti sínum eigin málum, af hvaða ástæðum, sem það er.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að víta það, að Pálmi Hannesson hefði verið skipaður skólastjóri Menntaskólans. Ég vil ekki fara langt út í það mál, enda hefir hlutaðeigandi ráðh. svarað því fyrir sitt leyti.

Ég tel það vel til fallið, að Pálmi Hann-

esson var skipaður skólastjóri Menntaskólans. Það, sem hv. þm. tók til sannindamerkis um, að P. H. væri illa þokkaður í skólanum, tel ég lítils virði, enda ekki rétt með farið, sem reyndar er ekki að búast við af þeim hv. þm. Það, sem hann las hér upp, er ekki úr venjulegu skólablaði, heldur verður að skoða það sem gamanblað, enda stendur í blaðinu sjálfu, að enginn eigi að taka mark á því, sem þar stendur. Auk þess er það, sem um rektorinn stendur, ekki eins miklar skammir eins og eru þar um annan mann, Jón Ófeigsson, en það er sá maður, sem hv. þm. vildi gera að rektor.

Þá er það ekki neinn nýr andi í skólanum, að piltar skoði kennara sína sem fjandmenn, og vilji sem minnst viðskipti við þá hafa. Það hefir verið svo allt frá því að ég var í skóla, og úr þessu verður ekki bætt með því að gera þann mann að rektor, sem lengi hefir verið við skólann, og lifað hefir í slíku andrúmslofti. Til þess að fá þessu breytt verður að taka utanskólamann, og þá munu fáir menn hæfari til þess en þessi maður, sem fenginn var til skólans, þótt vitanlega séu margir, sem eru eldri kennarar en hann, og hefðu því átt að standa þessu embætti nær en hann. (JAJ: Á þá ekki að skipa nýjan rektor á hverju ári?). Gjarna, ef hann reynist illa, en ekki ef hann reynist vel.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum til hæstv. dómsmrh. Ég skal viðurkenna, að það hefir komizt betra lag á áfengisverzlunina hjá hinum nýja forstjóra, en þó er eitt atriði, sem ég vil gera athugasemd við.

Því hefir verið haldið réttilega fram, að ríkisfyrirtæki eins og landsverzlunin og áfengisverzlunin, ættu ekki að kaupa gegnum innlenda eða erlenda milliliði. Nú hefir þessi nýi forstjóri gert ráðstafanir til þess að áfengisverzlunin fengi sömu kjör framvegis og erlendir umboðsmenn, þar sem þeir eru. En þetta umboð hefir áfengisverzlunin ekki fengið enn í sínar hendur. En ég sé enga ástæðu til að hafa þessa milliliði hér á landi, þó að þeir, sem selja vínið, vildu láta sína umboðsmenn hér á landi njóta áfram sömu kjara og hingað til. Það á auðvitað að svæla þá úti með því að kaupa ekki þær tegundir, sem einstakir menn hafa umboð fyrir. Það eru margar þús. kr., sem fara þannig í umboðslaun, og er óþarfi, að ríkissjóður tapi því.

Magnús heitinn Kristjánsson ráðh. lofaði því á síðasta þinginu, sem hann lifði, að Landsspítalinn skyldi taka til starfa haustið 1930, eða í ársbyrjun 1931. Nú hefi ég ekki orðið var við, að neitt sé veitt í fjárl. sem rekstrarkostnaður til spítalans, og ég hefi ekki orðið var við, að hæstv. stj. hafi gert ráðstafanir til að geta staðið við loforð fyrirrennara síns. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh., hvort þetta loforð á að standa eða ekki.

Hv. 1. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um embættaveitinguna á foringjum varðskipanna. Í því sambandi er rétt að rifja upp það, sem nú er fram komið. Ég hefi nýlega skrifað grein í Alþýðublaðið um, hvað hafi komið fram í máli Belgaums þegar hann var tekinn. Þá var lagt fram sem réttarskjal útdráttur úr dagbók Þórs 1924. Þór var þá ekki á vegum landsstj., en var björgunarskip og styrktur af ríkinu sem varðskip. (JJós: Styrkurinn frá ríkinu var eingöngu miðaður við björgunarstarfið. Það kom fram í umr. á þinginu). Þessi útdráttur úr dagbókinni sýnir, að 20. marz 1924, kl. 12¼ eftir miðnætti, stöðvar Þór undir Þykkvabæ og lætur reka til kl. 5 um morguninn. Þar stendur ennfremur, að nokkrir togarar hafi verið reknir úr landhelgi, 2 togarar verið staðnir að ólöglegum veiðum, og sá 3. að ólöglegum útbúnaði veiðarfæra. Þór hefir því verið varðskip á þessum tíma, því það er engin björgun að reka togarana úr landhelginni, nema að því leyti, að þeir voru ekki reknir til yfirvalds, því það einkennilega var, að enginn þessara togara var kærður. Það hefir aðeins verið bókað síðar á spásíuna, að farið hafi verið um borð í tvö af þessum skipum, en eftir vitnisburði manna þar var hætt við rannsókn á þessu máli. Þetta sannar það, sem haldið hefir verið fram áður hér á þingi, að Jóhann P. Jónsson og Friðrik Ólafsson hafa ekki verið eins strangir gagnvart íslenzkum skipum og þeir ættu að vera. Íhaldsmenn hér í d. ætluðu að verða hamstola á þinginu 1927, þegar þessu var haldið fram. En útdrátturinn úr dagbók Þórs sannar þetta nú

fyllilega. Ég vil því skora á hæstv. dómsmrh. að láta athuga dagbækur varðskipanna, hvort slíkt hefir orðið víðar enn á Þór. Því ef svo er, eru þeir menn ekki færir um að gegna stöðu sinni.

Holdsveikraspítalinn á Lauganesi er gjöf frá Oddfellowum, og var gefinn með því skilyrði, að hann yrði notaður fyrir holdsveika. Og ef breytt væri tilgangi, þyrfti samþ. Oddfellowa til þess.

Eins og allir vita er holdsveiki smitandi, og sérstök l. hafa svo ákveðið, að holdsveikum mönnum skuli safnað þar saman á spítalann, svo að þeir smiti ekki aðra menn. Þeir mega ekki umgangast aðra vegna þeirrar hættu, sem stafar af sjúkleika þeirra.

Nú hafa þau undur gerzt, að fólk er farið að flytja þangað inneftir í nokkuð stórum stíl nú upp á síðkastið. Þetta byrjaði í stjórnartíð Jóns Magnússonar, þegar hann leyfði Haraldi prófessor Níelssyni að flytja þangað, og mun hann ekki hafa borgað fyrir það að fá að búa þar. Nú hefir hæstv. dómsmrh. ekki látið sér þetta nægja, heldur hefir hann nú eytt stórfé til þess að búa til íbúðir í spítalanum. (MJ: Haraldur Níelsson mun hafa greitt húsaleigu af launum sínum). Og þeir, sem fá þarna íbúð, munu flestir ekki eiga neina kröfu á því að fá húsnæði ásamt launum sínum. Ég veit t. d. um einn starfsmann í stjórnarráðinu, sem þannig mun vera ástatt um. Eftir því, sem ég veit bezt, mun nú vera komið allmargt fólk þangað inneftir. Þetta er vitanlega móti ráði læknisins, því hann telur það ekki hættulaust að fólk, sérstaklega börn, sé þar innanum sjúklingana.

Ég verð að segja, að mér finnst það einkennilegt að verja miklu fé úr ríkissjóði til þess að koma upp íbúðum í spítalanum, enda er þetta gert án nokkurrar lagaheimildar. Þetta fólk mun heldur ekki borga neina húsaleigu. Þetta er líka brot á þeirri reglu, að sjúklingarnir skuli vera einangraðir og megi ekki umgangast annað fólk. En til hvers er að hafa það í l., ef því er ekki framfylgt? Ef hæstv. dómsmrh. ætlar hér að byggja fyrir einstaka menn, er það ný tegund verkamannabústaða. Vænti ég skýringar á þessu frá hæstv. dómsmrh.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þykir nú gerast þægileg vinnubrögð að moka frá mínum dyrum, jafnótt og kastað er fyrir þær.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði í upphafi ræðu sinnar, að hann ætlaði hvorki að taka að sér hlutverk Flóka eða Þórólfs smjörs við þessar umr., heldur ætlaði hann að taka að sér hlutverk Herjólfs og segja kost og löst.

Mér skildist svo, að hann vildi láta lastið ganga til beggja stóru flokkanna, en hvergi varð ég var við neitt smjör.

Hv. þm. talaði fyrst um Framsóknarflokkinn og stefnu hans í landbúnaðarmálum. Hann leit svo á, að flokkurinn hefði jafnvel gengið of langt í því að bæta aðstöðu landbúnaðarins.

Sem dæmi þessa nefndi hv. þm. það, að Byggingar- og landnámssjóður hefði lánað „planlaust" til afskekktra býla, sem jafnvel væru alls ekki byggileg. Þetta hygg ég, að sé eigi á rökum reist. Ég held einmitt, að Byggingar- og landnámssjóður láni ekki fé til býla, nema vissa sé fengin fyrir því, að byggð verði áfram á þeim stað. Og það er samkv. anda l., að þessari reglu sé fylgt.

Um hitt er ég algerlega ósammála hv. þm., að Framsóknarflokkurinn sé kominn of langt í því að styðja hreyfinguna að endurreisn landbúnaðarins. Ég tel þvert á móti aðeins vera komið stutt áleiðis á þessari braut, og ég hygg, að það sem gert hefir verið til að tryggja framtíð landbúnaðarins, séu hinar þörfustu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á Alþingi á síðari árum. Farsæld landbúnaðarins er jafnframt farsæld þjóðarinnar í heild. Ég vil mótmæla þessum ummælum hv. 2. þm. Reykv. sem rakalausum, þótt ég hinsvegar játi, að mér koma þau ekki á óvart frá honum. Hann er oft talinn mesti Reykvíkingurinn í þessari hv. þd., er það ekki eingöngu vegna þess, hve duglegur hann er fyrir kjördæmi sitt, heldur og vegna skoðana sinna almennt.

Önnur ásökun, sem hv. þm. beindi til Framsóknarflokksins, var sú, að hann væri nú tekinn að færast nær íhaldinu, þótt hann hefði fram að þessu verið sanngjarn í ýmsum þurftarmálum verkamanna í kaupstöðunum og í mannúðar-

málum yfirleitt. Ef þessi ásökun hv. þm. væri rétt, þá væri hér um mjög alvarlegt mál að ræða, og ástæða fyrir okkur Framsóknarmenn til að athuga vel okkar gang. En ásökunin var ekki réttmæt. Hv. þm. veit það vel, að við erum nú eins og áður reiðubúnir að rétta verkamönnum í kaupstöðunum hjálparhönd í mannúðar- og menningarmálum þeirra. En við erum ekki sósialistar, og föllumst því t. d. ekki á till. þeirra um þjóðnýtingu atvinnuveganna. Ég man ekki eftir einu einasta dæmi frá þessu þingi né fyrri þingum, sem hv. 2. þm. Reykv. geti nefnt um það, að Framsóknarmenn hafi verið að þokast í íhaldsáttina. Hinsvegar man ég m. a. eftir einu mjög praktisku máli, þar sem við höfum unnið að því í félagi við hv. jafnaðarmenn hér í d., að endurreisa bátaútveginn í kauptúni austanlands, Eskifirði.

Þetta vildi ég segja út af þeim almennu ummælum, sem hv. þm. lét falla til Framsóknarflokksins. Get ég þá vikið að einstökum atriðum, sem hv. þm. vék til mín sérstaklega sem atvmrh.

Það er þá fyrst vegavinnukaupið, sem oft hefir verið hér til umr. á eldhúsdag. Hv. þm. sagði, að ekkert fyrirtæki borgaði eins lágt kaup eins og vegavinna ríkissjóðs. Þetta held ég, að sé mælt af ókunnugleika. Það hefir verið reglan, að ríkissjóður borgaði í vegavinnu sama kaup og sýslusjóðirnir borga við samskonar vinnu. (HG: Sýslusjóðirnar fara eftir ríkissjóði). Þótt svo væri, þá væri fullyrðing hv. 2. þm. Reykv., að ríkissjóður borgi lægst kaup af öllum, ekki rétt. Það er rétt, að til mín komu fulltrúar frá verkamönnum og fóru fram á það, að sama vegavinnukaupið yrði látið gilda um allt land. Ég hefi tekið þetta mál til athugunar og aflað mér upplýsinga um kaupgreiðslur víða um land. Eitt af því, sem þá kom í ljós, var það, að taxtar sjálfra verkalýðsfélaganna eru mjög mismunandi víða um land, t. d. mun lægri í Hafnarfirði, hér rétt við, en hér. Ef lengra er farið verður munurinn þó enn meiri. Meðan sjálf verkamannafélögin halda uppi svo mismunandi kauptöxtum, finnst mér ekki koma til mála, að ríkissjóður fari að ákveða neitt „normal"-kaup um land allt. Annars er það mjög fátt í þessu, sem kemur upp til ráðh. Kaupið á einstökum stöðum er að mestu afráðið af vegamálastjóra og öðrum undirmönnum atvmrn. En ég hefi heyrt vegamálastjóra tala um, að á þessu þurfi að gera einhverjar breyt.

Þá vítti hv. þm. veitingu prófessorsembættisins í guðfræði, sem ég veitti í forföllum hæstv. dómsmrh. En ég álít, að þótt einhverjir menn hafi rangar skoðanir í stjórnmálum, þá þurfi þeir þar fyrir ekki að vera svo forpestaðir, að þeir geti ekki verið nýtir og góðir menn á einhverjum öðrum sviðum. Það er t. d. svo um þann hv. þm. (MJ), sem fékk þetta embætti, að þótt það sé vitanlega rangt hjá honum, að eldhúsumr. sé góð heimild sagnfræðilega, þá álít ég hann geta rannsakað og dæmt af fullri óhlutdrægni t. d. um það, sem gerðist á dögum Páls postula. Við, sem fáumst við stjórnmál, eigum ekki að reyna að fá fólkið í landinu til að álíta, að þótt við höfum þar mismunandi skoðanir og berjumst hver fyrir sinni, þá þurfum við að fordæma allt hver í annars fari. Við ættum að stofna með okkur einskonar verkamannasamband, til að vernda þá sameiginlegu hagsmuni okkar, að láta ekki toga æruna hver af öðrum og okkur öllum sameiginlega.

Næst vék hv. þm. að afsetningu vitavarðarins á Reykjanesi. Þessi maður starfaði þarna við einn helzta vita landsins, þar sem fram hjá fara þúsundir skipa á hverju ári. Ef óregla er um gæzluna á slíkum stað, má enga linkind sýna. Þessi vitavörður hefir ræktað mikið kringum bústað sinn á Reykjanesi, og það gæti t. d. komið til athugunar, að hann fengi verðlaun fyrir það úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. En þó að ég sé hlynntur jarðabótum, þá getur ræktunaráhugi vitavarðarins ekki hjálpað honum, ef hann gætir ekki vitans. (HV: Hvað segja vottorðin um það?). Ég skal hér lesa upp það vottorð, sem vitavörðurinn hefir fengið frá yfirmanni sínum, vitamálastjóranum, manni, sem stendur utan við alla stjórnmálaflokka, og áreiðanlega telur það skyldu sína framar öllu öðru að sjá um, að vitamálin séu sem bezt rækt. (HV: Vitavörðurinn hefir enga vanrækslu sýnt eftir 1928, eftir þessu

bréfi vitamálastjóra). Það mun nú sýna sig, er ég les bréfið upp. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitamálastjórinn.

Reykjavík, 27. febr. 1930.

Eins og hinu háa ráðuneyti mun vera kunnugt, var Ólafur Sveinsson skipaður vitavörður á Reykjanesi frá 1. júní 1925. Hann lagði fram með umsókn sinni góð meðmæli frá málsmetandi mönnum. Hann var talinn reglumaður (Good-Templari) og mesti dugnaðarmaður. Eftir að hann nú hefir stundað vitann í hátt á 5. ár, hefir það komið í ljós, að margt af því, sem talið var honum til ágætis, var alveg rétt, en því miður hefir hann brugðizt illa á ýmsum sviðum, og þá sérstaklega á þeim sviðum, sem mestu varðar í þessari ábyrgðarmiklu stöðu, reglusemi, og yfirleitt nærgætni við vitagæzluna. Auk þess, að hann virðist hafa meiri áhuga á að rækta land, koma upp sundlaug og þesskonar — sem að vísu í sjálfu sér er mjög lofsvert — heldur en að sjá um gæzlu vitans eins og fyrirskipað er, virðist hann verða meira og meira drykkfelldur, og er það nú svo langt komið, að ég tel, að honum sé ekki lengur treystandi til að hafa þetta starf með höndum.

Til þess að það sjáist glöggt, hvað hefir farið fram, og hvernig Ólafur Sveinsson hefir hagað sér í stöðu sinni, leyfi ég mér, eftir hér fyrirliggjandi skjölum, að skýra frá, hvað ég hefi skrifað honum.

H. 29. desbr. 1926 kvartaði skipstjóri einn yfir því, að mjög seint hefði verið kveikt á Reykjanesvitanum, um 7. eða 8. nóv. var komið, að heita mátti, almyrkur áður en kveikt var. Vegna þess, hve seint kvörtunin barst mér, var ekki hægt að gera neitt frekar í málinu, en ég brýndi alvarlega fyrir vitaverðinum að fylgja reglum þeim, er settar hefðu verið um að kveikja á vitanum, og sem honum væru kunnar, en til frekari tryggingar endurtók ég þær í bréfi til hans 29. des.

Vorið 1928 komst það upp, að vitavörðurinn hafði fengið áfengisbækur fyrir árin 1926 og 1927 hjá lögreglustjóranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Voru þær gefnar út samkv. beiðni hans, í embættisnafni, en án leyfis héðan, og án minnar vitundar. Hann hafði út á þessar bækur fengið talsvert af hreinum spíritus, sem hann hafði borgað sjálfur, og notað í eigin þarfir, en jafnframt hafði hann héðan fengið það suðuspritt, sem þurfti til reksturs vitans. Um þetta mál skrifaði ég dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 14. apr. og 18. maí, og sendi ég jafnframt hinu háa ráðuneyti samrit af þessum bréfum. Það mun hafa leitt til þess, að sýslumanni var uppálagt að taka málið fyrir, og mun það hafa verið gert, en eftir því, sem mér hefir verið sagt, mun það seinna hafa verið látið falla niður, án þess að mér sé kunnugt um ástæðurnar fyrir því. Í bréfi mínu 11. júlí 1928 sendi ég aftur, að gefnu tilefni, hinu háa ráðuneyti bréf um málið og lagði það undir úrskurð ráðuneytisins, hvort ástæða væri til að segja honum upp stöðunni, en lagði til, að honum yrði að öðrum kosti, gefin alvarleg áminning um að gæta skyldu sinnar".

Ég vil skjóta því hér inn, að það var hrein linkind hjá stjórninni að reka manninn þá ekki frá starfi sínu. Það er eitthvað athugavert við þann mann, sem flytur spíritus í pottatali til vitans, til að fægja hann, að hann segir, en notar allan þennan vínanda til drykkjar. (HV: Hví var maðurinn ekki rekinn þá?) Það er heldur góð afstaða hjá hv. 2. þm. Reykv. að ásaka landsstj. í senn fyrir að reka manninn og reka hann ekki. (ÓTh: Annaðhvort var rétt að reka hann eða ekki!) Ég vil segja hv. þdm. það, að 1928 lá ekki fyrir nein till. frá vitamálastjóra um að reka þennan vitavörð, en sú till. liggur fyrir nú. Annars heldur bréf vitamálastjóra svo áfram:

„17. júlí 1928 kom ég á Reykjanes, og voru þá rúðurnar mjög óhreinar, mikið til voru það gömul óhreinindi á þeim. Ég gerði þegar athugasemd við hann um þetta, og skrifaði honum áminningu 31. s. m.

3. ágúst 1928 var kveikt á vitanum 16 mín. seinna en fyrirskipað var, og skrifaði ég því vitaverði bréf 6. s. m. og brýndi að nýju fyrir honum að fylgja reglunum. Hann gaf á þessu þær skýringar, sem ég gat ekki lagt neinn trúnað á, og sagði ég honum það í bréfi 31. ágúst. Sagði ég honum í sama bréfi jafnframt, „að svo fram-

arlega sem hin allra minnsta óregla kemur fyrir aftur, munuð þér vafalaust verða settur frá".

24. f. m. barst mér skeyti frá togaraskipstjóra, sem fór fyrir Reykjanesið, að ljósmagn vitans væri mjög lítið. Ég athugaði þegar málið með því að tala við menn fyrir sunnan, og komst að raun um, að líkur væru til, að skúrir hefðu staðið yfir landið og dregið úr ljósinu. Vitavörður var þá staddur hér í bænum og kom til viðtals á skrifstofuna næsta dag milli 11 og 12. Hann var þá nokkuð kendur, en þó ekki meira en það, að tala mátti við hann, en þegar hann kom aftur milli 3 og 4, var hann svo útúr drukkinn, að ekki var hægt að tala við hann, og eftir framkomu hans sá ég ekki aðra leið en að reka hann út. Næstu daga var hann á flakki hér í bænum, meira og minna drukkinn, og kom loksins til mín aftur 29. f. m. Talaði ég þá mjög alvarlega við hann, og skoraði á hann að segja upp stöðunni, því að ég kæmist ekki hjá að skýra ráðuneytinu frá framkomu hans, sagði hver afleiðingin sennilega myndi verða, og að ég, hans vegna, kysi heldur, að hann færi sjálfur, heldur en að hann yrði rekinn frá. Síðan hefi ég vonast eftir bréfi frá honum, en fyrir nokkrum dögum síðan kom hann sjálfur og sagðist ekki ætla að segja stöðunni lausri. Þegar hann fór suður aftur, var hann drukkinn.

Þessi framkoma hans er öll þannig, að ég get ekki treyst á hann sem vitavörð á einum mest áríðandi vita landsins. Að hann hvað eftir annað vanrækir að kveikja á vitanum á tilteknum tíma, að hann ekki sýnir nægilegt hreinlæti við vitagæzluna, að hann undir embættisnafni tekur út spíritus til eigin afnota, og að hann gengur dögum saman drukkinn um götur Reykjavíkur, jafnvel samtímis með að honum er kunnugt, að umkvörtun liggur fyrir um það, að vitinn lýsi illa, — allt þetta virðist mér benda til þess, að hann hafi ekki nægilega ábyrgðartilfinningu fyrir því starfi, sem hann hefir með höndum. Ég get ekki talið, að honum sé treystandi til að gegna starfinu lengur, en verð að leggja til, að honum verði sagt upp stöðunni frá 1. júní næstkomandi.

Jafnframt vil ég leggja til, að staðan verði auglýst laus, með umsóknarfresti til 1. maí.

Th. Krabbe".

Þegar bréf eins og þetta liggur fyrir frá yfirmanni þessara mála, þá vil ég ekki taka á mig þá ábyrgð að halda manninum áfram í stöðu sinni. Og mér þykir það undarlegt, ef maður eins og hv. 2. þm. G.-K. vill hafa svona mann áfram sem vitavörð, þessi hv. þm., sem er forstjóri í stóru útgerðarfélagi, og hlýtur að skilja, hversu ábyrgðarmikið starf vitavarðarins er. (ÓTh: Mig langar aðeins til að vita, af hverju hann var ekki rekinn 1928). Trúnaðarmaður ríkisins, vitamálastjórinn, taldi ekki ástæðu til að leggja það til þá. Eins er það með þann manninn, sem telur sig öðrum fremur fulltrúa sjómannanna, hv. 2. þm. Reykv. Mér finnst undarlegt, ef hann gerir það í umboði sjómanna, sem hætta lífi sínu við strendur landsins, að bera fram mótmæli gegn þessari ráðstöfun. En það hefir aldrei þótt góðs viti, þegar Herodes og Pílatus hafa orðið vinir, eins og þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. 2. þm. Reykv. í þessu máli.

Þá fann hv. 2. þm. Reykv. að því, að ég hefði skipað „íhaldsnefndina" sem hann kallaði svo. Þessi n. var skipuð í þeim tilgangi að athuga mat á fiski og gera till. um það. Verð ég að segja það fyrir mig, að ég álít það gersamlega ópólitiskt mál, hvernig þorskur og annar saltfiskur er metinn til útflutnings Auk þess var það svo, að landsstj. var engan veginn óbundin um það, hvernig hún skipaði þessa n. Hún var skipuð samkv. þál., sem samþ. var hér á hinu háa Alþingi í fyrra, og þar er það tekið fram, að í n. eigi að vera sérfróðir menn, og af flm. hálfu komu óskir um, að ákveðnir menn yrðu skipaðir í n.: skrifstofustjóri atvmrn., forseti Fiskifélagsins, yfirfiskimatsmaðurinn, einn maður frá togaraeigendum og einn frá fiskútflytjendum. Ríkisstj. hefir farið alveg eftir þessum óskum, sem engin mótmæli komu gegn í hv. Nd. í fyrra, nema um skrifstofustjóra atvmrn., sem ekki gat tekizt starfann á hendur sakir vanheilsu. Og þó að stj. hefði farið að leita meðal Framsóknarmanna eða jafnaðarmanna, er hún valdi fulltrúa togaraeigenda eða

fiskútflytjenda, held ég, að henni hefði getað orðið tafsöm leitin. En stj. framkvæmdi enga slíka leit, því að það var hennar álit, að þarna ætti engin flokkapólitík að koma til greina. Mennirnir, sem skipaðir voru fyrir atvinnuvegina, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K., held ég að báðir hafi verið fullboðlegir fulltrúar. Og þeir höfðu báðir þá sérstöðu, að vera jafnframt alþingismenn, sem er mikill kostur, er málið kemur til endanlegra úrslita á Alþingi.

Þá spurði hv. þm., hvort nokkuð lægi eftir n. Hún hefir ekki ennþá skilað áliti, það er rétt. (HV: Hefir hún yfirleitt nokkuð starfað?). Já, en annars hefi ég ekki yfirheyrt einstaka nm. um, hvert starfi þeirra er komið. En mér er kunnugt, að n. í Noregi er nú um það bil að skila af sér svipuðu starfi, og það er ekki óeðlilegt, að okkar bíði nokkuð með að ljúka sínum störfum til að geta séð álit hennar. (ÓTh: Sú n. er búin að starfa í 5 ár!). Ennfremur fóru yfirfiskimatsmennirnir í Rvík og Seyðisf. til Spánar til að kynna sér ýms atriði um fiskverkunina, og hvernig henni verði bezt fyrir komið. Má búast við, að þeir geti m. a. komið með einhverjar till. um fiskimatið. Ég get hugsað mér, að þetta tvennt hafi orðið til að tefja störf n., en ég vona, að hægt verði að leggja árangurinn af starfi hennar fyrir næsta þing.

Þá eru aðeins eftir tvö smáatriði. Hv. þm. ítrekaði nú kröfu sína til mín um það, að ég léti birta öll skeytaviðskipti ríkisstj. um Íslandsbankamálið. Eins og ég hefi áður sagt hv. þm., getur hann fengið að sjá öll þau skeyti, sem farið hafa milli mín og Sveins Björnssonar sendiherra um þetta mál, og ég hygg meira að segja, að hann hafi þegar séð flest þeirra. Og hann hlýtur, er hann hugsar málið, að vera mér sammála um það, að þau eru ekki öll til þess fallin að vera birt almenningi. Önnur skeyti um málið hefi ég ekki einu sinni séð öll sjálfur, og get engu ráðið um birting þeirra.

Þá talaði hv. þm. nokkuð um lóðina undir landssímastöðina og kaupin á henni. Vitanlega má alltaf um það deila, hvaða lóð sé heppilegust í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti hefði helzt kosið að hafa húsið á lóðum ríkisins á Arnarhóli. En landssímastjóri og símaverkfræðingur sýndu mér áætlanir, sem sönnuðu, hversu afskaplega dýrt væri að flytja símann þangað, meðfram sakir þess, hve miklar klappir eru í jörðu á þessum slóðum. (HV: Hvað sagði símaverkfræðingurinn um lóðina við Austurvöll?). Ég man það ekki nákvæmlega. Ég skal geta þess hér, að ég hafði mikinn hug á að fá undir símastöðina aðra lóð hér í miðbænum, sem sagt lóð þá, er G.-T.húsið stendur nú á. Ég gerði á Alþingi í fyrra miklar tilraunir til að fá samkomulag um þessa lóð, en það strandaði á þm., m. a. sumum forsetanna. Mér þykir þetta leitt, því að það hefði líklega orðið ríkissjóði ódýrara, með því að ríkið á sjálft nokkurn hluta af þessari lóð.

Nú, að þessu frágengnu gat nú verið um ýmislegt annað að ræða. Það var t. d. hægt að fá lóð í Hafnarstræti, sem var þó nokkru dýrari en sú, sem tekin var. Ég skal minna á það, að sú lóð, sem lagt var til að keypt væri í Hafnarstræti 1926, var helmingi minni en sú lóð, sem nú var keypt. Og þó átti hún að vera talsvert dýrari. Hver feralin hefði því orðið meira en helmingi dýrari í henni, heldur en í lóðinni, sem nú á að fara að byggja landssímastöðina á. (HV: En flutningurinn á símanum!). Aðalkostnaðurinn er sá sami, hvort stutt eða langt er flutt. Kostnaðaraukinn liggur aðallega í lengd þráðanna. (MG: Annað sagði Forberg heitinn mér!). Ég hefi nú ekki átt kost á því að snúa mér til hans, og héðan af er ekki hægt að leiða hann sem vitni í því máli. Annars þýðir ekki frekar um þetta að þrátta. Það er búið að ákveða staðinn. Og yfirleitt telja menn þessa stofnun vel setta á þessum stað.

Ég held þá, að ekki hafi verið nein fleiri einstök atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi að mér, og get ég því lokið máli mínu að sinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. hefir beint til mín nokkrum orðum. Að því leyti, sem hann minntist á áfengisverzlunina, mun ég draga lítið eitt að svara því, en koma að næsta lið, um hvað liði opnun landsspítalans. Stj. hefir látið vinna í honum alveg sleitulaust. Nú í vetur er verið að mála húsið innan og

þar næst á að dúkleggja í vor. Verkinu er hagað með það fyrir augum, að standa við loforð, sem Vestur-Íslendingum var gefið með ráði hátíðarnefndarinnar, að a. m. k. annar flokkur þeirra búi þar, meðan þeir dvelja hér í vor. Verkið gengur því eins greiðlega og hægt er, bæði vegna spítalans sjálfs og til þess að bæta úr húsnæðiseklunni um hátíðina. Jafnframt hefir nefnd manna setið að störfum við undirbúning starfrækslu spítalans. Það eru þeir þrír læknar, sem þar eiga að starfa, landlæknir og ein hjúkrunarkona. Nefndin hefir haldið fundi vikulega, þegar nefndarmenn hafa verið hér í bænum. Þeir þrír læknar, sem gert er ráð fyrir að vinni við spítalann, þeir Guðmundur Thoroddsen, Jón Hjaltalín Sigurðsson og Gunnlaugur Claessen, hafa allir nú nýverið farið utan til þess að búa sig undir væntanlega starfrækslu spítalans. Einn af þeim, Gunnlaugur Claessen, er nýkominn úr utanför sinni. Jón Hjaltalín hefir dvalið í Vínarborg í vetur og kemur ekki heim fyrr en með vorinu.

Ég hygg þá, að ekki sé að neinu sérstöku að spyrja um spítalann, og ekki heldur neinu sérstöku að svara frekar en þessu. Enn er ekki hægt að segja, hvort spítalinn geti tekið til starfa í haust eða ekki fyrr en um nýár eða seinna. Það fer eingöngu eftir kringumstæðum. Í raun og veru er ekkert við því að segja, því að það væri heimskulegt að flýta sér svo með að byrja starfrækslu, að það yrði spítalanum til skaða seinna meir, að hrapað hefði verið að einhverju í því máli.

Hv. þm. (HV), og ég held fleiri hv. þm., minntist á, að í fjárlögum hefði ekki verið áætluð nein upphæð til rekstrar spítalans. Þá er því til að svara, að þegar landið hefir lagt svo mikið fé til að reisa spítalann, verður það að starfrækja hann. En það er ekki alveg ákveðið og verður sjálfsagt ekki fyrr en Alþingi sker úr því á sínum tíma, hvort eða að hve miklu leyti spítalinn eigi að verða tekjuhallastofnun.

Um tvennt er að velja. Annað er að selja dagsvistina undir kostnaðarverði. Einstöku læknar hallast að því. En svo eru aðrir menn, sem segja: Það er nógu mikill velgerningur að byggja þetta vandaða hús og fá góða lækna handa sjúklingunum, ásamt góðum aðbúnaði, þó að það verði ekki gert landinu til skaða að nauðsynjalausu. Það er þess vegna möguleiki fyrir því, að spítalinn verði að miklu leyti sjálfstæð stofnun. Það er því fremur hægt, sem til eru dálitlir sjóðir, sem létta undir. Alþingi ræður því á sínum tíma, hvort vísvitandi á að stefna að því, að hafa svo ódýrt í landsspítalanum, að tekjuhalli verði, eða að því, að spítalinn beri sig.

Hv. þm. (HV) minntist á dagbók Þórs, og að ég hygg má líta á þau ummæli í sambandi við grein eftir sama hv. þm. fyrir nokkrum dögum út af rannsókn á togaramáli, þar sem lögð var fram kæra á hendur skipstjóranum á Belgaum um landhelgisbrot. Skipstjórinn á Þór hafði fyrir alllöngu, í tíð íhaldsstjórnarinnar, haft þennan togara fyrir líkum sökum, án þess að kært væri eða málið lagt í dóm, en nú var skipstjórinn á Belgaum dæmdur fyrir nýtt landhelgisbrot. Ég vil af ýmsum ástæðum ekki fara langt út í það mál nú. Aðeins vildi ég taka fram, að skipstjóri Óðins, sem þá var skipstjóri á Þór, er þetta, sem ég nefndi, gerðist, hitti mig í morgun út af þessu máli, og það varð að samkomulagi með okkur, eftir hans ósk, að lögreglustjóri skyldi kalla hann fyrir rétt, til þess að hann gæti upplýst þar, hvernig hann lítur á þetta atvik frá 1924. Ég hefi svo eftir beiðni skipstjórans mælzt til þess við lögreglustjóra, að hann framkvæmi þetta réttarhald. Ég skildi skipstjórann þannig, að það væri nauðsyn að athuga skipsbókina frá Þór í sambandi við þetta mál. Það mun vera áhugamál bæði skipstjórnarmanna, sem þá voru á Þór, og landsstjórnarinnar, að sannindin komi fram í þessu máli og ekkert annað.

Annað atriði, sem beint var til mín, var hvers vegna ég hafi leyft nokkrum fjölskyldum að búa í því auða rúmi, sem til var í spítalanum í Laugarnesi. Hv. þm. (HV) áleit margt við þetta að athuga. Ég tók eftir, að honum var ekki ókunnugt um, að þetta mál mundi eiga sína forsögu. Þegar spítalinn var reistur, var tveimur starfsmönnum ætlaður bústaður þar, lækni og ráðsmanni. Auk

aðalinngangs, sem sjúklingar ganga alltaf um, eru tveir hliðarinngangar, sem ætlaðir voru þessum starfsmönnum, og þannig var hægt að ganga inn til þeirra án þess að koma í nokkra snertihættu við sjúklingana.

Nú fór það svo, að spítalalæknirinn, Sæm. Bjarnhéðinsson, hætti að búa þarna, og fluttist í bæinn og hefir íbúð hans staðið auð, þar til í vor sem leið. Þegar sjúklingunum fækkaði, þótti ekki taka því að hafa sérstakan ráðsmannsbústað, sem líka stæði auður, því að svo er nú guði fyrir að þakka, að þessi sjúkdómur, holdsveikin, er í rénun, svo að í vor þurfa sjúklingarnir ekki á að halda nema hálfum spítalanum.

Hvað því viðvíkur, að það sé hættulegt fyrir aðra menn að umgangast þessa sjúklinga, þá er það að vísu rétt, en á hitt má benda, að það hefir aldrei komið fyrir í sögu spítalans, að neinn af starfsmönnum hans hafi sýkzt, hvorki læknir spítalans, ráðsmaður hans eða hjúkrunarkonur hafa orðið fyrir smitun af þessum sjúkdómi.

Þetta stafar af því, hversu sá sjúkdómur, sem hér er um að ræða, holdsveikin, er treglega smitandi, sem betur fer. Ég hygg, að fyrsti áreksturinn af þessu hafi orðið, þegar það kom til orða, að séra Haraldur Níelsson, sem var prestur þessa spítala, skyldi flytja í ráðsmannsíbúðina. Þá var það spítalalæknirinn, sem var á móti þessu, en skoðanirnar skiptar meðal lækna í Reykjavík, en þó ekki skiptari en svo, að meiri hluti læknanna áleit þetta ekki neina fjarstæðu og hugsaði sem svo, að fyrst ráðsmaðurinn hefði búið þarna sér að skaðlausu, þá gæti presturinn það einnig.

Ég held, að það hafi verið í skjóli þessa álits læknanna í Reykjavík, að Jón Magnússon leyfði séra Haraldi að búa þarna.

Eftir að séra Haraldur dó, leyfði ég ekkju hans að búa þarna áfram, sem auðvitað var ekki nema sjálfsögð samúð við hana og hennar ágæta dána mann.

Það var jafnvel farið að verða að umtalsefni meðal lækna hér í þessum bæ, hvernig fara ætti með spítalann í því millibilsástandi, sem hann var í, þar sem hann væri að tæmast af sjúklingum. Voru um þetta margar ráðagerðir, og vildu sumir setja þarna á stofn gamalmennahæli og hafa þó sjúklinga á neðstu hæð hússins, og í því sambandi var talað um berklasjúklinga.

Þetta tal komst svo að, þegar Bayer, formaður Oddfellowreglunnar í Danmörku, kom hingað fyrir nokkrum árum; varð það að samkomulagi milli hans og landlæknis, að hinum dönsku gefendum væri það ekkert á móti skapi þó þetta auða pláss væri notað.

Landlæknir var á því að nota þetta auða pláss. Þó komst aldrei neinn skriður á málið af því að stjórnin tók í taum með spítalalækninum á móti hinni sterku „opinion" margra hinna helztu lækna bæjarins, sem auk landlæknis ofbauð, að þetta stóra hús væri látið grotna niður tómt, að ríkið skyldi bera rekstrarkostnað af þessum spítala, sem lá undir skemmdum af brúkunarleysi.

Þegar ég tók við umsjón heilbrigðismálanna og fór að kynna mér þetta hús, duldist mér ekki, að það lá undir skemmdum. Ég kom inn í íbúð læknisins. Þar rigndi inn um gluggana, regnvatnið rann um gólfið og feygði það, mörg herbergin stóðu auð, eða svo ég dragi þetta saman í sem fæst orð, þó að reynt væri að halda þessu húsi við upp á ríkisins kostnað, var það í sömu hættu og auð hús alltaf eru. Ég hallaðist að skoðun landlæknis og ýmsra hinna merkari lækna þessa bæjar, að ekki væri rétt að láta húsið standa autt, þó ég hinsvegar ekki efaðist um það, að spítalalækninum gengi ekki nema gott til, og að barátta hans í þessum efnum væri meira af kappi en forsjá, eins og t. d. hefði komið fram í því, að hann vildi ekki leyfa séra Haraldi að búa þarna áfram og annað svipað. Ég fól Sveini Björnssyni sendiherra að leitast fyrir hjá Oddfellowum í Danmörku um það, hvað þeir segi um, að húsið sé notað að einhverju leyti. Bayer var nú dauður, og ég veit ekki hvað hinn núverandi yfirmaður heitir, en niðurstaðan varð sú, að Oddfellowar myndu sætta sig við hverja þá bráðabirgðanotkun á þessu húsi, sem heilbrigðisstjórnin íslenzka vildi fallast á.

Nú var sú breyting á orðin síðan hv. þm. Dal. fór með þessi mál, að heil-

brigðisstjórnin var orðin sammála um að nota þetta hús til einhvers. Fyrir ríkið var það vitaskuld hendi næst að nota það til berklavarna, en samt var það svo, að þó að tekið væri þarna heilt loft og notað í þessar þarfir, þá skipti það ekki miklu fjárhagslega, og ég hallaðist að því, að slá þessu á frest og sjá hverju fram færi.

En meðan mikill hluti af þessu húsi stóð tómur, fannst mér rétt að nota hann að einhverju leyti til að bæta úr mannlegum þörfum, og helzt þá þörfum þeirra manna, sem ríkinu bæri óbein skylda til að sjá fyrir, manna, sem svo að segja voru úti á götunni. Fyrsti maðurinn, sem ég varð að liðsinna í þessum efnum, var Guðmundur Bárðarson náttúrufræðingur; hann tilkynnti mér, að eins og launum sínum væri háttað gæti hann ekki búið hér í Reykjavík, því þegar hann væri búinn að greiða húsaleiguna, hefði hann ekki nema 200 kr. til að framfleyta fjölskyldu sinni, 7—8 manns. Ef hann fengi ekki á einhvern hátt bætt úr tekjum sínum, sagðist Guðmundur verða að fara frá skólanum.

Guðmundur Bárðarson er einn af aðalnáttúrufræðingum landsins, sem nú starfa, og þar sem hörgull er á náttúrufræðingum og hann var eini náttúrufræðingurinn við skólann og ekki var sýnilegt þá, að hægt væri að bæta úr því, ef hann færi, og mér var ljóst, að tilgangslaust var að fara að bera fram tillögu um launahækkun til eins kennara Menntaskólans sérstaklega, þar sem allir hinir myndu koma á eftir, og þar sem ennfremur taka varð tillit til þess, að þeir af kennurum skólans, sem eiga hús og eru sér úti um aukatekjur, standa sig nokkurn veginn í lífsbaráttunni. En þessi maður var vísindamaður, nýfluttur í bæinn, og gat ekki og mátti heldur ekki offra neinu af tíma sínum til að afla sér aukatekna. — Af öllu þessu sýndist mér ég geta ráðið fram úr þannig, að taka í senn tillit til fræðigreinarinnar, sem hann stundar, og hags skólans, sem hann vann að, með því að leyfa honum að búa í læknisbústaðnum. Og málalokin urðu þau, að hann flutti þangað inn og kostaði sjálfur þá viðgerð, sem þar varð nauðsynlega fram að fara, vegna tómlætis undangenginna ára. — Ásmundur Sveinsson og Jón Þorleifsson listamenn fengu einnig leyfi til að búa þarna á næsta lofti, ásamt tveimur mönnum úr tveim deildum stjórnarráðsins, fjármála- og atvinnumálaráðuneytinu. Til þess að gera þarna viðunandi mönnum til íbúðar, varð að gera þarna skilrúm á einum gangi, veggfóðra stofurnar, mála loftin, og hefi ég gert ráðstafanir til þess, að þessir menn svari rentum af þeim útgjöldum, sem landinu voru sköpuð með þessu. — Til þess að þingmenn sjái betur og skilji, hvað hér hefir gerzt, vil ég endurtaka það, að eftir að heilbrigðisstjórnin hafði fengið leyfi hinna dönsku gefenda til að nota húsið til þess, er hún taldi rétt, var að því ráði hnigið að veita þarna mönnum húsnæði, sem óbeinlínis voru ríkinu á hendur bundnir. Vitanlega var ekki hægt að fullnægja þörfum 5000 manna með þessum fáu herbergjum, og af nokkru handahófi var hvar þau komu niður, en svo mikið get ég sagt, að þeir, sem þarna nutu góðs af, voru fátækir menn og áttu það fullkomlega skilið; og það er kannske ekki úr vegi að benda sumum þingmönnum á það, að við þessar ráðstafanir urðu þær þó 2—3 færri fjölskyldurnar, sem húsnæðislausar eru í bænum.

Ég gat um það áðan, að einn af þeim mönnum, sem fengið hefir þarna inni, hafi verið í atvinnumálaráðuneytinu. Það stóð svo á um þennan mann, að honum var kastað út 1. okt. síðastl., og varð hann þá að grípa til þess að búa í einu herbergi með fjölskyldu sína, þar sem hann var lágt launaður og gat enga íbúð fengið.

Mér fannst, ef hægt væri, að stjórnin ætti að hjálpa þessum starfsmanni sínum, og það varð úr, að ég leyfði honum að flytja inn í síðasta möguleikann, sem þarna var. Um hinn starfsmanninn úr stjórnarráðinu, sem þarna fékk inni, er það að segja, að ég hygg, að fólk hans hafi ekki séð glaðan dag fyrir það, hve illa fór um það í hinum þröngu húsakynnum.

Þannig horfir málið við, en ég þykist vita, að hv. 2. þm. Reykv. sé því ekki kunnugur nema af einhliða frásögn spítalalæknisins.

Þessi bráðabirgðanotkun hússins er með fullum vilja hinna dönsku gefenda og samþykki landlæknis, og það var mjög villandi hjá hv. 2. þm. Reykv., er hann sagði, að þetta fólk væri hvað innan um annað, því það eru skilrúm á milli. Enda er það vitanlega í „interessu" leigjendanna að hafa engin mök við sjúklingana. (HV: Það gengur allt þarna sjálfala). Það leiðir af sjálfu sér, að mæður, sem eiga þarna börn sín, gæta þess vendilega, að þau séu ekki innan um sjúklingana. Og sjálfur þekki ég þarna svo vel til, að ég veit, að sjúklingarnir gæta allrar varkárni um samgang við aðra menn, auk þess sem hjúkrunarfólkið hefir eftirlit um þessa hluti. —

Annars hygg ég nú, að það samkomulag, sem hefir orðið um notkun þessa spítala, verði ekki nema til bráðabirgða. Það er beint tekið fram í gjafabréfi Oddfellowa, að þegar holdsveikin sé útdauð hér á Íslandi, kveði þeir sjálfir á um að nýju, til hvers nota skuli húsið. Það má vel vera, að hv. 2. þm. Reykv. verði þá búinn að hafa sætaskipti við mig og geti þá beitt áhrifum sínum í þá átt, að húsið verði aftur látið standa autt og engum til gagns.

Hv. 2. þm. Reykv. lagði aðaláherzlu á þann sýkingarmöguleika, sem hér væri skapaður. Nú er það samt svo, að beztu læknar álitu, að sýkingarhættan væri ekki meiri en svo, að óhætt væri að nota húsið fyrir annað fólk, enda hefir sýking aldrei viljað þarna til fram á þennan dag.

Það er að vísu hægt að hugsa sér, að sýking geti átt sér þarna stað, en sá möguleiki er ekki meiri en væri fyrir því, að fugl yrði fyrir kúlu manns, sem legðist aftur á bak, lokaði augunum og skyti svo eitthvað út í loftið. Það gæti orðið fugl fyrir skotinu, en sá möguleiki er sáralítill.

Pétur Ottesen: Ég ætla að byrja á hv. 2. þm. Reykv. Þegar hann kom fram á vígvöllinn tók hann til að sletta úr klaufunum, og sletti þá vitanlega beint til sjálfstæðismanna, sem hann að vísu gat ekki nefnt réttu nafni, og er það ekkert tiltökumál um slíkan mann sem 2. þm. Reykv. er. Hv. þm. var að bera sjálfstæðismönnum á brýn aðgerðarleysi í landbúnaðarmálum, og taldi stj. þeirra hafa orðið þeim atvinnuvegi til niðurdreps. Ef ég vildi eyða tíma til þess, gæti ég fært rök fyrir því, að það eru einmitt sjálfstæðismenn, er hafa beinlínis staðið fyrir og átt upptökin að öllum þeim málum, sem til viðreisnar horfa landbúnaðinum, eða þá stutt framgang þeirra mála með ráðum og dáð, ef aðrir hafa borið þau fram. Vísa ég því þessum slettum heim til föðurhúsanna. Þau eru órökstudd og ósönn og þm. til skammar.

Hv. 2. þm. Reykv. lét mikið yfir því, hve sósialistar hefðu stutt að framförum landbúnaðarins. En það sýnir einna bezt heilindi þeirra í þessum málum, að nú lýsir hv. 2. þm. Reykv. því yfir, að Alþingi gangi of langt í stuðningi sínum við bændurna.

Einmitt nú, þegar fyrstu ávextirnir eru að koma í ljós af þeim ráðstöfunum, sem Alþingi hefir gert á undanförnum árum, þá vill 2. þm. Reykv. kippa að sér hendinni og hætta við hálfnað verk.

Hv. 2. þm. Reykv. gat ekki á sér setið að koma hér fram með aðdróttanir í garð skipherrans á Óðni út af dagbókum Þórs, er þessi maður var með hann, og Þór var eftirlits og björgunarskip þeirra Vestmannaeyinganna. Hefir hv. þm. þegar skrifað æsandi blaðagreinar um þetta mál, en það er nú svo, að ekkert annað liggur fyrir í því en þessi skrif þessa hv. þm., sem til þessa hefir ekki reynzt neitt ábyggilegur í frásögnum um þessi mál. Skal ég ekki fara neitt frekar út í þetta mál að þessu sinni, þar sem það er upplýst, að málið hefir verið tekið fyrir á réttum vettvangi. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að minna hv. þm. á, að hann hefir áður borið fram svipaðar aðdróttanir hér í þinginu, án þess að færa sönnur fyrir. En þegar á hann var skorað að gera það, stóð hann eftir sem stimplaður ósannindamaður, eftir að hafa orðið ber að því að fara með staðlausa stafi. Verður hv. þm. því að láta sér það lynda, þó að ekki sé lagt mikið upp úr frásögn hans.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., sem endranær, þegar sósialistar eru í eldhúsinu, að ekki er mikil alvara bak við þau skeyti, sem þeir senda að stj. Að-

alatriðið fyrir sósialistum er að reyna að ná til sjálfstæðismanna, og til þess að hugnast stj., láta þeir líta svo út, sem eitthvert bil sé á milli þeirra og hins stuðningsflokks stj., framsóknarflokksins. Þetta nart sósialista í stj. er til málamynda og ekkert annað.

Heilindi sósialista komu annars bezt fram í bankamálinu. Þeim var ekki lítil alvara í því að vilja nú endanlega loka bankanum. En svo þegar það verður ofan á, að loksins fæst samkomulag um það, að bankinn verði opnaður aftur, þá var ekki lengi að detta botninn úr sókn þeirra. Alvara þeirra var fljót að hverfa, eins og dögg fyrir sólu. Og af hverju? Það var af því, að þeir áttu von á að fá eitt bankastjóraembættið þar. (HV: Verður Íslandsbanki opnaður aftur?) Já, það á sannarlega að gera það, og ég hygg, að hv. þm. viti vel um hvaða dyr hann á að ganga inn í bankann. (HV: Og eftir hvaða l.?) Ég ætla ekki að fara að skýra þetta fyrir hv. þm. Hann getur sótt frekari skýringar á þessu til flokksbróður síns, sem sagt er að eigi að verða bankastjóri í þessari endurreistu peningastofnun.

Ég vil þá snúa mér að hæstv. forsrh. aftur. Hæstv. ráðh. byrjaði á því, þegar hann fór að svara hv. 1. þm. Reykv., að fara nokkrum almennum orðum um eldhúsdaga og þýðingu þeirra, og hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri allt saman þýðingarlaust, þeir þyrftu ekki annað en leggja fram nokkra Morgunblaðsdálka og undirstrika með rauðu það, sem þeir vildu leggja áherzlu á, því að þeir hefðu ekkert annað að flytja en það, sem komið væri fram í blöðunum. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt, en ég vil benda hæstv. forsrh. á, hvernig það var þegar hann var að fara í eldhúsið í tíð fyrrv. stj. Hæstv. ráðh. hafði þá ekkert annað að segja en það, sem hann áður hafði skrifað um í dálkum Tímans, og hvers vegna var þá hæstv. ráðh. að spreyta sig á að halda eldhúsdagsræður? Hvers vegna þá ekki að taka Tímadálkana og undirstrika með rauðu það, sem þurfti að vekja athygli á? En það er nú svo undarlegt með hæstv. forsrh., að það, sem hann ávítar aðra fyrir að gera, það lætur hann sér ekki fyrir brjósti brenna að gera sjálfur.

Þegar hæstv. forsrh. var að svara hv. 1. þm. Skagf. hér í fyrradag, þá byrjaði hann á því, að standa upp og þakka, og hann þakkaði mjög innilega, og til að leggja enn frekari áherzlu á þakklæti sitt, þá hneigði hann sig mjög djúpt, eða álíka og maður getur hugsað sér að hann hafi gert fyrir konginum, þegar hans hátign var að hengja krossana á hann. Hæstv. ráðh. sagðist hafa þakkað í hitteðfyrra, hafa þakkað í fyrra og vera fullur af þakklæti nú. Það er nú gott að athuga, hvað það var í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem hæstv. forsrh. var svo fullur af þakklæti fyrir, og skal ég þá nefna fjóra eða fimm pósta. Í fyrsta lagi hafði hv. 1. þm. Skagf. sagt það um hæstv. forsrh., að hann hefði, áður en hann varð ráðh., barizt mjög hraustlega á móti krossum og krossafarganinu, sem hann þá kallaði það, og hefði þá borið fram frv. þess efnis að leggja skatt á krossa. Nú benti hv. 1. þm. Skagf. á, að sú breyt. hefði orðið, að hæstv. forsrh. væri orðinn einn af mestu krossberum þessa lands, og myndi alveg horfinn frá því að bera fram till. um að leggja skatt á krossa. Hæstv. forsrh. þakkaði mjög innvirðulega fyrir það, að bent var á þennan snúning hjá honum sjálfum. Í öðru lagi þakkaði hæstv. ráðh. hv 1. þm. Skagf. fyrir það, þegar hv. þm. benti á, hver afstaða hæstv. ráðh. hefði verið gagnvart sendimönnum íslenzka ríkisins í öðrum löndum. Hafði þá talið það allt óþarft, og meira að segja borið fram till. um það á þinginu 1924, að leggja niður sendiherrastarfið í Khöfn. Ennfremur hafði hæstv. ráðh. þá haft þau orð um sendimann íslenzka ríkisins í Miðjarðarhafslöndunum að nefna hann Spánarlegátann. En það bar nú svo til, skömmu eftir að hæstv. ráðh. kom í sinn ráðherrasess, að þetta embætti losnaði, og var hæstv. ráðh. þá mjög fljótur til að skipa í þessa stöðu, og yfirleitt hefir hann, síðan hann varð ráðh., lagt í mjög ríkum mæli blessun sína yfir báða þessa legáta.

Í þriðja lagi benti hv. 1. þm. Skagf. hæstv. ráðh. á það, að hann hefði áður fyrr vítt þáv. stj. mjög fyrir það, að hún hefði ekki látið stjfrv. koma svo snemma, að þm. hefðu átt þess kost að

kynna sér þau, áður þing kæmi saman. Nú benti hv. 1. þm. Skagf. á það, að síðan hæstv. forsrh. kom í stjórnarsess, hefði stjfrv. verið að koma yfir allt þingið, smátt og smátt, og sumum þeirra ekki verið útbýtt fyrr en rétt í þinglokin.

Í fjórða lagi var hæstv. ráðh. bent á það, að hann hefði mjög skammað fyrrv. stj. fyrir það, að byggja till. sínar í fjárl. á tekjuliðum, sem áttu að falla úr gildi á því ári, sem fjárlagafrv. átti að koma í gildi á, og sem þá vitanlega var byggt á því, að samþ. yrði á sama þingi framlenging þessara tekjustofna. Nú er það auðvitað og alkunna, að hæstv. forsrh. hefir dyggilega fetað í sömu sporin, og síðast á þessu þingi.

Í fimmta lagi benti hv. 1. þm. Skagf. hæstv. forsrh. á það, að allar horfur væru á því, að fjáraukalögin miklu frá 1921 ætluðu að hverfa í skuggann af þeim miklu umframgreiðslum, sem yrði á árunum 1928 og 1929. Hæstv. forsrh. var í þessu sambandi að tala um tvo liði, sem hefðu valdið mikilli hækkun á útgjaldahliðinni, það væru berklavarnalögin og jarðræktarlögin. Byggði hann það víst á útreikningum, sem hv. þm. V.-Hún. snaraði þá að honum í þeim svifum. En hæstv. forsrh. ætti að minnast þess, að þegar hann var að skrifa um fjáraukalögin 1920—'21, þá tók hann ekkert tillit til þess, að þá hafði ekki verið athugað um dýrtíðaruppbót af launum starfsmanna ríkisins, og ennfremur varð almenn verðhækkun. Þessu gekk hæstv. forsrh. alveg framhjá og sagði, að þetta væri allt hv. 1. þm. Skagf. að kenna.

Ég vildi nú draga þetta mál fram, til þess að sýna það svo, að ekki yrði á móti mælt, að hæstv. forsrh. hefir í öllum þessum málum, sem ég hefi á minnzt, algerlega farið í gegnum sjálfan sig, m. ö. o., hann hefir framkvæmt og gert það, sem hann hefir átalið aðra fyrir að gera, og það er svo sem ekki að furða, þó að hæstv. ráðh. sé fullur af þakklæti og hneigi sig og beygi, þegar honum er bent á þetta. En fyrst hæstv. forsrh. er nú svo fullur af þakklæti, þá ætla ég að benda honum á nokkra fleiri liði, þá, sem leggja nokkuð inn fyrir þakklæti frá honum.

Ég ætla þá fyrst að minna hæstv. ráðh. á það, að á fyrsta þinginu, sem hann átti sæti á, ég held að það hafi verið þingið 1924, bar hann fram nokkur frv., um að leggja niður nokkur embætti. Ég minnist ekki þess, að síðan hann varð forsrh. hafi hann borið fram nokkur slík frv. En þetta var náttúrlega í sparnaðarskyni gert.

Þá skal ég ennfremur minna hæstv. forsrh. á það, að á því sama þingi kom fram frv. um að lengja vinnutíma skrifstofumanna ríkisins. Það var þáv. 2. þm. Húnv., Þórarinn á Hjaltabakka, sem bar þetta fram. Þá var vinnutími frá 10—4, en eftir frv. átti hann að verða frá 9—6. Ég minnist þess, að hæstv. forsrh. tók mjög undir þetta og gerðist ötull stuðningsmaður þessa frv., og þegar svo kom fram rökst. dagskrá frá allshn. d., mig minnir að frsm. hennar væri þá hv. núv. 1. þm. Árn., um að vísa þessu máli til stj., þá er mér það minnisstætt, að hæstv. forsrh. ætlaði alveg af göflunum að ganga (**OTh**: Það er þó ekki venjulegt). Þá sagði hæstv. forsrh., að þetta væri rödd úr sveitum landsins gegn skrifstofubákninu, og það væri óskiljanlegt, hvernig allshn. hefði snúizt við þeirri rödd og dregið úr þeim þunga, sem feldist í þessu frv. Ennfremur sagði hæstv. ráðh., að það væri einkennilegt, að ýmsir starfsmenn fengju margföld laun, þannig fengju sumir skrifstofumenn ríkisins sérstök laun fyrir að halda reikninga fyrir sjóði, sem fyrir skömmu hefðu heyrt undir þeirra embætti. Svoleiðis leit hæstv. ráðh. á þetta mál þá. Nú er hæstv. forsrh. bráðum búinn að vera þrjú ár í stj. landsins og hefir verið æðsti yfirm. þessarar skrifstofu. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, þótt spurt sé, hvað hafi verið gert til þess að hlýðnast þessari rödd utan úr sveitum landsins.

En hefir nú hæstv. ráðh. lengt vinnutímann á skrifstofum ríkisins? Hefir hæstv. ráðh. hætt að greiða aukaborgun fyrir sérstök störf? Ég held, að ummæli þau, sem ég las upp eftir hæstv. ráðh. á þinginu 1924, gefi fullkomið tilefni til, að svona sé spurt, en þó er það nú svo, að þó ég varpi fram þessari spurningu, þá veit ég það fullvel, að allt er í þessu máli eins og það var áður, að skrifstofutíminn hefir ekki verið lengdur, og það hefir ekki verið hætt að borga mönnum á skrifstofum stjórnarráðsins fyrir sérstök verk. En

eftir því, er ég veit bezt til, hefir hæstv. forsrh. gengið töluvert lengra á þessari braut en áður var. Ég skal í þessu sambandi benda á það, að í landsreikningnum fyrir árið 1928 stendur aths. um það, að einum manni hafi, auk sinna launa, verið borgaðar 250 kr. á mánuði, fyrir störf, bæði í þágu hæstv. forsrh. og dómsmrh. Ég býst auk þess við, að það muni finnast þar nokkur fleiri dæmi, og í því efni má benda á það, sem líka kemur fram í aths. við landsreikninginn fyrir árið 1928, að á því ári hafi verið borgað fyrir aukavinnu í stjórnarráðinu upp undir 28 þús. kr. Ennfremur má benda á það, að einum starfsmanni stjórnarráðsins hefir að minnsta kosti verið skotið inn í stjórn Slysatryggingarsjóðsins. Hefir hann á þann hátt fengið 2000 kr. aukagreiðslu á ári, og ég get bætt því við, að einum manni hafa á síðasta ári verið greiddar 1500 kr. fyrir aðstoð í þágu skipaskráningar og skipamælingar, sem verið hefir í stjórnarráðinu. En það var mér kunnugt, að áður en þessi stj. tók við, þá var þetta unnið af starfskröftum stjórnarráðsins, án þess að þeir fengi nokkra greiðslu fyrir það.

Það má benda á fleira í þessu sambandi. Á þinginu 1925 flutti hæstv. forsrh. þál. um það, að skora á stj. að veita ekki nein embætti, ef þau losnuðu, án þess að láta þingið kveða á um það, hvort þeim skyldi haldið áfram eða þau skyldi lögð niður eða sameinuð öðrum embættum. Hún var samþ. með nokkrum breyt., en á þann hátt, að hún var gerð víðtækari. Og hæstv. forsrh. flaug til að samþ. þessa breyt. Meðal þessara embætta var landlæknisembættið, bæjarlæknisembættið, fræðslumálastjóraembættið og nokkur fleiri. En hvað hefir svo hæstv. forsrh. gert til þess að framkvæma þann vilja sinn frá 1925 síðan hann fékk völdin í hendur á þessu landi? Það stendur nú svo á, að eitt af þessum sýslumannsembættum, sem hann vildi hafa þessa ákvörðun á, losnaði, og hvað skeður? Embættið er veitt þegar í stað, og þá auðvitað tryggum stuðningsmanni hæstv. stj., og sömuleiðis án þess að spyrja Alþingi nokkuð um það, hverja skipun það vildi á hafa. Landlæknisembættið hefir ekki losnað, né heldur bæjarlæknisembættið, en það má þó yfirleitt benda á það, að stj. hefir yfirleitt ekki verið neitt á þeim buxunum að færa embætti nokkuð saman, þótt tækifæri hefði gefizt, og vil ég í því sambandi benda á það, að Ólafur læknir Thorlacius á Búlandsnesi var látinn leggja niður sitt embætti, en taka við störfum hér, og átti þá að setja upp nokkurskonar aukalandlæknisembætti með launum, sem samsvaraði 6600 kr. á ári, auk nokkurar uppbótar. Starf þessa manns hefir, að því er virðist, komið að svo litlum notum, að hæstv. stj. hefir séð sitt óvænna við að hafa þetta svona, og að því er maður bezt veit, hefir þessi maður nú verið fluttur yfir í Vínverzlun landsins, og ætlast stj. víst til, að hann hafi þar lífsuppeldi sitt eftirleiðis.

Að því er snertir fræðslumálastjóraembættið er vert að athuga það, að hæstv. forsrh. vildi láta sameina það öðru embætti, þegar það losnaði. Um það má ennfremur geta þess, að stj. hefir flutt frv. um að hækka laun fræðslumálastjóra, og er þar gert ráð fyrir, að hann fái skrifstofukostnað greiddan samkv. reikningi, og ekki sett þar neitt hámark við. Og hæstv. stj. hefir gert annað og meira í þessu sambandi. Hún hefir hleypt af stokkunum nýjum fræðslumálastjóra, sem í umtali manna á meðal hefir hlotið nafnið yfirfræðslumálastjóri. Þessi maður hefir, sem kunnugt er, á síðastliðnu ári verið á ferðalagi utanlands á kostnað ríkisins. Var í byrjun þings spurt um það, hver laun þessi maður hefði, en ekkert svar fékkst við því, þótt vitanlegt sé, að þau muni vera nokkuð há, og auk þess vitanlegt, að maðurinn er á föstum launum. Þessi er aðstaða hæstv. forsrh. nú, og þannig var hún árið 1925, sem ég hefi hér lýst. Niðurstaðan hefir orðið sú, að ekkert hefir verið dregið úr embættum eða starfsmannafjölda.

Það er nokkuð stíf og mótuð mannlýsing, sem kemur fram við að athuga þessi dæmi, sem ég hefi tilfært hér. Það er alveg greinilegt, að í öllum þessum atriðum hefir hæstv. forsrh. snúizt alveg eins og vindhani á bæjarbust. En ég skal bæta nokkru við ennþá, nokkru, sem sýnir, að snúningurinn heldur áfram. Á þinginu 1925 átaldi hæstv. forsrh. fyrrv. stj. harðlega fyrir það, hve vextirnir í bönk-

unum væru óforsvaranlega háir, en hæstv. ráðh. hefir nú gegnt ráðherradómi nokkuð á þriðja ár, en mér er ekki kunnugt um það, að hann hafi gert nokkuð til að lækka bankavextina, og eru þeir þó það, sem þeir hafa hæstir orðið á síðastliðnu ári.

Á þinginu 1925 átaldi hæstv. forsrh. fyrrv. stj. harðlega fyrir það, að hún hefði hækkað skattana. Hann sagði, að þessir háu skattar ætluðu alveg hreint að drepa fólkið. Nú hefir hæstv. ráðh. haldið á stjórnartaumunum í nærri því full þrjú ár, og hvað hefir hann gert til þess að lækka skatta? Ekkert! En hinsvegar töluvert til að hækka þá. Nú, á þessu þingi, eru hvorki meira né minna en þrjú frv., sem hæstv. stj. flytur um skattahækkun. Það er á leiðinni stjfrv. um það, að leggja 7 aura skatt á hvern lítra af benzíni, sem ætlaður er til bifreiða, um 2% aukaskatt af útfluttum sjávarafurðum og í þriðja lagi hefir hæstv. stj. hækkað skattinn af hverju síldarmáli og hverri síldartunnu, sem flutt er út úr landinu.

Þetta er þá það, sem hæstv. forsrh. hefir gert til þess að framfylgja vilja sínum frá 1925 til að lækka skattana. En af því að hæstv. ráðh. virtist vera hálfhneykslaður yfir því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að eldhúsdagurinn gæti ef til vill orðið sögulegt gagn fyrir síðari tíma, þá vil ég nú benda hæstv. ráðh. á það, sem ég nú ber fram og það, sem hann bar fram á þinginu 1925, það er áreiðanlegt sögugagn, einmitt fyrir það, hve tilvalin og talandi lýsing það er á hæstv. forsrh.

Á þinginu 1926 og 1927 flutti hæstv. ráðh. frv. um það, að verðfesta íslenzka peninga, stýfa krónuna, eins og það þá var kallað. Nú er hæstv. ráðh. búinn að vera hátt upp í þrjú ár í stj., en ekki sýnt neina alvöru í því að vilja verðfesta krónuna endanlega.

Þá má ennfremur benda á það, að þeir menn, sem nú skipa stj. landsins, þeir úthúðuðu mjög fyrrv. stj. og þeim mönnum, sem studdu hana, fyrir það, að þeir vildu ekki leggja niður útsölustaði á vínum, og hverjar voru svo hvatirnar, sem þeir sögðu að lægi til grundvallar hjá þeim? Þær, að þeir vildu halda við drykkjuskapnum og óreglunni í landinu. Nú hafa þessir sömu menn verið í stj. landsins nær því þrjú ár, og hvað hafa þeir svo gert til að leggja niður þessa útsölustaði, og á þann hátt spornað við drykkjuskap og óreglu? Það er alþjóð manna kunnugt, að þeir hafa ekkert gert til þess. Það eru í fullum gangi allar þær útsölur, sem áður voru. En þeir hafa gert annað. Þeir fóru að blanda, sem var, eftir því sem upplýst hefir verið, í því fólgið að sulla saman nokkrum tegundum af þessum léttu vínum, sem almenningur landsins hafði lítið girnst. (**Dómsmrh.**: Var blandan ekki nógu sterk?). Jú, hún hefir víst orðið nógu sterk til þess að varan yrði útgengileg, því að það er sagt, að þetta sé hálfgildings brennivín að styrkleika, og afleiðingin hefir orðið sú, að þessi blanda hefir runnið út! Þannig hefir stj., þessi mikla bann- og bindindisstj., staðið með útbreiddan verndarfaðm sinn til að sporna á móti drykkjuskapnum. (**Dómsmrh.**: Hún hefir sjálfsagt verið að auka sér kjörfylgi frá íhaldsmönnum). Nú, það var það! Það var svo sem auðvitað, að það væri einhver pólitísk lykt af því, það kemur alltaf fyrst fram, sem efst er í huganum!

Það var í fyrstu látið heita svo, sem þessi blöndunarstarfsemi væri rekin með það fyrir augum, að gera gamlan vínforða útgengilegan. En nú hefi ég spurnir af, að þessi blöndun haldi enn áfram, og með fullum krafti. Er það kunnugra manna mál, að þessi innlenda framleiðsla, þar sem stendur „Dog Brand“ á miðunum, eða „Tíkarbrandur“, sem kvað vera nefnt svo eftir höfundi blöndunnar, sé mjög á markaði hér á landi. Af þessu má nú marka heilindi núv. stj. í bann- og bindindismálunum. Þess mætti og geta í þessu sambandi, að hæstv. forsrh. hefir jafnan haft mikinn fagurgala í frammi gagnvart templurum. Hann hefir nú fengið aðstöðu til þess að sýna, hversu mikil alvara liggur að baki orðum hans. Stórstúkan hefir undanfarin ár notið nokkurs styrks í fjárl. En eftir að hæstv. forsrh. tók við stj., brá svo við, að Stórstúkan hefir aldrei fengið að vera í friði með þennan styrk fyrir sífelldum eftirtölum og áleitni hæstv. ráðh. og flokks hans. Alltaf er reynt að klípa af þessum litla styrk, enda þótt stórlega sé bætt við á öðrum liðum;

Og því hefi ég veitt eftirtekt, að þegar um er að ræða tilraunir til þess að fá þennan lítilfjörlega styrk dálitið hækkaðan, þá er hönd hæstv. forsrh. ætíð sú fyrsta, sem rétt er til mótmæla. Í beinu samræmi við þetta eru hinar nýtízku aðferðir, sem sumir flokksmenn hans, — og beini ég nú sjón minni í vissar áttir, — eru farnir að nota til þess að koma þessum styrk fyrir kattarnef.

Þá talaði hæstv. forsrh. mikið um það hér á dögunum, að gæta þyrfti hinnar ítrustu sparsemi í öllum launagreiðslum til opinberra starfsmanna. Það er ekki laust við, að slík ummæli komi nokkuð einkennilega fyrir sjónir nú, og því fremur, sem hæstv. ráðh. hefir ekki fyrir alllöngu stofnað nokkur ný embætti, með miklu hærri launum en hliðstæðir embættismenn fá, sem þó eru búnir að vera lengi í embættum. T. d. kvað forstjóri hins væntanlega útvarps eiga að fá 9300 kr. laun, sem er miklu hærra en laun landssímastjóra, vegamála- og vitamálastjóra, biskups og fleiri hliðstæðra starfsmanna ríkisins. Auk þeirrar óhóflegu eyðslu, sem af þessu leiðir, þá er slíkt hið greypilegasta misrétti gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins, enda hafa þegar margir þeirra knúið á náðir fjvn. og þegar fengið nokkra úrlausn, og munu fleiri koma á eftir. En það er ekki nóg, að stj. geri upp á milli manna á þennan hátt, heldur eru dæmi til þess, að einstakir menn fá uppbót á laun sín frá löngu liðnum tímum. T. d. var Guðmundi Hlíðdal verkfræðingi greitt í hitteðfyrra 3750 kr. uppbót á laun hans frá 1925, 1926 og 1927. Það sjá nú allir, út á hverja ófæru er stefnt með slíkum aðförum.

Það hefir oft verið spurt um það hér í d., en ekkert svar fengizt ennþá, hver væri dýrtíðaruppbót bankastjóra Búnaðarbankans. (**Forsrh.**: Hún er engin sem stendur). Jæja, en ég ætla þó, að þeim hafi verið greidd einhver uppbót. (**Forsrh**: Stjórnarráðið hefir engar útborganir fyrir Búnaðarbankann). Ég vil nú mega vænta þess, að hæstv. ráðh. gefi nú greið og vafningalaus svör viðvíkjandi þessu atriði, hvort dýrtíðaruppbótin er 60% eða 100%, eða þá ekki nema 40% sem annara starfsmanna ríkisins.

Ég hefi nú dregið fram nokkur dæmi þess, hversu geysilega oft hæstv. forsrh. hefir hringsnúizt í málum, bæði fyrr og síðar. Hann virðist skipta skoðunum og jafnvel fara í gegnum sjálfan sig jafnskjótt sem vindur blæs úr annari átt. Það hefir verið talið þrennt á þessu landi, sem engri tölu verði komið á: eyjar á Breiðafirði, vötn á Tvídægru og Vatnsdalshólar. En ég ætla, að nú megi bæta því fjórða við, og það er, hve oft hæstv. forsrh. hefir farið í gegnum sjálfan sig á sinni pólitísku vegferðarreisu.

Áður en ég fer lengra, get ég ekki gengið framhjá því að minnast örlítið á krossana. Ég minnist með ánægju þeirra tíma, er við hv. þm. Str., núv. hæstv. forsrh., stóðum hlið við hlið gegn þessu krossafargani. Var samvinna okkar hin ákjósanlegasta, enda vorum við báðir jafnsannfærðir um, að við værum að vinna góðu máli. En nú hefir hann fallið fyrir freistingunum, eins og kunnugt er, og eftir þeim spurnum, sem ég hefi af hæstv. ráðh. um þessa hluti, þá virðist hann alltaf vera að falla dýpra og dýpra. Enda þótt ég harmi það mjög, að svo er komið fyrir hæstv. ráðh., og leiðir okkar skildar um þetta verkefni, þá skilst mér þó, að við getum enn átt nokkra samleið, og ef það mætti takast, þá skal sannarlega ekki standa á mér. Ég á hér við það, að leggja duglegan skatt á krossana, — ég sé að hæstv. ráðh. kinkar kolli til samþykkis, — til þess að vinna upp það fé, sem fyrrv. og núv. stj.. hefir eytt í þetta fargan. En ég skal aðeins benda hæstv. ráðh. á það, að það er hann, sem á að bera fram frv. um þetta, og skal ég nú gera grein fyrir, hvernig á því stendur. Á þinginu 1924 bar þáv. þm. Str. fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að leggja skatt á heiðursmerki. Þetta var samþ., og er því enn í fullu gildi. Málið horfir því þannig við nú, að þess er að vænta, að hæstv. forsrh. taki nú til greina áskorun hv. þm. Str. frá 1924. Ég gat þess lítillega áðan, að ég hefði grun um, að hæstv. ráðh. væri að ánetjast meira og meira í þessu krossafargani. Hefi ég jafnvel heyrt slæðing um það, að hæstv. ráðh. hefði eftirgrennzlan um krossaeign helztu broddborgaranna í bænum til samanburðar við sjálfan sig í þessum efnum. (**Forsrh.**: Hvaðan kemur hv. þm. þessi speki?). Hef-

ir því og verið fleygt, að hann dreymi stóra drauma um það, að eftir úthald næsta sumars muni hann ekki lengur verða neinn miðlungsmaður í þessum sökum, heldur muni hann þá bera höfuð og herðar yfir alla krossbera þessa lands að fornu og nýju.

Þá vil ég snúa mér að nokkrum öðrum atriðum, sérstaklega í ræðu hæstv. fjmrh. Við 3. umr. fjárl. talaði hann um persónustyrkina, sem mest eru utanfararstyrkir, og hafði þau orð um, að það væri verið að gera fjárl. að beinaverksmiðju, sem malaði handa einstökum mönnum, enda þótt ýmsir sjóðir væru til, sem gætu og ættu að sjá fyrir þessum fjárveitingum. Ég get tekið undir þetta, en vil þó gera eina aths. Hæstv. fjmrh. meinar sennilega ekki, að þingið eigi enga íhlutun að hafa um slíkar fjárveitingar, heldur eigi stj. að veita slíkt utan fjárl.? Að þessu sé í rauninni þannig varið má sjá af því, að beinaverksmiðjan virðist hafa verið í fullum gangi hjá stj. síðastl. ár. Ég hefi áður bent á, að þingið 1928 samþ. utanfararstyrki, sem námu 6000 kr., og náði því heimild stj. ekki lengra á þessum sviðum. En í fyrra voru veittar 13500 kr. í þessu skyni, og við yfirskoðun landsreikninganna frá 1928 kom það í ljós, að það ár hafa verið veittar til utanfara um 25 þús. kr., í stað 6 þús., sem heimilað var í fjárl. fyrir það ár. Á þessu ári mun vera búið að greiða um 18 þús. kr. í þessu skyni, eftir því sem næst verður komizt, og er það þrefalt við það, sem heimilað er í fjárl. frá í fyrra. Það er enginn tími til þess nú, að telja upp nöfn allra þeirra, sem náðarsól stj. hefir skinið á, en eitt kemur þó berlega fram við nánari athugun, að hún hefir æ fylgt þeirri gömlu og góðu reglu, sem höfð var í veizlum og mannfagnaði til forna, að raða eftir mannvirðingum, enda fá þeir feitustu bitana, sem næstir eru stj. Ég vil einungis nefna þrjú dæmi. Einn af helztu lögfræðilegum ráðunautum stj., Stefán Jóhann Stefánsson, siglir nú á hverju ári. Hann hefir, ásamt Þórbergi Þórðarsyni og Pálma Hannessyni, étið upp alla upphæðina, 6000 kr., sem Alþingi heimilaði til utanfara í fjárl. 1928.

Loks skal ég geta eins manns, sem að vísu fékk nú ekki meira en 800 kr. En eftir þeim höfðingsskap, sem stj. er vön að sýna þeim mönnum, sem eru í slíku afhaldi hjá henni og hv. 2. þm. Árn., þá mætti ætla, að henni hefði í þetta sinn fatast höfðingsskapurinn. En þetta reyndist nú ekki svo, því að hv. 1. þm. Reykv. upplýsti í ræðu nýlega, að fyrrv. forseti hafi fengið 3000 kr., sem færðar eru á þingkostnað. Það verður því ekki annað séð en að höfðingslundin sé enn hin sama, þegar í hlut eiga gæðingar stj. Alls eru það 3800 kr., sem þessi vildarvinur núv. stj. hefir fengið að veganesti, og mun það vera eitt hið rausnarlegasta, sem sögur fara af. Það er nú svo um þessar styrkveitingar, að oft er erfitt að gera sér grein fyrir tilgangi þeirra, og verður vart séð, hvaða erindi þessir menn eiga út fyrir pollinn, sumir hverjir að minnsta kosti. Þó ber þess að gæta hvað hv. 2. þm. Árn. snertir, að hann var sendur utan til þess að læra mannasiði, og er slíkt ávallt góðra gjalda vert og ekki eftir teljandi, ef nokkur árangur hefir orðið af för hans. Annars hafa enn engin svör fengizt viðvíkjandi utanför hv. þm., og er þess að vænta, að þau komi bráðlega.

Ennfremur má geta þess, að ýmsir aðrir slíkir styrkir hafa verið veittir á árinu, og skal ég ekki fara langt út í það að þessu sinni. Þó vil ég benda á það, að núv. ritstj. „Tímans“ hefir fengið 2½ þús. kr. til utanfarar, og hefir það verið látið líta svo út, að hann væri að kynna sér löggjöf um kvikmyndir.

Það er alkunnugt, að menn þurfa ekki út fyrir pollinn til þess að fá bita. Sumir þessir bitar eru að vísu ekki stórvægilegir, en litlar tölur tala sínu máli ekki síður en þær stóru. Þannig hefir stj. greitt tveim mönnum 800 kr. fyrir að rannsaka tryggingarnar fyrir enska láninu. Það sýnist nú svo, að hinn lögskipaði bankaeftirlitsmaður hefði getað unnið þetta verk, og án aukaþóknunar. (Forsrh.: Hann tók þátt í þessari rannsókn) Honum hefði vitaskuld legið næst að gera þetta, enda hefir hann mann beztan kunnugleik á því. Guðbrandi Jónssyni doktor, sem er starfsmaður Alþýðubl., hafa verið greiddar 1000 kr. fyrir lagaþýðingar á frönsku. Er það undarlegt að fara að

kaupa sérstakan mann til þess arna, þar sem í stjórnarráðinu er fastur, löggiltur skjalaþýðandi. Það liggur eitthvað annað til grundvallar, að það skuli ekki mega nota krafta þá, sem fyrir hendi eru.

Enn má benda á eitt atriði, nefnilega umframgreiðslur til utanríkismálanna. Mun ég þó ekki gera þær að umtalsefni að sinni, en aðeins benda á, að tveim sócíalistum hér í bæ hefir þó tekizt að stinga þar inn nefinu, þó að ekki sé þar um stórar upphæðir að ræða. (HK: Það er ekki rétt að vera að telja það eftir). Ég er alls ekki að telja þessar upphæðir eftir. Ég tók það aðeins fram til þess að sýna, hvað það leitar á þetta dót (hlátur), og að ekki þarf stóra rifu til þess að sandkorn fjúki í gegnum, þegar hann er hvass. Þá hefir stj. vikið ofboðlitlum þægilegheitum að Árna nokkrum Björnssyni og greitt honum 2400 kr. fyrir að undirbúa löggjöf um tryggingar. Þetta þarf ekki að vera átöluvert í sjálfu sér, ef stj. hefir ekki krafta til þess að láta vinna þessi verk í stjórnarráðinu.

Þá vil ég benda á það, að dr. Helgi Tómasson, geðveikralæknir á Kleppi, hefir fengið 1750 kr. fyrir sálsýkisrannsóknir. Það er svo sem ekkert við því að segja, en það virðist benda til þess, að þeir, sem að þessu standa, beri gott traust til hæfileika þessa manns á því sviði.

Þrem mönnum hafa verið greiddar allríflegar upphæðir til eftirlitsferða á síðasta ári, og skal ég aðeins geta eins þeirra í því sambandi. Hann heitir Gissur Bergsteinsson, og hefir fengið greiddar 5000 kr. fyrir slíkar ferðir, sem getur þó varla verið nema fyrir dálitinn part af árinu, því að hann varð fulltrúi í stjórnarráðinu þegar Steindór Gunnlaugsson var rekinn þaðan.

Þá hefir Karl Einarsson fyrrv. sýslumaður fengið á 9. þús. kr. árið sem leið fyrir að rannsaka ýms mál og fyrir setudómarastörf, þar á meðal Sigríðar-sálugumálið, sem alkunnugt er. Það var eitthvað talað um það í réttarskjölunum, að henni hefði ekki verið stefnt fyrir réttinn, þrátt fyrir það, þótt hún væri dáin fyrir nokkuð mörgum árum.

Þá er ég kominn að tveim liðum, sem ég vildi bera fram fyrirspurnir um til hæstv. forsrh. Það er um eftirlit með vélum og verkstæðum hér í bænum. Þetta er gert samkv. l. frá 1928, og einhver reglugerð hefir verið gefin út um þetta árið 1929. Ég sé, að í l. er talað um, að til þess eigi að vera valdir valinkunnir og óvilhallir menn, og svo til starfsins fallnir, sem frekast eru föng á, sem sé allt sérfræðingar á þessu sviði, að svo miklu leyti, sem hægt er að fá þá. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, hafa þessir menn fengið árið sem leið rúm 11 þús. kr. Mér er sagt, að byrjað hafi verið að borga þeim út 7. júní, og virðast þessar launagreiðslur því vera nokkuð háar, nema þá því aðeins, að þeim hafi verið borgað fyrir lengri tíma, en ekki hafið launin fyrr en þetta. En forsrh. upplýsir væntanlega um þetta. Nú er mér kunnugt um, að sérstakt gjald er borgað af þeim, sem eiga verkstæðin, og vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þessir menn eigi að fá allt gjaldið, ellegar hvort þeir eigi að fá föst laun úr ríkissjóði, og gjaldið svo að renna í ríkissjóð. Ég hefi ekki séð neitt í fjárl. um þetta.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvernig sé hagað eftirlitinu með bifreiðum. Það eru tveir menn, sem hafa það á hendi hér í Reykjavík. Eftir því, sem séð verður á reglugerðinni, á öll borgun fyrir eftirlitið að renna til þessara manna, en ef það reynist ekki nægjanlegt, þá á ríkissjóður að borga mismuninn. En ef launin reyndust miklu hærri en sanngjarnt er, þá vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort þeir ættu að hrifsa þetta allt. Að því er virðist, hafa þeir 6 þús. kr. árslaun, og á síðasta ári fengu þeir nokkra uppbót, eða um 1000 kr.

Ef hæstv. forseti óskar þess, get ég náttúrlega frestað þessum parti ræðu minnar, þangað til er byrjað verður aftur kl. 9.

[Fundi frestað].

Ég var kominn að því áðan, þegar fundi var frestað, að minnast á það, hvað hæstv. stj. var meinilla við það á eldhúsdeginum í fyrra, þegar minnzt var á bifreiðakaup hennar, hestahald og allt það fargan. Þá var á það bent, að varið hefði verið úr Landhelgissjóði á árinu 1928 21 þús. kr. til bifreiðakaupa og hestahalds. En samkv. landsreikningum 1928 er þessi póstur sundurliðaður þannig:

1.	Til bifreiðakaupa	11500 kr.
2.	Bifreiðakostnaður	4332 —
3.	Bifreiðaskúr	2000 —
4.	Hestahald	6814 —
	Alls	24646 kr.

Hæstv. stj. hefir skipt þessum kostnaði milli ríkissjóðs og Landhelgissjóðs þannig, að hlutur Landhelgissjóðs hefir sízt orðið minni en ég gerði ráð fyrir í fyrra, eða 21 þús. kr. Nú hefir hæstv. stj. nýlega keypt luxusbifreið fyrir 12200 kr., fyrir fé Landhelgissjóðs. Verður að líta svo á, að slík meðferð á fé Landhelgissjóðs sé með öllu óverjandi. Bifreiðar eru náttúrlega til margra hluta nytsamlegar, en til landhelgisgæzlu eru þær með öllu ónothæfar, þegar af þeirri ástæðu, að þetta eru farartæki á landi en ekki sjó. Bifreiðarnar munu líka eingöngu vera notaðar í snattferðir stj. hingað og þangað.

Ekki verður sagt um það með vissu nú, hve miklu fé stj. hefir eytt í bifreiðar og hestahald á síðastl. ári, eða hvernig hún hefir látið skipta því milli ríkissjóðs og Landhelgissjóðs. En eftir því, sem séð verður, hefir verið greitt úr ríkissjóði í kostnað við stjórnarbifreiðar yfir 5000 kr., og auk þess yfir 3000 kr. fyrir leigubifreiðar. Þegar þar við bætist, að ný bifreið hefir verið keypt fyrir 12200 kr., nemur þetta alls um 20 þús. kr., og ekki er hætta á því, að öll kurl séu ennþá komin til grafar. Minnsta kosti ekki það, sem hæstv. stj. kann að setja á reikning Landhelgissjóðs, og eftir því, sem tilfærslum hefir verið hagað undanfarið, þarf varla að gera ráð fyrir, að Landhelgissjóður fari varhluta af því.

Það þarf raunar engan að undra, þótt bifreiðakostnaður stj. verði nokkuð hár, því að snattferðir stj. eru landkunnar og mikið um þær rætt. Það er t. d. fullyrt, að nú sé tvívegis búið að vígja Laugarvatnsskólann, og í bæði skiptin hafi stj. farið héðan með fríðu liði til þess að vera við þessa vígsluathöfn. Það er meira að segja sagt, að í sumar hafi lúðrasveit verið með í förinni til þess að auka glaðværðina, en líka kostnaðinn. Það hefir ef til vill verið í einhverri slíkri för, sem farin hefir verið til Laugarvatnsskóla, að stj. og förunauta hennar dagaði uppi, og varð ríkissjóður að greiða næturgreiða fyrir 47 manns. Auk þess borgar ríkissjóður allar þessar skemmtiferðir, en ókunnugt er, hver borgar öll veizluhöldin.

Þrátt fyrir það, þótt 2 vígsluathafnir hafi farið fram við Laugarv.skóla, mun þó lokavígsluathöfnin vera eftir, því þó að búið sé að greiða úr ríkissjóði til byggingar þessa skóla yfir 200 þús. kr., er sagt, að ekki sé öllum byggingum ennþá lokið.

Þá er önnur vígsluför alkunn orðin. Það var þegar hæstv. dómsmrh. tókst ferð á hendur, með töluverðu liði héðan úr Reykjavík, til að vígja skólann á Staðarfelli. Eftir því, sem ég hefi haft spurnir af, var Óðinn 3 sólarhringa að minnsta kosti í þessari för. Það er náttúrlega erfitt að meta hvern skaða landsmenn hafa beðið við það, að skipið var bundið vestur á Hvammsfirði og gat því ekki sinnt landhelgisgæzlu á meðan, en benda má á það, að meðan Óðinn var vestur þar í þessari virðulegu för, tók Þór sálugi 2 togara. Annar kostnaður af förinni, fyrir utan skipið sjálft, var ekki mikill, eða um 1000 kr. úr ríkissjóði.

Annars er nú svo komið um bílaferðir stj., að menn eru farnir að fá mestu skömm á þeim. Þær hafa orðið til þess að vekja viðbjóð og andstyggð manna á þessum gegndarlausu snattferðum stj. Og það er nú orðið svo, að þeir, sem fara austur til Laugarvatns, eða annarra staða austur þar, láta þess sérstaklega getið í blöðunum, að þeir hafi ekki farið á ríkisins kostnað. Þannig var t. d. nýlega í Morgunblaðinu yfirlýsing frá Kennaraskólanum um það, að ríkissjóður hefði ekki að neinu leyti kostað för hans austur. Gefur þetta ljósa hugmynd um, hvernig litið er á slík ferðalög. Svo keyra þau fram úr hófi.

Um snattferðir strandgæzluskipanna er það að segja, að þær keyra úr öllu hófi fram. Ég hefi þegar minnzt á Staðarfellsför Óðins, og má einnig geta um Hornafjarðarför hans. Þá var Þór sendur með hv. þm. Mýr. norður um Strandir, þar sem hann hélt þingmálafundi fyrir hæstv. forsrh. Þá var Þór loks sendur með 2 menn norður á Húnaflóa, og þar bar hann beinin á Sölvafjörubökkum. Þá er sagt, að Ægir hafi verið sendur austur á Mjóafjörð til að skjóta niður stromp (hlátur)

fyrir hv. 1. þm. S.-M. Þar stóð nú svo á, að þar höfðu einu sinni verið verksmiðjur, sem hv. 1. þm. S.-M. erfði og reif niður, en einn strompur stóð eftir. Hv. þm. vildi gera sér einhverja peninga úr þessu slátri, og fékk þess vegna Ægi til að skjóta hann niður. En hvernig sem Ægir eyddi blýinu og púðrinu, stóð strompurinn eftir sem áður. Síðast var niðurlögun hans ráðið þannig, að settar voru festar í hann og fram í skip, og færði Ægir hann svo niður.

Þessi „strandgæzluför" var farin á sama tíma og Þór var sendur norður á Húnaflóa. Fyrir þá sök náðist ekki í Ægi, til þess að koma honum til bjargar.

Það nægir þó ekki að hafa eitt strandgæzluskip í snattferðir, heldur eru þau stundum 2 í snattferðum í einu, og svo getur borið undir, að þau séu öll á slíku ferðalagi. Það gefur að skilja, hvernig landhelgisgæzlunni er farið á meðan. Þetta er alvarlegt atriði og keyrir nú svo úr hófi fram, að taka verður í taumana. Það er ekki einungis að þessar ferðir spilli landhelgisgæzlunni, heldur verður rekstrarkostnaður skipanna meiri en ella.

Hæstv. stj. hefir talað um, hve rekstrarkostnaðurinn sé mikill, og hefir haft það sem ástæðu móti því, að nýtt skip verði byggt í stað Þórs. En ég vil spyrja: Hvað liggur mikill rekstrarkostnaður í snattferðunum? Það skiptir miklu, hvort skipin halda kyrru fyrir, eru á hægri ferð, eða á fullum gangi. Þetta er svo alvarlegt atriði, að hér verður að taka í taumana. Það er óhæfa að halda þessu áfram.

Þá er það líka alkunnugt, að ein af þeim leiðum, sem hæstv. stj. hefir mikið notað til þess að útvega sínum nánustu gæðingum fé úr ríkissjóði, er að skipa n. til allskonar starfa. Menn eru meira að segja farnir að tala um það, að hæstv. stj. sé haldin einhverju nefndaskipunaræði. Eftir þeim upplýsingum, sem lágu hér fyrir þinginu í fyrra, og því, sem bæzt hefir við síðan, reiknast mér svo til, að það sé um 100 manns, sem hæstv. stj. hefir beint eða óbeint komið í n. Annars verður ekki sagt um tölu þessara nm., nema hún er heil legio.

Þetta nefndafargan kostar ríkissjóð geysimikið fé. Má þar fyrst nefna ríkisgjaldan., n., sem upphaflega hét sparnaðarn. En form. n. áleit víst, að hún bæri ekki nafn með rentu, og kaus því að hana ríkisgjaldan. Í landsreikningnum 1928 eru útgjöld til hennar talin 18341 kr.

Þá var einnig skipuð n. til að endurskoða siglingalögin, og kostaði það ríkissjóð 4228 kr.

Svo er mþn. í skattamálum. Hún er nú búin að fá 12817 kr., og heldur áfram störfum enn. Þá er póstmálan. Í henni voru 4 menn, sem störfuðu aðeins stuttan tíma, en þeir fengu nú samt 6856 kr. En þegar till. hennar um póstmál komu hér fyrir þingið í fyrra, fundu margir hv. dm. skyldu hjá sér til að koma í veg fyrir, að nokkur þeirra kæmi til framkvæmda fyrr en viðkomandi héruð væru búin að segja álit sitt um þær. Svo voru þær fjarstæðar. En n. fékk nú 6856 kr. fyrir því.

Svo kemur nú kirkjumálan., sem starfar enn, og búið er að greiða 8200 kr.

Þá er laxveiðan. Ég veit nú ekki, hvort það er hennar rétta nafn, en það gefur þó hugmynd um málið, sem hún á að fjalla um. Hennar starf er að undirbúa eitt frv. undir þingið. Henni er búið að greiða 3000 kr., en hún hefir ekki lokið störfum ennþá.

Er þá loksins komið að mþn. í landbúnaðarmálum, sem er öllum hinum gírugri. Í henni eru 3 menn, og hafa þeir nú fengið 38000 kr. í þóknun. Samtals eru þá þessar n. búnar að fá greiddar 91542 kr.

Ég nenni svo ekki að rekja þetta lengra, en flestar n. hafa ekki enn lokið störfum, svo ekki er ennþá séð fyrir endann á kostnaðinum við allt þetta nefndafargan.

Svo eru alltaf að fæðast nýjar og nýjar n. Það er e. t. v. ofmælt að segja, að ein fæðist á hverju tungli, en áreiðanlega bætist ein í hópinn á hverjum ársfjórðungi.

Þá er rétt að drepa ofurlítið á eftirtekjurnar af starfi þessara n. Að því leyti, sem þær áttu að undirbúa mál fyrir Alþingi, er árangurinn sá, að þingið hefir sárlítið getað notað af till. þeirra, og eru þó sumar búnar að liggja fyrir tveimur þingum. Gott dæmi um heilindi stj. og áhuga hennar á þeim málum, sem hún hleypur til að skipa n. til að fjalla um, er meðferðin á till. kirkjumálan.

Sú n. hefir afhent stj. a. m. k. 6 eða 7

frv., fullbúin til að leggja fyrir þingið, með grg. og öllu saman. Aðeins eitt af þeim hefir stj. flutt, og það þó á þann hátt, að hún klippti aftan af því grg. og breytti því talsvert. Á ég við frv. um byggingar á prestssetrum. Form. kirkjumálan. notaði fyrsta tækifæri til að senda öllum þm. frv. í sinni upphaflegu mynd. Má af því marka, hvernig honum hefir líkað meðferð stj. á því. Hinum frv. hefir stj. sjálfsagt ekki viljað sinna, og er mér ókunnugt um, hvernig hefir staðið á því, að pakkinn með öllum frv. í lenti hjá hv. 2. þm. Reykv. En framan við hann á borðinu lá pakkinn nokkrar vikur framan af þingtímanum, og veit ég ekki, hvort hv. þm. hefir haft svo mikið við að opna hann. Næsta sporið í sögu pakkans, og ég held það eina, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir unnið fyrir þetta mál, var það, að hann strikaði yfir sitt nafn utan á pakkanum og kom honum í hendurnar á hv. 2. þm. Rang.

Þannig gekk aumingja pakkinn milli Heródesar og Pílatusar, og þori ég ekkert að fullyrða um, hvar hann er niður kominn nú. Síðast sá ég hann liggja frammi á litla borðinu, þar sem þingskrifararnir ydda ritblýin sín.

Svo var það einn dag, að form. kirkjumálan. var hér staddur. Leiddi ég hann þá þarna að litla borðinu og benti honum á pakkann.

Eftir það hvarf pakkinn, og leikur mér grunur á, að form. hafi haft hann á burt með sér.

Það síðasta, sem ég veit úr sögu pakkans, er það, að hv. menntamálan. hefir tekið að sér að flytja tvö af frv. Hygg ég það hafi verið fyrir atbeina kirkjumálan. sjálfrar, en ekki landsstj., og bendir það á, að pakkinn hafi lent hjá form. hennar aftur.

Það má nú e. t. v. segja það stj. til afsökunar á flækingi pakkans, að hæstv. dómsmrh. var fjarverandi um langt skeið, en þar sem prestvígður maður er nú í stj., skyldi maður ætla, að hann léti sig þetta mál einhverju skipta. (**Forsrh.**: Mér er saga pakkans alveg ókunn, það hefir verið gengið fram hjá mér með hann). Jæja, hann hefir þá þvegið hendur sínar. (**Forsrh.**: Eins og Pílatus!). Já, það er oft talað um Pílatusarþvott, og við vitum báðir vel í hvaða merkingu. En svo maður sleppi nú öllu gamni, þá sýnir þessi saga ekki einungis áhuga stj. á kirkjumálunum, heldur er þetta ágæt mynd af heilindum hennar yfirleitt í þeim málum, sem hún er að reyna að skreyta sig með, eins og villimennirnir skreyta sig með mislitum fjöðrum, og hún notar til að koma gæðingum sínum að bitlingajötunni.

Þá vildi ég víkja fáeinum orðum til hæstv. fjmrh., ef hann er hér einhversstaðar nálægur. (**Forsrh.**: Það má koma skilaboðum til hans). Ég vona að þau lendi þá ekki í öðrum eins hrakningum og pakkinn.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að sjálfstæðismenn hefðu sýnt mikla léttúð í því að reyna að hækka útgjöld ríkissjóðs við 3. umr. fjárlagafrv. Það varð tilefni til þess, að ég fór að athuga, hvernig hækkunartill. skiptust niður á flokkana, nefnilega annarsvegar hvað stjórnarflokkarnir til samans báru fram till. um mikla hækkun á útgjöldunum, og hinsvegar sjálfstæðismenn. Af því hæstv. ráðh. varð tíðrætt um bitlinga, vil ég benda á, að stjórnarflokkarnir báru fram till. um styrki til einstakra manna, sem námu samtals 24316 kr., en sjálfstæðismenn ekki nema samtals 11043 kr. Aftur á móti er rétt, að sjálfstæðismenn báru fram till. um hærri útgjöld til verklegra framkvæmda. Þó verður ekki sagt með vissu um það, hvað mikil útgjaldahækkun felst í till. stjórnarflokkanna, því hv. 2. þm. Eyf. bar fram till. um einhvern sjóvarnargarð þar norður frá, sem enginn veit hvað mundi kosta.

Það hefir mikið verið varað við ríkisábyrgðum á þessu þingi. Hefir hv. 1. þm. S.-M. mest stutt stj. í að berjast gegn þeim. (**JAJ**: Í orði). En hvað skeður? Hv. stj.flokkar bera fram till. um að heimila stj. að ábyrgjast samtals um 800 þús. kr. lán, en ábyrgðarheimildir, sem sjálfstæðismenn flytja till. um, nema 60 þús. Og það einkennilega er, að meiri hl. af ábyrgðarheimildum stjórnarflokkanna eru fyrir kjördæmi þeirra hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. S.-M., sem mest vöruðu við ábyrgðunum. Auðvitað voru þær samþ.

Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hefi nú upplýst, að sjálfstæð-

ismenn hafa sýnt fullkomna varfærni í fjármálunum, nú sem endranær. Eru því ásakanir hæstv. fjmrh. í þeirra garð um léttúð við afgreiðslu fjárl. rakalausar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það mætti líkja þessum eldhúsdagsumr. við sýningar á fjöllistaleikhúsum erlendis. Þar eru sýnd margskonar númer með mismunandi blæ. Nú síðustu árin hefir það einkum verið eitt númer á eldhúsdeginum okkar, sem hefir alltaf sinn sérstaka blæ, og er það þáttur hv. þm. Borgf. Honum liggur fremur hátt rómur, og er ágætis sérfræðingur á smælki. Í þetta skipti tókst honum dável með hlutverk sitt, því hann var allskemmtilegur, svo mann syfjaði ekkert undir ræðu hans, þó hún væri löng.

Þá skal ég víkja að þeim hluta af ræðu hv. þm., sem hann beindi til mín. Ég vil vekja athygli á því, að allur fyrri hluti ræðunnar virtist vera eintómar árásir á þann gamla syndum hlaðna ritstjóra Tímans, en ekki á núverandi stjórnarformann. Þessi gamli ritstjóri, Tryggvi Þórhallsson, þykir hv. íhaldsmönnum svo ákaflega ólíkur núv. ráðherra, Tryggva Þórhallssyni.

Þá fór hv. þm. að tala um eldhúsdaga almennt. Er það mjög vel til fundið að gera ofurlítinn samanburð á eldhúsdeginum fyrr og nú, og þykir mér vænt um að fá tækifæri til þess. Áður en stjórnarskiptin urðu, var ég síðustu árin valinn af flokksmönnum mínum til að deila á stj. á eldhúsdegi. Talaði ég þá venjulega einn tvisvar til þrisvar sinnum, og lukum við þannig eldhúsdagsumr. af á einum degi. En á eldhúsdeginum í fyrra töluðu íhaldsmenn allir nema einn, og hver þeirra eins oft og þingsköp leyfa. (HK: Það er ósatt). Það má vera, að hv. þm. Barð. hafi verið undantekning og ekki talað nema einu sinni, en að öðru leyti sanna Þingtíðindin, að þessi ummæli mín eru rétt. Þessa framkomu hv. stjórnarandstæðinga veit ég, að þjóðin fordæmir. Nú virðast hv. stjórnarandstæðingar ætla að ganga lengra en áður. Áður hefir verið látið nægja, að hver þm. flokksins tæki ákveðinn þátt af athöfnum stj. og þyldi upp það, sem um hana hefir verið sagt í Morgunblaðinu, Ísafold og Verði. En nú er farið að endurbæta vinnubrögðin, þannig að fyrst þylur hv. 1. þm. Skagf. upp eftir Morgunblaðinu, og svo þylur hv. þm. Borgf. aftur eftir hv. 1. þm. Skagf. og lætur prenta romsuna upp í þriðja sinn.

Það getur verið vinnusparnaður fyrir ríkisprentsmiðjuna, ef hún getur notað sömu dálkana tvisvar í Þingtíðindin. Og það er mjög fallegt af hv. þm. Borgf. að vilja hlaupa undir bagga með vini sínum, hv. 1. þm. Skagf., þegar honum finnst hann illa staddur. En að ég fari að svara aftur þeim atriðum, sem ég var búinn að svara hv. 1. þm. Skagf., það kemur ekki til mála.

Þegar hv. þm. Borgf. var svo búinn að bæta um ræðu hv. 1. þm. Skagf. eftir því, sem honum þótti ástæða til, og skýra nánar ýms atriði hennar, bætti hann við nokkrum atriðum, sem áttu að sýna muninn á fyrrv. ritstjóra Tímans og núv. forsrh. Skal ég nú ofurlítið drepa á þau atriði. Hefi ég skrifað hjá mér ein 10 dæmi, sem hv. þm. vildi láta sýna, að ég hafi brugðizt mínum fyrri skoðunum.

Fyrsta atriðið, sem hv. þm. nefndi, var það, að ég hefði borið fram frv. á fyrstu þingunum, sem ég átti sæti á, um að leggja niður ýms embætti, en síðan ég varð ráðh. hefði ég enga tilraun gert til að fækka embættismönnum.

Mér finnst hv. þm. nokkuð misjafnlega minnisgóður á þetta efni. Ef hann vildi muna eins vel eftir því, sem ég hefi gert síðan ég varð ráðh., eins og því, sem ég gerði áður, þá hefði hann t. d. munað, að ég bar fram frv um að fækka dýralæknum eftir að ég varð ráðh. En þingið vildi ekki fallast á það. Hv. þm. minntist á Spánarlegátann. Ég dró að veita það embætti og leitaði fyrir mér, t. d. hjá sjútvn. þingsins um, hvort ekki fengist samkomulag um að leggja það niður, en það var eins og að höggva í harðan stein. (PO: Hæstv. ráðh. bar ekki neitt frv. fram um að leggja embættið niður). Ég gerði það fyrir nokkrum árum, og þá mætti það svo harðvítugri mótstöðu, að ég sá ekki til neins að gera það aftur, nema ég fengi sæmilegar undirtektir hjá nefndunum. Fyrr á árum beitti ég mér sem fulltrúi fyrir ákveðinn atvinnuveg, landbúnaðinn; nú, þegar ég er orðinn

forsrh., kann ég því ekki við að nota aðstöðu mína til að svipta sjávarútveginn fulltrúa sínum á Spáni án þess að fá samkomulag um það. Hefði það verið lagt mjög illa út fyrir mér. En ég ráðstafaði embættinu á annan hátt en áður var gert, nefnilega með svo stuttum uppsagnarfresti, að það er hægt að leggja það niður þegar þingið vill.

Um störfin við póst og síma er það að segja, að ég fékk samþ. frv. um að sameina þau störf eftir því, sem hægt væri, og er ég nokkuð byrjaður að fækka starfsmönnum á því sviði. Það er því algerlega rangt, að ég hafi aðra stefnu en áður í embættismálunum.

Annað atriðið, sem hv. þm. nefndi, var það, að ég hafi verið með frv., sem Þórarinn Jónsson bar fram, um það, að lengja vinnutímann í stjórnarráðinu, og að ég hafi barizt á móti, að því væri vísað til stj. Það var mjög eðlilegt, því ég treysti ekki stj., sem þá sat að völdum, og var því yfirleitt á móti því að vísa til hennar málum. Nú veit hv. þm., að hv. 3. landsk. gerði tilraun til að lengja vinnutímann í stjórnarráðinu í sinni ráðherratíð, en það mistókst að koma því í framkvæmd. Þó ég hafi ekki gert tilraunina aftur, sem mislukkaðist jafnharðvítugum manni á þessu sviði og hv. 3. landsk., þá er ég alveg sama sinnis í þessu máli og áður.

Þá benti hv. þm. á það, að ég hefði árið 1925 borið fram till. um það, að stj. skyldi fresta að veita embætti, sem losna, þangað til búið væri að athuga, hvort þingið vildi ekki leggja það niður.

Ég hefi þegar bent á, að ég frestaði að veita sendiherraembættið á Spáni. Og dýralæknisembættið frestaði ég að veita og reyndi að koma gegnum þingið frv. um að leggja það niður, þó að það tækist ekki.

Annars hefi ég aldrei vanrækt að bera þetta undir þingið, enda nefndi hv. þm. Borgf. ekkert dæmi þess. Fræðslumálin heyra alls ekki undir mig, svo að hv. þm. verður að snúa sér í aðra átt með ásökun sína út af starfi Sigurðar Einarssonar.

Fjórða dæmið, sem hv. þm. tók, var það, að sem ritstjóri 1925 hefði ég ásakað stj. fyrir að lækka ekki vextina, en sjálfur hefði ég ekkert gert í því máli, eftir að ég komst í stj. Fyrst og fremst er þess að gæta, að aðstaða stj. er önnur nú en hún var þá, og svo er ég ekki fjmrh. Þá hafði ríkisstj. slík bein yfirráð yfir Landsbankanum, að hún gat með fullum myndugleik lækkað vextina. Nú er búið að setja upp bankaráð, sem öllu slíku ræður. Annars vil ég láta hv. þm. Borgf. vita, að ég hefi átt tal um þetta við bankaráðsmenn Landsbankans og hiklaust sagt þeim, að mér þætti vextirnir of háir.

Fimmta dæmið, sem hv. þm. tók, var það, að ég hefði 1924 viljað lækka skattana. En hverjar væru efndirnar? Nú, ég var fjmrh. í 3—4 mánuði, og eitt af mínum verkum, sem ég var þá mest skammaður fyrir, var einmitt að lækka skattana. Ég hafði heimild til að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka, en ég gerði það ekki. Ég vil ennfremur minna á, að aðstaðan var allt önnur 1924 en nú. Þá voru undangengin kreppuár. Nú höfum við fengið hvert góðærið á fætur öðru, sem hafa lyft mjög undir framfarahug hjá þjóðinni, og Alþingi hefir verið samtaka um að nota þessi góðu ár til að hrinda í framkvæmd ýmsu, sem þarf að gera. Ég minnist hv. þm. Borgf., sem vildi raflýsa sveitirnar, og hann vildi gera það fyrir afgangana af sköttum landsmanna. En hvernig á að fara að því, ef ekkert er afgangs? Þetta 5. atriði hv. þm. hefir því við engin rök að styðjast.

Sjötta atriðið, sem hv. þm. kom að, var það, að ég hefði viljað verðfesta krónuna, áður en ég varð ráðh., en enginn hugur hefði fylgt máli hjá mér. Þetta er ekki satt. Ég vil segja hv. þm., að ég er alltaf jafnákveðinn í því, að það eigi að verðfesta peningana, en við framsóknarmenn höfum ekki bolmagn til að koma því fram. Ég hefi alveg sama vilja og áður, en ég er ekki almáttugur. Það er þingið, sem verður að gera slíkt.

Hv. þm. kom inn á svið, sem er bezt bæði fyrir hann og mig að tala sem minnst um, sem sé vínblöndun áfengisverzlunarinnar. Við hv. þm. Borgf. höfum lítið vit á vínblöndunarmálum. Við höfum verið kallaðir björgunarbátar í þingveizlum, hvor fyrir sinn flokk, og ég vona, að við séum báðir reiðubúnir til að vera það áfram, ef á þarf að halda. En í þessu sambandi vil ég upplýsa, af því að

hv. þm. staðhæfði, að blöndunin yki drykkjuskap, að það hefir ekkert verið blandað síðan 1928, en aldrei meira drukkið en 1929. „Dog-brandurinn" kemur fullblandaður sunnan úr Portugal.

Áttunda atriðið var um afstöðu mína til Good-Templara. Í því sambandi kom hv. þm. að styrknum til Stórstúkunnar og sagði, að aldrei væri friður um hann. Hver veldur ófriðnum? Hv. þm. Borgf., sem er alltaf að flytja brtt. Mitt hugarfar í þessu máli er það sama og áður, og við framsóknarmenn viljum halda styrknum óbreyttum. Brtt. hv. þm. hafa að vísu gengið í þá átt, að hækka styrkinn. En ég skal játa, að ég álít, að þó að þessi félagsskapur sé ágætur og góðs maklegur, verði að vera einhver takmörk fyrir fjárveitingum til hans. Annars þarf ég ekkert að eiga undir dómi hv. þm. Borgf., hvað þetta snertir. Æðsti maður reglunnar hefir sem sé mjög nýlega gefið mér fagran vitnisburð.

Níunda atriðið átti að vera um launagreiðslur til embættismanna. Hv. þm. sagði, að ég hefði áður viljað skera laun embættismanna við neglur mér, en það væri nú ekki lengur, sagði hv. þm., og nefndi laun útvarpsstjórans. Sú launagreiðsla er ekki ákveðin af mér, svo að hv. þm. hefir valið heldur óheppilegt dæmi. Hinsvegar er ég sammála hv. þm. um það, að mikið misrétti á sér stað um launagreiðslur embættismanna. Ég vona nú, að hv. þm. Borgf. og aðrir íhaldsmenn vilji hjálpa mér til að koma á verðfesting krónunnar, svo tímabært verði að endurskoða launalögin. Hv. þm. tók dæmi um símaverkfræðinginn, Guðmund Hlíðdal. Hann hefði fengið uppbót á launum sínum frá 1925. Ég get upplýst, að Guðmundur Hlíðdal var sérstakur aðstoðarmaður símastjórans, og í veikindum hans gegndi hann embætti hans. Krafa hans kom ekki til greina fyrr en búið var að ráðstafa embættinu. 1928 var því ráðstafað svo, að Guðm. Hlíðdal fékk ekki embættið. Þá fyrst kom hann fram með kröfu sína, svo að það er alls ekki um neinn snúning að ræða hjá mér.

Tíunda atriðið hjá hv. þm. var enginn samanburður á fornu og nýju, heldur spurði hv. þm. enn á ný, hver dýrtíðaruppbót bankastjóra Búnaðarbankans væri. Hv. þm. hefir fengið svar. Dýrtíðaruppbótin er engin enn sem komið er. Hver hún verður, skal ég ekki um segja, en hún verður áreiðanlega ekki eins og Morgunblaðið sagði. Sennilega verður hún annaðhvort 40% eða 60%.

Ég hefi nú farið í gegnum öll ádeiluatriði hv. þm. Borgf. Hv. þm. er ekki vanur að sjá stórar upphæðir, enda sundlaði hann þegar hann var kominn upp að 10, og þá datt honum í hug, að fernt væri óteljandi á Íslandi. En þó að ég hafi nú hrakið öll þessi 10 atriði hjá hv. þm., vil ég bæta því við, að um eitt hefi ég snúizt. Ég átti því að fagna að starfa í fjvn. Nd. með hv. þm. Borgf. 1924—27, og árangurinn af því starfi varð meðal annars sá, að ég fékk mjög gott álit á hv. þm. Mér fannst hann ekkert láta ráða um fjárreiður ríkissjóðs nema ríka ábyrgðartilfinning. En mér hefir farið eins og hæstv. fjmrh. Ég get ekki lengur treyst á ábyrgðartilfinning hv. þm. Borgf. Og ég verð að segja, að það er mikill munur á því, hvernig við framsóknarmenn hegðuðum okkur í fjvn. 1924 og 1925, og hvernig íhaldsmenn hegða sér nú, þar á meðal hv. þm. Borgf. Ég veit, að hv. þm. gerir mikið af þessu á móti sínu eðli, en hann hefir látið of mikið undan þeim, sem ógætnari eru.

Næst vék hv. þm. að afstöðu minni til krossa. Ég get nú í því efni vísað til þess, sem ég sagði í fyrra. Það má gleðja hv. þm. Borgf., að mínar „privat"-skoðanir um krossa eru nákvæmlega óbreyttar frá því, sem var, áður en ég varð ráðh. En hv. þm. Borgf. þykir orðið svo ákaflega gaman að tala um krossa. (PO: Ég er að stríða ráðh.). Já, ég veit það, og fyrirgef hv. þm. Borgf. Og ég skal, hvenær sem er, vera reiðubúinn til að leggja mikinn skatt á krossa, og láta skattinn bera allan kostnað af krossunum. Ég skal taka til athugunar, hvort ég get borið þetta fram sjálfur, en a. m. k. skal ég fúslega greiða atkv. með því, ef aðrir bera það fram.

Það fer nú að styttast í því, sem ég þarf að segja við hv. þm. Borgf. En ég vil geta þess, að næst á eftir hugleiðingum hans um mig sem ritstjóra og ráðh. kom hann inn á sína sérfræðigrein, smælkina. Sumt af þessu heyrði undir mig, og því

ætla ég að svara. Hv. þm. fann að því, að nokkrum hundruðum króna hafði verið varið til að rannsaka tryggingar fyrir enska láninu. En mér fannst ríkið ekki geta verið þekkt fyrir annað en að borga þá rækilegu vinnu, enda gerði ég það með góðri samvizku. (PO: Treysti hv. ráðh. ekki Jakobi Möller?). Nei, ekki einum. Betur sjá augu en auga, eins og hv. þm. veit. Hv. þm. fann að því, að borgað hefði verið fyrir lagaþýðingar. Já, ég býst við, að hv. þm. fái á komandi árum að sjá meira af slíku. Aðrar þjóðir gera meiri og meiri kröfur til þess að fá að fylgjast með í okkar löggjöf. Við verðum að borga fyrir þessar þýðingar, einkum þar sem við erum svo settir, að enginn skilur mál okkar nema við sjálfir.

Þriðja atriðið var ríkisstj. óviðkomandi, sem sé, hvaða menn sambandslagan. tekur í sína þjónustu.

Fjórða atriðið var það, að Árna Björnssyni tryggingafræðingi hefir verið borgað fyrir að undirbúa tryggingarlöggjöf okkar. Alþingi lagði fyrir stj. 1928 að gera þetta, og 1929 var rekið á eftir henni. Fyrst snéri ég mér til Brynjólfs Stefánssonar. Hann hefir enga borgun fengið ennþá, en á auðvitað að fá hana. Það er undarlegt, að hv. þm. skuli ásaka mig fyrir þetta. Ég fór eftir ítrekuðum fyrirmælum þingsins, og enginn sérfræðingur var til í stjórnarráðinu.

Hv. þm. bar fram 2 fyrirspurnir. Önnur var viðvíkjandi eftirliti með vélum og verksmiðjum, en hin viðvíkjandi eftirliti með bifreiðum. Mér var ekki ljóst, hvort fyrri fyrirspurnin var borin fram í ásökunarskyni. Til þess starfa voru valdir tveir ágætismenn, annar ungur sérfræðingur og hinn gamall maður, sem hefir mesta „praktiska“ reynslu allra innlendra manna í þessum efnum. Hv. þm. talaði um, að 11 þús. kr. hefði verið eytt í þetta. En það er ekki nema partur af því launagreiðsla. Samkv. l. er lagt gjald á verksmiðjur, til að standast kostnað við eftirlitið. En af því að við höfum, enn sem komið er, enga mynd af því, hvað þessar tekjur verða miklar, er ekki endanlega ákveðið um kjör eftirlitsmannanna.

Hv. þm. spurði á sama hátt, hvort gjöldin, sem lögð væru á bifreiðar, rynnu bara sem launagreiðslur til mannanna. Nei, þeir fá vissa upphæð fyrir sitt starf. En það er rétt, að þetta er ekki komið inn í fjárl. ennþá, meðan ekki verður sagt með vissu, hvort það borgar sig. Þessu eftirliti fylgja ferðalög allmikil og skrifstofuhald.

Að lokum ætla ég að víkja örfáum orðum að því, sem hv. þm. sagði um allar þær n., sem störfuðu fyrir stj. Ójá, þær eru að vísu nokkuð margar, en það kemur til af því, að þessi stj. er starfsamari en fyrri stj. og færist meira í fang, þó að deila megi um, hvort verk hennar séu betri eða verri en verk fyrri stj. Núv. stj. vill láta verða margvíslegar breytingar bæði á löggjöfinni sjálfri og framkvæmdum í landinu. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó að hún taki sér nokkra aðstoð. Hv. þm. sagði, að þessar n. væru bara til fyrir gæðinga stj. En hv. 2. þm. Reykv. var fyrir nokkrum klukkustundum að skamma mig fyrir, að ég tæki bara íhaldsmenn í n.

Það er algerlega rangt hjá hv. þm. Borgf., að það sé stj., sem beri ein ábyrgð á þessum nefndarskipunum. Hann nefndi sjómannalagan. til dæmis. Alþingi lagði svo fyrir stj. að láta vinna að þessum undirbúningi. Það var snúið sér til þriggja manna um þetta, samkv. fyrirmælum Alþingis. Það var ekki fært að inna þetta starf af hendi í stjórnarráðinu.

Skattamálan. er kosin af Alþingi. Klakmálan. er skipuð samkv. till. frá Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu. Mþn. í landbúnaðarmálum er kosin af Alþingi.

Ef við förum í eftirtekjurnar, þá held ég því fram, að n. hafi allar innt af hendi gott og mikið starf. Till. sjómannalagan. komu seint á þingi í fyrra, en verða vonandi afgr. í frv.formi nú. Skattamálan. hefir lagt myndarlegt frv. fyrir þingið. Póstmálan. lagði fram mjög myndarlegt álit og í samræmi við það, sem í ráði er að lögákveða. Kirkjumálan. hefir samið lagabálka til að leggja fyrir þingið. Er þar um mjög nauðsynlega löggjöf að ræða fyrir landslýðinn. Og mþn. í landbúnaðarmálum hefir lagt mjög myndarleg og merkileg frv. fyrir þetta þing og þingið í fyrra.

Meira hefi ég þá ekki að segja við hv. þm. Borgf. Mér er ánægja að því að fá tækifæri til að koma mörgu af þessu að,

og get þess vegna látið hann fá það, sem hann óskar eftir, — þann part af þakklætinu, sem hann hefir mjög vel verðskuldað frá minni hálfu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla fyrst að svara hv. 2. þm. Reykv. og síðan hv. 1. þm. Reykv. nokkru, sem ég geymdi frá í dag, og síðast hv. þm. Borgf.

Hv. 2. þm. Reykv. kvað sér þykja það miður fara, að áfengisverzlun ríkisins, sem hefði yfirleitt losnað við útlenda milliliði og að ýmsu leyti bætt rekstur sinn, skyldi fá eitthvað af vínum sínum fyrir tilstilli innlendra kaupmanna.

Ég er ekki svo kunnugur þessum hlutum, að ég geti fyllilega upplýst um þetta, en ég hygg, að það muni að minnsta kosti þykja bót í máli, ef útlendir milliliðir eru nokkurn veginn horfnir, þó að eitthvað kunni að vera af innlendum sem stendur.

En ég ætla að nota tækifærið, sem mér er gefið af hv. 2. þm. Reykv., til þess að minna hv. þm. Borgf. á það, að á undanförnum árum hefi ég fengið harða gagnrýni frá íhaldsmönnum fyrir breytingarnar á áfengisverzluninni. Frá hv. 1. þm. Reykv. hefi ég líka fengið andóf um annað málefni út af embættaveitingu, nefnilega að fara ekki eftir starfsaldri, heldur mest eftir hæfileikum og líkum fyrir því, að menn stæðu vel í embætti og væru vel liðnir af þeim, sem eiga að njóta starfs embættismannanna.

Ég vil þá minna hv. þm. Borgf. á það, að hann, sem er reglumaður sjálfur og vill hafa reglu, hefði átt að stilla sig um að kasta hnútum að þeim manni, sem stýrt hefir áfengisverzluninni nú í 2 ár. Því að hann tók við verzluninni í mestu eymd og vesaldómi og hefir rétt hana við svo að ekki verður um það deilt.

Ég ætla að lesa upp fáeinar tölur um mismunandi afkomu áfengisverzlunarinnar í tíð fyrrv. og núv. stjórnar.

Fyrstu sex árin, sem Íhaldið hafði yfirstjórn áfengismálanna, var salan að meðaltali 1½ millj. kr., en síðustu tvö árin var hún 2 milljónir.

Nú veit ég, að hv. þm. Borgf. mun gleðjast lítið yfir því, að salan er meiri. En sala löglegra vína er meiri sökum þess, að minna er smyglað; það er meira tolleftirlit og meiri gæzla.

Nei, við erum sammála um það, að vínið er böl. En við getum sem þingmenn og borgarar glaðzt yfir því, að vínið sé þó frekar selt eftir löglegum leiðum en ólöglegum. Fyrstu sex árin, sem verzlunin var rekin, nemur gróðinn af rekstrinum 233 þús. króna fyrir utan toll; en tvö síðustu árin nemur hann að meðaltali 777 þús. króna. Á tímum íhaldsins eru útistandandi skuldir áfengisverzlunarinnar hjá innlendum viðskiptamönnum um áramót að meðaltali 372 þús. kr. Nú voru skuldir — að meðtöldum gömlu leifunum — 95 þús. kr. um síðustu áramót. Af þeim er talið tapað um 50 þús. kr., syndir frá íhaldstímanum. Nýjar skuldir hafa engar safnazt hjá áfengisverzluninni á þessum tíma, nema kannske hjá einstöku héraðslækni nokkur hundruð krónur fyrir meðul, og það þó aðeins part úr ári. En yfirleitt hefir þess verið stranglega gætt, að lána ekki áfengi.

Þá er rekstrarkostnaðurinn. Hann var á íhaldsárunum sex 9—11% af veltunni. Í fyrra var hann 8,25% og á síðasta ári 5,9%.

Ég held að þessar tölur tali. Niðurstaðan af aðgerðum stjórnarinnar í áfengismálinu er þessi: Það hefir tekizt að stórminnka smyglun, en við það hefir lögleg sala aukizt. Tekjur ríkissjóðs af verzluninni hafa aukizt að sama skapi, þannig að á síðasta ári var verzlunarágóðinn yfir 1 millj. króna. Því hefir nú verið haldið fram, að það væri óhóflegt mannahald og eyðsla við að stýra verzluninni, en reyndin er þessi, að kostnaðurinn hefir minnkað um allt að helming frá því sem áður var.

Ég ætla að benda hv. þdm. á það, að ég tek þetta dæmi um áfengisverzlunina af handahófi. Ég tek það aðeins til að sýna muninn á því, hvað er ráð og hvað óráð, hvað er stjórn og hvað er óstjórn, hvað er íhald og hvað er framsókn. Umskiptin í áfengismálunum eru umskipti í þjóðlífinu.

Hv. þm. Borgf. vill ekki sjá, að með aukinni ráðdeild og aðhaldi græðir ríkissjóður á víneinkasölunni mörg hundruð þús. kr. fram yfir það, sem gerðist í tíð íhaldsins. En á hinn bóginn man

sami hv. þm. vel eftir því, ef einhver fræðimaður fær nokkur hundruð króna styrk til að fara utan á alþjóðafundi. Jafnvel flokksbræður hv. þm., eins og dr. Guðm. Finnbogason og dr. Ólafur Dan Daníelsson, fá enga miskunn hjá þessari höfuðaurasál Alþingis. Ég ætla þá ennfremur að gleðja hv. þm. Borgf. og aðra samskonar sparnaðarmenn með því að játa það, að ég eyddi á þennan hátt í hitteðfyrra eitthvað 2 þús. kr. handa ungum lögfræðingi til þess að dvelja yfir sumarið í Þýzkalandi og víðar til þess að kynna sér stjórn lögreglumála. Síðan er hann orðinn lögreglustjóri hér í Reykjavík. Það embætti var tekið út úr öðru embætti þvert á móti vilja hv. þm. Borgf., enda þótt sparazt hafi tugir þúsunda með því. Nýlega hefir sannazt opinberlega, að aukatekjur, sem áður runnu í vasa hins fyrra lögreglustjóra af einni einustu skattheimtugrein, voru um 30 þús. kr. eitt árið. Nú renna þessar aukatekjur í ríkissjóð. Hv. þm. Borgf. mun auðvitað telja mig hafa eytt þessum utanfararstyrk landinu til skaða. En hvað gerist? Þessi maður, Hermann Jónasson, hefir komið alveg nýju skipulagi á lögregluna á einu ári. Bæjarstjórnin, með íhalds-meirihluta, viðurkenndi Hermann Jónasson og hans stjórn og fjölgaði lögreglumönnum nálega um helming, og nú eigum við loks lögreglu, sem er valin og stjórnað og búið að eins og í menningarlandi. Varla hefir svo gerzt smáþjófnaður hér í bænum nú upp á síðkastið, að lögreglan hafi ekki komizt fyrir hann. En þegar Guðjónsmálið alkunna var á döfinni hjá hv. þm. Seyðf., var röggsemin býsna lítil. Í vetur, þegar hið iskyggilega morðmál kom fyrir, tók það ekki nema einn sólarhring að hafa upp á morðingjanum. Tökin voru nú orðin önnur.

Hv. þm. Borgf. kallar það sparnað að láta embættismenn fá 40—100 þús. í árstekjur, eins og hér átti sér stað um bæjarfógeta og lögreglustjóra. Hann barðist fyrir að halda þessum embættum óbreyttum. En honum ógnar almennt talað útgjöld, ef þau nema 1—2 þús., við að koma skipulagi á stórfellda embættisumbót, sem sparar tugi þúsunda af landsfé og er til gagns fyrir tugi þúsunda af landsmönnum.

Það eru einstöku aurasálir, sem hafa miklar mætur á þessum sparðatíning, eins og hv. þm. Borgf. En það verður aldrei gert neitt, sem gagn er að, með blindum smásálarskap. Hv. þm. Borgf. var ánægður með það, að Jón heitinn Magnússon samdi um eitt einasta embætti fyrir 40 þús. kr. á ári. En hann áfellist mjög, ef Páll Eggert kann að fá eitthvað yfir 12 þús. kr. En þótt einn bókari í Íslandsbanka hefði 15 þús. og næstu undirmenn 12 þús. kr., það er gott og blessað. (PO: Var það tekið af ríkisfé?) Hvernig var það, þegar hv. þm. kom og bað ríkið að taka ábyrgð á öllu sukkinu, sem þessi stofnun var komin í? Mér sýnast góðar horfur á, að ríkið borgi eitthvað af þessu. Og þetta dæmi sýnir, ásamt þeim endurbótum, sem framsóknarmenn hafa gert á lögreglunni og áfengisverzluninni, muninn á hugsunarhætti í flokkunum og starfsaðferðum. Ég læt þessi tvö dæmi nægja til að sýna muninn á vinnubrögðum íhaldsmanna og framsóknarmanna. Það mætti taka mörg dæmi til að sýna hið sama, en ég læt þetta nægja að sinni. Og ávöxturinn er auðsær hjá báðum.

Þá skal ég víkja aftur að hv. 1. þm. Reykv., og þá fyrst og fremst að flokksskoðun hans viðvíkjandi Þingvöllum. Ég tala þá ekki við hann sem þingmann, heldur sem flokksmann, því að hv. þm. er mér í raun og veru sammála viðvíkjandi Þingvöllum. Hann skrifaði allgóða grein fyrir fáeinum árum um að flytja Alþingi til Þingvalla, en síðan hefir hann unnið það til samkomulags við sinn flokk og sína kjósendur að vera á móti þessu. Vegna hátíðahaldanna hefir verið byggður laglegur steinbær með torfþaki á Þingvöllum, og Valhöll og konungshúsið flutt úr þinghelginni, þar sem þessir timburkofar voru til mestu lýta, á stað, þar sem lítið ber á þeim, og er þinghelgin þar með búin að fá sitt upprunalega útlit.

Þetta er nú það, sem flokksbræður hans áfellast. Nú vil ég gefa glögga lýsingu á, hvað fyrir mér vakir, og fyrir hv. 1. þm. Reykv. að því leyti, sem hann myndar sér sjálfur skoðun um málið. Það er, að Þingvellir eigi að vera fagur staður og vel við haldið; sléttir og grös-

ugir vellir, skógar báðu megin við hinar grænu grundir, fossinn óvirkjaður, smekklegur vegur heim að bænum, hús reisuleg og vel við haldið, og kirkjan endurbyggð. Skógurinn á, eins og í fornöld, að vaxa um allt Þingvallahraun.

Þetta er hugsjón okkar, sem viljum vernda Þingvelli. Ég hygg, að hv. þm. Dal. sé skoðanabróðir minn um þetta yfirleitt, enda á hann sinn þátt í umbótum þessum, sem Mbl. hefir svo mjög hallmælt fyrir hönd flokks síns. Og við höfum gjarnan viljað nota tækifærið til að prýða staðinn einmitt fyrir þúsund ára hátíðina. Þessi skoðunarháttur hefir líka orðið ofan á í nefndinni. Það er þessi skoðunarháttur, sem þjóðin er með. En svo eru það einstaka leiðinlegar aurasálir, sem vilja vinna það til að hafa sauðbeit á tveim smábýlum í Þingvallahrauni, þó að það kosti að eyðileggja allan skóginn. Þeir vilja sýna okkar útlendu gestum þann aumasta bæ á öllu Suðurlandi, óreglulegan sem mest má vera, með mörgum skúrum og lítið smekklegum viðbyggingum og flestu, sem óprýða má sveitabæ fátæklinga í regnhéruðum. En svona bæ vilja íhaldsmenn sýna 20 þús. gestum nú í vor á Þingvöllum.

Þetta vilja þeir þjóðræknu menn ekki gera. Og við hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja það, að hann á að þora að fylgja sannfæringu sinni um það, að Þingvellir eigi að verða virðulegur staður og fagur. Það er heldur alls ekki víst, að hann myndi tapa fylgi kjósenda við það. Mitt fylgi hefir einmitt aukizt við það, að ég þori að hætta á að fylgja góðum málefnum. Og ég hygg, að bæði hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Reykv. myndu vaxa af því, ef þeir hættu að spyrja allra óþroskaðasta hluta kjósenda sinna um ráð í vandasömustu málum og fylgja hleypidómum slíkra ráðgjafa í blindni.

Þá kem ég að embættaveitingum. Fyrst er það rektorsembættið, sem gefur mér tilefni til að minnast nokkru ítarlegar á Menntaskólann og mismunandi skoðanir um hann. En af því að margir hlusta nú á mitt mál, sem ekki heyrðu ræðu hv. þm., ætla ég að gera nokkra grein fyrir helztu atriðum, sem hann byggði á.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið höfuðsynd að setja sem rektor í Menntaskólanum ungan náttúrufræðing, sem ekki hafði verið nema nokkur ár kennari við Akureyrarskólann. Hann sagði, að langtum framar Pálma Hannessyni hefði átt að velja einhvern af hinum fimm gömlu kennurum, sem sóttu. Ef ráðherrann tók ekki þann elzta, þá gat hann tekið einhvern; hann gat látið draga á milli þeirra eða varpað hlutkesti! Yfirleitt gert allt, sem tryggði það, að ekki kæmi að skólanum tiltölulega ungur og hraustur maður, sem hefði menntazt í þróunarvísindum náttúrufræðinnar. En aðalskoðun hv. þm. er sú, sem kom fram í umræðum um skipstjórastöður á varðskipum og læknaveitingar, að yfirleitt eigi aldurinn að ráða embættisveitingum. Sá elzti er beztur. Sá yngsti lakastur. Annars voru skoðanir um þetta á reiki í hans flokki, sem sést á því, að annan daginn mælti „Morgunblaðið“ í nafni flokksins með Þorleifi Bjarnasyni sem elzta manni skólans, en hinn daginn með Jóni Ófeigssyni, sem þeim helzta, en alls ekki þeim elzta. Þarna sást glöggt baráttan milli holdsins og andans, og ekkert samræmi varð í skoðunum blaðsins. Aðeins fá einhvern, sem skólinn var sjálfur búinn að móta, svo að ekki þyrfti að óttast verulegar umbætur á skólalífinu.

Þessi skoðun, sem hv. 1. þm. Reykv. heldur fram, er skoðun allra kyrrstæðra og þröngsýnna manna. Það er skoðun allra, sem álíta, að embætti séu til vegna embættismanna, sem gegna þeim. En gagnstætt þessu er sá skoðunarháttur, sem allir sómasamlegir menn fylgja, að opinberu störfin séu til fyrir þjóðfélagið, og að í hverju starfi eigi á hverjum tíma að vera sá bezti maður, sem er fáanlegur. Þarna er heil gjá á milli. Og þessi breiða og djúpa gjá er meira og meira að skilja framsóknarstefnuna og íhaldsstefnuna. Og sá maður, sem er búinn að komast að fastri niðurstöðu, á auðvelt með að leysa hvert einstakt embættisveitingamál. Mitt val er algerlega byggt á þessu, að það eigi að leita uppi hæfasta manninn á hverjum tíma. (ÓTh: Var það gert í Keflavík?). Hver af umsækjendum var betri en sá, sem starfið hlaut? Við skulum taka til dæmis, að ég hefði t. d. veitt lögreglustjóraembættið í

Reykjavík elzta sýslumanni landsins. Mundi bæjarstjórn þá hafa fjölgað lögreglunni um helming? Mundi þá vera nýr svipur yfir lögreglunni? Ég segi nei. En hinir skynsamari íhaldsmenn, eins og Knútur Zimsen, fundu, að nú var þess vert að bæta kjör lögreglunnar, af því að ungur, röskur og vel hæfur maður stýrði henni. Eitt sinn var annar af aðalritstjórum Mbl. einskonar lögreglustjóri hér. En hann komst lifandi á flótta heim úr fyrstu orustunni, sem hann háði, og varð það Mbl. til góðs með andríkið og ritsnilldina.

Við skulum taka dæmi úr sögunni úr hinum stóru löndum. Frakkar völdu hershöfðingja sína nálega alla 18. öldina, fram að byltingunni miklu, úr aðalsstéttinni og eftir reglu hv. þm. Reykv. Hver varð árangurinn? Sífelldar hrakfarir, stríð eftir stríð, og aldrei meiri en í sjö ára stríðinu, þar sem við var að eiga Friðrik II. Prússakonung, sem hélt í heiðri þeirri reglu að velja menn til trúnaðarstarfa eingöngu eftir hæfileikum, en hvorki eftir ætterni, aldri eða vináttu. Frakkar völdu gömlu mennina eða stundum vini konungsvinanna í París. En allt gekk út á þetta, að láta embættishagsmunina ráða, eins og íhaldið vill vera láta um okkar litla þjóðfélag.

Ósigrar Frakka héldu áfram meðan þeir fylgdu hinni gullvægu reglu hv. 1. þm. Reykv., enda voru þeir alltaf að tapa þangað til stjórnarbyltingin reið yfir og hið gamla fyrirkomulag var þurrkað burt, þannig að aldrei hefir í veraldarsögunni verið vendilegar brotin stefna um embættaveitingar í hernum, og raunar alstaðar. Synir rakara og skósmiða urðu hershöfðingjar og stýrðu hersveitum þeim, sem á síðustu tíu árum 18. aldar fluttu sigri þrósandi frelsisboðskap hins nýja tíma yfir flest lönd á meginlandi álfunnar. Með þessari meginreglu flutti sigurgyðjan sig til Frakka, og leyndardómurinn í sögu þessarar þjóðar þá um stund er sá, að þá voru beztu hæfileikar gáfaðrar þjóðar leystir úr læðingi. Þá var ekki spurt um embættisaldur, heldur um hugkvæmd, þrek og karlmannshjarta.

Ég tek þessi stóru, þekktu dæmi úr sögu stórþjóðanna af því, að staðreyndirnar eru þar svo kunnar og viðurkenndar og um þær verður ekki lengur deilt. En um leið sést, hve veik stefna hv. þm. er, því að þau lögmál, sem ráða lífi og örlögum manna í stóru löndunum, eru í sama gildi meðal hinna fámennustu og minnstu þjóða eins og okkar Íslendinga.

Nú vík ég aftur að setningu rektorsembættisins. Þetta er eiginlega gamalt deilumál, líka hér í okkar litla og afskekkta landi, hvort fremur beri að velja elzta manninn eða yngsta og þróttmesta manninn.

Þegar Sveinbjörn Egilsson var við Bessastaðaskóla, vildi hann fá Jón Sigurðsson að skólanum sem rektor, en Jón var þá kornungur maður. Eftir að Sveinbjörn lét af skólastjórn, var maður sóttur til Danmerkur til að fá nýtt blóð og þrek í skólastjórnina. Björn Ólsen var sannarlega ekki elzti kennarinn. Og þegar Ólsen fór frá, vildi Hannes Hafstein reyna að fá mann að til að bæta skólann, og valdi til þess Jóhannes Sigfússon frá Flensborg og gerði hann þegar í stað að yfirkennara og ætlaði á þann hátt að búa hann undir skólameistarastarfið. Úr því varð að vísu ekki, því að Hannesi hafði yfirsézt um valið og stjórnarhæfileika vantaði. Steingrímur Thorsteinsson var þá orðinn fjörlítið gamalmenni. Hann var elztur við skólann og Hannes Hafstein fylgdi reglu hv. 1. þm. Reykv. og gerði hann að skólameistara. Sömu reglu var fylgt við lát hans, er Geir Zoëga tók við. Báðir voru menn þessir miklir sómamenn og höfðu unnið mörg þjóðnýt verk á yngri árum. En báðir voru þeir sökum aldurs og þreytu mjög lítt færir til að stjórna stórum skóla, með erfiða sambúðarsögu að baki. Þegar Steingrímur Thorsteinsson lét af embætti, var dr. Guðm. Finnbogason á léttasta skeiði og hafði farnazt vel erlendis. Vildi hann mjög gjarnan verða rektor, þótt aldrei hefði hann stundað kennslu sjálfur. Voru og ýmsir merkir menn allfúsir, að honum yrði þá veitt embættið. Það má kallast kýmni örlaganna, að nú í haust stýrði dr. Guðm. Finnbogason mótmælafundi nokkurra embættismanna, sem haldinn var í lestrarsal Landsbókasafnsins, þar sem fundurinn lýsti vanþóknun sinni á setningu Pálma Hannessonar, af því að hann væri ekki elzti starfsmaður

við skólann. Sannaðist hér á þessum mæta heimspekingi, að enginn veit sína æfina fyrr en öll er.

En um það leyti, sem hugir margra manna, er vildu Menntaskólanum vel, beindust að dr. Guðm. Finnbogasyni sem líklegu rektorsefni við brottför Steingríms skálds, var í Nýju Kirkjublaði, sem Þórhallur biskup gaf út, ritað um þetta vandasama mál. Þá var einnig spurt: Hvort á að velja til skólaforstöðu elzta manninn eða bezta manninn. Auk Þórhalls biskups lagði einn af róttækustu afturhaldsmönnum landsins, prófessor Guðm. Hannesson, tölu vert til málsins, og með því að hann er nú í elli sinni einhver blindasti Morgunblaðsmaður í landinu, þykir við eiga að láta samherja hans fá nokkra skeinu af vopnum hans. Er það því fremur viðeigandi, þar sem hann í þessu máli átti því fremur sjaldgæfa láni að fagna, að hafa í einu góðan málstað og sækja hann með drengskap og mannlund. Í Nýju Kirkjublaði 1913 gefur prófessor þessi lýsingu á Menntaskólanum á þeim árum, sem hann stundaði þar nám, milli 1880—90. Grein þessi birtist í Nýju Kirkjublaði 1913 (bls. 266—67) á þessa leið, og skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa kafla úr henni:

„Ég þekki bezt til skólans á skólaárum mínum. Ég minnist þeirra enn með gremju og skelfingu, og það eftir svo mörg ár. Stjórn skólans var fráleit, enda mátti heita, að skólastjóri gengi í barndómi.

Stiftsyfirvöldunum (M. Stephensen) átti ég það eingöngu að þakka, að ég varð ekki að flæmast úr skólanum; þau létu mig njóta réttar míns, sem skólastjóri meinaði mér. Þessu líkt var flest annað. Kennarar voru sumir góðir t. d. Björn Ólsen, en ærið misjafnir. Flest, sem ég lærði, lærði ég sjálfur af bókum, þrátt fyrir alla kennara.

Sumir kennarar reyndust mér einskonar illir andar, sem sátu á svikráðum við pilta, reyndu að njósna, ef einhverjar yfirsjónir væri að finna, sem varðaði „nótu". Og stundum tókst þetta svo, að piltar voru „nóteraðir" alvarlega fyrir tóm ósannindi kennarans, og jafnvel ekkert tillit tekið til þess, þó pilturinn gæti fært óyggjandi vitni og sannanir fyrir sínum málstað. Það mátti og svo heita, að fullur fjandskapur væri yfirleitt milli pilta og kennara. Allt þetta ástand hafði siðspillandi áhrif á pilta og eflaust líka á kennarana sjálfa. Vekjandi áhrif frá kennurum, sem styrkt gætu vilja og siðferðisþrek, vakið fagrar hugsjónir og gert pilta að betri og meiri mönnum, varð ég aldrei var við, það ég get talið, en oft hið gagnstæða.

— — — —

Áhrif skólans í heild sinni voru ill og gerðu piltana að verri mönnum.

— — — —

Ég kom í skólann sem einfaldur, og að ég held, óspilltur sveitadrengur. Ég kom úr honum hálflamaður vesalingur, „kalinn á hjarta þaðan slapp ég".

Prófessorinn bendir á tvenn úrræði; þau, að skólinn fái keppinaut og ungan skólameistara. Skólinn hefir fengið hvorttveggja fyrir forgöngu framsóknarmanna, en þrátt fyrir mótgang íhaldsins, sem umræddur háskólakennari fylgir nú fast að málum.

Sem sagt, 1913 var mikið deilt um það, hvort betra væri að fá gamalmenni eða ungan rektor að skólanum. Guðm. Hannesson og Þórhallur biskup Bjarnarson héldu því fram í Nýju kirkjublaði, að ungur maður ætti að koma að skólanum. Og prófessorinn, sem skrifaði grein þessa, segir um Þórhall biskup út af því máli: „Ég dáist að dirfsku yðar og góðum vilja". — Þeir gera sér vonir um, að ungur, hraustur og velviljaður skólastjóri gæti bætt andann í skólanum.

Árið 1905 hafði Þórhalli Bjarnarsyni verið boðið rektorsembættið við Menntaskólann, en hann neitaði því, kvaðst vera of gamall.

Þetta er ekki skemmtileg lýsing á heimilisbrag í skóla. En það er af meiru að taka; og ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. kannist m. a. við lýsingar þeirra Einars H. Kvarans og Gests Pálssonar á skólalífinu, frá námsárum þeirra. Þær eru mjög svipaðar lýsingu Guðm. Hannessonar. Hv. þm. hafa tekið eftir því, að prófessorinn segist hafa komið sem óspilltur og ráðvandur sveitapiltur í skólann, en farið þaðan sem hálflamaður vesalingur, fullur af gremjulegum

endurminningum um dvöl sína þar og sársauka yfir því ofurmagni heimsku og ranglætis, er hann hafði þar orðið að reyna.

Ég ætla nú að leyfa mér að lesa hér upp úr vitnisburðabók skólans, sem hefir að geyma margar merkilegar sögulegar heimildir frá fyrri og síðari tímum um skólalífið og sambúð kennara og nemenda. Ég ætla að grípa fyrst niður á vitnisburði kennara um þann pilt, sem nú er einn af færustu og þekktustu skólamönnum á landinu, Sigurð Guðmundsson skólameistara á Akureyri. Það lá nærri, að hann væri rekinn úr skóla og yrði að hætta námi fyrir ofbeldi og rangsleitni kennaranna. Í kennarafundarbók Latínuskólans árið 1900 stendur þetta um Sigurð Guðmundsson (með leyfi hæstv. forseta):

„Ennfremur lagði rektor fram bréf frá dócent Eiríki Briem, dags. 1. þ. m., þar sem hann sækir um inntöku í skólann fyrir Sigurð Guðmundsson frá Mjóadal. Rektor hafði á kennarafundinum 28. f. m. lýst því yfir, að hann fyrir sitt leyti gæti ekki verið því meðmæltur, að piltur þessi yrði tekinn í skólann, bæði af því, að það væri sannfæring sín, að piltur þessi hefði staðið framarlega í óspektum þeim, sem framdar voru skólaárið 1898—99 í bekk piltsins, ... og skaut rektor þessu áliti sínu til kennarafundarins, og var hann því samþykkur. Samkvæmt þessu hafði rektor lýst því yfir við piltinn, þegar hann fór þess á leit við hann, að hann yrði tekinn í 5. bekk, að hvorki rektor sjálfur né kennararnir mundu því meðmæltir, að hann yrði tekinn í skólann. Kennarafundurinn var enn sem fyrr í einu hljóði á því, að það væri óhollt fyrir skólann að veita þessum pilti inntöku, og leggur til, að það verði ekki gert".

Gefum nú gaum að ástandinu í skólanum, þegar rektor og allir kennararnir gera þá fundarályktun, að sá maður, sem nú er einn af færustu og beztu skólamönnum á landinu, skuli ekki fá að ganga í gegnum skólann, af því að það sé „óhollt" fyrir skólalífið, að hann sé þar einn vetur til að ljúka námi. Það átti að skera sundur lífsþráð þessa manns, vegna þess að kennararnir höfðu ekki vit á að fara með greindan og tilfinninganæman nemanda. Hvað sýnist hv. þdm. um óskeikulleik þessara gömlu kennara skólans?

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um skrópvottorðin, sem svo mikil spilling hefir af hlotizt, og byrjað var á að gefa í skólanum 1903. Ef til vill sýnir fátt betur vanmátt kennara og þáverandi yfirvalda til að ráða bót á göllum skólans. Eftir sprengingarnar finna þeir upp skrópvottorðin til að lækna öll mein. Kennarafundarályktun um þetta hljóðar svo:

[Í útdrætti gerðabókarinnar, sem vantaði í handrit þingskrifarans, er kveðið á um það, að hver nemandi, sem eigi mætir í kennslustund, skuli leggja fram sjúkleikavottorð frá **húsráðanda**, þar sem nemandinn á heima, en að öðrum kosti sæta vítum fyrir fjarvistina].

Athugum nú, hvað í vottorðinu stendur; pilturinn á sjálfur, eða húsráðandi hans, að semja vottorðið um, að pilturinn sé veikur og senda það, ekki til kennara eða rektors skólans, heldur til umsjónarmannsins. Skólastjórinn er ekkert að hugsa um það eða vita, hvernig sjúkum piltum líður, aðeins ef einhver vottorð eru send í skólann. Og skrópvottorðin verkuðu þannig, að sífellt var beitt fölsun gagnvart skólanum. Allmargir piltar segjast hafa falsað nafn húsbónda síns eða húsmóður, öðruhvoru, undir þessi vottorð; stundum voru þau búin til á „lager" úti í bæ og sótt þangað. Ekki verður séð annað en þetta fyrirkomulag hafi verið beinlínis skóli í skjalafalsi. Allir vissu, að misbrúkun átti sér stað, og að lokum var svo komið, að jafnvel dugandi kennarar við skólann voru orðnir svo kærulausir út af þessari spillingu, að þeir sögðust aldrei heimta, að vottorðin kæmu, ef pilturinn kæmi ekki. Hvort vottorðin voru sönn eða fölsuð, kom þeim ekki við. Gamalt máltæki segir: „Á mjólum þvengjum læra hundarnir að stela". Ef til vill á einn eða fleiri af gömlum nemendum þessa skóla, sem nú hafa fengið sorglega frægð um öll Norðurlönd fyrir fölsun, æfilangt ólán sitt og varanlega svivirðingu að þakka siðleysi því, sem innleitt var með skrópvottorðum Menntaskólans.

En núverandi rektor hefir afnumið vottorðin, hlutast til um eftirlitið sjálfur,

lítur eftir nemendum, sendir stundum lækni heim til þeirra, ef þeir hafa verið veikir eða sagzt vera veikir. Fyrir þetta hefir hann verið skammaður í Morgunblaðinu.

Þá er ég kominn að því, hvernig Þorgrímur Kristjánsson var flæmdur úr skólanum 1903. Það er fróðlegt fyrir þá, sem alltaf heyra talað um þá gömlu og góðu tíma í sögu skólans, að vita hvernig sú athöfn fór fram, og skal ég því lesa kafla um það úr kennarabók skólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Rektor skýrir frá því, að Þorgrímur Kristjánsson hefði nú síðustu dagana sýnt sér ýmsa ósvífni. Þegar rektor áminnti hann nýlega og minnti hann á, að hann hefði í fyrra fengið aðvörun um, „að honum mundi tafarlaust vísað burt úr skólanum, undir eins og hann aftur gæfi rektor eða kennurum tilefni til umkvörtunar“ (bréf dags. 17. nóv. 1902), þá svaraði hann með þjósti: „Já, rekið þér mig bara“, og bætti við hótun um, að þá myndu fleiri fara úr skólanum. Rektor hafði um nokkurn tíma haft hann grunaðan um, að hann væri valdur að eldspýtnadreifingum í skólanum, og í dag, rétt áður en tímar byrjuðu, þóttist rektor fá staðfestan þennan grun sinn, er hann sá Þorgrím inni í bænasalnum ásamt nokkrum öðrum piltum, er engin ástæða þótti til að gruna, og tók eftir að eldspýtum hafði verið dreift á gólfið. Rektor skipaði þá Þorgrími að koma með sér niður á kennarastofu til viðtals, og kom hann tregðulitið fram að tröppunum, en neitaði þá að fara lengra, svo að rektor varð að taka hann og ýta honum með hægð niður stigann og að kennarastofudyrunum, en þar sá rektor, að hann tók upp úr vasa sínum eldspýtnastokk og kastaði honum á gólfið. Rektor spurði, hví hann kastaði stokknum, en hann kvaðst ekki hafa gert það. Síðan tók rektor hann inn á kennarastofu og rannsakaði í viðurvist Pálma Pálssonar vasa hans, hvort þar fyndust eldspýtur, en þær fundust ekki. Þá var hringt til bæna, og af því að rektor var hræddur um, að hann hefði ef til vill haft piltinn fyrir rangri sök, afsakaði hann það með fáum orðum, ef svo kynni að hafa verið, eftir bænir. En þegar rektor eftir það fór að rannsaka eldspýtnastokkinn, sem Þorgr. hafði kastað á gólfið, sást, að hann var að vísu tómur, en myndi hafa innihaldið eldspýtur af sömu tegund og þær, er piltar höfðu notað til eldspýtnadreifinga. Talaði rektor um þetta allt athæfi Þorgríms við föður hans og skýrði honum líka frá því, sem komið hafði fyrir fyrr í vetur, að Þorgrímur hafði í kennslustund Knud Zimsens haft flösku í vasa, og reyndist whisky-lykt af því, sem í flöskunni var. Réð rektor föðurnum til að segja piltinn úr skóla. Nokkru eftir þetta, e. kl. 3, kom Þorgrímur upp í skóla og var mjög ósvífinn við rektor, sagði á þá leið, að rektor myndi ekki geta stjórnað skólanum með „þesskonar óforskömmugheitum, sem hann hefði beitt við sig“, og þegar rektor sagðist hafa séð með eigin augum, að hann hefði kastað eldspýtnastokknum á gólfið, sagði hann með þjósti: „Það er ósatt“.

Rektor leggur enga áherzlu á eldspýtnamálið, þó að það sé að vísu grunsamt, að pilturinn ber þar á móti sannleikanum, heldur á hitt, að hann hefir sýnt rektor ósvífni.

Allir kennararnir voru á því, að Þorgrímur Kristjánsson hefði unnið til burtrekstrar úr skólanum ....“

Við skulum nú athuga nokkru nánar þetta fyrirmyndarástand í Menntaskólanum, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að hefði ríkt þar þangað til Pálmi Hannesson varð rektor; og kennararnir voru með nefin niðri í öllum athöfnum pilta.

Eldspýtnadreifingin var talinn stór glæpur; piltar brutu hausana af eldspýtunum og dreifðu þeim um ganginn og gólf í kennslustofum og létu braka og bresta í þeim undir fótum kennaranna og þeirra, sem gengu um gólfið. Kennararnir urðu reiðir út af þessu og espir við pilta. Eldspýtunum var líka dreift uppi á bænasal, og þar var inni fjöldi pilta, sem ekkert voru grunaðir, af því að þeir höfðu minna stritt kennurunum. En Þorgrímur Kristjánsson var grunaður, og farið með hann upp á sal og leiddur með valdi niður stigann og leitað í vösum hans eins og glæpamanns af rektor og yfirkennara inni á kennarastofu. En þar fannst ekki annað en tómur eld-

spýtnastokkur; og það ber vott um glöggskyggni og manndóm yfirstjórnar skólans að hefja svo hrottalega árás á einn nemanda, og biðja hann svo á eftir fyrirgefningar, en reka hann þó að lokum. Afleiðing af þessari hörmulegu stjórn skólans verður vitanlega sú, að piltar gera gys að kennurunum. Allur skólinn er kominn í uppnám, af því að rektor og kennararnir kunna ekki að stjórna ungum mönnum, vantar til þess alla hærri eiginleika. — En þetta ástand dáir hv. 1. þm. Reykv. og flokkur hans. Á fáum hvílir þó þyngri ábyrgð en honum fyrir þessa sögufölsun, því að hann var sjónarvottur að mestu óeirðunum og óstjórn skólans.

Til þess að sannfæra hv. 1. þm. Reykv. um það, að ástandið hafi sízt verið betra í skólanum þá en nú, þegar hann var að geta um það, að piltur úr skólanum hafi nú í vetur verið að hjálpa sveitamanni við erindarekstur hér í bænum, og skrópað til þess, þá ætla ég að lesa hér upp tvö vottorð úr bókum skólans, sem snertir tvo núverandi hv. þm. þessarar deildar, og er annar þeirra íhaldsmaður en hinn jafnaðarmaður. Þessi vottorð lýsa því vel, hvernig þeir hv. þm. syndguðu á sínum yngri árum, sérstaklega íhaldsmaðurinn. Þetta gerðist á því herrans ári 1906. Og er vottorðið í kærubók hins almenna Menntaskóla á þessa leið:

„Ég leyfi mér hérmeð að tilkynna yður, herra rektor, að ég í dag hefi áminnt skólapilt Ólaf Tryggvason Jensen“ (nú nefnir hann sig Ólaf Thors) „fyrir hávaða í bekknum í kennslustundum mínum; hefi ég þráfaldlega talað um það við hann, að hann truflaði ekki kennsluna með hávaða og samtali, en það virðist ekki hafa dugað; auk þess hefir hann oft nokkuð sýnt mér ókurteisi á ýmsan hátt og óhlýðni, þrjózkast við að fara út í 10 mínútunum, stolizt inn í bekkina og upp á loft, þótt ég hafi bannað honum það, o. fl. þesshättar.

Reykjavík 8. des. 1906“.

Undirskrift kennara.

Þetta er vitnisburður um íhaldsmanninn og hans framferði. En tilvonandi socialisti fékk líka sína vinarkveðju frá sama kennaranum:

„15. apríl. Þeir Héðinn Valdimarsson og Ól. Jensen“ (nú Thors) „komu ekki í næsta tíma eftir morgunverð; Héðinn bar fyrir sig, að hann hefði snöggleg verið kallaður til viðtals við Norðurland upp á símastöð, og það hefði dregizt lengur en hann hafði búizt við. Ól. hafði enga ástæðu fyrir sig að bera. Þeir Kjartan Jensen og Einar Hjörleifsson hurfu úr skólanum á sama tíma og komu alls ekki í skólann þann dag. Daginn eftir báru þeir það fyrir sig, að Kjartan hefði fengið blóðnasir og hefði Einar orðið að fylgja honum heim. Þeir voru allir áminntir af kennara“.

Ég vonast eftir, að þetta geti haft þau áhrif á hv. 1. þm. Reykv., að hann sannfærist um, að þó að veröldin sé ekki góð nú, þá hefir hún ekki verið betri áður, úr því að þessir úrvalsdánumenn fengu ekki betri vitnisburð í skólanum, og má segja, að lýsingin á lundarfari hv. 2. þm. G.-K. sé mjög í samræmi við það, sem síðar hefir reynzt. Og þegar þessu er bætt við þann ribbaldablæ, sem var á skólanum um 1880, 1890, 1900, 1903 og 1916, eins og ég hefi áður lýst, þá gæti ég hugsað, að hv. þm. sýndist, að skólinn ætti ekki alveg flekklausa fortíð.

Eitt dæmi get ég enn nefnt frá síðastliðnu vori, til þess að sýna, að umhyggja kennaranna fyrir piltum er ekki nægilega góð eða mikil og að sá blær, sem prófin gefa skólanum, er óheppilegur, og prófkröfurnar óréttlátar gagnvart nemendum.

Þetta síðasta dæmi er gott sýnishorn þess, hversu skólinn hefir fram á síðustu ár verið viðskila við þróunina í þjóðfélaginu, og alltaf á eftir þeim kröfum, sem sérhver skóli verður að gera til sín og kennaranna, að skólinn og kennarar gangi nemendum að svo miklu leyti sem unnt er í stað heimilis og vandamanna. Það sýnir, að skólastjórnin hefir í raun og veru lítið breytzt til hins betra, þó að minna beri á uppreistum og sprengingum. — Þetta dæmi, sem ég ætla að skýra frá, á sér nokkra forsögu. Fyrir nokkrum árum var ég á ferð austur í Skaftafellssýslu til að herja á Íhaldið eins og endranær. Þá vildi það til, að ég var samferða drenghnokka dálítinn spöl úr Skaftafellssýslu, sem mér leizt vel á. Faðir hans var smábóndi fyrir austan

Mýrdalssand. Hann hafði misst konu sína fyrir nokkrum árum frá tveimur stálpuðum drengjum. Annar þeirra var sérstaklega námfús, og til þess að koma honum til menntunar, seldi faðirinn jörð sína og flutti til Reykjavíkur til þess að eiga auðveldara með að koma drengnum gegnum Menntaskólann. Pilturinn tók próf inn í fyrsta bekk og reyndist mjög vel í gagnfræðadeildinni, að gáfum og hegðun, var alltaf með þeim efstu í sínum bekk. Síðastliðið vor lauk hann gagnfræðaprófi við skólann, en varð afturreka úr menntadeild, hlaut ekki nógu háa einkunn til þess að fá inngöngu í menntadeildina (4. bekk). Þetta voru afskapleg vonbrigði fyrir piltinn. Stærðfræðin varð honum að fótakefli, og hafði hann þó alls ekki ætlað í stærðfræðideildina, heldur máladeild skólans; þetta var því síðasta glíma hans við stærðfræðina. Pilturinn virðist vera ágætum námshæfileikum gæddur og hlaut beztu einkunn í öllum greinum nema stærðfræði, en þar hlaut hann nálega lægstu einkunn. — Prófeinkunn Sigurbjarnar Einarssonar vorið 1929, er hann féll frá að komast inn í lærdómsdeild, var sem hér segir:

Ísl. munnleg	7,2	7,0	7,1
Ísl. skrifleg	7,1	7,1	7,1
Danska munnleg ..	7,1	7,1	7,2
Danska skrifleg ..	5,0	5,2	6,1
Enska	7,0	7,0	7,0
Saga	7,1	7,1	7,1
Landafræði	7,2	7,1	7,1
Náttúrufræði	5,2	6,1	6,1
Eðlisfræði	6,1	5,2	5,2
Stærðfræði	3,0	÷17,2	÷12,1
Teiknun	5,2	5,0	5,0
Ritleikni	7,0	7,0	6,2

Eins og þessar einkunnir sýna, þá mundi þessi piltur hafa verið með þeim efstu við hvert venjulegt próf. Hann fær yfir 7 í aðaleinkunn í mörgum greinum, og hvergi undir 5 í nokkurri grein nema stærðfræði. En sú eina grein dregur frá honum 12, eða jafnmikið og hann fékk í tveimur námsgreinum þar sem hann hafði staðið sig mjög vel. Niðurstaðan verður því sú, að þessum unga manni er kastað út úr skólanum, þrátt fyrir miklar námsgáfur, mikla reglusemi, mikla ástundun og mikla löngun hans og föður hans til að geta haldið því námi áfram, sem hann og vandamenn hans höfðu stefnt að fyrir hans hönd með svo mikilli fórnfýsi.

Ég ætla að segja það til lofs einum af yngri málakennurunum við Menntaskólann, að hann kom því til leiðar, að pilti þessum var bjargað út úr hinni heimskulegu og ranglátu prófvél Menntaskólans. En munur er á kynslóðunum, að þar sem þeir af kennurum skólans, sem Mbl. taldi sjálfsagða til skólaforustunnar, munu lítt hafa fundið til af örlögum þessa fátæka pilts, þá var ýmsum af hinum yngri kennurum raun að því, vegna skólans, að Sigurbjörn var felldur.

Niðurstaðan varð sú, að með aðstoð eins af kennurum skólans, tókst að hafa upp á piltinum. Höfðu þeir feðgar þá hrökklast burt úr bænum, austur í sveitir, sennilega gefið upp með öllu það áframhald á námi, sem verið hafði áhugamál þeirra í mörg ár. Piltinum var gefin von um, að hann myndi fá að taka upp aftur prófið í stærðfræði. Það varð. Hann hlaut betri stærðfræðieinkunn en síðastl. vor; komst inn í skólann og er þar nú í heimavist. Lífið brosir nú aftur við honum. Af tilviljun var lífsþráður hans ekki skorinn sundur í hinni sálarlausu prófvél skólans.

— Þegar ég hafði unnið nokkra daga í stjórnarráðinu haustið 1927, heimsótti ég fyrrverandi rektor skólans, Geir Zoëga. Hann var alveg hissa á komu minni og sagði, að enginn ráðherra hefði áður heimsótt skólann. Ég hafði aldrei komið þangað fyrr og var því á engan hátt samdauna vanhirðunni á skólanum, og hafði enga tilhneigingu til að láta hana liggja í láginni eða afskiptalausa, eins og því miður virðist loða við flesta af þeim, sem þar hafa stundað nám. Ég gerði samanburð á Menntaskólanum og samskonar skólum hjá nágrannaþjóðunum, og hefi sniðið umbætur á skólanum í samræmi við það. Aftur munu allir fyrirrennarar mínir, kennslumálaráðherrarnir íslenzku, hafa vanrækt skólann af tveim ástæðum. Þeir hafa vanizt ólaginu, sem var þar í námstíð þeirra, og þeir hafa aldrei reynt að kynna sér erlendar fyrirmyndir í

þessu efni og þar af leiðandi ekkert haft til samanburðar. Þessi skýring ein getur að nokkru leyti afsakað hið gegndarlausa hirðuleysi undangenginna landsstjórna um allt, er snertir hag skólans, ekki sízt mannbætandi uppeldisáhrif.

Ég hefi nú nefnt ýms dæmi um hina miklu niðurlægingu Menntaskólans. Skólinn hefir að vísu haft á að skipa kennurum, sem hafa verið viðunanlega til þess fallnir að troða ýmiskonar fróðleik í piltana og útskrifað stúdenta, sem reynzt hafa hlutgengir samhliða stúdentum frá öðrum skólum með betri aðbúnað. En Menntaskólann hefir alltaf skort það, sem hverjum skóla er nauðsynlegast að hafa, en það er góð sambúð á milli nemenda og kennara, og frjósamt samstarf beggja aðilja til að gera skólann að hressandi og styrkjandi heimili fyrir æskumenn.. Allt of marga af nemendum skólans hefir kalið þar á hjarta, eins og íhaldsprófessorinn nafntogaði segir um æskuáhrifin þar, þegar hann var í skólanum.

Hv. 1. þm. Reykv. veit það mætavel, að ég hefi barizt við að útvega peninga til þess að bæta skólann og ég hefi látið gera á honum hið innra og ytra margskonar umbætur, sem nauðsynlegar voru, þótt íhaldsstjórnin hefði trassað það meðan hún sat við völd.

Ég byrjaði á því að láta dæla nýju lofti inn í skólann, og var það strax til stórmikilla bóta frá því, sem áður var, en íhaldinu var meinilla við að fá óloftið út úr skólanum. Svo voru kvistirnir teknir af húsinu, sem áður höfðu verið látnir óhreyfðir, þótt þeir væru skólanum til stórra lýta, og húsin sjálf máluð eins, en það hafði ekki verið gert þá um langa hríð. Dúkur hefir verið lagður á gólf í flestum kennslustofunum, veggir víðast fóðraðir og máladir, tekið sérstakt herbergi fyrir vosklæði nemenda, í stað þess að þau voru áður hengd upp í yfirfylltum kennslustofum. Náttúrugripasafninu hefir verið komið fyrir í nýviðgerðum sal, sem nú er um leið kennslustofa. Skuggamynda- og kvikmyndavélar hafa verið keyptar til skólans, en í tíð íhaldsins, einmitt þegar tekjur ríkissjóðs urðu 16 milljónir, neitaði formaður Íhaldsflokksins að láta nokkur hundruð krónur til kaupa á kvikmyndavél handa skólanum. Fé var ekki til, sagði hann.

Ég get sagt hv. 1. þm. Reykv. það, að ég kem stundum í skólann og fylgist með hverju, er fram fer um meðferð hússins. Mér var sagt af gömlum nemendum, að það þýddi ekkert að láta gera við stofurnar, því að piltar myndu strax eyðileggja það aftur. Ég lét samt sem áður gera við stofurnar, og einn bekkinn lét ég þilja með fáguðum krossviði. En í skólanum eru enn til 2—3 stofur, sem eru eins óvistlegar og frekast er unnt. Hvað kemur svo á daginn? Sú stofan, sem þiljuð er með krossviðinum, lítur prýðilega út og er með öllu óskemmd og umgengnin með mestu sæmd og prýði af nemendum. En sama verður alls eigi sagt um umgengni pilta í gömlu stofunum, sem enn eru eins og íhaldið skildi við þær.

Mín skoðun er sú um skóla yfirleitt, að því vandaðri sem allur útbúnaður er, því betur ganga nemendur um og því vænna þykir þeim um skólann og því betra hafa þeir af að dvelja þar.

Aðalmálgagn Íhaldsins hefir dylgjað um, að ég hafi stolið 30 þús. kr. í peningum frá hátíðarnefnd, vegghellum frá landsspítalanum og sementi frá manni þeim, sem byggði Arnarhvál, til að styðja með þessu þýfi héraðsskólabyggingu Sunnlendinga. Þetta hefði að vísu verið fremur óeigingjarn þjófnaður, þar sem verið var að vinna fyrir almanna heill, en ekki að stinga fé almennings í einstaklingsvasa. Það versta fyrir íhaldið við þessi þjófnaðarmál var samt það, að dylgjurnar voru staðlausir stafir og vísvitandi ósannindi frá hálfu þeirra, sem dreifðu þeim út. En nú skal ég játa annað, sem gæti kallazt bráðabirgðahnupl til hagsbóta fyrir Menntaskólann.

Þegar ráðsmannaskiptin urðu á Kleppi, voru þar tveir bílar til, sem notaðir voru til flutninga, en ég tók annan þeirra og fékk Menntaskólanum hann til afnota. Þetta hneykslar auðvitað hv. þm. Borgf., en ég get huggað hann með því, að hann skal fá að heyra meira af slíku allt hvað líður. Svo

keypti ég tvo báta handa skólanum og hefi von um, að borgarstjórinn leyfi mér uppsátur suður í Fossvogi. Á þessum bíl eiga piltarnir svo að fara suður í Fossvog og æfa þar róður, en þess á milli fer leikfimikennarinn með þeim í sundlaugar, og þannig fá þeir kost á að æfa íþróttir og þjálfa líkama sinn. Vel má vera, að piltunum kunni að finnast bíllinn fátæklegur, en þá er því til að svara, að væntanlega fá þeir nýjan og betri bíl með nýrri stjórn.

Menntaskólinn var eini skóli landsins, sem leiðtogum Íhaldsins var hlýtt til. Margir þeirra höfðu verið nemendur þar, þótt æfin slæm meðan þeir voru þar, en eftir á orðið drembnir af skólavistinni. En þessi velvild til skólans útilokaði ekki, að þeir sýndu honum gegndarlaust hirðuleysi. Þannig hafði bókasafn skólans, sem ríkur Englendingur gaf, verið harðlokað, óupphitað og nálega þýðingarlaust, nema sem pakkhús fyrir ólesnar bækur, þar til í vetur, að ég lét gera við það, hita það, lýsa, setja þar borð og stóla og gera úr þessu pakkhúsi góðan sal, þar sem 50 nemendur geta lesið undir beztu kringumstæðum, en háðir eftirliti kennara. Á lofti uppi yfir, sem engin dauðleg vera hafði komið á í 70 ár, hefir nú verið gerð heimavistarstofa fyrir 8—10 pilta. Íhaldið sárskammast sín fyrir að hafa týnt þessu húsi, og segir, að einhver maður hafi einhverntíma í tíð Íhaldsins gert tillögur um að gera húsið nothæft. En gallinn var sá, að enginn hlustaði á þær tillögur, ef þær hafa annars verið gerðar, og engum datt í hug að framkvæma neitt í þessu efni, fyrr en núverandi stjórn leysti málið.

Annars get ég glatt hv. þm. með því, að þegar þeim umbótum er lokið, sem ég er nú að láta gera á Menntaskólanum, þá mun ég bjóða þeim að koma þangað upp eftir til að líta yfir verkin, en það er dálítið einkennilegt, að það er eins og hv. 1. þm. Reykv. og aðrir andstæðingar mínir vilji ógjarnan koma þangað upp eftir síðan skólinn var endurbættur og Íþaka opnuð fyrir piltum, — þessi Ameríka, sem fannst á eyðimörku Íhaldsins.

Íhaldið, hið raunverulega steinsofandi íhald, hefir haft yfirumsjón Menntaskólans síðan hann fluttist til Reykjavíkur frá Bessastöðum. Ávextirnir af stjórn þess koma fram í framangreindri sambúð pilta og kennara. En ef Menntaskólinn fær að njóta þeirra umbóta, sem starfað hefir verið að undangengin missiri, þó ekki væri nema í tíu ár, þá þætti mér gaman að vita, hvort nemendur bera skólanum sömu söguna og Héðinn Valdimarsson eða Þorgrímur Kristjánsson, Sigurður skólameistari Guðmundsson og fleiri gamlir stúdentar, eftir því sem skilríki skólans herma.

Það er hálfbroslegt, að þegar hinn nýi rektor, Pálmi Hannesson, kom að skólanum, þá átti svo sem að gera mikið til að eyðileggja starf hans. Íhaldsbroddarnir, ekki hvað sízt hv. 2. þm. G.-K. og menn honum nákomnir, reyndu að koma af stað uppþoti, og ég hefi heyrt eftir einum þeirra, að hann hafi sagt við son sinn, að það gerði ekkert til, þótt hann yrði rekinn úr skóla, því að hann teldi það miklu frekar heiður fyrir hann, úr því ekki væri viðurkenndur íhaldsmaður rektor við skólann. En hvað skeður! Eftir allan þennan undirróður við pilta og eftir að Morgunbl. er búið að hamast í viku með stórskömmum um rektor og landsstjórnina, þá er allur þessi íhaldsvindur um garð genginn og málið klappað og klárt. Þetta má telja til lofs Reykvíkingum þeim, sem næst standa skólanum, og ekki sízt nemendum. Eftir fáa daga var öllum óhlutdrægum mönnum orðið ljóst, að breyting á forstöðumanni við hina vanræktu stofnun var a. m. k. jafnnauðsynleg eins og umbót á húsnæði og fatageymslu. Í stuttu máli: Aðstandendur skólans viðurkenndu með þögninni, að Framsókn væri á réttri leið um meðferð og aðbúð við skólann, en íhaldið á rangri leið. Ósigur Mbl. varð enn meira áberandi við það, að allir þrír íhaldsritstjórarnir — Jón Kjartansson, Árni Jónsson og Valtýr Stefánsson — tóku aftur uppi í hegningarhúsi öll digurbarkaummæli sín um hinn nýja rektor, báðu velvirðingar á athæfi sínu og borguðu stórsekt til skólans, heldur en að hætta á, að dómur þeirra um

Pálma Hannesson yrði ómerktur af dómstólunum.

Mér dettur ekki í hug, að það hafi snögga breytingu í för með sér, þótt skólinn sé bættur á ýmsan hátt. Piltar finna nú samt, að það er hlýrri blær, sem andar um þá, og að kennarar sitja ekki á eilífum svikráðum við þá eða leitast við að fella þá með ranglátum prófum. Skólinn á fyrst og fremst að vera uppeldisstofnun, sem hefir góð áhrif á nemendurna, um leið og hann uppfræðir þá í þeim greinum, sem að gagni mega koma í lífinu.

Þá var því haldið fram, að einn kennarinn hefði gefizt upp við að kenna einum bekknum, og hefði þá annar kennari verið fenginn í hans stað. Þetta er að vísu hálfsatt, og skal mál það skýrt, því að það bregður ljósi yfir erfðagalla skólans. Þessi kennari, Guðmundur Bárðarson, er mjög áhugasamur vísindamaður. Honum er ekki nóg að hlýða nemendum yfir kennslubók í náttúrufræði, línu eftir línu. Hann vill kynna nemendum náttúruna sjálfa. Hann vill láta þá fá forsmekk vísindalegra starfsaðferða.

Í vetur fór hann með nemendum sínum út fyrir bæinn og sýndi þeim jarðlög í nánd við Reykjavík, og vildi svo láta þá skrifa ritgerð um þær rannsóknir, er gerðar hefðu verið á ferðum þessum. Piltar þrjózkuðust við að gera ritgerðina, og endirinn varð sá, að þeir skiluðu allir sömu frásögninni, sem var 2—3 línur fjölritaðar. Piltarnir munu hafa hugsað sem svo: „Við eigum ekki að rannsaka jarðlög eða gera stíl í jarðfræði. Það er hvergi heimtað í reglugerðinni, og hún er okkar æðsta boð. Við eigum aðeins að læra það, sem reglugerð heimtar, og standast próf". — Þarna mættust hinni gamli og hinn nýi tími, og báðir höfðu nokkuð fyrir sig. Nemendur eru vanir að fá í skólanum þurran fróðleik, tilvaldan til prófs. Ef þeim mistekst í einni grein, getur hún eyðilagt ágæta einkunn í þrem greinum. En fyrir yfirburðaframmistöðu fá þeir enga aukauppbót. Nemendur líta á skólann sem stúdentaverksmiðju, og hafa fulla ástæðu til þess eins og skólinn hefir starfað. En Guðm. Bárðarson kemur með anda og starfsaðferðir hinna frjóu náttúruvísinda. Hann er sjálfur einn hinn fremsti vísindamaður landsins án þess að hafa tekið stúdents- eða háskólapróf. Hann vill innleiða sínar hærri og göfugri starfsaðferðir í skólanum. En þá mæta honum gömlu, steinrunnu venjurnar. Nemendurnir biðja um Barrabasar-aðferðir reglugerðarinnar heldur en fagnaðarboðskap vísindalegra starfsaðferða.

Í gamla daga hefðu þessir piltar verið reknir, en það varð að ráði milli mín og rektorsins, að við ákváðum að hlífa þeim, þótt þeir hefðu í hærra og betra skilningi alveg á röngu að standa. En piltarnir voru börn hins gamla tíma, voru búnir að vera 5—6 ár í skóla og höfðu vanizt á að hugsa eingöngu um prófin, en alls ekki um vísindin. Við vildum ekki fara að dæmi Björns heitins Ólsens, sem dró piltana um skólann til að leita í vösum þeirra, heldur vildum við sýna piltunum dálitla linkind og líta á málsbætur þær, er þeir höfðu, eins og áður hefir verið að þeim búið.

Ég hefi nú reynt að sýna fram á, hvað hér ber á milli. Það er hinn gamli tími og hinn nýi, sem eigast við.

Það, sem fyrir mér hefir vakað, er það, að ég hefi viljað bæta skólann hið innra og ytra. Og nú er svo málum komið í þessu efni, að þrátt fyrir allan róginn, allar skammirnar og svívirðingarnar, sem blöð og leiðtogar íhaldsins hafa borið út um núverandi stjórn fyrir umbæturnar á Menntaskólanum, er þjóðin ánægð og hallast að því, að hin nýja stefna sé rétt, en sú gamla röng.

Þá talaði hv. þm. (MJ) um þá hlutdrægni, sem ég hefði sýnt við ráðningu stöku manna á varðskipin. Þar átti ég sennilega, eftir hans skoðun, að láta elzta manninn sitja fyrir eins og við setninguna í rektorsembættið. Er þá rétt að athuga einstök rök þess máls.

Þegar átti að ráða í þessa stöðu, voru það tveir menn aðrir en sá, sem ráðinn var, sem gátu komið til greina; var annar skipstjóri á Óðni, en hinn á Þór. Eins og kunnugt er, valdi ég hvorugan þeirra, heldur stýrimanninn á Óðni.

Einar Einarsson var mér kunnur að því að vera afburða sjómaður, og það var

dugnaður hans, sem vakti athygli mína á honum. Meðan verið var að byrja á smíði Ægis, veitti ég honum tækifæri til að kynna sér björgunarmál í Danmörku, Noregi, Þýzkalandi og Englandi, til að kynnast öllum aðferðum, sem notaðar væru, og öllum tækjum, sem hægt væri að koma við til björgunar á varðskipum landsins. Ég vildi, að nýja skipið yrði í einu sem bezt fallið til landhelgisgæzlu og til björgunar. Þó að annarhvor skipstjórinn, af Óðni og Þór, hefði tekið við stjórn Ægis, þá hefðu þeir á engan hátt verið betur settir fjárhagslega eða að mannvirðingum. Báðir höfðu að launum til náð hámarki því, sem lög leyfðu fyrir stjórn á varðskipum landsins. Annar þessara manna, sem reynzt hefir góðum námsmaður, Friðrik Ólafsson, var sendur utan til að nema sjómælingar, og ég efast ekki um, að hann muni reynast vel í því starfi og að það hafi verið rétt ráðstöfun.

Jóhann Jónsson skipstjóri á Óðni hafði aldrei fengið frí hjá íhaldinu, eins og nauðsynlegt er fyrir sjómenn að fá, þótt það þykist bera hag hans mjög fyrir brjósti. Það var fyrst eftir stjórnarskiptin, að þessi starfsmaður landsins fékk það frí, sem hann átti í raun og veru fullan rétt á, en undanfarnar stjórnir ekki haft nærgætni til að minna hann á. Hv. 2. þm. G.-K. bar það á fundi á Akranesi á Jóhann Jónsson og Friðrik Ólafsson, að þeir vildu, að ég væri drepinn. Síðar reyndi þessi íhaldsmaður að draga úr ummælunum með því að segja, að skipstjórarnir vildu að ég væri drepinn í pólitiskum skilningi. Ef þingmaður í næstu löndum hefði borið á menn í sömu stöðum og þessir skipstjórar eru slíkan áburð, þá hefðu þeir annað hvort tafarlaust verið reknir úr stöðum sínum eða orðið að hreinsa sig með dómi af áburði þessum. Ég fyrirleit rógberann of mikið til að hreyfa eitt hár á höfði skipstjóranna. Og þeir virðast hafa tekið sögusmettuna jafnóhátíðlega. En þegar hv. 1. þm. Reykv. er að tala um það, að skipstjórinn á Ægi sé ófær í sinni stöðu, þá er þetta að gera samanburð á starfsemi hans og skipstjórans á Óðni, sem íhaldsstjórnin dæmdi fyrir sitt leyti færastan til forustu í landhelgismálum. Ég álít Óðin og Ægi jafngóð skip til gæzlunnar. Ég álít, að Jóhann Jónsson geri sitt ítrasta til að standa vel í stöðu sinni og að hann sé að öllu samantöldu eins góður maður til starfsins eins og nokkur von var, að Jón Magnússon eða samherjar hans hefðu getað fundið til forustu á Óðni. En úr því íhaldsblöðin og íhaldsmenn eru sífellt að níðra Einari Einarssyni fyrir starf sitt á Ægi, og mig fyrir að fela honum landhelgisgæzlu, þá verður ekki hjá því komizt að segja það, sem satt er, að hann hefir síðan um mitt sumar í fyrra tekið 10—12 togara, en Óðinn 3—4. Ég hefði ekki séð ástæðu til að minnast á þetta, nema fyrir það beina tilefni, sem íhaldsmenn gefa nálega daglega, með því að bregða hinum mikla hreysti- og dugnaðarmanni, Einari Einarssyni, um, að hann standi ekki vel á verði í starfi sínu.

Ég get sagt hv. þm. Borgf. það, þótt það hryggi hann sem stjórnarandstæðing, en gleðji hann sem þingmann sjávarútvegskjördæmis, að nú eru sjómennirnir í sjávarþorpunum miklu ánægðari en áður með landhelgisgæzluna. Ég get t. d. bent honum á það, að nú er togurunum síður en áður mögulegt að veiða í landhelginni hjá Sandi og Ólafsvík, þar sem nógur fiskur er, heldur eru þeir teknir umsvifalaust, eins og t. d. Belgaum um daginn. Það er þetta, sem ég legg aðaláherzluna á, að lögin eiga að ganga jafnt yfir alla, og ég get í trúnaði sagt hv. þm. Borgf., að í ýmsum kauptúnum á landinu sunnan og vestanverðu eru sjómennirnir farnir að athuga það, hvort það sé beinlínis heppilegt fyrir atvinnuveg þeirra að hafa á þingi fulltrúa, sem hafa samúð með landhelgissvikum íslenzku togaranna. Hér suður með sjó er farið að tala um það, að togari annars þm. kjördæmisins var með breitt yfir nafn og tölu í náttmyrkri að stela fiski úr landhelginni. Og útgerðarstjórinn lét ekki skipstjórann fara, þótt sök væri sönnuð. Sami útgerðarstjóri berst fyrir því þing eftir þing, að eigendur veiðiskipa geti eftirlitslaust sent togurum sínum skeyti um, hvernig þeir geti bezt athafnað sig í landhelginni. Sjómennirnir suður með sjó, á Akranesi og Snæfellsnesi taka líka eftir því, að blöð íhaldsflokksins, sem

þeir hafa fram að þessu talið sér velviljuð, ofsækja beinlínis Einar Einarsson skipstjóra fyrir það eitt, að hann er vakinn og sofinn í að elta veiðiþjófana allt í kringum land, með þeim dugnaði og elju, að af skipi hans stendur veiðiþjófunum hinn mesti uggur, bæði nótt og dag. Gremjuyrðin í garð Einars Einarssonar eru prentuð andvörp íslenzkra landhelgisþjófa.

Ég hverf nú enn að setningu Einars H. Einarssonar sem skipstjóra á varðskipið Ægi. Hafa íhaldsmenn mjög vítt þá ráðstöfun, og það einkum af því, að Einar hafi ekki gengið í skóla fyrir sjóliðsforingja í Danmörku eins og skipstjórarnir á Óðni og Þór. En þessir menn láta um slíka hluti næsta fávíslega, því að það er alkunna, að mælt á erlendum mælikvarða er sjóliðsforingjamenntun Jóhanns P. Jónssonar og Friðriks Ólafssonar í svipuðu hlutfalli við skólagöngu foringjanna á „Fylla", til að taka það dæmið sem næst er, eins og smáskútuprófið íslenzka við meira próf stýrimannaskólans. Nú vil ég spyrja, hvort hv. þm. Borgf. áliti, að betra væri að hafa sjóliðsforingja af „Fyllu" fyrir skipstjóra á „Óðni" heldur en Jóhann P. Jónsson. Nú hafa hv. þm. Dal. og fleiri ámælt „Fyllu" fyrir slælega landhelgisgæzlu, þrátt fyrir það, að henni stýra menn, sem hafa að baki margfalt meiri skólagöngu en Jóhann P. Jónsson. Ég skal ekki fara út í það hér, hve réttmætar þær ásakanir eru, en þær sýna, að próf og skólaganga foringjanna á dönsku skipunum er, að dæmi íhaldsmanna, ekki einhlít til góðrar landhelgisgæzlu hér við land.

Fyrir mér vakir hið sama um varðskipin og um skólana: að hinir dugleg-ustu og kröftugustu hafi þar forustu. Þeir skipstjórar, sem mestan dugnað og árvekni sýna í því að elta og taka innlenda og erlenda togara, eiga að vera foringjar á þessum skipum. Og reynslan er farin að sýna, að mér hefir ekki að þessu leyti mistekizt val á manni til forustu á Ægi. Einar H. Einarsson er hinn mesti víkingur á sjónum, og er það mála sannast, að innlendir landhegisbrjótar fara ógjarnan í landhelgina nú orðið, nema þeir viti með loftskeytum frá eigendum sínum, að Ægir sé ekki á næstu slóðum.

Mér finnst það miðlungi heiðarlegt af hv. þm. Borgf. að vera að lepja hér slúðursöguna um reykháfinn í Firði. Einar Einarsson liggur ekki á liði sínu, og ef bornar eru saman dagbækur „Óðins" og „Ægis" fyrsta starfsár beggja, mun koma í ljós, að „Ægir" hefir sizt legið meira í höfnum heldur en „Óðinn", sem íhaldið lætur þó óátalinn með vinnubrögð sín, eins og líka er rétt. En það sama réttlæti mætti gjarnan ná til „Ægis" líka.

Sumir sjómenn setja það út á Einar H. Einarsson, að hann fari ekki inn á skemmtilegar hafnir, þar sem hægt er að koma upp dansskemmtunum. E. H. E. var ekki sendur til að skjóta niður reykháfinn, og ef hann hefir gert það, hefir hann ekki að neinu leyti gert það á kostnað skyldustarfs síns, landhelgisvarnanna. (PO: Svo þetta var þá ekki slúðursaga! — SvÓ: Jú, að „Ægir" hafi verið sendur til þess). Íhaldsmenn bjuggu til þá lygasögu, að „Ægir" hefði ekki komizt til strandstaðar „Þórs" í tæka tíð, af því að hann hefði verið að skjóta niður reykháfinn í Firði. En sannleikurinn er sá, að Ægir lá í ofviðri inni á Mjóafirði, er strandið bar að höndum. „Óðinn" var undir Ingólfshöfða og greindi eigi skeyti þau, er honum voru send héðan um kvöldið, og á Mjóafirði heyrðust skeytin ekki fyrr en undir dögun. Var með öllu óhugsandi að fara á móti veðri þá nótt, en þó var farið af stað á vettvang strax um morguninn.

Hv. 1. þm. Reykv. kom að læknamálinu og talaði um veitingu Keflavíkurhéraðs. Ég get verið stuttorður um það mál. Hér stendur deilan um hið sama og víða annarsstaðar: gömlu og ungu mennina. En fólkið er nú svona hlálegt, að það treystir ungu læknunum betur. Það er sama sagan og um prestana. Ungu prestarnir bera nálega ávallt sigur af hólmi í baráttu við gömlu prestana. Læknarnir hafa ekki ennþá getað sætt sig við, að hið sama gangi yfir þá. Þeir hafa ekki getað sætt sig við, að maður, sem er farinn að þreytast og stirðna í sinni mennt, verði að þoka fyrir öðrum með óslitnum kröftum

og meiri menntun. En þetta er að verða hin almenna skoðun fólksins. Út af þessu hafa gömlu læknarnir orðið óánægðir og gert hin ólíklegustu mannskemmdaverk, sem reynslan er að vísu þegar búin að sýna, að urðu þeim til lítillar gleði. Gömlu læknarnir geta ekki hugsað sér þann möguleika, að fólkið hafi vaxandi áhrif á veitingu læknisembætta. Þeim ætti þó að vera ljóst, að hér í Reykjavík krefst almenningur þess, að ráða hvaða lækni hann notar. Hér er stórt sjúkrasamlag, þar sem fólk fær læknishjálp fyrir borgun úr félagssjóði. Nú myndi náttúrlega verða ódýrast að semja við einn lækni eða tvo um þessa hjálp. En það er þýðingarlaust; fólkið heimtar að ráða, hvaða lækni það notar. Einn vill hafa þennan og annar hinn, og sjúkrasamlagið verður að borga hvaða lækni sem er, sem einhver félagsmaður vill nota. En þessir sömu læknar álíta þó, að fólk eigi engu að ráða um val á lækni, sem það verður ef til vill að sitja uppi með í mannsaldur.

En fólkið vill nú einu sinni hafa ungan lækni. Af þeirri orsök stafaði mótþróinn í Árnessýslu gegn Gísla Péturssyni, sem þó er ágætismaður og prýðilega að sér sem læknir. Í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu réði fólkið vali á læknum sínum í tíð íhaldsins, þeim Kristjáni Arinbjarnarsyni og Jónasi Sveinssyni, en ekki þorði læknaklíkan í Rvík að rísa upp, af því að íhaldsstjórn lét að óskum fólksins. Þar var safnað undirskriftum alveg eins og í Dölum, Seyðisfirði og Stykkishólmi. En í haust bannaði Læknafélagið Helga Guðmundssyni að þiggja undirskriftir héraðsbúa í Keflavíkurhéraði og sækja um héraðið. Ég er hissa á því, að hv. 2. þm. G.-K. skuli ekki hafa reynt að safna undirskriftum fyrir Jónas Kristjánsson. Guðm. Hannesson reyndi að fá oddvitaundirskriftir og tókst ekki. Þannig gerði formaður læknaklíkunnar sig alveg sérstaklega hlægilegan, með því að ætla að reyna að fleyta „dvergnum“ (því að svo nefndi hlutaðeigandi persóna sig á fjölmennum fundi á Hólum í Hjaltadal) inn á undirskriftum, þar sem barátta læknaklíkunnar gengur öll út á að hundsa vilja fólksins um læknaval.

Ég get sagt hv. 1. þm. Reykv. það, að þrátt fyrir þá gleði, sem uppreisn læknanna hefir vakið í herbúðum Íhaldsflokksins, hljóta læknarnir að bíða ósigur að lokum. Gamla stefnan er á undanhaldi, og niðurstaðan verður sú, að fólkið ræður læknum sínum. Það gæti hugsast, að á einhverju íhaldstímabili væri hægt að setja inn lækni að fólkinu nauðugu, en það verður erfiðara hér eftir en hingað til. Um þetta mál verður meðal annars barizt við næstu kosningar, og þá sér hv. 1. þm. Reykv., hve vel hans stefna er þokkuð meðal kjósenda landsins.

Þá vil ég snúa mér ofurlítið að hv. þm. Borgf. Eins og venjulega var allt hans skraf upptalning á litlum hlutum. Fyrir ekki alllöngu hitti ég einn íhaldsleiðtoga, sem sagt er, að flokkur hv. þm. ætli að setja í virðuglegt sæti við landskjörið. Hann sagði: „Af hverju er þingið að eyða tíma í að deila um 1000 kr. styrk handa einhverjum fátækum námsmanni? Það kostar þingið meira að deila um slíkar fjárhæðir en veita þær orðalaust, og það er ekki fyrir aðra en grútarháleista, að vera að gera veður út af slíku“. Ég segi frá þessu til að sýna, að jafnvel innan flokks hv. þm. Borgf. er óbeit á þessari framkomu hans.

Hv. þm. var að spyrja um það, hví ekki væri búið að leggja niður embætti fræðslumálastjóra. Það er mín tilætlun að færa það út, en ekki leggja það niður, og nú liggur fyrir frv. um þessa útfærslu, sem ég vona að verði að lögum á þessu þingi. Alveg eins og nýir verkfræðingar hafa verið teknir til aðstoðar við ýmsar framkvæmdir hins opinbera við símann, við vegagerðir og hafnarbætur, eins hefir stjórnin leyft sér að taka einn mann um stundarsakir til að hafa eftirlit með skólum o. fl., sem lögum samkvæmt lágu utan við verksvið fræðslumálastjórans. Þessi maður lætur sennilega af þessum starfa sínum eftir nokkra mánuði og tekur ákveðið kennarastarf.

En fjandskapur íhaldsins gegn Sigurði Einarssyni stafar vafalaust af því, að hann bauð sig einu sinni fram til þings á móti mínum heittelskaða vini, hv. þm. Barð. Ég var nú eiginlega helzt á móti því, að Sigurður Einarsson gerði

þetta, því að mig hefði tekið það afarsárt, að missa hv. þm. Barð. úr þinginu! En þó verður að viðurkenna það, að það er ekki lítið hrós fyrir jafnungan mann og Sigurð Einarsson, að hann skyldi ekki vanta nema 40 atkv. til að fella langsamlega bezta mann íhaldsflokksins! (Hlátur). Ég játa, að íhaldsmönnum sé nokkur vorkunn, þó að þeir hafi orðið hræddir um hv. þm. Barð. í kosningasennunni. En það stríð eiga þeir að útkljá á hinum pólitíska leikvelli, en ekki færa það yfir í uppeldismálin.

Þá minntist hv. þm. Borgf. á utanfararstyrkinn til Stef. Jóh. Stefánssonar. Þessi maður fór utan í erindum dómsmálaráðuneytisins til að vinna að lögfræðilegu máli fyrir landið, máli, sem hefir meiri þýðingu en sem svarar þingsetu hv. þm. Borgf. í eitt eða tvö ár. Þá taldi hv. þm. einnig eftir rannsókn á kvikmyndalöggjöf annara þjóða. Veit hv. þm. ekki, að hér á landi er skattur á kvikmyndasýningum 10%, en í Danmörku 40%? Veit hann ekki, að fyrir meðhald íhaldsins með eigendum kvikmyndahúsanna og fáfróðra manna um þessi mál erlendis, skaðast þjóðin um tugi þúsunda á hverju ári fyrir að hafa ekki nægilega þekkingu á löggjöf nábúaþjóðanna um kvikmyndahús. Er betra að hafa vanþekkingu og skaða en þekkingu og peninga? Það er hvorki mér að kenna né manni þeim, er kynnti sér þessi efni, þó að við förum ekki að hætti siðaðra þjóða í þessum málum enn sem komið er. En með frv. því, sem nú liggur ur fyrir Ed. um kvikmyndalöggjöf, er réttur hins opinbera tryggður eftir því sem unnt er, bæði skattahliðin og uppeldisaðhald að kvikmyndahúsunum.

Þá vék hv. þm. sér að hestahaldi og bílum stjórnarinnar. Hann talaði aldrei um þessa útgjaldaliði hjá hv. þm. Dal. eða Jóni heit. Magnússyni, sem borgaði þó 4000 kr. fyrir lán á bíl handa konunginum í þá daga. Landið hefir nú átt bíl í 2 ár og ætlar nú að selja hann og fá annan nýjan, eins og hinar reyndustu bifreiðaútgerðir gera. Verðmunurinn á gamla og nýja bílnum verður lítið meiri en það, sem Jón Magnússon gaf fyrir leiguna á konungsbílnum. Og hinn nýja bíl á að nota handa konungi landsins nú við hátíðahöldin í vor.

Hv. þm. kallaði það eyðslu, að landið ætti bíla. En hvernig stendur á því, að „Kveldúlfi“ þykir ekki borga sig að nota leigubíla, heldur kaupir sér bíla, og það marga? Þó að „Kveldúlfur“ sé voldugur í augum eigenda sinna, þá virðist þó sjálft ríkið vera stærra fyrirtæki, sem hefir fleiri hugsmuna að gæta.

Hv. þm. Borgf. var að telja það eftir, að hæstv. fjmrh. hefði farið í sumarfrí norður í land í sumar í bíl, sem landið á. Ég get frætt hv. þm. á því, að hann tók með sér í þessa ferð hinn merkasta íhaldsmann úr Borgarfirði. Sést á þessu, að Framsókn ann andstæðingum sínum að njóta með sér þessara tímanlegu gæða. En hvernig stendur á því, að það má aldrei gleðja íhaldsmenn? (Hlátur). Ég skal annars taka það fram, að mér líkar ágætlega við þennan borgfirzka íhaldsmann í menntamálum, og miklu betur en við hv. þm. Borgf., enda er hann í þeim efnum ekki á marga fiska.

En svo ætla ég að segja hv. þm. frá því, sem ég býst við að honum þyki sízt betra heldur en þessi ferð vestur í Dali, en það er, að nú í sumar lítur út fyrir það, ef heilsan leyfir, að ég verði alltaf öðru hvoru að þeytast með Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, til þess að sjá, hvernig gamla fjósið í Reykholti frá íhaldstímanum breytist smám saman í glæsilega byggingu til menningarbóta fyrir Borgfirðinga og Mýramenn; það verður sennilega mikill straumurinn í kjördæmi hv. þm. af verkfræðingum, múrurum, smiðum o. fl., það verður líklega farið með nokkra tugi króna í þau ferðalög, þó í stjórnarráðsbílum sé, eða væri kannske betra að kaupa alltaf leigubifreiðar?

Þá hafa smjörbúin austanfjalls ekki kostað svo lítið í eftirlitsferðum, sérstaklega ef alltaf hefðu verið keyptar leigubifreiðar. Það er líka mjög auðvelt að hanga 2—3 ár í ráðherrasæti og gera ekki neitt, nota ekki bíla, ferðast hvorki á sjó eða landi, ef landsstjórnin situr eins og dauður hlutur í stjórnarráðshúsinu, eins og íhaldið gerði, og helztu lífsmerkin að veita Shell sérleyfi, eða að lesa „Mann-

inn frá Suður-Ameríku". En þegar á að byggja stórbyggingar úti á landi, þá kostar það eftirlit, það kostar hreyfingu, og þess vegna getur það orðið ákaflega dýrt fyrir landið, ef stjórnin eða starfsmenn hennar hefði þurft að ferðast í leigubifreiðum vegna eftirlits og stjórnar á þeim mörgu mannvirkjum, sem landið hefir látið vinna að undanfarin tvö sumur. Þess vegna er komið svo, að ég er viss um það, að þegar íhaldsmenn komast næst til valda, og þeir vonast eftir að það verði ekki svo afskaplega langt þangað til, er mér óhætt að hugga hv. þm. með því, að þeir muni þá sjálfsagt taka upp mína stefnu í þessu máli. Það getur vel verið, að þeir bílar, sem ég hefi nú, verði þá orðnir gamlir og slitnir, en þeir verða þá sjálfsagt seldir og aðrir keyptir í staðinn.

Það er ekki hægt að lasta hv. þm. fyrir það, þótt hann sé dálítið utan við hið nýja líf í landinu. En flokksbræður hans kaupa sér bíla án þess að spyrja hann, auðvitað af því þeir telja, að það borgi sig sig. Ég held t. d., að „Kveldúlfur" eigi eina fimm, og allir helztu íhaldsbroddarnir hér í bæ eiga sína bíla sjálfir, og þeir álíta þetta ágæta búmennsku fyrir sig! Ég þekki engan íhaldsforkólf hér, sem stendur á því úrelta menningarstigi, sem ræða hv. þm. Borgf. ber vott um í þessu efni.

Hv. þm. hefir mikið tekið til þess, að það var farið vestur í Dalina í vor á varðskipi til þess að opna Staðarfellsskólann sem sjálfseignarstofnun. Ég get nú sagt hv. þm. það, að erindið skipti alls ekki svo litlu máli; það var um eitthvað 200 þús. kr. að ræða, nl. Staðarfellseignina og Herdísarsjóðinn til samans, og það var ekki lítils virði fyrir landssjóð, að þessi mikli sjóður fór nú að starfa sjálfstætt, í stað þess að áður varð að kosta skólann af ríkisfé. Það sparast mikið fyrir ríkissjóð með breytingunni, a. m. k. samanborið við það, sem Þórarinn á Hjaltabakka, hinn ágæti formaður skólanefndarinnar á Blönduósi, eyðir í skólann þar. Við vorum saman komnir nokkuð margir á Staðarfelli við þessa athöfn, þar á meðal hv. þm. Dal., hv. 1. þm. Reykv., ýmsir rithöfundar og skáld, og mikill fjöldi fólks úr Dölum, sem þótti þetta hátíð mikil. Með þessari ferð var byrjað að gera nothæfa eign fyrir almenning, sem minnst má virða á 200 þús. kr., eign, sem flokksm. hv. þm. vildu helzt að væri ónotuð. (HK: Hvaða peningar voru það?). Það var Herdísarsjóðurinn og gjöf Magnúsar á Staðarfelli, sem var sett þarna í hreyfingu. Ég veit, að hv. þm. Barð. er okkur gramur fyrir að gera þetta, og líklega hans hátign konunginum fyrir að samþykkja þessa ráðabreytni. (HK: Við skulum ekki skrökva á hans hátign).

Þá talaði hv. þm. næst um ýmsar nefndir, sem myndu verða landinu nokkuð dýrar, en hæstv. forsrh. hefir svarað því atriði, svo að ég get gjarnan sleppt því. En ég vildi aðeins segja hv. þm. það, að á hans ungu dögum hér á þingi var veröldin svo kátleg, að þá var nefnd sett á stokkana, hin fræga fossanefnd, sem kostaði landið um 80000 kr., og hvað kom svo upp úr henni? Eitt frv., sem eftir mikla baráttu var loks samþykkt á þinginu, en samning þess kostaði mikið brauk og langa og dýra nefndarfundi, sem tveir eða þrír af flokksbræðrum hv. þm. sátu í, alveg óátalið af honum í mörg ár. (PO: Það kemur að góðu liði, þegar farið verður að virkja). Það er satt. En þá játar þm., að gagn sé að nefndum, og jafnvel leggur blessun sína yfir 80 þús. kr. reikning, aðeins ef meiri hluti fjárins rennur til flokksbræðra hans.

Þá var hv. þm. ósköp óánægður út af kirkjumálanefndinni. Ég, satt að segja, tek það ekki mjög nærri mér, þótt einhver sending til mín frá nefnd sé í vanskilum. Ekki get ég borið ábyrgð á því, þótt sending til mín liggi í vanskilum, þegar ég er rúmfastur heima. Ég held annars, að það hafi verið svo, að hinn góði form. nefndarinnar, sóknarpresturinn á Akranesi, hafi látið vélrita nokkur frv. og senda til mín. En þessi frv. sendi ég svo til konungsins, í þeim tilgangi, að þau yrðu lögð fyrir þingið. Hv. þm. fær að sanna það, að þau 8—9 frv., sem kirkjumálanefndin hefir gert, hafa inni að halda margar stórmerkar nýjungar, enda er það í fyrsta sinn á aldarfjórðungi, að íslenzkir prestar fá tækifæri til að bera fram áhugamál sín um skipulag

kirkjunnar fyrir Alþingi. Ég geri ráð fyrir, að það beri mikið á ávöxtunum, því að það er í þessum frv. mikið af hugmyndum, sem sennilega í meira eða minna breyttu formi verður ekki aðeins að lögum, heldur að veruleika í þjóðlífi Íslendinga á næstu árum. Þess vegna held ég líka, að það verði ekki neinn sérstakur fram fyrir hv. þm. að vera að berjast á móti þessu, úr því að landið kostar mörgum hundruðum þúsunda árlega til þess að halda uppi íslenzkri þjóðkirkju, guðfræðikennslu við háskólann, til að byggja yfir presta, koma upp kirkjum og kirkjugörðum, því að ég hygg, að hinar gætnu og framsýnu tillögur nefndarinnar geti sparað á einu meðal prestsíbúðarhúsi þessar 8000 krónur, sem hv. þm. er að telja hér eftir. En ég veit, að hv. þm. vill heldur halda áfram að borga mörg þúsund árlega að óþörfu fyrir eitt prestshús, ef það væri ekki gert af nokkru viti, heldur en ef það hefði verið byggt eftir hagsýnni athugun. Því að það er ólán þessa hv. þm., að þótt hann sé vel viti borinn, þá er honum þó mjög illa við, að þekkingin og vitið fái að njóta sín í þjóðfélaginu.

Þá ætla ég að minnast svolítið á snattferðir varðskipanna, sem íhaldið nefnir svo. Já, það er ekki álitlegt með þau. En ég ætla aðeins að benda á það, að þessi spilling virðist hafa haldizt við nokkuð lengi. — Fyrsta haustið, sem Óðinn var hér, fóru þrír menn vestur í Dali, tveir þeirra til að spilla fyrir kosningu þriðja mannsins, sem nú er þm. kjördæmisins, en þriðji maðurinn fór til þess að vinna kjördæmið. Svo þegar þeir komu aftur að vestan, þessir pólitísku andstæðingar, er Óðinn, nýsmíðaður, sendur upp í Borgarnes, til þess að taka íhaldsráðherrann, hv. 3. landsk., og hann þá svo göfuglyndur að bjóða núverandi forsætisráðherra með sér í þessa snattferð með varðskipinu. Þessi baktería var m. a. s. smogin svo djúpt í þann saklausa íhaldsflokk, að hv. 1. þm. Skagf. bauð jafnvel Brynleifi Tobíassyni norður í Skagafjörð með sér á varðskipinu um þetta leyti. Það var svo sem ekki nóg með það, að þessir menn væru að hjálpa sér sjálfir, heldur taka þeir líka aðra menn með sér. Meðan íhaldið sat við stjórn, greip það stöðugt til varðskipanna til að flytja menn og jafnvel dauða hluti hafna milli. Þannig var Þór eitt sinn látinn fara með íhaldsblaðapakka af Akureyri til Svalbarðseyrar handa Birni Líndal. En þá voru óhollir straumar við ströndina, og skipið rakst á eitt síldarbólverkið og braut það nokkuð,

En nú skal ég segja hv. þm. það, að það er alveg áreiðanlegt, að hvaða stjórn sem verður, notar varðskipin svipað því, sem gert hefir verið, nema máske ekki til að flytja póst til einstakra íhaldsgæðinga, bæði til að draga önnur skip, flytja veika menn á milli hafna, flytja sjómenn til og frá verstöðvum eða starfsmenn landsins, sem fara í opinberum erindum. T. d. í vetur slasaðist Hinrik læknir Erlendsson á Hornafirði í embættisferð. Hann lá í þrjár vikur heima hjálparlaus; þá var símað til landlæknis og svo sendi ég skip eftir honum og hann var lagður á sjúkrahús hér og skorinn upp; nú fer hann væntanlega heim í maí og tekur aftur við embætti sínu og verður þá orðinn fullhraustur. Var það rétt eða rangt að gera þetta? Var það rétt af því, að hann var embættismaður, eða var það rétt undir vissum kringumstæðum, hefði þetta verið embættislaus maður? Fyrir skömmu var embættislaus maður á Ísafirði að kafna, vegna þess að ígerð í hálsinum þrengdi mjög að barkanum, en það var álit manna, að læknar hér gætu hjálpað honum, og Óðinn var sendur eftir manninum. Maðurinn dó, en þessi tilraun var samt gerð. Nú í vetur hringdi hv. 3. landsk. til skrifstofustjórans á 1. skrifstofu, segir, að það liggi maður dauðvona norður á Sauðárkróki og spyr, hvort ekki mundi hægt, að varðskip hjálpaði syni hans til að komast frá Siglufirði til Sauðárkróks. Það var gert. Ég get líka sagt það, að í vetur hefi ég með beztu samvizku flutt og sótt minn kæra vin, hv. þm. Barð., vestur í Haga líklega í þrjú skipti. Hv. þm. Borgf. skammar mig kannske fyrir þetta og telur það óþarfa eyðslu, en mér finnst rétt að gera þetta. Ég held líka, að Þórarinn á Hjaltabakka hafi verið sóttur og fluttur tvisvar eða þrisvar sinnum norður á Húnaflóa. Það hefir ekkert verið skammazt út af því í Mgbl., en þegar Þór strand-

aði í vetur, er hann flutti tvo framsóknarmenn úr milliþinganefnd, þá gaf Mgbl. í skyn, að tilgangur minn myndi hafa verið sá, að stytta aldur allri skipshöfninni á Þór. Ég hygg, að hvergi á landinu sé nokkur verulegur hluti af kjósendum jafnaumur og litt hugsandi um þessi mál. Borgarar landsins vita, að í fjölmörgum tilfellum verður að nota varðskipin til að flytja heilbrigða og sjúka, embættismenn og embættislausa menn milli hafna með varðskipum landsins. Hv. þm. verður að gæta þess, að fólkið við sjóinn veit og viðurkennir, að landhelgisgæzlan kringum allt land hefir aldrei verið betri en nú, og réttilega eða ranglega þakkar það stjórinni þetta. Af þeim ástæðum þýðir ekkert fyrir hv. þm. að látast vera reiður við stjórnina fyrir vanrækslu í þessu efni. Almenningur við sjóinn misskilur ekki aðstöðu flokkanna til landhelgismálsins. Þing eftir þing hefi ég beitt mér fyrir því að koma á eftirliti gegn misnotkun loftskeyta til að hjálpa íslenzkum togurum að sleppa úr landhelginni. En slíkt frv. fellir hv. þm. með glöðu geði til að þóknast eigendum Kveldúlfs, Belgaum o. s. frv. Þetta er mál, sem vegur meira í sjávarþorpum kringum land heldur en þótt Óðinn eða Ægir sé sendur í ferð til Hornafjarðar með skólapilta eða mann vestur á Patreksfjörð, sem á að taka við af Einari Jónassyni. Hv. þm. Borgf. má vera þess fullviss, að með yfirhylmingu sinni með landhelgisbrotum ísl. togara, sem stýrt er inn í landhelgina með dulmálsloftskeytum, hefir Íhaldsflokkurinn sýnt heilindi sín í landhelgismálinu.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 25. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurður Eggerz: Það eru einkennilegir tímar, er við lifum á.

Er ég kom hér niður á þing í dag, þá vatt maður sér að mér, er ég þekki, og hvíslaði að mér: „Heldurðu ekki, að það sé rétt, Sigurður minn, að depla góðlátlega augunum framan í hverja spillingu, sem er í meiri hl. í landinu“. Ég hvesti augun á manninn. En svipurinn var svo þýður og vingjarnlegur, svo að ég deplaði augunum góðlátlega framan í hann, og með óminn af þessari einkennilegu lífsspeki í eyrunum kem ég hér nú í eldhúsið.

Tíminn 22. marz segir, að ég skríði fyrir Dönum þegar á liggi. Er hér sjálfsagt átt við póstsjóðslánið, sem ég náði samningum um við Dani. Áður en þeir samningar fengust, var mikið um það rætt, hve mikil hætta væri fyrir Íslandsbanka, að hægt væri að heimta þetta fé fyrirvaralaust. Voru þessar aths. að vísu réttar. Ég fór tvær ferðir til Danmerkur í þeim erindum að semja um lánið. Er samningarnir svo fengust með ágætum kjörum, þá minnist ég ekki, að nokkur yrði til þess að þakka, hve vel þetta hafði tekizt. En er tímar liðu fram, var málið tekið upp, ekki til þess að þakka mér, heldur til þess að ámæla mér fyrir, að ég hefði fengið hina góðu samninga með því að skríða fyrir Dönum. Löngunin til þess að hefna sín á mér var ríkari en viljinn til þess að viðurkenna það, ef einhverjum tekst að vinna gott verk fyrir þjóðina.

Svo ekki meira um það.

Í sama blaði Tímans er rætt um grein hæstv. dómsmrh., sem birtist í Tímanum 15. febr. og ræðir um sambandið milli Íslands og Danmerkur. Segir Tíminn, að grein þessi hafi vakið hina mestu eftirtekt í Danmörku, og er mjög svo kampakátur yfir henni.

Þessi grein er þannig vaxin, að á hana verður að minnast. Það er sízt að furða, þó að stjórnarblaðið sé hreykið yfir þessari grein. Með boðskap þeim, sem hæstv. dómsmh. flytur sambandsþjóðinni í grein þessari, er íslenzka þjóðin snoppunguð.

Og þessi snoppungur stj. á sína eigin þjóð þýtur um öll dönsku blöðin, þaðan gegnum Evrópublöðin og víða. Eftir því, sem Tíminn skýrir frá, þá má ætla, að í Danmörku sé þessi grein skoðuð sem manna, fallin af himnum niður.

Sögulegur inngangur er að greininni, og skal hann ekki rakinn.

Ekki get ég þó stillt mig um að taka hér upp lýsingu á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar:

„Danir beittu á þessum tímum venju-

legum vopnum þess sterka, en Íslendingar sóttu á með úrræðum hins veika.

Skorti ekki á af hálfu Íslendinga stóryrði og sífelda tortryggni í garð Dana, sem venjulega reyndust þó þróttlítil þar til verulegra átaka kom ....".

Hér er hæðst að Íslendingum, samúðin öll Danamegin.

Höfundur segir, að viðhorfið hafi breytzt eftir 1918. Danir höfðu viðurkennt þjóðfrelsi Íslendinga og þeir vildu standa við samninginn.

„Fyrir mörgum meðal hinna beztu manna í landinu mun hafa vakað sú hugsun, að þessar tvær frændþjóðir mundu geta lifað um langa stund við það jafnrétti, sem fengið væri með þeim breyt., sem reynslan sýndi, að við þyrfti".

Engum dylst, að hæstv. ráðh. hefir samúð með því, að Íslendingar og Danir lifi um langa stund við það jafnrétti, sem þeir hafa fengið.

En íhugið stjórnarboðskapinn um jafnréttið.

Knútur Berlín viðurkennir, að það sé ekkert jafnrétti fólgið í því, að þjóð, sem er 4 millj. að íbúatali, hafi ábúðarrétt í landi voru, þó vér, 100 þús. menn að tölu, höfum sama rétt í Danmörku.

Danir fara með utanríkismál vor, en vér ráðum engu um þeirra.

Er það jafnrétti?

Er Knútur Berlín sanngjarnari í vorn garð en hæstv. dómsmrh.

Greinin verður alltaf þyngri og þyngri í garð okkar Íslendinga.

Hæstv. ráðh. segir enn í greininni:

„Leið svo, að ekki bar til tíðinda, þar til Morgunblaðið og einstöku stjórnmálamenn nátengdir því hófu, að því er virðist tilefnislaust, einskonar herferð á móti Dönum, og var tilefnið það, að Danir sætu á svikráðum við frelsi landsins og vildu í verki innlima íslenzku þjóðina í danska ríkið. Menn eins og Sig. Eggerz, þegar hann átti sæti í landsstj., hafði umyrðalaust fyrir landsins hönd haft yfirumsjón landhelgisgæzlunnar, er dönsk skip framkvæmdu, ritaði nú hverja ádeilugreinina á fætur annari út af hinu samningsbundna starfi varðskipanna hér við land. Vinna varðskipanna hér við land var alveg hin sama 1922—1924 eins og 1927—1929. En á síðari árum var Sig. Eggerz farin að nota íslenzkt utanríkismál sem kosningabeitu, og að því stafaði hið breytta viðhorf".

Er því svo slegið föstu, að Sig. Eggerz og Ól. Thors hafi viljað nota viðhorfið til dönsku þjóðarinnar sem æsingamál innanlands.

Sagnritun hæstv. dómsmrh. er mjög einkennileg.

Rétta frásögnin af þeim viðburði í lífi þjóðarinnar, sem dómsmrh. virðist eiga við, er sá, að 1. des. 1927 vakti ég eftirtekt á því í mjög hógværri ræðu, er ég fyrir hönd stúdenta flutti af svölum Alþingishússins, að tími væri kominn til þess að festa augun á fyrirheitinu í sambandslögunum um uppsagnarréttinn.

Smátt og smátt var þessu máli veitt meiri eftirtekt.

Á þinginu 1928 lýsti stj. sú, sem dómsmrh. á sæti í, yfir því, að hún vildi vinna að því hjá þjóðinni, að hún segði upp sambandslögunum á hinum tilsetta tíma. — Lagði þing og stj. í einu hljóði samþykki sitt á uppsögnina. Í ræðu þeirri, sem ég hélt í þinginu og tilefni gaf til svars stj., rökstuddi ég eins itarlega og ég gat nauðsynina á uppsögninni. Benti þar á meðal á þá hættu, sem stafaði af þeim réttindum, sem Danir hafa hér á landi, en í þessu fólst auðvitað engin árás á dönsku þjóðina.

Í yfirlýsingu þeirri, sem stj. gaf þinginu, öll stj., dómsmrh. þá einnig, var fallizt á þá pólitík, sem ég hafði borið fram.

En því er þá dómsmrh. að klaga fyrir Dönum? Því er hann að afsaka?

Allir vita, að þetta mál var ekki tekið upp vegna haturs og óvildar til dönsku þjóðarinnar, heldur af óbilandi trú allra þjóðrækinna manna á það, að þjóðin íslenzka yrði að eignast sitt eigið land kvaðalaust. Því er verið að leita að öðrum ástæðum en þeim sjálfsögðu alísl. ástæðum fyrir þessu alíslenzka máli? Hve óviturlegt væri að prédika hatur og andúð gegn hinni hámenntuðu sambandsþjóð vorri. Hitt er annað mál, að vér munum jafnan fjandskapast gegn hinum danska yfirráðaanda, hvenær sem hann rekur höfuðið upp. Og íslenzkir menn mega ekki blása lífi í þann anda. Því mun aldrei fylgja gifta.

Inn í aðalmálið fléttar svo hæstv

dómsmrh. landhelgisgæzlunni. Talar um greinar, sem ég hafi skrifað um hana. Veit þó, að ég hefi ekki skrifað þessar greinar, þó sammála hafi verið efni þeirra.

Annars lét ég mér ekki síður annt um landhelgisgæzluna hið fyrra tímabil, sem hæstv. ráðh. talaði um, heldur en hið síðara. Lagði á fyrra tímabilinu grundvöllinn undir íslenzku landhelgisgæzluna. Fékk Dani til að falla frá skoðun sinni um það, að hér mætti aðeins vera ein landhelgisgæzla undir þeirra forustu. Hefi áður skýrt frá þessu; endurtek það ekki.

Það er rauði þráðurinn í boðskap hæstv. dómsmrh., að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið grundvallaður á óvildinni til Dana.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa upp meginatriði úr stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins:

„Að vinna að því og undirbúa það, að Ísland taki að fullu öll sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda".

Hvar gægist nú fram óvildin til Dana í þessari stefnuskrá?

Hefir danska þjóðin ekki lagt samþykki sitt á, að sambandinu yrði slitið eftir 25 ára tímabil, ef viljinn til þess væri nógu sterkur hjá Íslendingum?

Er það að fjandskapast gegn sambandsþjóðinni að gera það, sem hún hefir lagt samþykki sitt á?

Ég get ekki komizt hjá því að minnast á skýrslu, er hæstv. ráðh. gefur í þessari grein um fund, sem sambandslagan. átti síðastl. sumar í Khöfn. Ég mun ekki ræða þá fudargerð alla, minnast aðeins á eitt atriði, er mér þykir merkilegt. Segir svo í greininni: „En er leið að fundarlokum, kvaddi Kragh fulltrúi vinstrimanna sér hljóðs og óskaði eftir, að fram kæmu frá hálfu Íslendinga skýringar á því, hvað Danir hefðu gert á hluta Íslendinga, sem hefði þurft að leiða til þess, að heill landsmálaflokkur væri myndaður á Íslandi með nafni og stefnuskrá, sem benti til þess, að nokkrum hluta Íslendinga þætti líklegt, að Danir væru að innlima landið pólitískt, fjárhagslega eða menningarlega".

Er það virkilega rétt, að jafn merkur stjórnmálamaður og Kragh fyrrv. innanríkisráðherra, hafi verið að skipta sér af því, hvaða nafni íslenzkur stjórnmálaflokkur kallaði sig? Ekki mundi Dönum líka, að vér færum að blanda oss inn í, hvaða nöfn flokkar þeirra bæru. Eina fyrirspurn vil ég bera fram til hæstv. stj. í sambandi við þetta: Er það eftir kröfu, sem komin er frá danskri hlið í sambandslagan., að hæstv. stj. og flokkur hennar kallar Sjálfstæðisflokkinn alltaf Íhaldsflokk?

Er sjálfstæðisflokksnafnið svo íslenzkt, að það hljómi illa í dönskum eyrum? Er skýringin nú komin á því óskiljanlega, að sjálf ríkisstj. uppnefnir aðalandstæðingaflokk sinn?

En mikill veraldarinnar auðmingjaskapur er að taka danska kröfu eins og þessa til greina.

Ég held, að hæstv. stj. ætti nú að reyna að gera nýjan snúning til að losa sig undan þessum grun, og kalla nú flokkinn héðan af réttu nafni.

Í tilvitnuninni, sem tekin er upp hér að framan, er spurt um, hvað Danir hafi þá gert á hluta Íslendinga, svo að heill flokkur taki sér ofangreint nafn.

Segir hæstv. ráðh., að lítið hafi orðið úr svörum hjá hinum íslenzku nm., og standa þau ummæli fyrir hans eiginn reikning. Sjálfur segist ráðh. hafa sagt, að í sambandslögunum felist „fræðilegur möguleiki" fyrir stærri þjóðina að bera hina smærri ofurliði.

Hér hefir því ekki verið haldið fram, að Danir hafi enn sem komið er notað sér ábúðarrétt sinn svo, að af því hafi stafað hætta, en þar sem hæstv. dómsmrh. segir, að í 6. gr. sé aðeins fræðilegur möguleiki til að stærri þjóðin beri hina smærri ofurliði, þá er það hin mesta fjarstæða. Það er ekki aðeins fræðilegur möguleiki, en það er praktiskur möguleiki fyrir því, að Danir geti notað þann rétt, sem þeir eiga hér samkv. sambandslögunum.

Þó danska stj. nú vilji beina væntanlegum fiskiflota Dana norður í höf annarsstaðar en til Íslands, þá getur komið stj. eftir þessa stj., sem nú er í Danmörku, sem lítur öðruvísi á málið. Hið danska einstaklingsframtak getur, án þess að spyrja stj., notað sér réttinn til

fiskveiða hér við land, sérstaklega ef fiskveiðarnar norður í höfum yrðu arðvænlegar fyrir Dani. Auðvitað yrði þá alltaf freistingin til þess að leita þangað, sem fiskimiðin eru bezt.

Hér er því um meira en fræðilegan möguleika að ræða.

Það var enginn vandi að svara Kragh, ef svara átti þessari spurningu um nafnið og annað; ekki þurfti annað en afhenda honum stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins.

Í grein hæstv. dómsmrh. segir enn:

„Einn merkur stjórnmálamaður í Danmörku segir út af pólitík Sig. Eggerz og Ólafs Thors, að það væri nýstárlegt að reyna að byggja upp pólitiskan flokk á gagngerðum ósannindum um erlenda þjóð".

Hver er þessi danski stjórnmálamaður?

Í þessu felst svo mikil móðgun við íslenzku þjóðina, að ef danskur stjórnmálamaður hefir sagt annað eins og þetta, þá hlaut æðsti maður þjóðarinnar að mótmæla slíku harðlega.

En hver var þessi stjórnmálamaður?

Þá stendur enn í grein hæstv. dómsmálaráðherra:

„Frjálsar og vel menntaðar þjóðir umgangast hver aðra með kurteisi og velvild. Ekkert þykir í milliríkjaskiptum ósæmilegra en að gera nágrannaþjóð tortryggilega".

En nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh., með hverju er hægt að gera nágrannaþjóð tortryggilega, ef ekki með því að skýra þjóðinni frá því, að stærsti stjórnmálaflokkurinn í landinu sé stofnsettur í óvild til sambandsþjóðarinnar.

Hvað mikinn fjandskap sem ríkissj. elur í brjósti til andstæðuflokksins, má ekki láta þeirrar óvildar gæta út á við í jafn ríkum mæli og hér virðist hafa átt sér stað.

Það er blátt áfram óskiljanlegt, að í stjórnarboðskapnum til nágrannaþjóðarinnar sé sagt, að andstöðuflokkur stj. sé skapaður af óvild til sambandsþjóðarinnar. Er hægt með öðru betur að blása að ófriðareldi meðal þjóðanna?

Ég hefi leyft mér að vita þessa grein. Þeir verða áreiðanlega fleiri, sem taka í sama streng.

Það stendur sannarlega margt í málgagni stj., Tímanum, sem marga rekur í rogastanz yfir.

Ég minni á lofsönginn mikla í því blaði yfir lausn bankamálsins. Ég hélt, að sá lofsöngur myndi enda með því, að skipað væri að hringja kirkjuklukkunum alstaðar á landinu í viðurkenningarskyni fyrir hið mikla starf stj. í því máli. En hve undarlegur er ekki þessi lofsöngur frá sjónarmiði þeirra, sem vissu, hvað fram fór í því máli.

Allir vita, að stj. barðist með hinum mesta ákafa gegn endurreisn bankans, enda vildi hún í byrjun ekkert gera til að koma í veg fyrir, að bankanum yrði lokað. Það var engin veiklun í þeim ræðum, sem hæstv. ráðh. héldu gegn bankanum og endurreisn hans. Flokksskoðunin í Framsóknarflokknum, eða sú skoðun, sem stj. fyrirskipaði í málinu, var í eina átt: „Niður með bankann". En sérskoðun einstakra manna eða hin pólitiska samvizka nokkurra manna í flokknum varð sterkari en flokksskoðunin, og þessir menn, 6 talsins, heimtuðu endurreisn bankans. En þá fór stj. að verða hrædd um sitt litla líf, og þá kom brátt í ljós, að öllu yrði að offra til að bjarga því. Nú lofaði stj. allt í einu mörgum milljónum í bankann til þess að bjarga sínu eigin lífi.

Þetta var allt að þakka hjartslætti þeim, sem stj. fékk fyrir aðstöðu þeirra 6, sem hlustuðu á rödd sinnar eigin pólitísku samvizku.

Þessir góðu 6 menn létu sér þó nægja að laga þannig til í neðri byggðinni í þessu stórmáli, en þeir lögðu ekki út í að lyfta stj. upp í hærra veldi. Þetta minnir mig á ofurlítið rússneskt æfintýri. Einn af púkunum gerði uppreisn í neðri byggðinni. Sá gamli varð andvaka vegna uppreisnarinnar, en er það kom í ljós, að aðalmark uppreisnarinnar var, að uppreisnarpúkinn vildi sitja nokkuð nær höfuðpaurnum, þá endaði uppreisnin svo, að sá gamli bauð hann velkominn í hið nýja sæti og allt var gleymt. Í hverju æfintýri er oft einhver en ekki allur sannleikur, og svo mun nú einnig hér.

Málinu var bjargað, og það var þakkarvert, en skrítin er hún, grein hv. þm. V.-Ísf., þegar hann er að lýsa málalokunum. Hv. þm. sveipar málið inn í ein-

hvern mjög undarlegan silkivef og í gegnum vefinn glitrar í hið spámannlega andlit forsrh., og hann er látinn sjá allt fyrir og hafa verið með í björguninni. Sannarlega grillti enginn í þetta spámannlega andlit, þegar hæstv. forsrh. var að hamast gegn bankanum svo tröllslega, að svo leit út, að allt væri tapað, ef bankinn væri ekki steindrepinn.

Þar sem málalokin urðu allt önnur en stj. margoft hafði lýst yfir, að hún vildi, þá vil ég nú leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann hafi ekki gleymt að biðja um lausn.

En þó svo hefði verið, þá mætti bæta úr þeirri gleymsku enn með því að biðja nú um lausn.

Sannfærður er ég um, að slík athöfn mundi vekja mikla samúð um allt land.

Ég hefði aldrei haldið, að syndir stj. væru eins mýmargar og komið hefir fram nú í ræðunum á eldhúsdeginum. Þær gleymast jafnóðum, eins og flest gleymist, en nú voru þær rifjaðar upp.

Ef nú öllum þessum syndum væri troðið í einn poka, hvílíkur poki — hvílíkur voða syndapoki yrði það. Og það versta er, að það er ekki hæstv. stj. ein, sem þarf að bera pokann, heldur verður hver einasti af flokksmönnum hennar að bera hann, þegar þeir koma út til þjóðarinnar. Syndunum verður þá ekki skipt jafnt á milli þeirra, svo að hver þeirra fái sinn pinkil. Nei, hver um sig verður að taka allt á sitt bak. Ég sé í anda þessa pólitísku pílagríma, þegar þeir bognir af syndaþunganum koma til þess að leita fyrirgefningar þjóðarinnar. Ég bið fyrir þeim í hljóði. (LH: Það er gott að eiga von á því).

Á eldhúsdaginn á ekki aðeins að leggja áherzlu á syndir stj., heldur á einnig að draga fram það, sem hún hefir gott gert. Ég hefi nú verið að leita að einhverju þess háttar undanfarna daga. Þess vegna lít ég svona þreytulega út. Ég hefi leitað lengi og vandlega, en ég hefi ekkert fundið, ekkert.

Fyrst leitaði ég um skólamálin. Hið mikla blað, Tíminn, hefir talað svo mikið um afskipti hæstv. landsstj. af þeim málum. Það hafa verið reistir skólar, ekki er hægt að neita því. Skólinn á Laugarvatni er kominn upp og hefir kostað mikið fé, ærna fé, enginn veit hve mikið. Það er líka sagt, að hæstv. stj. hafi látið, eða ætli að láta gera glerhimin yfir þennan skóla. En minna hefir heyrzt um þá andlegu vakningu, sem frá slíkri stofnun á að berast. Ég er nú svo gerður, að ég vil heldur glerhiminslausan skóla, sem hefir holl andleg áhrif á nemendurna og héraðið, heldur en skóla með glerhimni, sem engir andlegir straumar berast frá. Um það, hvernig hæstv. stj. fór með vilja héraðsbúa, er hún valdi skólastaðinn, skal ég ekki tala að þessu sinni.

Þá hefir gagnfræðaskólinn á Akureyri verið gerður að menntaskóla. Ég hefi ávallt haft þá skoðun, að þarna hafi verið stigið rangt spor. Ég áleit betra að hafa einn góðan menntaskóla en tvo lakari. Um það leyti, sem þessi nýi menntaskóli var stofnaður, var sérstaklega verið að kvarta undan því, að stúdentar væru of margir í landinu. Hæstv. stj. lét svo, sem sér væri þetta mjög ljóst, og hún fann þetta einkennilega ráð til að draga úr fjölgun stúdenta: að stofna nýjan stúdentaskóla.

Þessi mál mega vissulega bæði fara í pokann hjá hæstv. stj.

Þá eru „umbæturnar" á Menntaskólanum hér. Jú, hann hefir verið málaður og settir í hann snagar, — og það er auðvitað ágætt. En jafnframt er ástæða til að andmæla því, að settar hafa verið takmarkanir fyrir því, hversu margir fá inntöku í skólann. Þetta er einhver svartasta ráðstöfun hæstv. stj. í menntamálum, og hún á áreiðanlega heima í pokanum. (ÓTh: Ætli það komist þar öllu fleira?). Þó að pokinn sýnist alveg fullur, er eins og hæstv. stj. hafi alltaf lag á að koma þar einhverju fyrir til viðbótar.

Þegar ég fann ekkert hæstv. stj. til málsbóta í skólamálunum, þá leitaði ég inn á annað svið. Ég fór að leita í dómsmálunum, hvað þar hefði verið gert. Ég fann, að það hefði verið reistur letigarður á Eyrarbakka. Hann er ef til vill þarflegur, en samt finnst mér a. m. k. staðurinn undarlega valinn og furðu fjarri höfuðstaðnum. En það er áreiðanlega annað mál á þessu sviði, sem hlýtur að fara í pokann: Það er tilraun hæstv. dómsmrh. til að leggja dómsvaldið undir umboðs-

valdið. Það er eitthvert alvarlegasta málið, sem fyrir hefir komið í þjóðfélagi okkar. Dómsvaldið er ein af höfuðstoðunum undir þjóðfélagsskipun vorri. Sína aðalvernd á einstaklingurinn undir dómstólunum.

Þegar stj. beitir hinu mikla valdi sínu til þess að ráðast á einstaklingana, þá er verndin hvergi nema hjá dómstólunum.

Á nú einnig að taka þá vernd frá einstaklingunum?

Ég hefi áður við annað tækifæri talað um afskipti stj. af peningamálunum. Þar eru nú hvítu blettirnir fáir. Allt fer þetta niður í pokann.

Mig furðar sérstaklega á því, hvernig hæstv. stj. fær alla flokksmenn sína til að bera með sér syndapokann.

Ég lá andvaka eina nóttina og var að hugleiða með sjálfum mér, hvað það var óeðlilegt, að þjóðarinnar útvöldu vildu láta sjá sig með svona poka á bakinu. En áður en ég vissi af, var ég farinn að raula fyrir munni mér þessa gömlu vísu:

Grýla kallar á börnin sín,
þegar hún fer að sjóða:
„Komi þið hingað öll til mín,
Leppur, Skreppur, Lápur, Skrápur
og Leiðindaskjóða".

Jóhann Jósefsson: Ég hefði þurft að segja nokkur orð við hæstv. dómsmrh. út af sérstöku máli, en ég læt það bíða, þar til hans hágöfgi sýnir sig hér í salnum. En það eru fleiri atriði, sem má tala um hér, og sný ég mér þá að þeirri hlið á alþjóðarmálefnum, sem mest snertir atvinnulífið og afskipti hæstv. stj. af því, og mun ég þó mest halda mér við eina grein, síldarútveginn.

Árið 1925 var mikið talað um það, að síldarframleiðslan væri farin að verða of mikil fyrir landið, og þeir, sem að þessu stóðu, komu á Alþingi 1926 fram lögum um stuðning til samtaka og lögverndar fyrir síldarútveginn. En þau l. komu aldrei til framkvæmdar. Síðan komu kosningarnar 1927, og á Alþingi 1928 var borið fram nýtt frv. og samþ. um einkasölu á síld, og einkasalan þannig grundvölluð. Ég fékk á þingi í fyrra þá ánægju að sýna hæstv. stj. fram á, hversu vel henni hefði tekizt að reka erindi sósíalista í þessu máli. En þó gerði hæstv. stj. enn betur í þessu efni í fyrra, því að þá lét hún samþykkja breyt. á l., sem allir vita að krafizt var af kommúnistanum í stj. einkasölunnar. Einveldið var ekki nóg, að þeir einir mættu flytja út síldina, heldur urðu þeir líka að ráða, hverjir mættu salta og leggja til tunnur. Allt var þetta gert gegn ráði hlutaðeigenda. Það, sem hæstv. stj., „bændastjórnin", hefir gert, er að draga yfirstj. síldarútvegsins úr höndum þeirra, sem eiga hag sinn undir honum, útgerðarmanna og sjómanna, og koma henni undir pólitísk áhrif. Það er nú ekki úr vegi að athuga, hversu mikil blessun hefir af þessu hlotizt fyrir atvinnugreinina.

Þegar einokunarfjötrarnir voru hertir á síðasta þingi, voru lögin nokkuð almennt skilin svo, að einstaklingar mættu ekki sjálfir panta sér síldartunnur frá útlöndum. E. t. v. hefir sá skilningur ekki verið alveg réttur, en hér á Alþingi var frv. alltaf túlkað í þá átt, og hæstv. stj. sýnist þá setja það á oddinn, að einkasalan yrði ein að flytja inn tunnur.

Við skipun framkvæmdarstjórnar Einkasölunnar var farið á svig við alla sérþekkingu. Hæstv. landsstj. sýnist yfirleitt hafa óbeit á henni. Framkvæmdarstjórarnir voru valdir eftir pólitiskum verðleikum, þótt það verði að teljast sérlega óheppilegt. Við, sem höfum orðið að lúta í lægri hluta í þessu máli, höfum bent á það, hversu æskilegt það væri, að minni hl. í útflutningsn. hefði eitthvert atkvæði innan framkvæmdarstjórnarinnar. Þar, sem sósíalistar eru í minni hl., hafa þeir borið fram samskonar kröfu þessari. En ekki var frjálslyndið svo mikið, að þetta mætti líðast þegar einkasalan komst á. Það gat haft talsverða þýðingu fyrir einkasöluna, ef kosning framkvæmdastjóranna hefði verið hlutbundin. Ég vil undirstrika þetta sakir þess, að fyrst ekki var horfið að þessu ráði, heldur gert beint hið gagnstæða í þessu efni, hlýtur hæstv. atvmrh. að bera fulla ábyrgð á öllum þeim glappaskotum, sem framkvæmdarstjórnin hefir gert.

Í fyrra var bæði af mér o. fl. hér á hinu háa Alþingi bent á ýmsar af framkvæmdum Einkasölunnar, sem sýndu, að þeir menn, sem fyrir henni stóðu, voru ekki

því starfi vaxnir að veita forstöðu allri íslenzkri síldarsölu. Frá árinu 1928 má minna á samninginn við Brödrene Levy, þann um „prisfaldsgarantiet“ og samninginn, þar sem gert var ráð fyrir stærri síld en almennt veiðist. Á síðasta þingi fór svo, sem áður er sagt, að þar voru samþ. allar till. kommúnistans í einkasölustjórninni. Þó að útkoman væri svo slæm 1928, að ekki voru greiddar nema ca. 13 kr. fyrir tunnuna, enda þótt veiði Íslendinga og Norðmanna væri 100 þús. tunnum lægri en 1927, þá er það þó ekkert á móti þeim mistökum, sem urðu í sumar sem leið.

24. júlí, þegar lögin gera ráð fyrir, að menn megi fara að veiða til söltunar, kippir einkasölustjórnin að sér hendinni og leyfir enga söltun, eða því sem næst, fyrir 1. ágúst. Þá mun hafa verið búið að salta 8 þús. tunnur eða svo. Af hverju leyfir stjórn Síldareinkasölunnar nú ekki söltun yfir einhvern bezta veiðitímann? Þessari spurningu skal ég ekki svara, en það liggur nærri að ætla, að það hafi verið af því, að hún sá fram á tunnuskortinn, sem hlyti að verða. Enda kom hann strax í ljós, þegar farið var að salta eftir 1. ágúst. Þrátt fyrir nóga síld framan af var ekki búið að salta nema 123 þús. tn., þegar veiðin var búin. Svo að segja allir bátar áttu þá ófyllt upp í söltunarleyfi sín að meira eða minna leyti. En meðan veiðin var, urðu þeir að fara með mikinn hluta af veiðinni í bræðslu, eða jafnvel að fleygja henni í sjóinn, af því að Einkasalan gat ekki látið þá fá tunnur til að salta í, eins og henni bar þá skylda til. Ég skal geta þess, að um sama leyti og saltaðar höfðu verið 123 þús. tunnur í fyrra, höfðu verið saltaðar 205 þús. tn. sumarið 1927.

Frá hálfu hæstv. ríkisstj. og stj. Einkasölunnar hefir verið reynt að klóra yfir þetta mikla hneyksli. Og það er eðlilegt, að ýmsir, sem ekki komu þarna nærri, hafi verið í vafa um, að þetta gæti verið rétt, að stj. Einkasölunnar hefði rækt störf sín svo lélega. Sum af stuðningsblöðum hæstv. stj. hafa líka reynt að kveða niður þennan orðróm um tunnuleysið, sem flaug um landið í sumar sem leið. Alþýðublaðið bar t. d. alltaf á móti því, að um nokkurt tunnuleysi væri að ræða, og sagði, að hér væri aðeins á ferðinni rógburður, sem andstæðingablöðin hefðu fundið upp, Síldareinkasölunni til ófrægingar. Ég get sem dæmi vísað á ummæli í Alþbl. í sumar. Svona snérist málgagn sjómanna og verkamanna við því, þegar stj. þessa atvinnuvegar var að eyðileggja atvinnu þeirra og lífsskilyrði með forsjár- og getuleysi. Sjálfir forstjórar Síldareinkasölunnar riðu loks af stað með vottorð um það, að nógar tunnur væru til í landinu, þótt hver maður hlyti að sjá, að engar tunnur fengjust. Forstjórarnir sögðu allt í stakasta lagi, þótt bátarnir yrðu að bíða, stundum í tíu daga, til að losna við síld sína, og jafnvel sumir að fleygja henni í sjóinn, eða þótt hundruð manna gengju atvinnulausir tímunum saman vegna tunnuleysisins.

En það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, þótt sósíalistar reyni að verja þetta fyrirkomulag og það, hvernig það hefir gefizt, því að það er vitanlegt, að þeir hafa kúgað hæstv. landsstj. í þessu máli. Það er allt undan þeirra rifjum runnið, að framleiðendurnir fá ekki að eiga hönd í bagga um stj. Síldareinkasölunnar. Enda sögðu blöð sósíalista það hvítt í þessu máli, sem var svart, og skeyttu engu, hvort þau fóru með rétt mál eða rangt. Þó eiga þau ekki öll óskipt mál um þetta. Skutull á Ísafirði viðurkenndi, að ekkert þýddi að þræta fyrir það, að í sumar sem leið var tunnuskortur í landinu.

Það væri þó rangt að segja, að aldrei hefðu komið tunnur til landsins. Þegar veiðin var búin, kom hvert skipið af öðru til Siglufjarðar með háfermi af tunnum. Þær standa nú í háum hlöðum eins og minnismerki yfir þá, sem gerspilltu góðum atvinnuvegi með sleifarlegri stj. Ég veit ekki, hve margir tugir þúsunda af tómum tunnum hafa farið í þetta minnismerki, en það getur hæstv. atvmrh. kannske upplýst.

Þetta er svo mikilvægt atriði, svo mikilvæg mistök við jafnmikla framleiðsluatvinnu sem síldveiðina, að það er ómögulegt annað en átelja það opinberlega. Hæstv. stj. og hv. þingmeirihl. hafa séð fyrir þessu, með því að drepa allar brtt., sem við sjálfstæðismenn fluttum á síðasta þingi, og miðuðu að því að gera

Síldareinkasöluna líkari samlagi, þannig, að þeir, sem þar eiga mest í hættu, komi að réttmætri „kritik" á starfseminni. Þessar till. drap hv. þingmeirihl. í fyrra, og hann verður nú að þola það, að við, sem höfum orðið fyrir barðinu á þessari óstjórn, notum þann vettvang, sem er réttmætur til þess að ræða þetta mál.

Ég get mér þess til, í sambandi við það, sem ég hefi sagt um tunnuleysið á Siglufirði, að einhver muni benda á, að á Austfjörðum hafi verið til tunnur. Það er rétt, því að þar voru til 10 þús. tunnur frá árinu áður. En það liggur ekki á Siglufirði, sem er einhversstaðar deilt niður á Austfjörðum. Þrátt fyrir þessar birgðir þar, og þótt fyrirsjáanlegur skortur væri á tunnum annarsstaðar, voru sendar þangað 5—6000 tunnur í viðbót. Þar var líka útkoman sú, að þegar veiðinni lauk, vantaði 1600 tunnur upp á, að búið væri að salta í birgðirnar frá fyrra ári, og engin branda komin í tunnurnar, sem voru sendar þangað 1929. Ætli þær hefðu ekki verið öllu betur komnar á Siglufirði handa þeim mönnum, sem urðu að fleygja síldinni í sjóinn, þessar 6 þús. tunnur, sem enginn hreyfði við á Austfjörðum.

Einkennilegt og eftirtektarvert dæmi um það réttlæti, er ríkir hjá stj. einkasölunnar gagnvart bátaeigendum, og svo gagnvart vildarmönnum stj., er það, að einn af vinum hennar, sem engan bát á og ekkert gerir út, fékk 3000 tómar tunnur hjá Einkasölunni um það leyti, þegar bátaeigendur, sem höfðu pantað tunnur, fengu það svar, að þar væri engar tunnur að fá. Afleiðingin varð sú, að forstjórn Einkasölunnar gaf þessum manni þá aðstöðu, að hann gat notað sér neyð bátaeigenda, sem engar tunnur fengu, og grætt á því, að Einkasalan sveik þá um tunnur.

Tunnuleysið olli því, að síldarskipin gátu ekki fyllt upp í þessi leyfi, sem stj. Einkasölunnar gaf út snemma vors. En úr því að ég minnist á leyfin, vildi ég spyrja forsvarsmenn Einkasölunnar hér, hvað það eigi í raun og veru að þýða, að þegar bátar frá Akranesi, Vestmannaeyjum eða Keflavík senda beiðnir um að mega salta um sumarið, þá veitir hún þeim leyfi til þess að salta 500—600 tunnur. Hvaða sultarkjör eru það, sem stj. Einkasölunnar ætlar Sunnlendingum? Engum manni getur dottið í hug að senda bát norður, til þess að salta 500—600 tunnur. Þetta virðist í því einu skyni gert að fæla okkur Sunnlendingana frá því að koma á veiðar norður. Enda er af ýmsum orðum, sem fallið hafa við umr. þessa máls, ástæða til að ætla, að þessi ráðstöfun, og margar aðrar svipaðar ráðstafanir, séu gerðar meðfram til að losna við veiðibátana frá Suðurlandi. Það hefir líka sæmilega tekizt, því það má segja, að síðan Einkasalan var sett á laggirnir, þá sé búið að eyðileggja þá atvinnu, sem sunnlenzkir menn, sjómenn og bátaeigendur, höfðu af, því að senda báta á reknetaveiðar. Svo að hafi markmiðið verið það, að koma í veg fyrir, að þessi atvinna væri stunduð, þá get ég glatt forráðamennina með því, að nú er komið vel á veg með að eyðileggja hana fyrir Sunnlendingum.

Það er óþarfi að fara itarlega út í hin smærri glappaskotin, eins og t. d. valið á matsmönnum, sem Síldareinkasalan kvað temja sér. Um matið er það í almæli, að óvanir unglingar séu settir í þá vandastöðu að meta síldina. Hinsvegar veit ég, að með því fyrirkomulagi, sem Einkasalan hefir, er matið á síldinni búið að vera, enda virðist stj. hennar sjálf líta svo á, að það sé ekkert nema nafnið, þegar hún tekur menn, sem aldrei hafa komið nálægt síld, og setur þá í þetta verk.

Ég hefi hér skrá yfir aðkomugufuskip, sem stunduðu veiðar á Siglufirði s. l. sumar, hvað þau hafa mátt salta, og hvað þau náðu að salt. Þau hafa eftir því átt ósaltað nærri 15 þús. tunnur upp í veiðileyfin, þegar veiðinni lauk, og eina ástæðan var sú, að stj. Einkasölunnar gat ekki lagt til þær tunnur, sem þurfti. Þetta á einungis við um gufuskip, sem ekki eru frá Siglufirði, svo að við þetta bætist allur sá fjöldi skipa, sem heima á norður þar, og þeir bátar annarsstaðar af landinu, sem ekki eru gufuskip.

Ég bendi á þetta til þess að sýna, hvílíkt ógurlegt tjón það hefir orðið fyrir framleiðenduna að hafa ekki til tunnur. En það er á fleiri sviðum, sem þessi stj. hefir gert landsmönnum, eða einkum síldarframleiðendum, mikið tjón. Ég hefi

það fyrir satt, að eftir að veiði var þrotin, hafi sá af forstjórum Einkasölunnar, sem sérstaklega hefir það hlutverk að sitja í útlöndum og selja síld, haldið áfram að selja síld svo þúsundum tunna skipti. Þetta lítur ekki trúlega út, en sé það ekki satt, býst ég við, að hæstv. atvmrh., sem hefir yfirstjórn Síldareinkasölunnar, geti sannað hið gagnstæða. Ég hefi spurt ýmsa, hvaða ógurleg mistök geti valdið því í atvinnufyrirtæki, að sölumaðurinn er látinn halda áfram að selja, eftir að algerlega er vonlaust um, að meiri vara fáist. Tvennskonar svör hefi ég fengið, annað frá einum forstjóranna sjálfum, að mistökin hafi legið í því, að hinir forráðamennirnir hefðu ekkert verið að hafa fyrir því að láta hann vita, að síldin var þrotin, en hitt svarið var það, að hann hafi að vísu fengið að vita það, en ekki trúað því og haldið áfram að selja.

Ég skal engan dóm á það leggja, hvort sé satt, en ef það væri einkafyrirtæki, sem slíkir menn stjórnuðu, mundu þeir vera taldir óhæfir til þess, en það getur sjálfsagt gengið við ríkisfyrirtæki. Að minnsta kosti efast ég ekki um, að þeir, sem þvert ofan í sannleikann héldu því fram í blöðum og ritum, að nóg væri af tunnum, og að það væri rógur og ósannindi, að skipin fyrir norðan gætu ekki saltað vegna tunnuleysis, þeir munu telja slíka forstjórn sómasamlega í alla staði.

Ég hefi heyrt sagt, að það verð, sem framleiðendur eiga nú að fá hjá Síldareinkasölunni, muni vera svipað og í fyrra, kannske fáum aurum meira. Í fyrra var það um 13 kr. á tunnu. Ennfremur heyri ég sagt, að til þess að borga út þetta lága verð, hafi stj. Einkasölunnar orðið að taka ½ millj. kr. að láni. Ég fullyrði ekkert um þetta, en býst við, að hæstv. atvmrh. geti gefið svar við þessu.

Enn hefi ég því við að bæta, að það er í almæli, að fyrir mistök á sölu síldarinnar hafi Einkasalan á síðasta ári orðið fyrir ákaflega miklum skaðabótakröfum. Fer ýmsum sögum um það, hvernig stj. hennar fari að því að komast frá þessum kröfum. En eitt er víst, og það er það, að hin útlendu firmu, sem hafa hendur í hári hennar fyrir það, að hún getur ekki uppfyllt sína samninga, þau slaka ekki á klónni. Það verður fróðlegt að fá skýrslu hjá hæstv. stj. um, hvað þessar skaðabætur eru miklar, og á hvern hátt þær hafa verið greiddar. Þá kröfu verðum við, sem fáumst við útveg hér á landi, að gera til hæstv. atvmrh., sem eins og vitanlegt er hefir yfirstjórn þessa fyrirtækis, þar sem hann skipar endurskoðendur og getur skipað þeim fyrir verkum, að hann gefi skýrslur um þetta efni.

Nei, slík fyrirtæki sem þetta, sem eru komin í það horf, að atvinna landsmanna er lögð í þær viðjar, að stj. yfir þeim er nokkurskonar ríki í ríkinu, allt er gert rammpólitískt, og litið í gegnum fingur sér, ef nokkrar misfellur verða á, og jafnvel opinber blöð segja, að allt tal um mistök og glappaskot sé ósannindi, — slík fyrirtæki komast ekki hjá afleiðingunum af því, þegar þau gera glappaskot. Þau geta ekki kúgað Finnana, Svíana, Rússana og Norðmennina, en það eru aðrir, sem þau geta kúgað, og það eru framleiðendur í landinu, og þeir hafa verið kúgaðir. Nú erum það þeir, sem nú súpa seyðið af mistökunum hjá þessu fyrirtæki, sem sócialistar hafa komið á og óhæfir menn stjórna.

Það hefir þó ekki vantað, að stj. Einkasölunnar hafi viljað vera „kóngur í Krít" þarna fyrir norðan. Á fyrsta ári var ákveðið, að beinlaus síld væri frjáls til útflutnings. Menn máttu selja hana fyrir eigin reikning. En þegar þetta hafði gengið í eitt ár, þoldi stj. Einkasölunnar það ekki lengur, að þessi litla grein af sölunni væri frjáls. Og á síðastliðnu ári var svo þessi beinlausa síld lögð í sömu viðjar og saltsíld og kryddsíld.

Salan á þessari síld var farin að verða efnileg 1928. En hvernig fór, þegar Einkasalan var búin að taka hana í sínar hendur? Hve mikið fór henni fram? Ég fullyrði, að henni hefir farið stórkostlega aftur, að þessi litla efnilega grein atvinnuvegarins hefir verið hér um bil eyðilögð af stj. Einkasölunnar.

Ég gat um það áðan, að verðið hjá Einkasölunni mundi líklega verða svipað og í fyrra, kannske örlítið hærra. Einkasalan var svo slysin að vera búin að selja allt, áður en verðið hækkaði. Ég heyri reyndar sagt, að eitthvað sé til af Aust-

fjarðarsíld óselt, en það er kunnugt, að hún er ekki nærri eins útgengileg vara og Norðurlandssíldin. Verðið á síld er nú 50 kr. danskar á tunnu í Khöfn, og það mundi vera milli 40 og 50 ísl. kr. frítt um borð á skip. En því miður hafa síldarframleiðendur ekki verið svo heppnir að njóta nokkurs góðs af þessari verðhækkun.

Ég minntist á Austfjarðasíld, og er ekki úr vegi að drepa á það réttlæti, sem hefir komið fram hjá stj. Einkasölunnar með tilliti til Austfjarðasíldar og Norðurlandssíldar. Austfjarðasíldin er langtum minni og selst verr. En þó kvað það hafa verið borið fram innan stj. Einkasölunnar, að Austfirðingar hefðu fengið síðasta ár sama verð og þeir, sem skiluðu ágætri Norðurlandssíld í hendur Einkasölunnar.

Þessir menn, sem að einkasölustjórninni standa, eru sama sinnis og þeir, sem vilja hafa einkasölu á saltfiski. Eftir því, hvernig stj. Síldareinkasölunnar framkvæmir jöfnuð milli Norðlendinga og Austfirðinga, þá mundi hún, ef um saltfisk væri að ræða, borga sama verð fyrir þorskinn og ufsann. En þetta er svo mikið ranglæti, að það er furðulegt, að stj. Einkasölunnar skuli hafa farið út á þá braut.

Ég hefi drepið hér í stórum dráttum á nokkur gallaatriði á stj. Síldareinkasölunnar, en það er svo langt frá því, að hér sé allt upp talið, því að ég hefi ekki viljað fara út í smámuni. Það er sagt í sambandi við skaðabótakröfurnar 1929, að þær muni nema 1,50—2,00 kr. á hverja tunnu, sem framleidd er, og þýðir það, að um rúman ¼ millj. kr. er að ræða.

Síldarútflutningur landsins nemur alltaf nokkrum milljónum króna, og síldin er skattlögð meira en nokkur önnur útflutningsvara. Stj. og skipulag Síldareinkasölunnar hefir gefizt svo, að varla er hægt að segja, að það hefði getað farið verr í frjálsri verzlun. Góðærið hefir hvergi komið fram, en síldarframleiðendur verða að bera skellina af glappaskotum Einkasölunnar. Þessi stofnun átti að verða til þess að auka markaðinn, en það er ekki hægt að sjá annað, en að hún sé vel á vegi með að eyðileggja þennan atvinnuveg.

Ég skýrði frá því áðan, að frá sumum landshlutum þýðir ekki að senda báta norður. 1927 voru fjölmargir bátar sendir norður með góðum árangri. En þessi atvinna er að tapast fyrir aðgerðir hæstv. stj. og flokksmanna hennar.

Yfirleitt er það þannig, að mjög hefir dregið úr sumum greinum síldarframleiðslunnar, t. d. kryddsíld, sem lofaði mestu um góðan árangur, og fram að því, er Einkasalan tók hana að sér, var hún að mestu leyti í höndum Íslendinga. En hvernig er viðhorfið nú? Íslendingar, sem kryddsöltuðu 59181 tunnu árið 1927 og 50176 tunnur árið 1928, krydduðu 1929 aðeins 17000 tunnur. Þessi framleiðsla er því að slokkna útaf undir stj. Einkasölunnar. Og hvert fer hún svo? Það er dálítið athugavert að gæta að því líka. Ef við gáum að kryddsíldarsölu Norðmanna, sjáum við, að 1927 er framleiðslan 8000 tunnur, 1928 11200 tunnur og 1929 40000 tunnur. M. ö. o. jafnóðum og atvinna Íslendinga er tröðkuð niður fyrir óstjórn, vex hinum útlendu keppinautum okkar fiskur um hrygg. Og það eru ekki einasta Norðmenn, sem hafa tekið að sér þessa grein. Svíar gera slíkt hið sama. Því það er eitt gáfnastrik stj. Einkasölunnar, að framan af sumri er hún svo derrin við Svíana um verð, að þeir segja: Nei, við fiskum sjálfir. En svo þegar frá líður, heldur hún jafnvel áfram að selja eftir að ekkert er til að selja, og fær svo skaðabætur á hálsinn fyrir allt saman.

Hæstv. forsrh. sagði í gær, þegar hann var að svara einhverjum jafnaðarmanni, að hann og hæstv. stj. yrði aldrei jafnaðarmenn og gengi aldrei inn á þjóðnýtingu. Það er nú of vitanlegt, til þess að þörf sé að segja það hér, að einn hæstv. ráðh., þ. e. dómsmrh., er sócialisti, svo að hæstv. forsrh. hefir þarna fullyrt helzt til mikið. Enda veit ég ekki betur en að hæstv. ríkisstj. hafi rekið erindi sócialista hér á Alþingi, a. m. k. eins vel og þeir hefðu getað gert það sjálfir. Ég er búinn að sanna það, að um síldarútveginn hefir hæstv. stj. ekki aðeins rekið erindi jafnaðarmanna, heldur þess manns í stj. Síldareinkasölunnar, sem vitað er að er kommúnisti, og þetta hefir hæstv. stj. gert út í yztu æsar. Nei, hæstv. stj. ætlar ekkert að eiga við þjóðnýtingu! En þess eru þó dæmi, að hún hefir verið að láta

undan á því sviði hægt og hægt, t. d. ríkisútgerðin á Esju, og skrifstofubáknið, sem upp verður komið í sambandi við hana. Þessi alda er runnin frá sócíalistum, ekki þarf að efast um það. Eins hefi ég horft á hæstv. forsrh. rétta upp hendina með því að kaupa hluti í Eimskipafélagi Íslands í stað þess að styrkja það. Þetta er vitanlega eitt sporið í áttina til þjóðnýtingar á starfsemi félagsins. Ég verð að segja, að ég sé ekki svo mikinn mun á því, hvort stj. rekur erindi sócíalista í einu og öllu, eða er sjálf sócíalistastjórn.

Ég get nefnt eitt dæmi enn um það, hvernig sócíalistar ráða gerðum hæstv. stj. Það var þegar hæstv. fjmrh. skipaði n. til að meta hag Íslandsbanka. Þá setti hann einn ákveðinn sócíalista í þessa n., þrátt fyrir eindregin mótmæli sumra beztu manna síns eigin flokks. En hræðslan við sócíalista var svo mikil hjá hæstv. ráðh., að hann þorði ekki annað.

Ég get nú senn lokið máli mínu. En því get ég bætt við, að svo illar, sem margar syndir hæstv. stj. eru, hlutdrægni í embættaveitinguna o. m. fl., þá er það þó smátt hjá því, þegar hæstv. stj. lætur hafa sig til þeirra verka, sem eru til hnekkis fyrir atvinnuvegi landsmanna. Það eru þeir, sem mestu varða fyrir þjóðina. Þeir geta ekki skilað arði til að standast útgjöld ríkisins, nema þeir gangi sæmilega. Og hvort sem þess verður langt eða skammt að bíða, að það komist í framkvæmt, þá býst ég við, að krafan um eftirlit með stj. Síldareinkasölunnar af hálfu útvegsmanna verði svo sterk, að landsstj. geti ekki staðið á móti henni. En núna mátti ekki treysta neinum útgerðarmanni til svo mikils sem að vera endurskoðari fyrirtækisins. Til þeirra starfa varð að sækja bændur ofan úr sveit.

Hæstv. forsrh. verður nú væntanlega svo góður að upplýsa, hversu háar upphæðir Síldareinkasalan hefir þurft að greiða útlendingum í skaðabætur vegna samningsrofa. Hitt veit ég, að ekki fæst upplýst, hversu mikill skaði útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna hefir orðið af annari óstjórn þessa fyrirtækis.

Ég hefði þurft að segja ýmislegt til hæstv. dómsmrh., en sá virðulegi herra hefir nú líklega svo mikið að gera, að hann má ekki vera að því að sýna sig í hv. d.(**Fjmrh.**: Hann er annað þarfara að gera). Það er ekki ólíklega til getið. Hann hefir ýmsum hnöppum að hneppa, en ég mun geyma það, sem ég þurfti að segja við hæstv. ráðh. þar til síðar, í þeirri von, að hann sýni sig hér áður en umr. lýkur.

Ólafur Thors: Ég hefði þurft að tala hér nokkur orð við hæstv. dómsmrh., en ég vil beina því til hæstv. forseta, að mér finnst óviðfelldið að tala hér við mann, sem þessi hv. deild fær aldrei að sjá. Ef eitthvað þarf að tala við hann, er hann ýmist úti að ríða á gæðingum Landhelgissjóðs, akandi í stjórnarbílum með fríðu föruneyti, eða að ferðast á varðskipunum út með landi. Því vildi ég mælast til að mega geyma rétt minn til að tala þar til síðar.

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. G.-K. veit vel, að hæstv. dómsmrh. á sæti í Ed., og að hann hefir þurft að gegna störfum þar í dag. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann renni af hólmi fyrir hv. þm. né öðrum, og hann mun hafa gert ráðstafanir til þess, að skrifað verði það af umr., sem hann varðar, og svara því síðan, er hann kemur hér aftur.

Ólafur Thors: Ég skil það ósköp vel, að hv. framsóknarmenn vilja hafa hæstv. dómsmrh. í burtu undir umr., svo að minna verði um hann talað. Þetta er hlutur, sem ekki er hægt að lá þeim, og er miklu mannlegra en sumt annað í framkomu þeirra nú á eldhúsdag. Hegðun hæstv. forsrh. er t. d. mjög undarleg. Fyrst stendur hann hér upp með miklum rembingi og brýnir menn fastlega til andstöðu. En þegar stjórnarandstæðingar verða við áskorun hans og telja upp nokkuð af ávirðingum hæstv. stj. — allt verður aldrei talið, — þá stendur hann aftur upp, kveinar, emjar og æpir yfir því, að verið sé að lengja umr.

Einnig kann ég því illa, að ekki er hægt að eiga smásamtal við hæstv. forsrh., án þess að eiga á hættu, að það komi allt rangfært og öfugsnúið í stjórnarblaðinu. Í Tímanum 22. marz þ. á. er komizt þannig að orði, þar sem skýrt er frá upphafi eldhúsdagsumr., með leyfi hæstv. for-

seta: „.... Eldhúsdeginum, sem venjulega er við framhald 1. umr. fjárl., var að þessu sinni frestað til 3. umr., og munu tilvonandi „eldabuskur" hafa farið bónarveg að stj. um að fá þennan frest". Það er nú enginn vafi, að þessar „eldabuskur" eru við sjálfstæðismenn. Og úr því að hæstv. forsrh. vill endilega láta skýra frá, hvernig þessum „bónarvegi" er háttað, þá skal ekki standa á mér. Svo er mál með vexti, að hæstv. forsrh. kom til mín að fyrra bragði löngu áður en framhald 1. umr. fjárlagafrv. átti að vera og spurði mig, hvort við stjórnarandstæðingar kysum ekki að fresta eldhúsdeginum, af því að hæstv. dómsmrh. gæti ekki verið við, hann væri ekki vel friskur. „Getur hann þá ekki komið nema við frestum eldhúsdegi?" sagði ég. — „Nei, það er ekki það, sem gengur að honum, Ólafur", — ég nota óbreytt orð hæstv. ráðh. — „Hann liggur með hita og stígur ekki í fæturna í bráð". „Jæja, látið þið hann þá liggja eins og ykkur sýnist, og látið þið svo fresta eldhúsdeginum, ef þið viljið", svaraði ég. Þarna geta menn nú séð þann bónarveg, sem við „eldabuskurnar" höfum farið að hæstv. stj. til að fá eldhúsdeginum frestað. En ég verð að segja það, að mér finnst hart að mega ekki tala fáein orð við forsrh. landsins, þegar hann ávarpar mig að fyrra bragði, án þess að eiga á hættu að sjá samtalið allt afbakað í málgagni hans, ef ekki eru hafðir vottar við.

Enda þótt stj. hafi nú hlotið maklega hirtingu margra flokksbræðra minna hér í d., svo að tæplega sé á bætandi, vil ég þó ekki hætta á að sitja alveg hjá, ef ske kynni að þögn mín yrði misskilin og menn ætluðu, að mér þætti sem stjórnarfarið færi batnandi.

Stjórnarfarið hefir farið dagversnandi, og sjálfsagt heldur það áfram að versna; enda þótt mörgum þyki sem ósóminn geti varla aukizt frá því, sem nú er.

Að þessu sinni mun ég aðallega haga árásum mínum eftir því, sem ræður ráðh. hafa gefið tilefni til.

Hæstv. forsrh. sagði, að hv. þm. Borgf. væri „sérfræðingur í smælki". En hvaða smælki var nú það, sem hv. þm. Borgf. var að tala um?

Hv. þm. Borgf. sýndi fram á, að ráðh. Tryggvi Þórhallsson hefði svikið flest, sem ritstjórinn Tryggvi Þórhallsson hefði lofað. „Smælki" hv. þm. Borgf. var því pólitísk æra hæstv. forsrh. „Smælki", segir forsrh.. Ójá, getur verið, að forsrh. hafi stundum farið með staðlausari stafi.

Hæstv. forsrh. þakkar og þakkar og segir, að árásum andstæðinganna sé ekki beint að ráðh. Tryggva Þórhallssyni, heldur ritstjóranum Tryggva Þórhallssyni, og ritstjórinn er orðinn olnbogabarn hjá ráðh.

En það er nú ósamræmið milli loforða ritstjórans og efnda ráðh., sem á er ráðist. Og hver segir, að ritstjórinn sé verri en ráðh.? Er t. d. verra að lofa að fara sparl. með ríkisfé, en að svíkja það með bruðli og sukki? Er vítaverðara að lofa að búa skuldlaust, en að bregðast því og hækka ríkisskuldir um hálfan annan tug milljóna? Er ámælisverðara að lofa að fækka embættum, en að svíkja það og stofnsetja ný embætti með hverju tungli? Eða er fráleitara að lofa að létta af þjóðinni sköttum, en að svíkja það og leggja á nýja og nýja þungbæra skatta? o. s. frv.

Nei, ritstjórinn var ekki lofsverður, satt er það.

En ráðh. er þó sýnu verri.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir dróttað því að hæstv. forsrh., að persónuleg óvild hafi valdið því, að ráðh. veitti ekki Magnúsi Jochumssyni póstritaraembættið. Ráðh. svaraði og sagði:

„Ef ég hefði hefnt mín, mundi ég verðskulda þungar ádeilur".

Og ráðh. fór mörgum og fögrum orðum um mildi sína. Henni til sönnunar sagði ráðh. frá því, að hann hefði átt annan miklu verri fjandmann. Hefði sá stefnt honum fyrir meiðyrði og fengið hann dæmdan til fjársekta. „Og samt sem áður hefndi ég mín ekki", sagði hæstv. forsrh. Hvílíkur engill! Fyrst atyrðir hann manninn svo ferlega, að hann fær fjársektir fyrir, og svo hefnir hann sín einu sinni ekki!! Það sýnist ekki hafa verið vanþörf að kenna hæstv. forsrh. guðfræði.

En hvers vegna fékk Magnús Jochumsson ekki embættið? Þeirri spurningu verður hæstv. forsrh. að svara, ella mun

hann liggja undir ámæli um að nota ráðherravaldið til að koma fram hefndum á gömlum persónulegum óvinum.

Hæstv. forsrh. miklaðist yfir úrslitum bankamálsins. Það mál er í fersku minni og því óþarft að rekja sögu þess. En minna má þó á fáa höfuðdrætti.

1. 3. febr. neitaði stj. að taka við till. sjálfstæðismanna um viðreisn bankans með hverjum þeim hætti, er stj. sjálf kysi. Samtímis boðaði stj. gjaldþrotaskipti bankans.

2. Viku seinna er felld till. sjálfstæðismanna um endurreisn bankans með 3 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, og ríkisábyrgð á sparifé bankans.

3. Enn stendur stj. óbifanleg í nær 3 vikur og þverneitar allri aðstoð til viðreisnar bankanum.

4. 27. febr. bera sexmenningarnir fram viðreisnarfrv. sitt.

Þar með voru 23 þm. orðnir yfirlýstir viðreisnarmenn, og þar með var bankanum bjargað.

Þá snýst hæstv. forsrh. og þá snýst öll stj.

Eftir á reyndi svo stj. að láta líta svo út sem hún hefði sigrað í málinu.

En um hvað var barizt?

Frá upphafi hefir verið barizt um það, hvort standa skyldi við skuldbindingar Íslandsbanka og með því bjarga lánstrausti landsins, atvinnulífi þjóðarinnar og fjármunum 10 þús. sparifjáreigenda. Um þetta og ekkert annað stóð bardaginn.

Aðstaða stj. kemur skýrast fram í þeim ummælum fjmrh., að gjaldþrotaskipti Íslandsbanka mundu styrkja lánstraust landsins! Samtímis talaði hæstv. dómsmrh. um, að sjálfstæðismenn hefðu ætlað að „velta skuldum stærsta gjaldþrotabús yfir á ríkissjóð". „Sennilega hefir aldrei verið gengið lengra í forsjárlausri ósvífni um fjármál", bætti dómsmrh. við. Allt þetta hefir nú verið gert. Og það var ríkisstj., sjálf ríkisstj., sem að lokum bar fram og bar fram til sigurs þessa „forsjárlausu ósvífni um fjármál". Og það er hæstv. forsrh., sjálfur stjórnarforsetinn, sem hælist nú um af þessari „forsjárlausu ósvífni", sem dómsmrh. talaði um.

Nafn bankans er vitaskuld ekkert höfuðatriði, og að því er snertir stj. bankans, þá liggur það í augum uppi, að ríkisstj. var í lófa lagið að skipa nýja bankastjóra, án þess að nokkurn tíma kæmi til lokunar á bankanum. Ríkisstj. gat vitaskuld þegar í upphafi sett slíkt skilyrði fyrir fjárframlagi bankanum til viðreisnar. Og loks að því er þriðja nýmælið snertir, smábanka þann, sem bætt er við Íslandsbanka, þá gat auðvitað enginn amazt við því.

Önnur eða fleiri nýmæli voru ekki í frv. stj., og þessi nýmæli eru öll aðeins til málamynda, eingöngu í því skyni sett, að hylja nekt þeirrar stj., sem þverskallaðist meðan barizt var um líf þjóðarinnar, en snarsnerist þegar bardaginn færðist yfir á annan vettvang og stóð um líf stj.

Stj. hefir hlotin hina mestu háðung af þessu máli. Þegar hv. forsrh. nú miklast af málinu og lýsir ánægju sinni yfir úrslitum þess, eykur hann aðeins þá háðung. Og þegar hæstv. forsrh. talar um hin „föstu tök stj." á málinu, fær maður vart varizt hlátri. Mér dettur í hug atburður frá æskuárunum. Mig bar að, þar sem tveir áflogahundar börðust upp á líf og dauða. Annar var þó mikið betur að manni, og senti hinum í götuna hvað eftir annað. Daginn eftir heyri ég svo þann, sem undir lá, vera að segja frá viðureigninni í kunningjahóp. „Aldrei datt hann, kallinn. Alltaf stóð hann, kallinn".

Hann hafði svo sem tekið „föstum tökum"' engu síður en stj.

Um veitingu aðalbankastjórastarfans við Búnaðarbankann, sagði hæstv. forsrh.:

„Ég bar bankann svo fyrir brjósti, að mér datt aldrei í hug að veita öðrum en þeim hæfasta. Ég veitti Páli E. Ólasyni vegna dugnaðar hans og þekkingar á atvinnulífi og samvizkusemi, allt í óvenjumiklum mæli".

Dugnaður P. E. Ó. er viðurkenndur, þ. e. a. s. sem sagnfræðings, en þekking hans á atvinnulífi þjóðarinnar er hinsvegar lítil, af þeim eðlilegu ástæðum, að því hefir hann aldrei reynt að kynnast. Hann hefir frá æsku sökkt sér í grúsk og vísindi. Og samvizka hans held ég sé eins og hver önnur góð samvizka, — hvorki betri né verri.

Ég efa ekki, að hæstv. forsrh. hafi

borið bankann „fyrir brjósti“ og hafi ætlað að leita að „þeim hæfasta“. Í þeirri leit hlýtur þó bankastjóri ræktunarsjóðsins, Pétur Magnússon, að hafa orðið á vegi ráðh. Ég leyfi mér nú að spyrja: Hvaða yfirburði hefir P. E. Ó. umfram P. M. í svo ríkum mæli, að jafngildi þeirri víðtæku þekkingu á öllu atvinnulífi þjóðarinnar, sem P. M. hefir öðlazt með 15 ára málafærslustarfi og 5 ára stj. Ræktunarsjóðsins? Ég spyr þó eigi af því, að ég viti eigi hið sanna. P. M. er a. m. k. ekki síður mikilhæfur maður en P. E. Ó., en hefir alla þekkingu á starfinu umfram hann. Sá, sem leitaði að þeim „hæfasta“, hlaut því að velja P. M. Hitt er svo í samræmi við önnur afrek núv. stj., að gengið var fram hjá þessum mikilhæfa og þrautreynda manni. Hann skorti nefnilega þann hæfileikan, sem stj. alltaf spyr fyrst um. Hann er ekki stjórnarsinni. Sá kostur mun aftur á móti hafa tekið bráðum þroska hjá P. E. Ó. á síðustu misserum.

Hæstv. forsrh. var spurður að því, hvers vegna hann beitti sér ekki fyrir vaxtalækkun. Hann svaraði:

„Áður hafði stj. völd yfir Landsbankanum, en nú engin“.

Ég skal rifja málið upp ráðh. til leiðbeiningar.

Á þinginu 1927 bar hann ásamt hv. 2. þm. Árn. o. fl. fram þáltill. um lækkun vaxta.

Í framsöguræðunni komst frsm. þannig að orði:

„Ég lít svo á, sem hann (þ. e. fjmrh.) hafi nóg vald til að framkvæma þessa umbót“. Og nauðsyn lækkunarinnar var rökstudd með því, að bændur voru að „flýja beztu jarðir .... það er glöggur vottur þess, að þeir eru að gefast upp“.

En vextirnir fengust alls ekki lækkaðir, og framsóknarmenn höfðu skýringuna á reiðum höndum. Sjálfstæðismenn voru „óvinir bænda“.

Nú eru „bændavinirnir“ búnir að sitja að völdum í nær 3 ár. Og hvað er um vextina? Hafa þeir lækkað? Ónei. Þeir hafa hækkað!

Eru þá „bændavinirnir“ líka orðnir óvinir bænda“. „Nei“, segir forsrh. „Sjálfstæðismenn höfðu vald yfir bankanum, við ekki“.

Ég skal nú minna hann á orð samherja hans og meðflm., hv. 2. þm. Árn.

Þegar Framsókn og sócialistar höfðu þverbrotið lögmál siðaðra þjóða og kastað þjóðbankanum út í stjórnmálahringiðuna með valdaráninu fræga á Alþingi 1928, sagði hv. 2. þm. Árn.:

„Við vorum neyddir til að ná valdi yfir bankanum til þess að geta lækkað vextina“.

Hverju svarar hæstv. forsrh. þessum ummælum hv. 2. þm. Árn. Siðlausa framkomu Framsóknar í valdaránsmálinu afsakar hv. þm. með því, að önnur úrræði hafi ekki verið til þess að lækka vextina. Nú hafa vextirnir hækkað, og þá segir hæstv. forsrh., að stj. hafi „engin völd“ yfir bankanum.

Hið sama er, að völd stj. yfir bankanum eru hin sömu og þau voru 1927. Hafi þáv. stj. „haft vald til að framkvæma þessa umbót“, þá hefir núv. stj. þetta sama vald, og hafi þáv. flm. till., hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Árn., ekki aðeins verið að blekkja, verður núv. stj. að lækka vextina, því vextirnir voru háir en eru hærri.

Ráðh. færði þá **afsökun fyrir nefndafarganinu**, að núv. stj. væri mikið starfsamari en fyrirrennarar hennar. Það er undarleg sönnun á starfsemi og starfhæfni stj., að á annað hundrað menn eru fengnir til að vinna þau verk, sem stj. er ætlað að inna af höndum. Úr ríkissjóði hafa þessir verkamenn ráðh. fengið um 100 þús. kr. Flest eru það aðeins bein og bitlingar til dyggra fylgifiska, en afrakstur af starfinu sem enginn. **Hæstv. forsrh.** vill afsanna þau ámæli með ásökunum hv. 2. þm. Reykv. um, að forsrh. hefði skipað fiskimatsnefndina eingöngu sjálfstæðismönnum. En sú n. er ólaunuð. Þau störf fá sjálfstæðismenn. Hin fá skjólstæðingar stj. Það eru nefnilega launin, en ekki störfin, sem þessir herrar sækjast eftir.

Ég sný mér þá að hæstv. dómsmrh. Ég hefi þó ráðið við mig að rita ekki raunasögu hans í þingtíðindin að þessu sinni; hefði jafnvel alls ekki yrt á hann, ef hann hefði ekki gefið sérstakt tilefni til þess. En þótt ég vegna ýmsra kringumstæðna fari mjúkum höndum um þann syndasel, er viðbúið, að ég neyðist til að

taka skörunginn mér í hönd áður en ég fer úr eldhúsinu, og þá lofa ég engu góðu.

Ráðh. hefir nú skemmt dm. með löngum upplestri úr gamalli dagbók Menntaskólans. Segir þar frá uppivöðslu og óþekkt ýmsra skólapilta, og erum við hv. 2. þm. Reykv. þeirra á meðal. Hæstv. dómsmrh. ætlaðist samt sýnilega hvorki til þess, að við hv. 2. þm. Reykv. né aðrir hlytum ámæli fyrir óhlýðnina við kennarana. Hann fór einmitt mjög lofsamlegum orðum um okkur. Nei. Það voru kennarar skólans, sjálfur skólaandinn, sem skeytunum var beint að.

Ég læt mér nægja að benda á, að það er blátt áfram hlægilegt að ætla að sverta kennarana fyrir að taka í lurginn á óþekkum strákum, eins og við hv. 2. þm. Reykv. vorum, og eins og afar margir okkur meiri og betri menn hafa verið í skóla. Kennararnir verða auðvitað að leiðbeina og stjórna drengjunum.

Og um mína kennara segi ég það, að þeir voru mér betri en ég átti skilið, enda var mér mjög hlýtt til sumra þeirra, en ekki í nöp við neinn þeirra, þegar skiptum okkar lauk, og sömu söguna hygg ég, að flestir eða allir mínir skólabræður hafi að segja.

Ég hefi ekki kynnt mér ástandið í skólanum núna, og heyrði því miður ekki þann kafla úr ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem fjallaði um skólann. Hinsvegar hlýddi ég á hæstv. dómsmrh. segja frá því, að heill bekkur hefði gert uppreisn gegn kennara, sem ráðh. taldi „ágætis kennara", og gegn rektor. Og nú kom til úrskurðar, hvort reka skyldi piltana. Rektorinn hefir sýnilega verið í vafa, því að hann snýr sér til hæstv. ráðh. og spyr hann ráða. „Og við Pálmi ákváðum að reka ekki piltana", segir hæstv. ráðh. Þetta er hinn „nýi andi", sem ríkir í skólanum.

Ákvörðun P. H. og hæstv. dómsmrh. um að reka ekki piltana, byggist sem sé ekki á réttarmeðvitund þeirra. Það sést gleggst á *ummælum* ráðh. um piltana. Hæstv. ráðh. sagði nefnilega:

„Piltarnir höfðu í raun og veru á réttu að standa".

Litlu síðar segir hann svo:

„Ég álít, að piltarnir hafi gert afar mikið af sér. Þeir höfðu á röngu að standa í sínu innsta eðli".

Hvort er nú rétt? Hæstv. ráðh. veit það ekki. Hann hefir aldrei hugsað málið út frá því sjónarmiði. Það var annað, allt annað, sem réði. Kjarni málsins er í fæstum orðum sá, að P. H. hefir hlotið embættið með þeim hætti, að hann verður að halda vinfengi við nemendurna, hvað sem það kostar.

P. H. hlýtur embættið í samkeppni við 5 kennara skólans, sem allir áttu ríkari erfðarrétt til þess en hann. Allir voru þessir kennarar „ágætir" að dómi ráðh. En hann treysti sér ekki til að „gera upp á milli þeirra". Þess vegna útskúfaði hann þeim öllum og setti P. H. í sæti þeirra.

Hvað vissu menn um P. H.?

Í 3 ár hafði hann gegnt kennarastarfi norður á Akureyri og engan orðstír getið sér fyrir sérstakan áhuga eða dugnað. Eftir að hann varð rektor, fylltist hann guðmóði og hélt hina viðfrægu ræðu um leitina að sannleikanum. En ég býst við, að margir muni hafa litið líkt á og ég, að ef þessi áhugi ætti sér dýpri rætur í skapferli P. H., væri vandráðin gáta, hversu lengi honum hafði tekizt að leysa hana.

Og hvað sagði hæstv. ráð. um P. H.? Ráðh. taldi hann „óráðna gátu".

Æskan er óspillt og öðrum næmari fyrir rangsleitni.

Aðstaða nemendanna til hins unga rektors er því sú, að ýmist eru þeir honum beint andvígir eða framkoman markast a. m. k. af meðvitundinni um það, að sá, sem hefir hlotið hnossið með röngu og á kostnað samverkamanna sinna, á stöðu sína blátt áfram undir hylli nemendanna.

Af þessu hlýtur vitaskuld að leiða hið ægilegasta stjórnleysi.

Hæstv. ráðh. ber alla ábyrgðina á þessum voða, sem skólanum er búinn. Það er hann, sem þannig hefir dælt pestinni inn í skólann, og hvað staðar þá, þótt 8. furðuverk heimsins, hinar marg umtöluðu vindsnældur, dæli ódauninum út.

Í Menntaskólanum er spillingin verk hæstv. dómsmrh. — Í stjórnmálalífinu hlutverk hans.

Hæstv. ráðh. sagði áðan:

„En embættið er ekki til fyrir manninn, eða til þess að maðurinn geti lifað. Mín skoðun er sú, að það eigi bara að leita uppi færasta manninn".

Keflavíkurlæknishérað losnaði nýlega, og hæstv. dómsmrh. hóf leitina að „færasta manninum". Jónas Kristjánsson varð á vegi hans. Hann sótti um embættið. Samtímis kom ráðh. auga á Sigvalda Kaldalóns, og enda þótt Sigvaldi væri þess mjög ófús, þröngvaði ráðh. honum til þess að taka embættið.

Það sæti ekki á mér að lasta Sigvalda. Hann er gamall og góður vinur minn. En læknir er hann ekki til jafns við J. Kr., það viðurkenna allir, og auk þess er héraðið erfitt, en Sigvaldi heilsuveill. Samt sem áður valdi hæstv. ráðh. Sigvalda. Af hverju? Var Sigvaldi „sá færasti" — að dómi ráðh.?

Það vill nú svo vel til, að þessi grunnfærni ráðh. missti út úr sér mikilsverða yfirlýsing um þennan veigamikla þátt málsins, og gaf með því sjálfum sér siðferðisvottorð.

Hæstv. ráðh. sagði:

„Ef J. Kr. hefði sótt svo sem venja er til, en ekki fyrir milligöngu „læknaklíkunnar", þá hefði ég veitt honum embættið".

Í þessu liggur skýlaus viðurkenning hins rangsleitna ráðh. á yfirburðum J. Kr. En eingöngu af því, að honum fellur ekki formið á umsókninni, lægir hann J. Kr. frá embættinu.

Og hvað um fólkið, — héraðsbúa?

Hefir ekki einmitt hæstv. dómsmrh. hamrað á því, að fólkið eigi kröfu á því að fá „þann færasta"? Og hvað höfðu héraðsbúar til saka unnið? Ekki gátu þeir haft nein áhrif á form umsóknarinnar. Hvers vegna lætur hæstv. ráðh. þá ofstæki sitt bitna á þeim? Hvers vegna fá þeir eigi að njóta þess, að J. Kr. sótti um héraðið, úr því að ráðh. taldi hann „færastan", og segist álíta sjálfsagt að veita alltaf þeim „færasta" sérhvert embætti?

Þessu verður ráðh. að svara, en ég spái, að honum vefjist tunga um tönn, eins og oftar.

Sannleikurinn er sá, að annaðhvort er þessi „lífsskoðun" ráðh. um frumburðarrétt „þess færasta" eintómt fleipur og marklaust hjal, eða þá að ráðh. er alls ekki „sjálfráðu gerða sinna". Því skoðun og breytni ráðh. er í beinni andstöðu hvort við annað.

Að lokum ætla ég að fara fám orðum um stjórnarfarið í landinu.

Hæstv. forsrh., sem að eðlisfari er léttlyndur maður og alvörulítill, sýnist hafa valið sér einkunnarorðin: „Mér er alveg sama". Hann hefir látið hæstv. dómsmrh. haldast uppi alveg ótakmarkað frelsi til að fara sínu fram. Og sorgarsaga stj. stafar að miklu leyti af þessu athafnafrelsi hæstv. dómsmrh. Framferði hans hefi ég áður lýst hér í d. Læt því nægja að minna á, að lög landsins hefir hann þverbrotið, og síðan sett smánarblett á Alþingi með því að þröngva þingmeirihlutanum til þess að samþ. vísvitandi, sannanleg og sönnuð ósannindi. Borgara landsins hefir hann ofsótt með skipulagsbundinni grimmd. Hæstarétt þjóðarinnar hefir hann margsvívirt. Sjálfstæði landsins hefir hann tvívegis teflt í voða og yfirleitt varpað þeim skugga á stjórnarfarið, að þess eru engin dæmi og verður aldrei endurtekið. Slíkt getur hent þjóðina einu sinni, en ekki tvisvar.

Þótt nú framkoma eða öllu heldur athafnaleysi hæstv. forsrh. virðist benda til þess, að honum hafi legið allt í léttu rúmi, þá þori ég samt að fullyrða, að framan af tók hann margt af þessu mjög nærri sér. Hann var að vísu vanur að lúta handleiðslu þessa manns og að bera vissa ábyrgð á ýmsum óþrifum hans. En þá var hann ritstjóri stjórnarandstöðublaðs, og það var sök sér. En nú var ritstjórinn orðinn forsrh. Hann vildi gæta virðingar hins háa embættis og af meðfæddri hjartagæzku vildi hann heldur gera rétt en rangt, gott en illt. Það er því fullvíst, að hann sveið undan framferði hæstv. dómsmrh. En hann skorti það, sem allt reið á: kjarkinn. Forsjónin hafði ekki fengið honum karlmannslund til jafns við virðingar í þjóðfélaginu. Þess vegna er stjórnarsaga hæstv. forsrh. eitthvert skýrasta dæmi þess, hver ógæfa hugdeigja er þeim, sem í öndvegi sest.

Ein syndin býður annari heim. Hæstv. forsrh. hafði ekki manndáð til að hefta afbrot hæstv. dómsmrh., en fann þó jafnframt, að hann var ábyrgur fyrir misgerðum undirráðherra síns. Ódæðin, sem

honum bar að hindra með valdi forsrh., fór hann því að verja, og vel gæti ég trúað, að honum hafi tekizt betur að sannfæra sína eigin næmu sál en marga aðra um, að rangt væri rétt, illt gott.

Og hæstv. forsrh. hefir því miður haldið áfram á hinni hálu braut. Hann er nú sjálfur tekinn að vinna þau verk, sem hann í upphafi þó langaði til að hindra hæstv. dómsmrh. í að gera. Nægir þar að minna á það síðasta og versta: þegar hann veitti Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjórastöðuna.

Allir vissu, en enginn þó eins vel og einmitt hæstv. forsrh., að J. Þorb. skorti tilfinnanlega þann kostinn, sem þó mest reið á: óhlutdrægnina. Hæstv. forsrh. gekk því vitandi vits að verki. J. Þorb. fékk ekki stöðuna vegna kostanna, sem hann þurfti að hafa, heldur vegna lastanna, sem hann mátti ekki hafa, og löstur J. Þorb. hafði grimmilegast bitnað á hæstv. forsrh. sjálfum. Því svo einstök er hlutdrægni þessa mann, að allt frá því að hann tók við ritstjórn Tímans, hafði hann látlaust níðst á sínum eigin yfirmanni, hæstv. forsrh. Stundum beinlínis, en langoftast óbeinlínis. Oft með oflofi um aðra forystumenn Framsóknar, en alltaf með seigdrepandi þögninni um hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. gat ekki lengur risið undir hlutdrægni J. Þorb. Þá greip hann til þess ráðs að kaupa sig undan þegjandi ósvinnu J. Þorb., með því að fá honum þá aðstöðu í þjóðfélaginu, að þjóðin öll yrði nú sá píslarvottur hlutdrægnis hans, sem hæstv. forsrh. sjálfur hafði verið.

Sumir fórna sjálfum sér fyrir þjóð sína. Aðrir fórna þjóð sinni fyrir sjálfa sig.

Svona er þá komið fyrir formanninum á stjórnarfleyinu. Um liðið er það að segja, að sumir framsóknarmenn hafa um of hætt mannorði sínu og ef til vill sjálfstæði gegn stj., með því að þiggja af henni bitlinga, en þó hefir rás viðburðanna afhjúpað sócialistana mikið illþyrmilegar.

Alþjóð hefir lengi vitað, að bezt hefir verið gefið á sócialistajötuna úr ríkissjóðsstabbanum. En að þeir væru orðnir svo spakir við jötuna, sem raun ber vitni um, hefðu fæstir trúað.

Eitt skýrasta dæmið er bankamálið.

Allt fram á síðustu stund voru sócialistar alveg ákveðnir í því máli. Þeir vildu drepa bankann og ekkert annað. Það var engin uppgerðarilska í þeim, þegar sexmenningarnir báru fram frv. sitt. Nei, þeir voru vondir, alveg fokvondir. Svo vondir, að þeir höfðu ekkert gát á tungu sinni, en létu óbótaskammir dynja á sexmenningunum í blaði sínu, Alþýðublaðinu. Ætlaði stj. að reka sexmenningana? Eða ætlaði stj. kannske að láta þetta „varalið" sjálfstæðismanna kúga sig? Þannig spurði Alþýðublaðið.

En fám dögum síðar, þegar stj. var runnin til þess að bjarga lífi sínu, þá var eins og einhver hefði rekið títuprjón í sósialistabelginn. Þeir þögnuðu, steinþögnuðu, og hugsuðu um beinin sín.

En þó átti háðung þeirra að aukast og margfaldast.

Þegar gorgeirinn í þeim var sem mestur, fann hv. þm. Mýr. sig knúðan til að hirta þá hér í d. Hann sagði, að þeir væru kámugir, pólitískir vergangsmenn, sem Framsókn hefði hirt af götu sinni, alið og hýst, sett til mennta og virðingar, allt í því trausti, að ábyrgðartilfinning þeirra ykist. En það hefði nú farið á annan veg. Svangir hefðu þeir etið — mikið, ótrúlega mikið. Þreyttir hefðu þeir hvílt sig, en kámugir hefðu þeir ekki þvegið sér, og kámugir væru þeir enn.

Þannig þakkaði einn aðalráðamaður Framsóknar stuðninginn við stj.

Þeir, sem þekkja hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., vita, að þeir reiðast stundum af minni sökum. Hver einasti maður með óbrjálaða velsæmistilfinning hlaut að standa upp, beina máli sínu til forsrh. og spyrja, hvort hér væri talað fyrir hans munn, og ef svo var, þá var sá einn kostur að lýsa vantrausti á stj.

En hvernig fór? Þeir þögðu. Steinþögðu. Líklega hefir eitthvað staðið í þeim, sennilega bein.

Svo sterkir eru gullarmar ríkissjóðs, og svona spakir eru sósialistar á jötunni. Þeir hreifa sig ekki, þótt á þá sé sigað.

Svona er þá stjórnarliðið. Þó lifir endurminningin um stj. sjálfa sjálfsagt lengur. Ein eftirminnilegasta myndin í safninu því er af ráðh. þremur.

Forsrh. miklast af sigri stj. í banka-

málinu, nýr hendurnar og talar um „föstu tökin".

Fjmrh. lýsir yfir því úr ráðherrastól, að lánstrausti landsins verði bezt borgið með svikum og prettum, og dómsmrh. stritast við að skrifa einum helzta sérfræðingi Norðurlanda í sálsýki 10 dálka opið bréf til sannindamerkis um að ráðh. sé óbrjálaður!!!!

Ekki er að furða, þótt við þykjumst geta haldið veglegt gestaboð á 1000 ára hátíðinni undir slíkri forustu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi nú hlustað á ræður þeirra hv. þm. Dal., hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. G.-K., síðan á hádegi. Mig hefir satt að segja hálfsyfjað undir lestri hv. þm., enda þótt það hafi verið misjafnlega mikið.

Hv. þm. Dal. hélt fyrst hjartnæma ræðu, sem var að mestu leyti árás á Tímann. Það er nú orðið svo langt síðan, að ég var ritstjóri Tímans, að ég nenni ekki að fara að elta ólar við hv. þm. um það, sem þar hefir staðið. Þetta ætti fremur heima í blaði hv. þm. en í ræðu á eldhúsdegi, og ef Íslandið er dautt, ætti hv. þm. að geta fengið innhlaup annarsstaðar. Annars finnst mér það óviðkunnanlegt að vera að tala um það hér á þingi, hvort þessi eða þessi þm. hafi skrifið fyrir Dönum. Og þó að einhver tali um það, að hv. þm. Dal. skriði fyrir Dönum, þá skora ég á hann að láta því ósvarað. Ef hann treystir sér ekki til þess, mætti skoða það sem vott um fremur slæma samvizku.

Hv. þm. Dal. spurði, hvort ég hefði ekki gleymt að biðja um lausn vegna þess, að Íslandsbankamálið hefði gengið mér á móti. En það var svo fjarri því, að málið gengi mér á móti, því að ég var einmitt mjög ánægður með úrlausn þess. Hv. þm. sagði, að ef ég hefði gert það, myndi samúðarbylgja hafa streymt um mig. Hún hefi þegar streymt um mig vegna þeirra úrlausnar, sem varð á málinu, en hvort hún hefði orðið meiri, ef ég hefði sagt af mér, skal ég ekki um segja. Annars þótti mér gott að heyra þetta frá hv. þm. Dal.

Hv. þm. Vestm. flutti hér langa ræðu um Síldareinkasöluna, og beindi henni að miklu leyti til mín. Hann ætlaðist til, að ég gæfi hér skýrslu um Síldareinkasöluna. En ég verð að segja hv. þm. það, að ef hann óskar eftir, að atvmrh. gefi skýrslu um fyrirtæki, sem er rekið sjálfstætt eins og Síldareinkasalan, þá ætti hann ekki að koma fram með þá ósk á eldhúsdegi. Hann ætti í stað þess að flytja hana í fyrirspurnarformi hér á þingi. Ég veit að hv. þm. ætlast ekki til, að atvmrh. geti fylgzt með slíkum fyrirtækjum í einstökum atriðum. En nú vill svo til, að hér á þingi eiga þrír menn sæti, sem munu vera allkunnugir Einkasölunni. Það eru þeir hæstv. fjmrh. og hv. þm. S.-Þ., sem hafa verið endurskoðendur hennar, og hv. 2. þm. S.-M., sem hefir verið forstjóri hennar. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. geti gefið hv. þm. Vestm. einhverjar upplýsingar. Annars get ég gert ráðstafanir til að fá upplýsingar um einstök atriði og veita hv. þm. Vestm. úrlausn síðar.

Eftir að hv. þm. Vestm. hafði lokið ræðu sinni um Síldareinkasöluna, sneri hann sér að stj. yfirleitt. Sérstaklega þótti honum varhugavert, hve mikil tök jafnaðarmenn hefðu á stj.

Í því efni kom hv. þm. með tvö dæmi. Annað var ríkisútgerðin á Esju. Áður var það Eimskipafélag Íslands, sem sá um útgerð þess skips. En þetta átti að bera vott um það, að stj. væri farin að hallast að stefnu jafnaðarmanna, en ég held, að engir þm. jafnaðarmanna hafi haft neina hugmynd um þessa tilhögun, fyrr en þeir sáu bréf frá mér í Tímanum um það efni. Esja var þjóðnýtt áður og er þjóðnýtt enn, svo að hér er um enga stefnubreyt. að ræða. Hvort það er Eimskipafélagið, sem hefir á hendi stj. skipsins, eða fyrrv. skipstjóri þess, skiptir engu. Þegar þessi ákvörðun var tekin, var ómögulegt að fá að vita um það, hver ætti að taka við stj. hennar. Emil Nielsen, hinn gamli, ágæti ráðunautur stj., var farinn frá Eimskipafélaginu, en enginn vissi, hver við tæki. Nú gerðum við þessa tilraun og við skulum sjá, hvort nokkuð hefst upp úr því, að þessi maður á að koma skipulagi á ferðir flóabátanna, starfsemi, sem ríkinu allt til þessa hefir orðið mjög dýr. Ef þetta gefur engan árangur, en meiri kostnað, þá höfum við hlaupið af okkur þessi horn, en ég álít rétt að reyna þetta.

Hitt atriðið, sem átti að sýna sterk áhrif frá jafnaðarmönnum, var það, að

ég hefði ásamt fleirum greitt atkv. með því, að sá styrkur, sem heimilað er í fjárl. að veita Eimskipafélagi Íslands, skyldi ganga til hlutabréfakaupa í félaginu. Ég skal geta þess, að ég álít að það, sem borið er fram á móti þessu, hafi nokkurn rétt á sér, en hitt vil ég segja alveg hiklaust, að það er ekki nema eðlilegt, þótt stj. vilji að ríkið eignist eitthvað meira í félaginu, þegar það á ekki nema eitthvað 16.—17. hluta þess, og ekki sízt vegna þess, að félagið fær að njóta ýmsra hlunninda af hálfu hins opinbera. Þegar svo er ástatt, virðist ekki nema eðlilegt, að stj. ríkisins óski aukinnar þátttöku fyrir sig í stj. félagsins. Ef það eru áhrif frá jafnaðarmönnum, þá eru það a. m. k. ekki nein skaðleg áhrif.

Svo kom eitt atriði í ræðu hv. þm., sem mér fannst vera sletta, mjög óviðeigandi. Það kom fram hjá hv. þm., að það væri ekki von að vel færi með Síldareinkasöluna, þegar stj. fengi bændur ofan úr sveit til að vera endurskoðendur hennar. Ef einhver annar hefði sagt þetta, þá þætti það víst ekki bera vott um mikla virðing fyrir bændastétt þessa lands, sem felst í slíkum orðum, að aðeins þetta, að þeir væru bændur ofan úr sveit, gerði þá óhæfa til að vera endurskoðendur þessarar stofnunar. Hér er að ræða um form. Sambands ísl. Samvinnufélaga, manns, sem um mörg ár hefir með mesta hróðri staðið fyrir stóru kaupfélagi, auk þess sem hann hefir verið settur sýslumaður og bæjarfógeti í einni af hinum stærri sýslum þessa lands. Hinn er formaður í stærsta og ríkasta kaupfélagi landsins. Þar að auki höfðu þessir menn þá sérstöðu, að þeir voru alþingismenn, en Alþingi hafði sett þessa stofnun á fót, og þar er ein ástæðan til þess, að ég álít það sérstaklega gott, að tveir af þingfulltrúum þjóðarinnar voru settir til þessarar endurskoðunar, til að hafa eftirlit með þessari stofnun. Ég vísa þannig algerlega á bug þessari slettu hv. þm. Þessi ráðstöfun er algerlega óaðfinnanleg, og sú breyt., sem orðið hefir á af því, að Jakob Karlsson hefir verið skipaður endurskoðandi Einkasölunnar, er þess eðlis, að þótt hann sé um leið stærsti bóndinn á Akureyri, get ég ekki tekið á móti neinum ákúrum eða slettum fyrir það.

Þá kem ég að ræðu hv. 2. þm. G.-K., sem veitti mér þann heiður að tala miklu meira um mig en bæði hv. þm. Dal. og hv. þm. Vestm. Verð ég þá í launaskyni að beina nokkrum orðum til hv. þm., þótt þau verði sjálfsagt ekki eins mörg og hann beindi til mín.

Ég verð að segja það svona almennt um ræðu hv. 2. þm. G.-K., að mér fannst hún ekki nærri því eins skemmtileg og myndarleg eins og sumar aðrar ræður, sem hann oft hefir flutt. Hv. þm. býr sig oft vel undir ræður sínar og flytur oft góðar, formlegar ræður, kryddaðar mörgum skemmtilegum orðum. Sérstaklega var fyrri partur ræðu hv. þm. mjög þunnur og samhengið mjög lítið. Um allan þann part ræðu hv. þm. var það auðséð, að hann hafði ekki sérstaklega undirbúið sig, en hafði auðsjáanlega heyrt ýmislegt úr ræðum hv. 1. þm. Skagf., hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Reykv. Nú tók hv. þm. þessi atriði upp, til þess að reyna að rétta hlut þeirra, og útskýrði ýmislegt, sem þeir höfðu sagt. Ég álít, að þetta sé tæpast samboðið manni, sem telur sig einn aðalforgöngumann Íhaldsflokksins, að vera svona að hirða spörðin hjá sínum undirmönnum. Hann á ekki að þurfa þess. Hv. þm. Borgf. var að hjálpa hv. 1. þm. Skagf., og nú er hv. 2. þm. G.-K. að hjálpa þeim báðum og minnti það mig á það, sem Sveinki karl sagði: „Era héra at borgnara, þótt hæna beri skjöld".

Hv. 2. þm. G.-K. kvartaði undan einhverri smágrein, sem hefði staðið í Tímanum út af eldhúsdeginum. Ég verð nú að játa það, að ég hafði ekki lesið þessa smágrein og furðar mig á, að hv. þm. skuli láta sér finnast til um hana, en ég get sagt hv. þm. það, að fullt samkomulag varð um það af allra hendi, að hafa þessa tilhögun, sem er um eldhúsdagsumr., og ég veit ekki annað en að allt, sem ég og forseti þessarar d. höfum lofað, hafi verið efnt og haldið. Ennfremur vil ég segja það, að það er okkur öllum til sóma, að þessi breyt. var á gerð, að þessum eldhúsdagsumr. var hnýtt aftan í 3. umr., því að það tefur þingið miklu meira að hafa þær við frh. 1. umr., því að önnur afgreiðsla fjárl. verður að bíða á meðan, en eins og nú er, getur fjvn. Ed. farið að vinna, þó að þetta sé haft

svona, svo að afgreiðsla fjárl. tefst miklu minna.

Svo vil ég þá víkja að einstökum atriðum í ræðu hv. 2. þm. G.-K. Hv. þm. talaði langt mál og mjög persónulegt út af veitingu póstritaraembættisins, og talaði mikið um þau rök, sem ég hefði borið fram. En ég tók það mjög skýrt fram, að ég bar ekki nein rök fram, í svo persónulegu máli er ekki hægt að bera fram nein rök, það liggur engin staðreynd fyrir um það, með hvaða hugarfari ég hafi ráðstafað þessu embætti, en um það mun ég ekki ræða frekar, hvern dóm sem hv. þm. leggur á þetta verk mitt. Ég hefi gert grein fyrir þessu atriði frá minni hendi, en af því að það eru ekki rök, þá ætla ég ekki að fara að ræða frekar um það. Ég lýsti yfir því alveg skýlaust, þegar þetta mál bar hér á góma, að ég hefði ráðstafað þessu embætti með það eitt fyrir augum að fá þann mann, sem ég bar bezt traust til að geta staðið undir þeirri miklu fjárhagslegu ábyrgð, sem fylgir rekstri þessa embættis.

Svo vék hv. þm. að **bankamálinu**. Um það er ég ófáanlegur að rökræða í einstökum atriðum, en það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að ég er mjög vel ánægður með úrslit þess máls; en ég er hinsvegar ekki sammála hv. þm. um, að barizt hafi verið um það, hvort ætti að standa við skuldir Íslandsbanka eða ekki, það væri máske réttara að orða það svo, hver ætti að standa við þær. Það, sem barizt var um, var það, hvað ríkið ætti að fórna miklu, hve mikið væri í húfi, og hvernig ríkið slyppi léttast. Ég álít, að sú niðurstaða, sem fékkst, hafi verið mjög farsælleg. Við getum nú komizt hjá því að demba öllu yfir á ríkissjóð, eins og stjórnarandstæðingar vildu. Margar milljónir króna fengust annarsstaðar frá með þessari aðferð, og ég álít, að þetta spor, sem við höfum stigið, að stofna nýjan banka, sem yfirtæki þann gamla, hafi verið mjög farsælt. Hinsvegar þykir mér það ekkert undarlegt, þótt íhaldsmenn tali um þetta mál með mikilli beiskju, vegna þess að það er enginn vafi á því, að íhaldsmenn voru farnir að gera sér miklar vonir um afleiðingar þessa máls. En þeir urðu fyrir átakanlegum vonbrigðum, og er von, að þeir séu gramir yfir því enn, því að „blóðnætur eru bráðastar". Þetta mál er jafnvel ekki enn endanlega til lykta leitt, svo að það er ekki nema eðlilegt, þótt andstæðingarnir þurfi að láta koma fram þau vonbrigði, sem þeir hafa orðið fyrir. Annars fannst mér að hv. 2. þm. G.-K. væri að tala um þann mikla sigur, sem unninn hefði verið, og held ég þá, að sá hv. þm. mætti vera ánægður. En ég álít, að við megum nú heim fara og bíða rólegir úrslita, því að „bíðendur eiga byr, en bráðir andróða".

Um Búnaðarbankann sagði hv. þm. nokkur orð, og um tvo bankastj. við þann banka, þá dr. Pál E. Ólason og Pétur Magnússon. Þeim miður viðeigandi orðum, sem hv. þm. viðhafði um dr. Pál E. Ólason, nenni ég ekki að svara aftur, því ég hefi látið í ljós álit mitt um þau og hefi þar engu við að bæta. En þegar hv. þm. er að tala um það, að hverju leyti Pétur hafi verið betri en Páll, og hvers vegna ég hafi ekki tekið hann, þá er því til að svara, að ég tók hann, því að ég tók báða, svo að þessir góðu hæfileikar, sem þeir hafa, njóta sín nú vel við bankann. (ÓTh: Annar er undirbankastjóri). Já, annar er undirbankastjóri, en hann er bankastjóri við bankann, og báðir leggja vitanlega fram sína krafta svo sem ætlast er til. En þegar hv. þm. er að spyrja mig, hvers vegna ég hafi ekki viljað nota nema hæfileika annars, þá er það eintóm fjarstæða, því að ég nota hæfileika beggja.

Hv. þm. talaði svo töluvert um þá till., sem hv. 2. þm. Árn. og ég bárum fram á þinginu 1927, um vaxtalækkun. Þá skorti ekki umhyggju fyrir bændunum. En hvað hefir sá hv. þm. og flokksmenn hans gert síðan? Og hvað höfum við gert síðan? Við höfum síðan stofnað landbúnaðarbanka, til að taka að sér að inna af hendi útdeilingu lánsfjár til bænda. Það er nú verið að vinna að því af mesta kappi að semja reglugerðir um það efni, og nú fáum við að sjá þá stofnun rísa með þeim beztu kjörum, sem við getum boðið. Ég vona að hv. þm. fái að sjá mjög góðan árangur af því, hvernig leyst verður úr vaxtaspursmálinu og lánsfjárspursmálinu.

Um vitavörðinn á Reykjanesi þarf ekki margt að segja. Hv. þm. vildi ekki fara inn á málið sjálft, og mér finnst það

koma fram í ræðu hv. þm., að hann er ekki að áfellast það, að manninum var vikið frá, en spurði aðeins, hvers vegna manninum hefði ekki verið vikið frá fyrr. Því skal ég enn svara. Mér var ekki kunnugt um margt, sem dregið var fram í frásögn vitamálastjóra fyrr en þá. Hann er vitanlega trúnaðarmaður landsstj. og málið barst ekki upp í hendurnar á mér, nema hvað ég vissi um þann spíritus, sem hann hafði fengið árið 1928. Það er ekki fyrir meira en hálfum mánuði, sem ég fæ að vita um þetta. Þann hluta af starfi vitamálastjóra, sem er innifalinn í því að líta eftir vitum og vitavörðum, er ég viss um, að hann rækir með stakri samvizkusemi, og ég trúi honum fullkomlega til að hafa eftirlit með því af hálfu landsstj. En það, sem gerði að þessi vitavörður var ekki settur af 1928, var það, að vitamálastjóri lagði það ekki til þá, heldur fyrst 1930.

Út af þeim nefndaskipunum, sem hv. þm. talaði um nokkuð almennt og spurði, hví hefði þurft að skipa marga menn í n. til að vinna verk, sem stj. hefði unnið sjálf áður. Ójá, ef hv. þm. álítur, að málið liggi þannig fyrir, þá er ekki von að hann skilji mikið í því. En mennirnir voru ekki skipaðir til að vinna þau verk, sem íhaldsstj. vann áður, heldur til að vinna þau verk, sem hún hafði vanrækt áður, og einmitt af því að svo mikið var vanrækt, hefir þurft nokkuð margar hendur til að kippa því í lag, til að fá betra skipulag. Og það er einmitt það, sem þessir menn eiga að vinna, það sem hinir unnu ekki, en vanræktu.

Svo komu nokkrar almennar aths. um stjórnarfarið, að hv. þm. hefði haft ýmsar vonir um að það mundi snúast til hins betra, en þær vonir hefðu alveg brugðizt. Ég verð að segja það, að ég hefi alltaf haft samúð með þeim mönnum, sem hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum. En svo komu ýms stóryrði um mig persónulega og hina í stj., og álít ég alveg tilgangslaust fyrir mig að fara að tala um það, sem hv. þm. sagði um mig persónulega, en hvað snertir það, sem hv. þm. sagði um meðstjórnendur mína, þá vil ég aðeins minna á málsháttinn forna, að „þeir lifa lengst, sem með orðum eru vegnir". Og þótt þessum orðum væri aðallega hreytt til mín, þá fannst mér þó samt felast meiri ásökun í þeim til meðstarfsmanns míns, hæstv. dómsmrh., en þar stendur nokkuð sérstaklega á. Við eigum öðru hvoru að sækja okkar dóm til þjóðarinnar, kjósendurnir hafa valdið í sínum höndum, og þangað eigum við allir að skjóta okkar málum og sækja okkar dóm. Þessi maður, sem hv. 2. þm. G.-K. hefir ráðizt á með hörðum orðum, á nú að fara að sækja slíkan dóm. Það stendur nú svo á, að kjörtímabil hans er útrunnið í sumar, og vil ég nú beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort við eigum nú ekki að láta kjósendurna dæma um hæstv. dómsmrh. Ég fyrir mitt leyti kvíði engu um það, hvernig kjósendur Íslands munu fella dóm í því máli.

Magnús Torfason: Hvat ek veit, hvort mér aldurhnignum manninum sé hent að láta mig í þá orrahríð, sem hér er háð, og þá því síður, sem utanþingsmönnum er brígslað um fals og þeir nefndir óþokkar hér á þingi. Að ég samt tek nú til máls er af því, að mig hefir lengi langað til að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til sambandssamningsins, sem gerður var 1918 og þess, sem farið hefir síðan fram í því máli.

Eins og menn vita, þá var ég á móti sambandslögunum, ásamt hæstv. forseta þessarar d. og ýmsum öðrum góðum mönnum. Aðalástæða mín fyrir því, að ég var á móti sambandsl. var sú, að með þeim var Dönum gefið algert jafnrétti hér á landi. Það gekk jafnvel svo langt, að Danir áttu að eignast fullkominn kosningarrétt hér alveg eins og Íslendingar sjálfir. Þegar þeir hefðu verið eitt ár á Íslandi, áttu þeir að öðlazt kosningarrétt. Ég leit svo á, og lít svo á ennþá, að ákvæði eins og þetta gætu tæplega samrýmst því, að við værum talin sjálfstæð og fullvalda þjóð. Hinsvegar geri ég minna úr þeirri hættu, sem okkur hefði getað stafað af þessu. Í því sambandi má minna á sögu Dana. Þeir eru heimakærir og eru ekki sérlega ríkir af þeim hæfileikum, sem þarf til þess að koma ár sinni fyrir borð í öðrum löndum. Það hafa þeir sýnt hér á landi. Árið 1918 var svo komið fyrir þeim hér á landi, að þeir höfðu misst að mestu leyti eða algerlega

þau tök, sem þeir höfðu tekið að erfðum á verzlun landsins, og voru leifar af gömlu einokunarverzluninni. Aðeins fáir Danir settust að hér á landi, og var það full og skýr sönnun fyrir því, að Danir sem stjórnmálamenn hugsuðu ekki til yfirráða hér. T. d. var hér fyrir nokkru stórt danskt fyrirtæki, en Danir hættu við það fyrir tiltölulega lítilfjörlega skuld. Það voru alls ekki meira en 300 þús. kr., sem það vantaði til þess að geta borgað hverjum sitt. Það var því auðséð, að Danir höfðu engan hug á að halda slíkri stofnun áfram, en það er kunnugt, að útlendar þjóðir nota þessháttar stofnanir oftast til þess að ná föstum tökum á löndunum.

Því ber ekki að neita, að draga vildu menn úr þessu jafnrétti, en ekki með því að breyta sambandsl., heldur með sérstökum ákvæðum í stjskr. landsins. Ég leit svo á, að hér væri ekki rétt að farið, sérstaklega þar sem var að ræða um samninga ríkja á milli, og það voru fleiri en ég, sem litu svo á. Þegar svo till. um 5 ára búsetuskilyrði hér á landi, til þess að menn öðluðust kosningarrétt, var borin fram, sem ég vitanlega fylgdi og samþ., þá sagði forsrh. af sér. En ekki nóg með það, að hann segði af sér, þegar stjskr. var samþ. með þessu ákvæði, heldur vildi hann, forsrh., ekki skrifa undir hana, svo að Pétur Jónsson, sem þá var fjmrh., skrifaði nafn sitt undir hana. Ég áleit, að svona aðferð gæti ekki góðu stýrt, en gæti vel orðið til þess að ýfa upp gamlar væringar milli sambandsþjóðanna.

Nú hafa Danir ekki gert sig líklega til að vinna hér land síðan sambandsl. komu, og er því sýnt, að við þurfum ekkert að óttast úr þeirri átt. Ef Danir ætluðu sér nokkuð slíkt, væru þeir löngu byrjaðir á að gera ráðstafanir til þess. En það hafa þeir ekki gert, þvert á móti lítur út fyrir, að þeir álíti, að þeir eigi ekkert að gera til þess.

Þetta er líka mjög skiljanlegt. Eins og við vitum, fengu Danir nokkurn landskika frá Þjóðverjum eftir Norðurálfuófriðinn. Þjóðverjar höfðu síðar beitt bæði fé og ýmsum brögðum til að koma þar ár sinni fyrir borð og reynt að fjölga þar þýzkum mönnum. Danir eru þar minni máttar og vildu því fegnir losna við þá ásókn. Þeir vita þannig, hvar skórinn kreppir að. Það má því öllum vera ljóst, að þeim héldist aldrei uppi að bæla okkur undir sig á neinn hátt, á sama tíma og þeir eru að verja sitt land fyrir ágengni annarar þjóðar.

Við lifum því í fullum friði við þessa sambandsþjóð okkar og getum notað alla krafta okkar til að efla sjálfstæði okkar inn á við. Hitt endurtek ég, að þetta jafnréttisákvæði er afarleiðinlegt, og væri óskandi, að hægt væri að fá það numið úr sambandsl., og það sem fyrst. Ég er tilbúinn að fylgja því. En því yrði vitanlega aðeins framgengt með lagi og góðri samvinnu.

Hv. þm. Dal. minntist nokkuð á grein, sem hæstv. dómsmrh. skrifaði um samband þjóðanna. Ég ætla mér ekki að fara að verja þá grein. Hæstv. ráðh. er sannarlega maður til þess sjálfur. En ég get tekið undir það, að uppistaðan í þeirri grein sé alveg keiprétt, og því fremur get ég tekið undir það, sem ég lýsti yfir því sem minni skoðun á stjórnmálafundi á Skeggjastöðum í sumar, að við yrðum að muna eftir því, að við erum sjálfstætt ríki, og við yrðum að skoða Dani og fara með þá sem hvert annað erlent ríki. Okkur hæfði ekki að gera annað, því að annars höguðum við okkur eins og við værum í gamla sambandinu við Dani. Þess vegna yrðu öll viðskipti okkar við Dani að fara fram öðruvísi hér eftir en hingað til, við yrðum að ráða þeim málum, sem við þættumst þurfa að sækja í hendur þeirra, og við yrðum að sækja fast rétt okkar í hverju máli fyrir sig. Með því móti gætum við á þessu tímabili, þangað til við getum sagt upp sambandslagasamningnum, unnið talsvert á, en með hinu mótinu alls ekki. Það er ekki aðeins vegna aðstöðu okkar gagnvart Dönum, að ég er á þessari skoðun, heldur vegna aðstöðu okkar til erlendra þjóða yfirleitt, sérstaklega þó Norðurlandaþjóðanna. Ég lít svo á, að fyrir okkur, þetta litla og nýja ríki, sé lífsskilyrði, að við getum unnið okkur viðurkenningu og virðingu frændþjóðanna. Við erum áreiðanlega bezt farnir, að það tækist. En auk þessara almennu raka verðum við að gá að því, að við erum í meiri

peningasveltu heldur en nokkur önnur af menningarþjóðunum. Við eigum svo ákaflega margt og mikið ógert, og við erum svo fáir. Mér er nær að halda, að sú skoðun eins af hinum gömlu og góðu sjálfstæðismönnum sé rétt, að við verðum að nota allt það lánstraust, sem við getum fengið hjá öðrum þjóðum, til þess að sækja fram. Hitt er annað mál, að við verðum að verja vel því fé, sem okkur er trúað fyrir. Við verðum með því að styrkja atvinnuvegina, svo þeir geti staðið straum af lánunum.

Einn af þeim mönnum, sem skrifuðu undir sambandsl. skilyrðislaust, var hv. þm. Dal., enda var hann þá í ráðherrasæti. Meðan hann var ráðh. fann ég aldrei annað en hann væri mjög ánægður með sambandsl. En þá fyrst, er hann var oltinn úr ráðherrastóli, þegar hann var orðinn liðlaus og hafði framið þann verknað, að hann var alveg óhæfur til að vera foringi Ísl. út á við, þá fyrst fór hann að prjóna. Mér kom það nú reyndar ekkert á óvart, því mér hefir jafnan fundizt þessi hv. þm. vera mestur í málinu. Hefir jafnan orðið minna úr hjá honum, þegar hann hefir fengið völdin og aðstöðu til að geta gert eitthvað. Þess vegna hefi ég ekki lagt mikið upp úr þessari baráttu hans; hefi látið hana hlutlausa. Hún gat að minnsta kosti ekkert skaðað, og það því síður eftir að maðurinn var orðinn eins einangraður á stjórnmálasviðinu, sem hann var. Svo var það á þinginu 1927, að hann varð svo heppinn að bera fram till., sem samþ. var hér einum rómi. Raunar var það ekki neitt kraftaverk, því það er líklega enginn sá Íslendingur til, sem ekki er reiðubúinn að segja upp sambandslagasamningnum, því hvernig sem á málið er litið, stæðum við ekki að neinu leyti ver að vígi eftir að hafa sagt upp samningnum, heldur þvert á móti. Ég skal ekki fara langt út í þessa sálma, en jafnvel þó semja ætti við Dani að nýju, væri blátt áfram herbragð að segja upp samningnum.

Síðan vann hv. þm. Dal. að þessu máli, og honum tókst að fá í lið með sér Íhaldsflokkinn gamla; flokk þeirra manna, sem yfirleitt hafa verið deigastir í sjálfstæðisbaráttu vorri. Ég skal unna hv. þm. þess sannmælis, að þetta var töluvert afrekverk, og tókst honum prýðilega að leysa það af hendi. Svona af þingmannlegum brögðum var þetta beinlínis listabragð hjá honum. En svo kemur nú það leiðinlega. Þegar þessi nýi flokkur var stofnaður, kom fram gamla veilan hjá hv. þm. Dal. og hv. Íhaldsflokki. Nýja flokknum var valið nafn, sem alls ekki átti við. Sjálfstæðisnafnið er forngripur, fagur og dýr forngripur, eins og heimastjórnarnafnið. Það nafn átti ekki við eftir að stj. var komin inn í landið, og eins á sjálfstæðisflokksheitið ekki við nema hjá þjóðum, sem seldar eru undir aðrar þjóðir. Af því við erum sjálfstætt ríki á það alls ekki við hjá okkur. Það kemur fram reginmisskilningur á aðstöðu okkar hjá þeim mönnum, sem velja flokki sínum þetta nafn nú. Það er eins og þeir lifi langt aftur í tímanum, lifi enn undir gamla þrældómsokinu. Ég held þá minni, að þeir lifi í tímanum fyrir 1918, og þess vegna hafi þeir tekið upp þetta gamla og göfuga nafn, sem sízt á við nú.

Þegar menn mynda nýjan stjórnmálaflokk, er það eitt af því, sem mikið veltur á, hvernig tekst að velja honum nafn. Nafnið á að lýsa þeim viðfangsefnum, sem flokkurinn ætlar að fást við, og því takmarki, sem hann ætlar að keppa að. Slíkt nafn hefir ekki núv. andstöðuflokkur stj. valið sér. Þegar ég frétti, hvaða nafn hann vildi bera, fór ég að hugsa um hvaða nafn flokkur sem þessi ætti að hafa. Og mér datt í hug margsinnis betra nafn handa honum, sem innibindur allt það, sem hann segist vilja berjast fyrir. Ég ætla að geyma það nafn í brjósti mér, þangað til þörf er á því. En það verður áreiðanlega ekki fyrri en svo nærri er komið lokasennunni við Dani, að aðstaðan til hennar fer að skipta mönnum í flokka. Það er ekki orðið ennþá. Það geta vitanlega ekki skipt mönnum í flokka önnur mál en þau, sem skiptar skoðanir eru um. Ekkert slíkt mál hefir verið lagt fyrir þingið ennþá. Allir tjáðu sig sammála um að segja upp samningnum við Dani. Sjálfstæðisflokks-nafnið er algerlega ótímabært nú, og þess vegna á ég svo bágt með að taka þetta gamla og góða flokksheiti mér í munn.

Hv. þm. Dal. kom dálítið að bankamálinu í ræðu sinni. Finnst mér það hefði

þó mátt liggja milli hluta við þessa umr. Ég sé ekki, að það sé vel fallið til að notast við eldhúsdagsumr., því yfirleitt er ekki venja að bítast út af málum, sem hlotið hafa einróma samþykki. Hélt ég líka, að hv. stjórnarandstæðingar þættust hafa nógan annan eldivið. Og ég verð að líta svo á, að hv. þm. Dal. hefði mánna sízt átt að verða til þess að blanda bankamálinu inn í umr., og allra sízt á þann hátt, sem hann gerði það. Það eru til þær hliðar á því máli, sem lítið hefir verið rætt um á þinginu, hliðar, sem sjálfsagt fer betur á, að sem minnst sé talað um, og Framsóknarflokkurinn hefir leitt hjá sér, þótt hv. þm. Dal. og fleiri íhaldsþm. hafi ekki getað setið á sér að skjóta ýmsum hnútum til okkar framsóknarmanna í þeim samböndum.

Ég get viðurkennt það, að ég var einn af þeim fyrstu, sem nokkra sérstöðu höfðu til bankamálsins, eins og kom líka berlega í ljós við síðustu umr. þess hér í hv. d. En vegna þess, hve rangt hefir verið sagt frá afskiptum þeirra af málinu, sem höfðu svipaða skoðun og ég, er rétt að rifja þetta dálítið upp. Fyrst er þá frá því að segja, að ég veit ekki til, að nokkrum framsóknarmanni hafi komið til hugar að skera Íslandsbanka niður við trog, án þess einhver stofnun kæmi í hans stað, sem tekið gæti við viðskiptum hans. Fyrir mitt leyti get ég sagt það, að það var mín fasta skoðun, þegar fyrir lokaða næturfundinn, að það ætti að stofna nýjan banka. Hitt er annað mál, að dálítið voru skiptar skoðanir um aðferðina. Ég áleit t. d. heppilegast að láta frv. um skiptameðferðina ganga í gegnum þingið og að menn væru settir til að taka að sér fjárreiður bankans. Og ég hygg, að útkoman hefði orðið betri fyrir ríkissjóð, ef sú leið hefði verið farin.

En meðan þetta mál var til meðferðar hér í þinginu, voru fleiri þræðir, sem til greina komu. Sérstaklega var það einn þráður, sem miklu hefir valdið um það, að þingi og stj. tókst þó ekki betur né skjótar að ráða málinu til lykta, heldur en raun varð á. Frá upphafi ætlaði Íhaldsflokkurinn sér þá dul, að fella stj. á þessu máli. Ég segi þetta af því að ég veit það. Þessi hugsun hefir aldrei yfirgefið hv. andstæðinga stj. síðan bankinn lokaði. (PO: Þetta er nú bara vísvitandi lygi). Þetta er ekki í fyrsta sinni, sem hv. þm. Borgf. grípur fram í fyrir mér á ókurteisan hátt. Hann hefir víst öfundað hv. Ed. af því að hafa kerlingarnöldrið sitt, og nú er hann sjálfur að verða kerlingarnöldur þessarar hv. d. Við vitum að kerlingar eru oft fremur óþolnar, þeim er ekki mikil þolinmæði gefin. Það er heldur ekki nýtt þó hv. þm. Borgf. sé fremur þollítill. Hann þolir ekki að vera annarsstaðar en í meiri hl., og af þeirri ástæðu fór hann í Íhaldsflokkinn. Þess vegna líður honum ekki vel nú orðið, enda eru kerlingardrættirnir farnir að sjást á andlitinu á honum. En orðum eins og þeim, sem hann kastaði til mín nú, dettur mér ekki í hug að svara.

. Hugsunin um að fella stj. hefir verið rauði þráðurinn í sögu bankamálsins, að því er snertir framkomu íhaldsmanna. Jafnvel hv. þm. Dal., sem mesta skyldu hafði til að fylgja þessu máli af alvöru, hefir ekki getað losað sig við þessa hugsun. Hér á Alþingi hefir hann hvað eftir annað verið að ympra á stjórnarskiptum, og síðast í ræðu sinni í dag var hann að lýsa eftir lausnarbeiðni frá hæstv. forsrh. Þetta er heldur leiðinlegt hans vegna, en ég skil hann mjög vel. Síðan Framsókn tók við völdunum, hefir þessi hv. þm. lifað og hrærst í þeirri hugsun, að steypa stj.. Hann hefir ekki séð annað. Það er því alls ekki tilhæfulaust, þó ég kasti því fram, að hv. Íhaldsflokkur hafi ætlað sér að fella stj. á bankamálinu, enda bendir margt á viðleitni hans til þess. Það er byrjað á því að blása upp þessa lokun Íslandsbanka, sem sérstaka þjóðarógæfu og látið sem allt muni fara í kalda kol. Ég vil nú gjarna trúa því, að þessir hv. þm. hafi trúað þessu, og skal ganga út frá því, að þeir hafi gert það. En hver er svo raunin? Fullar 8 vikur eru nú liðnar síðan bankanum var lokað. Enginn hefir enn orðið var við þá stóru þjóðarógæfu. Enginn orðið var við að allt væri í kalda koli! Enginn verður var við annað en að atvinnu- og verzlunarlífið gangi sínar götur eftir sem áður. Nú getur hv. þm. hugsað sér, að ef einhverjir eru svo góðir að flytja slík og önnur ummæli til útlanda, hver áhrif slíkt hefði getað haft þar. Það sér hver maður, að

slík ummæli gátu einmitt þar orðið hættuleg. En þau gátu líka orðið hættuleg innanlands. Slíkar staðhæfingar hlutu að vinna að því að veikja traustið á þeirri einu peningastofnun, sem við áttum eftir. Slík ummæli gátu hæglega valdið peningaflótta. Og ég vil ekki neita því, að nokkuð meira hafi verið sent út af peningum næstu vikur eftir að Íslandsbanki lokaði en eðlilegt var. En ef brögð hefðu orðið að því, að menn sendu peninga sína úr landi, þá var það orðin þjóðarógæfa. Og það gat orðið. Mer er kunnugt um það, að hér var fólk, sem farið var að gleiðgosast yfir því, að peningar væru fluttir út úr landinu. Hver tilgangurinn muni hafa verið með þessu, skal ég ekki um segja. En ef gera skal sér eðlilega hugmynd um það, þá hefði það helzt verið þetta: að þvinga þjóðina til að taka að sér bankann með öllum skyldum og sköttum. Þetta, að vera að ýta undir peningaflótta og vera að hafa í hávaða, hvað tjónið sé mikið, það er erfitt að skilja, að þeir menn, sem það gerðu, hafi vitað, hvað þeir voru að gera. Og það er því erfiðara, sem ýmsir þeir menn, sem að þessum hávaða stóðu, áttu að vera því kunnugir, og hafa ábyggilega vitað það, að allsstaðar í öðrum löndum er reynt, þegar bankahrun ber að, bæði af stj. og bönkum, að gera sem minnst úr tjóninu. Jafnvel í þeim voldugu Bandaríkjum var reynt að gera sem minnst úr tjóninu, sem varð af kauphallarhruninu þar á síðastliðnu hausti. Auðmenn þar gerðu hið sama. Já, það er erfitt að átta sig á framferði manna hér, sem höguðu sér gagnstætt því, sem gerist allsstaðar annarsstaðar. Aðferð þeirra getur varla skilizt á annan hátt en þann, að þeir hafi ekki verið sjálfráðir gerða sinna. Löngunin til að koma stj. frá var svo mikil, að þeir gátu ekki séð svo bláan og beran sannleik eins og þetta.

Ég hefði mikla freisting til að tala meira við hv. þm. Dal. um þetta atriði, en skal láta hér staðar nema, enda býst ég við, að ekki verði mikill árangur af, því „seint er afglapa at snotra“ (forseti hringir). — Ég heyri að hæstv. forseti hringir til mín. Við erum því nú vanir flokksmenn hans, og skal ég ekki fást meira um það að sinni.

Hv. 2. þm. G.-K. hafði nefnt mig í ræðu sinni. Hafði hann fundið það sérstaklega að mér, að ég hefði ekki fylgt fram þál., sem ég hafði borið fram hér á árunum, ásamt hv. þm. Str., um að lækka vexti bankanna. Ég get glatt hv. þm. á því, að fyrir mér er alveg sama alvaran og áður var um það að lækka vextina. Og ég er tilbúinn að fylgja slíku fram þegar unnt er. Háir vextir eru þjóðarböl. Ég get frætt hv. þm. um það, að á öllum þeim þremur þingmálafundum, sem haldnir voru í Árnessýslu núna fyrir þing, voru samþ. einum rómi kröfur um að lækka vextina. Við 1. þm. Árn. vorum ráðnir í að hreyfa þessu máli er á þing kæmi. En við vorum varla fyrr hingað komnir en við heyrðum það, að Íslandsbanka væri að fjara út. Og þá litum við svo á, að ekki myndi verða talinn heppilegur tími nú til að lækka vextina. En ég er reiðubúinn að fylgja till. frá hv. þm. í þessu efni, hvenær sem vera skal og færi gefst. Hv. þm. G.-K. fríar hæstv. forsrh. um hugdeiglu. Mér dettur ekki í hug að fara neitt að lýsa geði eða innra manni hæstv. forsrh. En ég býst við, að hv. þm. hafi meint, að í honum væri geðveila og það fannst á, að honum þótti hæstv. forsrh. ekki vera nógu mikill skörungur í sínu sæti. En þó fannst það einnig á, að honum þótti hann í sumu fullmikill skörungur. En það er nú hægra um að ræða en í að komast. Hv. 2. þm. G.-K. hefir líka fengið þann dóm, að hann væri ekki mikill skörungur. Hann hefir einu sinni fengið þann veg og komizt í þann vanda, að geta ráðið stórmáli til lykta á heppilegan hátt. Það var þegar foringi hans var að hækka krónuna. Þá var hv. þm. í lófa lagið að koma í veg fyrir það. (ÓTh: Og gerði það líka!). Má vera, að einhverju litlu leyti, en alltof seint, því hann lét krónuna hækka alltof mikið. Hann hefði getað tekið í taumana miklu fyrr. En hv. þm. var geðveill og lét því bugast. Hann þekkti ekki sinn vitjunartíma. Ef hann hefði gert það, þá hefði hv. þm. getað orðið einhver mesti maður þessa lands. Og þá hefðu kosningarnar 1927 ekki heldur orðið eins hroðalegar fyrir Íhaldsflokkinn og raun bar vitni um. En hann gerði það ekki. Það er eins og ég sagði áður, hægra um að tala en í að komast.

Ég þekki ekkert þennan hv. þm. En hann talaði um hugdeiglu af svo mikilli mærð, og að því er virtist af svo mikilli þekkingu, að maður gæti hugsað, að hv. þm. hafi tekið marga tíma hjá „aðalsérlækni Norðurlanda“ í þeirri grein, sem hann nefndi. En ég býst samt við því, að hv. þm. hafi ekki gert þetta. Hann hefir nóg annað skemmtilegra. Ég verð því að álíta — jafnfjálglega og hann talaði um þessa „hugdeiglu“ — að hann hafi hér mælt af eigin raun.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. þm. Borgf. nefndi mig hér í gærkvöldi í sambandi við nokkra minniháttar reikninga. Mér er kunnugt um það, að hv. þm. Borgf. er reglusamur um sín og annara fjármál. Hefir hann því eflaust ætlazt til, að ég kvittaði eitthvað fyrir.

Hv. þm. byrjaði á því að tala um, að stj. hefði eytt miklu fé í bitlinga, bæði til utanfara og allskonar n., án þess heimild væri fyrir því í fjárl. Um þessar n. er nú það að segja, að þær n., sem lengst hafa starfað og því kostað mest, eru allar settar eftir skipun þingsins. (**PO:** Ég sagði ekki, að þær hefðu verið settar í heimildarleysi!). Hv. þm. var nú samt að ámæla stj. vegna þess fjár, sem þeim hefir verið greitt. Hinsvegar skal ég viðurkenna, að það er alveg rétt hjá hv. þm., að greitt hefir verið allmikið fé til utanfara utan fjárl. Má vitanlega áfella stj. fyrir það, enda þótt slíkir styrkir hafi oft verið nauðsynlegir og réttmætir. En samt sé ég ekki, eftir því sem fram er komið um afgreiðslu fjárlagafrv. hér í hv. d., að sú d. hafi sérstaka ástæðu til að áfella stj. Þessi hv. d. hefir nú samþ. ýmsa styrki og bitlinga upp á 30—40 þús. kr. fram yfir þann sérstaka lið, sem til þess er ætlaður í fjárlfrv. stj. Flestir þessir styrkir eru komnir inn á fjárl. án þess að stj. mælti með þeim. Og allmargir þeirra munu hafa þangað komizt fyrir atbeina hv. þm. Borgf. Ég vil því senda þessum hv. þm. reikninga hans til baka, með tilmælum um, að hann athugi nánar þá liði bitlinganna, sem nafn hans eða atkv. er riðið við.

Ég ætla ekki að tala neitt sérstaklega um það, þótt sumt af þessum styrkjum gangi í kjördæmi hv. þm. Borgf. Það hefir alltaf verið sagt um hv. þm. Borgf., að hann væri sparsamur, og að hann hefði mikla tilhneigingu til að greiða atkv. móti útgjöldum úr ríkissjóði. Þetta var rétt hér áður. En ég get ekki neitað því, að mér hefir fundizt nokkuð vera farin að gufa upp sú sparnaðartilhneiging. Á því hefir bólað nokkuð mikið upp á síðkastið, að hann hefir gert allmikið að því að greiða atkv. með og jafnvel flytja till. um stórar útgjaldaupphæðir. Ég neita því að vísu ekki, að margt af þessu sé til þarflegra hluta. En það verður þess þó valdandi, að hagur ríkissjóðs verður lakari. Hv. þm. Borgf. hefir nú í þetta sinn greitt atkv. með ábyrgðarheimildum á hendur ríkissjóðs, sem nema yfir 1½ millj. kr. Og hann hefir greitt atkv. með beinum útgjaldaupphæðum úr ríkissjóði, sem nema hátt upp í 1 millj. kr., fyrir utan sjálft fjárlagafrv. Í þessum upphæðum tel ég hafnirnar, sem hljóta að binda ríkissjóði stór útgjöld í nálægri framtíð, ef að lögum verða. En það er nú svo, að þeir, sem á annað borð finna til ábyrgðar um að sjá hag ríkissjóðs borgið, verða alltaf að vera á verði. Ég hélt nú, að hv. þm. Borgf. mundi reynast betri varðmaður á því sviði. Og það er vitanlega ekki enn vonlaust, að hann snúi seinna við á þessari braut og fari gætilegar en á þessu þingi.

En það er meira en útgjöld ríkissjóðs, sem þarf að hugsa um. Það þarf líka að hugsa honum fyrir tekjum. Ýmsir hreppar hafa fyrir nokkuð löngu síðan fengið lán, en nokkur misbrestur hefir orðið á um greiðslu vaxta og afborgana hjá sumum þeirra. Nú stendur svo á, að hreppurinn, sem hv. þm. Borgf. er hreppstjóri í, skuldar ríkissjóði eina slíka upphæð. Sú upphæð er ógreidd enn. Nú vænti ég, að hv. þm. stuðli að því, að farið verði að greiða nokkuð af þessari skuld árlega. Hv. þm. hefir oftar en einu sinni farið fram á það, að hreppnum væri gefnir eftir vextir af þessari skuld, og líka fengið því framgengt.

Það var nú ekki nema lítill hluti af ræðu hv. þm. Borgf., sem að mér snéri. Vil ég því ekki tefja tímann með því að fara lengra út í það, af því líka hæstv.

dómsmrh. hefir svarað nokkru af því. En ég vildi þá beina nokkrum orðum til hv. þm. Vestm.

Hv. þm. Vestm. hélt alllanga ræðu hér í dag um Síldareinkasöluna. Mér þótti leitt að heyra, vegna hv. þm., hve sú ræða var full af blekkingum og rangfærslum. Úr ræðu hv. þm. andaði svo mikilli óvild til Síldareinkasölunnar, að ég held að enginn, sem á hlýddi, hafi getað vænzt óhlutdrægs dóms frá hv. þm. um Einkasöluna. Hv. þm. talaði líka af miklum ókunnugleik um þetta. Er það líka eðlilegt, því ég hygg, að hv. þm. hafi lítið kynnt sér þetta mál af eigin raun eða eigin starfsemi, hann mun vera fremur ókunnugur starfsemi Síldareinkasölunnar, og síldveiðunum fyrir norðan yfirleitt.

Lýsing hans á starfsemi Einkasölunnar var á þá lund, að þar væri ekkert að finna nema ranglæti og heimsku. Þeir menn, sem þar störfuðu, hefðu ekkert vit á verkum sínum og sýndu hina mestu hlutdrægni og fávizku. Hann hélt því fram, að með þessari Einkasölu væri verið að drepa síldarútveginn. Þetta eru í sjálfu sér ekkert annað en tómir sleggjudómar. Það mætti þó kannske hlusta á þá, ef ferill síldarverzlunarinnar áður hefði verið svo glæsilegur. En því held ég að engum manni detti í hug að halda fram. Sannleikurinn er sá, að síldarútvegurinn var kominn í það ófremdarástand, að útvegsmenn sáu sjálfir, að svo búið mátti ekki lengur standa. Nýtt skipulag varð að finna. Ágreiningurinn var aðeins um, hvernig því yrði fyrir komið. Nú fannst mér það ekki vaka fyrir hv. þm. Vestm. að endurbæta skipulagið, nei, heldur skipulagsleysi, rétt eins og áður var. En hver varð útkoman af skipulagsleysinu? Sífelld og árleg gjaldþrot og vanskil, og af því leiddi stórtöp fyrir marga aðila. Bankarnir báðir urðu fyrir stórtjóni við það allt saman.

Hv. þm. fór fram á, að ríkisstj. gerði honum grein fyrir ýmsum atriðum í rekstri Síldareinkasölunnar, sölusamningum hennar, ýmsum færslum á reikningum hennar o. s. frv. Þetta er vitanlega ómögulegt. Þetta er sérstakt fyrirtæki. Stj. gerir ekki annað en að tilnefna suma þá menn, sem stj. þess hafa á hendi. Hún hefir engan íhlutunarrétt um það, hvernig síldin er verðreiknuð, og getur ekki heldur fylgzt með því, hvernig reikningum Einkasölunnar er hagað.

Hv. þm. kom með ýmiskonar aths. og fyrirspurnir. Hann minntist á árið 1928. Ég hygg, að allir viðurkenni, að Einkasalan hafi gengið mjög vel það ár, og að útkoman þá hafi verið mikið betri en áður átti sér stað. Í fyrsta lagi minntist hv. þm. á ákvæði, sem sett hefðu verið í suma síldarsölusamninga sumarið 1928, um svokallaða verðfallstryggingu, og taldi framkvæmdarstjórn Síldareinkasölunnar mjög ámælisverða fyrir það atriði. Ég vil taka fram, að enn hefir aldrei komið til þess, að þetta hafi lækkað verð á nokkurri einustu síldartunnu. En hinsvegar hefir það orðið til að greiða fyrir sölu á haustin, þegar mikið hefir legið fyrir, með sæmilegu verði. (JJós: Því hélt þá verðfallstryggingin ekki áfram?). Það er mér ekki kunnugt um, því að ég hefi ekki séð neinn reikning Einkasölunnar fyrir 1929. En reikninginn fyrir 1928 sá ég, og þess vegna er mér þetta atriði kunnugt.

Þá sagði hv. þm., að stj. Síldareinkasölunnar hefði selt fyrirfram meiri síld en veiðzt hefði. Þetta er í sjálfu sér rétt hjá hv. þm. Síldin getur brugðizt fyrr en nokkurn varir. Ekki var heldur gott að varast þær misfellur, sem urðu á flokkun síldarinnar. Það var samin reglugerð um, hvernig ætti að flokka síld í tunnur eftir stærð, og átti Björn Líndal mestan þátt í henni. Framkvæmdarstjórarnir seldu síldina samkv. flokkun þeirrar reglugerðar, og líka samkv. því, sem vanir menn töldu réttast. Björn Líndal og Ásgeir Pétursson voru þeir menn, sem um mörg ár höfðu einkum haft ráðin um þetta og áttu að vera því kunnugastir. En reynslan sýndi, að þeir fóru villir vegar um stærð síldarinnar. Þó að nú hafi brugðið út af því, að hægt hafi verið að fullnægja sölusamningum um stærð síldarinnar, var þó hægt að fullnægja kaupendum svo, að tjón varð ekkert.

Þá voru það Brödrene Levy. Hvað veit hv. þm. um Brödrene Levy og samninga við þá? Við þá hafa engir samningar verið gerðir, nema eins og við aðra kaupendur. (JJós: Það var þó játað á fundi í fyrra). Nei, engir samningar aðrir en við

þá kaupmenn yfirleitt, sem seldu síld. (ÓTh: Jú, það var játað af þm. fyrir meir en 300 tilheyrendum). Þetta firma keypti 30 þús. tunnur árið 1928, enda er það aðalviðskiptafirma Einkasölunnar í Danmörku. Þetta eru allir samningarnir.

Þá kom hv. þm. að síldarmatinu og taldi það illa rækt, sérstaklega að mér skildist síðastliðið sumar. Til þess hefðu verið settir unglingar, sem ekkert hefðu þekkt til þessara hluta. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að fyrsta sinn í sumar hafði Einkasalan aðstöðu til þess að skipulagsbinda matið. Og það skipulag bar þann árangur, að kaupendur viðurkenndu allir, að matið hafi orðið mun betra en undanfarin ár. Þeir fullyrða jafnvel, að það hafi aldrei verið eins gott. Þetta hefir sagt mér einn af framkvstj. Einkasölunnar.

Þá talaði hv. þm. um, að Einkasalan hefði tekið lán til þess að greiða eigendum andvirði síldarinnar. Þetta er í raun og veru ákaflega eðlilegt. Þeir, sem öfluðu síldarinnar, þurftu auðvitað að fá peningagreiðslu áður en hægt var að koma síld þeirra í verð. Einkasalan fann sér skylt að gera þetta fyrir framleiðendurna, en til þess þurfti lán.

Enn skal ég drepa á ásakanir hv. þm. fyrir það, að seld hafi verið síld, sem aldrei var veidd. Síldin hvarf fyrr en nokkur hafði búizt við. Allir höfðu gert ráð fyrir meiri síld en raun varð á. Hv. þm. sagði, að út af þessu hefði orðið samningsrof, og hann spyr, hve mikið hafi verið borgað í gabbsbætur vegna samninga, sem ekki var hægt að standa við. Sumt af þessari síld var kryddsíld, og þeim samningum var fullnægt með því að láta saltsíld í staðinn. Mér er ekki vel kunnugt um niðurstöðuna, en ég hygg, að lítið eða ekkert hafi þurft að greiða í skaðabætur. Getur verið, að þetta sé ekki alveg útkljáð enn við eitt eða tvö firmu. Hinum er öllum fullnægt að skaðlausu fyrir Einkasöluna.

Mér skildist hv. þm. telja ranglátt að greiða jafnhátt verð fyrir Austfjarðasíld og aðra. Það er rétt hjá hv. þm., að Austfjarðasíld er smærri og selst því lakar, sérstaklega í Svíþjóð. En bæði Norðlendingar og Vestfirðingar hafa þá aðstöðu fram yfir þá, sem síldveiði stunda við Austurland, að geta oftast nær lagt síld í bræðslu, ef ekki er hægt að koma henni í salt. Af því mun stafa, að Einkasölunni hefir ekki þótt annað sanngjarnt en að verðreikna Austfjarðasíld eins og norðlenzka. Þetta getur auðvitað verið álitamál, en hefir nauðalítil áhrif á heildarverð síldarinnar, vegna þess hve Austfjarðaveiðin er lítil.

Hliðstætt þessu er það, þegar skemmd kemur í síld eftir að búið er að ganga frá henni í tunnunum. Bæði árin 1928 og 29 hefir það valdið síldareigendum talsverðu tjóni. Þá var það líka álitamál, hvort Einkasalan ætti að bera nokkurn halla af því, eða hann ætti allur að lenda á einstökum mönnum, sem voru svo óheppnir að eiga síldina. 1928 var greitt svo úr þessu, að skaðanum var skipt milli Einkasölunnar og þeirra einstaklinga, sem skemmdu síldina áttu. Að nokkru leyti varð sama niðurstaðan í sumar, að ég hygg. Það mun hafa skemmzt talsvert mikið af síld á Svalbarði hjá Birni Líndal, skaðinn um 25 þús. kr. Síldareinkasalan tók nokkurn þátt í tapinu, en sjálfur varð hann að bera sumt. Það má vitanlega um það deila, hverja leið sé sanngjarnast og réttlátast að fara til að ráða fram úr slíkum óhöppum sem þessum, en að nota þetta sem árásarefni á Einkasöluna, nær engri átt.

Þá minntist hv. þm. á kryddsíldarverkunina og sagði, að áður en Einkasalan tók til starfa, hafi hún öll verið í höndum Íslendinga, en nú væru Norðmenn búnir að ná henni undir sig. Þetta er ekki rétt. (JJós: Ég sannaði það með tölum). Nei. Áður var hún raunverulega í höndum Svía, eins og mikið af síldarverzluninni. Þeir og aðrir útlendingar fluttu hingað salt og tunnur sínar til að fylla þær, og þeir réðu öllu um meðferð síldarinnar. Árið 1928 seldi Einkasalan af kryddsíld og sykursaltaðri og hreinsaðri síld um 50 þús. tunnur, en af saltaðri síld 184 þús. tunnur. Mest var salan af kryddsíld árið 1927, 60 þús. tunnur, en þá var líka saltaða síldin um 240 þús. tunnur. Niðurstaðan það ár var, að fjöldi manna tapaði stórfé á síldinni. Síðastliðið sumar var kryddað og sérverkað alls um 26 þús. tunnur, en saltað

alls 123 þús. tunnur. Niðurstaða þessara þriggja ára verður þá, að hlutföllin milli saltsíldar og kryddsíldar verða nærri þau sömu. Kryddsíldarmagnið hefir aðeins rýrnað eftir sama hlutfalli og saltsíldarmagnið. Þess má líka geta, að eftir að Síldareinkasalan tók við, hefir verðið á kryddsíld verið miklu jafnara og stöðugra en áður. Nú er búið að selja fyrir fram 30 þús. tunnur af kryddsíld, svo að ekki er hægt að segja, að þessi markaður sé að lokast. Öðru nær. Og þessir nýju fyrirfram-samningar eru sæmilega hagkvæmir.

Hv. þm. kvartaði um það, að bátar héðan að sunnan fengju ekki söltunarleyfi nema fyrir 600 tunnum, og að ekki borgaði sig að gera út báta fyrir svo lítið. Mér fannst þetta eiga að vera ásakanir á hendur Einkasölunni, fyrir að veita ekki þessum bátum sömu réttindi og aðrir hefðu. Mér er ekki vel kunnugt um þetta atriði, en ég hygg, að það sé ástæðulaust að bregða stjórn Einkasölunnar um hlutdrægni í úthlutun söltunarleyfa. Það er rétt að bera þetta saman við togarana, þegar þeir hafa ekki söltunarleyfi nema fyrir 2000 tunnum hver, en geta ef vel gengur aflað tíu sinnum meira. Þeir verða þá að leggja í bræðslu það, sem fram yfir er. Þetta stafar af því, að það verður að hafa hemil á, hve mikið er saltað. Það hefir verið álitið aðalatriðið til að halda uppi verði síldarinnar að hafa tök á, hve mikið er framleitt af saltsíld. Hún er ekki nema ¼ til ⅙ af allri veiddri síld, og þá er óhjákvæmilegt að takmarka það, sem hver bátur og skip má salta fyrir sig. Meðaltalsveiði síðustu ára er 7—800 þús. hektólítrar, og þar af hefir ekki verið saltað nema 150—200 þús. tunnur.

Þá er það tunnuleysið í sumar. Það er nú ekki í fyrsta sinn í sögu síldarútgerðarinnar, sem slíkt hefir komið fyrir. Ég er ekki að mæla því bót, en það hefir verið algengur hlutur áður fyrr. Þá komu oft tugir þúsunda af tunnum, rétt þegar síldin var þrotin, og lágu svo til næsta árs. Þess væri auðvitað óskandi, að hægt væri að sneiða hjá slíkum óhöppum.

Þó að ég álíti, að Síldareinkasalan sé spor í rétta átt, dettur mér ekki í hug að halda því fram, að ekki geti átt sér stað mistök við hana. Síldarútveginum er nú einu sinni þannig farið, að erfitt er að reikna út fyrirfram, hver útkoman verður í það og það sinnið. Tunnubirgðir voru með mesta móti þegar veiðar byrjuðu síðastliðið sumar, en vegna þess, hve mikið barst á land af síld, voru þær snemma búnar.

Hv. þm. sagði, að vinir stj. hefðu haft nógar tunnur. Skildist mér hann þar eiga við vini einkasölustj. en ekki ríkisstj. Nú er það svo, að Einkasalan hefir ekki einkarétt til þess að flytja inn tunnur, þó að einstökum mönnum sé það hinsvegar ekki leyfilegt, nema með leyfi einkasölustj. Og ég veit ekki betur en að einkasölustj. hafi veitt slíkt leyfi, þeim, sem fram á það fóru. T. d. fengu útgerðarmenn á Austurlandi leyfi til þess að flytja inn svo mikið af tunnum, sem þeir vildu og þurftu, og mér er kunnugt um, að einn útgerðarmaður á Siglufirði fékk einnig þetta leyfi. Býst ég við, að hann hafi haft nógar tunnur yfir alla vertíðina. Tel ég því sennilegt, að ef fleiri hefðu farið fram á slíkt leyfi, hefðu þeir haft meiri tunnur, því að ég geri fastlega ráð fyrir, að einkasölustj. hefði veitt fleirum leyfi til að flytja inn tunnur, ef þeir hefðu um það beðið. Að minnsta kosti veit ég til þess, að einkasölustj. veitti tveim útgerðarmönnum slíkt leyfi í ágústmánuði, en þær tunnur komu of seint. Verður einkasölustj. ekki gefið það að sök.

Ég hefi þá drepið á nokkur þau atriði, sem hv. þm. Vestm. gerði að umræðuefni viðvíkjandi Síldareinkasölunni. Ég geri ekki ráð fyrir, að honum sé fullnægt með því, sem ég hefi sagt, og læt ég mér það þá í léttu rúmi liggja. Hinsvegar finnst mér, að þetta fyrirtæki eigi heimtingu á að njóta fullrar sanngirni um starfsemi sína. Ég geng þess ekki dulinn, að mistök hafa orðið í rekstri Einkasölunnar, og að svo verður áfram, vegna þess hve illt er að reikna út dutlunga síldarinnar. En hins verða menn að minnast, að síldarútgerðin var eilíf mistök frá upphafi sinna vega, allt þar til Einkasalan var sett á stofn, enda hygg ég, að engum komi til hugar að mæla því fyrirkomulagi bót, sem var á þessari atvinnugrein fyrir daga Síldareinkasölunnar. Þvert á móti er það viðurkennt af þeim mönnum, sem hafa reynslu og

þekkingu á þessum útveg, eins og hann hefir gengið fyrir norðan, að með Einkasölunni hafi verið stigið sjálfsagt spor til nauðsynlegrar skipulagningar á þessari stopulu atvinnugrein.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að gera athugasemdir við í ræðu hv. þm. Vestm.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Dal. hélt langa ræðu, sem að nokkru leyti snerti grein, sem ég hefi skrifað, og þýdd hefir verið í ýms útlend blöð. Þessi grein mín fjallaði um mikilvægt mál, sem er viðhorf íslenzku þjóðarinnar sem sjálfstæðs ríkis til erlendrar þjóðar, og það brot, sem Morgunblaðsflokkurinn hefir drýgt á þeim velsæmisreglum, sem tíðkast milli siðaðra þjóða.

Hv. þm. Dal. heldur því fram, að sú skoðun, sem ég setti fram í þessari grein, sé röng. Ber því að líta á rökin.

Hv. þm. Dal. heldur því fram, að hvorki hann sjálfur, blað hans né heldur Íhaldsflokkurinn fyrrverandi og aðalblöð hans hafi farið út fyrir þau takmörk, sem viðunandi eru í sambúð velviljaðra þjóða. Ég held því aftur á móti fram, og ýmsir fleiri með mér, að blöð Íhaldsflokksins og blað hv. þm. Dal. hafi brotið svo mikið af sér í þessu efni, að hættulegt hafi verið fyrir sjálfstæði Íslands. Ég tel því gott, að þetta mál var reifað hér á Alþingi. Hv. 2. þm. Árn. hefir að vísu skýrt frá því í sinni ræðu, í hverju hann álíti brot hv. þm. Dal. og samherja hans í þessu máli fólgið, en ég vil þó skýra þetta nokkuð frá mínu sjónarmiði.

Það sem hefir komið fyrir, er það, að fáeinir gamlir sjálfstæðismenn gerðu bandalag síðastliðið vor við þann flokk, sem þungfærastur hefir verið í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga. Formaður þessa flokks, hv. 3. landsk. þm., var t. d. allra manna linastur í kröfunum um sjálfstæði Íslands, þegar mest reið á, 1908 og fram að 1918. Það er kunnugt, að hann barðist mjög á móti því, að við Íslendingar fengjum okkar sérstaka þjóðfána. Hann var einn af þeim, sem taldi það goðgá af Íslendingum að geta ekki sætt sig við danska fánann sem þjóðfána sinn. En smátt og smátt bar þjóðartilfinningin málið svo áfram, að við Íslendingar fengum okkar eigið flagg, þrátt fyrir andstöðu þeirra manna, sem undu sér svo vel sem hluti úr danska ríkinu og síðar skipuðu hinn alræmda Íhaldsflokk. Því að það er alkunna, að í þeim flokki, sem hv. þm. Dal. bræddi sig saman við, eru öll þau frumefni, sem þyngst og skilningsminnst hafa verið í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga, að ég ekki tali um það, að í þeim flokki eru flestir þeir menn, sem með fjárglæfrum sínum hafa veikt fjárhagslegt sjálfstæði landsins og komið óorði á þjóðina erlendis. Mér þykir það því harla undarlegt, að ég ekki segi ósvífið, þegar slíkir menn fara að blása sig upp og þykjast vera hinir einu sönnu föðurlandsvinir, menn, sem í leynum hjarta síns er ekki verr við neitt annað en að Ísland verði sjálfstæð þjóð í framtíðinni. Ég tala þetta ekki til hv. þm. Dal. Ég er ekki í neinum vafa um það, að hann hefir alltaf viljað landinu eitthvað betur til handa í þessum málum en sumir núverandi vinir hans. Þó get ég ekki neitað því, að allmargt í framkomu hv. þm. Dal. bendir ekki til þess, að hann hafi mikinn skilning á þessum málum, sérstaklega að því, er snertir hið fjárhagslega sjálfstæði landins, eins og ég mun koma nánar að síðar.

Orsökin til stofnunar „Sjálfstæðisflokksins“ núverandi var sú, að Íhaldsflokkurinn var orðinn vonlaus um að komast í meiri hluta, nema með því að beita sérstökum úrræðum, og helzt einhverri meiri háttar lymsku. Hann bar ugg í brjósti út af úrslitum landskjörsins 15. júní í ár. Vesalings íhaldsmennirnir bjuggust ekki við því að fá nema einn mann í stað þeirra tveggja, sem nú ganga úr hjá þeim, og hugsuðu sem svo, að ef þeir rugluðu nú reitum sínum saman við leifar Frelsishersins, mundi þeim meiri von til að tapa ekki manni við þær kosningar. Voru nú gerðir einhverjir þeir einkennilegustu samningar, sem sögur fara af, þannig, að einn af fulltrúum Íhaldsflokksins hér í Reykjavík var settur í hættu, til þess að koma að við kosningarnar 1931 einum af vinum hv. þm. Dal., hr. Jakobi Möller, sem álitið var, að hefði nokkurt fylgi enn í sambandi

við blaðið „Vísi“. Ástæðan til þess, að þessari nýju sambræðslu var valið sjálfstæðisnafnið, var tregða Jakobs Möllers til þess að ganga í bandalag við þessa gömlu innlimunarmenn, sem að Íhaldsflokknum stóðu. Jakob Möller vildi því helzt vera laus við Íhaldið. Um leið og hann heimtaði sér til handa efsta sætið á lista Íhaldsins við næstu kosningar hér í Reykjavík, heimtaði hann, að Íhaldið gengi undir „sjálfstæðis“-nafnið. Hann vildi láta hv. 3. landsk. þm. ganga undir forsvaranlegt jarðarmen, áður en hann gengi í flokk með honum. Hv. 3. landsk. þm. varð að ganga að öllu. Svo hræddur var hann um það, að flokki hans væri engin von um framgang, ef þetta litla brot, sem hv. þm. Dal. taldist fyrir, væri ekki brætt saman við Íhaldsflokkinn.

Það er hægt að vorkenna aumingja Íhaldinu, a. m. k. hinum óbreyttu liðsmönnum þess, þó þeir uni ekki vel þessu nýja nafni flokksins, enda er það mála sannast, að það eru ekki einungis andstæðingarnir, sem kenna þennan umskírða flokk til síns upprunalega nafns, íhaldsnafnsins, heldur kalla „Sjálfstæðismennirnir“ núverandi sig sjálfir að jafnaði íhaldsmenn, þegar þeir tala saman sín á milli. Það má því með sanni segja, að hv. 3. landsk. þm. hafi orðið að taka út sömu þjáningarnar sem skógarbjörninn, þegar verið er að temja hann og hann er látinn dansa á heitum járnteinum, til þess að hann læri dansinn betur. Hv. 3. landsk. þm. hafði ekkert yfirdrifið álit á hv. þm. Dal., eins og oft kom fram hjá honum, allt þar til hann gerði þetta bandalag við flokksbrot hv. þm. Dal. En hann varð að dansa með nauðugur viljugur, taka á sig þann þunga kross að bera nafn sjálfstæðismannanna gömlu, andstæðinga sinna, og vera á móti Dönum, til þess að fylgjast með í bjarnardansinum. Ég veit, að þetta var ekki að skaplyndi hv. 3. landsk. þm., og er ég ekki að lasta hann fyrir það, því að ég tel það í senn skaðlegt og ómannlegt, þegar verið er að bera erlenda þjóð röngum sökum. En hv. 3. landsk. þm. komst ekki hjá því að dansa þennan dans á heitu járnteinunum. Hann skrifaði grein í „Morgunblaðið“ og „Vísi‘ síðastliðið vor, þar sem hann sló á skjöldinn og lék dátahlutverkið hjá hv. þm. Dal. og vini hans, Jakob Möller. Hann útskýrði þar þörfina fyrir því, að Íhaldsflokkurinn kastaði sínu gamla nafni og kenndi sig við „sjálfstæðið“. Og skýring hans var sú, að okkur Íslendingum stæði svo mikil hætta af Dönum, vegna fiskimiðanna hér og fólksfjölda Dana. Yfirleitt var kjarni þessarar greinar hv. 3. landsk. þm. allt það, sem í hans augum hafði verið hégóminn einber fram að innlimuninni í Frelsisherinn. En það var ekki nóg með þetta. Síðastliðið sumar var boðað til fundar að Skeggjastöðum í Flóa, og þar hélt hv. 3. landsk. þm. kröftuglega fram þessum nýja barnalærdómi, sem hv. þm. Dal. hafði kennt honum, að það væri mikil og yfirvofandi hætta á nýrri innlimun frá Dana hálfu, að nauðsynlega þyrfti að safna þjóðinni saman um hinn íslenzka málstað, móti Dönum, sem stæðu reiðubúnir til að gleypa hina íslenzku þjóð.

Af því að hv. 3. landsk. hafði um nokkur ár verið foringi Íhaldsflokksins, og litið hefir verið á hann út á við sem foringja þessa sambræðsluflokks íhaldsins og Frelsishersins, var þessari grein hans, sem ég áðan nefndi, veitt töluverð eftirtekt af erlendum þjóðum, sérstaklega þó Norðurlandaþjóðunum, og ýmsir stjórnmálamenn, bæði í Danmörku og Noregi, litu á hinn umsteypta Íhaldsflokk sem nokkurskonar landvarnarflokk gegn danskri ásælni. Í Danmörku var það tekið sem sérstakt merki þess, að hér á landi væri straumur í þessa átt, að hv. þm. Dal. stóð að þessari nýju flokksmyndun og komst í miðstjórn flokksins, því að þar var það vitað, að hv. þm. Dal. hafði mjög slegið á skjöldinn í þessu efni og alið stöðugt á óvild til Danmerkur í blaði sínu, sem að vísu aldrei var víðlesið, en kom þó út, þangað til Íslandsbanki lokaði, á sinn hátt eins og „Hænir“ kom út til þess dags, að útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði var lokað. Þetta gefur manni annars ástæðu til að halda, að þessum áðurnefndu blöðum hafi verið haldið uppi eftir einhverjum leynilegum vegum af Íslandsbanka. Hvað Íslandsbanka hefir gengið til, er

ekki gott að vita, en ef til vill gefur hv. þm. Dal. skýringu á því næst þegar hann talar.

Það, sem fyrst var gripið til, til þess að brýna Dani á, var það, að danska varðskipið stæði illa í stöðu sinni hér við land. Eins og ég benti á í áðurnefndri grein minni, hafa Danir hér samskonar skip til þess að uppfylla sambandslögin og þeir höfðu árið 1923. Og það þurfti tíma til þess að láta hreinsa katla sína, engu síður þá en nú. En þá sagði hv. þm. Dal. ekkert, enda var hann þá í stjórn. Þá fann hann enga ástæðu til þess að tala um, að Danir brytu samningana frá 1918 við það, að danska varðskipið gaf sér tíma til þess að hreinsa katla sína, eftir því sem reglur stóðu til. En eftir að hv. þm. Dal. komst inn á þetta nýja frelsisplan, hefir hann alltaf verið að áfellast danska varðskipið fyrir það, að það uppfyllti ekki skyldu sína, þó að störf þess hafi verið nákvæmlega með sama hætti eins og þegar hann hafði yfirumsjón landhelgismálanna.

Það hefir oft verið skipt um yfirmenn á þessu skipi, og þó að eitt árið hafi verið frekar vörukær foringi á því, held ég, að yfirleitt megi segja, að á því hafi verið góðir og duglegir foringjar. En þessi „kritik" hv. þm. Dal. fór út fyrir þau takmörk, sem voru eðlileg fyrir stjórnmálamann, sem hafði nokkra þýðingu á meðal þjóðar sinnar, og gat ekki annað en vakið úlfúð á milli okkar og sambandsþjóðar okkar. Ef eitthvað var að setja út á það, hvernig „Fylla" rækti skyldu sína hér við land, var hægurinn á að snúa sér til stjórnarinnar með umkvartanir sínar, og fullt eins áhrifavænlegt sem að vera að áfellast dönsku þjóðina í heild sinni fyrir það, að varðskipið kæmi oft inn á höfn. Danska þjóðin gat lítið um það mál vitað.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það hér, þar sem ég skýrði það ítarlega á eldhúsdaginn í fyrra, að það gegnir öðru máli um danska varðskipið en þau íslenzku. „Fylla" er gamalt skip og þarf óvenjulega langan tíma til þess að láta hreinsa katla sína, og það hefir enga þýðingu að vera að áfellast foringja hennar fyrir það, sem þeir geta ekki gert að. Það tekur „Óðin" og „Ægi" 2—3 daga að hreinsa vélar sínar, og engum hefir þó dottið í hug að áfellast foringjana á þessum skipum fyrir það, að þeir liggi í höfn meðan það starf er innt af höndum. Og það er ekkert vit í að vera að áfellast foringja hennar fyrir það, þó að þeir hlýði þeim lögum, sem skipinu eru sett með hreinsun vélar þess.

En undirróður Íhaldsmanna gegn sambandsþjóðinni hélt áfram. Það var í fyrstu nokkuð mikill hiti í þessum nýja flokki, sem þurfti að þurka af sér alla gamla innlimun, eins og er um menn, sem skipta um trú í hagnaðarskyni og þurfa að sýna sig á torgum úti í nýju fötunum. Þeir leggja allt kapp á að sýna sína nýju trú og ofsækja jafnvel sína fyrri trúarbræður. Því var það, að „Morgunblaðið" gat ekki nógsamlega slegið á skjöldinn í þessu efni, og þegar svo að því kom, að halda skyldi fundi í ráðgjafarnefndinni íslenzk-dönsku síðastliðið sumar og álitið var, að vafasamt væri, hvort einn af fulltrúum Íhaldsflokksins ætti að sækja þessa fundi, af almennum velsæmisástæðum, lýsti blaðið yfir því, að nú ætluðu Danir að sýna okkur Íslendingum í tvo heimana í sambandi við jafnréttisákvæðið og fiskiveiðarnar, og að þar sem dómsmrh. og hv. 4. landsk. þm. væru báðir ónýtir fyrir hinn íslenzka málstað, en Einar Arnórsson hinsvegar of veikur einn, væri nauðsynlegt, að hv. þm. Seyðf. sigldi líka. Föðurlandið væri í bráðri hættu gagnvart hinum danska úlfi, ef hans nyti ekki við. Um þetta sama hélt hv. þm. Dal. og ýmsir hinna nýju flokksbræðra hans hverja æsingaræðuna á fætur annari á fundunum úti um land og gengu þær í sömu átt og umrædd grein „Mbl.". En það fór nú líkt með þessa för hv. þm. Seyðf. og þegar fjöllin tóku léttasóttina. Sjá, það fæddist lítil mús. Hv. þm. Seyðf. mun hafa fundið það, þegar hann var kominn til annars lands, að áliti hans var nú annan veg farið en áður, fyrir eigin tilverknað hans, sem ég skal ekki koma nánar inn á. Þó að honum væri sýnd fullkomin ytri kurteisi, mun enginn hafa fundið það betur en hann sjálfur, hvílíkt óhappaverk það var af flokksbræðrum hans að velja hann til þessarar farar, sem fulltrúa hinnar ís-

lenzku þjóðar hjá erlendu ríki. Hann tók einu sinni til máls á fundinum, og það atriði, sem hann benti á til varnar flokki sínum, reyndist rangt. Svo lítið varð úr landvörn þessarar þjóðhetju, sem Mbl. hélt að verði íslenzka málstaðinn gegn Dönum.

Á þessum fundum ráðgjafarnefndarinnar bar það annars við, að vinstrimaðurinn Kragh, sem hvað eftir annað hefir hlaupið undir bagga með Íslandsbanka og stutt hv. þm. Dal. í því að bjarga þessu fyrirtæki úr hengingaról skuldanna, sagði sem svo við fulltrúa íhaldsins í n.: Þið segið beint og óbeint og segist trúa því, að við ætlum að innlima ykkur, og gera hið íslenzka sjálfstæði nafnið tómt á þeim grundvelli. Nú er bezt að fá gögnin á borðið og þið skýrið frá því, hvað það er, sem við höfum gert á hluta ykkar, því að einhver raunveruleg ástæða hlýtur að liggja bak við allar þessar umræður um hættu af danskri innlimun.

Hvað er það þá, sem getur gert það sennilegt, að hafa þurfi mikinn viðbúnað til að verjast árásum Dana? Og hverjar eru þessar árásir Dana á sjálfstæði Íslendinga?

Í þessari nefnd átti Íhaldsflokkurinn langbezta manninn, sem hann gat fengið til að verja sinn málstað í þessu efni, sem sé próf. Einar Arnórsson. Þessi maður hafði sýnt, að hann bar góðan hug til sjálfstæðismála vorra, þótt hann að vísu hafi tvisvar fallið frá skoðun sinni í þeim, í fyrra skiptið 1908 og hið síðara 1915, er hann snérist á móti hv. þm. Dal. Þótt þessi maður léti undan í þessi bæði skipti, þá hefir hann endranær haldið fram málstað Íslendinga, en jafnvel honum vafðist tunga um tönn, þegar hann átti að fara að sanna innlimunarframkvæmdir Dana. Þetta gat hann ekki varið sökum þess, að honum hafði verið fengið svo vont málefni til að verja. Einar Arnórsson skorti ekki vilja til að verja málstað Íhaldsins, en hann gat ekki komið fram með neitt dæmi þess, að Danir hefðu misbrúkað sambandslögin eða sýnt, að þeir hygðu á að innlima Ísland. Úr hv. þm. Seyðf. varð bókstaflega ekki neitt við þessar umræður, eins og áður er sagt, enda myndu fáir, sem til þekktu, hafa vonazt eftir miklu af honum í þessu efni, ef til átaka hefði komið.

Ég hefi nú sýnt fram á, að þessi nafnbreyting var óeðlileg, að færasti maður flokksins gat ekki varið hana þar, sem mest reið á, ef taka átti trúanlegt orðagjálfur Mbl. um danska innlimun. Nafnbreytingin var pólitísk spekulation, gerð í því augnamiði að blekkja þjóðina með því, að sambandsþjóð okkar væri okkur fjandsamleg og sæti á svikráðum við okkur. Allar slíkar fullyrðingar eru nú orðnar að engu, og það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. Dal. að bera slíkar fullyrðingar og dylgjur á borð fyrir þjóðina, því að hún veit, að Danir hafa enn sem komið er alls ekki unnið til neins ámælis í sambúð við Íslendinga eftir 1918.

Það er eins og hv. þm. Árn. sagði hér áðan, að frjálsar, vinsamlegar þjóðir eru ekki með dylgjur í garð nábúanna.

Ég þori að fullyrða, að við Íslendingar höfum ekki enn sem komið er ástæðu til að óttast um innlimunartilraunir frá nokkurri nábúaþjóð, en hinsvegar er mér kunnugt um, að þær viðurkenna sjálfstæði okkar til fulls. Í því sambandi get ég skýrt frá því, að þegar ég kom á fundinn, sem haldinn var í Genf síðastliðið sumar, til að ræða um þátttöku Íslands í þjóðabandalaginu, þá létu aðrir fulltrúar Norðurlanda óskipt ánægju sína í ljós yfir því, en vel má vera, að það hafi nokkuð verið sprottið af hrósverðum eigingjörnum hvötum, því að þá myndu Norðurlönd eignast einu atkvæði meira í viðbót við það, sem nú er. Með hverju ári vex viðurkenning grannþjóðanna á því, að Ísland sé fjórða skandinaviska ríkið og þjóð okkar eigi jafnt rétt og hinar stærri Norðurlandaþjóðir til fullkomins sjálfstæðis, og því er það heimskulegt, að reyna til að spilla sambúðinni við nágrannaþjóðir okkar með því að bera á þær ósannar ásakanir. Því að sannleikurinn er sá, eins og Halfdan Hendriksen sagði á umræddum nefndarfundi út af hugsanlegri fjármálainnlimun frá Dana hálfu, að ekkert danskt fé hefir til Íslands runnið nema eftir beinni ósk Íslendinga sjálfra.

Það er ómögulegt að ásaka Dani fyrir það, þótt þeir láni einstökum fyrirtækj-

um eða mönnum fé til að byggja hús sín, eins og t. d. Hótel Borg, Jóni Þorlákssyni og Knúti Zimsen, og það dettur engum manni með sæmilegri skynsemi það í hug, að með því séu Danir að kaupa sér ítök eða innlima okkur á nokkurn hátt. Hitt er vitaskuld óviðkunnanlegt, að menn eins og borgarstjórinn og fyrrverandi ráðherra séu að berjast fyrir að halda vátryggingu Rvíkur hjá erlendu félagi, sem gefur bænum kjör, sem eru 60 þús. kr. lakari en hægt var að fá annarstaðar, og biðja þessi félög um leið um lán.

Þegar ég sá, að Íhaldsblöðin ætluðu að gera land vort að nokkurskonar skopmynd meðal frjálsra þjóða með þessu sífellda glamri, þá skrifaði ég grein í blað Framsóknarmanna og reif burtu allan þennan blekkingahjúp, og afleiðingin varð sú, að það sló í dúnalogn, og engar slíkar dylgjur hafa sést á prenti síðan, enda var Íslandsbanka lokað og um leið dó blað hv. þm. Dal. Það eru sennilega mjög fáar blaðagreinar, ritaðar á seinni árum, sem haft hafa jafnmikla þýðingu eins og þessi umrædda grein, því að nú sjá Íhaldsmenn, að þeir mega ekki byggja flokkslíf sitt á upplognum ásökunum á vinsamlega þjóð.

Hvað þeirri samþykkt viðvíkur, sem gerð var hér á þingi í sambandi við fyrirspurn hv. þm. Dal.,þá er því til að svara, að það voru allir þingflokkarnir, sem gáfu samhljóða yfirlýsingu um vilja sinn, og því er þetta stefnuskráratriði Íhaldsmanna sameign allra Íslendinga og sízt af öllu sérmál þeirra, sem barizt hafa á móti þjóðfána landsins og fullkomnu frelsi.

Ég ætla nú ekki að fara mikið frekar út í þetta atriði, en vil víkja að hinu, sem er aðalatriðið fyrir þjóðina í þessu máli, og það er, hvort henni muni takast að standa á eigin fótum í framtíðinni, og hvort hún hafi til að bera þá menningu og þann dugnað, sem nauðsynlegur er til þess að svo megi verða. Eins og við vitum vel, þá er þjóð vor svo lítil, að það væri hægur hjá fyrir hverja nágrannaþjóð okkar að taka okkur með valdi, en hinsvegar hygg ég, að engin hætta sé á því, og því síður, sem ég vona, að við göngum í alþjóðabandalagið og að full velvild ríki með Íslendingum og öðrum frjálsum þjóðum. En leiðin til þess er sízt sú, að gera þeim upp getsakir að ástæðulausu.

Voðinn, sem yfir okkur vofir, er fólginn í öðru, sem er öllu varúðarverðara, að útlent fjármagn fái drottinvald yfir fjármálastefnu landsins og atvinnurekstri, og útlendingum sé þannig selt landið á vald, eða að ómenntaðir og siðlausir braskarar séu látnir vaða uppi í fjármálum landsins, án þess að nokkuð sé aðgert, og landið tapi þannig áliti í augum siðaðra þjóða. Eitt sorglegasta dæmi af þessu tægi er innganga erlends steinolíuhrings hér á landi, sem íslenzks fyrirtækis undir verndarvæng Morgunbl.-manna og alls þess flokks.

Þegar það er athugað, hvaða flokkur það er, sem mest og bezt hefir unnið að sjálfstæði voru, þá er það sýnilegt, að það er Framsóknarflokkurinn. Það erum við, sem höfum barizt fyrir því, að rétta við hinn forna atvinnuveg, landbúnaðinn, sem verið hefir meginstoð íslenzku þjóðarinnar í þúsund ár. Þegar við hófumst handa, var svo komið, að landbúnaðurinn var að fara í kaldakol, en takist það, að gera hann svo sterkan, að helmingur þjóðarinnar geti lifað af honum, þá hefir mikið unnizt á með hinum margháttuðu umbótum, er Framsóknarflokkurinn hefir komið á viðvíkjandi landbúnaðinum og menningu sveitanna.

Skilyrðið fyrir því, að fólkið haldist í sveitunum, er fyrst og fremst, að það fái bætt húsakynni sín, að ræktunin vaxi, samgöngur aukist, að fullkomnir skólar séu til fyrir æskuna og góð verzlunarskilyrði og fjármagn til framkvæmda. Ef þessi skilyrði eru fyrir hendi, þá er enginn efi á því, að hér blómgast sterk, heilbrigð og framtakssöm þjóð, með öruggum bakhjalli í byggðum landsins. Þetta verður þó að takast, án þess að það sé gert á kostnað bæjanna, en til þess að þeir úrkynjist ekki, verður að setja þær öryggisráðstafanir, sem hægt er að gera. Ef hv. þm. Dal. snýr frá skvaldri sínu og að þessu, þá gæti hann frekar valið flokki sínum fegurra heiti en íhaldsnafnið, en það er neyðarlegt að velja sér sjálfstæðisnafnið handa flokki, þar sem

mest hefir borið á leppmennsku og yfirdrepsskap, eins og t. d. hjá þeim mönnum, sem riðnir eru við Shell-félagið og síldarbraskið sem leppar útlendinga, eins og það var áður, þar sem bankarnir töpuðu stórfé fyrir leppmennsku þessara manna. Það fer illa á því hjá hv. þm. Dal. að látast berjast fyrir sjálfstæði landsins, þar sem hann hefir gert sig beran að mótstöðu við ýms helztu framfaramál þjóðarinnar, eins og t. d. einkasölu á áburði og einkasölu á síld, sem hvorttveggja braut af þjóðinni hlekki erlendrar leppmennsku og er að fæða af sér sterkt, íslenzkt atvinnulíf.

Nei, hv. þm. Dal. má taka sig á og þarf að losa sig við alla þá óhollustu, sem við hann loðir úr sjúkri sambúð við gamla fjendur íslenzka fánans, þarf að hugsa um, hvað er framtíð þjóðarinnar fyrir beztu, og þá mun hann ganga úr skugga um, að ég hefi rétt að mæla.

Hv. 2. þm. G.-K. réðist að mér með allmörgum orðum og fremur ógreindarlegum, enda var ræða hans sundurlaus og illa byggð. Hann talaði allmikið um ástandið í Menntaskólanum og vítti setningu hins nýja rektors og sagði, að setning hans hefði verið fjarstæða, því að elztu kennararnir hefðu átt að ganga fyrir. Þessi hv. þm. hefir frá því fyrsta sýnt hinum nýja rektor fullan fjandskap og gengið manna fremstur fram í því að koma af stað óeirðum í skólanum móti stjórn hans, en það hefir ekki tekizt og tilraunir hans engan árangur borið, og sýnir fátt betur, hvor fremur eigi erindi til áhrifa í skólanum, hv. 2. þm. G.-K. eða Pálmi Hannesson rektor. Það fór nú svo með það mikla veður, sem gert var út af rektorssetningunni, að eftir að „Morgunblaðið" hafði rifizt í viku og orðið síðan að éta ofan í sig öll sín ummæli í málaferlum við hinn nýja skólameistara, datt allt í dúnalogn. Á stúdentafundinum fræga fór það líka svo, að háskólaborgararnir klofnuðu í tvennt um málið, og sá hluti, sem skildi hvert stefndi í þessu máli, er alltaf að vinna á. Það er líka sjáanlegt, að sú stefna, sem miðar að því að gera skólann að góðri stofnun, er þegar orðin ofan á og allt er tapað fyrir andstæðingunum, sem vilja hafa skólann í ófremdarástandi. Hv. 2. þm. G.-K. gat heldur ekki afsannað orð mín, er ég sýndi með rökum fram á, hvernig ástandið hefði verið í skólanum og minnti á ummælin í Kirkjublaðinu frá 1913, þar sem íhalds-prófessorinn talar um skólaárin frá 1880—1890. Hann segir, að þá hafi skólastjórinn gengið í barndómi og illur andi hafi ríkt meðal kennara og lærisveina, enda hafi lognar sakargiftir verið hafðar á lofti gegn piltum og vakið fullan fjandskap nemenda í garð kennaranna. Þá vita allir um, af hve viturlegum orsökum átti að reka úr skóla slíkan mann sem Sigurð skólameistara Guðmundsson um aldamótin 1900, en þá var það landsstjórnin, sem bjargaði og kom í veg fyrir, að fræðimennskulíf hans yrði eyðilagt.

Þá ætti mönnum einnig að vera minnisstætt ástandið í skólanum 1903, þegar Þorgrímur Kristjánsson var teymdur eins og fangi ofan af sal og niður í kennarastofu og leitað á honum eins og þjófi, til þess að ganga úr skugga um, hvort hann hefði eldspýtur í vasanum, en af því að hann getur blekkt kennarann, biður rektor hann fyrirgefningar. Árið 1906, þegar hv. 2. þm. G.-K. er í skóla, þá skrifar Sigurður Thoroddsen til rektors og kvartar undan, að hann trufli kennslustundir, sýni þrjózku, stelist úr kennslustundum og hafi allskonar óknytti í frammi. Á allri lýsingu kennarans á þessum pilti sést, að hann hefir þegar á unglingsaldri verið sami óróa- og hávaðaseggurinn eins og nú. Þá kvartar kennarinn undan þrjózku hans og leti. Nú á Alþingi hefir hann eyðilagt vinnubrögð í tveim nefndum með því að vanrækja fundi, en heimtar þó, að ekkert sé gert nema hann sé við.

Hv. 2. þm. G.-K. fann sök hjá sér, og að kennarinn myndi hafa haft rök að mæla, því að hann sagði, að óknyttastráka, eins og hann hefði verið, ætti að kúga. (ÓTh: Og þá Héðin líka). Sök hv 2. þm. Reykv. er, eins og orð kennarans bera með sér, næsta lítilfjörleg, enda orðið munur á mönnum síðan þeir komu á fullorðinsár.

Svona var nú sambúðin á milli kennara og nemenda á þeim góðu gömlu dög-

um í Menntaskólanum. Ég drap áður á dæmi síðast í vor, er piltur var felldur úr skóla fyrir stirfni kennara, þrátt fyrir mjög háar einkunnir. Það var búið að gera skólann að dauðri vél, sem átti að unga út andlega stirðnuðum nemendum.

Hv. 2. þm. G.-K. var að víta mig og Pálma Hannesson rektor fyrir að hafa ekki rekið pilta úr skóla, sem ekki vildu leggja á sig nám utan reglugerðar af hugsjónaástæðum. Hann vildi umsvifalaust láta reka þá. (ÓTh: Ég sagði ekkert um það). Og brá rektor um hugleysi fyrir að beita ekki sömu heimskulegu hörkunni og gert var við óknyttastrákana fyrr á tímum.

Ég þekki þessar bækur, prótokolla Menntaskólans frá síðasta mannsaldri, sem ég hefi hér fyrir framan mig, og þær bera vitni um, hve fjarstæðum uppeldisaðferðum hefir verið beitt í skólanum. Og ég geri alls ekki sömu kröfur til þeirra manna, sem skólinn hefir þrælkað, og ég myndi gera til manna, sem vandir hafa verið við þá hugsun, að þeir væru að læra fyrir lífið. Þeir hafa of oft fundið til þess, að skólinn gæfi þeim steina fyrir brauð; hann hefir gefið hugsjónalífi þeirra litla fullnægingu. En það er það, sem skólar eiga að veita nemendum sínum, en ekki eingöngu nótur, próf og brottrekstur. Mér dettur ekki í hug að ætlast til þess, að þeir piltar, sem við slíkan skóla hafa átt að búa, séu í einni svipan orðnir þeir „idealistar", að þeir fari að leggja á sig aukanám í jarðfræði, líffræði eða öðru slíku, um leið og þeim er gefinn kostur á slíku. Þegar kennararnir skilja þetta, þá fara þeir öðruvísi að en Björn Ólsen, þegar hann dró Þorgrím Kristjánsson niður stigann og inn á kennarastofu, gaf honum þar tækifæri til að segja ósatt og bað hann svo fyrirgefningar á eftir. Úr þessum jarðvegi er hv. 2. þm. G.-K., þetta skrautblóm í mannasiðum, sprottinn. Þegar kjósendum hans suður með sjó verða þessar upplýsingar kunnar, fer þeim að verða skiljanlegra en áður, hvers vegna hv. þm. hagar sér eins og hann gerir. (ÓTh: Hæstv. dómsmrh. var nú engin fyrirmynd, þegar hann var í Bárðardalnum). Ekki eru sveitungar mínir á sömu skoðun um það og rógtungan við Mbl. Hefir hlýr hugur og óhvikull stuðningur sveitunga minna og sýslunga verið mér betra nokkru öðru brautargengi í baráttu minni við eldri og yngri „óknyttapilta" Íhaldsflokksins. Hefði Menntaskólinn verið betri, er alls ekki ómögulegt, að hv. þm. hefði verið eitthvað skárri sjálfur. Því þó hann sé nú að vísu bæði fremur ógreindur, og samt öllu meira pöróttur en sem svarar heimskunni, þá er alls ekki ólíklegt, að vist í góðum skóla hefði lagað hann svo að hann hefði orðið til minni lýta fyrir þingið og minni trafala í nefndarstörfum en raun hefir á orðið.

Hv. 2. þm. G.-K. var að dylgja með það, að Pálmi Hannesson hefði getið sér lélegan orðstír sem kennari á Akureyri. Í tilefni af þessum ummælum ætla ég að lesa upp kveðjuorð til Pálma Hannessonar úr blaðinu „Muninn", sem gefið er út af málfundafélagi Gagnfræðaskólans á Akureyri. Þessi kveðjuorð birtust í blaðinu 1. nóv. í vetur og eru þannig:

„Það hafa orðið mikil umskipti hér við skólann nú í haust. Kennarar hafa horfið hver eftir annan frá starfi sínu, og nýir menn komið í þeirra stað.

Á einn þessara manna vil ég minnast hér, og það er Pálmi Hannesson.

Pálmi hafði starfað hér við skólann í þrjú ár. Ekki er það langur tími, en hann kynnti sig þannig meðal nemenda, að enginn gat hugsað til að missa hann. En þó — — eftir aðeins þriggja ára starf, var Pálma kippt burtu, öllum að óvörum. — — —

Við vorum saman í hóp nokkrir skólasveinar, er við fengum þá fregn, að Pálmi hyrfi frá skólanum. Okkur setti hljóða. Öllum var ljóst hið mikla tjón, er skólinn hafði beðið. Allir minntumst við samvistanna við Pálma með söknuði, — — kennslustundanna, sem margar voru hreinustu skemmtanir, um leið og þær voru til leiðbeiningar og fræðslu.

Við vissum, að Pálmi var farinn, að við ættum ekki framar að njóta hans sem kennara. Þess vegna setti okkur hljóða.

Nú er Pálmi, eins og allir vita, orðinn rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Margir álitu veitingu þessa banatilræði við stofnunina, og svívirðingu gagnvart

kennarastéttinni. En við nemendur Pálma hér vitum, að hann er maður, sem óhætt er að treysta — —, er flestum mönnum duglegri og einbeittari. Við álítum, að valið hafi fallið á þann rétta, þótt brotið hafi verið í bág við gamlar reglur. — — Við fyrrverandi nemendur Pálma Hannessonar hér í Gagnfræðaskólanum, sendum honum hugheilar óskir um góða framtíð, og kærar þakkir fyrir starf hans hér".

Hugsum okkur nú muninn á þessari kveðju og því, sem ég las í gær upp úr plöggum Menntaskólans um sambúð nemenda og kennara. Hugsið ykkur muninn á þessari grein, og greininni, sem Guðmundur Hannesson skrifaði í „Nýtt kirkjublað" 1913. Þegar menn heyra þann vitnisburð, sem hann gefur þar skólalífinu og kennurunum, þá fara menn kannske að skilja, hvers vegna stjórnin er nú að reyna að breyta þeim „traditionum", sem Gestur Pálsson og Þórhallur Bjarnarson hafa líka skrifað um nálega jafnátakanlega og Guðm. Hannesson. Þessi bókun á ávirðingum nemenda í Menntaskólanum, þar sem meðal annars er lýsingin á Ólafi Tryggvasyni Jensen, er hvað órækasti votturinn um, að skólalífið var eins og það átti ekki að vera. Því þó að einhver nemandi trufli kennsluna með hávaða, stelist úr tímum, og sé leiðinlegur, eins og sagt er um þennan pilt, þá getur slík bókfærsla og þvílíkar yfirheyrslur, sem prótokollarnir bera vott um, ekki orðið nema til að bæta gráu ofan á svart, gera breyska unglinga til muna lakari en þeir hefðu þurft að vera.

Aðalból Menntaskólans hefir verið forusta gömlu mannanna. Þeir Guðmundur Hannesson og Þórhallur Bjarnarson benda líka á það, að áttræðir menn séu ekki heppilegir leiðtogar fyrir unglinga á aldrinum 14—20 ára.

Kunnugir menn segja, að dr. Valtý Guðmundssyni hafi á síðari árum förlazt allmjög skilningur á málefnum Íslands, enda kom það í ljós á síðustu árum hans, að hann var hættur að skilja íslenzku þjóðina og var slitnaður úr andlegu sambandi við hana. En ef þetta er rétt um Valtý Guðmundsson, hvað mætti þá ætla um menn, sem orðnir eru eldri, og ógáfaðri eru að eðlisfari en hann var? Það er hin mesta yfirsjón í uppeldismálum, að láta gamla menn, slitna og þreytta, sem komnir eru út úr sambandi við æskuna, hafa þar æðstu völd og forustu kynslóð eftir kynslóð. Þá koma fyrir dæmi eins og þau, sem ég hefi skýrt frá í undangengnum ræðum.

Ríkisstjórnin hefir sennilega ekki fyrr en nú skilið það nokkurnveginn, að í skólastjórastöðu við stóra skóla er bezt að hafa unga og miðaldra menn, og langverst að hafa að staðaldri gamla menn. Rektorar ættu að láta af embætti, þegar þeir hafa náð ákveðnum aldri. Í þessum efnum ætti að snúa við reglu hv. 1. þm. Reykv., á þann hátt, að lögákveðið væri, að skólastjórar væru aldrei gamlir menn.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að ég hefði sagt, að drykkjufýsn flokksbræðra hans væri þess valdandi, að selt væri vín hér á landi. Hvað sem um það er, þá er víst, að stærstu viðskiptamenn áfengisverzlunarinnar á hverjum útsölustað eru broddar Morgunbl.liðsins. Og ég get fyrir hönd ríkissjóðs látið í ljós takmarkaða ánægju yfir þessum miklu viðskiptum, úr því þetta fólk hefir ekki annað betra að gera við tíma sinn eða peninga. Aukningin á sölu vínanna hlýtur annaðhvort að stafa af því, að sorgir þær, er íhaldsmenn þurfa að drekkja, fari sívaxandi eða þá af hinu, að smyglun hafi minnkað stórkostlega síðan íhaldsstjórnin fór frá völdum, nema hvorttveggja sé. Ég spurði fyrir nokkru einn sameiginlegan kunningja okkar hv. 2. þm. G.-K., hvort hann gæti ekki alltaf fengi whisky hjá vinum sínum, útgerðarmönnunum, þegar hann langaði til. Hann sagðist bara ekki fá lengur nokkurn dropa. Og þó var mér kunnugt um, að áður fyrr lágu margir þessara manna sýknt og heilagt í whisky. (ÓTh: Hefir ráðherrannn verið innan um svoleiðis menn?). Nei, mér þykir whisky andstyggilegt, og þótt hv. 2. þm. G.-K. segi, að ég lifi á eitri, þá lifi ég ekki á whisky. Annars hugsa ég, að flestir meiriháttar Mbl.-menn eigi oftast eitthvað af whisky, þó þeir séu kannske orðnir sparir á að gefa það öðrum.

Ég hefi aldrei gert mér svo háar vonir, að mér tækist að uppræta smyglunina

með öllu. En ef whiskyflaskan kemst upp í 30 krónur sökum áhættu og örðugleika við smyglunina, myndi ég þó telja, að málið væri komið í þolanlegt horf í bili.

Ég hefi viljað hafa vínin sem bezt, úr því ríkið á annað borð verzlar með þau, og ef sá draumur minn og tengdaföður hv. 2. þm. G.-K. rætist, að þjóðleikhúsið komist upp í náinni framtíð, þá hefi ég hugsað mér, að þar í kjallaranum mætti geyma vínin, svo að íhaldsmenn fái sem bezta vöru og borgi sem mest í ríkissjóð, þangað til að hægt er að gera vínið rækt úr landinu. En til þess þarf að vinna svo stórkostlega sigra á íhaldinu, að andstæðingar vínanna geti bókstaflega gert við það hvað sem þeim sýnist.

Hv. 2. þm. G.-K. var að álasa mér fyrir, að ég hefði dregið Hermann Jónasson út í stjórnmálin með því að greiða honum atkvæði í bæjarstjórn. Sagði hann, að jafnmikill tími færi í það að sitja í bæjarstjórn og að vera á þingi. En hvernig í ósköpunum fer þá hv. 2. þm. G.-K. að færa þá fórn frá Kveldúlfi, að sitja á þingi? Hann er framkvæmdarstjóri milljónafyrirtækis með 40—50 þús. kr. árslaunum og er þó að „jolla" hér niðri á þingi 3—4 mánuði á ári. Nú er það á hvers manns vitorði, að Hermann Jónasson hefir hrundið merkilegum hlutum í framkvæmd þann stutta tíma, sem hann hefir gegnt stöðu sinni. En hvað liggur eiginlega eftir hv. 2. þm. G.-K.? Eftir hans eigin vitnisburði ætti það ekki að vera mikið, þar sem hann hefir kastað sér út í pólitíkina, enda mun fáum kunnugt um afrek hans í þágu þess fyrirtækis, sem hann er talinn stjórna, fremur en hér á þingi.

Þá mætast leiðir okkar í kjördæmi hv. þm. sjálfs, sem hingað til hefir verið kallað svartasta íhaldshreiðrið á landinu, en er nú, fyrir starfsemi Framsóknarflokksins, að breytast í framsóknarkjördæmi. (ÓTh: Ég skora á hæstv. dómsmrh. að mæta mér þar við næstu kosningar). Ég hefi að vísu stærra kjördæmi sjálfur, en hv. þm. mun fá að reyna um næstu kosningar, hve létt honum veitist að sigra fulltrúa Framsóknarmanna. Fyrir ekki alllöngu fékk hv. þm. þvílíka útreið á Brúarlandi, að mönnum er það minnistætt ennþá og hlakka til, að hann fái aftur álíka það á næsta almennum fundi. Þær fregnir, sem berast um breytingar á hugarfari kjósenda hv. þm., bera allar vott um minnkandi fylgi hv. þm. suður með sjó.

Hv. þm. var að tala um það, að Kaldalóns væri ofvaxið að gegna embætti sínu. Í þessu læknishéraði hefir farlama maður, sem varla hefir farið út úr húsi í 12—13 ár, setið í læknisembætti. Við því ástandi sagði Læknafélagið ekki neitt og við því steinþagði Íhaldið. Stjórnin fékk þennan lækni til að segja af sér og embættið var auglýst til umsóknar. En hvað skeður? Fyrir atbeina Læknafélagsins er nálega 20 umsóknum stolið á leiðinni til stjórnarinnar. Aðeins ein kom fram, en eins og allt var í pottinn búið, hefði verið móðgun við þjóðfélagið að sinna henni. Þá var umsókn Sigvalda Kaldalóns eftir, og honum var veitt embættið. Engin óánægjurödd hefir heyrzt yfir þessu þar syðra, og er það til sæmdar fyrir kjósendur hv. 2. þm. G.-K. Almenningur skilur það, að stjórnin gat ekki veitt þetta embætti öðrum en þeim, sem stóð utan við uppreisnina. Ef Jónas Kristjánsson hefði sótt beint til stjórnarinnar og ekki með þeim endemum, sem kunn eru, hefðu ríkisstjórn og landlæknir ef til vill verið til með að veita honum embættið, ekki vegna þess, að hann sé svo sérstaklega góður læknir, heldur meðfram vegna þess að það hefði verið gustuk, að láta hv. 2. þm. G.-K. fá þarna nýjan liðsmann, til að smala atkvæðum fyrir sig við næstu kosningar! En eins og á stóð var ekki hægt að taka umsóknina til greina, og því var ekki hægt að gleðja hv. 2. þm. G.-K. með þessu.

Hv. þm. getur verið viss um, að framsóknarstjórnin hefir ekki grætt jafnmikið almenningsálit á neinu máli og þessu. Óteljandi ordsendingar, sem mér hafa borizt, sýna ánægju manna yfir því, að ríkisvaldið skyldi ekki láta fámenna klíku vaða uppi með ofsa og lögleysu.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 26. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Áður en ég vík nokkrum orðum að hæstv. ríkisstj., vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hv. 2. þm. Árn. hafi mælt fyrir munn stj. þau orð, sem hann lét falla um sambandslögin í þessari hv. d. í gær. Ef svo væri, fyndist mér ástæða til að hafa eldhúsdaginn a. m. k. einum degi lengur.

Hv. þm. byrjaði á að lýsa því yfir, að hann hefði verið á móti sambandslögunum 1918. Vegna jafnréttisákvæðisins sagði hann að hann og forseti þessarar deildar hefðu verið lögunum mótfallnir og greitt atkv. gegn þeim. Þetta þótti mér ekki ótrúlegt, og ég hefi alltaf álitið þetta rétt. En svo fer hv. þm. að reyna að sannfæra deildina um það, að jafnréttisákvæðið sé ekki hættulegt. Hann dregur fram öll þau gögn ,sem hann getur, til að sýna, að hér sé engin hætta á ferðum. Hann reynir að sýna fram á það, að Danir hafi ekkert reynt síðan árið 1918 til að „vinna" landið. Hann segir, að ef Danir hefðu ætlað að „vinna" landið á þennan hátt, hefðu þeir þegar farið að reka hér atvinnuvegi, en það hafi þeir alls ekki gert, og því sé allt hættulaust. Þess vegna, segir hv. þm., að það sé hættulaust, þó að Danir hafi þennan rétt áfram. Nú er það vitað, að Danir hafa haft mikinn hug á því, að reka hér á Íslandi stórútgerð, en það, sem hefir heft þær framkvæmdir, er m. a. máske veigamesta ástæðan, það, að þeir eru ekki vissir um að fá haldið jafnréttisákvæðinu eftir 1943. Ég vona, að þessi orð hv. þm. standi fyrir hans eiginn reikning, en séu ekki töluð fyrir munn hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. geti gefið þá yfirlýsingu, að þetta sé ekki mælt að hans vilja. Öðru máli er að gegna um hæstv. dómsmrh. Hann virðist vera sammála hv. 2. þm. Árn.

Ég skal ekki auka mikið þá glóð, sem þessa dagana hefir verið kynt að hæstv. ríkisstj., sérstaklega þar sem það er mín sannfæring, að mestur hluti af afglöpum stj. sé að kenna skapbrestum eins ráðh., þess ráðh., sem mestu ræður í stj., nefnilega hæstv. núv. dómsmrh.

Mér finnst, að til hæstv. dómsmrh megi rekja nálega öll mistök og hlutdrægni í embættaveitingum, sem núv. ríkisstj hefir framið; fjáreyðslur og annað, sem hæstv. stj. hefir verið borið á brýn, má rekja til þess mikla skapbrests hæstv. dómsmrh., sem lýsir sér í takmarkalausu hatri og ofsóknum á hendur heilum stéttum og heilum flokkum manna. Þess eru mörg dæmi, að hæstv. ráðh. hefir gert sér hina mestu hneisu og komið flokksmönnum sínum í vandræði vegna þessa leiða skapbrests, sem keyrir svo úr hófi, að sumir segja, að það gangi geðbilun næst. Það þarf ekki að taka mörg dæmi, sem sýna þetta. Hv. þdm. þekkja þau svo vel; ég vil aðeins benda á hæstarétt og ofsóknir hæstv. ráðh. gegn honum. Áður en hæstiréttur dæmdi tvo vissa dóma, heyrðist ekki eitt orð frá hæstv. ráðh. í þá átt, að hæstiréttur væri ekki hinn bezti. En þegar hæstiréttur hafði dæmt í máli S. Í. S. gegn Birni Kristjánssyni og máli Garðars Gíslasonar gegn ritstjóra Tímans, þá varð annað uppi á teningnum. Dómurinn dæmdi í þessum málum öðruvísi en hæstv. ráðh. hefði óskað. Það er nú oftast svo, að annarhvor málsaðili er óánægður með dómana, og stundum jafnvel báðir. En það hefir ekki komið fyrir áður, að sá maður, sem á að gæta réttar og laga í landinu og halda vörð um hæstarétt, verði til að hefja ofsókn einmitt á þá stofnun, hæstarétt ríkisins.

En það hefir þessi hæstv. ráðh. gert, og það svo, að með eindæmum er.

Fyrst reyndi hæstv. ráðh. að vekja vantraust á hæstarétti hér innanlands með því að skrifa um hann lævíslegar blaðagreinar. En svo fer hann að beita meiri hörku, og þar að kemur, að hann kemur með málið á Alþing. Hann viðhefir þau orð um réttinn, sem verst verða sögð um vondan dómstól, segir, að hann hafi framið „jústits-morð". En allt þetta er honum ekki nóg. Hann fer að reyna að lítilsvirða réttinn í öðrum löndum. Tækifæri til þess fékk hann, þegar enskur botnvörpungur var tekinn hér við land og sektaður. Til þess að ná sér niðri á hæstarétti, gefur hann þessum botnvörpungi upp sakir. Þetta gerði hæstv. ráðh. til þess að það sæist erlendis, að dómsmrh. landsins treysti ekki æðsta dómstóli landsins til að dæma rétta dóma, og að ráðh. yrði að taka í taumana vegna þess, að hæstiréttur hefði ekki dæmt rétt. Það er ekki verið að hugsa um, hver áhrif þetta geti haft á álit okkar í augum er-

lendra þjóða. Nei, sóma landsins er stefnt í voða og tvísýnu til að reyna að hnekkja áliti hæstaréttar erlendis.

Af þessu gæti auðvitað leitt það, að nábúaþjóðir okkar álitu, að við Íslendingar værum ekki færir um að dæma mál okkar eða fara með sjálfstjórn okkar. Það hefir komið fyrir, að smáþjóð hafi verið svipt sjálfstjórn sinni fyrir minni sakir en þetta. Sem betur fer hafa erlendar þjóðir séð í gegnum svikavef ráðherrans. Það er því vonandi, að í þetta sinn hafi ekki orðið verulegt tjón af þessari árás.

Hæstv. ráðh. hefir fundizt, að þessi árás hefði ekki borið fullnægjandi árangur. Því liggur fyrir þinginu nú frv., sem flutt er af hálfu hæstv. dómsmrh. um að afnema hæstarétt. Hann finnur, að fyrri árásir hans á hæstarétt hafa ekki hrifið, og þess vegna reynir hann að koma hæstarétti á kné með því að beiðast þess, að Alþingi vilji leggja hann niður. Hitt athugar hann ekki, eða kærir sig ekki um, að með þessu frv. gerist hann, að dómi nærfellt allra lögfræðinga landsins, tvöfaldur eiðrofi við stjórnarskrá ríkisins.

Eins og allir þm. hefir hann skrifað undir eiðstaf að gera ekkert, sem færi í bága við stjórnarskrá ríkisins, og sem embættismaður hefir hann sjálfsagt undirskrifað samskonar eiðstaf. Ég veit ekki, hvað hatur og ofsóknir eiga að ganga langt til þess að flokksmönnum hans sé nóg boðið, ef þeim ofbýður þetta ekki. A. m. k. virðist það benda til þess, að þeim þyki eitthvað athugavert við frv. um fimmtardóm, því að ekki er það komið ennþá úr nefnd í Ed.

Það hefir verið reynt að afla þessu frv. fylgis með því að segja rangt til um atfylgi mætra lögfræðinga við það. Þetta er þó ekki gert opinberlega, heldur hvíslað á bak við tjöldin, eins og vani er í herbúðum hæstv. dómsmrh. Því hefir verið hvíslað, að Ólafur Lárusson prófessor hefði samið frv. og svo að segja alveg búið það undir Alþingi, en það er ekki rétt. Þetta er sagt í þeim einum tilgangi að blekkja menn til fylgis við frv., því að menn vita sem er, að prófessor Ólafur Lárusson er ágætur lögfræðingur.

Eitt er það, sem alltaf fylgir svona stjórnlausu hatri og ofsóknum. Það er lítilmennskan. Lítilmennskan er óhjákvæmilegur fylgifiskur þeirra, sem beita hatri og ofsóknum. Hæstv. atvmrh. mun vissulega finna með sjálfum sér, að hann er minni maður eftir að hann, vegna gamals haturs, brýtur sjálfsagða skyldu sína um að veita Magnúsi Jochumssyni póstmálaritarastarfið. Þetta er eitt dæmi lítilmennsku hans sem afleiðing haturs, en þau eru svo óteljandi hjá hæstv. dómsmrh. Lítilmenni eins og hæstv. dómsmrh. hafa þann sið, að hæla sér bæði í ræðu og riti. Hæstv. ráðh. hefir fundið til sinnar eigin lítilmennsku, og það er gott. Þess vegna þarf hann að skrifa fleiri en eina grein í Tímann til þess að hæla sjálfum sér. Við höfum séð 16 útgáfur af hólgrein hans, þar sem hann er að miklast yfir vindsnældunum og fatasnögunum í menntaskólanum, og 17. útgáfuna höfum við heyrt nú við eldhúsdagsumr. af vörum ráðh. Óhjákvæmileg afleiðing af hátterni þessa hæstv. ráðh. er sú, að hann gerir meira en sæmilegt er til þess að afla sér fylgis. Hann beitir þeim vopnum, sem honum finnst vera handhægust í svipinn, slær á lægstu strengi mannanna og kaupir þá til fylgis við sig. Spillingin í þessu efni er orðin svo mikil, að flestum hugsandi mönnum ofbýður. Skýrt dæmi um þetta er það, að lækni á Austurlandi er veitt lausn frá embætti og hann er settur á laun hér í Reykjavík. Það var sagt af andstöðublaði ráðh., að læknirinn ætti að vinna visst starf fyrir ríkisstj., en stjórnarblaðið sjálft andmælir því, að hann eigi að vinna þetta verk; segir það óráðið, hvað hann eigi að vinna. Hinu andmælir blaðið ekki, að maðurinn fái 6000 kr. laun. Það sé bara alveg óákveðið, hvað hann eigi að gera. Því miður er það svo, að það er ekki laust við, að líka hér innan þingsins eigi þessi spilling sér stað. Utan um þá menn, sem beita slíkum vopnum, er alltaf hópur hálaunagráðugra lítilmenna, sem bíða þolinmóðir eftir bita eða sopa. Hér á landi hefir þessi gerspillta bardagaaðferð ekki þekkzt fyrr en núv. dómsmrh. fékk völdin í landinu. Í Ameríku tíðkast hún hinsvegar mjög, en eins og menn vita verið fordæmd og vísað á bug með fyrirlitning í hinum mestu menningarlöndum. Þeir menn, sem orðið hafa berir að slíkum bardagaaðferðum hér í Evrópu, hafa æfinlega átt mjög

skamman pólitískan lífsferil. Og ég vænti þess fastlega, að svo verði einnig hér. Það sannast á nálægum árum, hvort má sín meira í fari Íslendinga, arfurinn frá hinum fáu ófrjálsu mönnum eða hinum mörgu kynbornu, sem land þetta byggðu í öndverðu. Þó að ég sé ekki í vafa um, hvor arfurinn má sín meira, get ég ekki neitað, að því miður eru allmörg dæmi þess, að til eru menn á Íslandi, sem lúta svo lágt að nota sér þennan ófögnuð og taka á móti stöðum og embættum án þess að þeir hafi nokkuð til unnið, vitandi það, að aðrir menn eru betur til starfans fallnir og eiga meiri rétt til hans. Ég vona, að þegar sú óöld er hjá liðin, sem nú ríkir, verði hún þjóðinni til varnaðar. Ég veit, að það verður svo, að beztu mennirnir munu með hryggð og fyrirlitning minnast þess, sem fram hefir farið nú um tveggja ára skeið. Það er búið við þessar umr. að telja upp mýmörg dæmi um hlutdrægni í embættaveitingum og ný embætti, sem stofnuð hafa verið vegna manna, sem ráðherrarnir þurftu að kaupa til fylgis við sig. Að ég ekki tali um það, að stj. brýtur þingræðið berlega til þess að geta hangið við völd. Það hefir hent sumar óhappastjórnir í öðrum löndum. Hæstv. stj. lætur líka, eins og allir vita, kúgast í sínu stærstu stefnumálum. Þess eru dæmi, að hún hefir greitt atkv. gegn sínum eigin frv. til þess að þóknast jafnaðarmönnum og hanga áfram við völdin. Um þjóðina er ekki hugsað, aðeins um völdin. Það, sem ég vildi sérstaklega víta, er hatrið, heiftin og lítilmennskan, sem eru ráðandi þættir í stjórnmálastarfi núv. dómsmrh. Það verður aldrei heilbrigt stjórnmálalíf á Íslandi fyrr en sá ráðh. lætur af völdum.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. stjórn þóttist ætla að hafa þau vinnubrögð í þessum eldhúsdagsumr., að moka frá dyrunum jafnóðum og kastað væri að þeim, en mér sýnist hún vera að gefast upp við það, enda eru haugarnir farnir að verða nokkuð stórvaxnir.

Ég ætla að segja fáein orð út af því, sem hæstv. forsrh. svaraði ræðu minni. Hann sagði, að ef þingið hefði gert lítið, þá væri það mér að kenna og mínum samherjum. En ég vil ekki kannast við, að ég hafi á nokkurn hátt unnið minna eða ver að þingstörfum nú en áður. Hitt er staðreynd, að það hefir vantað stj. á þessu þingi og ábyrgð á því verða ráðh. og þeirra flokksmenn að bera.

Hæstv. ráðh. fannst það vera alveg út í bláinn, og ekkert koma málinu við, skildist mér, að vera að ráðast á fyrv. ritstjóra Tímans, Tryggva Þórhallsson. En ég hefi aldrei getað skilið sundur persónuna Tryggva Þórhallsson, í ritstjóra og ráðh. Þó að hæstv. ráðh. vilji skipta sér í tvo helminga, held ég, að þegar ritstjórinn varð ráðh., hafi engin umbreyt. orðið á persónunni. Það, sem ég var að gera, var samanburður á verkum ráðh. og orðum ritstjórans, og það tvennt er eins ólíkt og dagur og nótt. Hæstv. ráðh. fannst auðvitað óþarfi að vera að ryfja upp, hvað hann sagði, áður en hann varð ráðh. Ég skil það vel, að þetta er heldur óþægilegt fyrir hann. En ef hæstv. ráðh. vill viðurkenna rétta þá setningu, sem hæstv. dómsmrh. hefir sagt um stjórnmálamenn, að gildi þeirra eigi að metast eftir því, hvernig þeir standi við það, eftir að þeir verða ráðh., sem þeir hafa sagt á undan, hlýtur hann að sjá, að réttmætt er að gera þennan samanburð líka á honum sjálfum. Það er alkunna, að hæstv. forsrh. „dependerar" mjög af hæstv. dómsmrh. Ég vil því, að hann virði orð hans í þessu sambandi engu síður en þegar hæstv. dómsmrh. vill fá hann til einhverra miður þokkaðra verka.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði farið norður með fjáraukalögin miklu í töskunni. Ég nefndi ekki fjáraukalögin, heldur landsreikningana. En ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það fóru fram kosningar sama árið, sem hann ólmaðist sem mest í Tímanum út af fjáraukal. Það var árið 1923. Þá fékk ég fleiri atkv. en ég hefi nokkru sinni fengið, fyrr og síðar. Hitt er rétt, að atkv. mín við síðustu kosningar voru færri en þá, en þó voru þau nógu mörg til þess, að ég hafði mikið fram yfir þá menn, sem fylgdu hæstv. ráðh. að málum.

Hæstv. forsrh. gat ekki annað en viðurkennt, að skýrsla sú, sem hann gaf þinginu í fyrra um gjöld ársins 1928, hefði ekki reynst rétt, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni. En honum fer svo lít-

ilmannlega, að hann kennir einhverjum ónefndum manni í stjórnarráðinu um þetta. Það er mjög handhægt að nota þá aðferð, en gallinn er aðeins, að ráðh. fer hér með rangt mál. Ég veit vel af hverju þessi mismunur stafar. Hann stafar af greiðslum tilheyrandi árinu 1928, sem fóru fram eftir að skýrslan var gefin. Þetta sama kom fram, er ég á sínum tíma gaf þinginu skýrslu um gjöld ársins 1921 og kemur ætíð fram. En þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði gefið falsaða skýrslu, og ég vildi nú aðeins sýna honum fram á, að hann hefir þá líka gefið falsaða skýrslu. Í stað þess að viðurkenna þetta skellir hann sökinni á einhvern í stjórnarráðinu, til þess að reyna að frelsa sitt eigið skinn. En þetta er ljót aðferð og ætti að vera ósamboðin öllum ráðh.

Hæstv. ráðh. spurði, af hverju við beittum hann ekki þeim vopnum, sem við réðum yfir. Finnst hæstv. ráðh. ekki, að vopnunum hafi verið beitt? Þessi látalæti hæstv. ráðh. eru hlægileg. Hann þakkar okkur og þakkar, en hann er allt annað en þakklátur í hjarta sínu. Það sést vel á honum. Hæstv. ráðh. finnst að vinnubrögðum okkar. Ég skal játa, að við sjálfstæðismenn höfum komið okkur saman um, að vera ekki sí og æ að narta í hæstv. stj., og fara ekki út fyrir þann ramma, sem dagskráin heimilar okkur í það og það skiptið, eins og hæstv. ráðh. og hans flokksmenn gerðu á meðan þeir voru í stjórnarandstöðu á sínum tíma. Við tökum eldhúsdaginn til þessa og látum okkur nægja hann að miklu leyti.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég mundi vita eins vel um stóra lánið úr Brunabótafélagi Íslands til kaupmannsins hér í bænum og hann sjálfur, en ég veit ekkert um það, nema að það stóð í einhverju sambandi við samninga við þann mann, sem olli sjóðþurðinni í Brunabótafélaginu, samninga, sem voru komnir svo langt, að hæstv. ráðh. hafði lofað manninum að gefa honum upp sakir, en sveik hann, af því að hæstv. dómsmrh. fékk hann til þess. Að öðru leyti veit ég ekkert um þetta mál. Ég vítti hæstv. ráðh. fyrir að veita lánið; það endurtek ég nú og hirði ég ekki, þótt ráðh. telji þetta illgirni.

Líks kom hæstv. ráðh. að byggingunni á Hvanneyri, fjósinu og hlöðunni. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að byggingin hefði orðið dýr, en það var í raun og veru alls ekki fyrst og fremst það, sem ég var að ásaka hann fyrir, heldur hitt, að hann skyldi ekki útvega sér heimild til að borga út svo háar upphæðir, sem um var að ræða. Hann hlaut að vita það í fyrra meðan þingið stóð, að búið var að borga 80 þús. kr., og að þó var mikið eftir. Af hverju reyndi hann ekki að fá heimild? Þessu var ég aðallega að hafa á móti, en þó vil ég undirstrika, að byggingin er svo dýr, að það er alveg óforsvaranlegt. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði látið reisa íbúðarhús handa skólastjóranum á Hvanneyri, og að það hefði orðið ½ dýrara en fjósið. Þetta var nú ekki á meðan ég var atvmrh., það var árið 1920, ef ég man rétt, og þá var dýrast að byggja allra ára. Það var búið að undirbúa þessa byggingu af Sigurði heitnum Jónssyni. Íbúðarhúsið brann, og var óhjákvæmilegt að byggja það upp aftur. Annars ætla ég ekkert að afsaka þetta. Það varð að byggja húsið á óheppilegasta tíma. Þá var margfalt dýrara að byggja en þegar fjósið var byggt, svo að í raun og veru verður fjósið miklu dýrara en íbúðarhúsið. Nú getur hæstv. ráðh. reynt að telja bændum trú um, að fjósið eigi að vera dýrara eða jafndýrt og íbúðarhúsið, en þeir munu ekki trúa því, og þeir sjá strax, að kostnaðurinn er óhæfilegur, og þeir sjá líka, að það eru engin meðmæli fyrir skólann, að fé sé eytt þar um þörf fram.

Um Búnaðarbankann sagði hæstv. ráðh. ekki annað en það, að það hefði verið nauðsynlegt að skipa 3 bankastjóra til að undirbúa starfsemi bankans. Þessi undirbúningur er í því fólginn að búa til eyðublöð og reglugerðir. Fyrirmynd að öllum eyðublöðum er hægt að fá í hinum bönkunum, og það er sannarlega ekki nema eins manns verk að semja reglugerðirnar. Nei, bankastjórastöðurnar voru ekki veittar af því, að þörf væri á þeim þegar í stað handa peningalausri stofnun, heldur til þess að láta góða flokksmenn fá feita bita. Til hvers er að skipa fjölda bankastjóra við peningalausan banka? Ekki er það fyrir landsmenn gert. Það sjá allir.

Ég er viss um, að þessi eyðublöð og

reglugerðir, sem bankastjórarnir eiga að búa til, verða dýrustu skjöl á landinu. Hæstv. ráðh. sagði, að ég mundi helzt vilja, að bankinn tæki aldrei til starfa. Það er tóm vitleysa og ég spurði ráðh., hvenær hinar deildirnar tæki til starfa. Hann svaraði því engu, svo að ég endurtek hér með spurning mína.

Þá kem ég að bankaráðsformennsku hæstv. forsrh. og svari hans þar að lútandi. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki viljað taka lán eða hjálpa bankanum til að taka lán eins og fyrrv. stj. gerði. Nei, það er satt, ráðh. vildi ekki gera þetta, og því varð bankinn að loka. En hvað stóð þessi harðskeytti vilji ráðh. lengi? Jú, hann stóð þangað til ráðh. sá, að annað hvort varð stj. að fara frá eða hjálpa varð bankanum. Og þá stóð ekki á viljanum til að taka lánið, þá var sjálfsagt að gera það. En ætli það hefði ekki verið betra að gera það fyrr? Ég held það. Því segi ég: Hún hefir orðið okkur dýr, bankaráðsformennska ráðh.

Fyrsta afleiðingin af ráðsmennsku hans er sú, að taka þarf stór lán til að bæta úr þessu og hjálpa atvinnuvegunum. Það er undarlegt, ef hæstv. atvmrh. álítur, að það sé í þágu landsins að hugsa ekkert um bankann. Heldur hann, að bankinn og landið séu einhverjar andstæður? Slíkt er hin mesta fjarstæða. Hæstv. ráðh. óskaði, að ég hefði haft tækifæri til að halda þessa líkræðu yfir sér sem bankaráðsformanni Íslandsbanka miklu fyrr. Ég verð að taka undir það með honum. Ég vildi að það hefði verið hægt, áður en hann var búinn að koma bankanum í þetta öngþveiti. Þá hefði verið komið í veg fyrir mikið illt.

Hæstv. forsrh. þakkaði mér fyrir, að ég hefði líkt sér við fálkann. En er hann viss um, að það sé þakkarvert? Ég skal segja honum hvers vegna ég geri það. Ég er gamall smali, og þegar ég í æsku gætti bufjár fyrir föður minn, sá ég fálkann á sumrum mjög oft ráðast á rjúpurnar, drepa þær og rífa í sundur. Og þegar hann var búinn að því, fór hann að garga og væla yfir því, eins og hann dauðsæi eftir aðförum sínum. Mér datt í hug að bera saman við þetta aðfarir hæstv. ráðh. við Íslandsbanka. Þær voru svipaðar.

Hæstv. ráðh. hafði mikil völd, en bankinn var tæpt staddur og veikur fyrir, og hann beitti sér gagnvart bankanum eins og fálkinn við rjúpuna. Síðan sá ráðh. eftir, hvernig komið var fyrir bankanum, og leggur fram 4½ milljón til bjargar honum.

Nú getur ráðh. gert það upp við sjálfan sig, hvort honum finnst ástæða til að vera upp með sér af samlíkingunni, en hann má alls ekki skilja hana svo, að ég telji það frægðarverk fyrir hann að ráða niðurlögum nauðstaddrar rjúpu, eins og Íslandsbanki var.

Hæstv. forsrh. lauk ræðu sinni með því, að það væri ósæmilegt að bera mig saman við Hallgrím Kristinsson, og að ekki mætti nefna nöfn okkar í sömu andránni. Ég var ekki að gera samanburð á okkur. Ég var að bera saman skoðun H. Kr. á fjármálakreppunni 1920—21, og skoðun hæstv. ráðh. á fjáraukal. miklu. Annars veit ég ekki, hvað gæti verið ósæmilegt við það, að nefna jafnvel miklar andstæður í sömu andránni.

Svo kveð ég að líkindum hæstv. forsrh. fyrir fullt og allt við þessa umr., því að eftir þessa ræðu er ég dauður. Hann gaf okkur stjórnarandstæðingum ráðleggingar um það, hvernig ætti að haga eldhúsdeginum, við ættum aðeins að prenta í Alþt. greinar úr Morgunblaðinu og Vísi. Ég skil þetta ákaflega vel, og veit að hann mundi helzt vilja þetta. Ég sé, að honum líður ekki vel þótt hann þakki og glotti. (**Forsrh.**: Það er misskilningur, mér líður afarvel. — **ÓTh**: Nei, afarilla). Hæstv. ráðh. getur ekki búizt við, að við högum eldhúsdeginum eftir því, sem hann óskar. Við vítum auðvitað hispurslaust það, sem vítavert er, alveg án tillits til, hvort honum líkar það betur eða ver.

Eitt sagði hæstv. ráðh. enn, sem ekki er rétt, að stj. hefði heimild til að flytja fjárveitingar á fjárl. á milli ára. Hún hafði það áður, á meðan fjárveitingatímabilið var 2 ár, en alls ekki nú orðið. Sérhvert fjárhagsár er nú reikningsheild út af fyrir sig.

Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir embættaveitingum sínum, og vildi telja hv. þdm. trú um, að þær væru framkvæmdar af óhlutdrægni og samvizkusemi. En ég vil minna hann á það, sem ritstjóri Tímans

sagði fyrir stuttu í blaðinu, eg veit ekki, hvort ráðh. hefir tekið eftir því. Hann sagði, að það gætu ekki aðrir fengið embætti en þeir, sem hefðu samúð með stefnu stj. Ef þessari reglu er fylgt, þá geta ekki aðrir en þeir, sem eru í stjórnarflokknum á þingi, eða fylgja stj. utan þings, fengið embætti. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. skrifar undir þessi orð ritstjórans. Ég hefi ástæðu til að halda, enda er það kunnugt, að hann hafi ekki verið ánægður með stj. Jónasar Þorbergssonar á blaðinu, og sagt er, að hann hafi keypt ritstjórann til þess að fara frá Tímanum með því að veita honum útvarpsstjórastöðuna. Það væri gaman að heyra af vörum hæstv. ráðh., hvort hann er samþykkur þessum veitingareglum, að það eigi ekki aðrir að fá embætti en þeir, sem hafa samúð með stefnu stj. Þessi ritstjóri sagði, að hæstv. forsrh. hefði sett svartan blett á hina íslenzku kirkju og sögu þjóðarinnar, með því að veita Magnúsi Jónssyni prófessorsembætti við háskólann. En ef hæstv. ráðh. vill nokkuð miklast af þessari embættisveitingu, þá vil ég benda á, að það var skylda að veita það samkv. gildandi lögum um háskóla Íslands. Það mun hæstv. dómsmrh. ekki hafa viljað, og hefir því hæstv. forsrh. forðað honum frá því að fremja lagabrot, og að visu er það þakkarvert að hafa sómatilfinningu fyrir því að halda lög háskólans. En þetta var ekki aðalástæðan fyrir veitingu þessa embættis. Það má ekki gleyma því, að Ásmundur Guðmundsson gat ekki fengið dócentsembættið nema að Magnúsi Jónssyni væri veitt prófessorsembættið, og skólastjórinn á Eiðum gat ekki fengið það embætti, nema dócentsembættið yrði veitt. Þarna var heil keðja, sem þurfti að leysa, og það mun hafa verið aðaltilgangur hæstv. ráðh., þó að það geti litið svo út, að hann hefi með þessu verið að bjarga hæstv. dómsmrh. frá því að fremja lagabrot.

Ég sé ekki ástæðu til að minnast á vegavinnukaupið, þó að ég hafi skrifað það hjá mér. Það er mjög eðlilegt, að kaupgjaldið geti ekki verið jafnt alstaðar á landinu, þar sem verðlag og dýrtíð er svo mismunandi í héruðunum.

En út af frávikningu vitavarðarins á Reykjanesi vil ég beina til hæstv. ráðh. fyrirspurn um eitt atriði. Það er upplýst, að 1928 var hafin rannsókn gegn honum út af því, að hann hefði náð í spíritus, sem úthlutað var handa vitanum, og drukkið hann sjálfur. Ég vil spyrja: hvers vegna var þessi rannsókn látin falla niður?

Hæstv. forsrh. talaði nokkuð um eldhúsdaginn og sagði, að þegar Framsóknarflokkurinn hefði verið í stjórnarandstöðu, þá hefði sér jafnan verið falið það einum, að halda uppi umr. og sókn á stj. (**Forsrh.**: Ég sagði ekki alltaf, en það var svo á þinginu 1926). Ég er ekkert að rengja það. En það væri drápsverk, og enginn einn maður, sem gæti annað því að gagnrýna gerðir núv. stj. Það var létt verk þegar hæstv. ráðh. var í stjórnarandstöðu, en nú þarf svo miklu að moka, að enginn einn maður gæti afkastað því.

Þá vil ég aðeins geta þess, að landssímaverkfræðingnum G. Hlíðdal hafa verið greidd aukalaun fyrir að gegna störfum í forföllum landssímastjóra. Þetta er beinlínis lagabrot. Það er lagaleg skylda, að embættismenn gegni störfum yfirboðara sinna, þegar þeir eru forfallaðir, án þess að þeir geti krafizt sérstakra launa fyrir það. Það var því gersamlega rangt af hæstv. ráðh. að borga þetta út.

Þá vil ég beina nokkrum orðum til hæstv. fjmrh. Mér fannst hann vera undarlega úrillur yfir því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, og þó var ég svo hógvær þá. Áður hefir mér virzt, að hæstv. ráðh. væri skapstillingarmaður, en nú var hann óvenju óstilltur, og lítur helzt út fyrir, að bankamálið hafi umhverft skapsmunum hans.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rangt með farið hjá mér, að ríkið hefði tekið 5½ millj. kr. lán síðastl. ár. Ég er alveg hissa á þessu, því að þetta stendur í frv., sem ráðh. hefir sjálfur flutt hér á þinginu, og fengið samþ. (**Fjmrh.**: Það voru teknar 2½ millj. kr.). Já, það kann að vera. Ég sagðist ekki vita, nema eitthvað kynni að vera óeytt af þeirri umsömdu upphæð, sem í samningnum stæði, og vísa ég til ræðunnar um það.

Hvernig getur hæstv. ráðh. búizt við, að ég viti upp á krónu, hvað kann að

vera óeytt af láninu? En ég vil í þessu sambandi minna hann á, hvað flokksmenn hans sögðu eftir þingið 1927, þegar stj. leitaði ábyrgðarheimildar fyrir 9 millj. kr. láni í Ameríku handa Landsbankanum. Þá var sagt, og síðan endurtekið í blöðum Framsóknarflokksins, að með þeirri lántöku væri lagður 90—100 kr. skuldabaggi á hvert mannsbarn í landinu, og þó var aldrei tekin nema 1 millj. af þessu láni og borgað aftur nærri strax. Man ekki hæstv. ráðh. eftir þessu? En það kemur nú í ljós hér sem oftar, ef núv. ráðh. eru teknir sömu tökum og þeir beittu áður, þá ískra þeir og skrækja. En þeir hafa sízt ástæðu til þess, ef þeir athuga framkomu síns eigin flokks, þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. geri til mín þá kristilegu kröfu, að ég eigi að gjalda illt með góðu. Og það kann að vera rétt og fallegt, en ég vil jafnan halda mér við þá gömlu reglu, að greiða í sömu mynt. (MJ: Samkv. kenningu gamlatestamentisins). Já, hún getur oft verið góð.

Ég held mér þá við það, sem hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að búið væri að taka 2½ millj kr. af þessu láni. Annars skiptir þetta ekki miklu máli, því að stj. hefir fengið heimild til 12 millj kr. lántöku, og auk þess 4½ millj. kr. handa Útvegsbankanum. Alls hefir stj. því fengið heimild til 16½ millj. kr. lántöku. Ef þessar heimildir verða notaðar í ár, verða ríkisskuldirnar í árslok orðnar um 27 millj. kr. Þetta er ómótmælanlegt. Og ég hefi gengið út frá, að stj. léki sér ekki að því að fá lánsheimildir, heldur væri tilgangurinn að nota þær. Á þessu var spádómur minn byggður, og getur enginn vitiborinn maður haft nein rök gegn þessu.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekkert áætlað fyrir vaxta- og afborganagreiðslum af þeim lánum, sem á að taka handa Útvegsbankanum, og ekkert er heldur áætlað fyrir afborgunum af 3 millj. kr. innskotsframlagi ríkissjóðs til Landsbankans. Það hefði þó verið varlegra, því að ekki er víst að Landsbankinn borgi það. Það er ekki rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að Landsbankanum bæri að greiða þetta skilyrðislaust. Samkv. samningnum er honum skylt að borga 6% í vexti af innskotsfénu, þó þannig, að sú greiðsla fari ekki fram úr helmingi af ágóða bankans hvert ár. En hvað var ágóðinn af rekstri bankans árið 1928? Enginn. Hann fór allur í afskriftir á töpum, ca. 900 þús. kr. Það má vel vera, að útkoman verði betri fyrir síðastl. ár, og að bankinn græði svo á næstu árum, að hann geti greitt vexti af þessu framlagi ríkissjóðs, en ég hefi ekki séð neitt bréf fyrir því, og um það getur enginn vitað fyrirfram. Stóryrði ráðh. út af þessu eru honum því til lítils sóma.

Hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að vextir og afborganir væru of lágt reiknaðir af enska láninu, af því að ekki er tekið tillit til þess, sem lagt verður í Íslandsbanka. Ég vænti, að hæstv. ráðh. leiðrétti þetta í Ed., og skora á hann að gera það.

Þá bar hæstv. fjmrh. okkur stjórnarandstæðingum það á brýn, að við hefðum komið mjög ógætilega fram við atkvgr. um fjárl. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi átt við fjárveitingartill., sem fluttar voru vegna míns kjördæmis til raforkuveitu, en þær voru felldar, svo að hæstv. ráðh. þurfti ekki að telja það eftir. Við fórum fram á, að ríkissj. tæki ábyrgð á ½ millj kr. láni til rafveituframkvæmda í Skagafirði, en hv. samþm. ráðh., 2. þm. Eyf., flutti till. um ábyrgðarheimild fyrir hærra láni til rafveitu á Siglufirði, og hún var samþ., en ábyrgðarbeiðni Skagfirðinga felld. (Fjmrh.: Hv. þm. hjálpaði til þess, að ábyrgðarheimild var samþ. fyrir Siglufjarðarkaupstað). Já, víst gerði ég það. Ég áleit það gott mál og sanngjarnt að veita þessa ábyrgð Við sjálfstæðismenn erum sanngjarnari en hæstv. ráðh. og hans flokksbræður. Við greiðum atkv. eftir málefnum, en ekki eftir því, fyrir hvaða kjördæmi þau eru. Annars hélt ég að hæstv. fjmrh. væri ekki svo illa innrættur, að hann vildi haga sér eftir því. En það er augljóst, að einhverjir hv. þdm. hafa greitt atkv. eftir kjördæmum en ekki málefnum. Annars hefði önnur ábyrgðarheimildin ekki verið felld. Hæstv. ráðh. sagði, að stjórnarflokkurinn væri varasamur í þessum efnum og stingi það mjög í stúf við okkur sjálfstæðismenn. Það sjá allir, hvort við getum stofnað til eyðslu, þar sem við erum aðeins 11 en stjórnarmenn 17 í þessari deild. Hæstv. ráðh. hefir því aðstöðu

til að ráða öllu, sem hann vill, og þess vegna verður hann að bera ábyrgðina.

Þá var hæstv. ráðh. eitthvað að tala um bitlinga í fjárl., en hv. þm. Borgf. hefir nú upplýst með skýrum tölum, að meiri hl. þeirra er fluttur af flokksmönnum stj. Þess vegna finnst mér það sitja illa á hæstv. stj. og sérstaklega fjmrh., að amast við því, þó að nokkrir persónustyrkir séu settir inn í fjárl., þegar hann hefir samþ. að greiða úr ríkissj. mýgrút af styrkjum og beinum til einstakra manna, sem búið er að sýna fram á, að greitt hefir verið að miklu leyti án heimildar. Það er ekkert undarlegt, þó að þm. vilji líka hafa till. um veitingu þessara bitlinga, en ekki láta stj. sitja eina að því.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það vissi enginn, hvað mikil lán yrðu tekin fyrir ríkissjóð á þessu ári, en gerir þó ráð fyrir, að einhver lán verði tekin. Þetta fer ekkert í bág við það, sem ég sagði. Ég sagði, að það væru miklar líkur til, að stj. þyrfti að taka lán, og þess vegna hefði hún tryggt sér lánsheimildina.

Þá var hæstv. ráðh. eitthvað að finna að því, að ég hefði verið að spá um ókomna tímann. Ég veit ekki hvað er á móti því að gera það, a. m. k. var mér kennt, að maður ætti að bera umhyggju fyrir morgundeginum, en ekki hafa áhyggjur af honum. Og held ég, að sú regla sé góð og nauðsynleg fyrir fjmrh. að skyggnast fram í ókomna tímann. Ég var að gera mér hugmyndir um, hvernig fjárhagur ríkissjóðs mundi verða í árslok 1930. Hæstv. ráðh. hefir orðið að mynda sér spádóma um tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1931. Ég held, að allir skynsamir menn verði að hugsa dálítið fram í tímann.

Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um það, hvort það hafi verið rétt að bæta ½ millj. við fyrir því, sem greitt var úr ríkissjóði í jan. þ. á. Reynslan sker úr um það.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um, að við sjálfstæðismenn hefðum borið illa ósigurinn við síðustu kosningar. Á hverju markar hann það? Mér hefir aldrei liðið betur en síðan. Og hvaða ósigur hafa sjálfstæðismenn eiginlega beðið? Er það ósigur, að auka stórum við fylgi sitt og fá mörgum þúsundum fleiri atkv. en Framsóknarflokkurinn? Þótt Sjálfstæðisflokkurinn kæmi færri mönnum að en áður, þá jók hann við kjósendatölu sína, og það er aðalatriðið.

Þá kem ég að hæstv. dómsmrh. (ÓTh: Það væri nú gustuk að sleppa honum). Þetta er mín síðari ræða, svo að ég get kki sleppt því. (Forsrh.: Ég skal koma því til hans, sem hv. 1. þm. Skagf. óskar). Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. er svo fljótur skrifari, að hann geti það.

Ég vildi þá fyrst minnast á bláu bókina, sem hæstv. dómsmrh. var með hér á eldhúsdegi í fyrra, og sagði þá, að bráðlega myndi koma út. Sagði hann, að í henni ætti að birtast útdrættir úr ýmsum dómsmálum, svo að almenningur gæti séð réttvísina í landinu. Tilgangurinn var víst sá, að grafa undan áliti hæstaréttar. Þessi bók er ekki komin fram enn, og hefir þó verið varið a. m. k. 10 þús. kr. til að gefa hana út. Hvað hefir verið gert af upplaginu? Ég hefi heyrt þá sögu, að sjálfstæðismaður einn hafi heimsótt framsóknarmann fyrir norðan. Framsóknarmaðurinn fór út til að ná í brennivín handa gesti sínum, og á meðan varð hinum litið á bók, sem lá á borðinu, og fór að blaða í henni. Í bókinni voru útdrættir úr ýmsum dómsmálum. Þegar framsóknarmaðurinn kom aftur með brennivínið, hrifsaði hann bókina af gestinum og sagði, að þesshättar lesning væri aðeins fyrir framsóknarmenn, en ekki neina íhaldsskarfa. Ef þetta er rétt, virðist það allundarleg aðferð að gefa út bækur, sem ætlaðar eru sérstökum flokki, eða vildarvinum sérstaks ráðh., fyrir stórfé úr ríkissjóði.

Ég tók eftir því, að hæstv. dómsmrh. sagðist vera búinn að senda þrjá menn utan vegna landsspítalans. Það er nú orðinn siður í landi hér, að enginn tekur við starfi nema hann fari utan áður. Menn eru jafnvel sendir utan löngu áður en embættinu er slegið upp, eins og t. d. átti sér stað um lögreglustjórann í Reykjavík. Vitanlega er ekkert annað en fyrirsláttur að vera að slá embættum upp, þegar er búið að ákveða löngu fyrirfram, hver þau hreppi.

Eitt atriði vildi ég minnast á enn, sem á að vísu fremur að skrifast á reikning hæstv. atvmrh. Það er stöðvunin á Esju

síðast. Ég sé á grein eftir hv. 4. þm. Reykv., að nú er bannað að vinna eftir kl. 10 að kvöldi hér í Reykjavík. Þegar Esja átti að fara síðast, var eftir að láta póstinn og nokkrar tunnur af olíu um borð kl. 10, og farþegar buðust að hjálpa til þess. Skipið var eigi að síður stöðvað í 12 tíma fyrir þessar sakir. Þetta er kannske ekki stórmál, en þó vil ég spyrja: Hvernig færi nú, ef Esja fengi hvergi afgreiðslu frá því kl. 10 að kveldi og þangað til morguninn eftir? Slíkt athæfi er ekki til að örva fólk til að flýta fyrir skipinu, þegar menn út um land frétta, að svona er farið að í höfuðstaðnum, þar sem landsstj. sjálf situr með afgreiðslumanninn sem innsta kopp í búri. Ef slíkt kæmi fyrir úti á landi, færi skipið umsvifalaust burt af þeirri höfn. Sést á þessu, að meira tillit er tekið til verkamanna hér en út um land. Þar mega þeir vaka, þótt hinir sofi. (HK: Þetta er nú ekki almennur vilji verkamanna hér). Nei, en þeir vita, að ef þeir hlýða ekki forsprökkunum, þá eru þeir útilokaðir frá vinnu á eftir.

Þá var hæstv. dómsmrh. að tala um lagið á Áfengisverzluninni, og hve reksturinn á henni væri orðinn ódýr. Hér liggja nú fyrir reikningar verzlunarinnar frá 1928. Þá urðu forstjóraskipti á miðju ári, og til þess að rugla ekki saman reitunum voru reikningarnir hafðir aðskildir. Einn liður á þessum reikningum er rekstrarkostnaðurinn. Hann er fyrri hluta ársins kr. 42435, en síðari hlutann kr. 52900 eða tæpum 11000 kr. hærri. Þetta er nú sparnaðurinn þarna. Það hefir oft verið talað um hin háu laun Mogensens, en mér er kunnugt um, að samanlögð laun forstjórans, sem nú er, og lyfjaeftirlitsmanns, eru sízt lægri. Seinni hluta ársins 1926 og árið 1927 hafði Mogensen eftirlit með lyfjabúðum, fyrir sérstaka borgun auðvitað. Útkoman er því sú, að reksturinn er dýrari en hann var áður.

Það er einkenni á hæstv. dómsmrh., að hann talar ávallt um allt annað en það, sem á hann er deilt fyrir. Hann heldur hér tveggja tíma „teoretiska“ ræðu með ýmiskonar útúrdúrum og rangfærslum. En honum dettur ekki í hug að koma nálægt aðfinnslum andstæðinganna, nema ef hann rétt drepur á einstöku atriði innanum allan vaðalinn.

Það er kunnugt, að hann hefir sagt nýlega, að hann hafi fundið hús í miðbænum, sem hafi verið týnt í 70 ár. Átti hann þar við bókasafnshúsið Íþöku. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir, þar sem ég hefi verið svo að segja daglegur gestur í húsi þessu í þau 6 ár, sem ég var í Menntaskólanum. Skil ég satt að segja ekki í, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að fara að komast frá slíkum ýkjum með óskertum heiðri, þar sem hver menntamaður á landinu hefir gengið út og inn í þessu húsi nærri daglega alla sína skólatíð.

Mig tók sárt að heyra ummæli hæstv. ráðh. um Menntaskólann. Ég var þar í 6 ár og hefi þaðan hinar beztu minningar. Ég ber velvildarhug til allra kennara minna, og er þeim þakklátur fyrir þá fræðslu, er þeir veittu mér. Að vísu getur öllum skjátlast, og enginn er alveg eins og hann á að vera. En mér finnst það hastarlegt, að kennslumálaráðh. skuli vera að lesa upp úr afgömlum prótokollum hér á Alþingi til þess að geta svert stofnunina. Og hvað var það svo, sem hann fann? Jú, hann fann dæmi, sem ég skal ekki mæla bót, en þau eru einmitt frá þeim tíma, er rektor varð að fara frá, af því að hann hafði ekki lag á nemendunum. Þetta var fyrir 25 árum. Eftir þessu dæmir hann skólann nú á tímum. Yngsta dæmið, sem hann fann, var síðan 1916. Síðustu 14 árin hefir hann ekkert dæmi fundið, sem hann hefir haft við að athuga, eða m. ö. o. allan þann tíma, er þeir menn hafa verið ráðandi, sem hann átti að velja á milli í rektorsembættið í haust. Hér er verið að leita að gömlum blettum, löngu afmáðum, til þess að klessa á skólann aftur.

Mér finnst það ómaklegt að reyna að sverta minningu Björns M. Ólsens. Hann var að sönnu til annars betur fallinn en að stjórna slíkum skóla, og fór líka frá honum þess vegna. Mér þótti það í rauninni alltaf illt að nemendur skyldu ekki vera nægilega þroskaðir til að þola það, sem honum kann að hafa verið áfátt sem stjórnanda, svo að þeir gætu notið kennarakosta hans, sem flestum eða öllum kom saman um, að væru einstæðir.

En þó að ýmislegt megi finna að skólanum eins og hann var fyrir 25 árum, þá kom það aldrei fyrir þá, sem gerðist í vetur, að heill bekkur neitaði kennslu í einni námsgrein. En hvað skeður? Kennslumálaráðh. tekur svari piltanna hér á Alþingi, og segir, að ekki sé von, að piltarnir hafi viljað leggja á sig jarðfræðinám hjá Guðm. G. Bárðarsyni.

Loks sagðist hæstv. ráðh. hafa orðið var við, að einn piltur með háum einkunnum hafi orðið að sitja eftir, vegna þess að hann hafi fengið neikvæða einkunn í einni námsgrein, og með þessu hafi lífsþráður hans verið skorinn sundur. Það mun vera rétt, að þetta hafi átt sér stað, og ég hefi áður komizt í að hjálpa í slíkri aðstöðu. En hvað heldur hæstv. ráðh., að hann hafi skorið á marga lífsþræði, þegar hann lokaði Menntaskólanum að hálfu leyti? Væri ekki rétt fyrir hann að telja þá?

Þá var hæstv. ráðh. að tala um bíla. Margir keyrðu í eigin bílum og enginn furða væri, þótt ríkið ætti bíl úr því að Kvöldúlfur leyfði sér það. En munurinn er bara sá, að Kvöldúlfur hefir keypt sína bíla fyrir sína peninga, en hæstv. ráðh. sína fyrir ríkisfé í fullkomnu heimildarleysi.

Það kom fram í umr. í gær, að ástæðan til þess, að hæstv. dómsmrh. kallar sjálfstæðismenn íhaldsmenn er sú, að Dönum væri illa við sjálfstæðisnafnið. Það hefði komið fram spurning um það í milliríkjanefndinni, hversvegna við kölluðum okkur sjálfstæðismenn. Sömu ástæðu hafa eflaust aðrir hv. þm., sem uppnefna Sjálfstæðisflokkinn. Ég vil þá nota tækifærið til að lýsa yfir því, að ég áskil mér rétt til héðan í frá að kalla Framsókn litla Íhaldið. (**Forsrh.**: Í mótsetningu við það stóra!). Já, af því Framsóknarflokkurinn er svo miklu fámennari en Sjálfstæðisflokkurinn. Ég bið menn afsökunar fyrir fram, ef ég skyldi af vangá nefna Framsóknarflokkinn oftar.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætlaði að bíða með að svara, en af því að útlit er fyrir, að styttast fari í umr., tek ég nú til máls.

Þegar ég minntist á það í fyrri ræðu minni, að Framsókn gerði of mikið að því að veita landbúnaðinum fjárstyrki, þá var það ekki af því, að ég ynni ekki landbúnaðinum þeirrar löggjafar, sem er honum til styrktar, heldur vakti það fyrir mér, að þessi hjálp mætti ekki vera um of á kostnað annara stétta. Nú hefir verið hallast að því á síðari árum að styrkja landbúnaðinn með lánsfé, sem lánað er með mjög lágum vöxtum. Vaxtamismunurinn verður svo sjávarútvegurinn og hinar fátækari stéttir í landinu að greiða. Framsókn hélt því áður fram, að skatta ætti að leggja á eftir efnum og ástæðum. En nú er mþn. í skattamálum skilar áliti, fylgjast fulltrúar Íhalds og Framsóknar að um að láta hið gamla fyrirkomulag gilda um skattamál og verðtoll.

Það er þetta misrétti, sem ég álít, að ekki geti gengið til lengdar, að taka þannig fé og leggja það til landbúnaðarins, eins og Framsóknarflokkurinn hefir gert. Ég hefi athugað þessar fjárupphæðir, sem eiga að ganga til landbúnaðarins, og það mun láta nærri, að það sé 1½ millj., sem er mikið fé. Þar að auki hafa nú á þessu þingi komið till. um styrk til heyhlaðna, 25 þús., og til framræsluskurða, 75 þús. Ég vil benda hæstv. stj. og flokki hennar á það, að þetta getur ekki gengið svona til lengdar, að vera alltaf að auka svona það fjármagn, sem fer í sveitirnar.

Framsóknarflokkurinn virðist hingað til hafa verið á móti því, að kjördæmaskipun væri þannig, að fulltrúar í hverju kjördæmi væru í hlutfalli við fólksfjölda. Gamla kjördæmaskipunin er úrelt. Hún er bændum í hag. Þeir senda langflesta fulltrúa borið saman við fólksfjölda. Framsóknarmenn og íhaldsmenn vilja halda í þetta skipulag, því að hún er hagkvæm fyrir þá. En það rétta væri auðvitað það, að hvert kjördæmi sendi tiltölulega jafnmarga fulltrúa borið saman við fólksfjölda.

Hæstv. forsrh. vildi afsaka embættaveitingar þær, sem ég var að tala um í sambandi við hann. Hann hélt því fram, að hann hefði sýnt andstæðingum sínum umburðarlyndi, eins og t. d. Magnúsi Jónssyni, þegar hann veitti honum prófessorsembætti við guðfræðideild háskólans. En það er beinlínis svívirðilegt, þegar sá maður fær það embætti að upp-

fræða kennimenn þessa lands, sem notar þá aðstöðu til að sverta andstæðinga sína sem mest, og þegar hann veit, að orðum hans er veitt meiri athygli vegna þeirrar stöðu, sem hann er í, þá notar hann sér það með því að bera pólitiskum andstæðingum sínum guðleysi og vantrú á brýn. Slíkt atferli sem þetta álít ég með öllu ósamboðið hlutverki hans sem kennara í guðfræði, en með því að setja hann í þetta embætti er beinlínis verið að verðlauna svona framferði. Það sýndi sig einnig, að maður sá, sem fékk dócentsembættið eftir hann við háskólann, séra Ásmundur Guðmundsson, var ekki að öllu leyti vel til þess fallinn. Hann sýndi sig opinberlega í því, er hann hélt ræðu við setningu Alþingis nú síðast, að hefja árás á einn stjórnmálaflokkinn, enda fannst öllum, sem vildu líta á það með sanngirni, að það væri ósæmilegt. Þetta ætti að verða til þess, að forseti læsi yfir ræður þessa manns, ef hann á eftir að halda ræðu oftar við setningu Alþingis, nema það sé stefna stj. að setja þá menn í guðfræðideildina og láta þá menn prédika við þingsetningunа, sem vinna svona á móti jafnaðarmönnum.

Hæstv. forsrh. varði afsetningu vitavarðarins á Reykjanesi með því að lesa upp bréf frá vitamálastjóra. Í því bréfi kom þó ekkert fram, nema að þessi vitavörður hefði árið 1928 gert sig brotlegan gegn áfengislöggjöfinni, eftir því sem vitamálastjóri segir, en ekki, að hann hafi rækt embættisskyldu sína illa að öðru leyti en því, að hann hafi einu sinni kveikt stundarfjórðungi of seint, án þess að sönnur séu færðar fyrir því. Á móti þessum vitnisburði kemur vitnisburður allra nágranna hans, að hann hafi rækt stöðu sína vel og gætt vitans eins og vera bar, og ég verð að segja það, að þá vitnisburði met ég eins mikils. Þó að það væri rétt, að þetta hefði komið fyrir 1928, þá er engin ástæða til að setja vörðinn af embætti fyrir það 1930, enda kemur það fram í bréfi því, sem hér var lesið upp, að það hefir verið vegna deilu við vitamálastjóra á skrifstofu hans hér í bæ, en það heyrir ekki undir gæzlu vitans. Ég held, að þeim embættismönnum mundi fækka, sem héldu stöðum sínum, ef ætti að leggja svona mælikvarða á alla embættisrækslu þeirra.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. talaði um lóð undir símastöðina, þá vil ég taka það fram, að ég álít, að það hefði verið sjálfsagt að kaupa lóð nærri pósthúsinu, svo að hægt hefði verið að koma á samstarfi milli posts og síma, en eins og nú er, er það ekki hægt. Kostnaður við að flytja símann þaðan, sem hann er nú, í Thorvaldsensstræti, hlýtur að verða afarmikill, og er því sparnaður við það ekki sjáanlegur. Ef hæstv. atvmrh. hefði viljað fylgja fyrri stefnu sinni um sameiningu pósts og síma, hefði hann átt að tryggja sér það, að hægt væri að fá lóð við hliðina á nýju símastöðinni, svo að hægt væri að reisa sameiginlega byggingu yfir póst og síma.

Þá vil ég aðeins minnast á eitt atriði, sem ég býst við, að mörgum finnist smávægilegt. Það er úrskurður atvmrh. um meðlag barnsföður með barni sínu. Nú er það 215—270 kr. eftir úrskurði ráðh. Flestar stúlkur, sem eiga þessi börn, hafa við örðug kjör að búa. Eftir gildandi l. á barnsfaðirinn að bera helming af framfærslukostnaði barnsins, en það er ekki vafi, að hann greiðir oft minna en helming. Eftir því, sem mér hefir verið skýrt frá, er það úrskurður forsrh., að ef móðirin getur séð fyrir afkvæmi sínu, sé faðirinn ekki skyldugur til að greiða meðlag með því. Þetta kemur ótvírætt í bág við l. Það hlýtur að vera sama skylda á föðurnum að greiða meðlag með barni sínu, þó að hagur móðurinnar sé góður. Ég veit ekki til, að atvmrh. hafi gefið úrskurð um þetta, ef móðirin getur ekki séð fyrir barninu, en mér skilst, að faðirinn muni greiða lítilsháttar meira í staðinn fyrir það, að hann ætti að taka allan kostnaðinn á sig. Ef ráðh. veit þetta ekki, vona ég, að hann taki það til athugunar.

Hæstv. forsrh. minntist þess ekki, að stj. og flokkur hennar hefði gengið sérstaklega á móti málum jafnaðarmanna. Ég skal ekki telja upp langa runu af þeim málum, en ég vil minna á þær viðtökur, sem frv. um bönnun næturvinnu við höfnina fékk. Það fékk 5 atkv. í þessari d. Enn þá sýndi það sig, að verka-

mannafélögin gátu framkvæmt þetta án löggjafar um það, eða atbeina þingsins. Þá sást það, hvað verkamenn gátu með samtökum sínum. Nú eru í þinginu ýmis mál, sem jafnaðarmenn skiptir miklu máli að komist í framkvæmd, og gefst mönnum því tækifæri til að sýna velvilja sinn til þeirra. T. d. er nú á leiðinni frv. um takmörkun vinnutíma í síldarverksmiðjum. Það er mikið áhugamál verkamanna, sérstaklega þar sem slíkar verksmiðjur eru. Hér er líka frv. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, sem Alþýðuflokkurinn er mjög fylgjandi. Þá er þál. um alþýðutryggingar, sem hefir legið fyrir fleiri þingum. Mér vitanlega hefir stj. ekkert gert til framkvæmda í því máli, nema að greiða einum manni allmikla upphæð til að rannsaka það, en árangur þeirrar rannsóknar hefir ekki sézt enn.

Vitanlega er það á ábyrgð Framsóknarflokksins, að nokkur hluti hans gekk í lið með íhaldsmönnum að færa kjördaginn til þess dags, sem óhagstæðastur var verkafólkinu.

Þá er hér frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem er nú komið úr n. Það er auðvitað stefnumál Alþýðuflokksins, og var það líka hjá Framsóknarflokknum. Þess vegna er það undarlegt, hvernig þeir hafa snúizt í því máli nú.

Hv. þm. Borgf. virtist undrast mjög yfir því, að ég í fyrri ræðu minni sneri mér að nokkru leyti að Íhaldsflokknum í þessari d., en hann þarf ekkert að undrast yfir því. Þó að nú sé sérstaklega ætlazt til, að þdm. beini orðum sínum til hæstv. stj., þá hlýtur þó alltaf að vera barátta á milli þingflokkanna fyrir því. Hann virtist bera brigður á það, sem ég hafði skrifað um varðskipastjórana, þá Jóhann P. Jónsson og Friðrik Ólafsson, viðvíkjandi því, þegar björgunarskipið Þór bjargaði íslenzkum togara úr landhelgi. Það hefir verið haldið réttarhald í því máli, og ég veit ekki betur en Jóhann P. Jónsson hafi þar staðfest það, sem ég hefi sagt um það mál. Sú eina afsökun, sem hann reyndi að færa fram, var það, að skipið hefði þá verið björgunarskip, en ekki varðskip. En hvað var skipið þá að reka togara úr landhelgi? Það liggur í augum uppi, að þá var Þór sem varðskip. Í öðru lagi var það upplýst, að þegar þessi togari var tekinn eða bjargað úr landhelgi, var Jóhann P. Jónsson ekki uppi á þilfari, og þegar hann kom upp, gat hann ekki athugað, hvort mæling Friðriks Ólafssonar var rétt. Þetta sýnir, að það var ekki að ástæðulausu, að minnzt var á þetta 1927.

Hv. þm. Borgf. spurði mig um kirkjumálanefndarplöggin. Ég veit ekki annað um það, en að maður úr kirkjumálan. hafði beðið mig að taka að mér eitt eða tvö af þeim málum. Ég lofaði að taka það til íhugunar, og svo einn morgun var þessi stóri pakki kominn hingað á borðið, sem hv. þm. gat um. Ég þykist vita, að hann hafi verið sendur til mín, af því form. kirkjumálan. var kunnugt um, að ég var ritari allshn. Hvað gert hefir verið síðar við hann, er mér ókunnugt um, og hefi hér með þvegið hendur mínar eins og Pílatus.

Mér virtist hv. þm. reiður yfir því, að ég skyldi kalla þann flokk Íhaldsflokk, sem hann kallaði Sjálfstæðisflokk. Mér datt í hug, það sem eitt stórskáld okkar sagði við mig einu sinni, þegar ég var honum samskipa. Við vorum að tala um, að það væri ekki rétt að nefna Ameríku eftir þessum Ameríkusi, sem hefði aðeins skrifað bók um þá álfu. Þá sagði þetta skáld við mig: „Það er alveg eins og einhver dóni ofan af Akranesi færi að kalla einhvern hluta líkama síns Evrópu“. Sama held ég að megi segja um þennan svokallaða Sjálfstæðisflokk. Þeir, sem í honum eru, vilja kalla sig sjálfstæðismenn, þó að þeir hafi alltaf staðið aftast í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Svo er engin ástæða til að hafa þetta nafn, þegar allir landsmenn eru sjálfstæðir menn.

Hæstv. dómsmrh. talaði um íbúðirnar í Laugarnesspítala. Hann sagði, að það væri eðlilegt af tveimur ástæðum, að spítalinn hefði verið tekinn til íbúðar; fyrst og fremst af því, að hann væri orðinn of stór fyrir sjúklingana, og svo væru þeir menn, sem þarna byggju, efnalausir og húsnæðislausir. Smitunarhættu gerði hann lítið úr. En við þetta er fyrst og fremst það að athuga, að það er engin fjárveitingarheimild til að gera við Laugarnesspítala. En fé það, sem eytt hefir verið til að „innrétta“ þessar íbúðir, mun vera um 20 þús. kr., sem þannig hafa

verið teknar í heimildarleysi. Þetta eru þrjár þriggja herbergja íbúðir, tvær fimm herbergja íbúðir, og þar að auki eldhús. Það fólk, sem þarna býr, er ekki fátæklingar, sem erfiðast eiga með húsnæði, heldur er það millistéttarfólk, sem vel gæti komizt af, þó að það fengi ekki þessar íbúðir í Laugarnesi. Ef hæstv. dómsmrh. vill með þessum íbúðum bæta úr húsnæðisvandræðum, væri nær fyrir hann að láta fátækt alþýðufólk fá húsnæði í spítalanum en efnaða menn, sem vel geta séð sér fyrir húsnæði sjálfir. Hæstv. ráðh. sagði, að þessir íbúar spítalans greiddu vexti af viðgerðarkostnaðinum, en það er ekki rétt, en þó að svo væri, bætti það ekkert úr. Þarna voru lagðar 20 þús. kr. í kostnað, og ekkert kemur í staðinn nema vextirnir. En fyrir þessi herbergi í spítalanum er ekkert greitt, því að eftir því, sem hæstv. dómsmrh. segir, hefir engin húsaleiga verið greidd þarna fram á þennan dag. Það er alveg óverjandi af stj. að hún skuli taka fé ríkissjóðs til að byggja yfir vini sína og vandamenn og láta þá ekkert borga fyrir. Húsaleiga af öllum íbúðum, sem hæstv. stj. hefir lagt þarna undir sig, mundi vera um 1000 kr. samtals á mánuði, og það er mikið fé. Á þessu sést, hversu fráleitt þetta er hjá hæstv. ráðh.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að hann hefði leyfi til að gera þessi herbergi að íbúðum. Þar mun hann hafa átt við það, þegar form. Oddfellowfélagsins kom hingað og dróst eitthvað á, að það mætti hafa þarna íbúðir til viðbótar við spítalann. En það er ekki rétt, að hann hafi leyft að hafa íbúðir í spítalanum.

Þá er annað atriði í sambandi við þetta, sem er ekki síður athugavert. Það er hættan, sem getur stafað af því, að spítalinn sé notaður til íbúðar. Form. Oddfellowa leitaði álits frægasta holdsveikralæknis Dana um það, og hann varaði sterklega við því, að spítalinn væri notaður til íbúðar. Það segir sig líka sjálft, að það er hættulegt, að bæði börn og fullorðnir menn gangi þar um, sem sjúklingar eru, en holdsveiki er svo voðalegur sjúkdómur, að einangrun er nauðsynleg.

Það má nú auðvitað segja, að það sé hart að aðskilja og einangra svona nánustu vini og skyldmenni, svo sem mann og konu eða systkin, eða börn og foreldra, en það er nauðsynlegt vegna þjóðfélagsins. Þess vegna sér þjóðfélagið fyrir þessum sjúklingum, þegar þeir verða nauðugir að fara á spítala. Ef smithættan væri ekki, væri það glæpsamlegt að einangra menn svona frá öllum, sem eru þeim kærastir. Sjúkdómurinn er ekki mjög smitandi, en þó eru öll sjúkdómstilfelli holdsveikinnar smitun að kenna. Ef það kæmi fyrir, að einn einasti maður, eitt einasta barn fengi holdsveiki vegna þessara íbúða í spítalanum, væri það svo alvarlegt atriði fyrir hæstv. dómsmrh., að allt það gott, sem hann hefði unnið, mundi aldrei geta vegið upp á móti því.

Væri það ekki réttast að byggja hús fyrir holdsveika menn, en nota þennan spítala fyrir aðra sjúklinga, eins og spítalalæknirinn leggur til? Ég veit, að eftir að þessir nýju íbúar spítalans komu þangað, hafa sjúklingarnir verið óánægðir með að þurfa að vera þarna. Þeir vilja fara til heimila sinna. Þeir hugsa sem svo: „Fyrst við megum umgangast þessa íbúa í spítalanum, hvers vegna megum við ekki alveg eins umgangast skyldmenni okkar?“ Þeir vilja fá að vera á næturnar heima hjá sér, a. m. k. þeir, sem eiga heima í Reykjavík. Það sjá því allir, til hve mikilla vandræða stefnir hér, ef ekki verður séð við í tíma.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að mér hefir ekki þótt ástæða til að standa upp til andsvara eftir hverja ræðu hjá hv. andstæðingum. Ég kvaddi mér ekki hljóðs á eftir ræðu hv. þm. N.-Ísf., af því að mér þætti sérstök ástæða til að svara henni. Það var fátt í ræðu hv. þm., sem féll í minn garð. Ég stend því upp til að segja fáein orð nú, af því nú er senn kominn kaffitími, og mér virðist það hæfilega langur tími fyrir mig, en ekki svo mjög af því, að ég þurfi að svara þeim ræðum, sem beint hefir verið til mín.

Hv. þm. N.-Ísf. mælti fátt í minn garð. Hann beindi aðeins til mín tveimur fyrirspurnum. Önnur var sú, hvort hv. 2. þm. Árn. hefði talað fyrir munn stj. um sjálfstæðismálið. Ég heyrði ekki ræðu hv. þm., og get því engan dóm á það lagt. En víst

er hv. 2. þm. Árn. líklegur til að hafa talað vel um það mál sem önnur. Þá var hin spurningin sú, hvort ég hefði ekki fengið einhver bréf út af Tervanimálinu. Allt það, sem ég hefi séð og heyrt um það mál, bæði utanlands sem innan, frá málsmetandi mönnum, er einróma álit allra um, að rétt og sjálfsagt hafi verið að afgreiða það mál eins og gert var.

Þá var það hv. 1. þm. Skagf., sem vék að mér nokkrum orðum. En af því sá hv. þm. hefir nú talað tvisvar, skal ég fara mjög vægilega út í hans ræðu.

Hv. þm. talaði um þær andstæður, sem væru milli mín sem ritstjóra Tímans og sem forsrh. Ég væri nú allt annar maður en þá. Annað væri hvítt, hitt svart. Sú líking felur í sér samkv. almennri málvenju, að annað sé gott, hitt vont. Annað á við flekklausa framkomu, hitt við mjög slæma. Nú er það ljóst af ræðu hv. þm., að hann telur framkomu mína sem ráðh. ekki góða. Ég vona því, að hann sjái, hvað þetta þýðir fyrir sjálfan hann, ef allt er gott, sem ég sagði þegar ég var ritstjóri, því ýmislegt mun ég þá hafa sagt um hann. Nú veit ég, að hv. þm. meinti þetta ekki, en ég vildi sýna honum, að þetta var heldur óheppileg samlíking.

Ég skal ekki fara langt út í fjáraukalögin miklu. Það skiptir vitanlega ekki miklu máli, hvenær hv. þm. byrjaði á því að flytja þau með sér í töskunni út um land. Það er rétt, að hv. þm. fékk mörg atkv. 1923, en ég skildi hann þó svo, að hann hefði flutt fjáraukalögin með sér í töskunni fyrir síðustu kosningar. Ég býst líka við, að hv. þm. hafi haft þau með sér, er hann fór förina frægu um Strandasýslu fyrir síðustu kosningar. Þó fékk ég miklu fleiri atkv. þar 1927 en ég fékk 1923. Aftur á móti fékk hv. þm. sjálfur miklu færri atkv. 1927 en 1923. Ég get því vel unað því, að mín atkv. hafa fjölgað um leið og hans atkv. hafa fækkað — hvorttveggja ef til vill vegna fjáraukalaganna í töskunni. Læt ég svo útrætt um það mál.

Hv. þm. sagði, að Búnaðarbankinn hefði ekkert annað starf með höndum en að búa til eyðublöð. Þetta er vitanlega ekki rétt. Það er margt fleira, sem þarf að gera, og stj. Búnaðarbankans er búin að leysa mikið starf af hendi til undirbúnings starfi bankans. Annars býst ég við því, að bankinn flytji í nýja húsið í júní, og taki þá þegar til starfa að því leyti, sem hann er ekki þegar starfandi.

Þá var það um þetta, að hv. þm. líkti mér við val. Það var að vísu mjög hjartnæm saga, sem hv. þm. sagði, frá þeim tíma, að hann var smali norður í Húnavatnssýslu. En ég held, að hv. þm. hafi ekki verið heldur heppinn þar með þá samlíkingu, að Íslandsbanki hefði verið rjúpan. Hv. þm. er yfirleitt lítið heppinn í samlíkingum sínum um mig.

Þá spurði hv. þm. um, hvernig máli vitavarðarins á Reykjanesi væri varið. Ég hefi áður skýrt frá því. Rannsókn í því fór fram 1928 hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, sem mun hafa gefið skýrslu um málið. En þá var ekki álitið, að nógu mikið lægi fyrir, sem gæfi tilefni til sakamálsrannsóknar eða frávikningar. En þegar vitamálastjóri hafði dregið saman öll sakaratriðin, og lagði jafnframt eindregið til, að honum væri vikið frá starfi, þá náði vitanlega engri átt fyrir mig að taka á mig þá ábyrgð að fara ekki eftir þessari eindregnu till. vitamálastjóra.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. um það, hvernig fara muni, ef ekkert skip er afgr. eftir kl. 10 á kvöldin, er það að segja, að ég get engu um það svarað. Mér er algerlega ókunnugt um það tilfelli, sem hv. þm. minntist á. Og ég hefi engan þátt átt í því, og hefi enga samúð með því. Mér er það alveg ókunnugt.

Þá var það hv. 2. þm. Reykv., sem gerði nokkrar athugasemdir út af ræðu minni. Hv. þm. mælti fyrst nokkrum almennum orðum um afstöðu ríkisins til landbúnaðarins. Hv. þm. sagði, að það, sem gert hefði verið fyrir landbúnaðinn, hefði verið gert fyrir fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna, og því að nokkru leyti á annara kostnað. Þetta er vitanlega rétt, og á sér stað um allar þær framkvæmdir, sem ríkið lætur gera, eða styrkir á einhvern hátt. Þannig er það líka með verkamannabústaðina, hafnir, vita og hvað annað. En þegar hv. þm. les upp liði á fjárl. sem hann segir, að fari allir til sveitanna, þá er það mesti misskilningur, að það fari allt þangað. Góður hluti af jarðræktarstyrknum fer t. d. til Reykjavíkur. Í Búnaðarbankanum er sérstök

deild, er á að styðja að jarðrækt í kauptúnum. Í Vestmannaeyjum hafa stór flæmi af landi verið tekin til ræktunar með aðstoð og styrk frá hinu opinbera. Hið sama er og í aðsigi víðar, með tilstyrk Búnaðarfélagsins og vélasjóðs til dráttarvélakaupa. Þessi styrkur hefir því líka náð til kaupstaða og kauptúna, og orðið til þess að bæta hag fólksins þar, enda er það ef til vill allra nauðsynlegast að stuðla að því, að það fólk fáist til að rækta í kringum sig.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi sig hafa það eftir mér, að ég hefði sagt, að menn ættu að vera umburðarlyndir við andstæðinga sína. Þetta er ekki rétt. Ég hefi einmitt sagt, að ef um mismunandi skoðanir er að ræða, þá beri að halda þeim fast fram. Hitt er annað mál, þótt stj. veiti pólitískum andstæðingi sínum stöðu. Þótt ég álíti, að hv. 1. þm. Reykv. hafi oft ranga stefnu í pólitík, þá álít ég ekki, að hann noti embættisstöðu sína í þágu pólitískra „agitationa". Að því leyti má skipta manni í tvennt, sem mikið grín hefir verið gert að.

Út af frávikningu vitavarðarins á Reykjanesi sagði hv. 2. þm. Reykv., að starfs- eða embættismönnum mundi bráðlega fækka, ef þeim væri vikið frá á þennan hátt. Um það vil ég bara segja það, að ef svo væri ástatt með fleiri, og bein og rökstudd tilmæli væru fyrir höndum frá þeim, sem ábyrgð bera á gerðum þeirra, um að víkja þeim frá, þá mundi ég telja skyldu mína að gera það.

Hv. þm. talaði enn um landssímalóðina. Það er rétt, að flutningurinn kostar mikið. En þar sem ekki var hægt að komast hjá því að raska við þráðum, þá munar það ekki svo miklu, hvort nokkrum metrum lengra eða skemmra er farið. Hv. þm. sagði, að úr því þessi lóð hefði verið keypt, þá hefði líka átt að kaupa apótekslóðina, sem er við hliðina á þessari. En þar til er því að svara, að til þess vantaði mig heimild. Ég hafði aðeins heimild til að kaupa lóð undir símann. Hefði ég því keypt hina lóðina líka, þá hefði ég bara verið að spekúlera fyrir hönd landsins. Ef ég fengi heimild til þessa gæti vel komið til mála, að ég keypti þá lóð líka, því ég tel eins og hv. þm., að heppilegt gæti verið, að landið ætti hana líka.

Þá kom hv. þm. fram með nýj atriði. Eitt þeirra var um úrskurði, sein fallið höfðu í stjórnarráðinu, um barnsmeðlög. Var hv. þm. eitthvað óánægður með þá úrskurði. Ég vil upplýsa það, að stjórnarráðið ákveður að vísu, hvað háa upphæð eigi að borga, en sveita- og bæjastjórnirnar gera till. um það, og það er eitt af þeim atriðum, sem eðlilegt er að héruðin fái að ráða. Ég tel einmitt, að þetta eigi að vera eitt af sjálfsstjórnarmálum hvers héraðs. Úrskurðir stjórnarráðsins eru því í raun og veru ekki annað en form. Og mér er ekki kunnugt um, að neinar umkvartanir hafi komið fram um það efni.

Þá nefndi hv. 2. þm. Reykv. nokkur mál, sem ekki geta talizt mál jafnaðarmanna frekar en annara flokka. Svo var t. d. um innlimun Skildinganess í Reykjavík. Ég fyrir mitt leyti álít sjálfsagt, að það mál nái fram að ganga.

Þá nefndi hv. þm. alþýðutryggingarnar. Það mál er nú verið að rannsaka og undirbúa löggjöf um það efni. Árni Björnsson er nú að vinna að því.

Þá talaði hv. þm. loks um það, að kjördagur hefði verið færður frá hausti til vors, til óhagnaðar fyrir alþýðuflokkinn. Þetta er nú verið að leiðrétta á þann hátt að hafa tvo kjördaga. Ég vil þó minna á það, að þessar aðfinnslur eru ekki að öllu leyti í samræmi við skoðanir jafnaðarmanna, þótt fulltrúar þeirra hér á þingi væru færslunni mótfallnir. Einn þeirra merkilegasti, skarpvitrasti og pennafærasti maður, fyrrverandi ritstjóri Skutuls á Ísafirði, séra Guðmundur Guðmundsson, hefir haldið því fram, að það væri til hagsmuna fyrir verkamenn að hafa kjördaginn 1. júlí. Það má því um þennan hv. þm. segja hið fornkveðna, að „ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka".

Pétur Ottesen: Ég sakna nú að vísu tveggja hv. dm., sem ég vildi gjarna tala við. En ég þarf líka að tala við hæstv. ráðh., og þeir eru staddir hér. Það er þá rétt að byrja á höfðinu.

Þegar hæstv. forsrh. fór að svara mér fyrir ræðu mína í fyrrakvöld, þá dró hann fram eitthvað tíu dæmi, vitanlega af miklu fleiri dæmum, þar sem ég hafði

sannað, að hann hefði breytt gegn fyrri skoðun sinni. Breytni hans síðan hann varð ráðh. hefir yfirleitt verið gagnstæð orðum hans sem ritstjóra Tímans og þm. Str. á undanförnum þingum. Ég veit ekki, hvers vegna hann valdi töluna tíu. Það er, eins og kunnugt er, boðorðatalan. Mér er ekki kunnugt um, hvernig honum hefir gengið að halda þau. Hitt er víst, að þessi 10 boðorð sín hefir hann brotið öll saman. Það, sem hann færði til málsbóta fyrir snúningi sínum, var vitanlega bara viðbótarsönnun fyrir því, sem ég hafði haldið fram. Ég hafði gleymt einu, sem hann minnti á. Hann hafði borið fram frv. um að fækka dýralæknum. Það er víst eina sparnaðartilraunin. (**Forsrh.**: Ein af mörgum). Nei, það var víst aðeins sú eina, eins og hann talaði þó um embættafjöldann. Og jafnframt því taldi hann sig alltaf vin bændanna, svo að það er dálítið undarlegt, að hann skyldi bera þarna fyrst niður, þar sem þessir læknar, sem eiga að vernda bústofn bænda, eru ekki svo margir.

Hann sagði, að búið hefði verið að veita fræðslumálastjórastöðuna áður en hann varð ráðh. Á þinginu 1925 bar hann fram þál. um að veita ekki þetta embætti nýjum manni fyrr en þingið hefði athugað, hvort ekki væri hægt að sameina það öðru. Og á þinginu 1927, þegar sama mál var til umr., þá greiddi hæstv. forsrh. atkv. á móti, að viðhöfðu nafnakalli. Það voru ekki liðin nema tvö ár á milli.

Hæstv. ráðh. gat ekki hrakið það, að stj. hefði þyngt mikið skattana og væri á ferðinni með frv., sem þyngdu þá enn meira.

Hann sagði, að útvarpsstjóri hefði ekki ákveðin laun. Hverjir hafa þá ákveðin laun? Vill hæstv. ráðh. ekki svara strax? Nú, ég sé, að hann vill láta það bíða. Vitanlega á hann að ákveða þessi laun samkv. l. um útvarp. Þar stendur svo: „Útvarpsstjóri skal skipaður af atvmrh. samkvæmt tillögum útvarpsráðs og símastjóra". Hann talaði um, að tölur lægju fyrir því, hver laun þessa manns ættu að vera. Það var fengin n. manna til að undirbúa útvarpslögin fyrir þingið og í grg. hennar er gert ráð fyrir 7500 kr. launum. En þetta er aðeins hennar till. og ekki í frumvarpsformi. En nú er hæstv. ráðh. búinn að ákveða launin 9300 kr. með 40% dýrtíðaruppbót. Hann á ekki hægt með að vísa frá sér, að hann hafi ákveðið þessi laun.

Í sambandi við verðfestingu peninga sagði hæstv. forsrh., að hann væri ekki almáttugur. Ég hygg, að menn hafi ekki yfirleitt rekið upp stór augu við þá skýringu. Ég vil benda honum á, að á undanförnum þingum hefir verið boðin útrétt hönd til hjálpar við að ákveða verðfestingu peninganna. En alvaran hjá honum og flokki hans var ekki svo mikil, að hann fengist til að taka í þessa útréttu hönd. Það skyldi maður þó ekki hafa haldið eftir allan gauraganginn á þingunum 1926 og 1927, þegar vindurinn ætlaði að sprengja hann út af þessu máli. En stundum þarf ekki nema litla títuprjónsstungu til þess að hleypa vindinum út.

Þó að hæstv. forsrh. viki að mér út af vínverzluninni, ætla ég að geyma hana, þangað til ég fer að tala við hæstv. dómsmrh.

Þá er uppbót símaverkfræðings árin 1925—1927. Í gildandi lögum eru ákvæði um það, að þegar undirmaður verður að vinna eitthvert starf fyrir yfirmann sinn, þá er hann skyldugur til að gera það án aukaborgunar.

Það má ekki undir neinum kringumstæðum halda áfram á þessari hættulegu braut, sem hæstv. ráðh. hafa gengið inn á.

Um enska lánið og tryggingar þess sagði hæstv. forsrh., að hann treysti ekki núv. fulltrúa ríkisins, bankaeftirlitsmanninum, að athuga þær. (**Forsrh.**: Ekki einum). Ég fyrir mitt leyti álít, að stj. hefði verið alveg óhætt að fulltreysta honum einum til þess. En þar kemur náttúrlega fram skoðanamunur hjá mér og hæstv. ráðh.

Ég vil bera fram örlitla fyrirspurn til hæstv. forsrh. út af þýðingu á erlendum lögum, hvort það er rétt, að þessi þýðing, sem búið er að greiða 1000 kr. fyrir, hafi reynzt svo léleg, að ekki hafi verið hægt að notast við hana, heldur hafi orðið að taka verkið upp að nýju. Ég er ekki með neinar fullyrðingar um þetta, en ef einhver fótur er fyrir því, þá væri það ný sönnun fyrir því, að stj. ætti ekki að taka framhjá sínum löggilta skjalaþýðara í stjórnarráðinu, þegar um slík störf er að ræða.

Þá ætlaði ég aðeins að minnast á þau svör, sem hæstv. forsrh. gaf mér við fyrirspurn minni um tekjur af eftirliti með verksmiðjum og bifreiðum. Hann sagði, að borgun fyrir þetta ætti að renna í ríkissjóð og koma sem sérstakur tekjuliður í fjárl. í framtíðinni. En ég vil benda honum á það, að eftir reglugerð um borgun fyrir eftirlitsstörf við bifreiðar, eiga allar tekjur, sem inn koma fyrir þau, að renna til eftirlitsmannanna sjálfra, hversu miklar sem þær eru. Ef það er meiningin, að þetta gjald renni til ríkisins, og þessir menn fái ákveðna borgun fyrir starf sitt úr ríkissjóði, eins og aðrir starfsmenn þess opinbera, held ég, að vissara væri að athuga reglugerðina, því að eftir henni á allt skoðunargjaldið að renna til þessara manna.

Þegar hæstv. forsrh. fór að tala um n., var helzt á honum að heyra, að það væri eitt af afreksverkum hæstv. núv. stj., hve hún hefir skipað margar n.. Það sýndi áhuga stj., dugnað hennar og framfarahug, o. s. frv. Í sambandi við þetta talaði hæstv. ráðh. um það, hversu miklu starfsamari núv. stj. væri en fyrv. stj.

Það er nú svo um hvert mál sem á það er litið. Það er ekki hægt að búast við því, að hæstv. stj. sé starfsöm um undirbúning mála fyrir Alþingi, af þeirri einföldu ástæðu, að hún er gersamlega óstarfhæf á því sviði, enda sér það á í hinum aukna kostnaði við n. til undirbúnings stjfrv., auk þess sem stórfé hefir verið greitt til einstakra manna fyrir að undirbúa ýms mál, sem stj. hefir lagt fyrir þingið. Eru þess jafnvel dæmi, að hæstv. stj. hafi látið einstaka menn undirbúa mál, sem n. hafði áður haft til meðferðar, og mætti af því draga þá ályktun, að n. væri ekki allar skipaðar í þeim tilgangi að undirbúa mál fyrir þingið, heldur lægi þar annað á bak við. Það sýnir ljóslega háttsemi hæstv. stj. í þessu efni, að nýlega hefir hún látið semja reglugerð um mjög ómerkilegt atriði og sent Alþingi sem trúnaðarmál. Skal ég því ekki skýra frá því, hvaða atriði þetta er, en þessi reglugerð er 7 stuttar gr. auk aths. Fyrir samning hennar hafa verið greiddar 700 kr. til tengdaföður hæstv. forsrh.

Hæstv. ráðh. talaði um þann svip, sem væri á eldhúsdeginum nú, samanborið við það, sem áður hefði verið. En hvaða svipur kemur fram á eldhúsdegi? Það er svipurinn af stjórnarfarinu í landinu eins og það er á hverjum tíma.

Þá kem ég loks að því, sem hæstv. forsrh. hóf ræðu sína á, og var það, að mér léti að tala um smælkið, þ. e. smáupphæðirnar. Og hæstv. ráðh. bætti því við, að ég færi mjög vel með þetta. En það kom fram í gær, að þeir eru ekki sammála um þetta atriði, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., því að þá var hæstv. fjmrh. að bera sig upp undan því, að ég seildist lengra en til smáupphæðanna, þar sem ég hefði verið að tala um fjárveitingar til hafnargerðanna og fjárstuðning til hinna ýmsu héraða, til þess að þau mættu koma sér upp raforkuveitum. Það hefir stundum komið fyrir áður, að hæstv. ráðh. hafa ekki verið sammála, og hefi ég ekki nema gaman af því að láta þá stangast út af þessu, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.

Það er alkunna, að hæstv. stj. er ekki við annað verra en að minnzt sé á bitlingana, þessar smáupphæðir, sem stj. í mikilleik sínum er hátt hafin yfir að drepa á, en þegar þetta er gert, er eins og komið sé við hjartað í hæstv. stj. Af hverju? Af því að almenningur út um land lítur bitlingafarganið með fyrirlitningu. Menn líta það allt annað en hýru auga, að stj. skuli ausa út fé í fullkomnu heimildarleysi á þennan hátt. Það er illt, að Alþingi geri þetta, en ennþá óviðkunnanlegra, að hæstv. stj. skuli gera það, því að þá bætist það við, að þetta er gert í algerðu heimildarleysi. Því verður ekki neitað, að eins og bitlingafarganið er rekið nú, er það hreinasta spilling. Hefi ég á undanförnum þingum, þegar ég hefi drepið á þetta, lesið upp lista yfir aukaborganir til ýmissa manna í stjórnarráðinu, sem hæstv. stj. hefir lagt blessun sína yfir, en sá er munurinn á þessu og öðrum bitlingum, að þetta er látið koma fram sem viðbótarborgun við laun þessara manna, fyrir starf sitt á stjórnarráðsskrifstofunum.

Ég hefi áður bent á það, að hæstv. stj. og ýmsir stuðningsmenn hennar hafa gripið til þess ráðs í sambandi við það, að ég hefi ráðizt á bitlingafarganið, að lýsa slíkt markleysu, með því að ég væri svo mikil smásál, að ég sæi ekki annað

en smáupphæðirnar. Ég hefi áður drepið á það, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta í gær, en ég vil segja hæstv. forsrh. og stuðningsmönnum hans það, að það vígi, sem hæstv. ráðh. er að reyna að gera sér til varnar bitlingunum með því að lýsa mig smásál, mun reynast honum ónothæft. Loks vil ég benda hæstv. forsrh. á það, áður en ég hverf frá þessu, að smáupphæðirnar, sem hann svo kallar, eru honum ekki eins mikil hneykslunarhella og hann lætur, þegar hann getur innbyrt þær sjálfur. Hæstv. forsrh. er hálaunaður maður. (**Dómsmrh.**: Síðan Claessen er úr sögunni). Ég skal koma inn á það síðar, en ég held, að ég megi segja, að það, sem hæstv. forsrh. fær greitt af opinberu fé, sé komið yfir 30 þús. kr. Sé reglum ríkisgjaldn. fylgt, ætla ég, að það muni vera í kringum 36 þús. kr. Þó hefir hæstv. ráðh. ekki flökrað við að taka 1600 kr. fyrir að vera form. bankaráðs Íslandsbanka, og eftir því, sem sagt er, hefir hann ekki gert þar annað en að hirða launin. Þá hefir hæstv. forsrh. ekki heldur flökrað við því að taka 900 kr. fyrir að sitja í gengisnefndinni, þó að starf hans í þeirri n. sé ekki fólgið í öðru en að hirða launin. En ég skal ekki fara frekar út í þetta. Mér þykir hæfilegt að skilja við hæstv. forsrh., þar sem við erum staddir — við tilhugsunina um þessar smáupphæðir, sem hann hefir gert sér að góðu.

Þá skal ég víkja að hæstv. dómsmrh. Þarf ég ekki að svara honum miklu, af því hann drap á fátt eitt í minni ræðu, og auk þess hefir nokkrum þessum atriðum, sem hann drap á, þegar verið svarað af öðrum.

Hæstv. ráðh. talaði langt mál um vínverzlunina og lýsti yfir því með mörgum fögrum orðum, að þar væri allt í fullum gangi, umsetningin yxi með hverjum deginum, sem liði, eða með öðrum orðum, að drykkjuskapurinn í landinu færi hríðvaxandi. Virtist mér sem hæstv. ráðh. hefði sérstaka ánægju af því að skýra frá þessu, en ég verð að játa það, að mér er það ekki ánægjuefni að sama skapi. Þó get ég verið sammála hæstv. dómsmrh. um það, að um vinning sé að ræða, að svo miklu leyti, sem hin aukna sala Spánarvínanna stafar af minni smyglun, þó að ég hinsvegar búist ekki við því, að hæstv. dómsmrh. hafi nein tök á að fylgjast með í þessu efni. En það eru aðrar orsakir fyrir þessum aukna drykkjuskap í landinu, og skal ég víkja nokkrum orðum að þeim.

Fyrst og fremst er það nú sú algilda regla, að þegar vel árar, er notað meira af nautnavöru en ella. Í öðru lagi mun blöndunarstarfsemi stj. hafa komið mörgum á spenann, hvort sem sá speni heldur áfram að mjólka eða ekki. Hæstv. forsrh. gaf það að vísu í skyn, að blönduninni yrði hætt, en mér virðist nú sem fæst bendi í þá átt. Í þriðja laga skrifaði hæstv. dómsmrh. grein í blað sitt, skömmu eftir stjórnarskiptin og skömmu eftir að bann hafði verið lagt við áfengisauglýsingum, þar sem hann hvatti menn lögeggjan til þess að drekka Spánarvínin eins og kaffi, en kaffið er þjóðardrykkur okkar Íslendinga, eins og kunnugt er. Og hæstv. ráðh. lagði alveg sérstaka áherzlu á það, að vín væri haft um hönd í veizlum, vegna þess að við Íslendingar værum ekki samkvæmishæfir, nema „undir áhrifum“. Nú er hæstv. ráðh. viðurkenndur sem afburða agitator, og er því ekki gott að segja, hvað þessi hvatning hans á mikinn þátt í hinum aukna drykkjuskap, en eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hefir sjálfur gefið um útþenslu áfengisverzlunarinnar, býst ég við, að hann líti sjálfur svo á, að þetta hafi haft sín verulegu áhrif.

Fjórðu ástæðuna til hins aukna drykkjuskapar í landinu má rekja til þeirra sterku samtaka, sem hæstv. stj. hefir bundizt í, til þess að hnekkja bindindisstarfseminni. Hæstv. stj. hefir alltaf setið á svikráðum við stórstúkuna um styrkinn til bindindisstarfseminnar. Í hvert skipti, sem hæstv. stj. hefir búið til fjárlagafrv. sitt, hefir hún lækkað þennan lið, og það er vitanlegt, að vegna áhrifa stj. í þessa átt, er styrkurinn nú lægri en undanfarin ár, og er þó augljóst mál, að eftir því sem drykkjuskapurinn eykst, er meira verk að vinna á þessu sviði.

Allt það, sem ég nú hefi nefnt, á sinn verulega og mikla þátt í því, hvað drykkjuskapurinn og sala Spánarvínanna hefir aukizt hér á landi. Það er því

undarlegt og með endemum, þegar þessir menn eru að brigzla öðrum um það, að þeir séu að stuðla að auknum drykkjuskap. Það er hámark hræsninnar, þegar slíkir menn telja sig stuðningsmenn og jafnvel verndarvætti bindindisstarfseminnar í landinu.

Ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að æðsti maður Góðtemplarareglunnar hér á landi hefði verið að þakka honum fyrir eitthvað, sem hann hafði átt að gera í þágu bindindisstarfseminnar, hefir þessi maður ekki vitað, hvað hann var að gera. (**Dómsmrh.**: Á hann samt að fá styrk?). Styrkurinn er ekki veittur neinum sérstökum manni, hvorki þessum né öðrum, heldur er hann veittur með það fyrir augum að styðja stórstúkuna í bindindisstarfsemi sinni. Hins vegar hefir það verið svo undanfarið, að stj. hefir miðað till. sínar um þennan styrk við það, hvaða stjórnmálaskoðanir þeir menn hafa haft, sem hafa verið fyrir stúkunni. Ætti það því ekki að fæla stj. í þessu efni, að sagt er, að þessi maður hafi nýlega skrifið undir verndarvæng hennar. (**Dómsmrh.**: Þetta sýnir, hvað stj. er óhlutdræg). Já, eða þá hitt, að þessi maður hafi ekki flúið á náðir stj., fyrr en eftir að hún hafði gert till. sínar.

Hæstv. dómsmrh. talaði mikið um það, hversu kostnaðurinn við vínverzlunina hefði minnkað mikið, síðan núv. forstj. tók við. Það liggja nú engin gögn fyrir um þetta frá síðasta ári, en mér er sagt, að hv. 1. þm. Skagf. hafi upplýst það, að síðara hluta ársins 1928, þegar hæstv. dómsmrh. var tekinn við stj., hafi rekstrarkostnaður vínverzlunarinnar hækkað að minnsta kosti um 10 þús. kr., frá því sem var fyrra hluta þess árs undir stj. fyrirrennara hans.

Hæstv. dómsmrh. lét þau orð falla í gær, að það væru einungis menn úr sjálfstæðisflokknum, sem drykkju þessi Spánarvín. Ætli hæstv. ráðh. geti þá ekki gefið neinar upplýsingar um það, hvað hinir drekka?

Það er rétt, að ég drepi á það, þó að það komi eldhúsdeginum ekki beint við, að hæstv. dómsmrh. verður mjög tíðrætt um Jón sál. Magnússon, og sérstaklega í sambandi við eitt mál. Það var ekki nóg með það, að hæstv. ráðh. skammaði Jón sál. Magnússon látlaust í lifanda lífi, heldur var hann ekki fyrr dáinn en hæstv. ráðh. lagðist á náinn, og síðan hefir hann alltaf haldið áfram að naga og naga. Og ég verð að bæta því við, að sú grein, sem hæstv. forsrh. skrifaði um Jón Magnússon látinn, verður honum til skammar lífs og liðnum.

Hæstv. dómsmrh. er alltaf að tala um laun Eggerts Claessens, sem hann segir, að Jón sál. Magnússon hafi ákveðið 40 þús. kr. Sannleikurinn mun nú vera sá, að Jón sál. Magnússon ákvað þau helmingi lægri en hæstv. dómsmrh. vill vera láta. (**Dómsmrh.**: Fékk Claessen þá bara 20 þús. kr.?). Nei, hann fékk 40 þús. kr., með því að honum var ákveðin 100% dýrtíðaruppbót, en það var verk bankaráðsins, en ekki Jóns sál. Magnússonar eins. En það er ekki vandfarið með látna menn, og hægt að segja, að þeir hafi gert hitt og þetta, sem þeir hafa ekki nærri komið.

Þá fór hæstv. dómsmrh., að gefnu tilefni frá mér, að draga upp mynd af manni þeim, sem gengur undir nafninu „yfirfræðslumálastjórinn“. Lýsti hann lyndiseinkennum þessa manns eins og hann væri stefnufestan sjálf, eða öllu heldur það gagnstæða. Hann hefði verið í öllum stjórnmálaflokkum, en væri, eins og stendur, í Framsóknarflokknum, og þarf þá svo sem ekki að fara í grafgötur eftir því, af hverju hann hefir fundið náð fyrir augum hæstv. stj. Hins vegar lýsti hæstv. dómsmrh. yfir því, að hann væri ekki viss um, að þessi maður yrði eilífur augnakarl í Framsóknarflokknum, og að jafnóvíst væri, hvort hann héldi því embætti, sem hann nú hefir, áfram. Hann á sem sé að fá reisupassa, þegar hann skiptir næst um stjórnmálaskoðun. Það er ekki gott að segja hvar hann lendir eftir þeirri fortíð, sem hæstv. ráðh. hefir lýst.

Hæstv. dómsmrh. fór að tala um það, hvaða erindi Gísli Guðmundsson hefði átt til útlanda, og sagði, að hann hefði farið til að kynna sér kvikmyndir og kvikmyndalöggjöf erlendis.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú á tveimur undanförnum þingum flutt frv. um þetta mál, og sagt þá, að hann styddist við erlendar fyrirmyndir, og nú hefir hann í þriðja sinn komið með þetta sama frv.,

að frv., sem er nálega samhljóða, en í grg. þess er getið um það, að Gísli Guðmundsson hafi farið utan til að kynna sér þessi mál, en för hans virðist hafa borið lítinn árangur, enda skyldu menn ætla, að ekki þyrfti að senda menn til útlanda til að kynnast erlendri löggjöf. Það má gera hér heima án nokkurrar utanferðar.

Hæstv. ráðh. varð nú heldur en ekki stúrinn, þegar ég minntist á bifreiðarnar og landhelgissjóðinn. Hann reyndi að vísu að malda í móinn, en gat þó ekki annað en viðurkennt það, sem ég hafði sagt, og bætti því svo við, að þetta myndi ekki fara batnandi. Nei, við því gat enginn búizt, því að það batnar nú víst fátt hjá þessari stj., þótt það geti varla versnað. En í þessu sambandi vil ég drepa á það, að svo mikið hefir kveðið að misnotkun þessara stjórnarbíla, að menn sem fara austur að Laugarvatni eru farnir að auglýsa það í blöðunum, að þeir hafi ekki farið í stjórnarbílunum.

Hæstv. dómsmrh. setur dreyrrauðan, en svona er þetta nú samt, og þjóðin er búinn að fá megnustu andstyggð á þessu háttalagi.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann og húsameistari ríkisins myndu á sumri komanda fara í bílum þessum upp í Borgarfjörð, en ég fæ nú ekki skilið, að hann hafi ekki mörgu öðru þarfara að sinna, því að mér vitanlega er hann enginn húsameistari, og jafnvel enginn meistari yfirleitt.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um það, að landhelgisgæzlan hefði batnað, og vildi þakka sér og sínum flokki það, en hæstv. ráðh. misskilur þetta raunalega. Ég get gefið honum þær upplýsingar, að annað varðskipið var keypt af fyrrv. stj., en hv. þm. Snæf. bar fram hér á Alþingi till. um kaup á hinu, og var það samþ., og þá fæ ég ekki séð, að það sé mikið núv. stj. að þakka, þótt landhelgisgæzlan hafi skánað, því að það liggur í því einu, að skipin eru fleiri en þau voru áður.

Hinsvegar vantar mikið á, að gæzlan sé eins fullkomin og hún gæti verið, en það liggur í því, að hæstv. stj. hefir látið sér sæma að misnota skipin herfilega í allskonar snattferðir, og það hefir orðið ríkinu til stórtjóns. Það er þetta, sem hæstv. ráðh. verður að gera sér ljóst, að það er kominn tími til að hætta þessu háttalagi, því að það er með öllu ósæmilegt að halda lengur áfram á þessari braut. Hæstv. ráðh. verður að hætta því, og hann getur ekki afsakað sig með því að skipin hafi verið að flytja veika menn eða að draga bála, því að í fæstum tilfellum hefir þetta verið þannig, heldur hefir ráðh. lánað gæðingum sínum skipin til að skreppa á heim til sín eða að heiman.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri helber slúðursaga, að Ægir hefði skotið niður strompinn í Firði, og virðist mér þó, að hæstv. ráðh. ætti ekki að tala mikið um slúðursögur, því að þá heggur hann nú nokkuð nærri sjálfum sér. Hinsvegar undrar mig á því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að halda því fram, að engar ákvarðanir hafi verið teknar viðvíkjandi strompinum á æðri stöðum, því að vitanlega hefir skipstjórinn á Ægi ekki verið að leika sér að því að þjóta austur fyrir land til að skjóta á strompinn, eða gert það upp á sitt eindæmi. Nei, það er engin hætta á því, að skipstjórinn á Ægi hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að fella strompinn með því að skjóta á hann og bregða um hann böndum, því að vitanlega er verkið unnið til þess að bóndinn í Firði hafi af þessu nokkra þénustu, með því að selja múrsteinana, sem annars hefðu ekki komið honum að nokkrum notum.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um það, að lögin gengju nú jafnt yfir alla, og í því sambandi verð ég að segja það, að þetta eru dylgjur, sem eru aðeins samboðnar honum og hv. 2. þm. Reykv., en allir aðrir myndu blygðast sín fyrir slíkt þvaður.

Annars verð ég að geta þess, að ég átti ekki upptökin að því, að farið var að tala um skipin og skipstjórana, heldur var það hv. 1. þm. Reykv., sem vakti máls á því, og svarar hann væntanlega fyrir sig, en þó skal ég geta þess, að mér hefði þótt eðlilegra að þakka skipstjóranum á Ægi dugnað í starfi sínu með öðru en því, að hækka hann á annara kostnað.

Hæstv. dómsmrh. minntist svo á frv., sem lézt hér í Nd. fyrir nokkru, en það fjallaði um eftirlit með loftskeytum, og taldi hann það mikinn skaða, að það hefði ekki náð fram að ganga. Ég vil nú nota tækifærið og benda honum á það, að allt,

sem unnizt hefði með frv. þessu, er þegar fengið í símalögunum, því að þar stendur, að stj. geti neitað að láta senda skeyti, ef hætta leiki á, að þeim sé misbeitt. Þar sem nú er grunur um, að botnvörpuskipin hafi misnotað loftskeytatæki sín, þá vil ég beinlínis átelja hæstv. stj. fyrir að hafa ekki notað heimildina. Mér er landhelgisgæzlan fullkomið áhugamál, því að ég hefi skilning á því, hve mikilsverð hún er, og því hefi ég átalið hæstv. stj. fyrir að nota skipin til starfa, sem beinlínis brjóta í bága við aðalstarf þeirra.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. Hann gerði tilraun til að réttlæta það, hve miklu fé hefði verið sóað til beinaverksmiðjunnar umfram það, sem heimild var til, og gat þess, að oftast væri nauðsynlegt að veita þessa styrki, en vitanlega segja allir þeir, sem um styrki sækja, að það sé til mestu nauðsynja. Hæstv. fjmrh. sagði annað, sem var næsta eftirtektarvert, þegar hann reyndi að verja þessar gerðir sínar. Hann fullyrti, að Nd. gæti ekki áfellt stj. fyrir þessar styrkveitingar, þar sem hún sjálf tæki svona marga persónustyrki upp á fjárl., en þar hefir hæstv. fjmrh. auðsjáanlega misst sjónir af því, að það er Alþingi, sem hefir fjárveitingavaldið, en ekki stj. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að athuga þetta mál, því að vanalega er hann gætinn í ræðum sínum, en þetta virðist vera orðinn nokkuð rótgróinn misskilningur hjá honum, sem jafnvel hv. fjvn. tók eftir, og lét frsm. sinn gefa honum réttmætar ákúrur fyrir. Ég vil vona, að þetta hafi ekki farið fram hjá honum, því að svo rækilega brýndi hv. frsm. það fyrir honum, að hann ætti að vera sparsamur, að maður skyldi ætla, að það bæri einhvern árangur.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að ég hefði greitt atkv. með og staðið að ýmsum persónustyrkjum, en ég vil benda honum á það, að ég bar ekki fram einn einasta, svo að þar með er sú ásökun hans úr sögunni. (**Dómsmrh.**: Var ekki einn launkrakki?). Það má vel vera, að hæstv. dómsmrh. hafi átt einhverja launkrakka, en ég átti engan.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég væri ekki eins gætinn í fjármálunum og ég hefði áður verið, og því til sönnunar nefndi hann, að ég hefði verið með hafnarfrv. og raflýsingu sveita. Hæstv. ráðh. þýðir ekki að koma með slík dæmi, því að hann ætti að vita það eins vel og aðrir, að þetta er ekki komið í fjárl., og verður ekki sett á þau fyrr en ríkissjóði er fært að leggja fé fram, en það verður metið á hverjum tíma, svo að hæstv. ráðh. getur ekki ásakað mig fyrir neina óvarkárni í þeim sökum.

Ég man líka ekki betur, en að hæstv. stj. flytti í fyrra frv. um hafnarmannvirki, þar sem gert var ráð fyrir miklu hærra framlagi; en þótt ég geti ekki verið slíkri sóun samþykkur, álít ég þó, að eitthvað beri að gera til að hrinda þeim málum í framkvæmd.

Hvað rafveitumálunum viðvíkur, þá er það að segja, að menn geta ekki lengur haft lokuð augu fyrir því, hvílík nauðsyn er á að styrkur verði veittur til rafveitugerða í sveitum, og það var leikur einn að ganga fullforsvaranlega frá fjárl. þótt þetta hefði verið samþ. Hæstv. ráðh. minntist hinsvegar ekki á það, að ég og flokksbræður mínir bárum fram lækkunartill. á ýmsum útgjöldum. Þessi lækkun var að vísu ekki mikil, en þó svo mikil, að hún náði ekki fram að ganga. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að hann þarf engan kvíðboga að bera út af mínu hugarfari, því að ég er sami gætni fjármálamaðurinn og ég áður var.

Þá endaði hæstv. fjmrh. ræðu sína á dálítið einkennilegan og óvenjulegan hátt, sem ég hefi ekki orðið var við fyrr hér á þingi. Hann fór að krefja mig um skuld, en svo er mál með vexti, að Innri-Akraneshreppur fékk lán hjá ríkinu á krepputímunum eftir stríðið, og það fengu líka ýmsir aðrir hreppar. Þetta hefir hinsvegar aldrei verið neitt óskilalán, enda vextir greiddir á réttum tíma, en nú um tíma hefir verið heimilað að gefa hreppnum eftir vexti og afborganir af þessu láni. Áður stóð hreppurinn alltaf í skilum, og ef hæstv. ráðh. vill ekki trúa mér, getur hann spurt skrifstofustjóra sinn til frekara öryggis. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann ætli sér ekki að nota þá heimild, sem hann hefir til eftirgjafarinnar, því að ef hann hyggst að innheimta lán þetta, get ég bent honum á

það, að hann á ekki að snúa sér til mín, þótt ég sé hreppstjóri þar, heldur til hreppsnefndarinnar.

Hinsvegar get ég ekki neitað því, að þetta er virðingarverður áhugi, sem lýsir sér hjá hæstv. fjmrh., þegar hann fer að rukka frá ráðherrastól, og hlýt ég að vona, að hann sé ávallt svona röggsamur við innheimtuna.

Þá held ég, að ég hafi ekki fleira að svara hæstv. ráðh. í bili, en ætla þá að snúa mér að hv. 2. þm. Reykv. Hann var að tala um það, að nú væri hann búinn að fá sönnunina bókaða fyrir því, að hann hefði ekki farið með rangt mál, er hann fullyrti, að varðskipið Óðinn hefði séð togara sigla úr landhelgi, án þess að skipta sér af. Hv. þm. hefir hinsvegar enga sönnun fengið fyrir þessu, ef hann hefir ekki annað að halda sér við en það, sem nýlega hefir birzt í Alþýðublaðinu um þetta mál, og sönnunarskyldan hvílir enn á honum viðvíkjandi því, sem hann bar fram hér á þingi 1928.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um það, sem ég hafði sagt viðvíkjandi kirkjumálan., og viðurkenndi þau orð, sem ég hafði sagt. Hv. þm. fór líka að tala um nafnið á Sjálfstæðisfl., og fetaði slóð hv. 2. þm. Árn., en það hefði ég nú haldið, að væri ekki geðslegt, svo að ég segi ekki meira.

Nú fengum við að heyra, af hverju sócialistar, ásamt hæstv. stj. og broti af Framsókn, þora ekki að nefna Sjálfstæðisflokkinn réttu nafni. Það er af því, að þeir halda, að það sé móðgun við Dani. Það gengur oft svona, þegar verið er að ráða gátur, að lausnin liggur svona ákaflega nærri, og í þessu tilfelli er hún líka í fullu samræmi við annað það, sem menn hafa átt að venjast úr þessari átt.

Ég greip framm í fyrir hv. 2. þm. Árn. í gær, þegar hann var að tala, og gerði það nú satt að segja á óhefluðu alþýðumáli. (MT: Jæja, þó það!). En ég fékk fljótt staðfestingu á því, sem ég var að segja. Það var alveg rétt, og hv. þm. reiddist afskaplega af því. En fornt og þrautreynt spakmæli segir, að sannleikanum verði hver sárreiðastur. En í þessari reiði, sem var svo mikil, að skallinn á hv. þm., sem annars er nú hvítur og gljáandi, varð alveg eins og eldhnöttur, þá varpaði hann til mín nokkrum orðum. En þar sem það er nú alkunnugt, að hv. þm. hefir verið mikið upp á kvenhöndina, að minnsta kosti á sínum þroskaárum, og það er nú einu sinni svo, að „lengi er eftir lag hjá þeim, sem listir kunnu til forna", þá hvarflaði nú hugur þm. ósjálfrátt í þá átt, enda sótti hann þangað þessa pillu, sem hann sendi mér. Hann líkti mér nefnilega við kerlingarnöldru, og að það væru komnir kerlingardrættir í andlitið á mér. Ég skal nú skjóta því hér inn í, áður en ég held lengra áfram, að það er langt frá því, að ég hafi nokkurntíma látið mér til hugar koma, að ég væri jafnmikill friðleiksmaður og hv. 2. þm. Árn. En til þess að veita þessu kerlingartali dálítið meiri áherzlu, þá sagði hv. þm., að kerlingar væru þær leiðinlegustu manneskjur, sem til væru. En þetta held ég hafi nú verið dálítið óvarlega mælt, og að það geti verið varasamt fyrir hann að láta þessi ummæli berast austur fyrir fjall, því að mér er sagt, að hann hagi orðum sínum allt öðruvísi þegar hann fyrir kosningar er að kyssa á klæðafald kerlinganna á Eyrarbakka og biðja þær að kjósa sig.

Hann hélt langa ræðu um sjálfstæðismálið og var með miklar heimspekilegar hugleiðingar um nafnið á Sjálfstæðisflokknum. Ég ætla nú ekkert að svara þessari sjálfstæðisræðu hv. þm., eða þessum heimspekihugleiðingum um nafnið á flokknum. Hv. þm. Dal. mun gera það, enda beindi hv. þm. máli sínu einkum til hans. En ég vil aðeins láta það ummælt, að þessi ræða hans er áreiðanlega sú vitlausasta sjálfstæðisræða, sem haldin hefir verið á Íslandi, og heimspeki hans áreiðanlega lakasta heimspeki, sem nokkurntíma hefir verið borin á borð í ræðu eða riti.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þegar hv. 1. þm. Skagf. hóf eldhúsdagsumr. hér um daginn, tók hann sér fyrir hendur að gefa skýrslu um skuldir ríkissjóðs. Þessi ræða hans og skýrsla er nú öll prentuð í Morgunblaðinu. Í skýrslunni greinir skuldir ríkissjóðs á árunum 1917 til 1929. Hvað öll þessi ár snertir, nema hið síðasta, þá hefir hv. þm. tölurnar upp úr landsreikningunum frá þessum árum, og eru þær sennilega rétt tilfærðar. En hvað ríkis-

skuldir ársins 1929 snertir, þá er mér ráðgáta, hvaðan hv. þm. koma þessar upplýsingar, því að ekki er enn búið að búa til landsreikninginn fyrir árið 1929. Hv. þm. hefir því auðsjáanlega skáldað síðasta liðinn í skýrslu sinni. Ég sýndi hv. þm. fram á það um daginn, að hann færi hér með rangt mál, en þrátt fyrir það lætur hann nú prenta ræðuna óleiðrétta og með þessum alröngu tölum í Morgunblaðinu. (MG: Átti ég að breyta ræðunni?). Já, það hefði verði fullkomin ástæða til þess, eftir að hv. þm. hafði komizt að raun um, að hann fór með rangt mál. Eða gerir hv. þm. það aldrei, að leiðrétta það, sem hann fer rangt með?

Þegar hv. þm. talaði áðan, vék hann mjög lítið að þessu, en reyndi með vafningum að komast hjá því að svara beint. En hv. þm. getur alls ekki með neinum vafningum eða krókum sloppið fram hjá þessu. Þetta er ákaflega einfalt mál. Útreikningur hv. þm. segir, að stj. hafi tekið 5½ millj. kr. lán á árinu, og svo bætir hann þessu við skuldir ríkisins í árslok 1928. Nú er þessu máli svo farið, sem reyndar hv. þm. veit vel sjálfur, að stj. tók ekkert 5½ millj. kr. lán á árinu. Hún fékk að vísu heimild til þess, og af henni notaði hún einungis 2½ millj. kr. Og af þessum 2½ millj. kr. gengu 2,1 millj. kr. til þess að borga skuld við Landsbankann, en sú skuld var þó talin á landsreikningunum í árslok 1928. Svo fór nokkur upphæð til þess að greiða ýmsar smærri skuldir ríkissjóðs.

Ég tók fram í þingbyrjun, þegar fjárl. voru lögð fram, að skuldir ríkisins hefðu lítið breytzt á árinu. Hv. 1. þm. Skagf. leyfir sér að segja þetta blátt áfram ósatt. Og síðan segir hv. þm., að ég sé reiður við sig út af því, að hann hafi sagt þetta. En ég er alls ekki reiður, því ég læt mig slíkt litlu skipta. En hv. þm. hefir alls ekki leyfi til að koma með falskar tölur, hvorki í þessu máli eða öðrum. Ég vissi, að hér voru staddir menn frá Morgunblaðinu um daginn, og ég veit það líka, að þeir hafa skilið, að hv. þm. fór með rangt mál. Ég vil samt ekki ásaka þá, heldur hv. þm. Og ég vil gefa honum það heilræði að leiðrétta þessi ósannindi í sama blaði, sem hann lét flytja þau. Það er ekki mín vegna, því mig skiptir þetta engu, og heldur ekki sannleikans vegna, því að hann mun koma fram um síðir. Það er blátt áfram hans sjálfs vegna. Því að hann má vita það, að þessar tölur munu ekki gleymast, og þessi vísvitandi falska skýrsla, sem hann hefir gefið, mun elta hann á þingmálafundum, hvert sem hann fer. Það er betra að svara strax, og leiðrétta þetta. (MG: Hvernig var með 9 milljónirnar 1927?).

Ég skal þá koma fyrst að enska láninu. Hv. þm. sagði, að ég hefði átt að færa það sem sjóð, það af því, sem ekki var notað. Þetta kemur nú ekki vel heim við það, sem hv. þm. gerði sjálfur, þegar hann tók enska lánið 1921. Íslenzka ríkið var skrifað fyrir því sem skuld og gaf út skuldabréf fyrir því, en þó var ekki fært á skuldalista nema það, sem ríkið tók til eigin nota. Þetta eru því með öllu óverjandi blekkingar af hálfu hv. þm. Því næst segir hv. þm., og sömuleiðis hv. 2. þm. G.-K., að eigi að taka 3 millj. kr. lán til Íslandsbanka, en hér er ekki um annað að ræða, en að ríkið tekur yfir á sig að greiða lán, sem það tók handa bankanum 1921, og bankinn hefir ekki getað staðið í skilum með, þegar hann lokaði. (MG: Á ekki að fara að opna hann aftur?). Nei, það á ekki að fara að opna Íslandsbanka. Það er annar banki, sem verður opnaður í hans stað. Það er annars undarlegt, að hv. þm., sem hefir verið fjmrh., skuli láta sér detta annað eins í hug og það, að ætla sér að fleyta sér út úr þessum ógöngum með vafningum um færslur á þessu láni. Sá er drengur, sem við gengur, og og hv. þm. ætti að kannast hreinskilnislega við, að hann hefir hallað réttu máli, en slíkir vafningar ganga næst lítilmennsku.

Um stofnfé Landsbankans er það að segja, að ég fór þar með öldungis rétt mál, eins og hv. þm. veit með sjálfum sér. Skuldabréfið er með 6% vöxtum, og er enn í gildi. Hv. þm. tók það ennfremur fram, að of lág upphæð væri ætluð til þess í fjárl að borga vexti og afborganir af lánum. Þetta má vel vera rétt, því að svo er komið, að ríkið verður að taka að sér lán, sem það átti ekki að greiða. En ekkert slíkt lá fyrir áður en Íslandsbanki lokaði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara

lengra út í þetta að sinni. Ég hefi drepið á flest, sem á milli okkar hv. 1. þm. Skagf. hefir farið, og máli skiptir. Ég skal ekki lengja umr. með því að fara að ræða við hv. þm. um spádóma hans um fjárhagsafkomu ársins 1930. Það segir sig nokkurnveginn sjálft, að það er ekki hægt að halda eldhúsdag um það, sem ekki er komið fram, og enginn veit, hvort kemur nokkru sinni fram.

Þá talaði hv. þm. um ósigur íhaldsmanna við kosningarnar 1927, og vildi kalla það sigur fyrir sinn flokk. Ég ætla nú ekki að fara að særa hv. þm. með því að taka frá honum þá gleði, sem hann kann að hafa af því að ímynda sér þetta. (MG: Þakka fyrir). Það er gott, að hv. þm. er glaður, og ég vil enganveginn verða til þess að trufla gleði hans. Við skulum bara báðir vera glaðir og segja að við höfum báðir sigrað. (MG: Hvorir höfðu fleiri atkv.?). Já, en það er eins og atkv. þeirra hafi ekki komið að fullu haldi, til þess að þeir gætu haldið völdunum, en það er þó aðalatriðið fyrir stjórnmálaflokkana, fremur en atkvæðatalan ein.

Hv. þm. Borgf. þarf ég litlu að svara. Hann vildi þvo hendur sínar af því, að hafa nokkru sinni átt þátt í ógætilegri meðferð ríkisfjár. Ég skal ekki neita því, að fram til ársins 1928 hefir hv. þm. ekki gengið á undan öðrum í ógætni á þessum sviðum, en síðustu 2 árin mun hann ekki vera alveg frí af því að eiga lausaleikskrakka, sem bitlingar mættu nefnast. (PO: Hverja?). Ég býst ekki við, að hv. þm. geti svarið fyrir þá launkróa, sem hann hefir átt með hv. fjvn. (MG: Þeir eru skilgetnir). Hv. þm. sagði, að hann og hans flokkur hefði flutt lækkunartill., sem námu 8 þús. kr., en ég vil þá minna hann á, að þeir fluttu líka hækkunartill., sem námu 11 þús. kr., og vega því fullkomlega upp á móti. Hv. þm. virðist hafa gleymt þessum till., en þær eru geymdar í þingskjölunum, og skal ég fúslega hjálpa þm. að finna þær, ef hann óskar þess.

Hv. þm. var að tala um, að ég hefði verið að reka innheimtustarfsemi fyrir ríkissjóð áðan, gagnvart hreppi hv. þm., og spurði hvort það væri ekki meiningin, að hreppurinn fengi linun um vaxtagreiðslur til ríkissjóðs af skuld sinni á þessu ári. Jú, vitanlega, enda hefi ég alls ekki verið að krefja hv. þm, um neina vexti. Það mun ekki vera ætlazt til þess, enda hefir hv. þm. lýst því yfir, að hreppurinn gæti alls ekki greitt neina vexti, og má vel vera, að það sé rétt, þó ótrúlegt sé, þar sem ekki er nema um 150 kr. að ræða.

Það hefir nú eyðzt allmikill tími í tilgangslaus ræðuhöld, og sé ég því ekki ástæðu til að tala lengra mál að sinni. Það eru ýms smáatriði, sem að mér snúa, og ég hefði þurft að svara, ef tími væri til, en með því að ég hefi svarað öllu því, sem máli skipti sérstaklega, þá get ég látið máli mínu lokið að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi verið þögull áhorfandi að þessum leik, sem hér hefir farið fram nú næstum í 5 daga, og ég hefi ekki viljað leggja neitt til málanna við þessar merku eldhúsdagsumr., því að ég hefi sannast að segja varla talið það ómaksins vert.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa strokkað rjómann frá Morgunblaðinu og Stormi, og strokkhljóðið hefir ávallt verið hið sama. Að vísu hafa tveir hv. þm. leitazt við að vera dálítið frumlegir. Þar á ég þið þá hv. þm. Vestm. og hv. þm. N.-Ísf., og með þeim mætti kannske telja hv. þm. Borgf., en þó gegnir nokkuð öðru máli með hann. Ég minnist þess ekki, að ég hafi heyrt umr. með líku móti og nú á nokkru öðru þingi, enda er það undravert úthald hjá hv. stjórnarandstæðingum að geta tönnlast á því sama og tuggið hver eftir öðrum sömu tugguna dag eftir dag.

Mér er spurn, hver sé eiginlega tilgangurinn með þessu, því að ég fæ ekki séð, að þetta hafi nokkra þýðingu. Það er auðvitað sjálfsagt að taka fullt tillit til þess, sem þeir hafa að segja, og svara þeim atriðum, sem þeir vilja fá upplýsingar um, og stj. hefir þegar gert hreint fyrir sínum dyrum, þannig, að nú ætti að vera mál til komið að hætta. Ég vona því, að jafnhégómlegar umr. og þessar verði látn-

ar hætta, svo að þær tefji ekki lengur framgang nauðsynlegra mála og lengi ekki þann tíma, sem þingið stendur yfir, svo mjög úr hófi fram.

Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þessar umr., né kasta sprekum á glóðina, til þess að þyrla upp meiri reyk, en þó verð ég að vikja nokkrum orðum að hv. þm. Borgf. Hæstv. forsrh. sagði um hann, að honum væri sérstaklega lagið að tína upp smælkið og gera sér mat úr því, og þau ummæli ætla ég sérstaklega að undirstrika, því að honum tekst vel að tína upp þau lambaspörð, sem engum öðrum hugkvæmist að snúa sér að. (PO: Strompurinn var nú nokkuð stór. — MJ: Þau eru stór, spörðin í Firði). Mér finnst það nokkuð vafasamt, hvort það borgar sig fyrir hv. þm. að vera að þessum sparðatíningi, t. d. eins og þegar hann fór tvisvar að tala um strompinn í Firði og sagði, að Ægir hefði verið sendur austur til að fella hann. Þetta er auðvitað haugalýgi, eins og það, að ég hafi beðið þá um að fella strompinn. Þetta er algerlega ósatt, enda var ekki einusinni einu rjúpuhagli eytt á strompinn. (ÓTh: Notuðu þeir baunir á Ægi, er þeir skutu á strompinn?). Ég vissi það raunar, að hv. þm. Borgf. er í ætt við hagyrðinga, en að hann væri sjálfur svona skáldmæltur, það datt mér aldrei í hug. Ég var búinn að skýra hv. þm. frá sögunni í einkasamtali, en verð nú að endurtaka hana, til þess að hann fari ekki í 3. sinn að rugla með hana. (PO: Var þá skotið á strompinn?).

Ægir hefir oft farið austur fyrir land og falið sig inni á víkum, til þess að grípa togarana glóðvolga, þegar þeir kæmu í landhelgina til að veiða, og í þetta sinn kom hann þarna inn í sömu erindum. Þessa merkilegu sögu hefir svo hv. þm. Borgf. tekið upp úr Speglinum, eins og Ísafold og Morgunblaðið, en þessi blekkingatilraun hv. þm. misheppnaðist, því að nú skal ég skýra frá, af hvaða ástæðum strompurinn var felldur. (PO: Á, var þá skotið á strompinn?). Skipsmennirnir á Ægi báðu um leyfi til að mega skjóta á strompinn til að æfa sig, og auðvitað leyfði ég þeim það. (PO: Nú fer það að verða dálítið sögulegt). Þegar þeir voru svo búnir að skjóta á strompinn og lama hann þannig, að skepnum, sem leituðu skjóls undir honum, gat verið hætta búin, þá skipaði ég þeim að fella hann með einhverju móti, og settu þeir þá bönd á hann og felldu hann þannig.

Þetta varð auðvitað matur fyrir hv. þm. Borgf., en þegar á að fara heyja eldhúsdag með slíku efni, þá held ég, að tími sé kominn til að láta af þeim störfum. Nú vildi ég segja hv. stjórnarandstæðingum það, svona í góðsemi allri, að þessar umr. þeirra auka ekki fylgi þeirra né álit, heldur öllu frekar hitt, og þeir verða því að finna betri leiðir til að spilla fyrir stj. Fjöldinn, sem hlýðir á, eða fær að heyra um þessar umr., hann er ekki svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að þetta er hégómamál, sem enga þýðingu hefir. Það er því heilræði mitt til þessara hv. þm., ef þeir hafa í hyggju að halda áfram umr., að þá verða þeir að finna eitthvað nýtt til að tala um, því að þetta mál verður ekki frekar skýrt. (ÓTh: Með öðrum orðum: það á ekki að skjóta á strompinn, heldur leggja bönd á hann). Vitanlega þarf ekki að skjóta á hann þegar hann er fallinn.

Það er eitt atriði í ræðu hv. þm. Vestm., sem ég vildi leiðrétta, því að ummæli hans voru byggð á misskilningi. Hv. þm. fór að tala um Síldareinkasöluna og fyrirkomulag hennar, en hæstv. fjmrh. hefir nú raunar svarað honum, svo ég hefi í rauninni ekki miklu við að bæta, en þar sem hann sagði, að síld af Austfjörðum væri ekki í miklu áliti og stæðist ekki síldina fyrir norðan og vestan, þá er því til að svara, að það fer allt eftir því, á hvaða tíma hún er veidd. En að einu leyti er austfirzk síld betri en síld, sem annarsstaðar er veidd, og það orsakast af því, að þar eru töluvert notaðar landnætur, en sú síld, sem í þær er veidd, þykir betri og útgengilegri. Ég get þessa til þess að leiðrétta þá villu, að ólík síld veiðist við strendur landsins, því að það er vitanlega heimska. Annars skal ég nú ekki tefja tímann öllu frekar. Ég gat þess í byrjun, að mér þætti þetta frekar ógeðslegt stagl, og þótt ýmsu sé ósvarað af því, sem flokksmenn mínir hafa fengið að heyra, ætla ég ekki að hlaupa í skarðið fyrir þá.

Haraldur Guðmundsson: Í aðalblaði stj. birtist á síðastliðnu vori dálítill greinarstúfur, sem var alleftirtektarverður, því að þar var kveðið svo að orði, að nú hefði Framsókn komið sínum aðaláhugamálum fram, og gæti því tekið því með rósemi, þótt Íhaldið tæki aftur við stj. í landinu. (**Forsrh.:** Hver sagði þetta?) Fyrv. ritstjóri Tímans. Og síðan hefir þetta aldrei verði borið til baka, hvorki af flokkstj. né ríkistj., og verður því að líta svo á, að þessi yfirlýsing hafi verið gefin fyrir hönd stj. og flokks.

Ég þarf ekki að fjölyrða um, hvað slík yfirlýsing sem þessi þýðir fyrir flokkinn. Greinilegri þrotabúsyfirlýsingu hefi ég aldrei séð. Þeir, sem minnast þessarar yfirlýsingar stjórnarbl., munu ekki undrast, þótt eldhúsumr. séu með nokkuð einkennilegum blæ. Þegar að völdum situr slík stjórn, sem á engin stefnumál, sem er búin með aðaláhugamálin, hljóta eldhúsumr. að verða með undarlegum hætti. Enda hafa þær umr., sem til þessa hafa farið fram, einungis verið karp um smámuni. Stj. hefir verið vítt fyrir að veita Páli, en ekki Pétri bankastjórastöðuna og Pálma, en ekki Jóni, rektorsembættið, o. s. frv. Hún hefir verið vítt fyrir að veita þessum, en ekki hinum, og fyrir að eyða 500 krónum í þetta, en eigi hitt. (**ÓTh:** Stj. er vítt fyrir það, að hafa verið ranglát, en ekki réttlát). Réttlæti og réttdæmi þessa hv. þm. orkar áreiðanlega engu síður tvímælis en hæstv. stj., að hvorumtveggjum ólofuðum.

Þetta karp um smámuni er eðlilegt. Þegar þrotin eru áhugamál stj. og stefnumálin búin, þá er ekki von, að umr. snúist um stefnur. Þá hljóta þær að snúast um smámunina. Það er því alveg eðlilegt, að hv. þm. Borgf. flytji margra tíma ræðu til þess að telja upp smástyrki til einstakra manna, laun fyrir nefndarstörf og þesshátta smælki. Um þessa hluti greinir Íhald og Framsókn á, um það, hver á að fá þessa bita. Um stefnumál ræddi hv. þm. ekki. Sennilega af því, að hann hefir ekki orðið var við slíkt í fari hæstv. stj. eða ráðabreytni hennar.

Það má segja, að hér á landi séu aðeins tveir flokkar, sem hafa stefnumál að berjast fyrir, það er Alþýðuflokkurinn; stefnuskrá hans hefir verið prentuð og er öllum landsmönnum fyrir löngu kunn orðin, og svo Íhaldið; það hefir sína stefnuskrá líka, en þar eð hún er ekki líkleg til þess að auka fylgi flokksins, er henni leynt. Stefnuskrá þess er í skemmstu máli sú, að hamla eðlilegri þróun, halda í sérréttindi yfirstéttarinnar, tryggja völd hennar í stjórnmálum og atvinnumálum.

Framsókn, sem er stjórnarflokkurinn, hefir aftur á móti engin stefnumál, eins og sjá má á blöðum þess flokks, þingstarfsemi og gerðum stj. Ég hefi undanfarið verið á allmörgum stjórnmálafundum víða um land. Og ég verð að segja það, að öllu ósmekklegri og óheilli framkomu hefi ég ekki séð en framkomu Íhaldsins og Framsóknar á þessum fundum. Báðir þessir flokkar hafa þar sífellt verið að reyna að veiða bændurna og lokka þá til fylgis við sig. Málsvarar þessara flokka hafa þar helzt líkzt ölvuðum mönnum á uppboðsþingi. Þeir hafa boðið í bændurna hver í kapp við annan, lofað þeim gulli og grænum skógum, ef þeir fylgdu þeirra flokk að málum. Þegar annar flokkurinn hefir komið og sagt: „Þetta veiti ég yður", þá hefir hinn óðara hlaupið til og sagt: „Þetta er ekkert á við það, sem ég hefi að bjóða". Síðan hafa báðir flokkarnir keppst við yfirborðið, keppst við að bjóða bændum sérstök fríðindi, án þess að um ólík stefnumál væri að ræða. Báðir flokkarnir vilja svo eftir á eigna sér allt, sem þeir segja að gert hafi verið fyrir bændurna, eins og t. d. jarðræktarlögin, kæliskip, íshússbyggingar og landnámssjóðinn.

Skemmtilegasta dæmið er þó, þegar þessir tveir flokkar rifust um áburðinn forðum.

Framsókn kom og sagði: „Sjáið þið, bændur góðir, nú ætlum við að flytja til ykkar áburð alla leið frá útlandinu fyrir ekki neitt. Kjósið mig!" En þá hleypur Íhaldið til og segir: „Við skulum gera meira. Við skulum flytja hann alla leið heim í hlað til ykkar fyrir ekkert. Það er nær að kjósa mig".

Þá kom Framsókn með Búnaðarbankann, en Íhaldið var ekki alveg af baki dottið, Það bauð bændum að sjá landinu fyrir rafmagni til ljósa, suðu og hita út um allar sveitir landsins. En auðvitað

gleymdi það að geta um, hvað rafmagnið myndi kosta. Og nú er á döfinni hér á þessu þingi styrkur til heyhlöðubygginga frá öðrum flokknum, og til kaupa og reksturs á skurðgröfum fyrir bændur frá hinum.

Báðir eiga þessir flokkar sammerkt í því að halda, að þeir geti lokkað bændur til fylgis við sig með því að lofa þeim styrkjum og fríðindum á kostnað annara stétta. Og alltaf eru boðin hækkuð, alltaf hugsað um það eitt, að bjóða yfir. Um hitt, þótt styrkurinn verði aðeins persónuleg hagsbót einstakra manna, er létti þeim líðandi stund, en eigi til gagnsemda fyrir landbúnaðinn í heild og fólkið, sem framvegis ræki hann, er ekkert hugsað.

Það liggur nú í hlutarins eðli, að ef sú lýsing, sem fyrrv. ritstjóri Tímans gaf í fyrravor af Framsóknarflokknum er rétt, að hann væri þegar búinn að koma aðaláhugamálum sínum fram, þá er það ekki að furða, þótt stj. sé reikul í ráði og hrekist fram og aftur milli hinna flokkanna, Alþýðuflokksins, sem vill halda fram, og Íhaldsflokksins, sem vill halda aftur á bak. Þá má líkja flokknum við skip, sem velkist á öldunum, án stýris og áttavita, og hendingin ein ræður því, hvert það berst með straumi og vindi. Þetta er ofur skiljanlegt. Stjórnarliðið á engin sameiginleg áhugamál, ekkert, sem tengir flokkinn saman. Þess vegna hlýtur oft að fara svo, að hver höndin verði þar upp á móti annari. Sumir tala oft um klofning í Framsóknarflokknum. Ég álít, að það sé eigi réttmæli. Flokkurinn er of laus í sér til þess að geta klofnað. Hann er eins og grjóthrúga, eða malarbingur. Sementið vantar, áhugamálin sameiginlegu, stefnumálin, vantar. Því fer sem fer, að Íhaldið gengur í hrúguna þegar því liggur á. Það á í Framsóknarflokknum varalið, sem hleypur undir bagga með því, þegar mest ríður á.

Þessi skortur sameiginlegra áhugamála veldur fálmi og stefnuleysi stj., veldur því, að flokksmenn hennar hlaupa undir Íhaldið þegar verst gegnir, veldur því, að stjórnarsaga Framsóknar er raunasaga.

Ég neita því ekki, að góðir menn og gegnir séu til í flokknum, og að núv. stj. hafi gert ýmislegt mun skár en fyrrv. ríkisstj. En sökum þessa skorts á áhugamálum og skilnings á eðli flokka og flokksstarfsemi, hefir hendingin ein ráðið því, hvað sneri upp og hvað niður í það og það skiptið, hvað gert var og hvað ógert látið.

Það er ekki óalgengt, að hæstv. forsrh. standi hér upp og segi með miklum áherzlum og fjálgleik: „Ég skoða mig sem fulltrúa bændanna í þessu landi".

Ég álít það miður vel til fallið, að forsrh. landsins skuli hvað eftir annað lýsa yfir því, að hann skoði sig fulltrúa einnar stéttar. Hann á auðvitað ekki að vera fremur fulltrúi bænda en hverrar annarar stéttar í landinu. Og ég tel þetta því lakara, þar sem ég þykist þess fullvís, að nokkur hugur fylgi máli hjá hæstv. ráðh. Þessháttar yfirlýsingar eru háskalegar, bæði fyrir bændur og aðrar stéttir. Í fyrsta lagi gefa þær undir fótinn þeirri stefnu, sem allmjög hefir borið á hjá Framsóknar- og Íhaldsflokknum, að ala á rig milli sveita og sjávarbyggða. Það er hið mesta skemmdar- og óhappaverk, að telja bændum trú um, að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta, sem andstæðir séu hagsmunum þeirra, er við sjóinn búa. Hagsmunir bænda og alþýðumanna við sjóinn fara saman. Hagsmunir manna fara ekki eftir því, hvort þeir búa í sveit eða við sjó, heldur hinu, hvort þeir tilheyra eignastéttinni, sem á framleiðslutækin og kaupir vinnuafl verkalýðsins til að græða á því, eða hvort þeir heyra til þeim stéttum, er lifa á launum eða handafla sínum einum. Allflestir bændur, sjómenn og iðnaðarmenn teljast til verkalýðsins að réttu lagi, því að þeir lifa á handafla sínum, en eigi eignatekjum. Aðeins fáeinir stórbændur geta talizt til eignastéttarinnar. Þeir hafa sömu hagsmuna að gæta og stóratvinnurekendur kaupstaðanna.

Ég sagði áðan, að því miður væri svo að sjá sem hæstv. forsrh mælti af heilum hug, er hann kallar sig fulltrúa bænda. Þetta verður enn ljósara, ef litið er á mismuninn á fjárframlögum þeim, er hið opinbera ætlast til að lagt verði til sjávar og sveita. Búnaðarfélag Íslands fær 250 þús. kr. styrk, en Fiskifélagið ekki nema 80 þús. Ef litið er á ýmsa styrki til einstakra athafna, verður hlu-

fallið enn hagstæðara sveitunum. Aðeins örlitið brot af því fé, sem varið er til verklegra framkvæmda, gengur til umbóta við sjávarsíðuna. (HK: Eru vitar þá taldir með?). Já, og þó er lagt á sérstakt vitagjald, en það gengur ekki einu sinni allt til vita. Mér er kunnugt um að það er þyrnir í augum sumra þjóða, sem sigla hingað, að vitagjaldinu skuli ekki öllu vera varið til vita.

Ég sagði, að ekki væri hættulaust að ala á þeirri kenningu, að hagsmunir sveitanna væri andstæðir hagsmunum kaupstaðanna. Slíkt er líka hin mesta fjarstæða. Því betri sem afkoma fólks er í kaupstöðunum, því hærra verð fá bændur fyrir afurðir sínar. Með vexti kaupstaðanna hefir skapazt markaður fyrir bændur. Heil héruð eiga hagsæld sína að þakka því, að geta komið afurðum sínum á þennan markað. Enda sýnir reynslan, að héruðin keppast um að fá samgöngur við kaupstaðina. Það má lesa úr þau héruðin, sem lakastar samgöngur hafa við kaupstaðina. Og enn má bæta einu við. Með vexti kaupstaðanna hefir tekið fyrir útflutning manna til Ameríku.Slíkt ætti að vera öllum stéttum gleðiefni.

Hið sama gildir um verkalýðinn í kaupstöðunum. Hans hag er því betur borgið sem hagur sveitanna er betri. Aðalmein verkalýðsins er atvinnuleysi og dýrtíð. Þegar illa árar í sveitunum, streymir umkomulaust fólk þaðan til kaupstaðanna, lækkar kaupgjald með auknu framboði á vinnu og hækkar húsaleigu með aukinni eftirspurn eftir húsnæði.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir bent á, hve geysiháar fjárhæðir ganga til sveitanna, ýmist sem beinn styrkur eða óbeinn. Þær fjárhæðir nema næsta ár allt að 1½ millj. kr. auk þess, sem varið er til samgöngubóta á landi, en það mun vera um 1 — ein — miljón kr.

Að vísu er ekki rétt að kalla þá fjárhæð alla styrk til landbúnaðarins, en þó er sveitunum mestur hagur í auknum vegabótum. Ég tel ekki þetta fé eftir, og það hefir sýnt sig, að þjóðin hefir verið þess megnug að leggja það fram hingað til. En sökum uppboðskapps Framsóknar við Íhaldið, hefir þessu fé verið varið miklu ver en skyldi. Ég fullyrði, að þetta fé kemur ekki landbúnaðinum að hálfu liði á við það, sem verið gæti, sökum skammsýni hæstv. stj. og uppboðskappsins við Íhaldsflokkinn. Það er látið heita svo, að fé þessu sé varið til að bæta atvinnuskilyrði sveitamanna, svo að meira verði afgangs af tekjum þeirra til nýrra framkvæmda og lífsskilyrði þeirra geti orðið betri og fjölbreyttari. En eins og þeim er varið, verður þetta að litlu eða engu leyti. Það fé, sem lagt hefir verið fram til samgöngubóta og jarðabóta í sveitum, hefir komið fram í verðhækkun á jarðeignum. Við næstu eigandaskipti tekur hinn nýi eigandi við dýru landi, sem hefir hækkað í verði, venjulega nákvæmlega sem svarar aukningu á afrakstrarmöguleikunum. Ef hækkunin yrði nú ekki meiri en það, mætti segja, að þetta væri ekki skaðlegt. En vegna brasks og spákaupmennsku, nemur hækkunin oft miklu meiru. Og þá eru þessir styrkir orðnir að hefndargjöf. Í staðinn fyrir að þessi fjárframlög eiga að tryggja framtíð þeirra manna, sem á jörðunum munu búa, verða þau oft beinar peningagjafir til þeirra, sem eiga jarðirnar þegar styrkurinn er veittur, eða ódýru lánin eða samgöngubæturnar gerðar. Verðaukinn verður þeirra eign, sem þeir geta braskað með eftir geðþótta.

Ég sagði, að skammsýni stj. ylli því, að eigi hefði verið séð við þessum leka. Flokkur stj. hefir ekki gert sér ljóst, að meðan braskað er með jarðirnar, eru þessi fjárframlög oft og tíðum til ills eins. Ég veit að vísu, að sumir menn í Framsóknarflokknum sjá nauðsynina á því, að fyrirbyggja braskið með jarðirnar. En þá kemur uppboðskappið við Íhaldsflokkinn til greina. Þeir framsóknarmenn sem betur sjá, þora ekkert að segja, því að þeir óttast, að þá verði þeir óvinsælir hjá bændum, og að Íhaldsflokkurinn græði á því atkvæði.

En það er áreiðanlega rangt og auk þess bein móðgun við bændur að ætla þá svo eigingjarna og þröngsýna, að Íhaldið fái atkv. þeirra, ef Framsókn heldur fram réttu máli, því, að styrkurinn til landbúnaðarins eigi að verða til framtíðarhagsbóta fyrir fólkið, sem býr á jörðunum, en ekki gjafir til einstakra manna. Megingallinn á gerðum stj. í landbúnað-

armálum er einmitt þessi. Hún hefir lagt alla stund á að kaupa sér hylli einstakra skammsýnna jarðeigenda með styrkjum og fríðindum, sem þeir geta hagnast á og braskað með. Hún hefir hugsað aðeins um líðandi stund, en ekkert gert til að tryggja framtíð landbúnaðarins. Bændurnir, sem selja jarðirnar, græða. En jafnframt er lagður skattur á framleiðslu landsmanna um ókomnar aldir.

Framsóknarflokkurinn gengur undir mörgum fallegum nöfnum. Hann nefnist ýmist Framsóknarflokkur, Bændaflokkur eða Samvinnuflokkur. Þegar þetta er athugað, koma mér nokkuð undarlega fyrir ummæli hæstv. forsrh., sem ég veit að muni telja sig vera einlægan samvinnumann. Hann lýsir yfir því hér í eldhúsinu, að hann sé á móti sameign og þjóðnýtingu. Ég þykist nú vita dálítið um samvinnustefnuna líka. Engin samvinna er möguleg í fjárhagslegum efnum nema samfara henni sé sameign fjárhagslegra verðmæta. Öll samvinna í fjárhagsefnum hlýtur að byggjast á þessu.

Samvinnuhreyfingin hér, sem ennþá er nær eingöngu kaupfélagshreyfing, veit þetta líka. Kaupfélögin auka sameignarsjóði sína ár frá ári. Samkv. samvinnul. eru samvinnufélögin skyldug til að leggja vissan hluta af veltu sinni í sameiginlegan sjóð. (**Forsrh.**: Er það þjóðnýting?). Hæstv. forsrh. þykir þjóðnýtingin háskagripur. Ég veit nú ekki betur, en að það hafi verið takmark samvinnumanna hér á landi, að allir landsmenn séu í kaupfélögum, er síðar myndi með sér eitt landssamband. M. ö. o., að hér sé eitt samband samvinnufélaga, sem reki alla verzlun við útlönd. Kaupfélögin verði svo öflug, að þau ein annist söfnun og dreifingu nauðsynja og afurða innanlands, en allsherjarsamband þeirra annist öll viðskipti við útlönd.

Hvað er það nú, sem gerist, ef kaupfélögunum tekst að koma þessarri hugsjón í framkvæmd? Þá er verzlunin orðin þjóðnýtt í raun og veru. Og því takmarki hafa samvinnumenn hér látist vilja keppa að til þessa, og í því skyni keppa félögin að því að auka sameignarsjóði sína sem mest.

Ég þykist nú vita, að hæstv. forsrh. muni hreyfa andmælum gegn þessarri skoðun minni, og til þess að stytta ræðu hans, ætla ég að svara þeim mótmælum, sem ég veit að hann kemur strax með.

Ég þykist vita, að hæstv. forsrh. fari að tala um muninn á frjálsum samtökum neðan að og lagaboðum ofan að.

Allar þær breyt., sem til gagns hafa orðið í þjóðfélagsmálum, hafa fyrst byrjað með frjálsum samtökum neðan frá, og síðan tekið löggjafarvaldið sér til styrktar. Það hafa kaupfélögin hér þegar gert. Þegar þeim fór að vaxa fiskur um hrygg og þeim hafði tekizt að breyta almenningsálitinu sér í vil, þá komu þau á samvinnul., sem veittu þeim ýmiskonar hlunnindi fram yfir annan félagsskap.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. Ef svo væri komið, að kaupfélögin hefðu náð t. d. ⅘ af verzluninni í landinu undir sig, og sýnt væri að spara mætti algerlega tilkostnaðinn við þann ⅕, sem eftir er, með því að taka löggjafarvaldið í sína þjónustu og lögbjóða sameiginlega verzlun fyrir alla landsmenn, á þá að gera það? Og ef nú svo væri, að verzlunin með þennan ⅕ spillti fyrir verzluninni yfirleitt, eins og Tíminn segir að kjötverzlun einstakra kaupmanna hafi oft spillt fyrir kjötverðinu og lækkað það, telur hæstv. ráðh. þá ekki rétt að neyta löggjafarvaldsins til þess að hefta það, að verzlun sambandsins sé spillt? Ég vil vona, að hæstv. forsrh. svari þessu játandi.

Ég hefi farið út í þessa sálma vegna þess, hve sannfærður hæstv. forsrh. þóttist vera um skaðsemi þjóðnýtingarinnar, og hve fjarri hann kvað hana standa Framsóknarflokknum. Hæstv. ráðh. sér ekki, að lokatakmark samvinnufélaganna er þjóðnýting. Jafnvel Bolsevíkarnir í þeirri rauðu Rússíá segja sjálfir, að um 70% af þjóðnýtingunni hjá þeim sé í höndum samvinnufélaganna. Enda játa það allir og viðurkenna, að samvinnustarfsemi á réttum grundvelli er einn þáttur þjóðnýtingarinnar.

Nú er það svo náttúrlega, að ef menn fara að tala um þjóðnýtingu, þá getum við hæglega spjallað um hana alla nóttina. Hæstv. ráðh. virðist ganga með þá kórvillu í höfðinu, að ekkert sé þjóðnýting nema ríkisrekstur. Annars fer því

fjarri, að hæstv. ráðh., og íhaldsmenn, séu svo hræddir við þjóðnýtingu, jafnvel rikisrekstur, sem þeir vilja láta líta út fyrir. Hafnir, póstur og sími, allt er þetta þjóðnýtt. Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. vildi breyta þessu í samvinnufyrirtæki. Sama er um skóla, sjúkrahús o. s. frv. Yfirleitt er það svo, að sú þjóðnýting, sem komin er á og náð hefir að festast, sýnir svo yfirburðina yfir samskonar starfsemi, sem einstaklingar reka í frjálsri samkeppni svokallaðri, að engum, jafnvel ekki íhaldsmönnum, dettur í hug að hrófla við henni.

Um ræktun landsins og viðhorf stj. og flokks hennar til jarðabóta og ræktunarstarfsemi má að vísu segja, að þar sé byggt á samvinnu, meira að segja lögþvingaðri samvinnu allra landsmanna. Að því leyti má segja, að Samvinnuflokkurinn beri nafnið með nokkrum rétti. — Allir landsmenn, hvort sem þeir eiga nokkurn jarðarblett eða engan, eru með l. skyldaðir til að leggja fé til ræktunar landsins, til Búnaðarfélagsins, Búnaðarbankans og til jarðabóta. Lætur því skraf hæstv. ráðh. um, að flokkurinn vilji aðeins frjálsa samvinnu, undarlega í eyrum, þegar samtímis er verið að lögfesta skatta, er verja skal til ræktunar. Þessir skattar, sem þannig eru lagðir á landsmenn, eru nú um 1½ millj. kr. á ári, og þeir fara til jarðræktar og húsabóta og ódýrra lána fyrir bændur. Og þar við mætti bæta miklum hluta þess fjár, sem varið er til samgöngubóta, en það er yfir 1 milj. kr. á ári hverju. Þannig eru landsmenn beinlínis skyldaðir til þess að rækta landið, þrátt fyrir skraf ráðh. um frjálsa samvinnu, land, sem allur þorri þeirra á engan skika af. Ég tel þetta fé ekki eftir, ef það aðeins væri rétt notað. En árangurinn af þessari lögboðnu samvinnu þjóðarinnar allrar, verðmætið, sem hún skapar, kemur fram sem verðhækkun landsins. Jarðirnar hækka í verða þegar þær eru bættar. Og þessi verðmunur rennur allur í vasa þeirra einstaklinga, sem jarðirnar eiga. Ríkið, samfélag landsmanna, leggur fé í jarðirnar. Einstaklingarnir hirða verðhækkunina. Notendur jarðanna greiða þeim verðhækkunarskatt síhækkandi, þ. e. vexti og afborganir eða leigur af jörðunum, af fénu, sem þjóðin öll hefir lagt fram.

Þetta er rangt. Hæstv. stj. og flokkur hennar sér ekki, eða vill ekki sjá, að hið raunverulega eðli samvinnunnar er sameign. Ég þarf ekki að taka það fram, að auk hinnar eðlilegu verðhækkunar, sem verður á jörðunum, þegar þær eru bættar, kemur stundum önnur verðhækkun. Það er verðhækkun sú, sem braskararnir valda, þegar jarðarverðið hækkar meira en afrakstursmöguleikar jarðarinnar aukast. Þessi verðhækkun er skaðleg og til niðurdreps fyrir landbúnaðinn.

Samvinnustefna stj. í ræktunarmálum er því sú ein, að hafa lögþvingaða samvinnu um að bera kostnaðinn við ræktunina, en láta svo fáa einstaklinga spila með verðaukann, sem hún skapar.

Þar sem hæstv. ríkisstj. og flokkur hennar virðist telja samvinnuna holla og nauðsynlega, ætti hún að vera sjálfri sér samkvæm og vinna að því að auka samvinnu og sameign meðal þeirra, sem stunda landbúnað. En það er nú eitthvað annað en hæstv. stj. og flokkur hennar geri það. Það er þvert á móti eitt af hennar mestu áhugamálum, að því er hún sjálf segir, að styðja að því, að sem allraflestir sjálfseignarbændur verði í landinu, og þar af leiðandi sem allra smæstir sjálfstæðir atvinnurekendur.

Það hefir sýnt sig hér á landi sem annarsstaðar, að öll þróunin hnígur í þá átt að gera atvinnureksturinn sem stórvirkastan, atvinnufyrirtækin sem stærst og öflugust. Þróunin stefnir til stóratvinnurekstrar í öllum atvinnugreinum, vegna þess að það hefir sýnt sig, að stóriðjan hefir mikla yfirburði yfir smáiðjuna. Fyrirtæki með miklu fjármagni gefast betur en mörg smá og félítil. Með stórrekstri er hægt að kaupa og koma við dýrum vélum og nýjustu aðferðum. En slík tæki og vinnuaðferðir eru smárekstrinum um megn, þótt þau margborgi sig. En hæstv. stj. virðist ekki vita af þessari þróun, hún sér ekki lengra en það, að hún vill reka sveitabúskapinn með gamla laginu, sem víðast er komið á fallanda fót, og haldið er uppi með styrkjum og fjárframlögum. Ég veit það líka, að þó að hæstv. stj. og flokkur hennar beiti öllum sínum áhrifum til þess að flestir þeir,

sem stunda landbúnaðinn, verði svokallaðir sjálfseignarbændur, þá mun það ekki takast. Hæstv. stjórn er þess ekki megnug. Þróun atvinnulífsins verður yfirsterkari. En þrátt fyrir það getur hæstv. stj. með stuðningi flokks síns miklu um það ráðið, hvernig þróunin verður á þessu landi.

Búnaðarbankinn er stofnaður til að veita ódýr lán til landbúnaðarins. Til hans leggja landsmenn árlega 400 þús. kr. af tekjum sínum með lögþvingaðri samvinnu. Auk þess hefir ríkissjóður lagt til hans viðlagasjóðinn að mestu leyti. Stofnfé svo milljónum skiptir hefir verið lagt til hans af sameignarfé landsmanna. Ef svo fer, sem til er ætlazt, verður það mikla fé, sem bankinn veitir út um sveitir landsins, til að auka ræktun og byggingu sveitanna að miklum mun, og er það vel. En ekki verður séð, að hæstv. stj. hafi gert sér grein fyrir því, hverjar aðrar afleiðingar hljóta að verða þessum samfara, ef ekki er að gert í tíma. Hún ætti þó að hafa séð, hvað gerzt hefir í hinum aðalatvinnuvegi okkar Íslendinga, sjávarútveginum, við það, að hann fékk aukið rekstrarfé. Afleiðingar þess, að sjávarútvegurinn fékk aukið fjármagn, urðu þær, að útgerðin óx að miklum mun, en jafnframt færðust eignarumráð útgerðartækjanna, hinna stærstu, í hendur fárra manna. Þeir, sem höfðu framfæri sitt af útgerðinni, greindust í tvær meginstéttir. Annarsvegar fámenn stétt atvinnurekenda, sem hafði allt fjármagnið í sínum höndum, og hinsvegar eignalaus vinnulýður, sem varð að lifa á því, að selja atvinnurekendunum vinnu sína. Verði ekki að gert, skeður það sama í sveitunum, sem orðið er við sjóinn.

Þegar nú verður veitt svona miklu fé út til sveitanna, án þess að gera nokkrar sérstakar ráðstafanir til að fyrirbyggja gróðabrask einstakra manna þar, þá mun rísa þar upp búskapur með stóriðjusniði. Þar verða rekin stórvirki af efnuðum mönnum, en eignalausum vinnulýð, sem skortir bæði jarðnæði og fjármagn, hlýtur að fjölga að sama skapi. Þar fá svo stórbændurnir „vinnukraftinn", hjú og húsmenn.

Það er barnaskapur að ætla sér að stöðva eðlilega þróun atvinnulífsins, og þar sem stórreksturinn sýnir betri afkomu, á að hallast að honum. En það sem stj. átti að gera, var það, að láta haga þannig lánum til landbúnaðarins, að stuðlað yrði að því, að stórbúin verði ekki einstaklinga eign, heldur samvinnubú, sameign allra þeirra, sem að þeim starfa. En þar sem ekki eru skilyrði fyrir stórreksturinn, myndi smábúskapurinn halda áfram. Þessar ráðstafanir hefir alveg verið vanrækt að gera.

Ég álít, að stórrekstur við landbúnað muni rísa upp víða um land. En það, sem hæstv. stj. á að gera, er að beina honum inn á þá braut, að stórbúin verði sameignar- og samvinnubú, eða ríkisbú, þar sem það þykir henta, t. d. við bændaskóla, fyrirmyndarbú o. s. frv.

Það er óþarfi að nefna mörg dæmi til að sýna, hvert stefnir í landbúnaðinum. Þau eru deginum ljósari. Þannig er t. d. á Korpúlfstöðum. Það er auðséð, hver afleiðingin verður, ef mörg slík bú koma upp. Því meir sem slíkum búum fjölgar, því meira verður í sveitunum af jarðnæðislausu fólki, sem verður að lifa á því að selja vinnu sína þeim, sem búin og jarðirnar eiga.

Ég drap á það í upphafi ræðu minnar, að þau orð hefðu verið látin falla í aðalblaði núv. hæstv. stj., að núv. ríkisstj. og flokkur hennar mundi geta vel sætt sig við, að Íhaldið tæki aftur við völdum, þar sem hún væri búin að koma í framkvæmd aðaláhugamálum Framsóknarflokksins. Ég hefi ennfremur bent á, að stj. og flokkur hennar hefir ekki neina sérstöðu í landbúnaðarmálum, enga ákveðna stefnu, nema ef hægt er að kalla það stefnu að yfirbjóða Íhaldsflokkinn í styrkveitingum til bænda, án þess að tryggja gagn af slíkum styrkjum í framtíðinni. Stefnuleysi hæstv. stj. og áhugaleysi sést og greinilega á háttsemi hennar á þessu og undanförnum þingum. Bendir sú háttsemi til þess, að blaðið hafi sagt satt er það sagði, að flokkurinn gæti vel unað því, að Íhaldið tæki við.

Á síðasta þingi flutti hæstv. ríkisstj. 31 frv., eða þau voru flutt að tilhlutun hennar. 8 af þeim lágu í valnum þegar þingi lauk. Þessi var áhugi stj. fyrir mál-

unum, sem hún sjálf bar fram, og þó voru ýms þeirra frá næsta þingi á undan. Á þessu þingi eru 28 frv. flutt af stj. og auk þess 8 frv., þar sem tekið er fram í grg., að þau séu flutt að tilmælum hæstv. stj., og vitað er, að enn eru fleiri frv., sem eru flutt fyrir tilmæli hæstv. stj. Nú er þingið búið að standa í 10 vikur, og af þeim frv., sem flutt hafa verið fyrir atbeina hæstv. stj., hafa aðeins 8 verið samþ. Mér hefir skilizt svo, að þegar búið er að afgreiða fjárl., eigi að slíta þingi hið bráðasta, en þá hlýtur líka að fara svo, að mestur hluti þeirra frv., sem stj. hefir borið fram, hlýtur að daga uppi, a. m. k. um stundarsakir, ef þau þá ekki verða beinlínis drepin. Hæstv. ríkisstj. flytur margt af frv., en henni virðist ekki vera það neitt sérstakt kappsmál, hvort þau ná fram að ganga eða ekki. Ég skal nefna eitt dæmi, sem sýnir þetta glöggt.

Nú hefir verið flutt þrjú þing í röð sama frv. að tilhlutun hæstv. dómsmrh. Það er um eftirlit með loftskeytum botnvörpuskipa. Það dagaði uppi á þingi 1928. Það var aftur tekið fyrir á þingi 1929, en fékk þá ekki afgreiðslu. Það var enn tekið fyrir á þessu þingi, og svo snemma, að það gæti haft nógan tíma til að komast gegnum þingið. En hvað skeður? Flokksmenn hæstv. stj. greiða ýmsir atkv. á móti frv. og fella það. Hæstv. ráðh. lætur líta svo út, sem hann telji þetta frv. mikilsvert, með því að flytja það á þremur þingum í röð. Samt er það fellt þegar það kemur til fullnaðarúrslita á þriðja þinginu, fellt af flokksmönnum hæstv. ráðh. Og hann tekur því ofboð rólega, og verður ekki annað séð, en hann uni því vel. Þessi málflutningur hæstv. ráðh. er orðinn hreinasti skrípaleikur. Auðvitað átti ráðh. að byrja á því að tryggja frv. fylgi hjá flokki sínum, ef hann þá meinti nokkuð með því að flytja það. Nú sér hver maður, að ráðh. hefir ekki verið þetta neitt áhugamál. Tilgangurinn hefir verið sá einn að skreyta sig með frv., í þeirri von að ganga fremur í augun á kjósendunum.

Þá er það alltítt, að stj. vill ekki flytja frv. um þau mál, sem hún þó segist vera eindregið fylgjandi. Hæstv. forsrh. segist vilja láta leggja skatta á krossa. En hann flytur ekki frv. um það sjálfur, heldur segir hann: „Komið þið með frv., ekki skal standa á mér að greiða atkv.“ En ef hæstv. forsrh. er því eindregið fylgjandi, að gjald af þessum heiðursmerkjum verði leitt í lög, þá á hann auðvitað sjálfur að bera frv. fram. Hann hefir bezta aðstöðu til að koma því gegnum þingið.

Ég hefi þá í þessum inngangi drepið á þau mál, sem ætla mætti, að væru aðaláhugamál hæstv. stj., en það eru landbúnaðarmálin yfirleitt og þau frv., sem lögð hafa verið fyrir þingið af stj., eða að hennar tilhlutun. Ég hefi sýnt fram á, að stj. hefir ekki einu sinni styrk hjá flokki sínum í fjölda þessara mála, og að engin meginstefna einkennir störf hennar eða tengir flokkinn saman. En þá vaknar þessi spurning: Hvernig stendur á því, að hæstv. núv. ríkisstj. hefir getað setið að völdum á þriðja ár með fylgi minni hl. kjósenda og minni hl. þingsins? (BÁ: Það gerir varaliðið!). Varaliðið, segir hv. sessunautur minn. Nei, það, sem stj. lifir á, er andstöðuflokkur hæstv. stj. Honum á hún það að þakka, hvað lífdagar hennar hafa orðið langir. Hæstv. stj. lifir ekki á eigin verkum. Hún lifir á syndum annara, syndum Íhaldsins. Svo lengi sem þær endast og eru landsbúum í fersku minni, er ekki óhugsandi, að líftóran haldist í hæstv. stj. Sú stj., sem þjóðin átti við að búa, áður en þessi stj. tók við völdum, hagaði sér þannig, að þjóðinni hrýs hugur við því að láta hana komast að völdum aftur. Þjóðin vill heldur stefnulausa stj. en stj., sem hefir þá stefnu, er til beinna óheilla horfir. Þess vegna tórir hæstv. núv. stj.

Sagt er, að hefðarkonur í París hafi þann sið að hafa jafnan í fylgd með sér, við hlið sér á mannamótum og götum úti, frámunalega ljótar og herfilegar kvenpersónur. Þetta gera þær til þess að þær sjálfar sýnist fegurri en þær eru, vegna samanburðarins við ófríðleika hinna. Með þessu móti geta réttar og sléttar miðlungskonur, og jafnvel tæplega það, að fríðleik, látið Karlmennina halda, að þær séu töfrandi fagrar. Veldur því samanburðurinn. Greiða hefðar-

konurnar oft þessum herfum, sem vel mætti nefna fylgikonur, ef orðið hefði ekki sérstaka merkingu, stórfé fyrir þeirra þjónustu.

Nokkuð svipað er um hæstv. stj. og þessar hefðarkonur Parísarborgar. Hæstv. ríkisstj. hefir fengið einskonar „fylgikonu", og það alveg ókeypis. Á ég þar við fyrirrennara hennar í ráðherrasæti. Það er ætlið svo, að dómar manna byggjast að meira eða minna leyti á samanburði, og það er því ekki mikill vandi fyrir hæstv. stj. að vinna sér sæmilegt orð, þegar að því er gætt, í hverra sæti hún sezt. Það er ekki mikill vandi, segi ég, að fylla sæti þeirrar landsstj., sem lét viðgangast önnur eins hneyksli eins og sjóðþurð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, vaxtatöku bæjarfógetans í Reykjavík, sjóðþurðina í Brunabótafélaginu og kosningasvikin í Hnífsdal, svo að fátt eitt sé nefnt. En um þetta og annað eins lézt hv. fyrrv. stj. alls ekki vita, þótt það gerðist rétt undir handarjaðrinum á henni. Núv. hæstv. stj. þarf ekki að gera nema lítið brot af skyldu sinni til að standast samanburð við þessa menn, og sýnast vaxa og fríkka við samanburðinn. Og það er þessi samanburður, sem heldur líftórunni í hæstv. stj. Hún hefir átt því láni að fagna að fá þennan samanburð gerðan, fá þetta afskræmi svo að segja við hlið sér, sér að kostnaðarlausu, og það væri synd að segja, að hún hefði ekki reynt að notfæra sér hann eftir föngum.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa og gert sitt til að auka hróður hæstv. stj. hjá þeim, sem eru á móti íhaldinu. En það er alkunna, að last íhaldsblaðanna lætur í margra eyrum sem lofsöngur um stj., því að last illra manna — og á ég þar aðeins við illa menn í stjórnmálum —, gengur næst lofi góðra manna. Hæstv. stj. hefir nú átt því láni að fagna, að á hana hefir verið ráðizt, og þó einkum á hæstv. dómsmrh., með hinum óvenjulegustu og ósæmilegustu aðferðum. Háttv. íhaldsmenn hafa með látlausum svívirðingum forgyllt þennan hæstv. ráðh. framan og aftan í augum meiri hl. af frjálslyndum mönnum í landinu, og þeir hafa, alveg ómaklega, gert hann að einskonar tákni íhaldsandstöðunnar. Þannig hefir þessi hæstv. ráðh. stækkað og fríkkað í augum ýmsra frjálslyndra manna langt um fram það, sem hann hefir sýnt verðleika eða viðleitni til. Blöð hæstv. stj. og flokkur hennar hafa líka kunnað að nota sér þetta. Þau hafa gert hæstv. dómsmrh. að einskonar agni fyrir kjósendur, notað hann til þess að reyna að fá frjálslynda menn og umbótasinnaða til að kjósa svo kallaða framsóknarmenn. Hann hefir haft lag á því að tengja nafn sitt við ýms umbótamál, sem hreyft hefir verið á Alþingi. Þessi mál hafa aftur verið drepin, bæði af andstæðingum hans og flokksbræðrum, eða þá breytt svo, að þau hafa ekki verið nema svipur hjá sjón, ef þau hafa komizt fram. Hæstv. ráðh. skrifar fyrst um þessi mál í blaði sínu og ræðir síðan um þau á Alþingi. En þar kemur Íhaldið fyrst og síðan „varaliðið" og „varavaraliðið" og klípur af þessum till. að framan og aftan, þar til lítið er eftir, og ekki verður annars vart, en að hæstv. dómsmrh. láti sér þessa meðferð vel lynda. En á þennan hátt hefir honum og flokki hans tekizt að tengja nafn hans svo við þessi mál, að mönnum kemur það oft í hug þegar minnzt er á málin.

Ég skal nú segja hér nokkuð af sögu þessa hæstv. ráðh., máli mínu til sönnunar. Vil ég þar fyrst minnast á Byggingar- og landnámssjóðinn, og áður en ég vík að málinu skjóta því til bændavinarins mikla, hæstv. forsrh., að þessi sjóður á nú að fá úr ríkissj. 200 þús. kr. árl. styrk, en styrkur veittur í sama skyni, til efnalausra manna til að koma upp húsakynnum í kaupstöðum og kauptúnum, er samkv. fjárlfrv. áætlaðar einar 33 þús. kr., og er þó íbúafjöldinn þar engu minni en í sveitunum öllum. Hæstv. dómsmrh. flutti frv. um Byggingar- og landnámssjóð fyrst með þeim hætti, að teknanna til að standast útgjöld eftir því skyldi afla með því að leggja sérstakan skatt á hátekju- og stóreignamenn. Þessu fé skyldi varið til að hjálpa hinum efnaminni bændum til að byggja yfir sig. Mikill meiri hl. þjóðarinnar var málinu fylgjandi, einmitt í þessari mynd. Og hæstv. dómsmrh. lánaðist með þessu að tengja nafn sitt við viturlega og vinsæla hugmynd. Frv. varð um síðir að lögum,

eftir mikla hrakninga, en var þá orðið með allt öðrum svip en upphaflega. Í stað þess að láta þá leggja fram féð, sem fengið höfðu óeðlilegan gróða fyrir það, að þjóðfélagið gaf þeim betri aðstöðu en öðrum, var kostnaðurinn lagður á almenning, tekinn sem tollur af nauðsynjum fátæklinganna. Í stað þess að taka þetta fé af hinum ríku og nota það til þess að jafna efnahagsafstöðuna í þjóðfélaginu, var ákveðið að taka það eins og aðrar tekjur ríkissjóðs, sem tolla af nauðsynjum fátæklinganna, jafnvel líka þeirra, sem fátækrastyrk verða að þiggja.

Þetta er ágætt dæmi um það, hvernig hæstv. dómsmrh. starfar að þjóðmálum, gott sýnishorn af stjórnmálastarfsemi hans. Hann flytur á Alþingi gott mál og fær nafn sitt tengt við hugmyndina. Flokkur hans sjálfs hjálpar síðan andstæðingunum til að sníða af frv. meginkostina, og þannig nær það loks fram að ganga. Þetta lætur hæstv. dómsmrh. sér vel lynda. Hann skoðar það ekki sitt hlutverk að koma fram góðum málum, heldur að kókettera svo við þau, að flokkurinn geti notað hann sem agn handa kjósendum. Flest umbótamál hæstv. dómsmálaráðh. hafa farið á þessa lund. Sjálfsagt heldur Framsóknarflokkurinn því áfram lengi enn að nota hæstv. ráðh. á þennan hátt, og Íhaldsflokkurinn að stækka hann í augum landsmanna með hóflausum og vitlausum árásum, eins og nú síðast með geðveikismálinu svonefnda.

Ég skal nefna eitt mál enn, sem ýmsir hafa minnzt á og sýnir vel, hversu hæstv. ráðh. rækir hlutverk sitt. Áfengisverzlunin hefir á síðasta ári skilað í ríkissjóð í hreinan ágóða um 1 milj. kr., og er það mikið fé. En fyrir hverja krónu, sem þessi verzlun græðir, borga landsmenn margar krónur út úr landinu. Í skjóli þessarar verzlunar flýtur einnig annað áfengi í stríðum straumum um landið, og það er ómögulegt að hafa hemil á því, meðan ríkið verzlar sjálft með Spánarvín. Er þó ótalið það, sem mest er um vert, en það eru hinar ægilegu afleiðingar drykkjuskaparins, mannskemmdir og gæfuspjöll. Áður en hæstv. dómsmálaráðh. komst í þá stöðu, var hann einn ötulasti maðurinn í bindindis- og bannhreyfingunni, og enn er nafn hans í hugum margra tengt við þessi mál og störf í þeirra þágu. En rétt eftir að hann settist í ráðherrastólinn skrifaði hann í Tímann leiðarvísi til manna um það, hvernig þeir ættu að drekka. Grein þessi var ágætlega skrifuð og eindregin hvöt til allra þeirra, sem vilja koma vel fram í mannfagnaði, vera samkvæmishæfir, um að neyta ótæpt spánarvínanna, drekka þau eins og te eða kaffi. Þótt sleppt sé öllu gamni um „kaffibolladrykkju", sem margir hafa minnzt á, þá er það enginn vafi, að grein þessi varð einskonar útbreiðsluritgerð fyrir drykkjuskap, og hún hefir orðið til að auka mikið drykkjuskap í landinu. Er nú svo komið í mörgum héruðum, að mönnum stendur beinlínis stuggur af áfengisnautn og óreglu. Þekki ég þess dæmi úr mínu kjördæmi, að ungir menn, sem á skömmum tíma fengu yfir 2000 kr. hlut við fiskiveiðar, eyddu miklum hluta af þessum peningum beinlínis til áfengiskaupa, en afgangurinn fór í sektir vegna óspekta, er þeir gerðu í ölæði. Ég játa, að þetta er ekki hæstv. ráðh. einum að kenna, en þó á hann hér töluverða sök á. Hann verður að minnast þess, að margir leggja töluvert mikið upp úr orðum hans, og því hefir drykkjuskaparhvöt hans borið ekki lítinn árangur. Hann verður að muna, að ýmsir leggja meira upp úr ritum hans en skrifum Morgunblaðsmannanna um sama efni. Er þetta vegna fortíðar hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. krafðist þess meðan hann var óbreyttur þm. og Íhaldið fór með völd, að leitað yrði nýrra samninga við Spán. Ég undrast það mjög, eftir því sem hæstv. ráðh. talaði, meðan hann var óbreyttur þm., að hann skuli ekkert hafa gert í þessu máli eftir að hann varð ráðh. Hvers vegna hefir hann ekki gert það? Er honum snúinn hugur? Eða fylgdi ekki hugur máli áður? Til dæmis um það, hvernig ástandið er orðið sumstaðar, skal ég geta þess, að í mínu kjördæmi hafa ýmsir haft við orð að taka áfengissendingar, þegar þær koma, henda þeim beina leið í sjóinn, og láta svo skeika að sköpuðu um refsingarnar.

Því verður ekki neitað, að þegar hæstv. stj. tók við, var eftirlitið með fram-

kvæmd áfengislaganna skerpt töluvert í bili, en ég er hræddur um, að það sé nú tekið mjög að dofna aftur. Það er núna ekkert óvenjulegt, að sjá marga drukkna menn í einu á opinberum stöðum, án þess að nokkrum detti í hug að stugga við þeim.

Þá vil ég segja nokkur orð til hæstv. forsrh. út af alþýðutryggingunum. Hæstv. stj. hefir látið svo sem hún sæi vel, hversu ótrygg er afkoma alþýðu manna undir núv. skipulagi atvinnufyrirtækjanna. Í öllum löndum hefir verið reynt að bæta nokkuð úr þessu með ýmiskonar alþýðutryggingum. Hér er hinsvegar aðeins komin upp ein tegund tryggginga, slysatryggingin, og vantar þó mikið á, að hún sé svo víðtæk og bætur svo háar sem skyldi. Þær ellitryggingar, sem kallað er að séu til hér, eru ekkert annað en smánarlegt kák. Á Alþingi 1928 var samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta þing, 1929, frv. um almennar ellitryggingar. Ekkert frv. um þetta efni kom frá stj. á Alþingi 1929. Þá var borin fram till. um að skipa n. til að undirbúa löggjöf um alþýðutryggingar, er tæki til sjúkra-, elli-, slysa-, örorku-, mæðra-, framfærslu- og atvinnuleysistrygginga. Till. náði að vísu ekki að verða afgr., en var vel tekið af hæstv. landsstj. og hv. d. Ég má segja, að hæstv. forsrh. hafi þá lofað, að láta a. m. k. frv. um fullkomnar ellitryggingar koma fyrir þetta þing. Nú er komið á 11. viku Alþingis, og er enn ekki farið að bóla á frv. Ég fæ ekki neitað því, að mér finnst býsna mikils tómlætis kenna hjá hæstv. stj. í þessu mikilsverða þjóðþrifamáli. Á Alþingi í fyrra flutti hæstv. stj. frv. um búfjártryggingar, og gekk það fram með miklum meiri hl. Var það óneitanlega nauðsynjamál að koma upp tryggingum á búpeningseign landsmanna. En hversu miklu nauðsynlegra er það þó ekki öllum almenningi að tryggja hið eina verðmæti, sem hann á, heilsuna og starfsþrekið? Ég verð að víta tómlæti hæstv. forsrh. í þessu máli.

Þá er enn eitt atriði, sem mig langar til að minnast á. Hér á Alþingi hafa nú verið fluttar till. um að taka upp einkasölur á tóbaki og steinolíu. Þessi tvö mál voru með helztu áhugamálum Tímans og Framsóknarflokksins, áður en þeir góðu menn komust til valda. Ég minnist þess að hafa á þeim árum lesið í Tímanum margar harðar ádeilugreinar á íhaldsflokkinn, fyrir að afnema þessar einkasölur. Nú er þessi ádeila farin að snúast harðlega á núv. hæstv. stj. sjálfa. Ummælin, sem hæstv. forsrh. hafði meðan hann var ritstjóri Tímans um íhaldsráðherrana, eiga nú svo ágætlega við hann sjálfan, að það er engu líkara en þau væru um hann skrifuð. Í fyrra var því borið við af hæstv. stj. um einkasölurnar á tóbaki, að málið væri til athugunar hjá mþn. í skattamálum, og þess vegna mátti ekki samþ. frv. þá. Þetta vissi þó hæstv. stj. að var alrangt. Magnús Kristjánsson hafði tilkynnt n., að hann ætlaði að flytja frv. um tóbakseinkasölu. Nú í nóvember afgreiddi meiri hl. þessarar n. frv. til l. um einkasölu á tóbaki til hæstv. fjmrh., og fékk það svar loks, er mjög var liðið á þing, að stj. mundi ekki flytja frv., því höfum við, ég og hv. 1. þm. N.-M., sem báðir erum í skattamálan., flutt frv. hér á Alþingi. En enn er afstaða hæstv. stj. til þessa máls með öllu óþekkt.

Um olíuna er það að segja, að í fyrra var flutt till. um að skora á ríkisstj. að nota heimild þá, sem hún hefir í lögum, til að taka upp ríkiseinkasölu á steinolíu. Þá lét hæstv. forsrh. þau orð falla, að hann vildi hafa einkasölu heimildina eins og reitt sverð yfir höfðum steinolíufélaganna, sem, ef svo má að orði komast, hafa „þríokun“ á allri olíuverzlun landsins. Hæstv. ráðh. sagðist þá ætla að láta fram fara rannsókn á verðlagi á olíu hér og í nálægum löndum. Engin slík rannsókn hefir farið fram, svo að mér sé kunnugt. (**Forsrh.**: En mér er kunnugt um það!). Almenningur hefir a. m. k. ekkert fengið af þeirri rannsókn að frétta, en þó veit ég ekki, hvern hún varðar meira en einmitt almenning, sem olíuna notar. Hann getur þá dæmt um, hvort ástæða sé til að nota heimildina eða ekki.

Til þess að tefja ekki tímann, skal ég annars ekki fjölyrða um þessi atriði nú. Ég get um þau vísað til þess, sem ég sagði um þau í fyrra. Það á allt við enn. Ekki er kyn þótt áhugamálin gangi fljótt

til þurðar hjá hæstv. stj., þegar hún snýr svona greinilega bakinu við þessum málum, sem voru aðaláhugamálin fyrir síðustu kosningar.

Þá vil ég minnast á launamálið. Hér hafa nú verið samþ. í hv. d. duldar launabætur til nokkurra embættismanna, t. d. til vitamálastjóra, landssímastjóra o. fl. Þessir menn hafa fengið uppbætur og eru þó í hæstu launaflokkum. En allur þorri embættis- og sýslunarmanna situr við óbreytt sultarlaun, þrátt fyrir margítrekuð loforð um endurskoðun launalaganna. Stj. hefir brotið öll loforð um að gera till. um lagfæringar á launal.. Laun presta, barna- og alþýðukennara, símafólks, póstmanna o. fl. o. fl. eru þó úr öllu hófi lág, svo að lagfæringin þolir enga bið. Ég veit, að hæstv. stj. mun reyna að afsaka sig með því, að endurskoðun launalaganna verði að bíða eftir úrlausn gengismálsins. En þetta er fjarstæða. Gengisbreytingin er ekki nema örlítill hluti af verðlagsbreytingunni.

Sé miðað við 1914, er verðlagsbreyt. 120%. Vísitalan er nú 220 á móti 100 1914. Af þessu er ekki nema 20%, sem stafar af lækkun gjaldeyrisins. Það er verðfall peninganna almennt gagnvart vörum, sem mestu veldur hér um. Ég álít því, að hæstv. stj. sé í lófa lagið að láta endurskoða launalögin, án minnsta tillits til lausnar gengismálsins, enda væri hægt að setja ákvæði í sjálf launalögin þar að lútandi ef þurfa þætti, t. d. miða við gullgengi.

Hæstv. stj. er sparnaðarstj., að því er hún sjálf og hv. flokksmenn hennar segja. En ýmsir líta öðrum augum á það mál. Hv. 2. þm. Reykv. benti á fasteignarkaup, sem hæstv. stj. hefir gert. Hún hefir sem sé keypt lóð undir hina fyrirhuguðu símstöð af Scheving Thorsteinsson lyfsala, 150 kr. hvern fermetra, eða alls um 120 þús. kr. Þetta er mjög illa ráðið, enda alger óþarfi af hæstv. stj. að kaupa yfirleitt nokkra lóð. Það var vel hægt að reisa símstöðina á einhverri af lóðum þeim, sem ríkið á. En látum svo vera, að hæstv. stj. hafi endilega viljað kaupa þessa lóð. Henni hefir samt yfirsézt. Ég býst við að ein ástæða hæstv. stj. til að kaupa lóðina sé sú, að opinberar byggingar muni fara vel við þessa hlið Austurvallar. Mér er ekki grunlaust um, að a. m. k. sumir í hæstv. stj. hafi þá hugmynd að reisa fleiri opinberar byggingar við Thorvaldsensstræti. En þá var líka alveg sjálfsagt að taka eignarnámi nú þegar hinar aðrar lóðir við Thorvaldsensstræti. Við það, að símstöðin er reist þarna, hljóta hornlóðirnar báðumegin að hækka í verði og verða ennþá dýrari þegar þær eru teknar.

Ég veit að vísu, að lóðaspekulationir hér í Reykjavík eru orðnar gegndarlausar, en ég verð samt að segja, að mér virðast lóðakaup hæstv. stj. vera alveg sérstaklega athugunarverð ráðstöfun. Hæstv. stj. hefir mjög rækilega ýtt undir lóðaspekulationirnar með þessu tiltæki sínu. Lóðirnar milli Austurvallar og Austurstrætis, sem eru einna bezt fallnar til verzlunarrekstrar af öllum lóðum í bænum, hafa verið seldar nýlega á 230 kr. pr. m.², eða um 80 kr. dýrari pr. m.² en stj. hefir keypt þessa lóð. Ég get skotið því inn í í þessu sambandi, að lóðirnar einar hér í Reykjavík eru metnar til verðs hér um bil jafnt og allar bújarðir á öllu landinu, eða nálægt 25 millj. kr.

Ég vil enn gera annan samanburð, sem er býsna fróðlegur fyrir hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. er jafnframt þm. Strandasýslu. Í 4 af 6 hreppum þeirrar sýslu er mat allra fasteigna, lóða húsa og umbóta síðustu 10 ára, miklu minna en lóðarskiklnn við Austurvöll hefir kostað. Í Kaldrananeshreppi er fasteignamat 115400 kr., í Kirkjubólshreppi 91500 kr., í Fellshreppi 69300 kr., fast að helmingi minna en lóðin undir símstöðina kostar, og í Óspakseyrarhreppi 49800 kr., eða meira en helmingi minna en hæstv. ráðh. hefir borgað fyrir lóð undir eitt hús í Reykjavík. Ég tek þetta dæmi til þess að benda hæstv. ráðh. á, hversu gífurlega dýru verði hann hefir keypt þessa lóð, og með því beinlínis ýtt undir lóðabrask. Ég bendi á þetta til þess að sýna hæstv. stj., hversu gífurleg verðhækkunin verður, þar sem einstaklingum er leyft að braska með lönd og lóðir. Sama sagan gerist annarstaðar þótt í smærri stíl sé.

Ég hefi mikla tilhneigingu til að ræða um skattamál við hæstv. stj., en ég verð að draga töluvert mikið úr því, sem ég

vildi segja þar um. Þó get ég ekki neitað mér um að minna hv. d. á, að í skattamálunum, eins og í öðrum málum, kemur ljóslega fram stefnuleysi hæstv. ríkisstj. Alþýðuflokkurinn fylgir ákveðinni stefnu í skattamálum, Íhaldsflokkurinn líka. En hæstv. stj. virðist helzt ætla sér að synda einhversstaðar á milli þeirra. Á fyrsta þinginu eftir að stj. tók við völdum, féllst hún á að lækka tolla á kaffi og sykri, og jafnframt tók hún á móti heimild til að innheimta tekju og eignarskatt með 25% viðauka. Hæstv. forsrh., sem líka var fjármrh., lét ógert að nota heimildina, og hefir það af öllum verið tengt við samninga um sjómannakaup, sem fram fóru í fyrra. Ég hefi alltaf verið á móti þeirri ráðstöfun. Og í ár fetar fjármrh. í fótspor fyrirrennara síns. Hann ætlar ekki heldur að nota þessa heimild. Síðastliðið ár hefði viðaukinn numið 400 þús. kr. Ég minnist þess, að hv. 2. þm. G.-K. flutti lofræðustúf til hæstv. stj. í tilefni af þessu, og mig undrar það ekki. Ýmsum hv. þm. hefir orðið tíðrætt um bitlingaaustur stj. til einstakra manna, og því verður ekki neitað, að með þeirri ráðstöfun að gefa eftir 25% skattaukann, hefir stj. gefið ýmsum mönnum stóra bitlinga. Ég hefi leyft mér að taka upp úr skattskrám fyrir 1929 nöfn nokkurra manna, sem hafa fengið hlut af þessum 400 þús. kr. Félagið Alliance fékk lækkun á skatti, sem nam tæpum 6000 kr.; hv. 3. þm. Reykv. fékk ívilnun, sem nam 1500 kr.; félagið Kveldúlfur fékk 3000 kr. ívilnun; hv. 2. þm. G.-K. tæplega 1000 kr. ívilnun, og hv. 3. landsk. 557 kr. ívilnun. Er nú ástæða til að ætla, að þessum mönnum og félögum veitist erfiðara að greiða þessa upphæð en öllum almenningi að greiða tolla af nauðsynjavörum? Ég segi nei! Hagur þessara manna er nákvæmlega sá sami, hvort þeir borga 1000 kr. meira eða minna í skatt, en hagur almennings versnar stórkostlega við að borga tolla af nauðsynjavörum. Nei, stefna hæstv. stj. virðist nú vera farin að ganga í þá átt, að taka frá þeim, sem ekkert eiga, og gefa hinum, sem eiga mikið.

Enn vil ég minnast á eitt mál. Hugsar hæstv. stj. sér að láta þetta kjörtímabil líða svo, að ekkert verði gert til að leiðrétta það ranglæti, sem kemur fram í kjördæmaskiptingunni? Stj. ætti að vera það metnaðarmál að lagfæra kjördæmaskipunina, þar sem það er öllum vitanlegt, að hún og hennar flokkur er sterkari á þingi en vera ætti, þegar tekið er tillit til þess kjósendafjölda, sem hún hefir að baki sér. Hæstv. stj. þykist fylgja lýðræði. En það er brot á lýðræði, ef atkv. eins manns gildir meira á einum stað en öðrum. Það ætti að vera stj. metnaðarmál, þar sem hún nýtur góðs af ranglætinu, að reyna að bæta úr því, svo að ekki sé ástæða til að segja, að hún ætli sér að lafa á ranglæti og því að þverbrjóta anda lýðræðisins.

Þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort hún hugsar sér að láta bankaeftirlitsmanninn, sem nú er, Jakob Möller, sitja áfram í því sæti? Hann hefir gegnt embættinu í nokkur ár, og á allt annan veg en ég tel, að skylda hans hafi verið. Árið 1926 metur hann hag Íslandsbanka og gefur yfirlýsingar um, að bankinn eigi helminginn af hlutafénu óeytt. Nú hefir það hvað eftir annað verið fullyrt af formælendum bankans, að bankinn hafi ekki orðið fyrir verulegum töpum síðan, heldur bætt hag sinn. Samt er mat bankaeftirlitsmannsins 31. jan. þ. á. á þá leið, að a. m. k. allt hlutaféð sé tapað. Svo kemur endurmat á bankanum nokkrum dögum síðar, á þá leið, að bankinn hafi tapað 3½ milljón meira en mat bankaeftirlitsmannsins þ. 31. jan. '30 sagði. Og ekkert orð heyrist frá bankaeftirlitsmanninum um vandræði Íslandsbanka fyrr en búið er að loka honum. Stórfelld afglöp hafa verið framin við útbú bankans á Seyðisfirði, en eftirlitsmaðurinn hefir enga hugmynd um það. Hann metur útbúið þar 1926 í sambandi við heildarmatið á bankanum. Það verður ekki séð, að hann hafi talið skyldu sína að fylgjast með því, sem þar var að gerast, þótt hann hljóti að hafa vitað, að bankinn myndi tapa stórfé á bróður útbússtjórans, og að skuld hans fór stöðugt hækkandi. Allt þetta bendir til þess, að annaðhvort sé maðurinn ekki starfi sínu vaxinn, eða hann hafi vanrækt það stórkostlega. Ætlar stjórnin að láta hann sitja framvegis?

Ég get ekki látið hjá líða að minna

hæstv. stj. á það mál, sem tekið hefir mestan tíma hér í þinginu, en það er Íslandsbankamálið. Ég játa, að sú úrlausn, sem á því fékkst og hæstv. stj. studdi að, er nokkru viðunanlegri en sú, sem íhaldsflokkurinn krafðist í byrjun þingsins. Ég álít samt, að hæstv. stj. hafi í þessu máli gengið fullu feti lengra til hins verra vegar en sæmilegt megi teljast. Þegar á leið, snérist megindeilan um það, hver ætti að taka við töpum bankans. Íhaldsmenn vildu koma þeim öllum á ríkissjóðinn, en við jafnaðarmenn vildum, að ríkissjóður tæki ekki á sig önnur töp en þau, sem óhjákvæmilega hlutu að lenda á honum og Landsbankanum sem lánardrottnum bankans, og lögðum til, að komið yrði á stofn nú þegar sérstakri lánsstofnun í stað Íslandsbanka. Ég hélt lengi vel, að hæstv. stj. væri á okkar bandi, en endirinn varð, að töpunum var jafnað niður á ríkissjóð og nokkra lánardrottna bankans í hlutfallinu 2 á móti 1, ríkissjóður tók á sig ⅔. Ég tel, að á þessu hafi engin þörf verið, og að stjórnin hafi með þessu litið meira á hag einstakra manna en þjóðarheildarinnar.

Hæstv. stj. hefir hlotið ámæli nokkurt fyrir embættaveitingar sínar og beina- og bitlingaaustur til einstakra manna. Margt af þeim ámælum álít ég hreinustu hótfyndni, en sumt hefir við rök að styðjast. Ég vil því bæta dálitlu við upptalningu hv. þm. Borgf. Ég man ekki betur, en hæstv. stj. hafi falið hv. 3. landsk. að framkvæma undirbúningsrannsókn að stofnun síldarverksmiðju á Siglufirði. Það kom í ljós, að rannsókninni lokinni, að rekstraráætluninni skeikaði um 100%, vegna einfaldrar reikningsskekkju hv. 3. landsk. Þetta var nokkuð óheppilegt, eins og menn sjá. En hv. 3. landsk. mun hafa fengið á 3. þús. kr. fyrir þessa rammvitlausu útreikninga sína.

Haustið 1928 sendi hæstv. stj. hv. 1. þm. Skagf. til Akureyrar. Hann átti að ná samkomulagi við eiganda Uffe um skaðabótakröfu fyrir einhver samningsspjöll. Það mál var þannig vaxið, að hv. 1. þm. Skagf. bar bein skylda til að gera þetta, og það fyrir alls ekkert. Þeir samningar, sem hann sem atvinnumrh. gerði við eigendur skipsins, voru alveg óverjandi. En þessi för hans kostaði hátt á 2. þús. kr.

Ég drap á það áðan, að ég teldi, að margt af því, sem fundið væri hæstv. stj. til foráttu, væri ekki á rökum reist. En ég verð að segja, að svör hæstv. forsrh. hafa verið með mjög undarlegum hætti. Þegar rætt hefir verið um umframgreiðslur stj., eru svör hæstv. ráðh. til hv. 1. þm. Skagf. o. fl. á þessa leið: Þér ferst flekkur að gelta. Slíkt svar er kannske hæfilegt handa hv. 1. þm. Skagf., en það er ekki sæmilegt gagnvart hv. d. í heild sinni. Umframgreiðslur hæstv. stj. eru jafnvítaverðar, þótt hv. 1. þm. Skagf. hafi greitt ennþá meira umfram fjárl. Hæstv. ráðh. má ekki flýja í það skálkaskjól að telja allt gott eða sæmilegt, sem ekki er jafnbölvað eða verra en hjá fyrirrennurum hans, íhaldsráðherrunum.

Hv. þm. Borgf. flutti langt mál um bein og bitlinga hæstv. stj. Hann kom víða við, og ég heyrði margs getið, sem ég vissi ekki um áður. Af ræðu hv. þm. mátti ætla, að honum væri sérstaklega hugað um, að vel og sparlega væri haldið á fé ríkissjóðs. Hann virðist telja það rangt og vítavert, þegar mönnum eru fengin í hendur erfið og vandasöm störf, og greidd fyrir það laun úr ríkissjóði, án þess nokkur trygging sé fyrir því, að störfin verði leyst sæmilega af hendi. Ég felst alveg á þetta. En mér þykir undarlegt, hversu seint hv. þm. upp lýkur sinni röddu.

Hann hefir þó sannarlega haft ærið tilefni til umkvörtunar áður, í tíð fyrrv. stj. Hún hrúgaði hálaunuðum og umfangsmiklum aukastörfum á fjölmarga hæstlaunuðu embættismenn sína, einmitt þá menn, sem bezt eru launaðir allra íslenzkra embættismanna og hafa þeim embættisstörfum að gegna, að þau hljóta að taka alla starfskrafta þeirra, ef þau eru rækt eins og vera ber. Ef þessir menn hafa rækt aukastörfin samvizkusamlega, hljóta þeir að hafa tekið tíma frá embættisstörfunum, en hafi þeir rækt embættisstörfin eins og vera ber, hafa þeir hlotið að vanrækja aukastörfin. Hvorttveggja er jafnskaðlegt og siðspillandi. Á embættismenn í vandasömustu trún-

aðarstöðunum með um 10 þús. kr. embættislaunum hefir verið hlaðið þýðingarmiklum aukastörfum og þeim greitt fyrir þau stundum meira en öll embættislaunin námu. Þetta eru bitlingar. Já, sem ekki hefir verið unnið fyrir. Og ég efa eigi, að með þessu hefir íhaldsstj. haft það í huga að tryggja sér fylgi þessara áhrifamiklu manna.

Ég hefi til fróðleiks gert lauslegt yfirlit yfir föst laun og aukatekjur 10 af hæst launuðu embættis- og sýslunarmönnum ríkisins árin 1925—1927. Það sýnir sig, að bitlingar þessara 10 manna hafa numið yfir 260 þús. kr. þessi 3 ár, eða nokkru meira en öll hin föstu laun þeirra samanlögð. Og þetta eru einmitt hæst launuðu embættismennirnir. En allur þorri embættis- og starfsmanna ríkisins dregur fram lífið á sultarlaunum.

Skal ég svo víkja að upptalningunni.

Einn af prófessorunum við Háskóla Íslands er meðal þessara manna. Prófessorar eru með allra hæstlaunuðu embættismönnum ríkisins. Þeim er ætlað mikið starf og vandasamt, og laun þeirra voru upphaflega miðuð við, að þeir beittu til þess öllum kröftum og allri orku sinni, en þyrftu ekki líka að leita snapa annarsstaðar.

Ég ætla þá að lesa upp greiðslur til hans af opinberu fé árin 1925—27.

1925:

Aukavinna í stjórnarráði	kr.	421,00		
Lagafrv. fyrir sama	—	356,00		
Laun í sambandslaganefnd	—	500,00		
Setu- og varadómarastörf	—	1154,40		
Skattstjóralaun	—	3560,00		
Prófessorslaun	—	9500,00		
Skjalaheimt	—	500,00		
			15991,40	
Ferðakostnaður í sambandslaganefnd	kr.	3500,00	3500,00	
				19491,40

Af þessum 19491,40 kr. eru aðeins 9500 kr. embættislaun. Hitt allt er fyrir aukastörf, sem á hann hefir verið hlaðið. Reikningurinn verður mjög svipaður tvö næstu árin, eða

1926:

Aukavinna í stjórnarráði	kr.	2575,00		
Málfærsla	—	66,93		
Laun í sambandslaganefnd	—	500,00		
Setu- og vardómarastörf	—	803,16		
Skattstjóralaun	—	4183,25		
Prófessorslaun	—	9030,00		
Lög Íslands	—	2000,00		
				18658,34

1927:

Aukavinna í stjórnarráði	—	150,00		
Lagafrv. fyrir stj.	—	1400,00		
Sambandslagan. (laun og ferðakostnaður 500 + 2000)	—	2500,00		
Setu- og varadómarastörf	—	115,20		
Skattstjóralaun	—	3600,00		
Prófessorslaun	—	7980,00		
Lög Íslands	—	2000,00		
			17745,20	
Auk þess laun í matsnefnd Landsb.	kr.	6000,00	6000,00	
				23745,20

Samtaldar greiðslur af ríkisfé á 3 árum ..... kr. 61894,94

Skattstofan leigði í húsi hans, og eru það þægindi. Auk þessa hefir sami maður verið formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur öll árin og fengið fyrir það hér um bil 7 þús. kr. þessi ár. Ég held, að hv. þm. Borgf. hefði orðið fjölrætt um þetta, ef það hefði verið greitt af annari stj. en þeirri, sem hann studdi. Þess þarf varla að geta, að þessi háskólakennari er sanntrúaður íhaldsmaður.

Annað veglegasta embætti á landinu verður að telja stöðu skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Launin eiga og að miðast við það, að sá maður, sem í því situr, geti lifað sómasamlega af þeim án hjáverka. Þó sést, að einn þeirra hefir haft aukavinnu í sömu stjórnardeild og hann stýrir og vinnur í sitt aðalstarf. En hjáverkin eru þó miklu fleiri. Greiðslur til hans hafa numið árið

1925:			
Laun	kr.	9500,00	
Aukavinna í stjórnarráðinu	—	2100,00	
Áfengisverzlun, endurskoðun	—	2400,00	
Kirkjujarðasjóður, reikningshald	—	3000,00	
Landhelgissjóður, reikningshald	—	4000,00	
			21000,00
1926:			
Laun	kr.	9030,00	
Aukavinna í stjórnarráði	—	2100,00	
Áfengisverzlun	—	2400,00	
Kirkjujarðasjóður	—	3000,00	
Landhelgissjóður	—	4000,00	
			20530,00
1927:			
Laun	kr.	7980,00	
Aukavinna í stjórnarráðinu	—	2100,00	
Áfengisverzlun		2400,00	
Kirkjujarðasjóður	—	3000,00	
Landhelgissjóður	—	4000,00	
			19480,00
Samtals á 3 árum, 1925—27			kr. 61010,00

Föstu launin eru ekki svipað því helmingurinn af þessari upphæð. Aukastörfin gefa 34500 kr. eða kr. 11500 á ári.

Bæjarfógetaembættið í Reykjavík var vissulega eitt af allra þýðingarmestu embættum. Greiðslur til bæjarfógetans voru þessar:

1925:				
Embættislaun	kr.	9500,00		
Ýmsar embættistekjur	—	5564,46		
Innheimtulaun stimpilgjalds	—	985,96		
Laun í sambandslaganefnd	—	500,00		
Þingmannskaup	—	2114,64		
			18765,06	
Ferðakostnaður í sambandslaganefnd	kr.	4265,00	4265,00	
				22930,06
1926:				
Embættislaun	kr.	9300,00		
Ýmsar embættistekjur (áætl. þar í innheimtulaun stimpilgjalds)	—	6000,00		
Laun í sambandslaganefnd	—	500,00		
Þingmannskaup	—	1987,92		
				17787,92

1927:

Embættislaun	kr.	7950,00	
Ýmsar embættistekjur	—	4830,00	
Laun í sambandslaganefnd og ferðakostnaður (500 + 2380)	—	2880,00	
Þingmannskaup	—	1728,00	
			18503,50
		Samtals kr.	59221,48

En þó eru ótaldar vaxtatekjurnar.

Næst tek ég lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Tekjur þess voru árið 1925:

Laun	kr.	5600,00	
Innheimtulaun stimpilgjalds	—	31086,28	
— slysatryggingargjalds	—	1824,18	
			38510,46

1926:

Laun	kr.	5750,00	
Innheimtulaun etc. (áætl.)	—	30000,00	
			35750,00

1927:

Laun	kr.	5800,00	
Innheimtulaun stimpilgjalds	—	16224,87	
— slysatryggingargjalds		2662,46	
			24687,33
		Samtals kr.	98947,80

Þó eru ótalin innheimtulaun sóknargjalda og skipagjalda og fleira þesshátt-ar. Þessi maður hafði engin aukastörf á hendi, en bæjarfógetinn hafði tíma til þess, auk þess að rækja embætti sitt, að sitja á þingi og dvelja erlendis langdvöl-um sem sambandslaganefndarmaður.

Til dæmis um það, hversu síðasta stj. kepptist við að hlaða aukastörfum á starfsmenn hins opinbera, má nefna einn mann, sem var eftirlitsmaður með skipum. Honum hafa verið greidd á árinu

1926:

Laun	kr.	6000,00		
Vélstjóraskólinn (kennslukaup)	—	250,00		
Varðskip (reikningshald ½ ár)	—	5000,00		
			11250,00	
Ferðakostnaður	—	794,87		
— (til Kaupmh.)	—	1500,00		
Ferðafé (til útlanda)	—	5165,00		
			7459,88	
				18709,88

1927:

Laun fyrir eftirlit	—	6000,00		
Vélstjóraskólinn	—	400,00		
Varðskip (reikningshald)		10000,00		
			16400,00	
Ferðakostnaður	—	1537,50	1537,50	
				17937,50
		Samtals í 2 ár kr.		36647,38

Auk þess fékk sami maður drjúgar tekjur fyrir skipaskoðunina, sem borguð var af eigendum skipanna.

Ég ætla, að sungið hefði í tálknunum á hv. þm. Borgf., ef einhver annar en flokksmaður hans (MG) hefði verið svona ör á bitlingunum.

Þá er það fulltrúi einn í stjórnarráðinu. Það verður að teljast mjög ábyrgðarmikil staða, sem búast mætti við að tæki alla starfskrafta fulltrúans. En launagreiðslur hans sýna, að honum hafa verið falin ófá aukastörf. Einkennilegt er, að hann hefir, eins og reyndar skrifstofustjórinn líka, aukavinnu í sömu stjórnarskrifstofu og hann á að vinna í sitt fulla starf. Hann hafði á hendi endurskoðun hjá Brunabótafélagi Íslands, og mönnum er í minni, hvernig eftirlitið var þar, enda er skiljanlegt, að maðurinn hafi haft æði mikið að gera.

Árið 1925 voru laun hans	kr.	7298,00	
Aukavinna í stjórnarráðinu	—	1200,00	
— hjá lögreglustjóra	—	2136,00	
Endurskoðun hjá Brunabótafélaginu	—	500,00	
— slysatryggingar	—	250,00	
— ríkissjóðsskipa	—	1200,00	
— Eimskipafélags	—	1200,00	
Fiskiveiðasjóður (reikningshald)	—	1200,00	
Bjargráðasjóður (reikningshald)	—	400,00	
Setudómarastörf	—	400,00	
			15784,00
Árið 1926:			
Laun	—	6860,00	
Aukavinna í stjórnarráði	—	1200,00	
— hjá lögreglustjóra	—	2008,00	
Stjórnarlaun í Búnaðarfél. Íslands	—	500,00	
Endurskoðun Brunabótafél. Íslands	—	500,00	
— slysatryggingar	—	350,00	
— ríkissjóðsskipa	—	1200,00	
— Eimskipafélags	—	1200,00	
Fiskiveiðasjóður	—	1200,00	
Bjargráðasjóður	—	400,00	
			15418,00
Árið 1927 varð hann skrifstofustjóri, þá hækka launin upp í ..	—	8504,42	
Aukavinna í stjórnarráði	—	1200,00	
— hjá lögreglustjóra	—	1728,00	
Stjórnarlaun í Búnaðarfél. Íslands	—	416,67	
— slysatryggingar	—	1500,00	
Endurskoðun ríkissjóðsskipa	—	1200,00	
— Eimskipafélags	—	1200,00	
Fiskiveiðasjóður	—	1200,00	
Bjargráðasjóður	—	400,00	
Gæzlustjóri samábyrgðar	—	864,00	
Síldarmatsnefnd	—	300,00	
Bátaútvegslánsstofnun	—	166,67	
Rannsókn á fjárhag á Eyrarbakka	—	300,00	
			18979,76
		Samtals kr.	50181,76

Af þessu eru föstu launin aðeins 22662,00 kr. en launin fyrir aukastörfin um 27500,00 kr.

Þá má nefna einn starfsmann hins opinbera, bankaeftirlitsmann.

Árið 1925 voru embættislaun hans	kr.	17800,00	
Þingmannskaup	—	2114,64	
Ferðafé	—	1239,00	
			21153,64
Árið 1926:			
Laun	—	16733,00	
Þingmannskaup	—	1987,92	
Á Selfossi	—	122,00	
Ferðafé	—	2119,00	
			20961,92
Árið 1927:			
Laun	—	14400,00	
Þingmannskaup	—	1728,00	
Ferðafé	—	2500,00	
			18628,00
		Samtals kr.	60743,56

Hér er ekki um aukastörf að ræða nema þingmannskaupið. En kunnugir fullyrða og reynsla bendir til, að embættið hafi verið veitt manninum sem eitt meiri háttar „aukastarf".

Þá mætti nefna einn af smærri launamönnum í þessum hóp, hv. 1. þm. Reykv. Hann var þá dócent við háskólann. Auk embættisins og þingstarfanna hafði hann tíma til að endurskoða landsreikningana og sýsla við býsna margt fyrir sjálfan sig. Og þrátt fyrir öll þessi umfangsmiklu störf hafði hann ennfremur tíma til að sitja í bankanefnd og síðar bankaráði og hirða drjúg laun fyrir.

Árið 1925 voru dócentslaun hans	kr.	8010,00	
Þingmannskaup	—	2114,64	
Endurskoðun landsreikninga	—	1780,00	
Laun í bankanefnd	—	4000,00	
			15904,64
Árið 1926:			
Dócentslaun	—	7530,00	
Þingmannskaup	—	1987,92	
Endurskoðun landsreikninga	—	1673,33	
			11191,25
Árið 1927:			
Dócentslaun	—	6480,00	
Þingmannskaup	—	1728,00	
Laun í bankaráði	—	1106,67	
			9314.67
		Samtals kr.	36410,56

Þá er vegamálastjóri.

Árið 1925:				
Laun	—	9500,00		
Skipulagsnefnd	—	500,00		
Vatnamálanefnd	—	1000,00		
			11000,00	
Ferðafé	—	2811,43		
—	—	2279,30		
Fæðispeningar	—	840,00		
			5930,73	
				16930,73

Árið 1926:			
Laun	— 9030,00		
Skipulagsnefnd	— 500,00		
Vatnamálanefnd	— 1000,00		
		10530,00	
Ferðafé	— 4856,95		
Fæðispeningar	— 1092,00		
		5948,95	
			16478,95
Árið 1927:			
Laun	— 7980,00		
Skipulagsnefnd	— 1000,00		
Vatnamálanefnd	— 1000,00		
		9780,00	
Ferðafé	— 2131,45		
Fæðispeningar	— 744,00		
		2875,45	
			12855,45
		Samtals kr.	46.265,13

Aukastörf þessa manns virðast svo lítil, að hann er nánast tekinn hér með til samanburðar.

Þá má loks nefna eitthvert allra umfangsmesta starf, sem hér á landi finnst; það er starf aðalpóstmeistara. Það heimtar að sjálfsögðu alla starfskrafta mannsins, enda er það með allra hæst launuðu embættum á landinu. Þó hefir póstmeistari haft tíma til að sitja í gengisnefnd og bankaráði.

Árið 1925 voru embættislaun hans	kr.	9000,00	
Uppbót	—	4500,00	
Laun í gengisnefnd	—	900,00	
			14400,00
Árið 1926:			
Laun	—	9000,00	
Uppbót	—	4500,00	
Laun í gengisnefnd	—	1000,00	
Málskostnaður (tekið með til fróðleiks)	—	495,00	
Ferðakostnaður	—	1780,50	
			17575,50
Árið 1927:			
Laun	—	12980,00	
Laun í gengisnefnd	—	1120,00	
			14105,00
		Samtals kr.	46080,50

Um bankaráðslaun er mér ókunnugt.

Þarna hefi ég talið tíu af þeim embættismönnum þjóðarinnar, sem settir eru í allramestu trúnaðarstöður þjóðfélagsins. Það eru menn í hæsta launaflokki, menn, sem verða að beita allri orku sinni, ef þeir eiga að rækja embættin til hlítar. Þessum mönnum hefir verið greitt alls á þessum þremur árum 556908,11 kr. Föstu launin nema aðeins um 255 þús. kr. af þessari upphæð, en aukatekjurnar um 260 þús. kr., auk „ferðakostnaðar“ og dagpeninga, um 42 þús. kr. Skal hér gefið yfirlit yfir þessar greiðslur:

Fjárlög 1931 (3. umr. í Nd.).

	Laun kr.	Aukatekjur kr.		Ferðafé kr.	Samtals kr.
1. Prófessor	26510,00	+ 30384,94	+ (3000 + 2000 =)	5000,00	= 61894,94 + 7000
2. Skrifstofustjóri	26510,00	+ 34500,00			= 61010,00
3. Bæjarfógeti	26780,00	+ 27053,48	+ (3000 + 2380 =)	5380,00	= 59221,48
4. Lögreglustjóri	17150,00	+ 81797,80			= 98947,80
5. Eftirlitsmaður skipa (1926—27)	12000,00	+ 15650,00	+	8997,38	= 36647,38
6. Fulltrúi, síðan skrifstofustjóri	22662,42	+ 27519,34			= 50181,76
7. Bankaeftirlitsmaður	48933,00	+ 5952,56	+	5858,00	= 60743,56
8. Prófessor	22020,00	+ 14395,56			= 36410,56
9. Vegamálastjóri	26500,00	+ 5000,00	+	14754,13	= 46254,13
10. Póstmeistari	26480,00	+ 17325,00	+	1758,50	= 45585,50

Þess má geta, að ferðakostnaður nr. 1. og nr. 3. í sambandslaganefnd er áætlaður hluti af nefndarsetukaupi þeirra, og þykir ekki fært að setja hann hærri en 2000—3000 kr. fyrir eina ferð til Kaupmh.

Ég hefi rætt nokkuð á öðrum stað um þessa háttsemi í launagreiðslum. Ég tel hana afar fordæmanlega. Ef launakjörin eru slík, að það þurfi að bæta laun þessara embættismanna, þá á að hækka föstu launin. Hitt, að hrúga svona á þá aukastörfum, hlýtur að leiða til þess, að þeir vanræki aukastörfin og embættisstörfin líka. Það er augljóst mál, að hversu ágætur maður sem er, hversu mikill starfsmaður og fjölhæfur, þá er það ómögulegt, að hann geti annað svona mörgum tímafrekum störfum. Og það er háskalegt, að embættismenn eigi það undir stj., sem í það og það sinn situr, hvort þeir geta fengið aukatekjur fyrir einhver hjáverk, svo að þeir telji sér og sínum nokkurn veginn borgið. Ef litið er á þessa menn, sést það fljótt, að þeir eru einlit hjörð. Ég held, að hver einasti af þessum tíu mönnum hafi verið íhaldsmaður, flokksmaður fyrrv. stj.

Nú verð ég að víkja að núv. hæstv. stj. Ég hygg, að mikið af þessum ósóma þróist enn undir verndarvæng hennar. Hvort einhverjir af þessum mönnum hafa snúizt og tekið framsóknartrú, skal ég láta ósagt, en enn sem fyrr hygg ég, að mönnum í hæstu launaflokkum sé goldið stórfé fyrir störf, sem þeir ekki geta innt af hendi án þess að vanrækja embættisstörfin. Hv. þm. Borgf. hefði átt að kynna sér þetta.

Til viðbótar hefi ég tekið upp greiðslur til annara 10 manna, sem launaðir voru af opinberu fé, þessi sömu ár. Eru þeir úr allrahæsta launaflokki. Það eru bankastjórar Íslandsbanka og Landsbankans, tveir fyrrv. ráðh., hv. 1. þm. Skagf. og hv. 3. landsk., forstjóri áfengisverzlunarinnar og loks einn læknir, sem er forstjóri ljóslækningastofunnar. Ég get lesið þennan lista upp fyrir hv. d., sérstaklega til hugarhægðar hv. þm. Borgf., sem hlýtur að vera orðinn leiður á sínum smáu tölum. Þessar eru hressilegri. Þær tala sínu máli.

Efst á blaði er:

	Laun kr.	Aukatekjur kr.		Ferðafé kr.		Samtals kr.
1. Bankastjóri Íslandsbanka	120000,00	+ 1500,00			=	121500,00
2. Bankastjóri Íslandsbanka	72000,00	+ 8304,56			=	80304,56
3. Bankastjóri Íslandsbanka	72000,00				=	72000,00
4. Bankastjóri Landsbankans	72000,00	+ 1300,00			=	73300,00
5. Bankastjóri Landsbankans	72000,00	+ 10201,04	+	407,00	=	82608,04
6. Bankastjóri Landsbankans	72000,00			?	=	72000,00
7. 3. landsk. (ráðh. 2⅔ ár)	32986,64	+ 13047,20			=	46033,84
8. 1. þm. Skagf. (ráðh. 2⅔ ár)	32986,64	+ 14595,59	+	1192,50	=	48774,73
9. Forstjóri Áfengisverzlunar	56500,00				=	56500,00
10. Forstjóri ljóslækningastofu	60200,00				=	60200,00

Sundurliðaðar greiðslur til ráðh. hafa numið:

Jón Þorláksson, núv. hv. 3. landsk.

Árið 1925:

Þingmannskaup	kr.	2114,64
Ráðherralaun	—	12500,00
Eimskipafélag	—	500,00
		15114,64

Árið 1926:			
Þingmannskaup	—	1987,92	
Ráðherralaun	—	12500,00	
(Ókeypis húsnæði 3 mán.)	—	?	
Risnufé (½ ár)	—	2000,00	
Húsaleiga greidd	—	1050,00	
Eimskipafélag	—	500,00	
			18037,92
Árið 1927:			
Þingmannskaup	—	1728,00	
Ráðherralaun (⅔ árs)	—	7986,64	
Risnufé	—	2666,64	
Eimskipafélag	—	500,00	
			12881,28
		Samtals kr.	46033,84

Auk þess sat hann í bankaráði Íslandsbanka sem form., og segir Morgunblaðið, að fyrir það starf sé greitt 6000 kr. á ári.

Magnús Guðmundsson, hv. 1. þm. Skagf.

Árið 1925:			
Þingmannskaup	kr.	2114,64	
Ráðherralaun	—	12500,00	
Eftirlit emb.	—	437,00	
			15051,64
Árið 1926:			
Þingmannskaup	—	1987,92	
Ráðherralaun	—	12500,00	
— (hálf í 6 mán.)	—	3125,00	
Eftirlit emb.	—	752,50	
			18396,42
Árið 1927:			
Þingmannskaup	—	1728,00	
Ráðherralaun (1½ emb. 9 mán.)	—	11979,92	
		13707,92	
Fyrir ferð til Akureyrar e.s. Uffe		1645,75	
			15353,67
		Samtals kr.	48774,73

Samtals nema launagreiðslur til þessara síðari 10 manna 713221,17 krónum a. m. k. á þessum þremur árum, eða yfir 710 þús. auk ferðakostnaðar. En hinir fyrrnefndu 10 opinberu starfsmenn hafa fengið um 520 þús. í starfslaun, auk ferðakostnaðar, á sama tíma af opinberu fé. Samanlögð starfslaun þessara 20 manna af opinberu fé í þessi 3 ár hafa því numið líðlega 1 millj. 23 þús. kr. Ýmsir þeirra hafa haft tekjur þar fyrir utan, en það er mér ókunnugt um, enda kemur það þessu máli minna við. Þó hafa þeir að sjálfsögðu orðið að leggja einhverja vinnu fram til þess að afla þeirra tekna. En opinberu greiðslurnar nema 61500 kr. á mann, þó að ferðakostnaður sé frátalinn, eða 20500 kr. árlega á mann, eins og auðreiknað er af heildartölunum. Það er því nær helmingi hærra en laun þessara manna eru ákveðin í lögum. Þetta er ekki annað en að auka laun hæst launuðu mannanna í landinu, sem þannig eru hlaðnir viðbótarstörfum, sem þeim er ómögulegt að inna af hendi. Þetta er sú allra hættulegasta bitlingapólitík, beinhákallapólitík, sem hægt er að hugsa sér. Hæstv. núv. stj. segir til, hvort hún heldur þessari háttsemi áfram.

Ég gæti haldið áfram lengi að telja

upp greiðslur svipaðar þessum. Sendiherra vor í Kaupmannahöfn hefir fengið yfir 100 þús. kr. fyrir 1½—2 ár og erindreka landsins í Miðjarðarhafslöndunum hafa verið greiddar 104900 kr. á þremur árum. En ég skal ekki lengja þetta meira að sinni.

Ég tók eftir, að hv. þm. Borgf. drap í ræðu sinni, sem mér annars þótti fróðleg á marga lund, meðal annars á tvær nefndir. Mér er málið skylt, því að ég hefi átt sæti í þeim báðum. Hann sagði, að sparnaðarnefndin eða ríkisgjaldanefndin mundi hafa kostað um 18 þús. kr. Mér er ekki kunnugt um, hver kostnaðurinn hefir orðið. En af því að hann sagði, að eftirtekjan hefði engin orðið, þykir mér rétt að skýra frá, hvað af starfi n. hefir leitt. N. hefir samið og gefið út ítarlega og fróðlega skýrslu um útgjöld þriggja ára úr ríkissjóði. Hafa þær skýrslur leitt í ljós hið gífurlega fjárbruðl og bitlingaaustur fyrrv. stj., t. d. aukatekjur þeirra manna, sem ég hefi talið hér upp. Um þetta var þjóðinni alveg ókunnugt, því að landsreikningurinn leynir meiru en hann segir frá um þessa hluti, eins og hann nú er saminn.

Eftir að þær upplýsingar fengust, hefir verið tekin upp ýmis nýbreytni svo sem það, að ríkið eignaðist sína eigin prentsmiðju, tekin upp sameiginleg innkaup fyrir varðskip ríkisins og spítalana. Nú er farið að reisa hús fyrir opinberar skrifstofur í stað þess að leigja fyrir þær dýrt og óhentugt húsnæði hjá einstökum mönnum o. s. frv.

Það var ómögulegt að taka ákvarðanir um þessa hluti, nema upplýsingar væru fyrir hendi um árlegan kostnað í sambandi við þá, t. d. prentun, húsaleigu, ræstingu, kostnað við varðskipin, kostnað við spítalana o. fl. Í skýrslunni, sem ég drap á áðan, sést, að bæjarfógetinn í Reykjavík hefir haft í innheimtulaun stimpilgjalds margar þúsundir króna ár hvert, lögreglustjórinn hvorki meira né minna en 30 þús. kr. af sama tekjustofni. Ég er viss um að hv. þm. hefir ekki verið kunnugt um, hve stórfelldar tekjur hér var um að ræða, áður en skýrsla ríkisgjaldanefndar kom út. Síðan hefir þessum embættum verið breytt. Ennfremur hafa nefndir þær, sem fjallað hafa um *póst- og símamál og kirkjumál*, að miklu leyti stuðzt við skýrslur ríkisgjaldanefndar. Og almenningur hefir þar í fyrsta sinn fengið glöggt yfirlit yfir, hvernig fé ríkissjóðs er notað.

Ég get gjarnan skýrt frá því, úr því að farið var að minnast á þetta á annað borð, að ég hefi unnið í ríkisgjaldanefndinni í fjóra mánuði og fengið fyrir það eitthvað í kringum 2000 kr. Og verð ég að álíta, að ég hafi verið vel að þeim kominn fyrir starf mitt. Annars verð ég að játa það, að það liggur við að ég roðni, þegar ég ber þessa greiðslu til mín saman við ýmsar greiðslur fyrrv. stj. Samanburðurinn gefur í skyn, að ég sé heldur lítill afkastamaður, samanborið við ýmsa gæðinga íhaldsstj., enda fæ ég oft að heyra það, að ég fari seint á fætur.

Þá hefi ég á þessu ári fengið 1125 kr. fyrir störf á síðasta ári í *mþm.* í skattamálum, og læt ég hv. þdm. um það að dæma um, hvort ég hefi fyrir því fé unnið eða ekki. Ég hefi nú þegar lagt fyrir þessa hv. d. fimm frv. og till. um skattamál. Hv. 1. þm. Skagf. á nú sæti í þessari n. með mér, nagar sama beinið. Hann hefir áreiðanlega ekki fengið minna en ég á árinu. Ekki heyrði ég hv. þm. Borgf. telja það eftir.

Þessi eru nú þau „bein", sem ég hefi fengið. Annað þeirra, skattamálanefndin, er frá þinginu. Þessi hv. d. kaus mig í n.

Hv. íhaldsmenn mega teljast, margir hverjir, hreinustu sérfræðingar í bitlingaaustri og beinaáti, en þeir vilja sannarlega hafa kjöt á beinum sínum. Þegar þeir því dylgja með það, að núv. stj. kaupi sér stuðning með bitlingum, sýnir það bara, hvernig þeir hafa notað bitlingana og þegið þá. Slíkur hugsunarháttur, sem þar kemur fram, er vitni þess, að hægt er að kaupa þessa menn sjálfa, enda væri hægt að sýna, að svo er, ef athuguð væri saga íhaldsstj. og flokks hennar. Hér sannast gamla máltækið: Margur heldur mann af sér, eða á dönsku, svo að hv. íhaldsmenn skilji: Tyv tror hver Mand stjæler.

Hv. þm. Vestm. veik að okkur jafnaðarmönnum nokkrum orðum út af Síldareinkasölunni.

Við jafnaðarmenn töldum þá lausn á

síldarmálunum ófullkomna, en þó til bóta frá því, sem áður var. Við bentum strax á galla einkasölulaganna, og reynslan hefir sannað mál okkar. T. d. veldur skortur á rekstrarfé því, að sjómenn og útgerðarmenn fá ekki andvirði síldarinnar fyrr en seint og um síðir. Mistökin, sem urðu á rekstri einkasölunnar síðastliðið ár, stöfuðu af því, að stj. hennar notaði ekki heimildina frá síðasta þingi um að taka söltunina í sínar hendur. Af þessu leiddi misræmi milli veiðileyfa og söltunarleyfa, þannig, að sumar stöðvar vantaði tunnur, þótt aðrar hefðu yfrið nóg. Morgunblaðið flutti eiifar rógsögur út af þessum mistökum, og virðist hv. þm. Vestm. byggja á þeim, og hefði hann þó heldur átt að gera Alþýðublaðið að heimild sinni í þessu máli, því að það birti skýrslu framkvæmdastjóra Síldareinkasölunnar um tunnubirgðir og tunnuinnflutning á hverjum tíma.

Hv. 2. þm. G.-K. virtist ætla að gera eldhúsdag að ritstjóra Alþýðublaðsins og skoðanabræðrum hans í þessari hv. d. Mér varð nú að orði, að hann ætlaði að fara að lauga sig í skolpinu af hv. þm. Mýr. Kjass þessara hv. þm. og bliðmæli hvors til annars læt ég þá um, og vel get ég unnað þeim þess báðum að hreinsa sig hvor í annars skólpi. Þar hæfir skel ....

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að sér kæmi það undarlega fyrir sjónir, að við jafnaðarmenn skyldum ekki bera fram vantraust á stj., úr því að við værum með aðfinnslur við hana.

Þessi hv. þm. hefir drepið á þetta sama áður, og ég þá svarað honum, svo að ég þarf ekki að gera það nú. Aðeins get ég endurtekið það, að það er ekki vegna okkar jafnaðarmanna, sem framsóknarstj. situr, heldur vegna synda íhaldsmanna, og þar með synda hv. 2. þm. G.-K., eins og ég skal sýna með nokkrum dæmum.

Hv. 2. þm. G.-K. mun mega teljast með hinum áhrifamestu mönnum í flokki sínum. Þegar hér á Alþingi var borið fram frv. um að lögvernda heilsu sjómannanna á togurum, var engin hatrammari á móti því en einmitt hv. 2. þm. G.-K., og hefði hann þó átt að vera fylgjandi þessu frv., þar sem það tryggði heilsu og starfsorku þeirra manna, sem þessi hv. þm. á allan sinn gróða undir. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram, að íhaldið snérist óskipt á sveif með hv. 2. þm. G.-K. í þessu máli, en Framsóknarflokkurinn reyndist þá miklu skárri, hann viðurkenndi nauðsynina, sem á því var, að lögfesta 8 stunda hvíld á togurum, og svo lauk, að samþ. var að lögfesta 8 tíma hvíldartíma á togurunum, þrátt fyrir megna andstöðu hv. 2. þm. G.-K. og flokksbræðra hans. Sjómenn og verkamenn muna afstöðu hv. 2. þm. G.-K. og flokks hans til þessa máls og óska ekki að auka áhrif slíkra manna á Alþingi.

Dæmi eins og þetta veldur því, að samanburður á Framsóknar- og Íhaldsflokknum verður til þess að prýða Framsóknarflokkinn í augum þjóðarinnar og það jafnvel langtum meira en góðu hófi gegnir, eimitt vegna þess, hve ósvífni íhaldsmanna er áberandi.

Í fyrra lá hér fyrir þinginu frv. til laga um verkamannabústaði, þar sem gert var ráð fyrir 2 kr. framlagi frá ríkinu á hvern íbúa þess bæjar, sem notfærði sér þessi lög, gegn jafnmiklu tillagi frá bæjarsjóði. Á móti þessari tilraun til að hjálpa verkamönnum, sem vinna að því að skapa arð fyrir fyrirtæki hv. 2. þ.m G.-K., barðist hann með hnúum og hnefum. Og ekki nóg með það, heldur tók hann sér far út um land, til þess að predika það fyrir bændum, að ekki ætti að hjálpa verkamönnunum á mölinni til þess að byggja yfir sig, heldur ætti að einbeina getu ríkissjóðsins til sveitanna. Þannig reyndi hv. 2. þm. G.-K. að afla sér fylgis hjá bændum með þeim ógeðslegustu smjaðurslátum, sem ég minnist að hafa séð eða heyrt. Maðurinn, sem á allt sitt gengi undir verkalýð kaupstaðanna, sem hefir skapað fyrirtæki hans stórfeldan arð með vinnu sinni, hælir sér af því við bændur, að hann vilji engan eyri láta leggja úr ríkissjóði til þess að hjálpa þessu fólki til að losna við húsaleigu og óholl húsakynni, heldur einbeina allri getu ríkissjóðsins til bændanna, sem hann er að fala atkvæði hjá.

Í Íslandsbankamálinu lét stj. þó nægja að flytja $^{2}/_{3}$ af tapinu yfir á Útvegsbank-

ann og ríkið, í stað þess sem hv. 2. þm. G.-K. og hans flokksbræður vildu demba allri skuldasúpunni á ríkissjóðinn og það alveg að órannsökuðu máli. (ÓTh: Hvernig fær hv. þm. þetta hlutfall?). Ég hefi svo oft útskýrt það áður, að hv. 2. þm. G.-K. ætti að vera farinn að skilja, en ég get samt gert það í eitt skipti enn. Ég á við það, að framlag ríkisins til Útvegsbankans og Íslandsbanka nemur 4½ millj. kr., móti 2– 2½ millj. frá einstökum mönnum.

Það hverfur allt að því sama, sem ég áður sagði, að það eru verknaðar- vanrækslu- og ásetningssyndir Íhaldsins, sem valda því, að Framsóknarstj. fer með völdin í landinu. Þjóðinni hrýs hugur við því, að fá Íhaldinu aftur völdin í hendur. Það eru ekki jafnaðarmenn, sem valda því, að Framsóknarstj. fer með völd. Það var um tvennt að velja: Íhalds- eða Framsóknarstj. Hvortveggja kosturinn var illur, en af tvennu illu ber fremur að velja hið skárra. Þess vegna er það, að við jafnaðarmenn erum enn hlutlausir gagnvart hæstv. stj. Sjálfir höfum við ekki þann styrk að líkur séu til, að við gætum tekið við völdum þótt nýjar kosningar færu fram. Eftir sem áður yrði um að velja litla Íhaldið eða stóra Íhaldið, og stóra Íhaldið hefir til þessa reynst enn þá verra en það litla.

Ég vil að lokum minna hv. 2. þm. G.-K. á orð Snorra goða við Flosa. Flosi var á undanhaldi, og vildi komast með mönnum sínum til vígis í Almannagjá. Er ekki ósvipað ástatt nú um Íhaldsflokkinn. Hann er á undanhaldi, en vill þó feginn reyna að ná vígi í stjórnarstólunum. En gefum Njálu orðið: "Þeir Flosi höfðu hörfað neðan milli Virkisbúðar ok Hlaðbúðar, en Snorri goði fylkt þar liði sínu svo þykkt, að þeim gekk ekki að fara. Kallaði Snorri þá á Flosa: „Hví farið þér svo geystir eða hverir elta yður?“ Flosi svarar: „Eigi spyrr þú þessa af því, er eigi vitir þú það áður. En hvort veldur þú því, er vér megum eigi sækja til vígis í Almannagjá?“ „Eigi veld ek því“, segir Snorri, „en hitt er satt, at ek veit, hverir valda — ok mun ek segja þér, ef þú vill, að þeir valda því, Þorvaldur kroppinskeggi og Kolur“. Þeir voru þá báðir dauðir ok höfðu verið hin mestu illmenni í liði Flosa“.

Þeir sem valda því, að Íhaldsmenn ná ekki vígi í stjórnarstólunum, eru þeir Þorvaldur kroppinskeggi og Kolur verknaðar- og vanrækslusyndir Íhaldsstj., ásamt minningunni um tilraunir þær, sem flokkurinn síðan hefir gert til þess að koma alþýðunni í fullkomna fjötra atvinnukúgunar og ánauðar með ríkislögreglu, þrælalögunum og dráps-klyfjum nauðsynjatolla.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Síðan ég talaði hér í gær hafa tveir hv. þm. yrt á mig, og mun ég svara þeim báðum að nokkru, þótt þar sé allmikill baggamunur. Hv. þm. Borgf. fór svo hógværlegum orðum um athafnir stj. í þetta sinn, að ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í ræðu hans, enda er hann nú búinn að tala tvisvar, en allt öðru máli er að gegn um hv. þm. Ísaf., er gaf mér tilefni til langrar ræðu. Af þeim atriðum, sem ég ætla að drepa á í ræðu hv. þm. Borgf. skal ég nefna þessi.

Hv. þm. furðaði sig á, að ég skyldi hafa talað um töluna 10 í sambandi við ræðu hans, en ég ritaði hjá mér þau atriði í fyrri ræðu hans, sem mér þóttu verð að svara, og þau voru hvorki fleiri né færri en 10, og tók ég þau öll fyrir og sýndi fram á villurnar, þannig, að ekki stóð steinn yfir steini.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ég hefði farið í gegnum sjálfan mig er ég svaraði honum, en það er auðvitað alger misskilningur, að öðru leyti en því, sem ég tók fram sem ellefta atriði ræðu minnar, að ég hefði breytt um skoðun að því er snertir álit á honum sem fjármálamanni.

Hv. þm. spurði með fjálgleik, hver hefði ákveðið laun útvarpsstjóra. Það gerði ég, en fór þar eftir vilja og till. mþn., sem þingið hafði ekki haft neitt að athuga við, svo að ég var bundinn við það.

Þá talaði hv. þm. um gengismálið og sagði, að stj. hefði ekki tekið í þá hendi, sem henni hefði verið rétt til að koma vilja sínum fram. Hv. þm. á þar máske við framkomu sumra flokksmanna hans hér í hv. Nd. í því máli, en þá vil ég láta

hann vita það, að við þá hönd þurfti ég ekki að styðjast, því að árið 1926 hafði ég komið frv. um verðfesting gjaldeyrisins í gegn í Nd. Í Ed. eru íhaldsmenn allir aftur á móti ákveðnir á móti verðfestingu, en það er líka af því, að þar hafa þeir ákveðinn foringja, sem alltaf hefir verið henni mótfallinn, og jafnaðarmennirnir eru báðir ákveðnir andstæðingar verðfestingar. Sú útrétta hönd, sem hv. þm. er að tala um, hefði því að engum notum komið, því að verðfesting hefði aldrei komizt í gegnum Ed.

Þá spurði hv. þm., hvort stj. hefði greitt manni einum allmikið fé fyrir að þýða lög á franska tungu, og þýðingin hefði reynzt léleg. Um það atriði er það að segja, að þessi maður hefir ekki þýtt ein lög, heldur mörg, og mér er kunnugt um það, að þetta er menntaður maður og auk þess hefir hann verið dómtúlkur, þannig, að ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi leyst þýðingarnar illa af hendi.

Annars vil ég geta þess, að ég geri ekki ráð fyrir, að þessi maður þurfi að hlaupa frekar undir bagga með lagaþýðingar, sökum þess að hinn nýi fulltrúi í utanríkisráðuneytinu mun annast það starf, og þótt það kunni að fara vaxandi, vona ég, að hann geti komizt yfir það.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort ekki væri illa gengið frá ákvæðum þeirrar reglugerðar, sem gefin hefir verið út um skoðun bifreiða, og hvort allt fé ætti að renna til skoðunarmannanna. Ég skal játa, að upphaf 9. gr. virðist í fljótu bragði benda á þetta, en 7. gr. segir allt annað og tekur af allan efa í því efni. Fé rennur beint í ríkissjóð, en skoðunarmennirnir fá síðan laun sín greidd úr honum, og þannig hefir það þegar verið nú í tvö ár.

Þá kem ég að síðasta atriðinu í ræðu hv. þm. Borgf., sem ég þarf að svara, en það var sú spurning, hvort það væri satt, að greiddar hefðu verið 500 kr. fyrir að semja reglugerð, sem var 7 gr. Þetta er ekki rétt, en þeim manni, sem samdi þessa reglugerð, og ítarlega grg. með og aths., hafa verið greiddar 500 kr. fyrir það og marga aðra aðstoð, sem hann hefir veitt, og ef hv. þm. vissi, hversu mikil hún er, myndi hann varla telja þá þóknun of háa. Annars get ég upplýst það, að þessi aukastörf, sem unnin hafa verið í stjórnarráðinu, orsakast að nokkru af því, að skrifstofustjórinn í atvmrn. hefir átt við mikla vanheilsu að búa, og þá er það ekki undarlegt, einkanlega þar sem hann er afkastamaður mikill, þótt einhverja aðstoð þurfi að fá til að fylla skarðið.

Þá get ég nú snúið mér að ninni löngu og skemmtilegu ræðu hv. þm. Ísaf., sem hann hóf um nónbil og endaði er klukkan var farin að ganga átta.

Þessi ræða var dálítið sérkennileg og með öðrum hætti en aðrar þær ræður, sem fluttar hafa verið á þessum eldhúsdegi, enda var hún ekki ólík þeim ræðum, er við fluttum á þingi 1927, það er að segja, hún var eiginlega kosningaræða, eins og bæði ég og aðrir hafa haldið. Það er nú alkunnugt, að á þeim lista, sem Alþýðuflokkurinn mun bera fram, verður hv. þm. Ísaf. efstur, og út frá því sjónarmiði vil ég dæma ræðu hans.

Það var einkanlega ljóst á fyrri hluta ræðunnar, að hún var til þess ætluð að vera kosningarbeita og birtast í Alþýðublaðinu næstu daga til að hafa áhrif á kjósendurna.

Ræða hv. þm. Ísaf. sýndi það, að hann óttaðist ekki Íhaldið, heldur Framsóknarflokkinn, enda var meginárás hans beint að honum, því að sú hætta vofir yfir hv. þm., að Framsókn verði honum nokkuð skeinuhætt við næstu kosningar.

Það er því ekkert undarlegt, þótt hv. þm. harmi það, að frambjóðandi Framsóknarflokksins stækkar við hverja árás, sem íhaldið gerir á hann, en sú er trú mín, að hann haldi áfram að stækka, og það því frekar, sem þessi hv. þm. gerir harðari sókn á hendur honum.

Allur fyrri hluti ræðu hv. þm. var um Framsókn og Íhald og stefnumál þeirra, en eins og góður ræðumaður valdi hann sér grundvöll til að ganga út frá og byggja á. Hv. þm. vitnaði í grein eftir ritstjóra Tímans, þar sem hann hefði sagt, að Framsókn væri nú búin að koma fram öllum sínum áhugamálum, og af því dró hann svo þá ályktun, að flokkurinn ætti engin áhugamál og enga stefnu, og að þetta væri hrein þrotabúsyfirlýsing.

Ég verð nú að segja, að það hefði verið svo, ef hv. þm. hefði haldið rétt á málunum, en svo var það ekki. Hv. þm. sleit setningu út úr samhengi úr grein, sem eitt sinn stóð í Tímanum, og þar var sagt, að Framsókn hefði nú komið ýmsum áhugamálum sínum fram.

Ég skal nú í þessu sambandi minna á eitt frægt dæmi, sem bar við á þeim tímum, þegar dýrtíðin var sem mest í landinu. Þá var það, að einum merkum verkfræðingi var falið að gera áætlun um mótöku fyrir Reykjavíkurbæ. Þessum merka manni, sem nú er einn af leiðandi mönnum Íhaldsins, varð sú skyssa á, eftir því sem sagan hermir, að áætla rangt um það, hversu mikið væri í einu móhripi, og það varð aftur til þess, að útreikningurinn varð allur vitlaus, af því að grundvöllurinn var vitlaus. Það er því ekki leiðum að líkjast fyrir hv. þm. Ísaf., er hann lætur sig henda hina sömu skyssu. Grundvöllurinn undir ræðunni var ótraustur. En ég skal aðeins benda hv. þm. á það, að slíkt er honum til einskis sóma, og gjalda ætti hann varhuga við því, að byggja ræður sínar á svo ótraustum grundvelli, þegar hann leggur á stað í landskjörið í sumar.

Þá vil ég víkja að þeim meginkafla ræðu hv. þm., þar sem hann staðhæfði, að við Framsóknarmenn hefðum engin stefnumál. Ég vil hér með, í mínu nafni og flokksins, neita þessu algerlega. Slík fullyrðing er flutt gegn betri vitund og gegn öllum skynsamlegum rökum. Við Framsóknarmenn höfum meiri og víðtækari stefnumál en allir aðrir flokkar hér á landi. Við höfum stefnumál á öllum sviðum atvinnumála, menningarmála og þjóðmála yfirleitt. Við höfum þegar látið okkur skipta ýms þrifamál, bæði til lands og sjávar. Í landbúnaðarmálum erum við þegar farnir að hrinda stefnumálum okkar í framkvæmd með sívaxandi krafti, í samvinnumálum sömuleiðis, enda þótt við séum komnir stutt áleiðis að tiltölu við þau ótæmandi verkefni, sem fyrir hendi eru. Í iðnaði, verzlun og fiskiveiðum erum við aðeins að byrja og eigum mjög langt í land. Í menningar-, mannréttinda- og mannúðar-málum höfum við þegar látið allverulega til okkar taka og munum halda því áfram. Allstaðar eru verkefnin og við munum ekki láta neitt það mál afskiptalaust, er til nytsemdar horfir landi og lýð. Framsóknarflokkurinn hefir ekki legið á liði sínu þennan stutta tíma, sem hann hefir haft völdin, og hann mun ekki gera það framvegis. Hv. þm. veit þetta ósköp vel og þarf því eigi að tala á þennan veg. Hann veit, að við viljum vinna að alhliða þróun þjóðarinnar á grundvelli frjálsra samtaka og aukinnar menntunar. Það má segja um verkefni framtíðarinnar líkt og sagt var um orminn í Lermuvatni, að ef eitt höfuð var höggvið af honum, þá spruttu jafnharðan tvö í staðinn. Jafnskjótt sem eitt verkefnið er leyst, spretta mörg í staðinn. Þetta er lögmál allrar framþróunar og framsóknar.

Hv. þm. talaði um baráttu okkar í landbúnaðarmálum. Hann sagði, að fundir okkar út um land væru leiðinlegir fundir. Þar væri ekki um annað talað en jarðræktarlög, frystihús, búfjárrækt, áburðarhús, Búnaðarbanka og því líkt. Já, það má vel vera, að hv. þm. leiðist að hlusta á svona hégóma, en ef svo er, þá er ekki annað fyrir hann en hætta að fara á þessa leiðinlegu fundi og halda sér í þess stað við kaupstaðina einvörðungu. Það væri mörgum kært, ef hv. þm. vildi taka upp þá hátterni í framtíðinni.

Hv. þm. hélt nú áfram „kritik" sinni á flokknum. Hann útmálaði klofningsinn í flokknum, bæði um einstök mál og innbyrðis. Það er nú svo með menn, að þeir eru sjaldnast steyptir í sama mót, og allra sízt þegar um er að ræða sjálfstætt hugsandi menn. Svo ber og á það að líta, að núv. stj. er ekki meirihlutastj. og á því örðugt með að halda strikinu beinu, þar sem á báðar hliðar eru flokkar, sem toga til hinna ítrustu öfga í þjóðmálum. Það er því með öllu ómögulegt fyrir minni hluta stj. að stýra beint milli öfganna fremur en milli skers og báru. En hv. þm. vil ég segja það, að hann ætti sízt að tala digurbarkalega um slíka hluti. Hann veit það, hv. þm., að þó að einhver klofningur kunni að vera í flokki okkar, þá er hann þó meiri í Íhaldsflokknum, en langsamlega mestur í flokki hv. þm. sjálfs. Í engum flokki

hér á landi eru þvílíkir þverbrestir, sem í Alþýðuflokknum. Þar er nú ástandið svo bágborið, að minni hl. hefir þau orð um, að hann vilji gera meiri hl. allt til bölvunar, sem hann geti. Er þessa svo skammt að minnast, að hv. þm. ætti varla að vera búinn að gleyma því. Við höfum fylgzt með löngum skrifum frá Vestmannaeyjum, þar sem er einhver hinn hatrammasti bræðrabardagi, sem við höfum sögur af í íslenzkum þjóðmálum. Í sambandi við þetta berast svo yfirlýsingar víða utan af landi, og allar bera þær vitni hinum mikla klofningi innan þessa flokks. Annars þýðir ekki um slíkt að sakast, því þetta á sér stað í öllum flokkum, sérstaklega þegar þeir eru orðnir stórir.

Hv. þm. hélt enn áfram kritik sinni á Framsóknarflokknum, og veittist nú sérstaklega að mér, sem form. stj. Tilefnið var það, að ég teldi mig vera fulltrúa bændanna í landstj. Hv. þm. fer hér að vísu ekki með rétt mál, því að hann getur þess ekki, að ég hefi ávallt talið mig sérstaklega sem fulltrúa bændanna. Þetta er töluvert ólíkt. Hitt er vitanlega alveg rétt, að ég er ráðh. allrar þjóðarinnar, en þó dettur mér ekki í hug að afneita svo minni fortíð og minu eðli, að ég þori ekki að kannast hreinskilnislega við það, að ég hefi til þessa helgað mig málefnum bændanna, vegna þess, hversu þau hafa verið vanrækt til þessa, og vegna þess að framtíð þjóðarinnar krefst þess, að gert sé eitthvað til þess að forða landbúnaðinum íslenzka frá því að hrynja í rústir.

Það væri því rangt af mér að vilja ekki kannast við, að ég er kominn inn í þingið og í ráðherrasæti sem fulltrúi bændanna sérstaklega. Ég er viss um það, að flokksmenn hv. þm., t. d. ráðh. í Danmörku og á Englandi, munu fyrst og fremst telja sig fulltrúa verkamanna, enda þótt þeir séu um leið almennir embættismenn. En þó að við framsóknarmenn teljum okkur fyrst og fremst fulltrúa bændanna, þá held ég að við höfum ekki vanrækt að beita okkur fyrir ýmsum framfara- og menningarmálum annara stétta. Vil ég þar nefna nokkur dæmi þess, hve alhliða við beitum okkur fyrir nytsemdarmálum til lands og sjávar.

Þingið í fyrra samþ. lög um verkamannabústaði. Hv. 2. þm. Reykv. bar fram frv. um þetta efni, en það var svo úr garði gert, að engin leið var að samþ. það. En hver var það svo, sem bjó málið í færan búning og beitti sér fyrir framgangi þess? Það var nú enginn annar en atvmrh. Framsóknarflokksins og bændanna, sem það gerði.

Á þinginu 1928 bar hv. þm. Ísaf. fram till. um styrk til sjómanna á Ísaf. til samvinnufélags þeirra. Sú till. var felld. Hver var það svo, sem tók málið upp að nýju, aflaði því fylgis og fékk það samþ.? Það var atvmrh. bændanna, sem gerði það. Þessu ætti hv. þm. Ísaf. ekki að gleyma, því að með þessu hefir Framsókn sýnt fullan skilning á þörfum kjördæmis hans, sem þó er alls ekki sveitakjördæmi.

Þá má og nefna rýmkun kosningaréttarins. Það var enginn annar en atvmrh. Framsóknar, sem bar það mál fram í fyrra og leiddi til sigurs.

Enn má nefna umbætur þær á kjörum sjómanna, sem nú eru að fara í gegn um þingið, og eru fluttar af núv. stj.

Svona má lengi telja áfram. Við höfum t. d. með atkv. okkar stuðlað að því að bæta kjör togarahaseta. Við höfum yfirleitt sýnt fulla samúð og fullan skilning á þörfum og nauðsynjum annara stétta þjóðfélagsins. Við höfum í ríkum mæli notað aðstöðu okkar til þess að koma fram margvíslegum mannúðar- og mannréttindamálum þeirra, sem minni máttar eru. Ég er því í mínum fulla rétti, þótt ég telji mig sérstaklega sem fulltrúa bændanna, vegna þess að ekki verður með rökum sýnt, að ég hafi látið áhuga minn á málum landbúnaðarins verða til þess að draga úr framkvæmdum stj. á öðrum sviðum.

Hv. þm. Ísaf. hélt áfram hinni ítarlegu gagnrýni á Framsóknarflokknum og kom nú inn á það, hversu misskipt væri fjárstyrkjum af hálfu hins opinbera til landbúnaðar og til sjávarútvegs. Þessu til sönnunar benti hann á það, að Búnaðarfélag Íslands fengi miklu meiri fjárstyrk heldur en Fiskifélagið. Jú, það er að vísu rétt, að Búnaðarfélagsstyrkurinn er meiri, en hv. þm. mælir af ókunnugleik, ef hann vill gera þessi tvö félög

hliðstæð, og hann má alls ekki draga af krónutölu styrksins nokkra ályktun um aðbúnað ríkisins að þessum stofnunum. Búnaðarfélagið hefir svo umfangsmikil störf með höndum og svo fjölháttaðar framkvæmdir á sviði landbúnaðarins, að það er ekki berandi saman við Fiskifélagið. Og þegar hv. þm. er að tala um styrki til landbúnaðarins, þá gætir hann þess alls ekki, að verulegur hluti þeirra rennur til kaupstaða og kauptúna landsins. Ég skal aðeins geta þess, að hæsta búnaðarfélag landsins að dagsverkatölu mun vera Jarðræktarfélag Reykjavíkur. Líkt má segja um búnaðarfélög t. d. í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og víðar. Hvað Ísafjörð snertir, þá er nú verið að gera breyt. á jarðræktarlögunum, til þess að Ísfirðingar geti notið góðs af jarðræktarstyrknum. Þegar Búnaðarbankinn verður kominn á fót, þá mun verða stofnuð sérstök lánadeild fyrir smábýli við kaupstaði og kauptún. Þegar þess vegna þessir tveir hv. þm., hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. Reykv., eru að gera samanburð milli sveita og kaupstaða í þessum efnum, þá fara þeir mjög villir vegar, því að það er í mjög vaxandi mæli, sem Búnaðarfélagið leggur til aukinnar ræktunar í kaupstöðum og kauptúnum, og er það vel farið.

Þá kastaði hv. þm. þeim hanzka að okkur Framsóknarmönnum, að við afflyttum aðrar stéttir landsins, og okkar barátta gengi út á að rífa frá kaupstöðunum og efla sveitirnar á kostnað þeirra. Ég neita því, að nokkur sérstakur svipur sé yfir baráttu okkar, sem bendi til slíks, sem hér er borið á okkur. Það er með öllu rakalaust. En hitt er satt, að barátta okkar hefir mest gengið út á að fylla skarðið í vör Skíða, þ. e. a. s. rétta hag landbúnaðarins, sem hingað til hefir orðið harðast úti. En hver sú króna, sem tekin er úr þeim sameiginlega sjóði til framfara landbúnaðinum, er að vísu óbeint tekin frá öðrum stéttum jafnframt, en slíkt má segja um öll útgjöld hins opinbera. Annars finnst mér nú, sem sízt sæti á sumum flokkum að núa öðrum slíku um nasir, að minnsta kosti mun mörgum þykja þá skörin færast upp í bekkinn, er jafnaðarmenn fara að áfellast aðra flokka fyrir að ala á ríg milli stétta í landinu. Þeir hafa sízt sterka aðstöðu til þess að kasta steini að öðrum fyrir þær sakir.

Þá hélt hv. þm. áfram kritik sinni á Framsóknarflokknum. Hann vildi halda því fram, að þessar fjárhæðir, sem veittar væru til landbúnaðarins, kæmu ekki nema að mjög litlu liði, eða jafnvel verra en það. Hann sagði, að tilætlunin með þessum styrkveitingum væri sú, að hjálpa bændum til þess að eiga meiri tekjuafgang um árslokin. Þetta er algerlega byggt á misskilningi og vanþekkingu á þessum málum. Ef hv. þm. athugar þetta til hlítar, þá mun hann komast að raun um, að þetta er ekki gert til þess að létta undir með árlegum rekstrarkostnaði bændanna, heldur, ef svo mætti að orði kveða, með stofnkostnaði þeirra. Það er verið að hjálpa til þess að auka ræktaða landið, koma upp rjómabúum og frystihúsum, auka og bæta húfjárstofninn, bæta húsakynnin og allan aðbúnað og hjálpa mönnum til þess að eignast jarðyrkjuvélar og nýtízkuáhöld. Það er ekki verið að hjálpa mönnum til þess, að rekstrarafkoman verði betri beinlínis það árið, heldur til þess að hjálpa þeim að koma upp betri og öflugri stofni í húsum, vélum, gripum og ræktuðu landi. Það er í rauninni verið að leggja þetta í sparisjóð, sem ríkið nýtur vaxta af í framtíðinni. Þessar styrkveitingar verða því öldungis réttmætar, enda skapa þær og skilja eftir sig tilsvarandi aukið verðmæti í landinu.

Enn hélt hv. þm. áfram gagnrýni sinni á flokknum, og kom nú með ýmsar persónulegar játningar, sem sýndu það greinilega, að hér var um kosningaræðu að ræða. Það er sá partur ræðu hans, sem á að heyrast út til kjósendanna í landinu og afla hv. þm. atkv. Hann sagðist ekki vera á móti þessum styrkjum til bændanna. En svo kemst hv. þm. þó að þeirri niðurstöðu, að þeir séu oft og einatt hefndargjafir og beinlínis skaðlegir. Það er dálítið undarlegt, að hann skuli eigi að síður vera með slíkum ráðstöfunum, sem miða til óheilla og skaðsemdar, þeim er hljóta. Það væri nú skynsamlegra og hreinlegra af hv. þm., að vera beinlínis á móti þessum styrkveitingum, og játa það opinberlega fyrir landslýðnum.

Þá sagði hv. þm., að við hefðum vanrækt að leggja á verðhækkunarskatt af löndum og lóðum í tilefni af því fé, sem við hefðum fleygt í vasa einstakra manna, eins og hann orðaði það. Ef það er rétt, að við höfum vanrækt að gera nauðsynlegar umbætur á skattalöggjöfinni hingað til, þá er því ekki til að dreifa framvegis. Mþn. hefir verið sett í þessi mál, og í henni á sæti meðal annara hv. þm. Ísaf., svo hann getur væntanlega beitt áhrifum sínum í þá átt, sem hann var að tala um.

Hv. þm. sagði, að landbúnaðarpólitík okkar hefði að vísu bætt nokkuð aðstöðu bændanna um líðandi stund, en ekki um alla framtíð. Við höfum nú ekki verið við völd nema í rúm tvö ár, svo tæplega er að vænta allra umbóta á svo skömmum tíma, en ég verð að telja það mjög mikið lof, ef hægt er að segja, að við höfum bætt lífskjör manna um líðandi stund. En við höfum gert meira en að búa í haginn fyrir hina líðandi stund. Við höfum einnig unnið fyrir framtíðina. Við höfum vakið bændastéttina til dáða og framkvæmda, enda er nú risin sú alda meðal þeirra, sem á komandi árum mun rísa hærra og hærra og leiða til viðreisnar landbúnaðarins á Íslandi. Hitt skal ég játa, að það vantar mikið á, að við séum búnir að gera allt, sem við höfum ætlað okkur að gera. Það er fjöldi verkefna enn óleystur, og fjöldi mála, sem þarf að hrinda í framkvæmd. Framsóknarflokkurinn er hugsjóna- og umbótaflokkur, sem aldrei mun þrjóta verkefni. (EJ: Þær koma bara nokkuð seint þessar umbætur). Þær koma þó fyrr en ef íhaldsmenn héldu um stjórnartaumana.

Næsti kafli hjá hv. þm. snérist einkum um samvinnumálin. Hann sagði, að við gætum talað um þau í alla nótt, sem vitanlega er alveg rétt. Sérstaklega talaði hv. þm. um samvinnu annars vegar og þjóðnýting hinsvegar. Ég mun nú ekki stofna til deilu við hv. þm. um þessi mál að sinni, enda mun hann standa nær okkur í þeim efnum en margir aðrir flokksmenn hans. Hann á líka til þeirra að telja, sem jafnan hafa staðið framarlega í fylkingum samvinnumanna hér á landi. Ætt hans er ein merkasta samvinnumannaætt á Norðurlandi. Það er ekki takmarkið, sem skilur samvinnumenn og þjóðnýtingarmenn, heldur miklu frekar þær aðferðir, sem nota eigi. En það, sem hv. þm. vitnaði í úr ræðu minni, var það, að ég sagðist ekki vera með þjóðnýtingu af því að ég væri samvinnumaður. Hann sagði, að samvinna væri ómöguleg nema með sameign. Ég skal játa það, að á þröngu sviði hefir hv. þm. rétt fyrir sér, enda hafa samvinnufélögin þá lögbundnu reglu, að leggja árlega til hliðar í sjóð, og þann sjóð viljum við nota til ýmissa nytsamra hluta. Annars hvílir okkar samvinnubygging á því einkum, að einstaklingarnir eru frjálsir og sjálfstæðir atvinnurekendur eftir sem áður, en taka af frjálsum vilja höndum saman um hagsmuna- og menningarmál sín. Samvinnufélögin eru reist á grundvelli frjálsra samtaka en ekki á valdboði eða þvingun ofan frá. Þau byggjast á félagsþroska og skilningi einstaklinganna. Takmarkið er skipulag. Og við hyggjum, að það þjóðfélag verði styrkara, sem hvílir á þessum grundvelli, en á valdboðum og þvingun. Ég hygg, að það muni aldrei takast vel og eiga æði langt í land, þangað til mannkynið verði komið á það stig, að allt skipast við valdboð ofan að.

Í þessu sambandi spurði hv. þm. mig um það, þegar svo væri komið fyrir samvinnumönnum, að við værum búnir að ná undir okkur ⅘ af verzlun landsmanna, og við sæjum, að það stafaði bagi af því, að ekki væru allir komnir inn í félagsskapinn, hvort við vildum ekki þvinga hina til inngöngu.

Almenna svarið er hiklaust nei. Almenna reglan er sú, að menn eigi að ganga inn í samvinnufélagsskapinn af frjálsum vilja, af því að þeir séu sannfærðir um það af „ökonomiskum“, menningarlegum og mannúðarlegum ástæðum, en við ætlum aldrei að ná marki okkar með þvingun. En hinsvegar geta komið fyrir þær kringumstæður í einstökum atriðum, að við álítum, að eigi að fá löggjafarvaldið til þess að koma fram ýmsri löggjöf á þessu sviði.

Þennan kafla um samvinnufélögin endaði hv. þm. mjög einkennilega. Hann tók eitt dæmi frá einstöku landi og sagð-

ist vilja minna á hið stóra land Rússland, og mér virtist hann gera það til þess að sannfæra okkur um, að við ættum heldur að fara þjóðnýtingarleiðina heldur en samvinnuleiðina.

Mér þótti þetta mjög óheppilegt dæmi, því að ég held nú að þeir sem ráða lögum og lofum í Rússlandi, séu alls ekki flokksbræður hv. þm., heldur sé það einmitt sá partur af hans flokki, sem þeir algerlega afneita, og að margar aðfarir þeirra þar séu jafnaðarmönnum hér á móti skapi.

Að öðru leyti finnst mér og dæmið einkennilega valið. Ég hefi að vísu ekki getað síðustu árin fylgzt eins vel með í samvinnufélagshreyfingunni og áður, en ég hefi heyrt, að ráðandi menn í Rússlandi hafi byrjað á því að ráðast á samvinnufélögin. Þótt þeim hafi snúizt hugur síðan, þá hófu þeir starfsemi sína með því að ofsækja samvinnufélagsleiðtogana og senda þá til Síberíu. Yfirleitt held ég, að það hafi verið mjög svipað og í því ríki, sem er lengst til hægri, Ítalíu, því að Lenin og Mussolini munu hafa haft sömu aðstöðu gagnvart samvinnufélögunum, nefnilega að rífa þau niður. Við höfum sömu aðstöðu hér. Íhaldsmenn hægra megin og sócíalistar vinstra megin reyna að rífa okkur í sig.

Það síðasta, sem hv. þm. kom að, í sambandi við þessa „kritik" viðvíkjandi landbúnaðinum, var fremur skattamálefni. Hann sagði, að við framkvæmdir okkar væru það jarðeigendur einir, sem græddu. Hann segir, að við knýjum landsmenn til að rækta upp landið, leggja vegi og byggja brýr, en allt þetta sé til þess að jarðeigendur græði. Þetta er ekki rétt. Hinar miklu framkvæmdir víðsvegar um land efla almenna velmegun. Þær hækka kaupið og bæta afkomumöguleika fólksins yfirleitt og lífskjör þess. En þegar hv. þm. ber okkur á brýn, að við gerum ekkert annað en þetta, þá er það rangt, því að við erum þegar búnir að stíga spor til þess að koma í veg fyrir þær slæmu afleiðingar, sem hv. þm. er hræddur við. Við höfum með Byggingar- og landnámssjóðnum gert ráðstafanir til þess að hindra, að fjárstyrkur ríkisins breytist í óeðlilega verðhækkun, sem braskarar geti stungið í sinn vasa. Í ábúðarlagafrv., sem liggur fyrir þessu þingi, er líka stigið spor til þess að hindra þetta.

Ég játa að vísu, að þarna eru viðfangsefni, sem við erum ekki búnir að gera nóg til þess að leysa, en sem við vitum, að við eigum eftir að leysa og munum leysa. Þeim ásökunum, sem hv. þm. hefir borið á okkur, vil ég því algerlega vísa á bug.

Þá sagði hv. þm. enn, að okkar aðalstefna í landbúnaðarmálunum væri að fjölga býlunum úti um land. Þetta er alveg rétt. Bæði Byggingar- og landnámssjóðurinn, ábúðarlögin og fleira stefnir að því að fjölga sjálfstæðum býlum í landinu. Hv. þm. kvað þetta vera á móti þróuninni, það ættu að rísa upp risavaxin fyrirtæki, sem notuðu fullkomnustu vélar, og þetta eitt borgaði sig. Ég skal viðurkenna, að á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu eru það stór fyrirtæki, sem framtíðin tilheyrir. En ég vil mótmæla því, að þetta eigi að heimfæra á öllum sviðum. Það á ekki við í landbúnaðinum og sízt í landbúnaðinum á Íslandi. Þróunin hér er einmitt sú, að það eru smábýlin, sem eiga framtíðina fyrir sér, en stóru býlin standast ekki samkeppnina. Við vitum líka, hvernig farið hefir í einu mesta landbúnaðarlandi heimsins, Danmörku. Þar var mikið af stórum herragörðum, en smábýlin fá. Hefir stefnan verið sú, að herragörðunum sé að fjölga? Nei, hún hefir einmitt gengið þvert á móti. Herragarðarnir hrynja hver af öðrum. Þeir eru teknir og stykkjaðir niður. En eru það nú aðeins vinstrimennirnir, sem eru á þessari vitlausu braut? Ónei, þeir, sem hafa stutt þá til þess, eru einmitt flokksbræður hv. þm. Ísaf., jafnaðarmennirnir, sem hafa þarna starfað þvert á móti skoðun hv. þm.

Ég álít, að eins og þetta á við í Danmörku, eigi það enn frekar við hér á Íslandi. Sú stefna, sem nú ríkir, að fjölga smábýlunum, er einmitt sú rétta.

Þó að gott geti verið að hafa þennan mikla rekstur og hafa fólkið eins og ósjálfráð verkfæri, er það ekki nema að litlu leyti af því góða, og það á ekki við í landbúnaðinum. Það, sem þar á bezt við, er að bóndinn sé sjálfstæður mað-

ur, svo að hann finni, að hann starfar að sjálfstæðri vinnu, sem ber arð í hans skaut.

Þess vegna get ég ekki fallizt á það, þegar hv. þm. segir, að við höfum vanrækt að stofna þessi stórbú, sem rekin séu með vélum. Við höfum ekki vanrækt það, fremur en bændafrömuðirnir suður í Danmörku. Þeir hafa einmitt stuðlað að því að rífa niður herragarðana. Hitt er annað mál, að eins og frv., sem liggur fyrir hv. Ed., fer fram á, þá viljum við ríkisrekstur við bændaskólana, til þess að geta gert þar ýmsar gagnlegar tilraunir.

Nú held ég, að ég muni búinn að fara orðum um velflest af því, sem hv. þm. talaði um og snerti landbúnaðinn. Og þó að ég hefði getað gert það miklu betur, með því að búa mig undir, býst ég við að hafa sýnt fram á, að við Framsóknarmenn séum algerlega í samræmi við kröfur tímans. Við erum búnir að stíga mörg spor í þessa átt, en þó er langt um meira framundan. Það er einmitt þetta, sem ég vil undirstrika, að 90% af framkvæmdamálum okkar eigum við eftir að framkvæma.

Það, sem fram kom í síðari hluta ræðu hv. þm., var meira smælki, einstök atriði og tíningur, sem ég skal reyna að verða fljótari með.

Hv. þm. kom inn á aðstöðu landsstj. hér á Alþingi og gerði mikið úr því, hvað landsstj. hefði getað komið litlu fram. Hann sagði, að tiltölulega lítið væri samþ. af frv. stj., sumpart vegna þess að hún hefði ekki bolmagn til þess, og sumpart ekki ábuga. Það er eins og hv. þm. gangi út frá því, að fyrst við erum í stjórn, þá getum við gert allt. Slíka kröfu er ósanngjarnt og ranglátt að gera til þessarar stj., þar sem hún hefir meiri hluta í hvorugri þingdeild, og þess vegna verðum við, til þess að koma fram okkar málum, að fá styrk frá nábúum okkar, annaðhvort til hægri eða vinstri. Stundum fáum við stuðning frá þeim til hægri handar. Um landbúnaðarmálin fáum við oftar og betur stuðning frá jafnaðarmönnum. En í mjög mörgum stórum málum vill hvorugur flokkanna hjálpa okkur, sumpart af því, að þeir eru á móti þeim, en sumpart af því, að þeir vilja ekki að okkur verði of mikið ágengt.

Ég býst við, að dómur sögunnar muni verða sá, að sú stj., sem nú hefir setið 2½ ár, hafi á stuttum tíma komið fram tiltölulega mörgum málum. En þetta er ekki eingöngu stj. að þakka. Við höfum fengið yfir okkur alveg sérstakt góðæri, sem hefir gert okkur fært að framkvæma meira af góðum verkum en nokkurntíma hefir verið, síðan þetta land var byggt.

Hv. þm. sagði ennfremur, að við tækjum því með jafnaðargeði, þó að okkar frv. gengi ekki fram. Við verðum að sætta okkur við það, vegna þess að við höfum ekki meiri hluta í þinginu. Ég þakka auðvitað fyrir þau „kompliment", að við tökum því alltaf með jafnaðargeði. Ég held reyndar, að það sé ofmælt, því að þótt ég sé ekki skapverri maður en aðrir, þá er það þó oft, að ég tek því ekki með jafnaðargeði, þegar mál eru drepin fyrir mér. En ég vona, að ekki beri mikið á því, fyrst hv. þm. segir þetta. Við erum sem sé ekki nógu sterkir, en ég vona, að spá hv. þm. sé sönn, að við séum alltaf að stækka, þannig að eftir næstu kosningar getum við komið öllum okkar málum fram.

Annars höfum við dálítið svipaða aðstöðu eins og Magnús Stephensen sagðist hafa sem landshöfðingi: Hann væri eins og viss skepna milli tveggja nagla. Hann átti við Alþingi annarsvegar og dönsku stj. hinsvegar. Við höfum annan nábúann til hægri og hinn til vinstri, og þeir gætu mulið okkur á milli sín, ef þeir væru nógu samtaka. Hvort þeir gera það, verða þeir sjálfir að gera út um. Í þessu sambandi sagði hv. þm. það, sem honum þótti svo gaman að segja, að hann sagði það 3—4 sinnum og hafði þó áður endurtekið það 3—4 sinnum, sem sé, að stj. lifði ekki á eigin verkum, heldur á syndum Íhaldsflokksins. Það er vitanlega satt, að allir stjórnmálaflokkar lifa ekki einungis á sínum eigin verðleikum, heldur líka á syndum annara. Menn eru ekki alltaf með stjórnmálaflokkum, vegna þess að þeir fallist á allt, sem þeir gera, heldur af því að hinir hrinda þeim ennþá meira frá sér.

Það er satt, að Íhaldsfl. hefir framið

miklar vanrækslur, og ég efast ekki um, að það hefir hjálpað okkur mikið, sérstaklega meðan við vorum andstöðuflokkur. En ég vil halda því fram hiklaust, að síðar meir muni mest hjálpa okkur, hvað við höfum komið mörgum góðum málum í framkvæmd, bæði fyrir sveitirnar og smælingjana í kauptúnum, á sviði mannréttindamálanna, menntamálanna og mannúðarmálanna.

Þá eru einstök atriði eftir, sem ég gæti kallað eldhúsdagskaflann í ræðu hv. þm. Hann vék að tryggingarmálunum og gat þess, að 1928 hefði verið samþ. þáltill., þar sem var skorað á stj. að láta undirbúa alþýðutryggingar. Hún hefði sýnt of mikið tómlæti í þessu, og kvaðst hann harma það mjög. Ég harma það líka, að þetta mál er ekki komið í framkvæmd ennþá. Ég er hv. þm. sammála um, að þessi löggjöf er meðal þýðingarmestu löggjafar, sem við þurfum að koma á. En það, sem veldur drættinum, er ekki tómlæti stj., heldur það, að hún hefir ekki haft á að skipa nógum starfskröftum. Fyrst eftir að þáltill. var samþ., var ekki hægt að snúa sér til annars en manns, sem mjög var hlaðinn öðrum störfum. Og það var ekki fyrr en í haust, að maður fékkst til að taka þetta mál að sér, en hann starfar nú að því með óskertum starfskröftum. Ég vona því, að við getum fengið þetta mál vel undirbúið fyrir næsta þing.

Hv. þm. vék að endurskoðun launalaganna og hélt því fram, að ekki væri rétt að fresta endurskoðun þeirra, þangað til búið væri að verðfesta peningana. Ég er honum mjög ósammála um þetta. Ég álít ekkert vit í því að gefa út ný launalög nú, og svo gæti komið fyrir, að t. d. hv. 3. landsk. yrði aftur fjmrh. og vildi hækka krónuna aftur og stofna til þess glundroða, sem það hefði í för með sér. Mér er það svo mikið kappsmál að verðfesta peningana, að ég tel einmitt gott að hafa þennan písk á þá, sem vilja endurskoða launalögin, að það verði ekki gert fyrr en búið er að verðfesta peningana.

Hv. þm. kom inn á það, að landstj. hefði aukið lóðabrask hér í Reykjavík, og átti hann þar við, að grunnur hefði verið keyptur undir landssímahús. Ef hv. þm. álítur, að stj. hafi sérstaklega stutt að lóðabraski í bænum með því að kaupa þessa lóð við Austurvöll, þá hafa nú fleiri orðið til þess að auka það. Því nokkrum vikum áður en ríkisstj. keypti þessa lóð, þá keyptu flokksbræður hv. þm. Ísaf. stóra húseign og stóra lóð við Tjörnina, fyrir á annað hundrað þús. kr., eins og hin lóðin var keypt á. Svo að við erum þá undir sömu fordæminguna seldir, og fá nú íhaldsmenn einhverja átyllu til þess að skamma okkur fyrir að vera samtaka í óknyttunum.

Síðan bar hv. þm. fram tvær fyrirspurnir. Önnur var sú, hvort stj. ætlaði að láta þetta kjörtímabil líða án þess að endurskoða kjördæmaskipunina. Ég hefi ekki haft tækifæri til að bera mig saman við samverkamenn mína og flokksbræður. En ég get látið hv. þm. vita, hver er mín skoðun í þessu máli.

Kjördæmaskipun sú, sem nú er hér á landi, er orðin mjög gömul. Það hafa verið gerðar nokkrar breyt. á henni með því að bæta við nýjum þm. Á þeim áratugum, sem liðið hafa síðan hún var sett, hefir orðið töluvert mikil breyt. á okkar þjóðlífi, þannig að mikill hluti fólksins hefir flutzt í kauptúnin. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að þeir, sem áttu að stjórna peningamálum okkar, beindu peningastraumnum til kauptúnanna. Því það er nú svo, að fólksstraumurinn fer þá sömu leið, sem peningum er beint. Og síðustu 30—40 árin hefir mannfjölgunin verið langmest í kauptúnum landsins. Nú er ný stefna að ryðja sér til rúms í þessu máli. Fyrir atbeina Framsóknarflokksins og með stuðningi annara flokka er nú reynt að stöðva þennan fólksstraum úr sveitunum til kaupstaðanna. Lánsstofnunum hefir verið komið á fót, sem eiga að beina peningastraumnum út í sveitirnar, til þess að gera mönnum mögulegt að lifa þar góðu lífi.

Við stöndum á tímamótum. Ráðstafanir þess opinbera eru að gera breytingu á þessum sviðum. Þeir fá nú réttinn, sem áður hafa orðið að þola órétt. Sveitirnar fá nú aftur það, sem ranglega var frá þeim tekið.

Þá hefir verið talað um að breyta kjördæmaskipuninni, til þess að lagfæra þetta ranglæti. Ég ætla að segja það fyrir

mitt leyti, að mér finnst það væri óheppileg ráðstöfun að hafa eingöngu fyrir augum höfðatöluna í kaupstöðunum og sveitum eins og hún er nú. Landbúnaðurinn á kröfu til þess að fá að sýna það, hver árangur verður af því, að hann er að fá nokkuð af því, sem hann á að fá. Ég vil láta það sýna sig, að eftir 20—30 ár verði komið það jafnvægi á, að færri leiti þá til kaupstaðanna en fleiri til sveitanna en nú er. Þegar það jafnvægi er komið á, er kominn tími til að breyta kjördæmaskipuninni. En ég vil lýsa hér yfir því, að ég álít það ekki tímabært nú að gera ráðstafanir til þess að breyta kjördæmaskipuninni.

Fyrirspurninni um bankaeftirlitsmanninn mun hæstv. fjmrh. svara. Það heyrir ekki undir mig.

Hv. þm. minntist á Íslandsbankamálið. Ég mun ekki frekar en áður fara út í það. Hv. þm. sagði, að deilan hefði staðið um það, hver hefði átt að borga töp Íslandsbanka. Eins og ég hefi vikið að áður, álít ég dæmið hafi verið rétt sett upp hjá stj. Stj. afgreiddi málið þannig, að þátttaka fékkst frá öðrum en ríkinu til þess að standa undir töpum bankans. Það hefði orðið meira tjón fyrir ríkið ef ekkert hefði verið gert í þessu máli. Stj. reyndi að afgreiða málið á fjárhagslegum grundvelli með það fyrir augum að láta hrunið fyrir ríkið og aðra verða sem allra minnst. Eru það ólík afdrif málsins eða láta allt lenda á ríkinu svo sem til var ætlazt í upphafi af íhaldsmönnum.

Þá eru aðeins tvö atriði eftir.

Hv. þm. talaði um bitlinga stj. og nefndi viðvíkjandi því þau tvö dæmi, að hv. 3. landsk. var falið að athuga skilyrði fyrir því að setja á stofn síldarverksmiðju og hv. 1. þm. Skagf. var sendur til Akureyrar í sérstökum erindum fyrir stjórnina.

Þessi dæmi, sem hv. þm. nefndi, eru bæði frá árinu 1927, rétt frá fyrstu mánuðum, sem núv. stj. sat að völdum. Árin 1928, 1929 og það, sem liðið er af árinu 1930, nefnir hv. þm. engin dæmi þessa. Í þessu efni get ég því verið mjög ánægður með aðfinnslur hv. þm. Ísaf.

Síðasta atriðið, sem hv. þm. beindi til stj. var um umframgreiðslur í fjárl. og að stj. vanrækti að skýra þinginu frá, hvernig á því stæði.

Ég vil benda hv. þm. á það, að í byrjun hvers þings hefir fjmrh. þessarar stj., flutt ræðu um afkomu síðasta árs, og þá um leið gert grein fyrir umframgreiðslum og hvernig þeim hafi verið varið hverri fyrir sig. Það er því ekki rétt hjá hv. þm., að stj. hafi vanrækt þetta. Fjmrh. hefir skýrt frá þessu á hverju þingi og hefir því aðallega verið varið til þess að framkvæma nauðsynlegar samgöngubætur, svo sem brýr og vegi. Ég vona, að hv. þm. Ísaf. sé mjög ánægður með það.

Þá er ég loks búinn að svara hv. þm. Ísaf. Ég skal játa, að ræða hans var að mörgu leyti skemmtileg, fróðleg og eftirtektarverð. Þetta er líka hans fyrsta landskjörsræða. Ég efast ekki um, að það, sem hv. þm. sagði um stefnu okkar framsóknarmanna í landbúnaðarmálum, var vel meint. Hann vildi gerast kennari okkar í landbúnaðarmálunum. Við framsóknarmenn munum ekki sækja neina fræðslu til hans um þetta efni. Ég veit, að hann getur veitt betri fræðslu á öðrum sviðum.

Hv. þm. sagði í þessari fyrstu landskjörsræðu sinni, að við framsóknarmenn lifðum á syndum íhaldsins. Ég vona, að flokkur hans eigi líka eftir að græða mikið á syndum þess, og ég vona líka, að þó að flokkur okkar eigi áfram eftir að stækka og stækka, þá þurfi ekki jafnframt af því að leiða, að flokkur hans stækki ekki nóg líka — t. d. við landskjörið næsta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég var ekki viðstaddur hér í deildinni í gær, þegar hv. þm. N.-Ísf. mælti til mín nokkrum orðum. Ég held samt, að mér hafi tekizt að fá aðalatriðin úr ræðu hans, svo að ég get vikið að henni fyllilega.

Hv. þm. minntist á það, að vinsældir mínar væru litlar hjá vissum mönnum í vissum stéttum. Þetta ætti að gleðja hv. þm., því það er í pólitík, eins og svo víða annarsstaðar, að eins dauði er annars líf. Ef þetta væri rétt hjá hv. þm., get ég ekki skilið í því, að hann og aðrir skuli þurfa að eyða eins miklum tíma til þess að

vinna móti mér, sem raun ber vitni um. Ég ætla að nota tækifærið og færa hér fram ýms rök, sem benda alveg í gagnstæða átt við ræðu þessa hv. þm.

Það eru nú nýlega afstaðnar bæjarstjórnarkosningar hér í Reykjavík. Er það í fyrsta skipti, sem Framsóknarflokkurinn hefir boðið fram lista við þær kosningar. Það var ekki spáð vel fyrir flokki okkar. Andstæðingar hans sögðu, að hann hefði ekkert fylgi. Hv. þm. Dal. reiknaðist það til, að listinn mundi fá 200 atkv. og því engum fulltrúa koma að. Aðalmálgagn Íhaldsins, Morgunblaðið, var svo hlálegt, að það gerði þessa kosningabaráttu alveg ranglega að baráttu Íhaldsins við mig, í stað þess að hún var við Framsóknarflokkinn og fulltrúa hans. Ef þetta væri rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að ég væri illa liðinn í bænum, þá hefði spádómur hv. þm. Dal. átt að rætast, ef sú skoðun Mbl. var rétt, sem ég vil þó ekki halda fram, að kosningin snerist um fylgi mitt. En hvernig fór? Menn furðaði ekki á því, hvað Sjálfstæðisflokkurinn eða Jafnaðarmenn fengu — það vissu menn fyrir —, heldur hvað Framsóknarflokkurinn fékk mörg atkv. Framsóknarflokkurinn fékk sjöfalt meiri atkv.fjölda en flokksbræður hv. þm. Dal. höfðu búizt við. Þetta er í rauninni lítilfjörlegt atriði. Mér dettur ekki í hug, að það hafi verið mín vegna, að Framsóknarflokkurinn hafði svo mikið fylgi. Ég verð aðeins að geta þessa, fyrst hv. þm. vék að þessu og aðalmálgagn flokks hv. þm. túlkaði málið svo, að ef Framsóknarflokkurinn tapaði, væri það *minn ósigur*.

En þá er það líka minn sigur, að flokkurinn sigraði. Ég held því, að hv. þm. hafi reiknað rangt í þessu efni.

Þá vil ég líka minna á annan voða, sem líka snertir hv. þm. og hans bardagaaðferð.

Hv. þm. var ekki ákaflega orðavandur. Orðalagið var eins og þegar ómenntaðir eða drukknir menn eru að tala. Svo vonskuþrungin var ræða hans. Ég get ekki skilið, hvernig hv. þm., sem ekki er talinn ógreindari en sumir aðrir félagar hans í íhaldinu, gat látið sér slíkt orðbragð um munn fara. Ég vil segja honum það, að svona framkoma gagnvart mér og mínum samherjum hefir ótvírætt orðið okkur til mikils gagns.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. veit það, að það er einskonar gagnkvæmt leynisamband milli mín og Morgunblaðsins. Ég hefi einu sinni heyrt sagt, það var víst Jakob Möller sem hélt því fram, að ég borgaði fyrir að skrifa vitlausar greinar í því blaði og skriði svo á heimsku Morgunblaðsins. Þetta var vitanlega gamanyrði. En sambandið, sem er milli mín og Morgunblaðsins, er þannig, að Morgunblaðið flytur um mig 1—3 skammargreinar á dag allan ársins hring. Þetta lítur á yfirborðinu út eins og það muni skaða mig, og þannig er til þessara árása stofnað. Þar sem Mbl. er dagblað og kemur í flest hús í bænum, en Tíminn, sem leiðréttir villur Mbl., aðeins vikublað og kemur í miklu færri hús í bænum, mætti búast við, að hér væri ójafn leikur, íhaldinu í vil. En raunin er samt sú, að af þessum skömmum Morgunblaðsins hefi ég fengið mitt aðalfylgi, því ekkert hefir sannfært fólk betur um að ég sé á réttri leið, en að það málgagn, sem þjóðin veit að vinnur jafnan það ógagn, sem það framast getur hverju góðu máli, og er að máli og formi til eitt bögumæli, skuli vera mér fjandsamlegt. Um aðalmálgögn íhaldsins má segja, að þau leggi jafnan til mála það heimskulegasta og illgirnislegasta, og það á hinn ódrengilegasta hátt. Það er ekki lítils virði að hafa slíkt blað á móti sér. En hvað græðir svo Mbl. á mér? Það græðir það, að sorinn úr fólkinu hér í Reykjavík, sérstaklega fólk, sem styður Storm og Framtíðina auk hinna viðurkenndu flokksblaða, þjappar sér ennþá fastar utan um Morgunblaðið, eins og t. d. Páll, sem ekki lokar. Slíkir menn verða ennþá meiri vinir Morgunblaðsins en áður. Slíkir menn heimta daglega ákveðið magn af ósannindum, rógi og níði um mig og nokkra aðra af andstæðingum kyrrstöðuflokksins. Aukið fylgi þessa fólks er gróði Morgunblaðsins. Það vill heldur hafa illa með sér en enga. Og til þess að ná í þessa menn notar það mig sem agn. Þegar ég er til lengdar burtu úr bænum, verður Mbl. dauft og bragðlaust, en við heimkomuna verður Mbl. eins og hálfskrælnaður eyðimerkurgróður, þegar regnið

kemur og færir nýtt líf í hálfdauða leggi og blóð. Þannig útvega ég Mbl. sterkt og öruggt fylgi hjá dreggjum þjóðfélagsins, en það eykur aftur fylgi mitt hjá þeim hluta þjóðarinnar, sem er samd að þiggja frá stuðning í almennum málum.

Þá kom hv. þm. að máli, sem nú er fyrir Ed., frv. um fimmtardóm. Það mál kemur væntanlega hingað áður langt um líður, og er því ekki þörf að eyða miklum tíma í það, sem hv. þm. sagði.

Hv. þm. vildi ekki breyta nafninu á aðaldómstól okkar. Hann vildi ekki nafn frá þjóðveldistímanum. Hann vildi ekki leggja niður nafn, sem er sett á okkar kúgunartíma, nafn, sem er útlent og málfræðilega rangt. Það er eins og hann óttist hið fagra nafn aðaldóms Íslendinga frá þjóðveldistímanum, frá frelsisöld þjóðarinnar. Þessi lítilsigldi hugsunarháttur er til hjá gömlum innlimunarmönnum, sem aldrei hafa trúað því, að Ísland gæti verið annað en útkjálki af Danmörku.

Þegar hæstaréttarlögin voru gerð árið 1919, voru þeir, sem að þeim stóðu, að sumu leyti á líku stigi og hv. þm. N.-Ísf. Þeir fóru sem sé til Danmerkur, og ekkert nema til Danmerkur, og fengu þar lánaða fyrirmynd og nafn að úrslitadómstóli fyrir Íslendinga. Engum þessara leiðtoga datt í hug Noregur, Svíþjóð, Sviss eða Þýzkaland og reynsla þeirra þjóða. Þeir voru þessum löndum ókunnugir. Þeir, sem það frv. sömdu, þekktu t. d. ekki opinbera atkvgr. í dómstól.

Þetta var kannske afsakanlegt á þeim tíma. Það liðu ekki nema 2 ár frá því að hæstaréttarlagafrv. var samþ. og þangað til pólitískir vinir hv. þm. höfðu forystuna í því að enska lánið var tekið. Og það voru sömu menn, samherjar hv. þm., sem gerðu hvorttveggja. Það liggur nú fyrir fjárhagsnefnd Nd. skjal, sem sýnir tildrög enska lánsins og menningarástand þeirra manna, sem að því stóðu fyrir Íslands hönd, og þetta skjal er ritað af einum þeim manni, sem stóð að þessu verki. Eftir að fjármálaráðh., hv. 1. þm. Skagf., hafði veitt viðnám í þinginu og lagt fast á móti, að tekið yrði stórlán, var hann kúgaður til þess af fjárglæframönnum flokksins. Menn skyldu nú ætla, að fyrst fjármálaráðh. vildi ekki taka lánið, þá hefði forsrh. farið utan til þess. Nei, hvorugur þeirra fór til að taka lánið, en annarhvor eða báðir útveguðu landinu hæfilega umboðsmenn til lántökunnar. Þeir leituðu til aumustu braskara Kaupmannahafnar og fundu þar menn til þess að vera hjálparhellur og forverðir þess manns, sem endanlega fékk umboð til að undirrita veðsetningu tollteknanna árið 1921. Í ýmsum skjölum þessa máls, sem hv. þm. hlýtur að hafa séð, er lýst mjög átakanlega þeim ræfilsskap, sem kom fram hjá forráðamönnum íslenzku þjóðarinnar í þessu máli.

Jón heitinn Magnússon sagði, að sér fyndist engir hafa áhuga fyrir þessari lántöku, nema þeir, sem að því ynnu og vildu fá milliliðsgróða. Hin umræddu skýrsla ber þetta nokkuð með sér. Ein aðalsöguhetjan í þessum sorgarleik var danskur maður, oftast nefndur Kúlu-Andersen. Átti hann og annar maður til, sem virðist hafa lagt til samböndin og viðskiptaþekkinguna í London, að fá lánað á bónbjörgum, og helzt hjá okrurum, fé til Lundúnaferðar. Gekk þeim erfiðlega að slá sér aura. Eitt sinn urðu þeir félagar að aflýsa farmiðum hjá Bennett, vegna peningaleysis. Loks var ferðin afráðin, og segir ein af söguhetjunum þannig frá í skýrslu sinni til þingsins á bls. 6: „Fór ég svo til kunningja míns — kl. var þá orðin 12 — og bað hann um 8000 kr. strax. Hann átti aðeins 4000 kr. heima, en lofaði hinu fyrir kl. 4 heim til mín. Stóð það heima. Allir vita, hvað slíkt kostar". (Auðséð að peningarnir hafa verið fengnir hjá okrara). „Fór ég svo til Bennetts að fá farseðla. Var þá búið að sækja farseðla sendiherra og Andersens. Leitað var að Andersen á öllum vínstofum og hótelum og fannst hann loksins kl. 1 um nóttina, að því er sýndist dauðadrukkinn, í Gautagötu. Hann vissi ekkert um, hver hefði borgað farseðlana. Hann færi ekki fet nema hann fengi lánuð 100 sterlingspund til ferðarinnar. Lét ég hann eiga sig. Vissi að nr. á farseðlum okkar voru í röð, þannig að við yrðum að sitja saman. Hefi ég aldrei séð skemmtilegra „diplomat"-andlit en á sendiherra, þegar ég rétt eftir að Esbjerglestin lagði af stað, settist milli hans og Andersens, sem svaf í horn-

inu á klefa okkar". Áframhald ferðarinnar og vinnubrögðin í London voru eins og byrjunin. Eitt hundrað þús. kr. átti hv. 1. þm. Skagf. að borga milliliðum eins og Kúlu-Andersen. Koma enn harðar kröfur á ríkissjóð til að bæta ofan á milliliðseyðsluna við enska lánið.

Það var flokkur hv. þm. N.-Ísf., sem tók enska lánið 1921. Þessi sami flokkur gerði hæstaréttarlögin 1919. Ég veit ekki, hve langt verður þangað til dómstólunum verður breytt. Hitt veit ég, að þjóðin er á allt öðru menningarstigi nú en fyrir 10 árum. Menn gera sig nú ekki ánægða með Kúlu-Andersen sem leiðtoga til fjármálaráðstafana fyrir Ísland, og menn gera sig heldur ekki lengur ánægða með útibússtjóra eins og hv. þm. N.-Ísf. Kem ég kannske að því síðar, hverja sögu hann á í íslenzkum fjármálum.

Ég hefi minnzt á enska lánið 1921, og þann manndóm, sem nánustu flokksbræður og yfirmenn hv. þm. N.-Ísf. sýndu þá. Sömu menn undirbjuggu hæstaréttarlögin 1919, og sömu menn fjandskapast sem mest þeir mega gegn því, að formi og vinnubrögðum úrslitadómstólsins sé breytt í samræmi við niðurstöðu og reynslu samtíðarinnar í hinum ágætustu menningarlöndum. En ef hv. þm. vill vita, hver Íslendingur hefir talað með mestri hörku um ófullkomleika núveranda aðaldómstóls landsins, þá er það Lárus Jóhannesson. Hann sagði fyrir undirrétti í Hafnarfirði, að ef nokkurt réttlæti væri til í landinu (í þessu tilfelli hjá þeim tveim dómstigum, sem um málið áttu að fjalla), þá yrði Tervani-skipstjórinn sýknaður. Hæstiréttur sakfelldi skipstjórann. Eftir orðum þessa ihaldsforkólfs og höfuðeiganda Mbl. hefir hæstiréttur mjög undarlega afstöðu til réttlætisins í landinu. En hvorki þessi hv. þm. né aðrir hafa nokkurntíma áfellt L. J. fyrir þessi orð. Líklega eru þeir honum sammála.

Þá var hv. þm. eitthvað að dylgja um framkomu mína í sambandi við héraðsskóla Sunnlendinga að Laugarvatni. Það mun hafa verið áframhald af rógi íhaldsblaðanna undanfarna daga, sem hefir gengið í þá átt, að ég hafi ætlað að taka með óleyfilegu móti vörur og peninga til þessarar húsbyggingar Er því rétt að kryfja sögur þessar til mergjar. Það er sagt, að ég hafi stolið gólfplötum frá landsspítalanum. Það er sagt, að ég hafi stolið sementi frá skrifstofubyggingunni Arnarhvoli. Og peninga í Laugarvatnsskólann á ég að hafa tekið frá gjaldkera alþingishátíðarnefndarinnar. Og hver er svo sannleikurinn? Að húsameistari selur byggingarnefnd skólans eitthvað af veggheilum frá landsspítalanum, sem af gengu og þurfti að koma í verð. Að verzl. Jóns Þorl. varð sementslaus í haust, og ekki varð lokið við fjölda hús hér í Rvík í tæka tíð af þessari orsök. Þá fékk húsameistari lánaðar nokkrar tunnur af steinlími handa Laugarvatnsskóla, frá þeim manni, sem hafði Arnarhvol í samningsvinnu og lagði til allt efnið sjálfur. Þetta eru hinar drengilegu aðfarir íhaldsmanna og blaða þeirra. Þeir segja ekkert við því, þó að einn af þeirra samherjum eyði heilli milljón af fé Landsbankans handa óreiðumönnum í átthögum sínum, en þeir reyna að ófrægja mig með algerlega ósönnum sögum um eyðslu af almannafé, sem hvergi hefir átt sér stað.

Hugsið ykkur, hvað hefði mátt gera fyrir alla þá peninga, sem ríkið tapaði á fjármálavesöld þessa hv. þm. þegar hann var útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði.

Fyrir það hefði mátt byggja t. d. fimm sinnum slíka byggingu sem Arnarhvol, og þeir hefðu nægt í mestan hluta kostnaðarins við landsspítalann. En þeir eru nú farnir fyrir bókstaflega ekki neitt. Það eina, sem hægt væri að færa hv. þm. til málsbóta, er það, að hann hafi ekki ætlað sér að tapa þessu fé. En þá er ekki eftir önnur skýring en sú, að hann hafi alls ekki verið fær um að gegna starfi sínu sem útibússtjóri, sökum gáfnasljóleika; að hann hafi ekki séð það, að þessum mönnum var ekki óhætt að lána.

En hvað gefur manni með slíka fortíð hug til þess, að ætla að koma fram á Alþingi sem fjármálamaður eftir slíka ósigra?

Þá sný ég mér að hv. 1. þm. Skagf. Hann byrjaði að tala um áfengisverzlunina; get ég svarað honum og hv. þm. Borgf. í einu því sem að henni laut.

Það kemur illa við hv. 1. þm. Skagf. hvað áfengisverzlunin er miklu betur rekin nú en í hans stjórnartíð. Að þar er

hætt að lána vínin, og þannig fyrirbyggt að nokkuð tapist af fé verzlunarinnar. Nú vildi hann halda því fram, að rekstrarkostnaður áfengisverzlunarinnar hefði aukizt síðan núverandi forstjóri hennar tók við, og að hann hefði orðið meiri við áfengisverzlunina 1928 síðara missirið heldur en var hið fyrra missiri meðan Mogensen stýrði. Til að fá fulla vissu um þetta efni hafa þeir Jón Guðmundsson og Björn Steffensen endurskoðendur áfengisverzlunarinnar verið beðnir um skýrslu, og hafa þeir svarað sem hér segir:

„Að gefnu tilefni vottum við undirritaðir, að þegar nákvæmur samanburður er gerður á rekstrarkostnaði Áfengisverzlunar ríkisins fyrra og síðara missirið 1928, þá verður raunin sú, að rekstrarkostnaðurinn er 15519,04 kr. lægri síðara missirið en hið fyrra.

Í skilagrein þeirri, sem endurskoðendur landsreikninganna fengu frá Áfengisverzluninni, mátti sjá, að síðara missirið höfðu verið greiddir skattar og fleira, sem ekki gerðu niðurstöðutölurnar einar sambærilegar".

Bréf þetta sýnir það, að hv. 1. þm. Skagf. er ekki nógu varfærinn í fullyrðingum sínum, og að hann byggir á hálfum röksemdum.

Benda endurskoðendurnir á, af hverju misskilningur hans á landsreikningunum stafar.

Það er hvorki meira né minna en 15519,04 kr., sem sparazt hafa á rekstri áfengisverzlunarinnar einungis á fyrsta missirinu eftir forstjóraskiptin.

Hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ísaf. hafa báðir komið ofurlítið inn á afkomu áfengisverzl. í ræðum sínum. Þeir töldu mig hafa auglýst vínin svo vel og hvatt menn til að neyta þeirra ósleitilega, að ekki væri furða þó vínverzlunin blómgaðist. Þó skrif mín hafi nú mikil áhrif, þá skil ég ekki í því, að þau hefðu nægt til að reisa við vínverzlunina, ef sama sleifarlagið hefði verið á henni og í stjórnartíð íhaldsins. Ef haldið hefði verið áfram að lána ótakmarkað, að hafa fleira starfsfólk en nauðsynlegt er og að hrúga saman miklu meiri birgðum en þörf er á, myndi hafa orðið önnur útkoma.

Þá kem ég að þeirri blaðagrein minni, sem íhaldsmenn hafa gert svo mjög fræga, er ég skrifaði stuttu eftir stjórnarskiptin um áfengismálið. Ég vildi sýna fram á í henni, hvers vegna ekki var leggjandi í það fyrir minnihlutastjórn, eins og þá, sem nú starfar í landinu, að koma banninu á aftur, eða stofna til þess með stjórnarframkvæmdum einum, þar sem ekki væri nægur stuðningur hjá þjóðinni til að standa að baki slíkri ákvörðun, og þar sem jafnstór stjórnmálaflokkur og íhaldið vildi ekkert annað en halda vínunu í landinu.

Flestallir þingmenn greiddu að síðustu atkv. með Spánarsamningnum. En samt var mikill munur á afstöðu flokkanna til þess máls. Nægir því til sönnunar að benda á aðalflokksblöðin frá þeim tíma. Morgunblaðið tók kröfum Spánverja með gleði, en Tíminn reyndi aftur á móti í lengstu lög að halda upp kjarki þjóðarinnar til andstöðu.

Íhaldsflokkurinn sem heild gekk glaður að leik, þegar samþykkja átti nauðungarsamninginn við Spánverja, en Framsóknarmenn greiddu atkvæði með honum nauðugir.

Þó segi ég ekki, að Íhaldsmenn hafi tekið kúgun Spánverja undantekningarlaust með gleði, því hv. þm. Borgf. er óneitanlega í hjarta sínu fylgjandi útrýmingu áfengis í landinu, þó að hann sýni það ekki í vali flokksvína, því að megnið af öllum drykkjulýð landsins eru nú pólitískir samherjar hans. Hv. þm. Borgf. er bannmaður þangað til komið er nærri verðinu á þurkuðum saltfiski.

Svo var það aftur 1927, að átök urðu milli flokkanna um það, hvort reyna skyldi að spyrjast fyrir um fiskmarkað á Spáni í sambandi við íslenzk bannlög. Þá neitaði allur Íhaldsflokkurinn að láta hreyfa fyrirspurn um málið á Spáni.

Ég hafði í þessu máli þá sérstöðu, að ég var annar af tveimur þm., sem greiddu atkvæði á móti Spánarsamningnum, en ég lýsti yfir í nefndri grein, að þótt ég hefði sérstöðu í málinu, þá vildi ég ekki sem ráðherra gera neitt í málinu, sem væri í andstöðu við hinn yfirlýsta vilja þings og þjóðar. Vegna fiskmarkaðar á Spáni vilja Íhaldsmenn með engu móti halda til streitu bannmálinu. Þeir bera þess vegna að sjálfsögðu ábyrgðina á því, að Spánarsamningurinn heldur áfram ó-

breyttur. Það verður ekki komið á banni, sem gagn er að, nema það sé vilji þjóðarinnar, og hún treysti sér að leggja eitthvað í sölurnar.

Þegar nú séð var, að við urðum að hafa vínið, þá lá næst að athuga, hvernig ætti að fara með það, svo að sem minnstur skaði væri að í landinu.

Ef leiðir mínar hefðu ekki legið víðar en hv. þm. Borgf., þá hefði ég líklega ekki séð fleiri hliðar á meðferð léttra vína en hann. Þó skoðun hans á vínnautn sé að miklu leyti rétt, eins og Íslendingar hafa farið með vín, þá er hún mjög einhæf. Ég er ekki að ásaka hann fyrir það, en hann má ekki ætla sér þá dul, þó að hann þekki drykkjuskap flokksbræðra sinna, að hann þekki ofan í kjölinn meðferð þeirra þjóða á vínum, þar sem vínyrkja hefir verið stunduð frá fornöld.

Í hinni margumtöluðu grein minni gerði ég nokkurn samanburð á vínnautn norðurlandaþjóða og suðlægari þjóða. Ég sýndi fram á, að ef menn hefðu vín um hönd, þá ættu menn að gera það eins og siðaðir menn. Ég sagði, að gegnum aldaraðir hefðu margar hinar suðlægari þjóðir, t. d. þær, sem búa kringum Miðjarðarhafið, notað hin léttu borðvín sem hressingu með hverri máltíð, og þó þekktist varla ölvun í þessum löndum. Í norðlægum löndum nota menn á sama hátt öl, te og kaffi. Við Íslendingar höfum um langa stund notað kaffi sem hressingardrykk með mat, í stað þess að Ítalir, Frakkar og Spánverjar nota létt vín. Það er dálítið eitur í kaffi, te og öli, eins og í léttu víni, og við erum sjálfsagt heldur verr farnir Íslendingar að drekka jafnmikið kaffi og við gerum. Og fullvíst er það, að vínið, sem margar suðurlandaþjóðir nota, hefir ekki meiri heilsuspilli í för með sér fyrir almenning en kaffidrykkja Íslendinga. Ég benti í þessari sömu grein á þann leiða galla á Íslendingum og fleiri af Norðurlandaþjóðunum, að þeir, sem nota vín á annað borð, vilja hafa það sterkt og drekka mikið. Þeir vilja drekka til þess að verða fullir. Hv. þm. Borgf. hefir ekki séð, að t. d. Frakkar og Rínardalsbúar nota borðvín með mat og verða ekki fremur kenndir en hv. þm. Borgf. verður af kaffisopanum, sem kjósendur hans gefa honum þegar hann er að laumast á tánum um kjördæmið og telja bændum trú um að hinir pólitísku samherjar hans, vörukaupmenn, togaraeigendur og steingerðir embættismenn í Reykjavík, séu brennandi af áhuga fyrir því að létta lífsbaráttu sveitafólksins. Suðurlandabúar liggja ekki í spýju sinni eða brjóta allt og bramla á opinberum samkomustöðum eins og háskríllinn íslenzki, sem smyglar inn whisky, og lágskríllinn, sem svalar áfengisnautn sinni í farðavínanda.

Ég játa, að vínnautn, eins og hún birtist oftast hér á landi, er andstyggileg, og móti henni hefi ég barizt og með meiri árangri en margir landar mínir. Hv. þm. veit, að meðan stjórnin, sem hann studdi, sat að völdum, var drykkjuskapur á almannafæri sama sem óheftur, að þá voru skipin, sem fluttu fólk með ströndum fram, eins og fljótandi vínbúðir og barsmíðar og áflog ölvaðra manna voru daglegt brauð. Þegar útlend skip komu, fóru Íslendingar alltof oft fram í þau og þömbuðu vín, þangað til þeir urðu ölvaðir og orðnir sér og landi sínu til minnkunar.

Hv. þm. veit líka, að tekizt hefir að vinna bug á þessum ósóma að nokkru leyti. Að miklu minna er drukkið af sterkum vínum en áður. Hv. þm. Borgf. hefði eflaust viljað þurrka út drykkjuskapinn í stjórnartíð bandamanna hans. En hann hefir nú á stjórnmálasviðinu lagt lag sitt við þannig menn, að hans góði vilji á þessu sviði hefir komið að litlum eða jafnvel engum notum fyrir þjóðfélagið.

Það er vitaskuld ekki mér einum að þakka, að drykkjuskapur á almannafæri, bæði á sjó og landi, hefir minnkað stórkostlega síðan haustið 1927. Eftir stjórnarskiptin komu nokkrir af leiðtogum templara til mín og spurðu, hvað ég gæti gert til að draga úr vínnautninni. Ég sagðist ekki geta breytt löggjöfinni gagnvart Spánverjum, nema sæmilegur meiri hluti þjóðarinnar vildi taka afleiðingunum, og ekki komið fram umbótum viðvíkjandi vanbrúkun á víni í landinu nema með þeirra aðstoð. Stjórn templara og landsstjórnin unnu síðan saman að umbótum á áfengislöggjöfinni. Löggæzl-

an hefir verið styrkt, mest í Reykjavík, en nokkuð úti um landið. Farþegaskipin við strendurnar eru nú þurr og þar er aldrei neinn drykkjuskapur. Smyglun er heft eftir því, sem fjárhagur landsins leyfir. Á varðskipum landsins, þar sem vín var þráfaldlega haft um hönd, er nú fyrirskipað að hafa enga tegund víns um borð nema í lyfjakistu. Og ef maður á varðskipum landsins er staðinn að vinnautn á skipunum, eða er ölvaður á almannafæri í landi, þá er slíkum manni tafarlaust vísað úr vistinni. Hefir þessi fyrirskipun orðið til að koma æskilegu lagi á þessa hlið starfsins á varðskipunum. Ásakanir íhaldsmanna í minn garð í sambandi við áfengismálið eru þá fyrir það, að úr því vín er í landinu, þá sé það fremur góð en léleg vara, að vinið, meðan það er til á Íslandi, sé notað í hófi, en ekki í óhófi, að hafa komið fram löggjöf, sem gerir drykkjuskap á almannafæri vítaverðan, og nokkru eftirliti í því efni. Að farþegaskipin með ströndum fram eru ekki lengur fljótandi knæpur og að áfengisnautn á varðskipum landsins varðar nú stöðumissi, í stað þess að íhaldið hafði komið því lagi á, að vín þótti sjálfsagt til risnu á varðbátunum.

Þá skal ég drepa á þann hvalablástur, sem orðið hefir út af því, að blandað var saman einhverjum gömlum vintegundum, sem íhaldið hafði keypt, en gengið erfiðlega að losna við í tíð fyrrverandi forstjóra. Það var ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að hella þessum gömlu birgðum niður eða að reyna að selja þær. Ef því hefði verið hellt niður, hefði þurft að kaupa vín í staðinn, úr því skylt er að hafa vín á boðstólum. Það hefði því verið fjárhagslegt tjón fyrir þjóðina og hófseminni til engra bóta. Og ætli það sé ekki nokkuð sama, hvort víninu er hellt saman hér eða suður á Englandi eða Spáni? Ég er viss um, að hv. þm. Borgf. hefði haldið klukkutíma ræðu út af því, ef víninu hefði verið hellt niður. (PO: Það hefði þá verið lofræða). Nei, þá hefði nú vaknað sparnaðarhugurinn í hv. þm. Hann er nógu skynsamur til að sjá, að það var ekkert verra að láta þetta vín renna um kverkarnar á íhaldsmönnum heldur en að panta annað sunnan af Spáni til þess. Árásirnar út af þessu eru því ekki annað en hótfyndni, og byggðar á vísvitandi rangsleitni í garð þess manns, sem tók við áfengisverzluninni í vesöld og niðurlægingu og hefir nú gert hana að vel starfræktu fyrirtæki.

Hvernig sem annars er reynt að ófrægja núverandi stjórn fyrir áfengismálin, þá mun óhlutdræg rannsókn jafnan sýna, að í stað þess að íhaldið lét líðast opinbert ölæði, hvar sem var á sjó eða landi, hlynnti, ef nokkuð var, að misbrúkun lækna á áfengi, keypti mikið af lélegri vöru í áfengisverzluninni, lét stundum, að því er virðist, undan frekju flokksmanna, eins og Garðars Gíslasonar, sem heimtaði að vera milliliður, lánaði læknum og ýmsum öðrum áfengi, og tapaði á því stórum upphæðum, og hálffyllti áfengisverzlunina með pólitískum skjólstæðingum íhaldsins, þó að margir þeirra væru lítt til vinnu færir, og gerðu þannig starfræksluna miklu dýrari en þörf var á, eins og framangreint vottorð frá núverandi endurskoðendum sýnir, þá hefir núverandi stjórn gert það, sem hægt var að gera til að halda áfengisbölinu í skefjum. Og það, að benda þjóðinni á að nota hin suðrænu vín að fordæmi siðaðra þjóða, meðan sú sala er annars lögleyfð, getur varla talizt veruleg höfuðsynd.

Hv. 1. þm. Skagf. var að spyrja eftir „bláu bókinni", hvers vegna hún færi ekki að koma. Það er nú vegna þess, hvað æðsti dómstóllinn okkar er seinvirkur. Það vantar nefnilega ennþá bæjarfógetadóminn, og vona ég, að hann fari nú að koma, og þá verður farið að ljúka við þessa merku bók.

Ég vona annars fastlega, að dómurinn fari að koma. Annars gæti farið um vaxtatökumálið og dóminn í því eins og sagt er um sýslumann nokkurn, sem var oft í lengra lagi með suma dóma sína. Einu sinni var kært til hans út af stuldi á lambi. Fimmtán ár liðu, og þá kom sýslumaður með dóminn, en maðurinn, sem afbrotið hafði framið, var löngu dauður.

Hv. 1. þm. Skagf. þótti það undarlegt, að núverandi stjórn skyldi finna hús það við Menntaskólann, sem átti að vera lestrarsalur fyrir nemendur, en hefir verið lokað í 70 ár og var að litlu meira gagni fyrir nemendur heldur en

þótt það hefði staðið í fjarlægu landi. Ég veit eins vel og hann, að fólk hefir séð bókasafnshúsið. En ég hefi sannað, að þeir, sem áttu um það að hirða, létu það liggja eins og grafinn fjársjóð mannsöldrum saman. Þegar hv. þm. segir, að hann hafi daglega komið á þetta safn í 6 ár, er auðséð, að hann veit ekki hvað hann er að tala um. Hann blandar saman lestrarfélagi pilta, „Íþöku", og þessu gleymda bókasafni, staðnum, sem ég hefi reynt að gera nothæfan fyrir nemendur, og tekizt að leysa það mál.

Hv. þm. var að tala um, hversu yndisleg sambúðin hefði verið í skólanum á sinni tíð. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma en ég hefi gert. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að reyna að falsa sögu skólans. Ég hefi bent á „pereatið" og lýsingar Einars Kvarans og Gests Pálssonar á skólanum í kringum 1890, lýsing Guðmundar Hannessonar litlu seinna og loks púðursprengingarnar og eldspýtnadreifingarnar skömmu eftir aldamótin, þegar litið var á pilta eins og glæpamenn og þjófa, eins og bækur skólans bera með sér. Hv. þm. sagði, að lítið hefði borið á slíku á seinni árum, en ég tók dæmi frá vorinu sem leið um það, hvernig formið er enn í skólanum, og hversu litla lipurð stjórn skólans hefir sýnt gagnvart sanngjörnum kröfum og þörfum ungra manna. Sá skóli, sem er svona, þarf að lagast vegna þarfa þjóðarinnar.

Hv. 1. þm. Skagf. lét eins og það væri einhver óttalegur glæpur, sem ég hefði framið með því að reyna að hindra, að bekkir skólans í gagnfræðadeild væru tvískiptir. Heilaga einfeldni! Veit ekki hv. þm., að bekkirnir eiga ekki að vera tvískiptir, voru það ekki fyrr en til skamms tíma og að húsrúm leyfir það ekki. Þegar hv. þm. var kennslumálaráðherra, framdi hann lagabrot með því að hafa bekkina tví- og þrískipta og bæta við kennurum, sem var borgað eins og þeir væru fastir kennarar, þótt engin lög væru til um það. Það er hægt að ásaka fyrrverandi stjórn fyrir það, hvað örf hún lét skólann vaxa, og hirti lítt um heilsu og líf nemenda. Skólinn hefir verið argasta berklabæli, og ekki veit ég, hvað hörð orð ég má hafa um yfirmenn hans, fyrrv. kennslumálaráðherra, og þá ekki síst hv. 1. þm. Skagf. fyrir að hafa hreint ekkert gert í því máli. Sum árin veiktust 20—30 nemendur af brjóstveiki, enda var það engin furða, þegar skólinn var yfirfylltur eins og sjóbúð og vanhirtur um viðhald og aðgerðir að sama skapi. Það var ekki hægt að uppfylla frumlegustu hreinlætiskröfur. Ég veit, að til eru foreldrar, sem ásaka mig fyrir að takmarka inngöngu í skólann, en ég tek mér það ekki nærri. Meðan ég hefi yfirumsjón skólans með höndum, verð ég að hafa vit fyrir þeim fáráðu foreldrum, sem keppast við að koma börnum sínum í yfirfylltan skóla, þar sem heilsa og líf unglinganna er í voða. Ég veit, að það gleður hv. d., að þótt berklahættu sé ekki útrýmt í skólanum, hefir borið miklu minna á henni í vetur en um mörg undanfarin ár, og þakka ég það því, að nú eru minni þrengsli í skólanum og hægt að koma við meira hreinlæti. Það er búið að mála og dúkleggja, koma loftræsting fyrir á viðeiganda hátt, fá meira „sport" inn í skólann og útbúa sérstakt fatageymsluherbergi handa nemendunum auk margra annara umbóta. Ég held að hv. 1. þm. Skagf. megi vera viss um það, að ég hefi ekki skorið sundur lífsþráð nemenda. Það er hæðni örlaganna, að þessi hv. þm. skuli segja þetta, þar sem ég hefi einmitt átt þátt í að minnka til stórra muna sýkingar- og berklahættu við þennan stærsta skóla landsins.

Hv. þm. endaði mál sitt á því, að við Framsóknarmenn værum ófáanlegir til að nefna flokk hans því nafni, sem honum bæri, og mundum við gera það af hræðslu við Dani. Ég býst nú við, að Dönum sé sama bæði hvað flokkurinn heitir og hvað við köllum hann. Annars hefi ég aldrei áfellt Íhaldsmenn fyrir það, hvað þeir kalla sig. En ég hefi bent þeim á, hvað það er hlægilegt, að þeir skuli kalla sig Sjálfstæðismenn, þeir, sem eru linastir allra flokka um menningarlegt, pólitískt og fjárhagslegt sjálfstæði okkar. Ég hefi enga trú á, að þegar við förum að byggja upp okkar raunverulega sjálfstæði, verði nokkur verulegur veigur í Íhaldsmönnum, að örfáum undanteknum. Það sem ég hefi áfellt þá fyrir, er sú firra, að þeir skuli ætla sér þá dul, að

byggja sína flokksframtíð innanlands á því að skrökva upp á erlenda þjóð, að hún beri illan hug til okkar og sé að gera okkur rangt til og hafi sýnt sig í innlimunartilraunum, þótt engin rök verði leidd að því, að svo sé. Það getur enginn flokkur byggt sitt líf á því að skrökva upp sakargiftum á einstaklinga eða þjóðir. Okkar sjálfstæðisbarátta er í því fólgin, að gera einstaklingana frjálsa og sterka, svo að þeir geti staðið örugglega gagnvart allri útlendri áleitni. En aðalmaðurinn í Sjálfstæðisflokknum, hv. 1. þm. Skagf., hefir hjálpað Shellfélaginu inn í landið á þann hátt, sem alþjóð er kunnugt, og greitt götu þess á allan hátt. Allir vita, að Shell á Íslandi er ekki íslenzkt félag. Íslendingar eru ekkert nema leppar, meira að segja hv. 1. þm. Skagf. sjálfur. Hann hefir misbeitt sinni stöðu sem ráðherra til að opna þessu gróðafélagi leið inn í landið. Ef við fáum mikið af slíkri pólitík, þýðir ekki, þó prentað væri „sjálfstæðismaður" á bak og brjóst á hverjum einasta manni í flokknum. Enginn maður með heilbrigða skynsemi mundi trúa því, að þar sem borgararnir væru þesskonar „sjálfstæðismenn" geti verið til lengdar um nokkurt þjóðarsjálfstæði að ræða.

Hv. þm. Borgf. álasar mér fyrir það, að ég væri að lasta Jón Magnússon dáinn. Ég hugsa, að ef Jón Magnússon hlustaði á okkur núna, sem vel getur verið, mundi hann bera mér það, að ég hefði verið hreinskilinn við hann, meðan hann lifði. Meðan við áttum saman sæti á þingi sagði ég honum óspart mitt álit á framkomu hans. Hv. þm. Borgf. má vera meira en lítið undarlega innréttaður, ef hann heldur, að ég áliti stefnu Jóns Magnússonar betri, þó að hann sé dáinn, heldur en meðan hann lifði. Ég get gjarnan sagt, að Jón Magnússon var miklu klókari að snúa snældu sinni en þeir, sem komu á eftir honum til mannaforráða í Íhaldsflokknum, og að mörgu leyti vel viti borinn maður, en þó mjög óheppilegur foringi fyrir vöntun á frelsi og kjarki. T. d. var hann forsætisráðherra þegar enska lánið var tekið. Var sú framkvæmd góð eða vænleg til þjóðheilla? Eigum við að vera að falsa söguna? Nei, hv. þm. Borgf. Það er ekki hægt. Við eigum að segja rétt um þá dauðu eins og þá lifandi.

Það kom mjög illa við hv. þm. Borgf., þegar ég benti honum á hvað það væri, sem hann var að telja eftir, t. d. smávægileg útgjöld við það að koma í lag stórum ríkisstofnunum. Á Vífilsstöðum var svo sem kunnugt er hörmulegt ástand á matreiðslunni og öllum þeim málum í 8 ár. Sjúklingarnir voru sáróánægðir með matinn og ráðskonuna. Þeir kvöldust og kvörtuðu, en ráðskonan var í náðinni hjá Íhaldinu og Sigurði lækni Magnússyni. Ég vissi um þetta ástand og ákvað að hafa ráðskonuskipti og gerði það. Eftir það hefir sannarlega kveðið við annan tón á meðal sjúklinganna. Ég valdi til starfans myndarstúlku, sem ég hafði sérstaka trú á að mundi búa vel um sjúklingana. Hér var ekkert hæli, sem hægt var að taka til fyrirmyndar í þessu efni, og nú kemur hv. þm. með sína syndaskrá og skammar mig fyrir að hafa veitt þessari konu 4—500 króna utanfararstyrk, þegar hún var að búa sig undir forstöðu fyrir ríkisstofnun, þar sem óþörf eyðsla á einni viku getur kostað landið miklu meira en það, sem eytt var til að koma starfrækslu þessari í lag. Væntanlega veit hv. þm., að það hefir skipt svo um á Vífilsstöðum, að nú er eins og dagur hjá nótt hjá því sem áður var. Hverjum einasta sjúklingi mundi þykja miður, ef þessi ráðskona færi frá þeim, í stað þess að þeir glöddust mjög, þegar hin fór. Hlutum eins og þessum er hv. þm. sí og æ að amast við. Hv. þm. sér svo mikið eftir þessum 4—500 krónum, að hann vill vinna til að hafa það ástand, sem áður var þar um aðbúnað sjúklinganna. En er það nú ekki merkilegt, að hv. þm. Borgf. skyldi aldrei með einu orði amast við því, að Eggert Claessen fékk 40 þús. kr. laun samhliða því sem hann var að setja bankann á hausinn? Hvers vegna er hv. þm. alltaf að telja eftir 12—18 þús. kr. til Páls Eggerts Ólasonar, en gleymir samherja sínum Claessen? Hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. segja: Það er ekki landsjóður, sem borgar Eggert Claessen! Heyr á endemi! Hver var það, sem tók enska lánið, ef ekki ríkið? Og hver fékk meiri hluta lánsins nema Íslandsbanki? Hver var það, sem tók milljónalán í National

City Bank, ef ekki ríkið til að koma einni milljón af því í Íslandsbanka? Hver fær skellinn af Íslandsbanka, ef ekki ríkið? Þeir, sem hafa lesið skrif fyrrverandi ritstj. „Íslands" í Vísi, vita, að hans höfuðröksemd er sú, að ríkið beri ábyrgð á Íslandsbanka; það sé svívirðilegt, ef sparifjáreigendur tapi, og svívirðilegt ef útlendingar tapi. Bæði af blöðum íhaldsmanna og framkomu þeirra í þinginu sést, að þeir telja öll skakkaföll Íslandsbanka vera á ábyrgð ríkisins, og þá er ekki orðið langt yfir í 40 þúsundir Eggerts Claesens.

Nei, hv. þm. verður að játa það, að hann er ekki jafnréttlatur og glöggskyggn eins og hann er natinn við smámuni. Hann á að sjá, að það var svívirðilegt að borga þeim óhappamönnum, sem tóku enska lánið, 100 þúsund krónur. Ég býst við, að það hefði kannske borgað sig að greiða Jóni Sigurðssyni forseta eða einhverjum slíkum manni 40 þúsund kr. í árskaup. En Eggert Claessen, sem hefir alltaf verið að hjálpa bankanum niður á við, átti sannarlega ekki skilið að fá 40 þús. kr. á ári fyrir sitt starf. Það er ekki það, sem setur landið á hausinn, þó að matreiðslukona fái 400 króna styrk, eða landið eigi 2 bíla. Hv. þm. sér nokkur hundruð, en hann sér ekki 40 þúsundir greiddar af almannafé fyrir að stýra fjárhagsfyrirtæki út í milljónagjaldþrot, og hann sér ekki milljón á Ísafirði eða 2 milljónir á Seyðisfirði. Hann sér ekki Loft í Sandgerði eða Copland með 1200 þúsund krónur gefnar eftir af Eggert Claessen úr fátæklegum sjóði Íslandsbanka, sem þar að auki mun hafa lánað sama erlenda fiskspekulantinum a. m. k. ¾ úr milljón veðlaust, til að halda áfram möguleikanum til að tapa. Það er þessi eyðsla, sem framkvæmd er af leiðandi mönnum í flokki hv. þm., sem setur okkur í skuldir og gerir það að verkum, að vextirnir eru 8%. Fátækir iðjumenn og dugnaðarmenn eru með háum vöxtum að borga milljónina, sem þm. N.-Ísf. og Claessen hafa lánað út í eintóma vitleysu.

Hv. þm. var að tala um, að ég hefði farið oft austur að Laugarvatni, og húsameistari hefði líka farið þangað vegna skólabyggingarinnar. Í fyrra fóru nokkrir þm. þangað austur, meðal annars nokkrir flokksmenn hv. þm. Á reikning hv. þm. yfir þessa ferð voru fáeinar brauðsneiðar, sem þessir menn fengu í nesti! Þetta sá hv. þm., rétt eins og það væri milljónin á Ísafirði! Annars gaf hv. þm. mér tækifæri til að sýna og sanna, hvernig allur þessi taumlausi Laugarvatnsskólarógur er til kominn. Morgunblaðið neitaði að taka við yfirlýsingu í þessu efni frá húsameistara og ríkisbókara. Hv. þm. segir, að það séu orðin svo mikil brögð að skammarlegri eyðslu minni í sambandi við Laugarvatnsskólann, að ef einhver fari þangað austur, þori hann ekki annað en lýsa því yfir í Morgunblaðinu, að ferðin sé ekki farin á ríkisins kostnað. Mér er sagt, að skólastjórinn við Kennaraskólann hafi nýlega farið með nemendum sínum skemmtiferð austur að Laugarvatni. Ég var ekki beðinn að lána bíl í þessa ferð, en ég hefði eflaust gert það, ef til hefði komið. Ég lánaði til dæmis Vélstjóraskólapiltunum bíla austur að mjólkurbúinu í Ölfusi, og einnig hefi ég lánað Menntaskólapiltum bíla við og við, og nú seinast útvegað þeim brúkaðan bíl frá einum af spítölum landsins, til að leikfimikennarinn geti fljótlega flutt hópa af piltum inn í Laugar eða til róðra suður að Skerjafirði. Nú komu Kennaraskólapiltarnir austur, voru þar allan daginn og skemmtu sér vel á margan hátt, dönsuðu, syntu í lauginni og fóru á skautum á vatninu. Daginn eftir verða skólapiltar varir við, að bærinn er fullur af kviksögum um ferð þeirra. Stjórnin átti að hafa sent piltana austur með ærnum kostnaði. Skólastjórinn bað þá Morgunblaðið fyrir yfirlýsingu, sem byrjar svo: „Að gefnu tilefni". En blaðinu þóknaðist nú að skilja þessi orð framan af og snýr þessu þannig við, að það verður engin leiðrétting. Það mátti ekki móðga slúðurberana. Athugasemdin í Mbl. var einmitt orðuð þannig af moðhausum blaðsins, að fólk með samskonar innræti og hv. þm. Borgf. ætti sem auðveldast með að trúa, að stjórnin hefði beðið piltana að fara þessa skemmtiferð.

En úr því að minnzt er óbeinlínis á Laugarvatn, þá ætla ég að segja það við hv. þm. Borgf., sem fulltrúa þess flokks, sem barðist mest á móti framkvæmd

þess skólamáls, að það er litið svo á af mörgum, sem standa utan við — ég segi það ekki sem mína skoðun — að bygging þess skóla sé einhver glæsilegasti sigur af mörgum og miklum sigrum, sem stjórnin hafi unnið í nokkru máli, að hafa stutt fólkið austanfjalls í að koma upp þessum héraðsskóla eins og hann er og á þeim stað sem hann er. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, en það vita allir, að eftir að búið var að veita fé til skólans og safna fé í Árnessýslu, þá eyðilögðu íhaldsmenn málið 1926, af því að þeir vildu ekki koma upp skóla fyrir bændabörnin austanfjalls. Þeir vöktu upp svo mikinn fjandskap, að nær einstætt mun vera í sveitum á Íslandi. Þeir settu sveit á móti sveit, mann á móti manni, svo að ekki mætti koma upp þjóðleg menntastofnun austanfjalls, þar sem unga fólkið úr héraðinu gæti verið vetrarlangt fyrir 400 kr. undir betri kringumstæðum en í Reykjavík fyrir 1200 kr. Síðan komu kosningar og stjórnarskipti. Þá verða til 5 hreppar í Árnesþingi, sem vilja leysa málið. Ég hjálpaði þeim eftir því sem ég gat til þess, í trássi við íhaldið, í trássi við „Moggann" og alla hans aðstandendur. Það var reynt að ófrægja okkur fyrir þetta eins og hægt var. En nú er svo komið, að hinir öflugustu íhaldsmenn í Reykjavík, svo sem þeir Knútur Zimsen og Eggert Claessen, til að nefna menn, sem litið hafa átt samleið með mér í almennum málum, hafa sagt um Laugarvatnsskólann: Við erum á móti öllu því, sem Jónas hefir gert, nema þessu. Þarna hefir hann séð rétt. — Og út af þessum látlausa rógi og mótstöðu gegn þessum skóla hefir bygging þessa skóla meir verið tengd við mitt nafn heldur en ástæða er til og miklu meira en vera myndi, ef íhaldið hefði ekki eyðilagt málið 1926. En ég finn, að margir skoða þetta sem merkilegan sigur á heimsku og sundrung og illvilja fáráðra manna.

Þá eru það varðskipin. Hv. þm. hélt enn fram, að landhelgisgæzlan væri í ólagi, af því að skipin tækju einstöku sinnum farþega milli hafna. Hann varð nú samt sem áður að játa, að landhelgisgæzlan væri betri, af því að skipin væru orðin betri. Og líka hitt, að sá maður, sem ég hefi valið sem skipstjóra á „Ægi", hafi unnið gott starf. Ég held hann sé fyrsti íhaldsmaðurinn, sem ég hefi heyrt unna þessum manni sannmælis. Ægir er búinn að taka eitthvað 10—12 togara á hálfu ári, og sektir þeirra eru orðnar um 150 þús. kr., ef ég man rétt. En leiðinlegt fannst mér, að hv. þm. skyldi þurfa að dylgja um það, að þessi skipstjóri hafi ekki alltaf gætt verks síns. En hann gætir starfa síns áreiðanlega með allt öðrum hætti en margur íhaldsembættismaður, sem sefur hálfan sólarhringinn, og vinnur eins lítið og hann getur þann tíma, sem hann er við verkið að nafni til. Því að áreiðanlega eru þeir dagarnir margir, þegar Einar Einarsson skipstjóri sefur ekki nema 3—4 stundir á sólarhring, en stendur dyggilega á verði uppi á stjórnpalli við sitt karlmannlega starf. Nei, Ægir var ekki sendur austur í fljótaferð eins og hv. þm. sagði, heldur blátt áfram í eftirlitsferð. Hefðu hv. þm. því vel getað sparað sér það mikla erfiði, sem þeir hafa lagt fram til þess að gera það hlægilegt. Og ef íhaldið vill bera saman landlegudaga Ægis við það, sem gerðist með varðskipin í tíð íhaldsins, þá mun ekki halla á Einar Einarsson.

Ég ætla þá að minnast á aðra hluti í sambandi við „Ægi".

Það vita allir, að „Þór" var við Vestmannaeyjar til þess að bjarga bátum þar, ef á lá. Og maður skyldi því halda, að þeir, sem stóðu fyrir þessum málum í Vestmannaeyjum, hefðu útbúið „Þór" með þeim helztu tækjum, sem að liði gætu komið við björgun. Maður skyldi ennfremur halda, að þegar „Óðinn" var smíðaður, hefði verið um þetta hugsað. En það var síður en svo. En þegar „Ægir" var smíðaður í tíð núverandi stjórnar, þá lét ég tilvonandi skipstjóra kynna sér björgunarmál í Noregi, Þýzkalandi, Englandi og Danmörku. Hann er fyrsti Íslendingurinn, sem þekkir af eigin reynd öll björgunartæki, sem notuð eru í næstu löndum. Ennfremur bað ég skipstjórann að velja öll björgunartæki, línubyssu, „rakettur", og þesskonar, sem gætu átt við hjá okkur. Þegar „Ægir" kom var hann fyrsta skipið hér við land, sem hafði öll venjuleg tæki til björgunar, sem unnt var að koma við á slíku skipi. Síðan lét ég kaupa samskonar tæki á „Óðin"

og nokkru minni tæki á „Hermóð", sem eiga þar við. Þegar ég tók við, var jafnvel ekki til almennileg línubyssa á „Þór". En slíkar byssur, sem draga vel 250 metra, eru alþekktar í næstu löndum. Lenti oft í mestu vandræðum fyrir varðskipunum áður fyrr að ná sambandi við báta, sem átti að draga, af því að slíka línubyssu vantaði. Hættan var sú, að bátur og skip rækjust á, þegar verið var að kasta köðlum á milli. Svona var vankunnáttan fáránleg frá hálfu íhaldsforkólfanna, sem höfðu yfirumsjón með skipum þessum, að okkar menn þekktu ekki einföldustu áhöld.

Á „Óðni" og „Ægi" eru nú björgunarstólar, sem hægt er að draga eftir köðlum á milli skipa, allt að ½ kílómetra. Ef ekki er hægt að komast nær strönduðu skipi en í 500 m. fjarlægð, þá reynir björgunarskipið að skjóta „rakettu" yfir í hið strandaða skip eða bát. Fyrst er skotið grönnum þræði og þá dregin sterkari lína og loks kaðall. Síðast er þessi björgunarstóll settur á kaðalinn og gengur eftir honum milli skipanna. Í hann binda menn sig fasta, og stóllinn gengur fram og aftur meðan nokkur maður er eftir, sem þarf að bjarga.

Ég hefði nú ekki farið að minnast á þessa hluti, ef ekki væri alltaf verið að núa mér því um nasir, að ég hirti ekkert um strandgæzlu- og björgunarmálin. En vegna þess leyfi ég mér að benda á, að á svona einföldu máli var næsta lítil þekking og lítil viðleitni sýnd til umbóta meðan íhaldið átti að sjá um þessi mál. En ég vona, að stjórnir þær, sem koma hér á eftir, haldi áfram í sömu átt, og alltaf verði á okkar björgunarskipum þau skárstu tæki, sem hægt er að koma við. Nóg er samt áhætta sjómanna.

Þá gerðist hv. þm. Borgf. svo djarfur að fara að tala um loftskeytafrv. Og hann reyndi að afsaka sig, en ásaka mig. Hann sagði hvorki minna né mjórra en það, að stjórnin hefði þegar heimild til alls þess, sem farið er fram á í frv. Ég hefði gaman af að sjá framan í forstjórana í Kveldúlfi, þegar þeim væri skipað að gefa drengskaparvottorð um skeytin, og þegar farið væri að segja yfirleitt við þau skip og félög, sem mest brjóta: Þið fáið ekki að ráða orðalagi á skeytunum, sem þið sendið. Fróðlegt yrði ennfremur að sjá, hvað íhaldsmenn segðu, þegar farið væri að dæma togaraeigendur þá, sem ekki vildu hlýða reglum stjórnarinnar, eftir lögum, sem íhaldið hefir fellt á Alþingi Það eru einhver mestu ósannindi, sem hafa sögð verið á Alþingi, þegar þessi hv. þm. segir, að þetta frv. hafi verið borið fram án tilefnis. Enda vita allir, að það er Kveldúlfur, sem vill ekki hafa þetta eftirlit, og önnur félög, sem standa undir yfirumsjón formanns Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Og hv. þm. Borgf. hefir viljandi látið ginna sig eins og þurs í þessu efni. Hann hefir með atkvæðagreiðslu sinni um loftskeytafrv. sannanlega gengið í félag með eigendum veiðiskipa, sem eru að svíkjast inn í landhelgina. Sá blettur verður aldrei af honum þveginn; höndin er svört orðin og hv. þm. sér það, og þjóðin sér það líka. Hann getur verið viss um, að einhverjir sjómenn á Akranesi muni þakka á viðeigandi hátt stuðninginn við eigendur Belgaum, Egils Skallagrimssonar og annara brotlegra togara. Íhaldsmönnum tókst meðan ég var veikur að drepa frv. Landhelgisþjófarnir hrósa nú sigri, en brosa í laumi í kampinn að hv. þm. Borgf., sem á að vera málsvari sjómannanna á Akranesi, en er í raun og veru viljalaust verkfæri í höndum togarafélaganna í Rvík, eins og atkvæðagreiðsla hans sýnir. En slíkar aðfarir mættu gjarnan koma þeim í koll, sem eru að hjálpa togurum að ræna björginni frá fátækum fiskimönnum á friðuðu svæði. Áður en Einar Einarsson tók Belgaum við Snæfellsnes nýlega, þá sögðu sjómennirnir vestra: Þessi stóri, grái togari er nú búinn að vera hér 4 daga og rífa netin okkar og eyðileggja aflann. Vestur á Snæfellsnesi verður það metið, að Belgaum var hremmdur í landhelgi. Og þar líta sjómennirnir allt öðrum augum á það, hver munur sé á landhelgisgæzlunni eins og hún var hjá íhaldinu og eins og hún er nú heldur en hv. þm. Borgf.

Ég skal ekki segja, hvað langt líður þangað til hið ísl. þjóðfélag hefir komið lögum yfir landhelgissvikin. En ég veit það, að við þetta mál skilur þjóðin ekki fyrr en búið er að beygja íslenzku land-

helgisþjófana undir íslenzk lög og réttarframkvæmd. Það getur svo farið, að minna bros verði á vörum hv. þm. Borgf. og eigenda Kveldúlfs, þegar sjómenn eru búnir að greiða atkvæði um þetta mál við næstu kosningar. Því að það vita allir, sem eitthvað þekkja til þessa máls, að á hverjum degi fara þessi leyniskeyti út frá íslenzkum togarafélögum til skipa þeirra, einungis í því skyni að gefa fregnir um varðskipin, til að hægt sé að laumast í landhelgina, þegar skipin er fjarri. Þetta er ástæðan til þess, að togarafélögin hata allar hömlur á þessu sviði.

Að endingu vil ég nefna það, að það hefir nú varla neitt íhaldsblað komið svo út um langan tíma, að ekki sé ég ófrægður fyrir það, ef einhver maður fær að fara milli hafna með varðskipi um leið og það fer í eftirlitsferð. En ég býst nú naumast við, þó að íhaldið komi aftur til skjalanna, að þetta muni hætta. Hv. þm. Borgf. gat ekki neitað því, að það var vel byrjað í tíð íhaldsins, þegar „Óðinn" var sendur í Borgarnes til þess að sækja þáverandi forsætisráðherra, hv. 3. landskjörinn, þegar hann kom úr pólitískum leiðangri vestan úr Dölum. Ég veit ekki annað en Þórarinn á Hjaltabakka hafi unað því ágætlega að ferðast með varðskipi tvisvar eða þrisvar, er hann var að fara til og frá nefndarstörfum í Reykjavík. Hvernig mundi þetta verða eftir stjórnarskiptin? Ætli íhaldsmenn yrðu harðari af sér en ég, þegar hv. þm. Barð. þarf að fara heim. Ég var einmitt svo eftirlátssamur, að ég leyfði þessum hv. þm. að fara í kvöld áleiðis heim til sín, um leið og skipið fór í eftirlitsferð til Vesturlands. Hann veit, að ég tel þetta ekki eftir, hvorki flokksmönnum né andstæðingum. Mín hjálp nær til allra þeirra, sem ég álít, að maður geti meinfangalaust greitt götu fyrir, hvort sem það nú heldur eru Framsóknarmenn eða Íhaldsmenn.

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að þetta fyrirkomulag eldhúsdagsins er alls ekki samkv. þeim samningum, sem ég hafði gert fyrir flokks míns hönd við hæstv. forsrh. Þessi tilhögun, að ræða önnur mál innan um eldhúsdagsumr., er allsendis óviðunandi, enda virðist hún til þess gerð, að stj. fái að safna nýjum kröftum undir hverja árás. Ég er þannig gerður, að ég vil ganga hreint að verki og hrista stj. duglega til í eitt skipti fyrir öll, en ekki blanda óskyldum málum þar inn á milli. Ég leyfi mér því fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins að mótmæla slíku háttalagi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins benda á það, að síðan eldhúsdagur hófst hefir eitthvað á aðra klst. farið í að afgreiða önnur mál, en annars hefir umr. alltaf verið haldið áfram til miðnættis, nema einn dag var fyrr tekin hvíld. Ég vil ennfremur benda á það, að ég mæltist til þess við forseta, að fundur yrði ekki hafinn kl. 10, en samkv. ósk hv. 1. þm. Skagf. varð það úr, að svo var gert, en þá var hv. 2. þm. G.-K. ekki viðstaddur.

Ólafur Thors: Ég vil taka það fram, að það var ekkert brot á gerðum samningum, þótt fundur byrjaði kl. 10, einkanlega þar sem hv. 1. þm. Skagf. óskaði þess, því að hann fer með umráð innan Sjálfstæðisflokksins, þótt það vildi nú svo til, að ég samdi við hæstv. stj.. Hitt kann ég illa við, og álít það alls ekki rétt, að mörgum stórmálum sé blandað inn í eldhúsdagsumr. Það er einnig enganveginn rétt hjá hæstv. forsrh., að umr. um þessi mál hafi aðeins staðið á aðra klst., heldur hafa a. m. k. 3 tímar farið í að ræða um sjómannalögin og siglingalögin, og nú liggja hér tvö stórmál fyrir. Allan daginn í gær töluðu svo aðeins 3 menn, hv. þm. Ísaf., sem raunar var vorkunn, því að hann hafði ekki talað fyrr, svo talaði hæstv. forsrh. og að síðustu kom hæstv. dómsmrh. með eina af þessum langlokum sínum, sem allir kannast við.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. 2. þm. G.-K. á því, að þau ummæli, sem hann viðhafði fyrst, er hann stóð hér upp og sagði, að stj. fengi fundarhlé til að safna kröftum, eru alveg röng. Stj.

hefir strax svarað ræðum hv. þm. og gert það eftir röð. Einnig vil ég mótmæla því, að umr. um þessi tvö mál, sem hv. þm. nefndi, hafi dregizt í 3 klst., því að umr. stóðu um þau eitthvað frá kl. 2 í gær til kl. 3, en hve langan tíma önnur mál hafa tekið, hefi ég ekki reiknað saman. Hvað viðvíkur dagskránni í dag, þá er því til að svara, að nú þegar hefir eitt málið verið tekið út af henni, og annað hefir verið afgr., og er þá aðeins eitt eftir, en það mun ekki taka langan tíma.

Síðar á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Jónsson:*) Það er nú orðið nokkuð langt síðan ég talaði síðast. Það var víst á laugardaginn var, svo að þótt eldhúsdagsumr. séu orðnar nokkuð langar, þá er það ljóst, að ég á ekki nema lítinn og eingöngu óbeinan þátt í þeim umr., sem orðið hafa þessa viku. Annars er ég óánægður með að þurfa að tala nú, þar sem aðeins á að vera stuttur fundur í dag og síðan á að ganga til mannfagnaðar. (**Dómsmrh.:** Menn eiga að verða samkvæmishæfir). Já, undir forystu hæstv. dómsmrh. (**Dómsmrh.:** Eða með stuðningi hans). Úr því að hæstv. ráðh. er að grípa þetta fram í, skal ég skjóta því að, að mér þykir leitt, hversu mjög hann hefir verið ávítaður fyrir þessa grein sína, þar sem hann hvatti menn til að nota áfenga drykki til að gera sig samkvæmishæfa. Það er ekki svo oft sem hæstv. ráðh. hefir skrifað heiðarlega grein, að hann eigi skilið, að sá sjaldgæfi viðburður mæti eins lítilli samúð og grein hans um áfengismálið.

Ég hefði helzt viljað ljúka eldhúsdeginum í gærkveldi, og var þá til með að fella niður meginpartinn af því, sem ég ætlaði mér að segja. En úr því að hæstv. stj. vildi ekki fallast á það, og það sýnist tilgangur hennar að hafa þessar umr. sem allra lengstar, þá hefi ég enga ástæðu til að stytta mál mitt. En hinn stutti fundartími í dag hlýtur þó að verða til þess, að ég get aðeins stiklað á því stærsta af því, sem svara þurfti.

Vil ég fyrst snúa mér að hæstv. forsrh. Tók hann að rifja upp úr guðfræðinni það, sem okkur hafði verið kennt forðum, að ræður ættu ekki að taka lengri tíma en hálfa klukkustund. Það þarf náttúrlega ekki að taka fram, að sjálfur hefir hann margbrotið þessa reglu, sem honum finnst svo gullvæg handa mér. En það, að hæstv. ráðh. fór að tala um þetta, er annars ágætt dæmi um framkomu hans í orðaskiptum. Hann tekur reglu úr guðfræðinni, sem í sjálfu sér er góð og gild þar, en ætlar að heimfæra hana upp á stjórnmálaviðskiptin, þar sem allt aðrar reglur hljóta að gilda. En þetta er aðferðin: að taka reglu, sem er góð og gagnleg, þar sem hún á við, og láta eins og hún sé sjálfsögð í öðrum tilfellum, þar sem öðruvísi stendur á að öllu leyti. — Þetta áttu víst að vera einhver mótmæli gegn ræðu minni, að hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði talað í tvær klukkustundir. En það ætti að vera óþarfi að minna hæstv. ráðh. á, að ýmsir merkustu og frægustu ræðumenn heimsins hafa einmitt einatt haldið mjög langar ræður. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt líkja mér við þá að mælsku eða andagift, get ég minnt á, að Gladstone t. d. talaði stundum heila nótt, Bismarck drakk oft 2 og 3 whiskyflöskur meðan hann hélt eina ræðu, og þótt hann þyldi mikið karlinn, þá hefir þetta þó hlotið að taka sinn tíma. Hinn ágætasti ræðumaður Frakka, Poincaré, talaði nýlega í þrjá daga samfleytt í franska þinginu. — Nei, ræðulengdin verður að vera alveg eftir atvikum, eftir því, hversu umfangsmikil mál eru til umræðu. Hitt er náttúrlega skiljanlegt, að hæstv. forsrh. vilji hafa ræður andstæðinganna sem stytztar, svo að hann hafi sem minnstu að svara. En við getum ekki að því gert, stjórnarandstæðingar, þótt hæstv. landsstj. hafi gerzt sek um svo margt aðfinnsluvert, að það taki nokkurn tíma að telja það allt upp.

Af ræðu hæstv. forsrh. ætla ég að taka það fyrst, sem hann tók síðast, en það er sá hluti ræðu hans, sem hann nefndi hinn persónulega kafla. Ég hafði haldið því fram, að persónulegar ástæður myndu hafa valdið veitingu eins embættis hjá hæstv. forsrh. Hann vildi afsanna, að þetta gæti verið rétt og flutti fram nokkur rök fyrir því, og má skipta þeim í

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

tvo flokka. Fyrst er framkoma hans á Alþingi gagnvart ýmsum mönnum, er eitthvað hafa gert á hluta hans fyrr eða síðar, og í öðru lagi afstaða okkar fornkunningjanna, hæstv. ráðh. og mín. — Hæstv. ráðh. nefndi það, að hann hefði greitt atkv. með fjárveitingum til tveggja manna, er hann hafði átt nokkuð í höggi við, Sigurðar Sigurðssonar og Magnúsar Péturssonar. Átti þetta að vera almenn sönnun þess, að hann léti ekki persónulega óvild hafa áhrif á atkv. sitt. Mér finnst þetta óneitanlega heldur lítil sönnun, því að líklega eru fáir þeir þm., sem aldrei hafa greitt atkv. með fjárveitingu til nokkurs manns, er þeir gátu haft einhverja tilhneigingu að vera heldur í nöp við.

Það er eins og hæstv. forsrh. finnist það eðlilegt og nærri því sjálfsagt að setja á sig að vera persónulega í nöp við alla menn, sem að einhverju leyti eru á móti honum. Mér viðvíkjandi get ég minnzt á ritstyrk til eins manns, sem oft hefir reyndar hreytt í mig ónotum. Ég greiddi atkv. með styrknum, eins og ég áleit rétt. Ég á við Halldór Kiljan Laxness. Ég sé nú að þetta hefir verið nokkuð stór dyggð hjá mér að gera þetta.

Ég hefi áður gefið hæstv. forsrh. yfirlýsingar um gott samkomulag okkar á milli fyrr og síðar. Þær má finna í þingtíðindum. Hann var ágætur félagi og skólabróðir, og það er langt frá, að ég reyndi af honum nokkuð slíkt, að ég hafi nokkru sinni borið kala til hans. Ég held, að okkar viðskipti í þessu efni síðan hafi verið nokkuð svipuð.

Það er aðeins eitt, sem hæstv. forsrh. þarf að berjast við að reyna að fyrirgefa mér; það er, að ég hafi hremmt frá sér það embætti, sem hann langaði mest til að fá á ævinni. Af því að svo mætti líta á, að ég hafi gert eitthvað óheiðarlegt, þegar ég fékk dósentsembættið við háskólann, eftir orðum hæstv. ráðh. að dæma, þá finn ég ástæðu til að gera svolítið nánari grein fyrir þessu.

Þegar þetta embætti losnaði, í des. 1916, sóttu nokkrir menn um það. Það hittist svo á, að hæstv. forsrh. var þá staddur hér í Reykjavík. Og af því að þetta var um miðjan vetur og kennsla mátti ekki falla niður, þá var hann fenginn til að gegna embættinu til bráðabirgða. Og jafnframt tók guðfræðideildin það fram, að hún ætlaði sér að framfylgja ákvæði í 9. gr. háskólareglugerðarinnar um samkeppnispróf milli þeirra, sem um starfið sæktu, áður en embættið yrði veitt. Ég held, að eitthvað af umsóknum hafi þá verið dregið til baka, en það voru þrír menn, sem kepptu, hæstv. núv. forsrh., séra Ásmundur Guðmundsson og ég.

Dómnefnd skipuðu kennarar deildarinnar tveir, sem eftir voru, Haraldur Níelsson og Sigurður P. Sívertsen, sá, sem nýfarinn var, Jón Helgason biskup og tveir menn utan háskóladeildarinnar, próf. Björn M. Ólsen og Jón Aðils dósent. Tveir þeir síðustu áttu sérstaklega að vera til aðstoðar við að leggja dóm á ritgerð og fyrirlestra í kirkjusögu, sem mest áherzla var lögð á við prófið. Þessi 5 manna n. dæmdi eingöngu eftir úrlausnunum, og hún réð því algerlega hverjum embættið væri veitt. Hún varð sammála um að velja mig. Nú get ég vel skilið það hjá hæstv. forsrh., að honum hafi sárnað að verða af þessu embætti. Hitt er mér gersamlega óskiljandi, hvernig það gat komið upp í huga hans, að það gæti komið til nokkurra mála að leggja fæð á mig fyrir það, að ég fékk embættið. Það hefði þá heldur verið dómnefndin. Eða þá við mig fyrir það að sækja um embættið. Ég stóð mjög illa að vígi í þessari samkeppni. Ég var þá heilsutæpur, þoldi illa vinnu og gegndi auk þess einu af erfiðustu embættum landsins. Þetta held ég að hæstv. forsrh. hafi vitað og skilið, og ég hefi heldur aldrei fundið gremju hans bitna á mér. Ég man, að hann tók mjög hlýlega í hendina á mér og óskaði mér til hamingju með embættið.

Ég komst einu sinni áður í nákvæmlega sömu stöðu. Ég hafði sótt um þetta sama embætti áður, það var árið 1911, þegar háskólinn var stofnaður. Þá var ég nýlega útskrifaður og hafði tekizt að ná mjög háu prófi og hafði fengið nokkra von um kennaraembætti við guðfræðideild háskólans. Vorið 1911 var séra Eiríkur Briem settur til að gegna embættinu, og töldu allir víst, að honum yrði veitt það. Ég fór vestur til Ameríku og dvaldi þar um sumarið, en kom aftur

heim fyrri part vetrar. En þegar til kom, sækir séra Eiríkur ekki. Þá var ég eini umsækjandinn, og mönnum fannst sjálfsagt að framlengja umsóknarfrestinn. Í stað þess að taka mig, var sóttur maður austur á land, séra Sigurður P. Sívertsen. Engan hefir langað meira en mig þá til að takast þetta embætti á hendur. Ég hafði ferðast um England og Þýzkaland til að fullkomna mig í þessari grein og var fullur af áhuga. En aldrei nokkurn tíma hefir mér dottið í hug að leggja fæð á þann mann, sem embættið fékk. Milli okkar Sigurðar Sívertsens hefir jafnan verið eins gott og orðið getur milli samverkamanna. En hæstv. forsrh. talar um, hve mikil eldraun það hafi verið fyrir sig að koma vel fram við mig.

Svo var það, þegar ég fékk prófessorsembættið núna nýlega. Ég vildi ekki fara að atyrða hæstv. stj. fyrir þá veitingu, því að bæði er málið mér náið, og svo verður ekki veitt á annan réttlátari hátt en að veita eftir till. háskóladeildarinnar, eins og hæstv. stj. gerði að síðustu. Það eina, sem brugðið hefir út af þessu, var það, þegar hæstv. dómsmrh. þverskallaðist við að veita mér embættið eftir till. deildarinnar. (Dómsmrh.: Hefði haldið því lengur áfram). Annars hefir aldrei verið brugðið út af því, að farið hafi verið eftir till. háskóladeildar. Það var annars upplýst í Tímanum, að þetta hefði verið gert til þess að geta veitt eitt eða tvö embætti önnur. (Dómsmrh.: Það var bara verið að afsaka veitinguna). Ég leyfi mér að trúa því, að hæstv. ráðh. hafi veitt mér bara af því, að honum hafi fundizt það vera rétt.

Það er eins og kaldhæðni örlaganna, að þessi ágæti maður, sem þurfti endilega að fá embætti, skyldi vera svona illa staddur, eins og hv. 2. þm. Reykv. talaði um. Ég get hugsað mér, að það kynni að finnast ósköp lítil, aðeins sýnileg, ögn af hégómagirni hjá hæstv. forsrh. Það hittist svo á í fyrra um þessa þrjá gömlu umsækjendur um dósentsembættið, að hann var kominn í þá stöðu að hafa veitingarvaldið. Hann er þrátt fyrir allt kominn svo hátt, að hann getur veitt hinum báðum embætti við háskólann. Ég get vel unnað hæstv. forsrh. þeirra sárabóta. Og ég veit, að hann á engum manni á landinu eins mikið að þakka og mér, — ja, þetta er náttúrlega of mikið sagt — hann á engum óskyldum manni eins mikið að þakka og mér alla sína upphefð í stjórnmálum. Því að aldrei hefði hann farið svona út í þau, ef hann hefði hreppt embættið.

Hæstv. stj. og hæstv. forseti ráða því, að hér er ekki tekin nema stutt brýna á hverjum degi, enda þykja þessar eldhússumr. vera orðnar nokkuð langar. Ég skal hvenær sem er verja það, þó að nokkrum tíma sé eytt til þess að ræða stjórnarfarið í heild sinni. Þess er engin vanþörf, og er ólíkt meira umfangs en t. d. refamálið sæla, sem fjögur heil frv. og geysimikinn tíma þurfti til að afgreiða. En samt sem áður held ég, að rétt hefði verið, og hefði vel mátt takast, ef menn hefðu viljað, að ljúka við eldhússverkin í nótt sem leið. Hæstv. ráðh. hafa næstum ekki barizt heiðarlega. Þeir hafa hyllzt til þess að taka alltaf bezta fundartímann. Þeir hafa talað stundum allan kvöldfundinn út. Hingað hafa komið menn úr bænum, sem ekki hafa tíma til að hlusta á umr. nema á kvöldin, og þeir hafa kvartað yfir því að fá aldrei að heyra neitt nema þetta sama hjá ráðh. Hæstv. stj. fer líkt að eins og maður, sem réttirnir eru fyrst bornir fyrir við borðið og notar sér það til þess að taka allt af bezta bitann. Menn eru aldrei eins gunnreifir hér eins og á kvöldin og aldrei meira fjör í umr.

Hæstv. forsrh. fór að verja þær embættaveitingar sínar, sem ég hafði aðallega gert að umtalsefni. Ég sagði, að þegar stj. fylgdi ekki þeirri reglu sinni að veita með hlutdrægni, þá hrykkju menn við. Slíkar undantekningar þarf til þess að sanna regluna, eins og menn segja, og þær hafa komið fyrir.

Ég er sammála hæstv. stj. um það, að ekki sé nauðsynlegt, að þeir menn, sem valdir eru bankastjórar, hafi verið áður starfsmenn í bönkum. Alhliða störf í banka eru vitanlega góður skóli, svo langt sem þau ná. En það þurfti að veita manni, sem hefði verulega víðtæka þekkingu, fyrst og fremst á landbúnaði og atvinnumálum þjóðarinnar, og þó engu síður víðtæka fjármálaþekkingu og reynslu

yfirleitt í þeim efnum. Hvernig hefir þessa verið gætt? Aðalbankastjórinn hefir ekkert af þessu. Það getur vel verið, að hann læri þetta allt. En það var ekki meiningin, að hann ætti að fá bankastjórastöðuna til þess að læra. Hann hefir verið prófessor í sögu; þar er hans sérgrein. Hann fær ekki að halda því starfi áfram. Hann virðist ekki hafa nein skilyrði fram yfir fjölda annara til að vera bankastjóri, nema ef vera skyldi það, að hann er óaðfinnanlegur flokksmaður hæstv. stj. Hæstv. forsrh. sagði, að allt blessaðist í höndum hans. Það er ágætt, ef hægt er að sýna að skyld störf hafi blessast hjá honum. Á hæstv. ráðh. við, að hann hafi samið margar bækur? Að hann hafi samið spjaldskrár og handritaskrár við bókasöfn? Það hefir blessast vel í hans höndum. Einhver sagði mér, ég held nærri því í gamni, að Þjóðvinafélagið hefði blómgazt undir stj. hans. Hvernig sem reynist bankastjórn dr. Páls Eggerts Ólasonar, þá hefir hann ekki sýnt það áður en honum var veitt embættið, hvort hann sé góður maður til þessa starfs.

En það var annar maður, sem einmitt þessi störf höfðu blessazt hjá. Hann varð að láta sér nægja að verða undirbankastjóri, en átti tvímælalaust að verða aðalbankastjóri, ef nokkurt réttlæti hefði ráðið hjá hæstv. stj. Það var Pétur Magnússon. Hann var búinn að stjórna þeim deildum, sem áður voru til. Hvaða ástæða gat verið til að setja hann hjá? Hæstv. ráðh. svaraði því, að hann væri líka bankastjóri. Þessir tveir meðstjórnendur eru ekki annað en eins konar gæzlustjórar. Og laun þeirra sýna, að þeim er ætlað að hafa aukastörf. Hann sagði, að ég hefði verið á móti stofnun Búnaðarbankans. Ég hreyfði andmælum við síðustu umr. málsins í fyrra, en það var ekki af því, að ég væri á móti málinu, heldur voru það tvö atriði, sem ég gat ekki fallizt á. Annað var það, að bankinn sýndist eiga að fá fé með því að draga svo og svo mikið af sparifé Landsbankans til sín. Afleiðingin hefði orðið, að með Búnaðarbankanum hefði verið sköpuð ný lánsþörf. Þá hefði aðeins verið aukið fé til eins atvinnuvegar en tekið frá öðrum og Landsbankinn skilinn eftir með alla þá lánsþörf, sem fyrir var í landinu. Af því hlaut að leiða aukna kreppu. Það er ekki óhugsandi, að þetta geti með tímanum gert það að verkum, að erfitt verði að koma fram lækkun á hinum háu vöxtum.

Þá drap ég á það, að mér hefði þótt óþarfi að hafa umbúnaðinn svo mikinn utan um þessa byrjun til lánveitinga handa landbúnaðinum, enda minnir slíkt sannast að segja mest á brynju sveinsins Davíðs. Benti ég á það í því sambandi, að ef einstakur maður hefði hér átt hlut að máli, mundi hann ekki hafa sett á fót nýja stofnun, heldur sameinað þessa lánastarfsemi Landsbankanum og falið umsjón hennar sérstökum fulltrúa, eða þá bætt einum bankastjóra við. En það virðist vera beint stefnumál hæstv. stj. að koma upp sem flestum stofnunum. Er ekki laust við, að slíkt skjóti skökku við sameiningarstefnuna, sem hæstv. dómsmrh. var að prédika fyrir öllum landslýð fyrir nokkrum árum, þegar hann reit greinaflokka sína „Komandi ár". Þá var það Framsóknarflokkurinn, sem vildi sameina hin ýmsu embætti og stofnanir, en „Íhaldið", sem öllu vildi sundra og dreifa. Nú hefir þetta snúizt við, að því er virðist. Nú er það Framsóknarflokkurinn, sem vinnur að því að sundra, og forðast eins og heitan eldinn að færa út verksvið hinna eldri stofnana, þó að hæstv. núv. stj. hagurinn sé á með að gera það, til þess að geta sett á laggirnar sem flestar nýjar stofnanir.

Annað dæmi þessa sama er útgerð Esju, sem nú hefir verið tekin úr höndum Eimskipafélagsins og sett undir sérstaka stj. Og eins er um útvarpið, sem samkv. l. frá í fyrra átti að vera undir landssímastjóra, að öðru leyti en því, að hann átti ekki að hafa umsjón með því efni, sem útvarpað yrði, heldur skyldi það falið öðrum á hendur. Allt sýnir þetta greinilega sundrunarstefnu hæstv. núv. stj.

Að öðru leyti en þessu hefi ég ekki út á stofnun Búnaðarbankans að setja. Skal ég þó játa það, að ég hefi enga tröllatrú á því, að hægt verði að reisa landbúnaðinn við með lánsfé. Þegar búið er á óræktuðu landi eða lítt yrktu, gefur búskapurinn svo lítið af sér, að erfitt verð-

uf að standa straum af lánunum. Teldi ég því fyrir mitt leyti, að réttara hefði verið að veita bændum beinan styrk til jarðræktar og jarðabóta, því að þegar búið er að rækta, horfir það öðruvísi við að reka búskapinn með lánsfé. Ég er því hræddur um, að reynsla Búnaðarbankans verði sú, þar sem ræktunin er ekki lengra á veg komin en enn þá er hjá okkur, að erfiðlega gangi að ná lánunum inn, og að þetta verði því jafnvel hefndargjöf. Má í því sambandi minna á þá reynslu, sem fengizt hefir austanfjalls, um notkun lánsfjár til ræktunar og áveitugerða. Eftir henni að dæma virðist sem það hefði verið ólíkt hyggilegra að verja því fé, sem Búnaðarbankanum er ætlað, til þess að sjá bændum fyrir lánsfé til þess að styrkja jarðræktarframkvæmdir, og leggja þannig nauðsynlegan grundvöll að framtíð landbúnaðarins. En hæstv. forsrh. virðist ekki hugsa svo mjög um þetta. Fyrir honum virðist það vera aðalatriðið að koma á fót sem flestum stofnunum, til þess að honum gefist því fleiri embætti að veita.

Mér kemur annars í hug í sambandi við þetta, það sem hæstv. forsrh. sagði í þeim orðaskiptum, sem hann átti við hv. þm. Ísaf. út af kjördæmaskipuninni. Hann taldi enga nauðsyn á að breyta henni, vegna þess að með auknu lánsfé til sveitanna mundi fólksfjöldi þeirra vaxa. Undanfarið hefði vaxtarbroddurinn verið í kaupstöðunum. Fólkið hefði flutt í þá úr sveitunum, vegna þess að þar hefði verið nóg lánsfé. Nú yrði lánsfénu beint til sveitanna, og mundi af því leiða, að fólkinu fjölgaði þar. Vaxtarbroddurinn færðist úr kaupstöðunum yfir í sveitirnar, og myndi kjördæmaskipunin þannig lagast af sjálfu sér.

Þetta er það, sem vanalega er kallað að hafa endaskipti á orsök og afleiðingu, og minnti mig á grein, sem ég las fyrir nokkru í erlendu skopblaði. Þar var sýnt fram á það, að brosið væri í raun og veru ekki fólgið í öðru en að munnvikin teygðust út og upp á við, og væri því hægurinn á að fá menn til að brosa, ef hægt væri að finna upp vél, sem teygði munnvikin svo til. En það er bara sá gallinn á, að þó að tækist að finna upp slíka vél, er ekki víst, að það bros, sem hún framleiddi, vekti tilsvarandi hugarhræringu.

Lánsfé leitar ekki annað en þangað, sem þörf er á því, þó að hægt sé reyndar að pressa það í aðrar áttir með því að borga með því. Sjávarútvegurinn íslenzki á sitt upphaf þar, að einstakir dugnaðarmenn fara að gera út í stærra stíl og hentugra en áður tíðkaðist. Og þá stóð ekki á lánsfénu. Aukning þessa arðvænlega atvinnurekstrar kallaði á það. En hæstv. forsrh. ætlar að kalla á aukninguna með lánsfénu og er þó vitanlegt, að hún næst því aðeins, að landbúnaðurinn taki sömu stakkaskiptunum sem sjávarútvegurinn gerði á sínum tíma fyrir breyttar aðferðir og vinnuháttu. Lánsféð fer ævinlega þangað, sem skilyrði eru fyrir það að vinna. (LH: Líka þó að það sé ekki til?). Það hefir ekki verið neinn skortur á því. Þó að sjávarútvegurinn og kaupstaðirnir hafi að vísu dregið til sín lánsféð, hefir landbúnaðurinn þó alltaf verið látinn sitja fyrir, og eftirspurnin úr sveitunum eftir lánsfé hefir aldrei verið meiri en hægt hefir verið að fullnægja, eftir því sem bankastjórar bankanna hér hafa upplýst. Þessi réttlæting hæstv. forsrh. á núverandi kjördæmaskipulagi er því alveg dæmalaus fjarstæða. En hæstv. ráðh. verður að afsaka það með einhverju, að hann stendur á móti því, að þeim sem í kaupstöðunum búa, sé veittur slíkur íhlutunarréttur um opinber mál, sem þeim ber. Og það sýnir skarpleik hæstv. ráðh., að hann skyldi geta fundið þetta upp sem ástæðu fyrir aðstöðu sinni í þessu máli, að óþarft sé að breyta kjördæmaskipuninni, vegna þess að fólkinu muni fjölga í sveitunum fyrir starfsemi Búnaðarbankans.

Ég skal ekki ræða mikið um útvarpsstjórann að þessu sinni, enda gerist þess ekki þörf, þar sem menn munu almennt sammála mér um það, að ekki verði mikils réttlætis að vænta frá honum í þeirri stöðu. Hæstv. forsrh. þótti það koma úr hörðustu átt, þegar ég og fleiri, sem hefðum skorað á stj. í fyrra að flýta útvarpinu, værum nú að áfellast hann fyrir veitingu útvarpsstjórastöðunnar. Það er alveg rétt, að þingið í fyrra skoraði á hæstv. stj. að flýta útvarpinu, en það er

dálítið annað en að skorað hafi verið á stj. að ráða útvarpsstjóra sem fyrst. En það er einmitt það, sem hæstv. forsrh. hefir gert og verðskuldar að fá áminningu fyrir. Hann byrjar á neglunni, ræður útvarpsstjóra löngu áður en nokkrar líkur eru fyrir að útvarpið fari að taka til starfa. Slíkt var auðvitað ekki tilætlun þingsins; það bar útvarpið fyrir brjósti, en ekki hinn væntanlega útvarpsstjóra.

Ég get ekki stillt mig um að geta þess hér, að alþingishátíðarnefndin hafði til meðferðar fyrir skömmu einkennilegt erindi frá útvarpsstjóranum, þar sem hann telur það hina mestu vanvirðu fyrir okkur Íslendinga, að ekki skuli verða hægt að útvarpa fréttum af alþingishátíðinni. Hyggur hann, að þetta verði tekið sem vitni þess, hve langt við séum á eftir öðrum þjóðum, og skoraði því á n. að leggja fram fé, til þess að koma á fót bráðabirgðaútvarpi.

Þetta erindi útvarpsstjórans sýnir það greinilega, eins og menn vissu reyndar áður, að engar líkur eru til þess, að útvarpsstöð rísi hér upp á næstunni, þó að stj. hafi þegar ráðið mann til þess að sjá um rekstur hennar. Og ekki nóg með það, heldur gerði stj. þennan mann einnig út í austurvíking. Hefir hann nú herjað þar um stund, en með þeim mun frá því, sem áður var, að þá öfluðu menn sér fjár og frama, en hann mun hafa eytt hvorutveggja. Það er annars eftirtektarverð játning, sem kemur fram í því hjá hæstv. stj., að eftir að hún hefir ráðið útvarpsstjórann, ber hún fram frv., þar sem það er tekið skýrt fram, að ríkja skuli eindregið hlutleysi um allt val þess efnis, er varpað verði út. Það er eins og hæstv. stj. hafi fundizt, að fyrirbyggja þyrfti með l., að þarna yrði beitt hlutdrægni og ranglæti, eftir að búið var að ráða Jónas Þorbergsson sem útvarpsstjóra. Ég er nú hálfhræddur um, að erfitt verði að fyrirbyggja þetta, en það er gott að hafa viðurkenningu hæstv. stj. fyrir því, að ástæða sé til að standa á verði í þessu efni, þar sem fyrrv. ritstjóra Tímans hefir verið falin umsjón útvarpsins.

Hæstv. forsrh. þóttist vera saklaus af því að hafa sýnt pólitíska hlutdrægni, þó að hann hefði veitt jafnaðarmanninum Sig. Baldvinssyni póstmeistaraembættið, þar sem þessi maður væri ekki flokksmaður hans. Það er nú kunnugt, að hæstv. núv. stj. hefir orðið að ganga jafnvel enn lengra í hlutdrægni, til þess að geta veitt jafnaðarmönnum stöður, fyrir þann stuðning, sem þeir veita henni. Það liggur meira að segja við, að segja megi, að þeir séu aðalhestarnir á jötunni. (Forsrh.: Þeir eru ekki stuðningsmenn stj., heldur hlutlausir). Ef svo er, að þeir neiti stj. um stuðning sinn, virðist það því undarlegra, að þeir skuli verða að fá hverja stöðuna á fætur annari hjá hæstv. stj. Er þess skemmst að minnast, að jafnaðarmenn heimta nú bankastjórastöðu við Útvegsbankann og munu fá hana. Eiga þeir þó alls ekki að fá þeim vilja sínum framgengt, því að þeir hafa gert sig bera að fjandskap við þessa stofnun. (HG: Hvaða fjandskap hafa jafnaðarmenn sýnt Útvegsbankanum?) Frá því að Ólafur Friðriksson var ritstjóri Alþýðublaðsins hefir ekki linnt ofsóknum jafnaðarmanna gagnvart þessari stofnun, og meðan á bankamálinu stóð, var honum falið að skrifa um það, til þess að sýna fjandskapinn.

Deilurnar milli mín og hæstv. forsrh. hafa aðallega staðið um veitingu póstritaraembættisins. Ég tók þá afstöðu, að hæstv. ráðh. hefði ekki veitt Magnúsi Jochumssyni hana af persónulegum ástæðum. Ég gat engar aðrar ástæður fundið. Magnús Jochumsson hafði í mörg ár gegnt stöðu, sem er næst póstritaraembættinu, og þjónað því sjálfu í 1½ ár. Hann hefir hin beztu meðmæli frá aðalpóstmeistara. Hvað lá því nær en veita honum þetta embætti, sérstaklega þar sem hæstv. ráðh. veitti engum hinna umsækjendanna það? Hvað bar til þess, að hæstv. ráðh. veitti Magnúsi ekki þessa stöðu, heldur manni, sem ekki hafði sótt um hana, og var andstæðingur hæstv. ráðh., að því er hann segir? Hæstv. ráðh. hefir gefið það í skyn, að hann hafi ekki treyst Magnúsi Jochumssyni til að bera hina fjárhagslegu ábyrgð, sem þessari stöðu væri samfara. Það er eina skýringin, sem hæstv. ráðh. hefir gefið á því, að hann veitt Magnúsi ekki embættið. En er nokkuð að Magnúsi Jochumssyni í þessu

efni? Aldrei hefi ég heyrt neitt um það, að minnsta kosti. Það var því í alla staði eðlilegt, að ég tæki þá skýringu á þessu, sem fram hefir komið í erindi því, sem Magnús Jochumsson hefir sent til þingsins. Þar segir svo:

„Aðalpóstmeistari lagði til við ráðh., að mér yrði veitt embættið, en nærri því var ekki komandi, og mun ráðh. hafa látið nokkuð dólgslega og haft á orði, að meðan hann færi með völd, skyldi Magnús Jochumsson aldrei fá neitt, sem hann sækti um, vegna þess að hann hefði skrifað níðgrein um sig og látinn bróður sinn fyrir fimm árum síðan".

Meðan þetta er ekki afsannað og engar aðrar ástæður eru færðar fyrir því, að hæstv. forsrh. veitti Magnúsi Jochumssyni ekki þessa stöðu, verð ég að halda mér við þessa skýringu, þrátt fyrir það þó að ég hafi ekki reynt hæstv. forsrh. að slíku. En allt verður einu sinni fyrst. (Forsrh.: Það væri æskilegt að fá að heyra meira úr þessu bréfi). Ég skal játa það, að bréfið er nokkuð svæsið í garð hæstv. ráðh., en þessi maður hefir sér það til afsökunar, að honum hefir leikið mjög hugur á að fá þetta embætti, alveg eins og var með hæstv. ráðh. og dócentsembættið hérna um árið.

Magnús Jochumsson víkur að því í þessu bréfi sínu, að einn af umsækjendunum um póstritaraembættið hafi þýtt bannlögin á frönsku fyrir hæstv. ráðh. Dettur mér í hug, hvort það muni rétt, að hann hafi fengið 1000 kr. fyrir þetta viðvik, eins og sagt er. Þessi þýðing var send til Þjóðabandalagsins, en sem betur fór, lenti hún í höndum einhverra góðra manna, sem sendu hana aftur með þeim ummælum, að hollara væri fyrir sæmd landsins, að önnur ný yrði gerð. Var hið argasta hrognamál á þessari þýðingu, setningaskipun öll bjöguð og brengluð, og kynferðum orða misþyrmt í mesta máta. Er mjög illt fyrir landið, ef slíkt og annað eins kemur fyrir, og má með engu móti endurtaka sig. Hinsvegar þýðir ekki að fárast um orðinn hlut. (PO: Hæstv. forsrh. hefir lofað því, að slíkt skuli ekki koma fyrir aftur). Ef svo er, tek ég hér með við iðrun hans og veiti honum aflausn.

Hæstv. forsrh. þótti líklega hafa verið fundið að embættaveitingum sínum, þegar litið væri til þess, hve mörg embætti hann hefði veitt í stjórnartíð sinni. Mér er kunnugt um það, að margir, sem hlustuðu á ræðu mína, sem var illa undirbúin og illa flutt, voru mjög undrandi, ekki af því, að þeir hefðu ekki heyrt um þær embættaveitingar hæstv. stj., sem ég drap á, heldur af hinu, hversu mikillar spillingar gætti hjá stj. í embættaveitingum hennar, þar sem hægt væri að gegnumganga listann yfir þær, án þess að rekast á nokkurt dæmi um óhlutdræga veitingu. Hæstv. stj. hefir beitt hlutdrægni við veitingu hvers einasta meiraháttar embættis, sem kunnugt er um, að hún hafi veitt á þessu ári, og ég efast ekki um, að sama máli gegni um veitingu hæstv. stj. á hinum smærri embættum, þó að ég kunni þar fá dæmi að nefna, af því að af þeim veitingum fara færri sögur.

Ég skrifaði niður hjá mér ýmislegt af því, sem hæstv. forsrh. sagði um Íslandsbankamálið, en af því að það snerti ekki mína ræðu, held ég, að ég leiði hjá mér að svara því. Hæstv. ráðh. sagði meðal annars, að um það hefði verið deilt, hvort standa ætti við allar skuldbindingar bankans eða ekki. Þetta er ekki rétt.

Hæstv. fjmrh. talaði um að deilan hefði staðið um skuldbindingar Íslandsbanka, en það er rangt, því að stjórnin hafði ekki annað fram að bera en að það skyldi ekki staðið við þær. Frá upphafi vildi hún leggja hann niður og taka bú hans til skiptameðferðar, og þess vegna er það hlægilegt, þegar stjórnarblöðin hamra á þeirri heilögu einfeldni, að það sé vegna hinna föstu taka stj., að tekizt hafi að safna hlutafé til bankans.

Stj. tók málið hvorki föstum né lausum tökum. Hún vildi bara keyra skiptameðferð í gegn og ekkert annað, og ef þingið hefði ekki tekið í taumana, þá hefði allt farið á annan veg. Ég get fúslega viðurkennt, að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum yfir því, að stj. skyldi ekki segja af sér eftir slíka útreið, og ég get ekki séð, að það sé af óhreinum hvötum að ég vil að stj. falli, því að hún hefir fyllilega verðskuldað það. Mér finnst það illt og óviðunandi að verða að samþ. slíkt frv., sem hér var um að ræða, í hendurnar á þeirri stj., sem

ég gat ekki borið traust til í þessu máli, því að hana skipa einmitt mennirnir, sem búnir voru að sýna sig að berum fjandskap við málið og að þeir voru ekki færir um að eiga við það.

Annars verð ég að segja það, að mér virtist hæstv. fjmrh. óvenjulega hvass og jafnvel dálítið reiður, og mér þykir gaman að því, að það er eins og ég sé kallaður til að hrista af honum slenið, eins og núv. ritstjóra Tímans, sem aldrei getur opnað augun, en fylltist ógurlegri vonzku, svo sem menn mega muna, er ég reit þingsöguna forðum.

Hæstv. fjmrh. virtist hafa löngun til að ræða við mig um rit mitt um Pál postula, en ég sé ekki ástæðu til, að við gerum það núna, heldur einhverntíma síðar í góðu tómi. Annars vil ég geta þess, að mér hefir fundizt eins og andstæðingar mínir séu gramir við mig út af því, að mér tókst að semja þá bók þrátt fyrir allar annirnar. Þeim er auðsjáanlega illa við, að mér skuli hafa auðnazt að semja vísindarit, sem hefir fengið hina ágætustu dóma hjá sérfróðum mönnum og þeim, sem ég hefi engan kunningsskap við. Andstæðingum mínum þykir leiðinlegt að geta ekki gefið mér það að sök, að ég vanrækti starf mitt sökum stjórnmálanna, en hæstv. fjmrh. þarf ekki að láta sér gremjast þetta, enda get ég sagt honum það, að ég hefi tilbúin fleiri slík rit undir prentun, en það, sem allt strandar á, er kostnaðurinn við slíkar útgáfur. Nei, ég hygg að hæstv. stj. verði að finna einhverja aðra ásökun en þá gegn mér, að ég vanræki verk mitt, ef hún vill leitast við að setja mig af.

Hæstv. fjmrh. var gramur út af því, að ég hafði sagt, að óreiða væri á landsreikningunum, og að hann kynni ekki sitt verk. Til að sanna þau orð mín get ég bent á það, að nú er búið að útbýta fjáraukalögunum, og þá kemur það í ljós, að í stað þeirra 128 þús. kr., sem búið er að ávísa framkvæmdastjóra alþingishátíðarnefndar, stendur, að honum hafi verið ávísaðar 350 þús. kr. Þetta sýnir, að hæstv. fjmrh. ávísar út um hvippinn og hvappinn því fé, sem alþingishátíðarnefndin á að hafa til umráða, og það sýnir, að bókfærslan er ekki í lagi, og hæstv. fjmrh. má vara sig á því, að slíkt kemur í ljós þegar Magnús Kjaran fer að gera upp reikningana, og hann verður að vara sig á að láta hvern þann, sem kann að krefjast, fá fé út úr ríkissjóði og skrifa það síðan á kostnað hátíðarnefndar.

[Fundarhlé].

Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, að með því að allmikil ókyrrð er í d., þá vildi ég helzt, að fundi væri slitið í bili, til þess að ég geti haldið ræðu mína í meiri kyrrð síðar. Það liggur hvort eð er fyrir að fresta umr. innan skamms, vegna mannfagnaðar þess, sem okkur er búinn í kvöld, og því álít ég, að út á eitt kæmi, þótt fundi sé slitið strax.

Forseti (BSv): Það er víst ekki um annað að gera en að halda áfram fundi, enda virðist d. sæmilega skipuð, og þótt nokkur ókyrrð sé nú í bili, þá staðfestast menn væntanlega, þegar þeir fá eitthvað til að halda sér að. Verður umr. þá fram haldið.

Magnús Jónsson: Ég hafði hugsað mér að ræða dálítið um skólamál við hæstv. dómsmrh., en með því að menn virðast hafa hug á allt öðru núna, þá mun ég fella niður mörg atriði, sem ég hefði þurft að tala um nánar, en stikla á helztu atriðunum.

Eitt af því, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um, var Esju-útgerðin. Það var á ræðu hans að skilja, að þegar hann hefði skrifað grein sína forðum, um að Eimskipafélagið væri látið taka að sér útgerð strandferðaskipanna, þá hefði hann ekki rent grun í, hverslags menn það yrðu, sem hefðu stj. Eimskipafélagsins með höndum. En nú, þegar hann hefir uppgötvað, að um pólitíska andstæðinga væri að ræða, þá virðist hann snúa við blaðinu, og vill nú endilega láta ríkið taka úthaldið í sínar hendur. Þetta er vitaskuld í ágætu samræmi við hina alkunnu hlutdrægni þessa manns, að trúa andstæðingum sínum ekki fyrir neinu. Þess vegna var þetta starf af þeim tekið, til þess að geta holað þar niður einhverjum gæðing sínum.

Það er eitt atriði, sem hæstv. ráðh. drap á áðan í þessu sambandi, og ég vil hér með leiðrétta. Hæstv. ráðh. sagði, að hv. 3. landsk. hefði verið á móti strandferð-

um, og þegar Esja hefði verið byggð, þá hefði hann viljað hafa skipið eintóma lest, en með engu farþegarúmi. Þetta er nú vitaskuld rangfærsla, svo sem vænta má, en eftir því, sem ég man bezt, þá vildu allmargir, að Esja væri útbúin þannig, að það mætti með tiltölulega lítilli fyrirhöfn breyta henni til vöruflutninga í viðlögum. Slík tilhögun er algeng, t. d. í Atlantshafsskipum. Þau eru þá notuð til vöruflutninga eftir þentugleikum, en þess á milli eru svo sett í þau skilrúm og skipið hreinsað og fágað og gert hið vistlegasta að öllum útbúnaði. Nú voru það margir, sem vildu hafa þessa tilhögun á strandferðaskipinu, sérstaklega með hliðsjón af því, að strandferðir bera sig jafnan illa og í því tilfelli gæti verið gott að hafa skipið einnig tilbúið í aðra notkun. Nú var þó hnigið að því ráði að byggja Esju svona, eins og hún er, og mun það hafa verið Klemens Jónsson, sem tók á sig þá áhættu og ábyrgð að byggja hana þannig, að ekki væri hægt að nota hana í annað í viðlögum, svo sem til millilandaferða, í vöruflutninga og þvíl. Vegna þess að hnigið var að þessu ráði, verður að binda skipið við hafnarbakkann, ef ekki er þörf fyrir það til strandferðanna um stundarsakir. Það er þess vegna mjög langt frá því, að hv. 3. landsk. og þeir, sem honum fylgja í þessu máli, hafi verið mótfallnir góðum strandferðum. Slík fullyrðing er algerlega út í loftið. En hvað sem um það er, þá skiptir það engu máli í þessu sambandi. Hitt er aðalatriðið, að komast að raun um, hvort útgerð Esju hafi farizt Eimskipafélaginu vel úr hendi eða illa, og hvort félagið hafi tekið of mikið fyrir sitt starf. Um þetta eru engar upplýsingar fyrir hendi, enda veit hæstv. ráðh. það ósköp vel, að þetta er einungis gert til þess að útvega nokkrum mönnum atvinnu; það er ástæðan, en önnur ekki.

Líkt er að segja um veitingu útvarpsstjórastöðunnar. Hæstv. ráðh. veit það vel, að Jónas Þorbergsson hefir einn kost. Hann er duglegur pólitískur ritstjóri, duglegur að verja slíkan málstað sem Tímans, en að hann þekki sérstaklega þjóðlífið, eins og hæstv. ráðh. segir, er bara bláber firra út í loftið. Hann hefir notað gáfur sínar illa og alveg ólíkt því, sem útvarpsstjóri á að gera. Hann hefir unnið í þjónustu þess ráðh., sem jafnan hefir reynzt örðugur viðskiptis, þegar um mál sveitanna er að ræða, samanber raforkuveiturnar. Hann hefir þess vegna ekkert sýnt, sem sanni umhyggju hans og skilning fyrir sveitum landsins, nema síður sé.

Hæstv. ráðh. sýndi mér þann heiður að svara mér með tveim ræðum. Ég hefi því skotið inn í punktana ýmsu af því, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til mín í ræðu sinni. Hann sýndi mér þann heiður að gera eldhúsdag að mér, en slíkt þykir jafnan upphefð mikil. En sumt af því, sem hv. þm. sagði, er þess eðlis, að ég hlýt að taka það til frekari athugunar, til þess að sýna, að hv. þm. fór með órökstutt, mjög illviljað fleipur í minn garð.

Eins og kunnugt er, hafa orðið ýmsar greinir milli okkar undanfarið út af því, að hann hefir reynt að klína því á mig, að ég reyni að nota trúmál í sambandi við kosningar. Upphaf þessa máls er það, að ég þýddi fyrir nokkrum árum grein úr erlendu jafnaðarmannablaði um afstöðu kommúnista til kirkjunnar. Út af þessu æstust sócialistarnir mjög, og töldu grein mína róg og uppspuna. Ég vil þá benda þeim á, hvaðan sá rógur og uppspuni er runninn. Grein mín var þýdd úr „Socialdemokraten" í Kaupmannahöfn, sem er blað danskra jafnaðarmanna, svo að ætla mætti, að jafnaðarmenn hér gerðust ekki fyrstir til að rengja greinina. En þeir hafa aldrei getað gleymt þessu, og lagt hina mestu fæð á mig fyrir þá sök. Vitaskuld stafar þetta mest af því, að ég hefi jafnan verið í kjöri hér í bæ, og þá hefir mínum andstæðingum þótt mikils um vert að geta einhvernveginn klínt á mig einhverjum ósóma, og það hefir þeim sennilega tekizt í hugum margra fylgismanna þeirra. Ég er hér hataður af fjölda manna, sem ég ekkert þekki og ekkert hefi gert á hluta þeirra, hvorki fyrr né síðar. Þess er aldrei getið, þegar ég hefi fylgt ýmsum mannúðar- og umbótamálum þeirra hér á Alþingi; yfir því er vendilega þagað, því að allt veltur á að geta nuddað á mig einhverri ófrægð.

Hv. þm. talaði um, hversu ranglát veit-

ing prófessorsembættisins í guðfræði hefði verið, og veiting dócentsembættisins forðum. Hvað hið síðarnefnda snertir, þá var það veitt eftir samkeppni, svo að hægt er að sanna, að það hafi verið réttilega veitt. Um allar aðrar embættaveitingar má segja, að þær séu pólitískar eða hlutdrægar, en um þessa veitingu verður þetta ekki sagt með neinum rökum. Hv. þm. gekk jafnvel svo langt að staðhæfa, að ég hefði notað embættisaðstöðu mína til þess að svívirða andstæðingana. Mér er nú að vísu ekki vel ljóst, hvað hv. þm. eiginlega á við með þessari svívirðilegu aðdróttun, nema ef væri það, að ég notaði kennslustundir mínar í guðfræðideildinni til þess að agitera í stúdentunum. Mín embættisaðstaða er slík, að þetta eitt væri hugsanlegt, en ekkert annað. Nú mælir stjórnarskráin svo fyrir, að engum embættismanni megi meina setu á Alþingi, og þá um leið að embættismenn megi vera pólitískir. Nú er því svo varið með mig, að ég hlýt að hafa mínar pólitísku skoðanir, þar sem ég sit á Alþingi; enginn getur meinað mér það. En að ég hafi nokkru sinni á nokkurn hátt notað embættisaðstöðu mína í pólitískum tilgangi, því vil ég leyfa mér að neita afdráttarlaust, og ég vil biðja flokksbræður hv. þm. að skila því til hans, að þetta séu helber, vísvitandi ósannindi, sem hann er alls enginn maður til þess að standa við. Ég vil um þessa hluti vitna til stúdentanna, sem ég hefi undir hendi, og hv. 2. þm. Reykv. skal standa frammi fyrir þingheimi öllum og þjóðinni sem opinber ósannindamaður, opinberlega staðinn að einu því svívirðilegasta athæfi, sem hent getur einungis lélega innrætta, rökþrota og drengskaparlausa menn. Ég er sannfærður um, að hvorki hv. þm. né nokkrum muni takast að benda á eitt einasta dæmi þess, að ég hafi notað aðstöðu mína sem prófessor í guðfræði til þess að hafa áhrif á pólitískar skoðanir prestaefnanna. Ég hefi heldur ekki hugmynd um skoðanir þeirra. Meira að segja fræddi hæstv. forsrh. mig um það um daginn í einkaviðtali, að það myndu vera allir á móti mér í guðfræðideild nema einn, og má það vel vera rétt. Þótt margt sé skrafað í tímunum, þá hefir pólitík aldrei borið á góma, en hitt hefi ég sagt þeim stúdentunum, að þeir ættu að vera radikalir, því að nógur tími væri til þess fyrir þá að verða konservatívir. Mér hefir alltaf fundizt fara vel á því, að stúdentar væru radikalir, og þá skoðun hefi ég látið í ljósi við þá, ef svo hefir borið undir. Ég veit ekki, hvort slíkt getur kallazt misnotkun á embættisaðstöðu, en að minnsta kosti ekki á þann veg, sem hv. 2. þm. Reykv. heldur fram. Nei, í þessum efnum veit ég mig hreinan. Annars held ég, að slíkar aðdróttanir séu beinlínis sprottnar af bjánaskap, og nái því ekki upp í það, að vera sprottnar af illvilja. Þó getur um hvorttveggja verið að ræða hjá þessum hv. þm., og hvað heimskuna snertir, þá er hún á sumum sviðum jafnvel á enn hærra stigi en illgirnin, því að gáfnafari þessa manns er nú einu sinni svo farið, að enda þótt hann sé sæmilega greindur að sumu leyti, þá er hann á aðra röndina alveg óttalega heimskur. (ÓTh: Líkt og Jónas). Þessi sami hv. þm. lét sér ennfremur sæma að ráðast á samkennara minn, Ásmund dócent Guðmundsson, fyrir þingsetningarræðu hans, eða ummæli hennar nokkur. Vill hann út frá því láta setja censur á prédikanir við þingsetningar framvegis. Nú vita það allir, sem hlustuðu á ræðuna, að hún var algerlega ópólitísk, en hitt var annað mál, að þegar ræðumaður talaði um t. d. réttlæti, þá varð mönnum ósjálfrátt á að skjóta augunum til hæstv. dómsmrh., enda þótt alls ekki bæri að taka ummæli prédikarans sem pillu til hans, sem þó margir gerðu. Sama var um sócialistana að segja, þegar prédikarinn beindi þeirri áskorun til þeirra, að þeir létu ekki stefnu sína komast í andstöðu við kirkju og kristindóm. Nú vita það allir, að jafnaðarmenn eru viðast andvígir kirkju og kristinhaldi, og sérstaklega sumar greinar þeirra, svo sem kommúnistar, beinlínis fjandsamlegir í garð kirkjunnar. Þess sama hefir oft orðið vart hér í allríkum mæli. T. d. var ég einu sinni í skólanefnd með Ólafi Friðrikssyni og Hallbirni Halldórssyni, og varð ég þar mjög greinilega var þessarar andúðar í kirkjunnar garð. Þeir vildu t. d. ekki láta kenna neina kristinfræði í skólanum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að reyna

að bera á móti þessu, og því ekki að koma til dyranna eins og hann er klæddur? Og hvað er þá eðlilegra en að kirkjan aðvari þennan flokk gegn því að hneigjast til alveg ástæðulausrar andstöðu gegn henni? En svo heimta þeir bara ritskoðun, sem annars þykjast þó alltaf vera með skoðanafrelsi og móti ritskoðun. Þeir vilja setja mig af embætti fyrir það, að ég hefi skoðun í stjórnmálum. Þetta eru hinir miklu brautryðjendur skoðanafrelsisins í heiminum. Af þessu öllu má nú sjá, hversu óheilir menn þetta eru í raun og veru og hve mjög þeir skrökva um innræti sitt og villa á sér heimildir. Þetta eru í rauninni grímuklæddir harðstjórar. Þeir heimta frelsi meðan þeir eru í minni hluta, en jafnskjótt sem þeim vex fiskur um hrygg, gerast þeir böðlar og kúgarar þeirra, er minna mega sín.

Hv. þm. sagði meðal annars, að ég hefði sagt í ræðu minni, að Pálmi Hannesson væri illa þokkaður í skólanum. Þetta eru hrein og bein ósannindi. Ég sagði einungis, að það væri mikil óregla í skólanum, en um Pálma sagði ég það, að hann væri víst fremur vinsæll, eftir atvikum.

Þá kem ég að síðari ræðu hæstv. dómsmrh., og það var nú svo sem aðalræðan. Ég verð að fara fljótt yfir sögu. Það er svo ákaflega margt, sem ég hefi skrifað eftir honum, að ég yrði ekki búinn fyrr en löngu hinumegin við hátíðir, ef ég ætlaði að svara hverju fyrir sig.

Hæstv. ráðh. er í tvennskonar ham. Stundum er hann léttur og gamansamur og leikur við hvern sinn fingur. En stundum er hann aftur á móti blár og bólginn og afskaplega dólgslegur og hellir úr sér óbótaskömmum. Í ræðu sinni nú var hann alveg eins og kría á steini. Hann fór t. d. að tala um áfengisverzlunina og sagði, að íhaldið hefði stjórnað henni í 6 ár, en það lifði nú reyndar ekki nema 4 ár. Það hefir því stjórnað henni annaðhvort í tvö ár fyrir fæðingu sína eða eftir dauða sinn, og kalla ég það vel gert.

Yfirleitt var hæstv. ráðh. afar montinn í ræðu sinni og var alltaf að hrósa sér. Hann sagði, að þrátt fyrir íhaldsmeirihlutann hér í Reykjavík, hefði hann fengið lögregluna bætta. Hann veit þó, að hann hefir ekkert haft um það að segja. Það var bæjarstjórnin hér, sem ákvað að fjölga lögregluþjónunum, og það er bærinn, sem kostar það. Það eina, sem hæstv. ráðh. á kannske þátt í, er það, að lögreglustjórinn fór að blanda sér í stjórnmál til mikils skaða. Sumir hafa og sagt mér, að ástæðan til þess að þeir vildu fjölga lögregluþjónum, hafi verið fullyrðing lögreglustjórans um það, að hann vildi gefa sig óskiptan að þessu starfi. En svo kastar hann sér út í pólitík og vekur úlfúð utan um persónu sína, sem er afskaplega hættulegt. Hæstv. dómsmrh. hefir því gert illt eitt í þessu, ef hann hefir fengið lögreglustjóra til þess.

Hæstv. ráðh. kallaði hv. þm. Borgf. aurasál. Þetta er dálítið einkennilegt, því að rétt í sömu andránni var hæstv. forsrh. að tala um, að hv. þm. Borgf. væri ekki jafnfastur í rásinni eins og hann hefði verið um sparnað.

Annars er gaman að því með þennan hæstv. ráðh., að hann talar svo oft um lífsskoðanir. Það má ekki greina á milli nokkurs, án þess að það séu mismunandi lífsskoðanir. Ef einn er í ljósum fötum en annar í dökkum, þá eru það ólíkar lífsskoðanir.

Hæstv. ráðh. talaði um mismunandi lífsskoðanir hjá mér og sér um Þingvelli. Ég væri að áfellast, að þar væri byggður dýr bær, lagðir vegir og reistar brýr og flutt til hús og annað þesshátttar. Hvað sem lífsskoðunum líður, þá snertir þetta mig alls ekki, því að ég nefndi þetta ekki á nafn. En ég talaði um, að það væri órétt að skrifa þann kostnað, sem leiddi af þessu, á kostnað við undirbúning alþingishátíðarinnar.

Ef talað er um þessar mismunandi lífsskoðanir, þá fannst mér þær koma fram milli hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Borgf., þegar hæstv. ráðh. var að lýsa skoðunum þeirra á fjármálunum. Við skulum taka dæmi þessu til skýringar. Það eru margir bjargálnamenn, sem hafa haft sig upp úr fátækt með sparsemi, eins og t. d. margir íslenzkir bændur. Þegar aftur á móti sonurinn kemst upp, byrjar hann á siglingum og allskonar eyðslu. Hann eyðir kannske meira í

sígarettur heldur en öll fjölskyldan í mat. Þarna eru tvær mismunandi lífsskoðanir, annarsvegar bústólpinn og hinsvegar landeyðan, sem standa hvor á móti öðrum, alveg eins og þessir tveir aðiljar stóðu hvor gagnvart öðrum, hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Borgf. Ég skal að vísu viðurkenna, að ég er oft ekki sammála hv. þm. Borgf.; mér finnst hann oft helzt til fastheldinn á fé ríkissjóðs, en ég lasta hann ekki fyrir það. Hann veit, að hann er að fara með annara fé. Hann veit, að þjóð okkar er eins og fátæki maðurinn, sem kemst í bjargálnir, og að hún hefir ekki efni á því að lifa eins og landeyðan, sem kastar út fé á báða bóga og heldur, að hann sé greifi. Það var einu sinni siður að kalla slíka menn greifana af Montblanc, og ég ann hæstv. dómsmrh. þess vel að vera greifinn af Montblanc í íslenzkri pólitík. Hann segir: Ég ætla bara að hafa meira um mig, ég ætla að kaupa fleiri bíla og senda fleiri menn til útlanda. En hv. þm. Borgf. vill spara eyrinn, til þess að tapa ekki krónunni.

Nei, hæstv. ráðh. getur náttúrlega buslað áfram með þessa eyðslu sína svo og svo lengi, en þessi aðferð kemur til með að verða erfið, ef svona á að fara með landsfé. Hvaða sönnun er það, þótt stór félög, eins og t. d. Kveldúlfur, hafi bíla? Þar er þessi stóri munur, að maður er að fara með sitt eigið fé. En hæstv. ráðh. þarf ekki annað en fara að eins og landeyðan í útlöndum, að sóa fé föður síns. Hann þarf ekki að vera að spara fé fátækra landsmanna.

Þá kom hæstv. ráðh. að embættaveitingum og flutti afarlanga heimspeki um þær. Hann sagði, að ég setti upp þá reglu, að taka alltaf elzta manninn, en hann hefði þá reglu, að taka alltaf bezta manninn. Ég verð þá víst að fara dálítið út í heimspeki líka. Mér fannst ég sjá þarna ágætt dæmi þess, hvernig ofstækismenn verða til. Ég er nú alveg laus við ofstæki sjálfur. Ég segi mér það ekki til hróss, því að stundum hálf öfunda ég þessa ofstækismenn. Þeir sjá ekki nema annan málstaðinn og verða því oft nokkuð kröftugir. Þeir loka augunum algerlega fyrir öðrum málstaðnum og búa til skrípamynd af því, sem andstæðingarnir segja. Ef hæstv. ráðh. er sannfærður um, að hann vilji alltaf fá bezta manninn og við alltaf elzta manninn, þá er ekki furða, þótt hann haldi, að hann hafi alltaf á réttu að standa.

Okkar aðferð er sú, að reyna að ráða þetta sem mest af verkum mannsins sjálfs. Af því leiðir það, að embættisaldur er alltaf talsvert mikils metinn. En auðvitað hefir það aldrei verið regla, að embættisaldurinn einn ætti að ráða. Það kann að hafa verið á kancellitímunum. En við viljum leitast við að láta verk mannsins ráða og fá þannig bezta manninn. Hæstv. ráðh. er ófáanlegur til þess. Hann vill seilast út og taka nýtt blóð. Hann fór að vitna í Napóleon, sem hefði gert skraddara og skómakara að hershöfðingjum og tekizt vel. Það eitt var Napóleon reyndar ekki nóg, að um nýtt blóð væri að ræða. En ef hann var búinn að sjá að þessi skraddari eða skómakari var meistari í því að stjórna her, þá gerði hann hann að hershöfðingja.

Þessi regla hæstv. ráðh., að halda, að hann þurfi ekki annað en sýna fram á, að eitthvað sé gamalt, til að sanna, að það sé vont, og sýna fram á, að eitthvað sé nýtt og því sé það gott, þessi „filósófí" nær auðvitað engri átt. En úr því að hæstv. ráðh. gengur með þessa flugu, að hann sé að feta í fótspor Friðriks mikla og Napóleons, þá fer maður að skilja ýmislegt, sem hann gerir.

Það er ekki alveg víst, að hið nýja sé alltaf betra. Herbert Spencer sá fram á, að það væri ómögulegt annað en að sósíalisminn hlyti að koma, og bjóst hann jafnvel við, að hann myndi sigra. Hann sagði, að þetta væri afleiðing af vélunum og stóriðjufyrirkomulaginu. En hann var alveg jafnsannfærður um, að sósíalisminn yrði mannkyninu til mestu bölvunar. Að eitthvað sé nýtt, í upprás og sé að vaxa, er því engin sönnun fyrir ágæti þess.

Hæstv. ráðh. fór að verja skipun skipherrans á Ægi. Það er dálítið gaman að sjá, að hann hefir ekki meira en svo trú á sinni eigin reglu. Honum var nú svo illa við skipherrana, sem fyrir voru, að ekki vildi hann velja þá. En svo segir hann: Ég valdi manninn, sem þá var næstur. Ef hann vildi fylgja reglu sinni

átti hann að taka lægsta hásetann á varðbátnum Trausta. Og hvernig var farið að, þegar ráðh. og fylgismenn hans voru að velja ritstjóra að Tímanum? Því tóku þeir ekki alveg óreyndan mann? Nei, þeir tóku skipherrann á Degi og gerðu hann að skipherra á Tímanum. Þar reið á að standa fast í ístaðinu, og þess vegna fylgdu þeir þessari fornu reglu, að taka þann, sem lengst og bezt hafði að þessu starfað.

Hæstv. ráðh. sagði, að maðurinn hefði reynzt vel. O, jæja. Ranglæti var það nú samt að veita honum stöðuna. Enda mun hann ekki hafa reynzt neitt betur en aðrir, því að þetta dæmi, að Ægir hafi tekið fleiri skip heldur en Óðinn á sama tíma, það sannar ekkert. Hann kann að hafa falið sig fyrir togurunum, til þess að narra þá inn á víkur og taka þá svo. Það er eins og ef lögregluþjónn héldi, að maður ætlaði að brjótast inn, feldi sig og léti manninn byrja á innbrotinu til að hremma hann svo. Bezt er auðvitað að vera á vakki og reyna að afstýra brotum; en það getur orðið til þess að falla í ónáð hjá svona ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að Friðrik Ólafsson, sem mestum óréttí var beittur, ætti að verða kennari við stýrimannaskólann. Ráðh. finnst það engu skipta, þótt Friðrik hafi átt heimtingu á að fá skipherrastöðuna á Ægi. Hann segir bara: Þú getur eins orðið kennari við stýrimannaskólann. —

Ég veit ekki, hvort ég ætti að minnast á veitingu læknisembættisins í Keflavík. Það er erfitt að komast hjá því, af því að það er mesta hitamál. Sérstaklega hefir það rifjazt upp, vegna þess að birt hefir verið í Tímanum skýrsla um þessa rannsókn, sem Þórði Eyjólfssyni var falin á hendur. Ég býst við, að hafi menn ekki vitað það áður, að hér var hégómamál á ferðinni, þá sjáist það af þessu plaggi, því að það er ekkert annað en kjaftaslúður. — Svo vildi ég yfirheyra þennan og hann sagðist hafa farið suður í Keflavík, og svo vildi ég yfirheyra þennan og svo fór ég suður í Keflavík og yfirheyrði hann. — Það var einu sinni sýslumaður, sem var mjög drykkfelldur, og þegar hann eitt sinn kom heim frá sakamálsrannsókn, tók hann allt heimilisfólkið fyrir rétt. Þegar svo rann af honum, vissi hann ekkert hvað hann átti af sér að gera. En þessi dómsmrh. okkar er þeim mun forstokkaðri og vitlausari, að hann lætur prenta skýrslu um þetta í Tímanum, þegar runnið er af honum. (ÓTh: En er þá runnið af honum?). Nei, kannske það sé ekki.

En þessi rannsókn finnst mér sýna átakanlega, að hér er um hreina misbeitingu á valdi að ræða. Ég býst helzt við, þegar þingi er slitið, að ég og einhverjir flokksbræður mínir verðum settir undir sakamálsrannsókn. Ætli það hafi ekki horfið kindur einhversstaðar á landinu, og því mætti þá ekki setja mig undir sakamálsrannsókn? Bara það, að læknarnir voga sér að mynda stéttarfélag eins og verkamenn mynda með sér, til þess að verja hagsmuni sína, og þetta félag reynir að koma í veg fyrir ranglátar embættaveitingar, þá er skipaður konunglegur kommissarius til þess að rannsaka þetta mál.

Hæstv. ráðh. sagði, að íbúar í Keflavík hefðu ekki skorað á sig að veita Jónasi Kristjánssyni embættið, og engin rödd heyrzt um annað en að menn væru ánægðir með Sigvalda Kaldalóns. Ég las þó í einu blaðinu, að borgarafundur hefði verið haldinn þar, bæði til þess að mótmæla því, að læknirinn væri fluttur til Grindavíkur, og ennfremur var samþ. að víta alla meðferð dómsmrh. á þessu máli. Ég veit ekki, hvað hann vill fá þetta skýrara fram. Hann vill kannske fá þá til að sparka í sig, ef þetta dugar ekki.

Annars er það sannast að segja, að veitingu læknisembætta er allra sízt hægt að fela fólkinu. Starf læknanna er alls ekki ljóst almenningi. Það getur verið ágætur læknir, sem fyrst fær tvo sjúklinga, sem batnar ekki, en skussinn getur byrjað starf sitt á því, að þeim sjúklingum batnar, sem hann er sóttur til, en fólkið dæmir eftir útkomunni. Það er þó skárra um kosningu á presti. Hann getur komið og látið heyra í sér röddina. En það er nálega ómögulegt fyrir lækninn að sýna fólkinu í fljótu bragði sína réttu hlið.

Langlengsti partur ræðu hæstv. ráðh. var um skólana. Hann finnur, að með veitingu rektorsembættisins hefir hann framið það hermdarverk, sem hann rís

ekki undir. Og til þess að reyna að bjarga sér, fer hann að rægja þessa gömlu stofnun. Það er hart að heyra kennslumálaráðh. lesa upp úr gömlum prótókollum til þess að rægja skólann. Hann hafði aðeins eina vörn, sem ég hafði sagt, að hann yrði að koma með, að það þyrfti að fá nýtt blóð í skólann. Þarna er þá komið á fastan grundvöll. Setningin er miðuð við það, að kennarar skólans hafi að vísu verið góðir, en þeir hafi viljað halda skólanum á sama grundvelli og áður.

Hæstv. ráðh. vildi sanna, að gamli skólinn hefði verið ómögulegur, og las upp úr gömlu Kirkjublaði lýsingu fyrrv. lærisveins á skólanum, sem sagðist hafa haft mest gagn af því, sem hann las hjá sjálfum sér. Nú veit hæstv. ráðh., að menn læra mest í skólum af því, sem þeir lesa af sjálfsdáðum. Menn halda, að hægt sé að troða lærdómnum í nemendurna, en reynslan er sú, að menn læra aðeins það, sem þeir sjálfir vilja.

Hæstv. dómsmrh. las upp úr prótókollum skólans. Þeir sýna það, að einstöku piltar voru áminntir og sumir reknir. Hæstv. ráðh. hefði átt að sanna sitt mál með því að sýna, að framkoma piltanna hefði verið þannig, að þeir hefðu verið áminntir án saka. En upplestur hæstv. ráðh. sýndi ekki annað en að t. d. Héðinn Valdimarsson og Ólafur Jensen voru áminntir vegna þess, að þeir höfðu unnið til þess. Eða þegar piltar voru að strá eldspýtum. Hæstv. ráðh. vill ekki láta reka þá úr skóla fyrir það. Slík refsing var líka mjög sjaldgæf þangað til árið 1903. Það ár er alveg sérstakt í sögu skólans.

Það er dálítið kátlegt að heyra það frá uppeldisfræðingi, að ekki megi beita aga í skóla, ef piltar tækju upp á því að brúka munn við skólastjórann eða hlýða ekki skólareglugerðinni og sækja ekki tíma o. s. frv. Þar sem á að uppfræða menn en ekki aga, stöðvast uppfræðslan fljótt.

Ég kannast ósköp vel við dæmið frá 1903, þegar Þorgrímur Kristjánsson var rekinn úr skóla. Ég stóð nærri honum, þegar hann rak upp skjáina á Björn M. Ólsen og sagðist aldrei hafa vitað skóla stjórnað með öðrum eins óforskömmugheitum sem þessum. Veit hæstv. ráðh., hvað eldspýtnadreifing er? Veit hann, hvað það er að mega ekki hreyfa sig úr stað, nema af því hljótist brak og brestir? Og það var ekkert, sem braut eins niður taugakerfi Björns M. Ólsens sem þessi eldspýtnadreifing.

Það má ekki taka veturinn 1903 sem dæmi. Hann er alveg einstakur. Þá var hrein uppreist (Revolution) í skólanum.

Piltarnir í skólanum voru úr öllum flokkum, bæði heimastjórnarmenn og sjálfstæðismenn. Björn M. Ólsen hafði þá skoðun, að þeir, sem höfðu skarpasta skoðun í stjórnmálum, væru höfuðpaurarnir í öllum óspektum í skólanum og vildi þá reka þá úr skóla, svo að hægara yrði að hemja hina. Hann hafði ekki lag á að stjórna skólanum. Það er ekki nein gömul aðferð við stjórn skólans, sem hér kom til greina, heldur var mislukkaður maður í þessu starfi. Uppreist piltanna í skólanum 1903—04 stefndi því að því ákveðna marki að koma honum frá skólanum. Þetta voru hlýðnir og auðsveipir menn, en þeir höfðu sett sér það mark að flæma hann frá skólanum. Enginn þessara manna hefði leyft sér að gera ýmislegt það í tíma hjá Ólsen, sem nú er algengt að menn leyfa sér. Vegna þessa varð Ólsen að fara frá, þótt skólinn væri að öðru leyti í mjög góðu lagi. Það hafa margir sagt. Kennarar voru ekki jafngóðir allir, en yfirleitt útskrifaði skólinn sæg af vel menntuðum mönnum til háskólanáms. Það er því óþolandi, þegar hæstv. ráðh. er alltaf að reyna að níða þessa stofnun niður. Reykjavíkurskóli hefir alltaf verið álitinn einhver bezti skólinn á Norðurlöndum. Það var litið svo á við háskólann í Kaupmannahöfn, að 2. eink. frá Reykjavíkurskóla væri eins góð og 1. eink. frá dönskum skólum. Nú vill hæstv. ráðh. veita Pálma Hannessyni rektors-embættið við þennan skóla.

Þá vildi hæstv. ráðh. sýna, hversu ómögulegur skólinn væri vegna skrópvottorðanna frá 1903. Þessi vottorð voru þá alveg ný. Áður þurfti alltaf læknisvottorð. Mætti segja margar sögur í sambandi við það, t. d. af manninum, sem kom að finna lækninn, en hann var þá ekki heima, svo að hann fann konuna hans og bað hana um vottorð. Konan spurði þá, hvort ekki væri að honum höfuðverkur, en pilturinn spurði, hvort það mætti ekki

eins vera magapína, og varð það að samkomulagi. Það var því í anda hins nýja tíma, þegar það var ákveðið 1903, að nóg væri, að húsráðandi skrifaði vottorðið. Það var þá tekið trúanlegt. Hvernig fór það? Piltarnir misnotuðu þetta, eins og hæstv. ráðh. sagði. Þeir sýndu, að þetta var ekki rétt aðferð. Unglingar frá fermingu til tvítugsaldurs eiga bágt með að beygja sig undir aga. Það, sem þeir heimta, er réttlæti. Ef rétt er farið að þeim, þola þeir mikinn aga. Björn Jenson var t. d. strangur kennari á vissan hátt. Ég kom t. d. einu sinni of seint í lestrartíma. — Það var ekki kennslustund. — Ég fékk undir eins nótu. Við þessu var ekkert að segja. Ég vissi, að ég hafði komið of seint, og þegar hann refsaði, var það fyrir brot. Héðinn Valdimarsson og Ólafur Jensen hafa líka fundið, að þeir höfðu brotið. (ÓTh: O, ekki mikið). Ef þeir eru ekki skammaðir, þá fá þeir fyrirlitningu á kennurum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri einhver lífsþráður skorinn í sundur, ef einhver piltur fengi 1 í stærðfræði. Hæstv. ráðh. heldur, að ef svo fer, að einhver fær 1 í einhverri námsgrein, þá komist hann ekki upp úr bekknum, hversu góðar einkunnir sem hann hefði í öðrum námsgreinum. Þetta þýðir það, að hann geti ekkert í einni námsgrein og hafi gersamlega vanrækt hana. Annars var skýrslan, sem hæstv. ráðh. las upp, röng. Pilturinn fékk ekki 1. Hæstv. ráðh. hefir sjálfsagt ekki vitað það, að hann fékk 3 einkunnir: 3, 1⅔ og 1⅓. Í staðinn fyrir að fá ÷ 23 fékk hann þá ekki nema ÷ 9. Þetta varð til þess, að hann fékk ekki nógu háa einkunn við gagnfræðapróf til þess að komast í lærdómsdeild skólans, þótt hann stæðist gagnfræðapróf. Og þótt enginn ráðh. hefði verið til þess að hjálpa honum, hefði hann getað haldið áfram og lesið utanskóla. Þarf ég ekki að fara frekar út í það. Það hefir hv. 1. þm. Skagf. gert. En mikið má sá ráðh. skammast sín, sem hælir sér af því að hafa tengt saman lífsþráð eins manns, en lokar skólanum fyrir fjölda manna, sem langar til að komast þangað. En á sama tíma koma borgarar Reykjavíkur upp góðum skóla og bjarga þar með öllum þessum lífsþráðum. Hæstv. ráðh. miklast hér yfir einum manni, sem hann hefir bjargað og ætlast til þess að maður fari að standa á öndinni af því. Ég vil segja hæstv. ráðh., að einstakt dæmi sannar ekkert.

Það, sem hæstv. ráðh. las upp, var frá árinu 1903. Þá var hrein uppreisn í skólanum. En dæmin sýna, að skólinn var góður og vel var haldið uppi aga. Þeir fengu lof, sem hegðuðu sér vel, last þeir, sem hegðuðu sér illa. Þá var ekki hægt að standa upp í hárinu á yfirboðurum sínum.

Ég skal ekki fara hér út í aðgerðir hæstv. dómsmrh. við skólann, t. d. vindsnældurnar og fatasnagana. Tíminn byrjaði að tala um þetta áður en þeir komu.

Þá er það fundur Íþöku. Ég vil leiðrétta það, að hæstv. ráðh. hafi fyrstur tekið eftir því, að hægt væri að gera meira úr þessu húsi en var. Fyrir þinginu 1919 lá till. og áætlun um það, hvernig megi gera við bókasafnið. Það var þó ekki gert þá, og má kannske kenna stj. um það. En hvað hefir hæstv. ráðh. nú gert? Hann hefir nú framið það hermdarverk að setja heimavist á loftið, svo að vel getur verið, að húsið fuðri upp einhvern góðan veðurdag. Þetta er óforsvaranlegt. Ég vildi að hægt væri að grafa upp gjafabréf þess góða manns og vita, hvort það er ekki bannað. Ég ætla þó ekki að vona, að húsið eigi eftir að brenna. Vil ekki vinna það til, þótt það yrði til þess að lækka nokkuð rostann í hæstv. ráðh. Þessu hælir hæstv. ráðh. sér af og heldur, að enginn hafi gert annað eins. Hvernig var með skíðin á Laugarvatni? Það er sagt að hingað hafi komið skautar og skíði til Laugarvatnsskóla, sem hæstv. fjármrh. vildi ekki innleysa, vegna þess að engin heimild var til þess í fjárl. Þessi sending lá hér lengi óinnleyst, vegna þess að kaupmaðurinn vildi ekki láta það af hendi nema það væri keypt út. En hvernig rættist úr þessu með skautana og skíðin? Ég skoða það meinbægni, að það skyldu ekki vera nógir peningar í ríkissjóði til þess að gefa skólanum skíði. Annars er það einkenni hæstv. dómsmrh., að ganga fram hjá kennarafundum, ef um afskipti af skólanum er að ræða. Nú er t. d. nýbúið að staðfesta reglugerð fyrir skólann, sem aldrei hefir verið borin undir kennarafund. Í stað

þess skipaði rektor Menntaskólans nefnd til þess að gera hana, og var umsjónarmaður skólans (inspector scholae) formaður hennar. Þegar þessi reglugerð kom, voru svo allir óánægðir með hana nema nefndin, sem hafði gert hana. Ungir menn eiga bágt með að koma sér saman sjálfir. Allt verður að koma ofanfrá.

Hæstv. ráðh. þykist hafa valið bezta manninn, sem völ var á, og nú er rétt að athuga, hvernig þetta nýja blóð verkar. Ég gat þess reyndar í fyrstu ræðu minni, en með því að ég sé, að hæstv. ráðh. hefir ekki látið sér skipast, verð ég að taka það til athugunar aftur.

Ég ætla fyrst að taka það dæmi, sem hæstv. ráðh. gat um sjálfur. Það er um Guðmund Bárðarson náttúrufræðing. Mig minnir, að það væri í 6. bekk C., sem Guðmundur Bárðarson vildi láta nemendurna gera ritgerð. Þeim þótti efnið of þungt og vildu ekki gera hana. Þeir fengu þá frest, og skiluðu þá loks allir vélrituðu eintaki, og var það ekki nema nokkrar línur og það vitleysa, sem þar var. Fólk með hinum nýja anda vill enga kennslu hafa hjá honum, og hefir engin kennsla farið fram hjá honum síðan. Ég verð að segja, að það er primitivur skóli, þar sem ekki er hægt að kenna það, sem segir í reglugerð. Þegar leitað var til rektors, skiptir hann sér ekkert af þessu. Svo var annar kennari fenginn til þess að kenna náttúrufræði í þessum bekk. Svona er heilnæmt í hinum nýja anda.

Þá er annað dæmi. Það sagði mér maður nýlega, að hann hefði komið inn, þar sem verið var að sýna skólamynd í Nýja-Bío, og voru nemendur Menntaskólans einnig þar saman komnir. Meðal annars sást þar á myndinni pálmasunnudagur í Palestinu. Varð af þessu ógurlegur hlátur í salnum. Það er nefnilega sérstakur pálmasunnudagur hér á Íslandi, og hann er þannig til kominn, að til þess að koma af fjarvistum við skólann, leyfði rektor, að sá bekkur, sem minnstar fjarvistir hefði, skyldi hafa einn dag frían á mánuði. Var hann skírður pálmasunnudagur. Eftir nokkurn tíma var svo úrskurðað, að 6. bekkur C. skyldi fá frí í 1 dag. En þá urðu aðrir bekkir reiðir og sögðu, að þetta væri rangur úrskurður. Einn bekkur sagði t. d.: Hjá okkur hefir einn maður verið svo lengi veikur, að við þess vegna höfum svo marga fjarvistardaga, en annars skrópum við minna en aðrir bekkir. Og fyrst að við ekki fáum leyfið með góðu, þá tökum við það sjálfir. Og svo byrjaði 6. bekkur B. og tók sér sjálfur frí. Gerði rektor ekkert við því. Næst tók 6. bekkur A. sér frí. Þá keypti rektor bíla og keyrði um bæinn til þess að safna nemendunum saman í tíma. Ég hefi heyrt sagt, að einn nemendanna hafi tekið upp cigarettu og boðið rektor, og að hann hafi þegið hana. Mér finnst þetta sýna, að nemendur beri alls enga virðingu fyrir honum, þótt kannske sé hægt að segja, að hann sé ekki illa látinn. Ég hefi heyrt sagt, að þessir 2 bekkir hafi ekki einu sinni beðið afsökunar. Þeir hafi kannast við brot sitt og lofað að gera það ekki aftur, nema brýna nauðsyn bæri til.

Þessi tvö dæmi sýna, að ekki er um neina refsingu að ræða þótt nemendur gangi úr tíma. Ef sæmileg stjórn væri á skólanum, hefðu nemendum verið settir 2 kostir, annaðhvort að fara úr skóla, eða vera góðir. Nemendur verða að finna, að þeir verði að láta í minnipokann fyrir stjórn skólans. Áður var það skólafundur, sem ákvað nemendum hegningu. Nú átti að koma á nokkurskonar gerðardómstól, þar sem væri jafnmargir kennarar og nemendur, 2 af hvorum. Skólapiltar gátu ekki sætt sig við það og heimtuðu, að það væru 4 skólapiltar, en engir kennarar.

Þá hefi ég áreiðanlegar upplýsingar fyrir því, að óregla er svo mikil í skólanum, að stundum er alls ekki hægt að kenna. Þá getur það komið fyrir, að þótt kennarinn sé kominn inn í bekkinn, og þar sé alveg kyrrt, sé svo mikil ólæti fram á ganginum, að enginn heyri til kennarans. Það er því allt stjórnlaust og vitlaust í skólanum. Þetta er nú nýi andinn í skólanum.

Þá hefi ég áður getið um trúarjátningunа í skólablaðinu. Þetta blað, eins og það er skrifað, er alveg nóg til að sýna, að allt keyrir um þvert bak í skólanum. Hugsa sér t. d. skóla, sem kallar hæstv. dómsmrh. „Nasa“ í blaði sínu. Eða hvað á að segja um blað, sem flytur annað eins og þetta:

„Ég Pálmi frá Skíðastöðum leita hér

með hófanna hjá þér Nasi, hvort þú ætlir ekki að gera mig að rectori, eins og þú lofaðir mér í fyrra".

Eða þá þetta:

„Þú klepptæki Jónas! Ég Durgur Durgsson leyfi mér að krefjast þess, að þú gerir mig þegar í stað að rectori Menntaskólans".

Ég er ekki að álasa námsfólki skólans fyrir þetta. Það er upp og ofan eins og gengur. En fólk á aldrinum 15—20 ára þarf styrka stjórn. Ólsen missti alveg stjórn á skólanum og Pálmi Hannesson hefir líka misst hana.

2. tbl. af skólablaðinu byrjar á því, að taka það allt aftur, sem stóð í því fyrra. Nær það þá ekki upp í nefið á sér fyrir að hafa gert kennara skólans svo grama. Þetta er náttúrlega græskulaust af nemendum. Sökin er öll hjá skólastjórninni, hjá nýja blóðinu, sem hæstv. ráðh. veitti inn í skólann. Hæstv. kennslumálaráðh. hefir þannig tekizt að gera það meistarastykki að eyðileggja svo að segja bezta skólann á landinu. Jafnvel þó að Pálmi væri svo drenglyndur að yfirgefa skólann nú, þá væri efamál, hvort komið yrði á hann góðu lagi aftur, vegna þessa frumhlaups hæstv. ráðh.

Mér þykir undarlegt, hvernig þessi maður talar um stjórnleysið í menntaskólanum, því mér er sagt, að hann hafi haldið uppi harðvítugum aga í sínum skóla, meðan hann var skólastjóri sjálfur. Ég held, að samvinnuskólapiltum hafi ekki verið leyfð eldspýtnadreifing, eða að fara óvirðulegum orðum um skólastjóra sinn. Og allir vita, að hæstv. dómsmrh. er hinn mesti kúgari sem ráðh. Það er undarlegt, ef hann vill láta unglingana í menntaskólanum haga sér eins og þeim sýnist; á þá má ekki anda, þó fullorðnir menn megi varla snúa sér við fyrir hæstv. ráðh. Læknarnir mega t. d. ekki mynda félagsskap og verjast rangsleitni hans. Þá fá þeir á sig konunglega rannsókn.

Ég ætlaði að lokum að tala nokkuð langt mál um flokk hæstv. ráðh. og afstöðu hans þar. En nú er orðið svo áliðið, að ég verð líklega að sleppa því að mestu. Hæstv. ráðh. hélt svo skemmtilega ræðu um stofnun Sjálfstæðisflokksins, að það hefði verið gaman að gera hans flokki dálítil skil.

Það er ekki nema mjög eðlilegt, þó framsóknarmönnum sé illa við það, að Frjálslyndi flokkurinn og Íhaldsflokkurinn gerðu bandalag með sér og sameinuðust. Það er mjög eðlilegt, að framsóknarstj. sé ekki rótt, ef eitthvað er gert, sem dregið getur úr fylgi hennar, þegar hún hangir við völdin á ranglátri kjördæmaskipun og engu öðru. Eina von hennar um völd framvegis byggist á því, ef hún gæti með atkvæðamagni flokksmanna sinna hindrað, að réttmætari kjördæmaskipun komist á. En flokksmenn hennar eru nú ekki stöðugri en það í þingmannssætunum, að einir 200 kjósendur út um land gætu komið stjórnarstuðningsmönnum í algerðan minni hluta í þinginu.

Svo verður Framsókn líka að burðast með ýmsar byrðar, sem kjósendum er lítið gefið um. Sócialistar styðja að vísu stj., en þeir kosta líka flokk hennar talsvert. Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að Parísardömurnar létu stundum ófríðar konur fylgja sér, til þess mönnum litist betur á þær sjálfar. En það getur nú líka farið svo fyrir allra laglegustu stúlkum, að enginn vilji verða til að giftast þeim, vegna þess hvað tilvonandi tengdamamma er leiðinleg og ljót. Þó að ráðherrarnir gengju nú í fólkið, þá væri ekki óhugsandi að kjósendunum þætti sócialistatengdamamman strembin.

Hv. þm. Ísaf. lýsti dálítið, hvað hæstv. dómsmrh. er undarlegur gripur í flokki sínum. Eiginlega var hann að sýna fram á, að dómsmrh. væri ekki annað en sócialisti, því hann var að tala um, að hann væri alltaf að koma fram með ágætismál, svo sem eignarnám, samlagsfrv. og annað sócialistiskt sælgæti, en svo kæmi ólukku litla Íhaldið, nefnilega Framsóknarbændurnir, og dræpu frv. eða sniðu af þeim kostina.

Marga krossa verður hæstv. forsrh. að bera, en af þeim öllum held ég þó, að hæstv. dómsmrh. sé þyngsti krossinn, þó hann hafi talsverða kosti á sumum sviðum. Hann er t. d. laginn á að laða menn að sér, og duglegur að mæta miklum erfiðleikum.

Það virðist nú vera byrjað á því starfi innan Framsóknarflokksins, sem þarf að fara þar fram og hlýtur að fara þar fram fyrr eða [illegible] að hundsa hæstv. dóms-

mrh. Meðferðin á „ömmu“ t. d. sýndi það. Þó það frv. hafi verið borið fram þing eftir þing, hafa flokksmennirnir ekki fengizt til að samþ. það og nú voru þeir loks orðnir svo harðir, að þeir drápu það blátt áfram. Svipað er að segja um bankamálið. Það er opinbert leyndarmál, hver hefir verið aðalhatursmaður Íslandsbanka innan Framsóknarflokksins. Nú hefir hann orðið að láta í minni pokann, orðið að éta ofan í sig allt hatrið og verður að vera í stj., sem ber fram frv., er felur í sér endurreisn Íslandsbanka og ekkert annað, þó hún reyni að fela það að forminu til.

Þá er nú öllum kunnugt, hvaða manni hæstv. dómsmrh. ætlaði að vera forseta Sþ., og að hann gaf honum 3000 kr., úr landssjóði auðvitað, til þess að læra mannasiði. En svo kom „varalið Íhaldsins“ og varavaralið og gerði annan að forseta, — hundsaði hæstv. dómsmrh.

Hæstv. dómsmrh. minnir mig oft á danska stjórnmálamanninn Struensee. Hann fitjaði upp á ýmsum nýungum, og þó í sumum brygði fyrir einskonar hugsjónaleiftri, voru þær allar meira og minna vanhugsaðar. Nú eru Danir búnir að nema allt það, sem hann kom í framkvæmd af hugmyndum sínum, úr gildi, nema Klasselotteríið.

Struensee endaði nú líf sitt á höggstokknum, en það er nú ekki hætta á, að þau góðmenni, sem hér eru, fari þannig með stjórnmálamenn sína. Þó finnst mér flokkur hæstv. dómsmrh. vera alltaf að þoka honum nær og nær hinum pólitíska höggstokki.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Í fyrra sinn, sem ég talaði hér við þessa umr., ætlaði ég að víkja nokkrum orðum að hæstv. dómsmrh. í sambandi við ýmisleg ummæli og gerðir hans í varðskipamálum. Það er reyndar nokkuð útrætt mál, bæði um ónauðsynleg ferðalög og fleira. En síðan þetta var, hefir hann komið með ummæli, sem snerta björgunarmálefni landsins. Mér þykir einkennileg þessi uppgerð hans milli skipstjóranna á varðskipunum; tveir þeirra séu aðeins miðlungsmenn, en einn þeirra, skipstjórinn á Ægi, sé einhver einstakur afburðamaður. Ég hygg, að þeir sem til þekkja, áliti Friðrik Ólafsson skipstjóra á Þór og Jóhann P. Jónsson á Óðni ágæta sjómenn. Ég er ekki að segja, að skipstjórinn á Ægi sé ekki góður sjómaður. Ráðh. má bara ekki hæla honum á kostnað hinna, sem landslýður þekkir svo vel.

Hæstv. ráðh. minntist á þá kunnáttu og sérmenntun, sem þeir Jóhann og Friðrik hefðu, og reyndi að gera eins lítið úr henni og unnt var. Ég hefi bent á, að Jóhann P. Jónsson hefir lokið meira skipstjóraprófi bæði í Danmörku og hér heima með ágætum vitnisburði, og Friðrik Ólafsson hefir líka meira próf. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. kennslumrh. sé kunnugt um, að það þurfi meira en meðalmann að gáfum til þess afreks í námi, sem Friðrik hefir sýnt, þegar hann stóð sig betur en allir dönsku námsmennirnir í skólanum, þó að hann væri kominn á þroskaár og að sjálfsögðu farinn að stirðna til náms. Ég ætla ekki að fara að telja upp þær 15 greinar, sem þessir menn hafa tekið próf í á foringjaskólanum; ég gerði grein fyrir því á þinginu 1927.

Ég veit ekki hvað hefir þýðingu, ef þessi sérmenntun er lítilsvirði. Þeir, sem vita, að það er enginn barnaleikur að stýra varðskipi hér við land, þeir skilja, að hún er nauðsynleg. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. um brjóstbarn hans, skipstjórann á Ægi. Hvers vegna lét hann hann ekki ná sömu sérmenntun og hina? Um sérmenntun hans í björgunarmálum er náttúrlega gott eitt að segja. Hana eignaðist skipstjórinn á örstuttum tíma í Noregi, Þýzkalandi, Englandi og ég man ekki hvað víða. En ég vil fullyrða, að þessir ágætismenn tveir, sem alltaf er verið að halla á bæði á þingi og í blöðum, þeir hafa líka reynst vel við björgun, þó að þeir hafi aldrei haft þessa „sjö landa sýn“, sem hæstv. dómsmrh. talaði um. Og skipstjórinn á Ægi hefir enda sýnt hæfileika sína til björgunar áður en hann fór í þessa siglingu sína. — Það er ákaflega leiðinlegt, þegar hæstv. dómsmrh. minnist á Jóhann P. Jóns-

son, og þótt honum dyljist ekki mannkostir hans og dugnaður, þá hefir hann alltaf horn í síðu hans, sýnilega af því, að það var íhaldsstj., sem réð hann og Friðrik Ólafsson í embætti. Strax á þinginu 1927, þegar laun þeirra voru ákveðin, undi hann því illa. Hann barðist fyrir því á þinginu 1928 að taka nokkuð af kaupi þeirra. En fyrir landhelgissjóð hefir það ekki orðið neinn gróðahnykkur, því að samkv. l. frá 1927, um varðskip, var kaup skipstjóra og vélamanna 88461,28 kr., en við þá breytingu, sem samþ. var á þinginu 1928, þegar hann réð lögum og lofum, hefir þessi upphæð komizt nokkuð yfir 96 þús. kr. Það fór svo, að sjóðurinn eða ríkið græddi ekkert á þessu brölti hæstv. ráðh., en vitaskuld náðist það, að þessir menn sátu við skarðan hlut.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt um þetta, en vildi aðeins benda á, að það er ákaflega leiðinlegt að vera alltaf að leggja þessa menn á vogarskálar, sem allir vita það um, að ef þeir eru dæmdir með tilliti til sjómennsku sinnar, þá veit allur landslýður, að þetta eru ágætis sjómenn, sem erfitt verður að gera upp á milli um það, hver beztur sé, en hitt veit ég, að tvo þessara manna vill hæstv. ráðh. setja skör lægra, sem þó eru að öllu betur menntir og hæfari í stöðum sínum en hinn þriðji, sem er óskabarn ráðh.

Svo eru það björgunartækin, sem eru á Ægi. (**Dómsmrh.**: Og nú á Óðni líka). Já, það er mjög gleðilegt, að hæstv. ráðh. hefir látið setja þessi tæki á skipin, en hann gat gert það og sagt frá því rétt og satt, þótt hann færi ekki að setja hnútur í bæði mig og aðra, sem eitthvað hafa haft með björgunarstarfsemi að gera. Hæstv. ráðh. sagði, að Þór hefði verið illa útbúinn, en ég veit ekki betur en að hann hafi haft línubyssu, ljóskastara og dráttartæki. Hann var vel útbúinn að því, sem honum var nauðsynlegt að hafa til þess að bjarga bátum, og ég veit ekki til að honum hafi nokkru sinni mistekizt björgun fyrir það, að hæfileg tæki hafi vantað. Sem betur fór, þá fór saman gifta mikil á því skipi og dugnaður, svo að björgun heppnaðist ætíð. — En þetta viðbjóðslega gort, að enginn maður hafi gert neitt að gagni nema hæstv. dómsmrh., er svo leiðinlegt að hlusta á, að því verður ekki með orðum lýst. Hvað, sem hæstv. dómsmrh. minnist á, þá hefir allt, sem horfir til bóta, orðið til í hans tíð, sama hvort talað er um skip, skóla eða annað. Ég veit ekki, hvað hæstv dómsmrh. hyggur um skilning þessarar þjóðar, hvort hann heldur að það sé vissust og sigursælust leið stjórnmálamanns að hæla sjálfum sér nógu mikið, en mér finnst, ef svo á að fara fram, þá verði það til að leiða heldur óhollan anda inn í þjóðlífið.

Ég ætla svo ekki að tala meira við hæstv. dómsmrh., en vildi þó bæta því við, þegar hæstv. dómsmrh. staðhæfir, að undir sinni stj. hafi landhelgisgæzlan batnað að mun, að það væri skárra ef hún versnaði við það að fá Ægi í viðbót. Skyldi ekki aðstaðan vera betri við það, að Ægir er kominn í viðbót við Óðinn?

En svo er það eitt, sem kemur þráfaldlega fyrir hjá hæstv. dómsmrh., sem ég vildi benda honum og hv. dm. á, að er dálítið óvenjulegt, að oft sé hampað af manni í hans sæti, þegar talað er um verðleika varðskipsforingjanna. Þá vegur hæstv. ráðh. allt á þá reizlu, hve marga togara hver þeirra hafi tekið. Það er eins og það sé höfuðtakmarkið með landhelgisgæzlunni að taka sem flesta togara. Ég veit ekki hvort það eru 10 eða 11 togarar, sem Ægir á að hafa tekið, en ég álít engan skipstjóra betri fyrir það, þótt hann dragi 10 eða 11 togara inn á höfn, og dómstólarnir verða svo að sýkna þá á eftir í mörgum tilfellum. Ég hygg, að þau útlend stjórnarvöld, sem ef til vill fengju að heyra skoðun hæstv. dómsmrh. á þessu máli, þætti nokkuð athugaverður grundvöllurinn fyrir því, hve margir togarar væru teknir, og hvað væri lögð áherzla á með okkar landhelgisgæzlu, því að það lítur þá út fyrir það, að við viljum ekki fyrst og fremst að landhelgin sé varin, heldur að sem mestum sektum sé safnað í landhelgissjóð. Þetta er hættulegt landhelgisvörnum okkar, að útlendingar heyri þessari skoðun haldið fram af dómsmrh. landsins.

Ég ætla þá að víkja að því máli, sem ég vildi aðallega gera að umtalsefni hér,

og ef hæstv. fjmrh. mætti heyra mál mitt, þætti mér það gott. — Ég tók eftir því, að í svari hæstv. fjmrh. við þeim aths., sem ég kom hér fram með viðvíkjandi tildrögum að Síldareinkasölu Íslands og rekstri hennar í tvö síðastliðin ár, gætti meira vanstillingar en ég á að venjast af hæstv. ráðh., og það er satt að segja óvanalegt, að hæstv. fjmrh., sem ávallt er prúðmenni og venjulega heldur sér fast við umræðuefnið, safni saman eins miklu af köpuryrðum og hann gerði í það skipti. Sem sagt, hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði ekki farið með nema blekkingar og rangfærslur, fyrir utan það, sem ég hefði ekkert vit á málinu og væri því ókunnur. Ég ætla nú ekki að fárast yfir því í bili, en legg það undir dóm hv. d., eftir að hafa dregið fram nokkrar staðreyndir í málinu, hvor okkar hefir farið með fleiri sleggjudóma.

Hæstv. ráðh. sagði að ég vildi ekkert skipulag hafa á síldareinkasölunni. Þetta er ekki rétt, ég var með skipulagslögunum 1926, og hæstv. ráðh. veit það ennfremur,að ég, ásamt nokkrum öðrum sjálfstæðisþingmönnum á síðasta þingi, flutti ítarlegar brtt. við síldareinkasölulögin, sem miðuðu að því að skipuleggja síldareinkasöluna eins og samlagsfélagsskap, svo að það er alveg fráleitt, að ég vilji ekki hafa neitt skipulag; mér er það alveg ljóst, að slíkt verður að vera.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði farið fram á að fá upplýsingar, sem ómögulegt væri að gefa. Þar ber þessum ráðh. ekki saman við hæstv. atvmrh., sem sagði, að ég ætti að koma fram með þessa spurningu á öðrum tíma en eldhúsdegi; en þrátt fyrir það, þótt þeim bæri ekki saman, fór hæstv. ráðh. samt að svara því, sem ég spurði um, þótt hann teldi ómögulegt að svara því. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ríkisstjórnin hefði enga íhlutun um stj. einkasölunnar, eða hvernig reikningar hennar væru færðir. Það verð ég að segja, að er dálítið einkennileg fullyrðing, þar sem endurskoðendur eru skipaðir af ríkisstjórninni, og þar sem þeir eru skipaðir af henni, getur hún lagt þeim lífsreglurnar og haft fullt eftirlit með því, hvernig reikningar síldareinkasölunnar eru færðir. En jafnframt því. að þetta er skoðun hæstv. stj., er það gott að þessi yfirlýsing kemur fram, því að hvar er þá vernd þeirra, sem eiga allt undir einkasölunni, ef stj. ræður engu, því að framleiðendurnir hafa engin tök á að hafa áhrif á þetta; þeim er algerlega bægt frá því með því fyrirkomulagi, sem nú er, fyrir því hefir hæstv. stj. og hv. þingmeirihl. rækilega séð. Það virðist þá, eftir því sem hæstv. ráðh. gaf í skyn, að stj. einkasölunnar sé einvöld.

Hæstv. ráðh. sagði, að einkasalan hefði gengið vel árið 1927, og ennfremur sagði hann, að þessi verðlækkunartrygging (Prisfaldgaranti) síldareinkasölunnar hefði ekki bakað henni neitt tjón. Ennfremur neitaði hæstv. ráðh. því, að samið hefði verið við Bræðurna Levi, og að því er snerti stærðina á síldinni, sem ég sagði að hefði verið óvarlegt að selja stærri síld en hægt hefði verið að afla, þá vildi hæstv. ráðh. kenna það reglugerð, sem Björn Líndal hefði samið.

En að því er snertir það atriði, sem ég nefndi áðan, verðlækkunartrygginguna, að það hefði ekki orðið að sök, þá ætla ég að nefna eitt ábyggilegt dæmi. Tveir af útsendurum einkasölunnar árið 1928 seldu í fyrstu sölu 5000 tn. af kryddsíld til kaupanda í Svíþjóð. Þessir tveir munu hafa verið hr. Ingvar Guðjónsson og hr. Einar Olgeirsson. Seinna seldu þeir aftur 1—2 þús. tn. af kryddsíld til annars kaupanda, og var það selt fyrir eitthvað 2—3 kr. lægra verð á tn., fyrri salan með verðlækkunartryggingu, en um hina veit ég ekki. Í seinni hluta ágústmánaðar, þegar síldin var afhent og átti að fara að borga þessar 5000 tn., þá snéri umboðsmaður kaupanda sér til eins af framkvæmdastjórum einkasölunnar og sýndi samninginn, sem tryggði honum lægsta verð. Hann vitnaði í hina söluna fyrir lægra verð, sem honum var kunnugt um. Hann knúði svo fram 15000 kr. afslátt á þessu „partíi“. — Fyrir þessu hefi ég ábyggilegar heimildir.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði ekki komið að sök, en ég hefi hér eitt dæmi, og þau kunna að vera fleiri, og það er svo augljóst, hvort svona sölusamningar hljóta ekki að vera skaðlegir, að það þarf ekki að deila um það.

Þá hefi ég það fyrir satt, að samningur

um sölu á síld af þessari stærð muni hafa farið fram áður en reglugerðin var samin, svo að um þessa sölu þarf ekki að kenna höfundi hennar. Um Bræðurna Levi ætla ég að sé alveg óþarft að deila, vegna þess að því var lýst yfir á fundi, sem útgerðarmenn héldu á síðastliðnu ári, að samið hefði verið við þá. Hvað það hefir kostað að fá þá til að sleppa samningi sínum, skal ég ekki segja neitt um, en það er víst, að slíkt verzlunarhús leikur sér ekki að því að sleppa samningi um umboðssölu alveg út í bláinn. Ég hefi heyrt sagt ,að þeir hafi orðið að fá „provision" af sölunni eftir sem áður, og mér þykir það mjög trúlegt, að þeir hafi orðið að fá allríflegar skaðabætur. Hæstv. ráðh. sagði svo um matið, að það hefði verið óvenjulega gott í fyrra. Má vel vera, en ég vil aðeins benda á það, að sú hlið, sem snýr að framleiðendunum, hún er óvenjuleg, vegna þess að matið er framkvæmt af umboðsmönnum sjálfrar einkasölunnar. Þegar maður selur fisk eða kjöt, er matið framkvæmt af mönnum, sem ekki eru starfsmenn kaupmannsins eða kaupandans, sem hlut á að máli, en hjá einkasölunni eru það umboðsmenn hennar, sem matið framkvæma, svo að hið eiginlega opinbera mat er horfið, en það er aðeins flokkun einkasölunnar sjálfrar sem gildir.

Þá eru þau töp, sem gera má ráð fyrir, að einkasalan hafi orðið fyrir á árinu 1929 vegna óuppfylltra samninga. — Hæstv. ráðh. sagðist hyggja, að ekkert hefði verið greitt fyrir þessi samningarof. Getur vel verið, að hann hugsi það, en það hefði samt verið skemmtilegra, ef skýlaus yfirlýsing í því efni hefði legið fyrir. Það virðist vera fullur grunur á því meðal almennings, að síldareinkasalan hafi orðið fyrir miklum töpum. Hvort það er fært sem tap, eða það kemur niður í lækkuðu síldarverði, skal ég ekkert um segja, en tapið fyrir síldareigendur verður alveg það sama, hvernig sem síldareinkasalan skýrir frá því.

Ef menn vilja athuga það, hver líkindi eru til, samkv. því verði, sem síldareinkasalan ætlar sér að borga, og í almæli er að sé 14 kr. fyrir innihald hverrar tunnu, að hún hafi orðið fyrir einhverju áfalli 1929, samanborið við aðrar þjóðir, sem hafa veitt hér síld og selt, þá verður niðurstaðan allgrunsamleg.

Ég mun síðar sýna fram á það, að Norðmenn seldu sína framleiðslu 1929 fyrir verð, sem er svo miklu hærra en það, sem síldarframleiðendur hér fá, ef tekið er tillit til þess, að Norðmenn verka sína síld á miklu ódýrari hátt en Íslendingar, og þess, að íslenzk síld hefir hingað til verið talin mun betri markaðsvara en norskveidda síldin.

Þá minntist hæstv. ráðh. á Austfjarðasíldina og sagði, að það mætti deila um það, hvort rétt væri að greiða sama út á Austfjarðasíld og Norðurlandssíld. Ég verð að segja, að það sé alls ekki hægt að deila um það atriði; sjálf síldareinkasölulögin mæla nógu skýrt fyrir í þessum efnum. Í 4. gr. þeirra laga má lesa, — með leyfi hæstv. forseta:

„Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað".

Þegar sýnt er og sannað, að Austfjarðasíldin er allt annarar tegundar, miklu smærri en Norðurlandssíldin, en miklu smærri þýðir það sama og að markaðsverð þeirrar síldar er miklu lægra, og að því er snertir staðinn, þá er það augljóst, að ekki er sami staður Siglufjörður og Austfirðir, svo að slíkt fer algerlega í bág við síldareinkasölulögin. Virðist mér því, að um þetta atriði sé ekki ástæða til að deila neitt. Það er alveg augljóst, að Austfjarðasíld er lakari; hún er á öðrum stað og að því leyti er skakkt að reikna nákvæmlega sama fyrir hana eins og Norðurlandssíld. Auk þess er það svo enn, að því er ég bezt veit, að jafnvel nú, þótt gott sé að selja síld, þá mun öll Austfjarðasíld frá síðastl. ári ekki vera seld ennþá. Það er enginn vafi á því, að með þessu móti er þeim óréttur gerður, sem koma með betri vöru til síldareinkasölunnar, að önnur lakari vara sé greidd jöfnu verði á þeirra kostnað.

Þá vildi hæstv. ráðh. hrinda því, sem ég sagði um framleiðslu kryddsíldar. — Ég hafði sýnt fram á, að Íslendingar væru, að því er virtist, að missa tökin á framleiðslu kryddsíldar, og vil í því samb. benda á það, að árið 1927 krydduðu Ís-

lendingar 59181 tn., en Norðmenn aðeins 8000 tn., árið 1928 50176 tn., en Norðmenn 11200 tn., árið 1929 krydda Íslendingar aðeins 17001 tn., en Norðmenn ca. 40000 tn. Þetta sýnir glögglega, að framleiðsla kryddsíldar fer óðum þverrandi hjá Íslendingum síðan einkasalan tók til starfa, en vaxandi hjá Norðmönnum. Og hnignunin undir stj. einkasölunnar verður athugaverðari fyrir það, að Svíar eru sjálfir farnir að veiða síld hér við land, og veiddu, eftir því sem ég veit bezt, á 12—14 skipum, og þeir krydduðu alla þessa síld.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að framleiðsla á kryddsíld væri þó hlutfallslega eins mikil nú og árið 1927, samanborið við verðmagn veiðinnar. En þetta er heldur ekki rétt. Það nægir að geta þess, að þar sem árið 1927 voru kryddaðar um 60 þús. tn. af 240 þús. tn., sem veiddust, voru til samanburðar á síðastl. ári 17000 tn. kryddaðar af um 125000 tn., sem veiddust. Það er, m. ö. o., að af ársveiðinni 1927 voru um 25% krydduð, en af ársveiðinni 1929 voru aðeins um 14% krydduð, svo að hlutfallið hefir engan veginn haldizt. Þetta sem hæstv. ráðh. hélt fram, að ég væri að tala um framleiðslu Íslendinga á kryddsíld áður en einkas. tók til starfa, sem ekki hefði verið framleiðsla Ísl. sjálfra, er nákvæmlega það sama enn í dag, að því leyti, að Svíar leggja enn fram tunnur og salt. En hverjir fá svo peningana fyrir að framleiða þessa dýru vöru? Þessi framleiðsla er að hverfa frá okkur og til útlendinganna. Það er sérstaklega illt gagnvart reknetabátunum, að kryddsíldarframleiðslan er að hverfa úr höndum okkar, af því að það eru einmitt reknetabátarnir, sem höfðu beztan aðgang að því að selja síld til kryddunar, því að þeir komu inn með smærri slatta af síld, sem ekki var farin að skemmast eins og oft vill eiga sér stað í stóru skipunum, og því þægilegra fyrir þá að koma sinni vöru í peninga, svo að það má segja, að þessi hnignun hafi mest gengið út yfir smærri útgerðina.

En það er ekki einasta kryddsíldarsalan, sem er að hverfa, heldur er verðmæti aflans stórum fjarandi síðan einkasalan tók til starfa. Til þess að sýna það, að þetta er ekki eingöngu mín skoðun, heldur líka skoðun annara manna og sannanlegt af opinberum skýrslum, vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkuð upp úr nál. frá sjútvn. fiskiþingsins, sem var háð nú síðast.

„Til nefndarinnar var vísað áskorun til fiskiþingsins, sem samþ. var með öllum greiddum atkv. á fjórðungsþingi Austfirðingafjórðungs, að það hlutist til um það við ríkisstjórnina og Alþingi:

1. Að síldareinkasalan fái aukið fé til umráða, svo að hún geti greitt sem mest út á síldina jafnóðum og hún veiðist, helzt sem svarar veiði- og verkunarkostnaði, og geti séð fyrir nægilegum tunnubirgðum í öllum veiðistöðvum landsins.

2. Mótmæli fjórðungsþingsins í Norðlendingafjórðungi gegn því, að menn, sem eigi reka síldarútgerð, séu endurskoðendur reikninga síldareinkasölunnar og ósk um, að minnsta kosti annar endurskoðandinn sé valinn úr hópi síldareigenda".

Þetta er áskorun, sem sjútvn. Fiskifélagsins hafði til meðferðar. Fyrri áskorunin fer fram á það, að einkasalan hafi fé til umráða.

Sjútvn. Fiskifélagsins rannsakaði síldarútflutning og verðmæti hans um nokkur ár áður en síldareinkasalan tók til starfa, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa það upp:

„Saltsíld:

1923	18920481 kg.	5878680 kr.
1924	9386531 —	4882483 —
1925	16725195 —	7397094 —
1926	11464912 —	5075245 —
1927	19626671 —	5769609 —

Kryddsíld:

1923	2578723 kg.	1089738 kr.
1924	2354690 —	1986080 —
1925	3410096 —	1962264 —
1926	3739220 —	2089531 —
1927	5004022 —	2242873 —

Meðalafli þessara 5 tilgreindu ára hefir því numið 18642108 kg., eða 214679 tunnum. Og meðalverðmætið 7710719 kr., eða tæplega 36 kr. á tunnu. Hinsvegar varð framleiðsla salt- og kryddsíldar á árinu 1928 ekki nema 185700 tunnur, samkv. reikningi síldareinkasölunnar, sem birtur er í Lögbirtingablaðinu 30. maí 1928. Og sé gert ráð fyrir, að þær liðlega 7000 tunnur síldar, sem óseldar

voru um áramótin, þegar reikningurinn var gerður, hafi selzt svipuðu verði og það, sem út var flutt fyrir áramótin, hefir samanlagt verðmæti salt- og kryddsíldar numið um 565 millj. kr., eða nálægt 2 millj. kr. minna en meðaltal undanfarinna 5 ára.

Reikningar síldareinkasölunnar fyrir árið 1929 hafa ekki verið birtir ennþá, svo sem kunnugt er, en mestöll framleiðsla ársins af salt- og kryddsíld mun vera seld og borguð. Framleiðsla síldaraflans árið 1929 var aðeins um 125 þús. tunnur, og er það minna en nokkru sinni áður yfir meira en 20 ára tímabil, að einu aflaleysisári undanskildu (1918), og verðmæti það, sem fengizt hefir fyrir aflann, mun tæplega vera hærra á tunnu en það varð á árinu 1928, eða ekki yfir 30 kr. á útflutta tunnu að meðaltali. Sé gert ráð fyrir því, að meðalverð á tunnu af ársframleiðslunni muni vera 30 kr. tunnan, verður heildarútkoman aðeins 3750 þús. kr., eða nálega helmingi minna en meðalverðmætið var 5 árin áður en síldareinkasalan tók til starfa.

Nú var það vitanlegt, að þessi lækkun á framleiðslu og verðmæti salt- og kryddsíldar stafar ekki af aflaleysisárum þessi tvö s. l. ár, þar sem sjaldan mun meiri veiði hafa borizt að en einmitt s.l. sumar, heldur virðist lækkunin stafa af öðrum ástæðum.

Af þessu er bert, að síldareinkasalan hefir ekki orðið til fjárhagsbóta fyrir landið eða landsmenn, og getur því n. ekki mælt með því að svo vöxnu máli, að fiskiþingið verði við áskorun fjórðungsþingsins í Austfirðingafjórðungi um aukið fjármagn til síldareinkasölunnar.

N. leggur til, að fiskiþingið samþ. svohljóðandi ályktun:

„Fiskiþingið ályktar að skora á Alþingi, að taka til alvarlegrar íhugunar fyrirkomulag síldareinkasölunnar og gera tilraun til þess að bæta úr þeim göllum á fyrirkomulagi síldarverzlunarinnar, sem stendur þessum atvinnuvegi fyrir þrifum.

Fiskiþingið telur ósk fjórðungsþingsins í Norðlendingafjórðungi, um að minnsta kosti annar endurskoðandi að reikningum síldareinkasölunnar sé valinn úr flokki síldarútgerðarmanna, að öllu leyti sanngjarna og eðlilega, þar sem þekking á síldarútgerð og síldarverzlun er nauðsynleg fyrir endurskoðendur, ef um annað en töluendurskoðun er að ræða".

Ég vil geta þess, að ályktun n. var samþ. af Fiskifélaginu.

Hæstv. fjmrh. minntist á söltunarleyfin. En eins og ég hefi þegar tekið fram, þá er þýðingarlaust að hugsa sér að fara frá Suðurlandi til Norðurlands með reknetabát, þegar hann hefir ekki leyfi til að salta nema 500 tunnur, eins og síðasta sumar. Hæstv. ráðh. segir, að sama sé gert við stærri skipin t. d. togarana. Þeir hafi ekki nema 2000 tunnu söltunarleyfi og verði að selja allan annan síldarafla sinn í bræðslu, og þannig sé aðstaðan lík. Ég verð að halda, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað þetta. Það er óhugsandi, að reknetaútgerð geti borið sig með því að selja síldarafla sinn í bræðslu við því verði, sem á henni er.

Hugsum okkur, hvernig útkoman yrði, ef ætti að gera reknetabát út undir svona skilyrðum. Það er varla skynsamlegt að gera ráð fyrir, að hann afli meira en 1200 tunnur. Setjum svo, að hann megi selja 600 tunnur til söltunar, 14 kr. tunnan. Allan annan afla, 600 tunnur, yrði hann að selja í bræðslu á 4 kr. tunnuna. Andvirði alls aflans yrði þannig 10800 kr. Sé gert ráð fyrir, að halda verði bátnum úti frá 10. júlí til 20. sept., sem að líkindum þyrfti að gera, ef hann ætti að afla þetta mikið, þá má telja það gott, ef hann sleppur við 5 þús. kr. tap. Það er því gert alveg út í bláinn, að halda því fram, að þeir bátar, sem veiða í reknet, geti selt í bræðslu. Það getur alls ekki komið til greina.

Hjá togurunum er útkoman allt önnur, vegna þess að þeir veiða svo mikið í sínar nætur, sem auðvitað eru snurpinætur, og það er allt annað að veiða í snurpinætur en reknet. Þessi takmörkun á söltuninni kemur því harðast niður á smærri atvinnurekendum, því að það eru helzt þeir, sem gera reknetabátana út. Það er óskiljanlegt, hvers vegna einkasalan er svo treg að gefa leyfi til söltunar, þar sem hún getur stöðvað söltunina hvenær sem henni sýnist. Það er alveg eins og ætlast sé til þess, að söltunin

verði svo lítil, að smærri bátar geti alls ekki stundað síldveiði.

Hæstv. ráðh. minntist á tunnuskortinn og sagði, að slíkur skortur væri engin einsdæmi; hann hefði oft komið áður. Til þess að gera sér grein fyrir, hvort þessi fullyrðing sé rétt eða sennileg, má athuga það, að þegar veiðin brást í fyrra, var búið að salta og krydda í kringum 125 þús. tunnur. Þrátt fyrir það, að snemma tók fyrir veiðina, var hún í heild sinni óvenjulega mikil, ef litið er á það, sem fór í bræðslu, þegar allt var í vandræðum vegna tunnuleysis.

Ef tekið er árið 1927, þá var búið að salta kringum 205 þús. tunnur á því ári um sama leyti og veiðin þraut síðasta ár. Ekki hefir tunnuleysi bagað það ár. En mismunurinn í þessi tvö ár á sama tíma ársins 1927 og 1929, er um 80 þús. tunnur. En ef miðað er við það, sem einkasalan leyfði að salta, 190 þús. tunnur, þá er mismunurinn 65 þús. tunnur. Hefði nú ekki vantað tunnur, hefði vel verið hægt að salta þessar 65 þús. tunnur, þangað til veiðin þraut. Það var eingöngu tunnuskorturinn, sem hefti þá framleiðslu.

Þó að tunnuskortur hafi komið á undanförnum árum, þá hefir hann aldrei orðið eins stórfelldur og síðan einkasalan kom. Þó að einn og einn mann vantaði tunnur, var það ekki tilfinnanlegt, því að þá gátu aðrir hjálpað honum. En þegar allt er komið undir einn hatt, liggur hættan í því, að mistök, sem hjá privat mönnum verða ekki öðrum til tjóns en þeim sjálfum, verða fjölda atvinnurekenda til stórhnekkis, þegar þau koma fyrir hjá jafnstóru fyrirtæki og síldareinkasalan er, sem menn eru bundnir við. Þetta kom ljóslega fram síðasta sumar.

Hæstv. ráðh. sagði, að lögin bæri að skilja þannig, að enginn hafi leyfi til að panta tunnur nema einkasalan. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en ef svo er, að einkasalan ein eigi að annast pantanir á tunnum, þá er hennar ábyrgð ennþá alvarlegri.

Hæstv. ráðh. minntist á, að einn maður hefði fengið 3000 tunnur hjá einkasölunni, og gaf í skyn, að hann hefði fengið leyfi einkasölunnar til að panta tunnur. En ég vil leyfa mér að gefa þessari hv. d. þær upplýsingar, að þessi maður, Þorvaldur Eyjólfsson, hafði ekkert leyfi til að panta tunnur og hann fékk þessar tunnur hjá stj. síldareinkasölunnar.

Ég minntist á það í fyrri ræðu minni og leiddi rök að því, að þótt tilgangurinn með þessari stofnun sé að efla atvinnuveg þennan, hefir hún ekki getað náð þessum tilgangi ennþá. Sjútvn. Fiskifélagsins styður líka þessa skoðun mína. Þessi n. er skipuð starfhæfum og góðum mönnum, og vil ég leyfa mér að lesa upp nöfn þeirra til að sannfæra hv. þdm. um það. Það eru þeir Jón Ólafsson 3. þm. Reykv., Arngrímur Bjarnason, Niels Ingvarsson, Árni Geir Þóroddsson og Jón Bergsveinsson. Þessi n. hefir samkv. útreikningum hagstofunnar sýnt, að árið 1928 hefir verið flutt síld út fyrir 2 millj. kr. minna en meðaltal næstu 5 ára á undan, meðan verzlunin var frjáls. Og árið 1929 er verðmætið aðeins 3¾ millj. kr., eða helmingi minna en meðaltal næstu 5 ára á undan því, að einkasölulögin gengu í gildi, og er þá gert ráð fyrir 30 kr. meðalverði á tunnu 1929.

Þá vil ég snúa máli mínu að því, hvort líkur séu til þess, að einkasalan hafi orðið skaðabótaskyld árið 1929. Hæstv. ráðh. fullyrti ekkert um það, en kvaðst þó hyggja, að svo hefði ekki verið.

Ég hefi heyrt, að mál hafi risið upp út af skaðabótakröfum. En hvað sem því líður, má þó benda á, að verðið 1929, ca. 14 kr. tn., er svo lítið samanborið við Norðmenn, að menn hljóta að komast að þeirri niðurstöðu, að um óvenjulegan kostnað sé að ræða.

Ég hefi fyrir framan mig opinbera skýrslu, sem birt er í Udenrigsministeriets Tidskrift, sem danska stj. gefur út. Þar er skýrt frá síldarafla Norðmanna hér við land síðasta sumar, og hvað þeir hafi fengið fyrir hann.

Þar segir svo, að þeir hafi fengið 23 aura nettó fyrir hvert kg. (að frádregnum tunnum og salti). Sé miðað við þá þyngd, sem venjulega mun vera á síldartunnum, virðist mér að Norðmenn hafi fengið 20,70 norskar krónur eða kring um 25 íslenzkar kr. fyrir hver 90 kg., og er þá auðsætt, að þegar þeir hafa lakari vöru og ódýrari verkun, að Íslendingar verða

ekki vel úti með sitt 14 kr. verð til samanburðar.

Árið 1929 hafa Norðmenn fengið mikið meira en Íslendingar fyrir sama framleiðslumagn, og sá mismunur finnst mér meiri en svo, að það sé með öllu af eðlilegum ástæðum. Auðvitað fellur nokkur kostnaður á vöruna fyrir stj. og umsjón með einkasölunni, en það mætti nú fyrr vera en hann væri svona mikill.

Það er líklegt, að skaðabótagreiðslur, beinar eða óbeinar, eigi þátt í þessum mismun.

Hæstv. ráðh. sagði, að eiginlega væri allur síldarútvegur eilíf og eintóm mistök. Flokksmenn hæstv. ráðh. hafa oft haldið fram, þegar rætt hefir verið um þennan atvinnuveg, sérstaklega eins og skipulag hans hefir verið, að hann væri eintóm mistök. M. ö. o., það er sem staðreynd út af fyrir sig í hug þeirra þm., sem tala um þessi mistök, að þau afsaki öll skakkaföll einkasölunnar. Það hafa oft fallið óvildarorð frá þeim í garð síldarútvegsins. Hvað hefir þessi atvinnuvegur þá unnið til saka? Á síðasta ári voru gerð út á síldveiðar 70 íslenzk snurpinótaskip og 100 reknetabátar. Við þau hafa þúsundir manna fengið atvinnu. Af engri vöru, sem flutt er til útlanda, eru borgaðir eins háir skattar. Þeir gefa hundruð þúsundir króna í ríkissjóð. Hvers vegna er þá alltaf verið með svona fullyrðingar um eilíf töp? Ég veit ekki til, að bankaútibúin á Akureyri og Siglufirði hafi verið neitt ver stæð en önnur útibú, þegar verið var að rannsaka töp þeirra, og þau eru þó þau útibú, sem síldarútgerðarmenn skipta mest við. Þau hafa þvert á móti fremur verið betur stæð en hin, eftir því sem rannsóknirnar hafa leitt í ljós.

Hæstv. ráðh. segir, að ég sé með sleggjudóma. Ég vil mælast til þess, að hann líti þar nær sér, hvort ekki liggi steinn í götunni í þessu efni.

Þá hefi ég nú athugað ræðu ráðh. og sýnt fram á, að af Prisfaldsgarantie sölusamningnum leiddi beint tjón, að salan með síldarstærð, sem er ekki fáanleg, fór ekki fyrst fram samkv. reglugerð, sem Björn Líndal samdi, heldur átti sér stað áður, að samningur var gerður við Brödrene Levi, að meðferð einkasölunnar að greiða fyrir Austfjarðasíld sama verð og Norðurlandssíld er ekki heimiluð með lögum, að kryddsíldarsöltunin hefir stórum minnkað síðan einkasalan komst á stofn, bæði beinlínis og líka, ef miðað er við veiðina yfir höfuð að tala eða hlutfallslega, og að ummæ[illegible]iðh. um síldarútveginn á undanförnu[illegible]rum eru órökstuddir sleggjudómar.

Þá hefi ég fært sterkar líkur fyrir því, sem raunar er á hvers manns vörum, að einkasalan hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum, sem hafa komið á bak landsmanna með lækkuðu síldarverði, og að einkasalan hafi orðið að greiða miklar skaðabætur síðastliðið ár.

„Einkasalan á heimtingu á því að njóta sannmælis", sagði hæstv. fjmrh. Það er hverju orði sannara. Ég hefi ekki staðið upp á þessum eldhúsdegi til að bera sakir á einkasöluna, sem eru ekki sannar. En ég vil aðeins spyrja að því, hvort ekki megi tala satt um einkasöluna, þó að það leiði í ljós galla, sem eru á rekstri og fyrirkomulagi hennar. Virðist ekki hæstv. fjmrh. nauðsynlegt, að bent sé á gallana á fyrirtækinu? Eða hvað virðist honum um álit sjútvn. fiskiþingsins? Og eigi þessi stofnun, sem sjálfsagt er, rétt á að njóta sannmælis, hvort eiga þá viðskiptamenn hennar, framleiðendurnir, enga heimtingu á að fá að vita sannleikann um rekstur hennar og tilhögun? Jú, þeir eiga kröfu til að fá að vita, hvort þetta fyrirkomulag er eins gott og af hefir verið látið úr herbúðum hæstv. st., og að menn bindi sig ekki við skipulag, sem ekki hefir orðið landsmönnum til hagsbóta. En sjútvn. fiskiþingsins hefir leitt í ljós, að það hefir síldareinkasalan ekki orðið. — Menn mega ekki láta sér þykja svo vænt um ákveðið skipulag, að þeim þyki ekki vænna um atvinnuveginn sjálfan.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að svara hv. þm. Ísaf. Ég get vist alveg sparað mér það. Hann vildi sýna fram á, að einkasölufyrirkomulagið hefði reynzt til bóta, en bæði ég og n. í fiskiþinginu, sem ég hefi áður nefnt, höfum sannað hið gagnstæða, en það er líka staðreynd, sem allur þorri landsmanna veit, að einkasalan er mislukkuð.

Hæstv. forsrh. taldi mig hafa verið

með „slettur", er ég talaði um, að bændur ofan úr sveit hefðu verið gerðir endurskoðendur einkasölunnar. Því fer mjög fjarri, að hér hafi verið um nokkrar slettur að ræða af minni hálfu, heldur benti ég hér á alveg „praktiskt" atriði. Ég sýndi það, að hæstv. stj. hefir ekki lagt sig í líma um að hafa stj. einkasölunnar eins fróða um síldarútveginn og kostur er á. En ég vísa því alveg frá mér, að ég hafi viljað kasta nokkurri rýrð á þá hv. þm., sem höfðu endurskoðunarstörfin á höndum. Ég er ekki heldur einn um þá skoðun, að óheppilegt hafi verið að hafa bændur fyrir endurskoðendur einkasölunnar. Sjútvn. fiskiþingsins hélt hinu sama fram. Og hæstv. stj. mun nú vera komin á hina sömu skoðun, að einhverju leyti, ef það er rétt, sem mér er sagt, að búið sé að velja mann úr hópi framleiðenda til að vera endurskoðandi í stað hæstv. fjmrh. (IngB: Það var búið löngu áður en hv. þm. fór að tala um þetta).

Ég vil nú biðja hæstv. stj. að taka til athugunar, hvort ekki sé ástæða til að breyta fyrirkomulagi síldareinkasölunnar þannig, að framleiðendunum séu leyfð meiri afskipti af fyrirtækinu en nú er. Það verður ætíð ábyrgðarhluti að taka ráðin af framleiðendum og leyfa þeim ekki að segja neitt um það, hversu reka beri það atvinnufyrirtæki, sem þeir eiga afkomu sína og sinna undir.

Þetta vil ég láta vera niðurlagsorðin á ádeilu minni á stj. síldareinkasölunnar, eins og hún hefir verið til þessa.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að gera fáeinar leiðréttingar á ræðum þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. En af því að nú er komið á síðari viku eldhúsdagsins, verð ég að fella ýmislegt niður.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það, að þegar „Esja" var smíðuð, vildi Jón heitinn Magnússon, að hún væri frekar höfð vöruskip en fólksflutningaskip. Sú skoðun hans varð þó undir, og það hefir sýnt sig, að skoðun okkar Framsóknarmanna hefir í þessu efni reynzt réttari. Það veitir ekki af að hafa eitt skip, sem bætir úr þörfunum til fólksflutninga með allri strandlengjunni, en það má nú heita svo, að „Esja" sé ein um þetta.

Hv. þm. bar á móti því, að mér væri nokkuð að þakka, hvernig lögreglumál Reykjavíkur hefðu batnað á síðasta ári. Jæja, þessi bót hefði bara ekki komið, ef ég hefði ekki borið fram á Alþingi frv. um að skipta lögreglustjóraembættinu sem áður var, og síðan fengið duglegan mann yfir lögreglumálin. Hv. þm. skal ekki ímynda sér, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefði farið að gera nokkurn hlut í þessum málum, ef ekki hefði verið búið í haginn fyrir hana.

Hv. þm. kom með samanburð á mér og hv. þm. Borgf. og sagði, að hann væri bústólpinn og ráðdeildarmaðurinn, ég eyðsluklóin og landeyðan. Ég vil nú benda á, að þessi dómur um okkur mun vera öfugmæli um báða. Ég vil aðeins nefna eitt dæmi. Ég hefi sýnt mikla búmennsku við þá einu verzlun, sem ég hefi tekið við fyrir ríkið. Nú eru þar ekki framar neinar tapaðar skuldir. Mannahaldið hefir minnkað og reksturinn orðið ódýrari. Þeir, sem drekka, eru ánægðari en áður, af því að þeir fá betri vín. Þeir, sem vilja auka tekjur ríkissjóðs, eru líka ánægðari, því að ríkið fær nú mörg hundruð þús. kr. í tekjur meir en áður var, allt fyrir aukna ráðdeild við rekstur verzlunarinnar og minnkaða smyglun.

Þá kem ég að hinu stóra deilumáli okkar, hvort aldur eða hæfileikar á að ráða, hver skipaður er í embætti. Hingað til hefir yfirleitt verið fylgt þeirri reglu, að láta aldurinn ráða. Steingrímur Thorsteinsson var orðinn fjörgamall, þegar hann tók við rektorsstarfi. Eins var um Geir Zoëga. Hv. 1. þm. Reykv. vildi samkv. þessari reglu auðvitað, að Þorleifur Bjarnason yrði rektor. Og hvað segir sá „mæti íhaldsmaður" Guðmundur Hannesson um ástandið í sinni skólatíð? Hann segir, að sá, sem þá var rektor, hafi verið genginn í barndóm og telur það eina af ástæðunum til hnignunar skólans. En þetta er ástandið, sem hv. 1. þm. Reykv. og hans flokksbræður vilja halda í.

Hv. þm. fór að taka dæmi úr sögunni og skáldaði óspart inn í. En ef það er alvara hans, sem hann virtist helzt gefa í skyn, að ég sé íslenzkri pólitík eins og

Friðrik II., þá er það mikla hrós algerlega á hans ábyrgð, því að ég hefi ekkert tilefni gefið til þvílíks samanburðar. En svo verður hann að minnast þess jafnframt, að andstæðingar mínir verða þá að líkjast höfuðandstæðingum hans, þ. e. Lúðvík XV. Frakkakonungi og hirð hans. Hann verður þá að jafna sjálfum sér við einhvern af hirðgæðingum þessa konungs, og siðferðisástandið hjá flokki hans er þá eins og það var við frönsku hirðina á þessum tíma. Hann um það, hvort hann vill jafna sér og sínum við spilltustu og dáðlausustu valdastétt, sem saga Evrópu þekkir.

Að því, sem hv. þm. sagði um varðskipin, ætla ég að snúa mér um leið og ég tala við hv. þm. Vestm.

Þá minntist hv. þm. (MJ) á rannsókn Þórðar Eyjólfssonar og fannst hún lítilfjörleg. En hv. þm. má vita það, að þeir menn eru til í flokki hans, sem finnst þetta ekki lítilfjörlegt mál. Sumir læknar eru farnir að búast við því, að 108. gr. hegningarlaganna geti beinlínis flutt þá í betrunarhúsið, ef stjórnin lætur ekki náð ganga fyrir réttlæti bókstafsins. Það er ekki víst, að þeir hafi allir sömu skoðun á þessu og hv. 1. þm. Reykv. Hinir dugmeiri meðal þeirra eru raunar farnir að segja, að þeir séu til í það, að fara í fangelsi út af málinu. En yfirleitt treysta þeir á það, að þeim er kunnugt, að núverandi landsstjórn stillir mjög í hóf um meðferð á sökudólgum. (MG: Á ekki að höfða mál á móti læknunum?). Það liggur ekki fyrir til umræðu hér. En ef hv. 1. þm. Skagf. kemur með áskorun um það í Nd., að hengja t. d. 5% af læknunum, þá má vel taka það til athugunar, hvort málsókn eigi nú þegar að koma til greina. (MG: Ætlar hæstv. ráðh. að hengja læknana?). Ég er nú ekki eins blóðþyrstur og hv. 1. þm. Skagf., en ef hann kemur með áskorun í þessa átt, skal ég ekki segja, hvað stjórnin gerir um að undirbyggja hegningu með málshöfðun.

Þá kom hv. þm. að ástandinu í Menntaskólanum. Hann áleit að ástand skólans hefði verið gott til þessa, og hafði það eftir einhverjum, að hann hefði á sínum tíma verið bezti skólinn í danska ríkinu, — hann var nú svo dansklundaður, að hann þurfti að taka það til dæmis. Það væri nógu gaman að sjá framan í alla þá dönsku skólamenn og prófessora, sem viðurkenna þetta. Og án þess að ég vilji nokkuð rengja hv. þm., þá væri gott að fá fyrir þessu skjallegar sannanir fremur en munnfleipur hans. Hann gæti t. d. prentað þær upp í næsta hefti af tímariti sínu, — hann hefir sjálfsagt ekkert betra efni í það. Ég skal nú nefna annan vitnisburð um ástandið á þeim bæ. Jón Ófeigsson kennari — sem hv. 1. þm. Reykv. hefir mikið álit á, þótt hann vildi hann ekki fyrir rektor, af því að hann var ekki genginn nóg í barndóm — fór fyrir fáum árum til útlanda og heimsótti þá m. a. 25 menntaskóla. Þegar heim kom, sagði hann opinberlega, að aðeins einn af þessum skólum hefði haft lakari útbúnað en Menntaskólinn hér. Þarna vænti ég, að sé vitni, sem hv. 1. þm. Reykv. tekur fullt tillit til, og það veit hann, að það er ekki gott að hafa sæmilegan skóla án góðs útbúnaðar. Ég held, að okkur sé óhætt að slá því föstu, að skólinn var mjög lélegur áður en við hv. 1. þm. Reykv. fórum að skipta okkur af honum, — en við erum nú helztu velgerðamenn hans, og á hann skilið að fá stóra rós í hnappagatið fyrir hjálpina með miðstöðina. Þótt skólinn væri þá enn lélegri en nú, er Pálmi Hannesson tók við, var hann ekki verri en hann hafði verið um langan aldur. Það er ekki fallegur vitnisburður um ástandið í skólanum 1899, þegar kennarar skólans dæma Sigurð Guðmundsson, núv. skólameistara á Akureyri, óhæfan til að sitja í skólanum, og hann fær það aðeins fyrir meðalgöngu manna utan úr bæ. Rétt um sama leyti er slíkur maður sem Böðvar Bjarkan rekinn úr skóla, og nokkru síðar Jón frá Stóradal, núverandi hv. 6. landskjörinn. Nú fáum við, ég og rektor skólans, ásakanir fyrir það, að við förum ekki eins miskunnarlaust að gegn þeim, sem ekki eru alfullkomnir í skólanum. Menn verða að athuga það, að ekki er hægt að gera eins strangar kröfur til pilta í skóla, sem hafa átt við slík kjör að búa sem nemendur þessa skóla. Annars er ástandið nú betra en það hefir nokkurntíma verið, vegna aðgerða hins nýja rektors og nokkurra kennara, er vinna með honum að því að bæta skóla-

lífið og kennsluna. En engan þarf að furða, þótt menn búi nokkurn tíma að því uppeldi, sem þeir hafa fengið í kannske 4—5 ára vist í skólanum eins og hann var, og því er von, að ekki sé hægt að kippa öllu í lag á svipstundu eftir svo langa vanrækslu, sem þar hefir átt sér stað.

Nú kemur hv. 1. þm. Reykv. og fer að tala um eldspýtnadreifingu o. þ. h. Hann sýnist telja það rétt eins og mannsmorð að taka hausa af nokkrum eldspýtum, og sjálfsagt var þetta yfirsjón, það játa ég. En menn verða að minnast þess, að þetta kemur niður á piltunum sjálfum líka, alveg eins og þegar þeir koma með einhver „kemisk" efni til að gera ólykt í kennslustundum. Meðan þeir verða sjálfir að þola hið sama og kennarinn, er töluverð trygging fengin fyrir því, að ekkert mjög voðalegt fari fram.

Hv. þm. kom inn á það, að ég mundi ætlast til þess, að loftið yfir bókasafninu yrði notað fyrir heimavist handa fáeinum fátækum utanbæjarpiltum. Það er nú ekkert víst, að af þessu verði, a. m. k. ekki í vetur. En látum nú svo, sem þetta væri ákveðið. Hv. þm. fannst þetta svo voðalegt vegna þess, að húsið gæti brunnið. En hvernig var það þá með eldhættuna í gamla skólahúsinu áður, meðan Langaloftið var notað fyrir heimavist og engin ljós voru nema olíulampar. Hér gerir hv. þm. vissulega kröfur um varúð gegn eldhættu, sem ekki eru gerðar annarsstaðar. Eða hvernig er það með Gagnfræðaskólann á Akureyri, þar sem um 75 nemendur hafa heimavist í timburhúsi? En bókasafnshúsið er allt öðruvísi hús en skólahúsin. Það er steinhús með járnbitum og a. m. k. steinhúð neðan á loftunum. Eldhættan er þar miklu minni en í sjálfu skólahúsinu. — Ég hefi ástæðu til að gruna hv. 1. þm. Reykv. um, að hann sé að tala um þetta af því, að hann geti ekki unnað fátækum sveitapiltum að búa þarna ókeypis. Það má vel vera, að aldrei verði heimavist þarna, en sú ástæða, sem hv. þm. bar fram á móti því, er bara grýla.

Í sambandi við eldspýtnadreifinguna vil ég nefna lítið dæmi, sem gerðist um það leyti, sem hv. 1. þm. Reykv. var í skóla, þótt hann komi þar ekki sjálfur við sögu. En það er vítavert af honum að vera að gefa rangar skýrslur um þessa stofnun, þegar hann hefir sjálfur verið þar á einhverjum versta tíma, sem yfir hana hefir gengið. Auk þess sem eldspýtnadreifingin var hættuleg fyrir taugar kennaranna, eftir því sem hv. 1. þm. Reykv. fullyrðir, var af henni töluverð eldhætta í þessu timburhúsi, en um þá brunahættu talaði hv. þm. ekki.

En það kom einu sinni fyrir á skólaárum hv. 1. þm. Reykv., að þegar einn kennari skólans, Geir heitinn Zoëga, sem annars var mikill friðsemdarmaður, var að kenna, að loftið í skólastofunni fylltist óþolandi brennisteinssvælu. Var þá kallað á rektorinn. Hann kom og hafði enska húfu á höfði. Hann tekur húfuna af sér og heldur í derið. Heldur síðan harða skammaræðu yfir piltum og lemur með húfunni niður í kennarapúltið. Við þetta tættist húfan í sundur og var loks ekkert eftir annað en derið. Síðan fór fram rannsókn í málinu og fyrst athugað, hvaðan fýlan mundi koma. Fannst þá lítið hylki í skáp, sem síðar var notaður til að geyma í skóhlífar. Hylkið hafði verið fyllt með brennisteini og síðan kveikt í því í frímínútunum. Áður hafði verið reynt að skapa ólykt í skólanum með efni, sem fékkst úr apótekinu. En þá tókst rektor að hafa upp á þeim, sem það gerði, og var þá einn af merkustu mönnum sinnar kynslóðar rekinn úr skólanum. Nú taldi rektor víst, að hafa mætti upp á þeim pilti, sem var upphafsmaður að brennisteinskyndingunni, með því að fá það upplýst á apótekinu, hver keypt hefði brennisteininn. En það brást og rektor fékk aldrei að vita, hver valdur var að þessu. Sá, sem það gerði, hafði verið kaupamaður norður í Mývatnssveit sumarið áður. Hafði hann þá notað tækifærið til þess að ná í brennisteininn úr námunni hjá Reykjahlíð. Vildi hann víst gera kennurum sínum það ljóst, hvers vondar sálir mega vænta hinum megin. Og hann sýndi það, að hann hafði ekki gleymt sínum kæra skóla þann tímann, sem hann var fjarvistum við hann í kaupavinnu fyrir norðan. Ber þetta dæmi óneitanlega vott um það, hversu skólinn bjó í hag fyrir sig hjá nemendum.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það, sem einna bezt sýndi ástandið í skólanum nú í vetur, sé það, að þegar hinn ungi rektor hafi áminnt einn pilt, þá hafi pilturinn snúið sér að rektor og boðið honum sígarettu. — Eg get nú að vísu hugsað mér, að jafnvel menntur maður og núverandi rektor er, hafi ekki farið að reka piltinn fyrir þetta. Sagan er að vísu ekki merkileg, en auk þess er hún sennilega lygasaga. — En ég get sagt hv. þm. sögu af miklu stærri „sígarettu", sem einum kennara var gefin á afmælisdegi hans, og það einmitt í skólatíð hv. þm. Sá kennari er enn við skólann og er merkur og mætur maður. Piltar vildu, svona á sinn hátt, gleðja kennarann. Þá hafði Thomsen kaupmaður hér vindlagerð. Piltar létu búa þar til einn meiri háttar vindil, sem var eitthvað um alin á lengd. Tóku þeir svo tóman vindlakassa, skáru raufar á gaflana og lögðu vindilinn í raufarnar og lokuðu honum síðan. Stóðu þá endarnir langar leiðir út báðum megin. Binda þeir síðan slaufur um vindilinn. Tekur svo einn kassann með vindlinum í og fer með hann heim til kennarans. Hinir piltarnir fylgja allir í halarófu, þannig að hver heldur í annars treyju. Þótti þeim vist, af þeim kunnum ástæðum, tilhlýðilegast að haga „prósessiunni" þannig. Þegar svo heim til kennarans kemur, þá bukkar og beygir sá fremsti sig fyrir honum, óskar honum allra heilla og gefur honum vindilinn.

Eg hefði nú ekki sagt frá þessu, ef hv. þm. hefði ekki farið að tala um sígarettuna. En ég vildi bara sýna hv. þm., að svona stórar „sígarettur" voru nú gefnar á þeim gömlu og góðu tímum, sem hv. þm. heldur að nú séu að glatast. Og það er meir en líklegt, að hv. 1. þm. Reykv. hafi verið potturinn og pannan í þessari vindlagjöf.

Svo kom hv. þm. inn á skrópvottorðin. Þeim var nú komið á í hans tíð. Ég ber nú satt að segja enga sérstaka virðingu fyrir umbót, sem allir vita að er gagnslaus. Eins og ástandið var þá orðið í skólanum, gat það meira að segja verið stórhættulegt að ætla að treysta svo á drengskap pilta. „Piltar í Rugby skrökva aldrei", sagði skólameistarinn. Hann kom fram með þeim drengskap við lærisveina sína, að þeir vildu aldrei skrökva að honum. — En þarna var ástandið svo, að það var blátt áfram heimskulegt traust, sem fólst í þessu. Enda er mála sannast, að þetta leiddi af sér fals og svik, sem hélzt alla tíð, þar til núverandi rektor afnam þessa kennslu í skjalafalsi og ósannindum. Er einkennilegt, að þau skuli ekki hafa fyrr verið afnumin, þessi skrópvottorð því þau hafa frá því fyrsta aðeins leitt illt af sér.

Eg geri nú að vísu ekki ráð fyrir því, að hægt sé að kippa hinu innra ástandi skólans að öllu leyti fljótlega í lag, enda var hugsunarhátturinn orðinn spilltur af þessum vottorðagjöfum. En með núverandi aðferð, að rektor fari heim til nemenda, sem ekki koma í skólann, eða sendi þangað kennara eða lækni, fæst þó sönn vitneskja sama dag um, hvernig á fjarveru nemenda stendur. Ég hygg, að þetta muni gefast stórum betur en vottorðagjafirnar. Ég hygg og, að rektor sé að undirbúa og gefa út nokkurskonar hagskýrslu um skróp í skólanum fyrr og síðar, og sést þá, hvernig gengið hefir í vetur. Hv. þm. ætti að bíða með dóma sína þangað til.

Ég vil nú ekki segja, að það sé í sjálfu sér mjög hrósvert hjá rektor, þótt ástandið batnaði lítið eitt, þar sem það var svo vont áður. En þegar allar kringumstæður eru aðgættar, þá er ekkert, sem sýnir þó betur, að það virðist hafa verið vel ráðið að fá þennan unga og efnilega mann að skólanum. Þrátt fyrir það, að flestir nemendur eru frá heimilum hér í bænum, þar sem Morgunblaðið er nær eingöngu lesið og því trúað, að undanteknum fáeinum verkamannabörnum og máske einhverju af þeim 10% nemenda, sem eru utan Reykjavíkur. Og það er vitanlegt, að á heimilum þessara Morgunblaðsmanna hefir allt verið gert, sem hægt hefir verið, til að afflytja Pálma rektor og gera honum erfitt fyrir að vinna verk sitt. Með þessum undirbúningi gæti maður hugsað, að eitthvað sögulegt hefði gerzt. — Það er vitað, að hv. 2. þm. G.-K. reyndi beinlínis að koma af stað uppreisn í skólanum. En það tókst ekki, því námsfólkið leit nú þannig á, að meira væri lítið á þess

hag en áður frá mannlegu sjónarmiði. Ekki af því að aga sé ekki haldið uppi líkt og áður, heldur af ýmsu öðru. Þannig hefir aldrei í manna minnum komið fyrir fyrr en nú, að rektor skólans hafi verið í bindindisfélagi með piltunum. En áður kom það einu sinni fyrir, að flestir kennarar skólans skrifuðu undir skjal, sem gekk á móti bannlögunum. Má nærri geta, að er til lengdar lætur hefir það áhrif á viðhorf nemenda til áfengisnautnar, hvort kennarar vinna móti áfengislöggjöfinni eða þeir ganga á undan með góðu eftirdæmi um bindindi. Óhæfileg vínnautn hefir lengi verið átumein skólans. Og áður nefnd tilkynning fyrri forráðamanna skólans um fjandskap við bannlögin hefir áreiðanlega ekki aukið hófsemina í skólanum.

Ég get sagt frá því, að í fyrravetur, þegar Þorleifur H. Bjarnason var rektor, kom fyrir tilfelli í sambandi við drykkjuskap, þar sem eftir strangasta bókstaf reglnanna hefði verið sjálfsagt að reka tvo pilta úr skólanum. Það hefir nú máske verið til minnkunar fyrir þáv. rektor og mig að gera það ekki. En við komumst nú samt að sömu niðurstöðu, hvor í sínu lagi, um það, að réttara væri að láta mildi ganga fyrir rétti og hlífa þessum piltum frá að verða eyðilagðir sem nemendur í skólanum. Við hugsuðum, að mildin mundi fremur bæta þá en brottrekstur hefði gert. Ég veit, að bæði rektor og ýmsir yngri kennararnir hjálpa þeim nemendum, sem hættast eru staddir gagnvart drykkjuskapnum, eftir því sem unnt er. En það er hart að rógbera menn fyrir það eitt, að þeir leggja sig fram á mannlegan og drengilegan hátt til að bæta skólann. Og ég held sannarlega, að foreldrar ættu að hugsa sig tvisvar sinnum um áður en þeir fordæma viðleitni, sem nú þegar hefir borið nokkurn árangur nemendum til góðs.

Hv. 1. þm. Reykv. áleit, að sjálfsagt hefði verið að reka þessa pilta úr skóla, sem í vetur skiluðu ófullkomnum jarðfræðistíl. Ég skal endurtaka það, sem ég áður sagði, að piltar höfðu þarna nokkuð til síns máls, svo að vafasamt var, eins og á stóð, hvort rétt var að beita ítrustu hegningu. Enginn jarðfræðistíll er heimtaður vegna prófsins. Í skólanum er allt námið miðað við próf. En Guðmundur Bárðarson er vísindamaður. Og hann vildi gera meira en skyldan krafði, og er það vitanlega heiður fyrir hann að hafa viðleitni til þess, að nemendur læri sem mest. Ég veit, að piltar gerðu þarna rangt. En að skilja er oft sama og að fyrirgefa. Og þegar piltar, sem höfðu í 4—5 ár sýknt og heilagt búið sig undir prófið og þeim verið innprentað það, að prófið væri aðalatriði skólaverunnar, þá er eðlilegt, að þeir óski ekki eftir viðbót við námið á því sviði, sem ekki kemur þeim að haldi við prófið. Nemendurnir eru á kapphlaupi gegnum skólann, til þess að öðlast að skólagöngunni lokinni próf, brauð og bein. Ef komið hefði verið með þetta mál til mín og ég sagt: Piltarnir hafa framið „diciplin"-brot og það er sjálfsagt að reka þá. Þetta hefði nú sjálfsagt verið gert í gamla daga. En það hefði nú samt sem áður verið vafasamur dómur. Hegningarfræði nútímans gengur meir og meir í þá átt, að meta afbrot eftir ástæðum. Og meðferðin breytist í þá átt, að lækna en ekki að kveljá. Hv. þm. veit líka, að í okkar hegningarmálum hefir verið gerð breyting, er stefnir í þessa átt. Og nú er þegar komið það álit á vinnuhælið á Eyrarbakka, að margir menn fari þaðan virkilega betri menn en þeir koma þangað. Þessu orka góð húsakynni, skynsamleg aðbúð, regla, vinnan og bætandi áhrif á fangana. Það mun jafnvel ekki dæmalaust, að feður hér í bænum, sem eru svo ógæfusamir að eiga syni, sem þeir eru í vandræðum með vegna drykkjuskapar eða leti, hafi farið að kynna sér hælið á Litla-Hrauni með það fyrir augum, að koma þeim þangað. Þeir vilja gjarnan freista, hvort vinnuhælið á Litla-Hrauni geti ekki gert þá að betri mönnum.

Hv. þm. þarf eigi að undra það, að þó við, sem breytt höfum leiðinlegu kvalalífi fanganna á Íslandi í holla vinnu, lítum líka nokkuð öðruvísi en hann á skólayfirsjónir. — Það er allt önnur lífsskoðun, sem ræður gerðum okkar, heldur en manna eins og Björns Ólsens eða þess kennara, sem nóteraði hv. 1. þm. Reykv. fyrir það að koma ½ mínútu of seint, eftir því sem hv. þm. sagðist sjálf-

um frá. Það er stórvítavert, hvernig hv. 1. þm. Reykv. og flokksbræður hans láta gagnvart skólanum. Þeir vita þó, að þetta, sem gert hefir verið fyrir skólann, bæði hið ytra og innra, eru mögueikar til umbóta, sem ekki hafa fyrr verið gerðar í skólanum alla tíð síðan hann kom til Reykjavíkur. Ég veit, að skólinn hefir haft þann kost, að hann hefir verið allsómasamleg stúdentaverksmiðja. En hví má þá ekki líka bæta við líkamlegu uppeldi, lifandi skólalífi og hollara og skemmtilegra en áður? Allir vita, að nú er unnið í þessa átt; húsið betra, áhöldin meiri og fullkomnari, aðgangur að góðum lestrarsal, gerð byrjun að heimavist við skólann, íþróttalíf aukið og ferðir um nágrennið. Samt hefir ekkert borið á því, að minna væri lært en áður. Allt hefir verið gert, sem hægt var, til að hnekkja þessum umbótum í skólanum. Andstæðingarnir hafa haft mörg blöð til þess, þeir hafa haft með sér nokkuð af kennaraliði skólans, og þeir hafa haft með sér nokkurn hluta nemendanna, sem koma frá æstustu íhaldsheimilum hér í bænum. Það hefir verið reynt að gera uppreist í skólanum. — Þrátt fyrir þetta hefir ekkert tekizt að hnekkja hinni nýju umbótastarfsemi í skólanum. Aðaldæmið um óstjórn í skólanum, sem hv. 1. þm. Reykv. gat nefnt og sem hann elur mótstöðu sína á, er dæmið um Guðmund Bárðarson. Og þó er það leyst þannig, að það er Guðmundi Bárðarsyni til sóma og stjórn skólans til sóma. Og að því leyti, sem um misgerð frá hálfu piltanna var að ræða, þá var það bein afleiðing af því gamla „regimenti", þ. e. syndum íhaldsins. Um hitt dæmið, sem hv. þm. nefndi og sagði, að hefði misheppnazt, það, að gefa piltum frídag, ef þeir sæktu vel skólann, er það að segja, að það var heiðarleg tilraun, sem sjálfsagt var að reyna. Ég veit nú reyndar ekki nema hún kunni að heppnast. Og þótt svo verði ekki, þá er þó miklu betra að prófa sig áfram með lægni og lipurð en með gamla fyrirkomulaginu, illindum og falsvottorðum.

Hv. 1. þm. Reykv. þóttist vera ánægður yfir miklu sporti. En í sambandi við það varð hann þó að fara að segja lygasögu frá Laugarvatni. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa minnzt á þetta og gefið mér þar með tilefni til að kveða niður þvætting, sem hefir gengið aftur og aftur í 3—4 mánuði og átt að vera eitthvert stórkostlegt hneykslismál. Sönn er sagan svona:

Skólastjórinn á Laugarvatni er gamall glímukappi og einn af mestu áhugamönnum þessa lands um íþróttamenningu. Hann er og skörungur í að stjórna fólki, sem bezt sést á því, að hann hefir það traust, að honum hefir verið falið að hafa yfirlöggæzlu á Þingvöllum í sumar meðan hátíðin stendur yfir. Er það gert með góðu samþykki hv. 1. þm. Reykv., sem er í hátíðarnefndinni. Nú er það, að í vetur, þegar snjór var kominn, þá bregður þessi skólastjóri sér til Reykjavíkur og semur við norskan kaupmann hér í bænum um kaup á 40 pörum af skíðum. Einnig kaupir hann eitthvað af skautum hjá Zimsen. Skólastjórinn kaupir þetta sjálfur handa skólanum og fær andvirðið með gjöfum, samskotum og leigu hjá skólafólkinu og vinum skólans, en einna drjúgust munu hafa orðið framlög frá honum sjálfum. Eiga svo þessi íþróttatæki að verða eign skólans. Er þetta gert vegna þess, að fólk á Suður- og Vesturlandi er ekki eins vant skíðanotkun og fólk norðanlands og austan og hefir minni þörf fyrir að koma með skíði heim frá skólanum, þótt þetta sport eigi þar vel við. Þótti því naumast rétt, að hver nemandi keypti skíði til notkunar á skólanum. Betra að skólinn ætti þau. En hvað gerir nú íhaldið hér í bænum út úr þessu? Það býr til stóra lygasögu. Og eftir það, að hún hefir verið uppsoðin minnst 20 sinnum hjá sögusmettum úti í bæ, þá kemur hv. 1. þm. Reykv. með hana hingað inn á Alþingi. Ég átti að hafa pantað skíðin á ríkisins kostnað. Reikningurinn átti að hafa verið sendur til fjármálaráðuneytisins, en fjármálaráðherra afsagt að greiða hann. Síðan átti reikningurinn að hafa verið að flækjast hér manna á milli og um götur bæjarins. Afleiðingin af öllu þessu átti svo að verða sú, að yfir mér væri haldinn landsdómur, sprenging innan Framsóknarflokksins og hver veit hvað. Svona var sagan um skíðin orðin voldug, og tilefnið var þó ekki svo mikið, sem „ein lítil fjöður",

eins og efnið í hænuna hjá H. C. Andersen.

Það síðasta, sem ég hefi skrifað hér hjá mér, er um skammir og grínmyndir úr blaði, sem nemendur í menntaskólanum eiga að hafa gefið út innan skóla. Ég sá í fyrra blað frá piltunum þar, það var fullt af keskni og hreinum stóryrðum, t. d. um Jón Ófeigsson, hann var þar mjög „karrigeraður". Í þessum blöðum er líka alltaf eitthvað um kennslumálastjórnina, þegar hún skiptir sér eitthvað af málefnum skólans. Ég geri alls ekki sömu kröfu um kurteisi í þessari stofnun og þar sem gott uppeldi hefir skapað prúðmannlegar venjur. En ef ég lifi eftir ein 6 ár og við skólann verður sami rektor og svipaðir kennslukraftar, þá mundi ég telja annað eins og þetta mjög leiðinlegt, meira að segja alveg óhæfilegt. Og í góðum skóla, þar sem piltar hafa sæmilega aðbúð, kæmi slík blaðaútgáfa vitaskuld ekki fyrir. En út af fyrir sig dæmi ég um brek menntaskólapilta með meiri mildi sökum þess að ég veit við hvað þeir hafa átt að búa. Og út frá þessu viðhorfi ætla ég að segja hv. 1. þm. Reykv. dálitla gamansögu af reynslu eins vel metins íhaldsborgara hér í bænum, um hreinlæti eins og það var áður en skólpræsi komu neðanjarðar eftir götunum hér. Þessi maður bjó þá í Mjóstræti skammt frá Vinaminni. Það var mjó gata og engin skolpræsla. Kona hans kvartaði yfir því við mann sinn, að það búi hinn mesti sóði í næsta húsi, að þar sé hellt tilteknum slæmum óhreinindum beint út í opna rennuna við götuna. Maðurinn fór að tala við heilbrigðisfulltrúann — það var ekki Ágúst Jósefsson, heldur einhver annar merkur maður. Þá svarar heilbrigðisfulltrúinn með þeim orðum, sem ég vil gera að mínum í sambandi við kröfur íhaldsmanna um grimmar hegningar til handa nemendum, sem hafa átt við að búa kæruleysi, kulda og andúð frá kennurum árum saman: „Þeir, sem búa í svona „kvarteri", geta búizt við, að eitt og annað af þessu tægi komi fyrir, sem ekki verður að gert".

Jón Auðunn Jónsson: Þeim hv. þdm., sem hlustuðu á svarræðu hæstv. dómsmrh. til mín, þótti ráðh. allorðljótur, og skal ég ekki neita því, að það gladdi mig, því ég lít á það sem vott þess, að ég hafi hitt á viðkvæma og snögga blettinn á hæstv. ráðh. í ræðu minni. Hæstv. ráðh. vildi bera á móti því, er ég sagði, að hann hefði rægt hæstarétt og gert tilraun til að veikja álit hans innanlands sem utan. En það er eins með hæstv. dómsmrh. og seppann í austurlenzka æfintýrinu, seppann, sem átti að gæta sauðarlærisins, en gætti þess ekki betur en svo, að hann át það. Kjötflykksurnar stóðu í tönnunum á honum, þegar hann fór að afsaka sig um hvarf lærisins, og það vitnaði um sök hans. Hæstv. dómsmrh. sagði, að hæstiréttur gæfi sér ekki tíma til að dæma í bæjarfógetamálinu og gaf í skyn, að hlutdrægni ylli þessum drætti réttarins. Nú skal ég ekkert um það segja nema fimmtardómur hæstv. ráðh., ef hann kemst nokkurntíma svo langt að verða lögfestur, sem ég vona að ekki verði, verði eins hraðvirkur í dómsuppkvaðningum sínum og tíðkast um byltingardómstóla, en hitt er víst, að eins og réttarfarinu nú er varið með þjóð vorri, mega dómar ekki falla í neinu máli fyrr en sókn og vörn hefir fram farið í málunum. Þetta ætti nú dómsmrh. að vita; þó hann langi til að fá þm. Seyðf. sakfelldan, verður hann að bíða þess, að málflutningi fyrir hæstarétti verði lokið.

Hæstv. ráðh. sagði, að fimmtardómsfrv. gengi mestmegnis út á nafnbreytingu á hæstarétti, þar eð rétturinn væri rangnefndur, með því að dómsstigin væru aðeins tvö hér á landi. Nú þykir mér það harla einkennilegt að fara að taka hér upp fræg og gamalt dómsnafn, einungis af því, að það er gamalt og þjóðlegt, án þess að jafnframt séu gerðar þær breyt. á dómaskipuninni, sem slíkt nafn dómsins hlýtur að gera ráð fyrir. En þó að slík nafnbreyt. væri til bóta, sem þó fáir munu viðurkenna, verður að athuga það, að í þessu frv. ráðh. er um a. m. k. tvö stjórnarskrárbrot að ræða, auk þess sem flestar breyt. eru til hins lakara. Aðeins eitt eða tvö smærri atriði eru til bóta, og eru þau þess eðlis, að ekki þurfti gagngerðrar breyt. á hæstaréttarlögunum til þess að koma þeim fram, heldur þurfti aðeins lítilfjörlega

breyt. að gera á núgildandi lögum um hæstarétt. Þegar hæstv. ráðh. niðrar þeim mönnum, sem stóðu að hæstaréttarlögunum, þótti mér skörin taka að færast upp í bekkinn, þessi hæstv. ráðh., sem skríður fyrir lítilmótlegustu útlendingum eins og mestu ræflar íslenzkir skriðu fyrir erlendum búðarlokum á einokunartímunum. Það er vitanlegt, að þessir menn, sem undirbjuggu lögin um hæstarétt, stóðu framarlega í baráttunni um endurheimt fullkomins sjálfstæðis okkur til handa, og ég er því ekki óánægður með, að mér sé líkt við þessa menn. Hæstv. dómsmrh. má vita það, að hans verður skemur minnzt fyrir sín skemmdarverk en þessara manna fyrir sín þjóðþrifaverk, og ég verð að hryggja hæstv. dómsmrh. með því að segja honum það, að meiri hl. þjóðarinnar trúir honum ekki sem bezt í sjálfstæðismálunum.

Annað í svari hæstv. dómsmrh. til mín var utan við efnið, eins og hans er venja. Hann fór t. d. að ræða um lántökuna 1921. Ég hefi ekki séð þau skjöl, sem að henni lúta. Ég á ekki sæti í fjhn. nú eins og ávallt áður; það þótti sem sé nægilegt að 5 menn skipuðu þá nefnd nú, þó að 7 menn hafi jafnan setið í henni að undanförnu, og hafa þó mörg mikilvæg mál komið til þeirrar nefndar á þessu þingi, svo sem verðfestingarfrumvörpin og hin mörgu frv. um skattamál. Dómsmrh. mun hafa unnið dyggilega að því, að ekki yrði fjölgað í n., svo hv. þm. V.-Ísf. og ég ekki kæmumst í hana. Ég get því ekki borið um það, hvort þau rök, sem hæstv. dómsmrh. flutti fram í þessu efni, eru rétt eða ekki. Ég held, að Sveinn Björnsson hafi undirbúið og undirskrifað þessa samninga og í því efni haldið vel á hinum íslenzka málstað. Núv. óhappastj. reynir af alefli að „prokurera" fyrir erlenda málstaðnum í þessu máli, eins og flestum öðrum.

Þá var hæstv. dómsmrh. enn með ásakanir út af stjórn minni á útibúinu á Ísafirði, en samkv. reikningum þess hefir það fært Landsbankanum til tekna arð, sem alls nam með vöxtum 684 þús. kr. auk gengismunar, sem á 3 árum nam 180 þús. kr. Þarna er þá komin álitleg upphæð upp í tap það, 1 millj. króna, sem ráðh. nýr mér svo mjög um nasir. Á sama tíma tapaði Landsbankinn í Reykjavík á einu fiskkaupafélagi á Ísafirði um 300 þús. kr. Það er margfalt að tiltölu við tap útibúsins. Það er viðurkennt, að sömu eðlilegar ástæður lágu til taps útibúsins á Ísafirði sem til taps annara lánsstofnana á sama tíma. Það var erfitt að verjast töpum á þessu tímabili, sérstaklega þó árið 1919, þegar síldarútvegurinn varð fyrir hinu óminnilega tjóni. Dómsmrh. hefir upplýst, að Landsbankinn hafi alls tapað 20 millj. og eigi nú minna en ekkert.

Dómsmrh. afsakaði ekki, að hann væri hefnigjarn og kæmi stundum fram sem illmenni, þegar hann réðist með ofsóknum á saklausa menn. Það hefir enga þjóðmálalega þýðingu, þó að hæstv. dómsmrh. beiti ofsóknum gagnvart mér, og ég stend jafnréttur fyrir aurkasti hans, en hitt er til skaða, þegar þessari aðferð er beitt gagnvart heilum stéttum og stofnunum í landinu, stofnunum eins og hæstarétti, sem er einn af hyrningarsteinum sjálfstæðisins.

Þegar hæstv. dómsmrh. var að belgja sig upp með stóryrðum um fjarverandi menn, svo sem þegar hann var að núa ýmsum mönnum á Ísafirði því um nasir, að þeir væru svindlarar, sýnir það ekkert annað en að hann hefir ekki taumhald á tungu sinni. Er það leiðinlegt um mann í svo virðulegri stöðu, sem hann nú skipar, en slík ósvinna hendir hann oftar en nokkurn annan mann á Alþingi Íslendinga, fyrr eða síðar.

Ég vænti nú, að þessum stutta ræðutíma mínum hafi verið vel varið. Ég vænti þess ennfremur, að hæstv. ráðh., sem annars er vanstilltur í lund, svo sem kunnugt er, muni nú halda skapbrestum sínum í skefjum framvegis, betur en hingað til. Annars er það næsta ískyggilegt, hversu mjög ýmsum lélega innrættum þjóðmálaskúmum hefir tekizt í seinni tíð að blekkja landslýðinn með hverskyns flátt skap og brögðum. Í því efni hefir enginn komizt með tærnar þangað sem hæstv. dómsmrh. hefir hælana. Jafnvel starfsfélagi hans og flokksbróðir, hinn ágæti maður Magnús heitinn Kristjánsson ráðherra, var ósjaldan neyddur til þess að skakka leik starfsbróður síns, þegar honum þótti hinar gífurlegu blekk-

ingar og geðofsi þessa manns keyra úr hófi. Þegar um var að ræða ábyrgð á 9 millj. króna láni fyrir Landsbankann, sem tekið var í brýnustu nauðsyn, þegar afurðir til lands og sjávar höfðu selzt seint og illa, þá gat Magnús heitinn Kristjánsson ekki lengur setið hjá og horft upp á aðferðir núv. hæstv. dómsmrh., sam barði því inn í landslýðinn, að þetta væri ókjaralán og að með því væri hverju mannsbarni á landinu bundinn 90 króna skuldabaggi. Þá tróð hann fram fyrir skjöldu og hvatti núv. hæstv. dómsmrh. til að sýna hógværð og stillingu á vettvangi þjóðmálanna og gaf honum fullkomna ofanígjöf fyrir ósannindin og blekkingarnar, sem ráðh. viðhafði í umr. um það mál, sjá Alþt. B. 711. Hér er aðeins að ræða um eitt lítið sýnishorn af þeim aðferðum, sem hæstv. dómsmrh. lætur sér sæma að beita í pólitískum viðskiptum.

Ég veit nú ekki, hvort ég á að minnast á þriðja atriðið, sem ég hefði haft fulla ástæðu til, en mér er nú sagt, að það verði ekki kvöldfundur, og þá vil ég ekki verða þess valdandi, að eldhúsverkum geti ekki verið lokið kl. 7, og skal því láta máli mínu lokið að þessu sinni, en vænti þess að fá bráðlega tækifæri til að ræða við hæstv. dómsmrh um ýmislegt, sem ekki er tími til að svo stöddu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég á eftir ósvarað þeim orðum hv. þm. Vestm., að ég hefði farið illa með skipstjórana á varðskipunum. Þetta eru margupptuggin og marghrakin ósannindi. Hv. þm. veit það ósköp vel, að ég var sem þingmaður á móti því, að skipstjórum varðskipanna væru greidd þriðjungi hærri laun en biskupi og landlækni, eins og hv. þm. og stjórn hans hafði gert. Ég hefi verið þessu mótfallinn frá upphafi. Hinsvegar hefir mér þótt sjálfsagt að laga það óréttlæti og ósamræmi, sem verið hefir á launum stýrimanna á varðskipunum, því að laun stýrimanna hafa verið allt of lág í hlutfalli við laun skipstjóra. Um Friðrik Ólafsson er það að segja, að ég býst við að hann hafi sjómælingar með höndum framvegis. Og launakjör hans hafa á engan hátt versnað, þótt hann hverfi að fræðimennsku nokkurn hluta ársins. Annars skal ég ekki þreyta hv. deild á því að tala lengi um þessi mál að svo stöddu, en þess má þó geta, að áður en þessi stjórn tók við, var harla lítið skipulag á rekstri og útgerð varðskipanna. Eftir að núverandi stjórn tók við, heimtaði hún af skipstjórunum, að þeir tækju sér reglulega frí, en svo hugulsöm var fyrrv. stjórn ekki. Betra skipulagi hefir verið komið á fæðið á skipunum, þannig að í stað þess að efni matarins var 4,50 kr. á dag á hvern skipverja, hefir það nú um stund ekki farið yfir 2,50 á dag. Blátt bann hefir verið lagt við því, að áfengi væri um hönd haft á varðskipunum, en á því bar dálítið áður. Annað mál var það, og þessu atriði ekki beint viðkomandi, að ég hefi aldrei getað tekið undir hermennskuskraf íhaldsmanna um strandgæzluna, að foringjar varðskipanna þurfi að hafa hermennskuuppeldi til þess að vera færir um að annast strandgæzluna. Þess vegna er það alveg fjarstæða að ætla, að Einar Einarsson sé ekki fær um að inna sitt starf af hendi fyrir þá sök, að hann hafi ekki gengið í herskóla. Allir skipstjórar íslenzku varðskipanna hafa að þessu leyti minni skólamenntun en foringjar dönsku varðskipanna, sem hér hafa verið og eru til strandgæzlu, en þó hafa þeir íslenzku reynst engu síður duglegir í starfi sínu, að dönsku foringjunum ólöstuðum. Af hverju kemur þetta? En meðal hinna mörgu hraustu manna á varðskipum vorum er Einar Einarsson áreiðanlega í allra fremstu röð. Hann er ákaflega duglegur maður. Hann hefir ávallt, allt frá því hann réri á báti austur á Norðfirði, reynzt framúrskarandi sjómaður, að harðfengi, dugnaði og starfslöngun. Það er alveg rakalaust, að tala um ranglæti gagnvart hinum skipstjórunum í sambandi við ráðningu hans á Ægi. Hinir skipstjórarnir halda öllum sínum fríðindum óskertum sem áður.

Þá var hv. þm. að finna að því, að togari, sem Ægir tók, hefði verið sakfelldur í undirrétti, en sýknaður í hæstarétti. Þetta sannar ekkert, enda má færa til dæmi, sem ganga í öfuga átt. Togari, sem Óðinn tók í fyrra við Eldey, og skaut á 11 skotum, og sem Jóhann P. Jónsson var sannfærður um að væri sekur, var þó

sýknaður í undirrétti. Slíkt er engan veginn átöluvert, því að vitanlega var alveg rétt af varðskipinu að taka togarann, úr því að skipstjórinn áleit hann sekan. Það er einnig til bóta fyrir landhelgisgæzluna að taka togara, þótt ekki sé fullvíst um sannanir, og gefa þeim áminningu um að halda sig frá landhelginni.

Þá hefir verið minnzt á björgunarútbúnaðinn, sem settur hefir verið á varðskipin. Hv. þm. kallar það gort hjá mér að drepa á þetta. Ég skal þá láta hv. þm. vita það, að ég er ekki það lítilmenni, að ég láti 13 blöð andstæðinganna — tvö þeirra dóu nú reyndar með Íslandsbanka — vaða uppi með ósannindum og rangfærslum um mig og mínar gerðir án þess að ég að minnsta kosti leiðrétti það, þegar mér gefst tækifæri til. Eða telst það rangt að segja sannleikann? Kallar hv. þm. það óþarft yfirlæti í landhelgismálunum, að keyptur hefir verið dýptarmælir á Ægi? Öðrum verður bætt við á Óðin, þegar hann fer næst til útlanda. Ég hefði vitanlega ekki minnzt á þetta, ef ég hefði ekki verið látinn sæta ámælum fyrir að hafa bætt úr vanrækslu fyrrverandi stjórnar. Sama er að segja um línubyssurnar, sem settar hafa verið á Óðin og Hermóð, sem hvorugur hafði áður slík tæki, til þess að koma kaðli í báta, ef þeir eru í nokkurri fjarlægð. Andstæðingar mínir vilja, að um þetta sé þagað, af því að þeirra stjórn hafði ekki manndóm til þess að láta gera þetta strandgæzlunni til bóta. Þeir sjá sér heldur ekki fært að reyna að tileinka sér heiðurinn af þessu, því á það yrði líkt og þegar íhaldsmenn eru að reyna að telja mönnum trú um, að þeir eigi frumkvæði að og hafi barizt fyrir stofnun Byggingar- og landnámssjóðs. Svo ég víki aftur að landhelgisgæzlunni, þá sýnist svo sem þeir, sem sáu um smíði Þórs og Óðins, hafi álitið, að þau skip ættu að vera útbúin með sjóhernaðartækjum, ættu að vera einskonar vasaútgáfa af herskipum stærri þjóða. Á sama hátt hafa þessir menn viljað hafa herlærða menn fyrir foringja, en þó eftir atvikum sætt sig við að hafa þá aðeins lítið lærða í þeim sökum, af því að við erum minni herskaparþjóð en nábúarnir. Ég fyrir mitt leyti hefi alltaf fyrirlitið þetta hernaðarbrask; ég hefi litið á varðskipin sem sjólögreglu, þar sem mest er undir komið dugnaði, kurteisi og réttlæti, en minna undir hermennskuprófum eða langri skólagöngu þar að lútandi. Með því að Einar Einarsson virðist hafa þessa kosti til að bera í ríkum mæli, þá sá ég ekki ástæðu til þess að krefjast af honum slíks prófs, þess smábátaprófs í sjóhernaðarfræðum, sem íhaldið telur hámark þess sem með þurfi á íslenzku varðskipi. Mér þótti mestu máli skipta að fá á Ægi hraustan foringja og ódeigan, sem auk þess kynni vel til björgunarstarfs, ef á þyrfti að halda. Ég hefi unnið að því að fá slíkan mann á Ægi, og ég hygg, að framtíðin muni sýna, að þetta val hefir ekki mistekizt.

Þá þykir mér hlýða að víkja nokkrum orðum að hv. þm. N.-Ísf. Ég get þó sparað mér langt mál út af ræðu hans, því að hann var nú orðinn bljúgur eins og lamb, nærri því að segja prúður og kurteis eins og þolanlega siðaður maður, enda dró hann í land mikið af því, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni. Hann viðurkenndi nú, að nafn hæstaréttar væri ekki sem hentugast, og má þetta væntanlega teljast byrjun að hinu nauðsynlega undanhaldi hv. þm. í því efni. Annars skal ég benda á, hve óviðkunnanlegt það er, að hæstaréttardómarar skuli vera verr launaðir en t. d. útibússtjórar bankanna. Auk þess getur þetta verið mjög hættulegt, því að með þessum launakjörum getur orðið hörgull á hæfum mönnum til starfsins. Sömuleiðis virtist hv. þm. ekki vera hlynntur því, að dómararnir fái utanfararstyrk og sé einn þeirra skyldur til að nota sér hann á hverju ári. Get ég varla skilið, að nokkur annar hv. þm. setji sig á móti svo sjálfsögðu atriði, því að vissulega er mikils um vert, að dómarar forpokist ekki í starfsgrein sinni. Yfirleitt hagaði hv. þm. sér nú á sama hátt og honum er títt í ræðum sínum á eldhúsdögum. Hann er vanur að rjúka upp í byrjun með miklu írafári og veður þá elginn með staðlausum fúkyrðum. Flest lítilmenni og bleyður eru líkt skapi farnar og þessi hv. þm. Í byrjun, meðan ekki blæs á móti, vaða þeir einatt upp á aðra menn með hroka og rembingi, svo að úr hófi keyrir. En venjulega þarf ekki

annað en að stinga með nál í belginn, til þess að vindurinn leiti útrásar, þá falla þeir saman eins og líknarbelgir. Líkt er hv. þm. N.-Ísf. farið, og varð raunin hin sama og endranær.

Mér þótti illa fara á þessum mikla rosta í hv. þm. N.-Ísf. Hv. þm. er þó hvorki annað né meira í fjármálum en afdankaður útibússtjórakurfur, sem í þeirri stöðu vann sér það eitt til ágætis að láta útibúið, sem hann veitti forstöðu, tapa millj. kr. á nokkrum árum. Hv. þm. var að tala um, að græðzt hefði á sumum lánum útibúsins, þ. e. að sumir hafi borgað vexti og afborganir. En bankar eiga að fá höfuðstól og vexti. Það er engin dyggð, þótt útibúið tapaði ekki hverjum eyri, sem það lánaði. Að vísu hefir tapazt víðar. En hins ber líka að gæta, að fjöldi lánsstofnana víðsvegar um land, svo sem er um flesta sparisjóði, hafa litlu eða engu tapað á sínum útlánum. Forráðamenn þeirra stofnana hafa hugsað allt öðruvísi en hv. þm. N.-Ísf. Þeir hafa ekki verið að hugsa um það eitt að styðja einstaka stórbraskara, sem hafa verið svo lukkulegir að fá að eyða tugum og hundruðum þúsunda, sem tapazt hafa. Þeir hafa betur en hv. þm. N.-Ísf. kunnað að meta það, hverjir störfuðu á heilbrigðum grundvelli og voru stuðnings verðir. Þeirra hugsun hefir yfirleitt verið sú, að dreifa fénu til nytsemdarfyrirtækja. Þeir hafa ekki þjáðzt af þeirri stórmannlegu hugsun að gera einstaka vini sína og kunningja að einskonar eyðslugreifum á kostnað alþjóðar.

Síðast sagði hv. þm., að ég væri fullur af hatri til allra stétta. Þetta lítur ekki út sem sannleiki. En ég veit að hv. þm. sviður það, að ég hefi veitt vissri tegund manna mótstöðu, t. d. atkvæðafölsurunum í Hnífsdal og ýmiskonar stórafbrotamönnum. En það er hrein og bein embættisskylda og á ekkert skylt við hatur. Hv. þm. vill í raun og veru, að ég sé eins sofandi fyrir öllum misfellum eins og fyrirrennarar mínir. Hann má af skiljanlegum ástæðum ekki heyra það, að mönnum, sem tapað hafa milljónum af landsins fé, sé hallmælt. Slíkir stórsvindlarar eru víst í huga hv. þm. [illegible] ráðvandir dánumenn.

Þá fór hv. þm. að skrökva upp á látinn heiðursmann. Hann hélt því fram, að Magnús heit. Kristjánsson hefði verið mótstöðumaður minn. Þetta er þveröfugt við sannleikann, því milli okkar var jafnan hið ákjósanlegasta samkomulag og samvinna. Og þótt okkur hefði borið eitthvað á milli í smáatriðum, þá veit ég að hann hefði aldrei gefið slíkum manni sem hv. þm. N.-Ísf. er, tilefni til að fara með dylgjur og róg um samstarf okkar. Hann var of mikill drengskaparmaður til þess. En mig undrar þó ekki fáfræði hv. þm. á þessu sviði, þar sem hann er svo illa að sér, að hann heldur því fram, að ameriska lánið hafi verið tekið í Englandi. Hv. þm. vildi áfella mig fyrir að vera á móti því, að það lán var tekið. Ég hefði ekki verið á móti því, að lán hefði verið tekið handa Landsbankanum, hefði hann þurft þess með. En forsaga þessa láns var sú, að Íslandsbanki þurfti á peningum að halda, en Landsbankinn alls ekki. Hinsvegar var ástand Íslandsbanka svo þá, að ekki þótti fært að fara beint að því, að lánið væri tekið handa honum. Þá var það, að íhaldsstjórnin þáverandi fann það snjallræði upp að láta Landsbankann taka lánið, til þess svo að hann lánaði Íslandsbanka það. — Það stóð nú víst til, að Íslandsbanki borgaði þetta lán fljótlega, og því var margheitið, en jafnoft var það heit rofið, enda fór svo, að um helmingur þess var ógreiddur þegar Íslandsbanki lokaði 3. f. m. Ég hefi því á réttu að standa, en hv. þm. á röngu í þessu eins og öðru, sem við deilum um. Landsbankinn kærði sig aldrei um þetta lán og notaði það ekki. En honum var af íhaldsstjórninni otað fram sem millilið. Landsbankinn varð svo að borga lánveitandanum í Ameríku, en fékk peninga sína seint og illa frá Íslandsbanka, og á helminginn ennþá í gjaldþrotabúi hans.

Ólafur Thors: Þessi eldhúsdagur hefir nú staðið svo lengi, að rétt mun að taka nokkurt tillit til þess. — Annars er nú enn mikið til að segja, því syndaregistur stj. er langt. Ég mun þó af framangreindum ástæðum verða fáorðari en ella hefði orðið.

Ég hefði þurft að svara nokkrum atriðum hjá hæstv. forsrh. En þar sem hann er ekki viðstaddur, mun ég ekki fara langt

út í umr. við hann. Hæstv. forsrh. sagði, að ég væri skemmtilegur, en þó tæplega eins og vant er á eldhúsdegi. Ég skal nú þakka hólið, enda þótt það sé ekkert nema venjulegur fariseaháttur hæstv. forsrh., sem liggur til grundvallar þessu þakklæti. En hitt get ég vel skilið, að hæstv. forsrh. hafi ekki þótt ég vera eins skemmtilegur og vant er. Ég snéri máli mínu í þetta sinn mest að hæstv. forsrh. sjálfum, í stað þess að ég hefi áður einkum átt orðastað við hæstv. dómsmrh. Og ég veit það, að hæstv. forsrh. er ósárt, þótt ég tukti þann samverkamann hans í stj. nokkuð til, en þykir hinsvegar ekki eins skemmtilegt, þegar hann verður fyrir því sjálfur.

Hæstv. forsrh. sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum orðið fyrir vonbrigðum í Íslandsbankamálinu. Við hefðum verið farnir að vonast til þess, að stj. segði af sér. Ja, við erum nú orðnir svo vanir ýmsu frá þessari hæstv. stj., að við verðum varla lengur fyrir vonbrigðum þó hún taki þann kostinn, sem miður fer í hverju máli. En hitt skal ég játa, að velsæmi stj. í því máli reyndist í allra minnsta lagi og er þá mikið sagt.

Um Búnaðarbankann þarf ég lítið að segja. Hv. 1. þm. Reykv. er rækilega búinn að því. Aðalkjarni þess máls er svarið við þeirri spurningu, hvers vegna Pétri Magnússyni var ekki veitt aðalbankastjórastaðan. Pétur Magnússon er sá maður, sem í augum allra óhlutdrægra manna er sá maðurinn, sem tvímælalaust átti að fá þessa stöðu, ef velja átti góðan mann í hana. Kjarni málsins er ekki það, að Pétur Magnússon var gerður að undirbankastjóra, heldur hitt. — Hvers vegna var hann ekki gerður að yfirbankastjóra?

Viðvíkjandi því, sem ég beindi til hæstv. forsrh. um það, hvers vegna vextir bankanna væru ekki lækkaðir, svaraði hæstv. ráðh. því einu til, að nú væri búið að stofna Búnaðarbankann. En þetta er vitanlega ekkert svar. Um þetta var spurt af því, að áður hélt hæstv. forsrh. því fram, ásamt fleirum, að stj. hefði vaxtakjör bankanna algerlega á valdi sínu. Nú eru hærri vextir en þá voru. Og sú stj., sem nú situr, hefir meiri tök á Landsbankanum en sú, sem sat um þingtímann 1927. Ef stj. er sama sinnis enn, hvers vegna gerir hún þá ekki tilraun nú til að lækka vextina? — Hv. 2. þm. Árn. á líka fyrir hið sama að svara, því þá taldi hann það ósvinnu, hve vextir væru háir. Að svo mæltu yfirgef ég hæstv. forsrh., enda er hann ekki viðstaddur.

Hv. 2. þm. Árn. fann hvöt hjá sér til þess að standa upp á eldhúsdegi til þess að þakka stj., þó hún naumast virðist eiga það skilið eftir alla meðferðina á honum, þó hún hafi máske verið að verðleikum. Ég sagði, að hæstv. forsrh. hefði sýnt hugdeigju gagnvart hæstv. dómsmrh. Hann hélt, að ég ætti við það, að hæstv. forsrh. væri geðveikur. En því hefi ég aldrei dróttað að honum, enda væri það ástæðulaust. En hugdeigja hæstv. forsrh. kemur fram í því, að láta hæstv. dómsmrh. leika sér í ráðherrastöðu, í stað þessa að víkja honum frá, sem hefði átt að vera gert fyrir löngu. Hv. þm. vildi halda því fram, að ég væri hugdeigur. Það er nú máske hver blindur í sjálfs síns sök. En ég er þó a. m. k. ekki hræddur við þann hv. þm. Hið eina dæmi, er hann talaði um því til sönnunar, var gengismálið. Hv. þm. sagði, að ef ég hefði ekki sýnt hugdeigju í því máli, þá hefði ég getað orðið mesti maður þjóðarinnar. Ég ætla nú ekki að fara að dæmi hæstv. dómsmrh. í því, að fara að halda yfir mér lofræður. En ég get sagt það, að þegar krónan hækkaði, var ég í gengisnefnd og því falið að hafa áhrif á það mál. Við núverandi hæstv. forsrh., sem líka var í gengisnefnd, mótmæltum ákvörðun meiri hl. gengisnefndar, sem vildi hækka krónuna. Ég var í þessari n. fyrir hönd útgerðarinnar og hæstv. núverandi forsrh. fyrir hönd Sambands ísl samvinnufélaga. Við kröfðumst þess af stj., að hún kallaði saman aukaþing til að láta það ráða þessu máli til lykta. En ríkisstj. áleit það ekki vera á sínu valdi né þingsins að koma í veg fyrir gengishækkun. En sú gengishækkun, sem skeði frá því síðast í ágúst og fram í október, eða á hálfum öðrum mánuði, var gerð algerlega móti mínum vilja og till. Ég hefði að vísu ekki verið mjög á móti því, þó kr. hefði hækkað nokkuð. Ég hefði viljað festa hana í 25 kr. hvert sterlingspund. En þessi hækkun skeði á skömmum tíma. Og ég verð

að segja, að ég lét á þeim tíma ekkert tækifæri ónotað til að tala við þáverandi fjmrh. Og ég lét hann vita það, að ef gengið væri ekki stöðvað, þá mundi ég segja mig úr miðstjórn flokksins og úr flokknum. Gengið var líka stöðvað. Og ef sá var mikilmenni, sem stöðvaði, þá er líka óhætt að líta til mín sem slíks manns.

Annars læt ég hæstv. dómsmrh. einan um grobbið. Ég fer ekki að herma eftir honum þann barnaskap. Hv. 2. þm. Árn. skal því vita það, að mín vegna er það óþarft fyrir hann að fara að kalla mig mikilmenni. (**Dómsmrh:** Hv. 2. þm. G.-K. veit, að hann á það ekki skilið!). Já, ég á það ekki skilið. En sá er munurinn á mér og hæstv. dómsmrh., að ég hefi nokkurnveginn óbrjálað sjálfsmat. Það hefir hann ekki.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um vaxtalækkun, þá vil ég benda honum á það, að það, sem hæstv. forsrh. sagði um það mál, leysir hann ekki frá þeirri skyldu að fylgja nú fram stefnu sinni frá 1927 um að gera till. um lækkun vaxtanna. Nú ætti hv. þm. einmitt að koma slíku máli fram vegna aðstöðu sinnar. Og hann ætti að hafa þeim mun ríkari hvöt til þessa, þar sem kjósendur hv. þm. hafa látið í ljósi ákveðinn vilja sinn í þessu máli. Hinsvegar er engin ástæða til þess, að ég beri slíka till. fram. Ég hefi aldrei neitt um þetta talað. Ég veit einmitt, að það er ekki gott að koma fram lækkun vaxtanna. Og ég hygg naumast, að það sé á valdi neinnar stj. Það eru vitanlega hin innri viðskiptalögmál, sem mestu ráða í því efni. En það er einmitt verkefni fyrir menn eins og hv. 2. þm. Árn., sem aldrei hafa skilið þau lögmál, að bera fram kröfu í þessu efni. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira við þennan hv. þm. Er það ekki vegna neinnar hugdeigju, heldur af því, að ég tel enga þörf á því. Og ég vil bæta því við, að ég álít, að hv. 2. þm. Árn. sé ekki hugdeigur heldur. Ef hann væri það, þá mundi hann tæplega láta sjá sig á Alþingi eftir þá herfilegu útreið, sem hann hefir fengið hjá sínum flokki.

Hv. þm. Ísaf. hélt hér langa ræðu og deildi mjög á hæstv. ríkisstj. Í lok ræðu sinnar snéri hann máli sínu að okkur sjálfstæðismönnum og sagði, að þó stj. væri vond, þá hefði þó íhaldsstj. verið verri. Og hann sagði, að núverandi stj. lifði eingöngu á syndum íhaldsstj. Það er vitanlega mjög gott fyrir hæstv. stj. að fá þá yfirlýsingu, að hún megi lifa og láta eins og hún vill. Alþýðuflokkurinn muni ávallt fylgja henni. Hin væri þó ávallt verri.

Að lokum kom hv. þm. með dæmi úr Njálu, sem átti að sýna það, hvers vegna við sjálfstæðismenn kæmumst ekki að völdum aftur. Dæmið var það, þegar Flosi leitaði vigis í Almannagjá, en Snorri goði varði. Urðu orðaskipti milli Flosa og Snorra goða, og las hv. þm. þau upp. En af því að frásögnin er góð, þá vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa þennan kafla upp aftur. Hann hljóðar svo: „Snorri goði kallaði þá til Flosa: „Hví farið þér svá geystir, eða hverir elta yður?“ Flosi svarar: „Ekki spyrr þú þessa af því er eigi vitir þú þat áðr. Enn hvárt veldr þú því, er vér megum eigi sækja til vígis í Almannagjá?“ „Eigi veld ek því“, segir Snorri, „enn hitt er satt, at ek veit, hverir valda — ok mun ek segja þér, ef þú vill, at þeir valda því Þorvaldr kroppinskeggi ok Kolr“. Þeir váru þá báðir dauðir ok höfðu verit hin mestu illmenni í liði Flosa“. — Þetta átti nú að vera dæmi um það, hvers vegna íhaldsmenn næðu ekki aftur völdum. Sagan er góð. En ef finna á hliðstæðuna út frá því, sem nú er, við þessa frásögu, þá leika hv. jafnaðarmenn hlutverk gömlu illvirkjanna, Kols og Kroppinskeggs. En viljið þið nú ekki, hv. jafnaðarmenn, hætta að leika þetta hlutverk? Sitjið þið bara hjá og sjáið til, þá mun ykkur skiljast, hverjir verið hafa illvirkjarnir. Þá mun sjást, hvort við sjálfstæðismenn náum ekki víginu.

Ég mun nú fella niður ýms atriði, er ég hafði skrifað hjá mér til þess að teygja ekki tímann. Sný ég mér þá að hæstv. dómsmrh. Ég skal þá fyrst víkja að einu eða tveimur atriðum út af ummælum hæstv. ráðh., er hann viðhafði vegna ræðu hv. þm. N.-Ísf. (**Dómsmrh:** Stendur í prestinum?). Ég skal áður en lýkur láta hæstv. ráðh. finna til þess, að svo er ekki. Prédikun mín skal vera skýr og ákveðin. Hitt er annað mál, að líklega er syndaselurinn forhertur. Hæstv. ráðh.

sagði, að hv. þm. N.-Ísf. hefði viljað gera sér mat úr því, að Magnús heitinn Kristjánsson væri látinn og eigna honum ummæli, sem hann hefði aldrei sagt. Ég veit nú, að þetta er rangt hjá hæstv. ráðh., enda bendir allt til þess, að svo sé. Þarf ekki annað en athuga það, hvað það er afarólíklegt, að jafnærlegur maður og Magnús heitinn Kristjánsson hafi getað verið vinur og náinn samverkamaður hæstv. ráðh. Hitt muna og allir, að til er skjalfest sönnun fyrir þessu áliti. Þegar hæstv. dómsmrh. ætlaði að kúga M. K. í máli því, er reis út af kosningu hv. þm. N.-Ísf. (**Forseti** hringir). Já, mér þykir gott, að hæstv. forseti hringi undir ræðu *mína*. Þetta verður þá alveg eins og við kirkju! — En þegar hæstv. dómsmrh. ætlaði að kúga hinn aldurhnigna sómamann, þá reis hann upp úr sæti sínu og sagðist ekki mundu láta kúga sig. Hann ætlaði að kúga hann inn á þessa braut, en hinn aldni sómamaður sagði: Ég læt ekki kúga mig inn á braut svívirðinganna.

Um 9 millj. kr. lánið skýrði hv. þm. frá því, að ráðh. hefði sagt ósatt, þegar hann í blöðum sínum hvað eftir annað endurtók, að „skuldakóngarnir", hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Skagf., hefðu með þessari lántöku lagt 100 kr. skuldabagga á hvern landsmann, jafnt karlægt gamalmennið og barnið í vöggunni. Þetta voru ósannindi og það vísvitandi ósannindi. Hæstv. ráðh. sýndi líka með ræðum sínum, að eins og menn vissu var lánið ekki tekið handa ríkinu, heldur bönkunum, og þeir áttu að endurgreiða það, og þetta var því enginn skuldabaggi á þjóðinni.

Ég tók eftir þessum tveim atriðum úr seinustu ræðu hæstv. dómsmrh. og hugsaði mér, að jafngott væri að svara þeim, þar sem hv. þm. N.-Ísf. fær ekki að taka til máls í bráð. Annars er ég ekki vanur að leggja eyrun svo mjög við ræðum hæstv. dómsmrh.; ég kann þær flestar utan að.

Þegar ég hélt mína fyrri ræðu, hafði ég deilt allfast á hæstv. dómsmrh. Og ég var satt að segja að taka eftir stuðningsmönnum hans hér í deildinni, þegar hann svaraði mér. Ég sá, að margir þeirra voru í upphafi ræðu hans eins og kvíðnir, og mér var ljóst, fyrir hverju þeir kviðu. Sannleikurinn er nefnilega sá, að hæstv. ráðh. hefir oft orðið sér til minnkunar hér í deildinni með ofsa og æsingi, og ég vissi, að það, sem stuðningsmenn hans kviðu fyrir, var, að eins færi í þetta skipti. En ég skal játa, að svo fór nú í þetta sinn, þegar hæstv. ráðh. var að svara, að hann varð sér á engan hátt til minnkunar, þannig að hann sleppti sér. Mér væri það ákaflegt gleðiefni, ef ráðh. gæti tamið svo skap sitt, að hann yrði sér sjaldnar til skammar með geðofsa sínum. En það var gaman að sjá, hvernig breyttist útlit stuðningsmanna hans, þegar þeir sáu, að hann gætti sín. Þeir stóðu upp, drógu andann léttilega og brostu eins og fargi væri létt af þeim.

Annars var ráðh. að rabba vingjarnlega, sérstaklega við pallagestina. Hann þekkir marga á pöllunum, sem þekkja sálarástand hans. Margir hafa hér deilt þunglega á hann, en hann hugsaði ekki um að svara því, heldur að hann gæti fengið pallagestina til að brosa. Það var því ekki mikið í ræðu hæstv. ráðh., sem gaf tilefni til andsvara.

Hæstv. ráðh. sagði, að vegna veitingar læknisembættisins í Keflavík, hefði fylgi sitt aukizt þar suður með sjó. Minnkað gat það náttúrlega ekki, en hitt skil ég ekki, að það hafi aukizt, því að það vita allir, að af mörgu hróplegu ranglæti, sem dómsmrh. hefir framið, er fátt eins bert og þetta. Þetta segi ég ekki af því að ég vilji fara nokkrum hallmælum um Sigvalda Kaldalóns, en það mun vandfundinn sá maður þar suður frá, sem ekki er fullur vanþóknunar á þessum verknaði ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef Jónas Kristjánsson hefði sótt um embættið á venjulegan hátt, en ekki gegnum Læknafélagið, hefði hann fengið embættið. En geta menn hugsað sér aðra eins spillingu og þessa? Hæstv. ráðh. þykist byggja veitingar í læknisembætti á því, að hann sé að gera það sem fólkið vill. Nú efast hann ekkert um, að fólkið vildi fá Jónas Kristjánsson. En vegna þess að umsókn hans kemur á annan hátt en ráðh. óskar, þá hefnir hann sín á fólkinu. Það lýsti sér mikil spilling í veitingunni sjálfri, en það er þó hámark spillingarinnar að

lýsa þessu yfir úr ráðherrastóli. Stjórnarfarið er orðið slæmt, þegar ráðh. skilur ekki, hve gagnsýrt þetta er af spillingu.

Það er búið að ræða svo mikið um veitingu rektorsembættisins við menntaskólann, að ég skal ekki bæta miklu þar við. Ég vil aðeins andmæla því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði talið sjálfsagt að reka úr skóla piltana, sem hefðu gert uppreisn. Ég hefi ekkert um það sagt. En ég sagði, að hæstv. ráðh. hefði orðið tvísaga, þegar hann skýrði frá sínu áliti. Fyrst sagði hann: Piltarnir höfðu í raun og veru á réttu að standa; en svo segir hann síðar: Ég skal játa, að piltarnir höfðu gert mikið af sér og höfðu á röngu að standa. Þetta sýnir, að hann hefir enga hugmynd um, hvort ætti að reka þá eða ekki. Dómur hans byggist ekki á réttarmeðvitund, heldur á þeirri þörf, sem rektorinn hefir til þess að halda fullu vinfengi piltanna. Hann hefir fengið stöðuna í óréttlátri samkeppni við mætustu kennara skólans. Piltarnir vita, að öll uppreisn gegn honum er ákaflega auðveld. Rektorinn veit það líka, og þess vegna verður hann að kaupa vinfengi þeirra dýrara en heppilegt er fyrir skólann. Ég þekki ekki rektorinn og veit ekki, hvort honum tekst að afstýra þeim voða, sem skólanum er búinn af slíku ástandi, en ef honum tekst það, skal ég verða fyrstur til þess að telja hann miklum hæfileikum búinn, en ég hefi enga trú á, að þetta lánist. En hvernig sem það fer, stendur þó það alltaf eftir, að veitingin er blettur á ráðh., og sá blettur verður aldrei þveginn af honum.

Það hefir verið talað um það af mörgum, hvað ráðh. er afskaplega raupsamur. Alltaf stendur hann upp og segir: Þetta hefi ég gert og þetta hefi ég gert. Það er ekki Framsóknarflokkurinn, sem hefir gert það. Það er ráðh. sjálfur. Hann var með afsökun út af þessu. Það gleður mig, ef hann er farinn sjálfur að finna til þessarar raupsemi sinnar, og það væri æskilegt, ef hægt væri að venja hann af henni. Ég skal ekki nefna önnur dæmi en vindsnældurnar sem eiga að vera áttunda furðuverk veraldarinnar, og Íþöku, sem ráðh. fann og enginn hafði séð í 70 ár. En ég vil nota tækifærið til þess að svara því, sem ráðh. hefir eftir mér í grein sinni „Stóru bombunni“ um eiturnautn. Hann segir, að ég hafi borið honum á brýn, að hann notaði kókain eða eiturmeðul. Ég hefi ekkert sagt um þetta. Hitt er rétt, að á fundi austur í Vík sagði ég, að gefnu tilefni: „Ég vil fá að vera í friði með þetta gutl mitt, sem ráðh. er alltaf að stagast á að ég noti, og ég skal láta hann í friði með það, sem hann vill ofan í sig láta, hvað sem það er“. En það spaugilega er, að ráðh. leggur þetta út þannig, að andstæðingarnir telji hann slíkan afburðamann til vinnu, að hann hljóti að nota einhver slík meðul. Ég skal játa, að mér hefir einstöku sinnum dottið í hug, að ráðh. notaði eitthvað slíkt, og það er af því, að ég hefi aldrei þekkt slíka menn, sem rjúka upp með þessum ægilega geðofsa og falla svo saman á eftir eins og dula. En það get ég sagt, að þótt einhverjir andstæðingar hans kunni að hafa haft áður grun um eiturnautn hans, þá hefi ég engan grun um það nú. En það verður hæstv. ráðh. að skilja, að það eru engin óheilindi, þótt andstæðingar hans leiti að einhverri skýringu á þessum geðofsa, sem annars er óþekktur á Alþingi. Hann má ekki vera svo barnalegur að halda, að við teljum hann nokkurn afburðamann, þótt hann geti látið eins og vitlaus maður.

Að öðru leyti gaf ræða hæstv. ráðh. ekki tilefni til andsvara, þó að segja megi fremur, að hún hafi gefið tilefni til nokkurra hugleiðinga.

Í einni ræðu sinni hélt hæstv. ráðh. ræðu fyrir minni Dana. Í upphafi ræðunnar hélt hann því fram, að nafn og stefna Sjálfstæðisflokksins væri hættulegt fyrir þjóðina og móðgun gagnvart Dönum. Hann gat ekki rökstutt þetta nema með ósönnum fullyrðingum, enda fór svo, að í lok ræðunnar tók hann það aftur. Hann sagði, að frelsinu væri borgið með tveim skilyrðum. Hið fyrra væri það, að vel væri stýrt fjármálum ríkisins, en hið síðara, að innri barátta stjórnist af góðvild og skynsemi, því annars gæti svo farið, að hér hæfist önnur Sturlungaöld. Þótt ég sé hæstv. ráðh. ekki oft sammála, er ég þó sammála honum um þetta. En hinu er ekki að neita, að þetta fer talsvert undarlega í munni ráðh.

Það er eðlilegt, að vakni hjá manni sú spurning, hverja hluttöku hann eigi í því, að þessi grundvallaratriði fyrir því, að þjóðin haldi sjálfstæði sínu, séu vel tryggð.

Ég mun ekki vera margorður um fjármálin. Það er víst, að aldrei hefir verið óvarfærnari fjármálastjórn á Íslandi en nú. Og það vita menn, að aldrei hefir verið meira sukk, bruðlun og siðleysi í stjórnarfarinu, og um þetta þrennt kenni ég hæstv. ráðh. öðrum mönnum meir. Hann ber á því þyngri sök en aðrir. En hann hefir engan skilning á fjármálum til þess að taka á sig þann ábyrgðarþunga, sem leiðir af hinum stærri misfellum. Það er skemmst að minnast á stærsta fjármál, sem komið hefir fyrir Alþingi um mörg ár, Íslandsbankamálið. Þar var um að ræða allra viðkvæmasta þátt fjármálaviðskiptanna; það var barizt um skilvísi og heiður íslenzku þjóðarinnar. Þá talaði ráðh. um það „að velta af sér" og „hafa engin afskipti af þessu stærsta gjaldþrotabúi, sem hefði verið á Íslandi". Fyrir honum vakti ekkert annað en að koma á kné höfuðviðskiptamönnum bankans, sem væru stjórnmálaandstæðingar hans. Þess vegna vildi hann, að svikið yrði lánstraust landsins, og bankinn tekinn með harðri hendi til gjaldþrotaskipta, allt til þess eins að þjóna hefnigirninni og heiptinni.

Öll afskipti hæstv. ráðh. af fjármálum þjóðarinnar sýna, að hann hefir manna sízt skilyrði til þess að fullnægja því, sem hann telur nauðsynlegt fyrir sjálfstæði landsins. Ég viðurkenni, að grundvallarskilyrði fyrir sjálfstæði þjóðarinnar er, að vel sé haldið á fjármálum hennar. En það sýnir aðeins, að þessi hæstv. ráðh. má ekki koma nærri völdunum í landinu.

Ef spurt er um, hvað hæstv. ráðh. hafi gert til þess að góðvild og skynsemi ríkti í innanlandsmálum, þá hygg ég, að menn geti fremur orðið sammála um dóminn heldur en flest annað, sem á milli ber. Hv. þm. Ísaf. sagði í sinni ræðu í gær, að ekkert óhapp og skaðræðisverk væri verra en að ala á rig og rógi milli stétta. Þetta er alveg hárrétt. En hver er frægastur fyrir rógiðjuna í þessu landi? Ekki hv. þm. Ísaf., þótt satt að segja megi dást meira að skoðunum hans en baráttu. Nei, það játa allir, að í þágu þessarar iðju hefir ráðh. unnið dyggilegar en nokkur annar Íslendingur. Enginn hefir verið ötulli sáningarmaður illgresisins en hann, og ég vona, að þess verði langt að bíða, að annar hans líki komi. Ég minni á það, að hæstv. ráðh. hefir margsinnis, svo hundruðum skiptir, í ræðu og riti valið heilum stéttum ókvæðisorð: braskarar, Grimsbylýður, ómenntaðir dónar, aurasálir og maurapúkar, allt í því skyni að ala á heipt og öfund einnar stéttar í garð annarar. Enda er nú svo komið, að enginn stjórnmálamaður er til hér á Íslandi, sem stórum hóp þjóðarinnar er meira í nöp við heldur en þennan ráðh. Það er ekki vegna málefnanna, sem hann hefir borið fram, heldur vegna hugarfarsins og hugsunarháttarins, sem kemur fram í baráttu hans og fellir hann niður í dýpstu fyrirlitningu í hugum meir en hálfrar íslenzku þjóðarinnar. Og ef það er nokkur íslenzkur stjórnmálamaður, sem hefir skapað Sturlungaöld í íslenzku stjórnmálalífi, þá er það þessi hæstv. ráðh. Hann veit það líka vel, og hann veit, að þjóðin er að vakna til meðvitundar um framferði hans. Og hvað gerir hann þá? Hann grípur til þess að kaupa með ríkisfé það fylgi, sem stjórnmálamaðurinn á að afla sér með gerðum sínum. Ég minni á grein, sem hann skrifaði í Tímann nýlega. Þar er hann að þakka 3089 mönnum, börnum og gamalmennum, fyrir ávarp, sem honum hafi verið sent. Hæstv. ráðh. segir í þessari lofgerð sinni, að sig undri, að þetta fólk, sem hann hafi ekkert gert fyrir, skuli vera að senda sér traustsyfirlýsingu og heilbrigðisvottorð. Hann er hissa á því, að menn, sem hann hefir ekki beinlínis keypt til fylgis, skuli sýna sér hlýju. Hver stór og mikill stjórnmálamaður vinnur þó auðvitað fyrir alla heildina. En það er greinilegt, að hæstv. ráðh. sér og skilur, hvað hann fer, þegar hann er að kaupa sér fylgi, sem stjórnmálamenn eiga að fá með verkum sínum.

En hæstv. ráðh. skilur líka, að slíkt keypt fylgi er ekki einhlítt, og til hvaða vopna grípur hann þá? Hann leitar út yfir pollinn sér til stuðnings. Hann er ekki feiminn við að beita þeim vopnum

að segja, að stærsti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi vilji lífa á heipt til annarar þjóðar. Hann er ekki feiminn við að afla sér persónulegrar velvildar með því að herma vísvitandi ósannindi upp á stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu.

Þetta minnir á það, þegar ráðh. ætlaði að neita á dönskum vettvangi að sitja með manni, sem hann hafði oft setið með hér heima, á fundum og annarsstaðar, og það seinast í gærkveldi, bara af því að þegar hann kom til Danmerkur, vildi hann gera þetta vegna þess, að hann hafði grun um, að forsrh. Dana, sem er jafnaðarmaður, væri í nöp við þennan mann. Það er þá þannig komið, að hæstv. ráðh. leitar á erlendan vettvang sjálfum sér til valda. Hann hugsar ekki um sjálfstæði þjóðarinnar, ef hann hefir pólitíska hagnað af því.

En hvaða hagnað getur ráðh. haft af því, að Danir séu honum vinveittir? Þannig kynni einhver að spyrja.

Í hvert einasta skipti, sem lofsamleg ummæli falla um hæstv. ráðh. frá dönskum manni, þá er það gleiðletrað í dálkum Tímans. Síðasta dæmið er það, þegar Arup hélt fram lofi um hæstv. ráðh. Þau voru ekki fyrr komin á prent í Danmörku en þau voru hraðsímuð hingað og prentuð í Tímanum. Og meðan enginn Íslendingur fékkst til þess að gefa hæstv. ráðh. vottorð um sálarlegt þrek, voru ummæli sótt til Danmerkur. Þar fengust þau strax. Hæstv. ráðh. hefir áður sýnt undirlægjuhátt og aumingjaskap, en þegar neyðin er mest þá er hjálpin næst, sem mest þurfti við, í Danmörku. Hjálp, sem hann ekki gat fengið hér á landi.

Svo skal ég ljúka þessum ummælum mínum með því að segja, að það er sorglegt, að maður, sem ræður svo miklu sem hæstv. dómsmrh., skuli þræða götu spillingarinnar eftir því svartasta fordæmi, sem hægt er að finna í sögunni, Sturlungaöldinni. Þegar höfðingjarnir svifust einskis til þess að koma sér til valda, heldur beittu öllum leyfilegum og óleyfilegum óþokkabrögðum. Þannig hefir hæstv. ráðh. gripið til ýmissa meðala, sem ekki hafa áður þekkzt í íslenzkri stjórnarfarssögu. Hæstv. ráðh. hefir leitað út fyrir landsteinana til þess að leita sér pólitísks stuðnings.

Ég skal ekki segja meira en ég hefi sagt um þann anda, sem hæstv. dómsmrh. hefir komið inn í íslenzkt stjórnarfar og stjórnmálabaráttu. Það, sem gleður mig mest, er það, að mér er ljóst, að hann er enn ekki kominn lengra í því að spilla pólitískum hugsunarhætti þjóðarinnar en svo, að ef hann bráðlega hverfur út úr íslenzku stjórnmálalífi fyrir fullt og allt, sem ég lengstra laga vona, þá held ég, að það geti vel gróið um heilt ennþá. Meðan hæstv. ráðh. var veikur ríkti allt annar andi í þingsölunum. Þá umgengust menn eins og vinir, en hæstv. ráðh. var ekki fyrr kominn á þingið en andinn breyttist.

Ég skal svo enda mitt mál með því að segja, að það er mín von, að það skaðræði, sem af þessum manni hefir hlotizt, megi nú fá enda og hans stjórnmálasaga fari að styttast. Og ég geri ráð fyrir, að það sé ekki aðeins mín von, sem þar kemur fram, heldur þori ég að fullyrða, að margir menn úr hans eigin þingflokki eiga enga sterkari þjóðmálaósk og jafnvel enga sterkari ósk í sínu eigin brjósti, en að hann megi hverfa út úr íslenzku stjórnmálalífi og þá heldur í dag en á morgun.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 31. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurður Eggerz: Eldhúsdagarnir eru orðnir margir og strangir, og mun ég því fara eins fljótt yfir sögu og unnt er. Fyrst mun ég svara hæstv. dómsmrh. fáum orðum.

Í þeirri einu ræðu, sem ég hefi haldið hér við þessar umr., gerði ég að umtalsefni grein, sem hæstv. dómsmrh. ritaði í stjórnarblaðið 15. febr. síðastliðinn. Ég sé ekki, að hæstv. ráðh. hafi tekizt að verja sig eða hrekja nokkuð af því, sem ég bar fram í tilefni af þessari grein. Svarræða hans var að því, er mig snerti, hófleg. En hann sagði, að Morgunblaðið hefði farið út fyrir þau takmörk, sem leyfileg væru gagnvart sambandsþjóð okkar, og að það væri hættulegt fyrir frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Ég skil ekki, hvaða grein í þessu blaði það er, sem hæstv. dómsmrh. á við. Ég vildi

beina til hans þessum gömlu orðum: „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er". Hæstv. ráðh. er að víta framkomu íslenzks blaðs. Meiri ástæða var til að víta eitthvað í blöðum sambandsþjóðar okkar, þar sem land vort er kallað dönsk hjáleiga. Það er varla hægt að koma með meiri móðgun en þetta. En hvaða grein í Morgunblaðinu á hæstv. dómsmrh. við? Ef til vill grein, sem birtist í október um sjálfstæðismálin. Hún sýnir einmitt, hve órétt eru ummæli hans um Sjálfstæðisflokkinn. Þar segir meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar telur jafnréttisákvæðið háskalegasta og ranglátasta ákvæði sambandslagasamningsins. Þar er Dönum tryggður sami réttur á Íslandi og Íslendingar hafa sjálfir".

Yfirleitt er með þessari grein farið rækilega inn á þá galla, sem eru á sambandslögunum. Samtímis er bent á, að raddir hafi komið fram frá danskri hlið um, að þetta svokallaða jafnréttisákvæði í paragraf 6 í samningunum sé betra fyrir Íslendinga en Dani. Þá talar blaðið um, að æskilegast væri að fá þessu breytt þegar í stað en bíða ekki fram yfir 1943. Vill blaðið, að gefnu tilefni í ummælum danskra stjórnmálamanna, leita samþykkis Dana til þess að uppsögnin geti farið strax fram. Ég get ekki ímyndað mér, að hæstv. ráðh. eigi við þessa grein. Þar er aðeins gert ráð fyrir samkomulagi, ef það sé fáanlegt. Hinsvegar sýnir þessi grein rækilega, að stefna Morgunblaðsins í þessu máli er ósvikin.

Hæstv. ráðh. fór ýmsum háðulegum orðum um sjálfstæðisflokkinn og sagði, að þar væru nú ýmsir þeir menn, sem þungfærastir hefðu verið í sjálfstæðisbaráttunni. Ég ætla ekki að rekja sögu manna yfirleitt, sem eru í flokkum hér á landi. Aðalatriðið er ekki, hvaða aðstöðu þeir kunna að hafa haft; hitt er aðalatriðið, hvaða stefnu þeir hafa nú. Ég þekki engan grundvöll, sem alvörugefnir menn geta sameinazt um í stjórnmálum, annan en grundvöll málanna. Sá grundvöllur, sem Sjálfstæðisflokkurinn nú er byggður á, sést í stefnuskrá hans, en hana las ég upp í síðustu ræðu minni.

Því hefir verið haldið fram, að sjálfstæðisnafnið væri misbrúkað með því að nefna flokkinn þessu nafni. Það var sérstaklega hv. 2. þm. Árn. er hélt því fram. Hann sagði meðal annars, að sjálfstæðisnafnið ætti ekki við flokk hjá sjálfstæðri þjóð, en það hefði átt við áður. Ég leyfi mér að benda honum á, að Sjálfstæðisflokkurinn gamli viðurkenndi aldrei yfirráð Dana. Hann hélt því alltaf fram, að Ísland væri sjálfstætt ríki, en ekki innlimað í Danmörku. Ummæli hv. þm. í þessu efni eru hreinasta firra.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að hv. 3. landsk. hefði á fundi á Skeggjastöðum talað um yfirvofandi hættu af Dönum. Ég hlustaði ekki á þá ræðu, en ég býst við, að hann hafi sýnt mönnum fram á, hve réttur Dana gæti orðið landsmönnum hættulegur. Ég hefi heyrt, að danska stj., sem nú situr, vilji ekki stuðla að því, að danskur fiskiskipafloti komi hér til Íslands. En eins og ég hefi tekið fram áður, þá er það engin trygging, því að núverandi Danastjórn ræður ekkert við það, sem kann að gerast í framtíðinni. Einstakir menn þar í landi geta hvenær sem er sent hingað skip sín.

Hæstv. dómsmrh. kemur alstaðar fram eins og málafærslumaður Dana. Það sást vel, þegar hann ræddi um strandvarnir þeirra, sem honum þótti alltof hraklega talað um hér heima. Hann lýsti því, hve Fylla væri orðin gömul og lengi að hreinsa katla sína. Það er nú enginn sérstakur kostur á danska landvarnarskipinu, að það skuli vera orðið svona aldrað. Það var viðkvæmni í rómnum hjá hæstv. ráðh. er hann minntist á Fyllu. Ég gat ekki skilið betur en að hann teldi það heríilegar móðganir við Dani, ef fundið væri að landhelgisgæzlu þeirra, svo sem því, að Fylla hefði legið 80 daga, eða betur þó, inni á Reykjavíkurhöfn eitt árið. En þó gagnrýndar séu framkvæmdir, sem einstakir menn hafa hér í þjónustu Dana, þá er það allt annað en að móðga dönsku þjóðina. Það er auðvitað skylda vor að vaka yfir því, að allt sé haldið sem í samningnum felst. Danir mundu skoða það sem einurðarleysi og aumingjaskap frá vorri hálfu, ef ekki væri fundið að því, sem aflaga færi. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði landhelgis-

gæzlan verið betri þegar ég var ráðh. Ég man ekki, hvort skýrsla er til um það, hvað lengi skipin lágu inni. En þá voru skipstjórar eins og t. d. Brobjerg, sem sýndi frábæran dugnað við landhelgisgæzluna, og fengu enda sérstaka viðurkenningu fyrir að minu undirlagi. Sýnir það, að ég er fús á að viðurkenna það, sem Danir gera vel. Hæstv. dómsmhr. sagði, að þessi gagnrýni á landhelgisgæzlunni gæti skapað úlfúð milli þjóðanna. Ég held, að það sé alger misskilningur. Einurðin skapar einmitt oft skilyrði fyrir sem beztri sambúð. En hinsvegar sá ég ekki, að hæstv. ráðh. gæti í raun og vera varizt því, sem ég lagði mikla áherzlu á í fyrri ræðu minni, að sú grein, sem hann skrifaði í 7. tölublað Tímans þ. á., hún geti framar öllu öðru skapað úlfúð milli Íslendinga og Dana, þar sem hann segir, að annar aðalflokkurinn hér á landi sé beinlínis byggður á úlfúð og hatri til Dana. Það er ekki hægt að vekja upp draug úlfúðarinnar, ef það er ekki gert með því að koma slíkri hugsun inn hjá sambandsþjóð vorri. Og það sætir furðu, að jafnmerkur maður og Kragh innanríkisráðherra skuli taka undir með slíkum röddum og fara að fárast yfir því, hvaða nafni flokkur hér á landi kalli sig. Ég verð enn að spyrja að því, sem ég fékk ekki svar við um daginn, hvort það sé vegna þessarar ræðu á sambandslaganefndarfundinum í haust í Kaupmannahöfn, að hæstv. stj. og stuðningsflokkar hennar báðir kalla andstöðuflokk sinn aldrei annað en Íhaldsflokk? (**Dómsmrh.**: Það, sem hann er). Ég hefi enn á ný spurt, hvort þetta sé virkilega eftir danskri skipun. Það er sannarlega óberandi, að slíku sé ekki svarað öðru en útúrsnúningum. Það þekkist líklega ekki í sögu nokkurrar þjóðar, að stj. og flokkur hennar hafi ekki einurð til að kalla andstæðinga sína réttu nafni, og ennþá afkáralegra verður það, ef það er gert til þess að geðjast Dönum. Ég vil sýna Dönum alla þá samúð, sem þeir eiga skilið, en ég vil ekki krjúpa í auðmýktinni með hæstv. dómsmrh. Og meðan hæstv. dómsmrh. neitar því ekki afdráttarlaust, verð ég að líta svo á, að þetta sé gert eftir danskri skipun!

Að því er sambandslaganefndina snertir, þá var það hugsun vor Íslendinga, sem töldum hana óþarfa, að gera starf hennar eins lítilfjörlegt og hægt væri. En mér þykir þá skörin færast upp í bekkinn, ef Danirnir í n. fara að heimta skilagrein fyrir því, hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn kalli sig þessu nafni. Ég álít, að þjóðin eigi fulla kröfu á því, að hæstv. dómsmrh. skýri frá, hver sá merki stjórnmálamaður var, sem sagði, að Sjálfstæðisflokkurinn væri stofnaður á óvild til Dana. Hver var þessi stjórnmálamaður? Eigi að gera kröfu til þess, að við tölum með fullri varúð, þá verður a. m. k. að gera þær kröfur, að Danir hætti að kalla Ísland nýlendu sína og að merkustu stjórnmálamenn þeirra fari ekki með þá fjarstæðu, að stærsti flokkur landsins sé stofnaður af óvild til dönsku þjóðarinnar.

Hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt í svarræðu sinni til mín, að nokkrir pólitískir spekulantar hefðu tekið sér falskt nafn og ráðizt á vinsamlega þjóð. Þessi ummæli munu sízt verða hæstv. ráðh. til sóma.

Þó hæstv. ráðh. sé kalt til andstæðinga sinna, þá verður hann þó að gæta hófs í ummælum sínum um stærsta flokk landsins. Verð ég vegna þessara ummæla, þótt mér þyki það leiðinlegt, enn einu sinni að leyfa mér að lesa hér upp fyrsta liðinn í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, en hann hljóðar svo:

„Aðalstefnumál flokksins er að vinna að undirbúningi þess, að Íslendingar taki öll sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt sem 25 ára tímabil sambandslaganna er á enda".

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh., hvað það er í þessari stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, sem hefir reitt hann til reiði gagnvart flokknum? Og ennfremur vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkuð það hafi fram komið síðan Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður, sem beri öðru vitni en að flokknum sé það full alvara að standa fast um þessa stefnuskrá?

Greinin, sem hæstv. dómsmrh. las upp úr Morgunblaðinu, sýnir það ljóslega, að Sjálfstæðisflokkurinn vill halda sér við þessa stefnuskrá og vinna að því, að þjóð-

in geti eignazt land sitt kvaðalaust. Ég skoða það sem hverja aðra fjarstæðu, að það skuli vera kallað árás á vinsamlega þjóð, þó að þjóð vor sé að vinna að því marki, sem hún þegar hefir sett sér endur fyrir löngu, og margir hinna beztu sona hennar hafa lagt sinn skerf í, að takast mætti að ná. Það er stór furða, að hæstv. ráðh. skuli kalla það árás á sambandsþjóðina, að við vinnum að því marki að eignast landið, eftir að samþykki til þessa er komið af hálfu sambandsþjóðarinnar í sambandslögum.

Mér finnst sem hæstv. dómsmrh. hefði átt að vera það gleðiefni, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir ósvikinn vilja á að keppa að þessu marki, en hitt virðist mér aðeins sagt til að sá fræjum sundrungarinnar að vera að þræða allar götur aftur í tímann, til að leita að því, hvernig hver og einn hafi jafnan staðið í því máli.

Hitt skiptir ráðh., hvernig menn standa nú. Og því verr standa nú fáir verr í þessu máli en hæstv. dómsmrh.

Hæstv. dómsmrh. kallaði það glamur hjá mér, þegar ég var að átelja þau mistök, sem ég tel, að hæstv. ráðh. hafi orðið á í þessu máli. Ég fæ ekki betur séð en að ég hafi haft á réttu að standa, þegar ég var að átelja hæstv. ráðh. fyrir grein sína í Tímanum 15. febrúar í vetur. Ég fæ ekki séð, að neitt hafi komið fram, sem sýni annað. Og ég verð að segja það enn, að það voru mistök hjá hæstv. dómsmrh. að vera að flytja þann boðskap, sem hann hefir flutt sambandsþjóð okkar í þessu efni.

Það er sagt, að sumir menn séu skyggnir og sjái í gegnum holt og hæðir. Má vel vera, að þetta sé rétt; að minnsta kosti er það víst, að sumir menn eru skyggnir í stjórnmálum. Þeir sjá í gegnum holt og hæðir, sjá í gegnum vefinn, hvað er rétt og hvað rangt, hvað aukaatriði og aðalatriði, hvað það er, sem skiptir mestu máli fyrir framtíð þjóðarinnar.

Þeir eru fáir, sem í eiginlegum skilningi eru skyggnir í stjórnmálum. En þeir eru margir, sem á vissum augnablikum eru skyggnir og í þeim fjölmenna hópi er ég. Það koma yfir mig augnablik, þegar ég sé hitt og þetta, sem aðrir sjá ekki. Þegar hv. 2. þm. Árn. var að flytja sína ræðu, sýndist mér sem einhver ósýnileg hönd væri að klappa á kollinn á hv. þm., og sú hönd var ekki íslenzk. Má vel vera, að fleiri hafi séð þessa ósýnilegu hönd en ég, þó að ég viti það ekki, en hitt er víst, að allir heyrðu ræðu hv. þm., sem var mjög dönsk í sniðinu.

Hæstv. dómsmrh. var að ráðast á Sjálfstæðisflokkinn fyrir það, að í honum væru menn, sem áður fyrr hefðu ekki verið sterkir í sjálfstæðismálum, þó að hann gæti ekki borið á móti því, að þeir væru nú ákveðnir. Ég verð nú að segja það, að ég tel þetta gleðiefni. Hitt er verra, ef þeir menn, sem áður voru góðir sjálfstæðismenn, eru nú að yfirgefa sjálfstæðismálið, en slíka menn er einmitt að hitta í stjórnarflokknum. Því er nú verr og miður, og eftir seinustu ræðu hv. 2. þm. Árn. virðist mér hann vera að fara yfir í þann hóp.

Hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt í ráðgjafarn., að uppsögn sambandslaganna væri ekki ofarlega á dagskrá meðal þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn heldur því fram, að uppsögnin sé efst á dagskrá, og þar liggur mismunurinn milli hæstv. dómsmrh. og Sjálfstæðisflokksins í þessu máli.

Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. 2. þm. Árn. hóf ræðu sína, en mér er sagt, að hann hafi látið svo um mælt, að fimm ára ákvæðið hafi verið óþarft. (MT: Nei, þvert á móti). Þá hefir hv. þm. tekið sig á og leiðrétt þetta. Mér skildist sem hann liti ekki sömu augum á 6. gr. sambandslaganna nú og áður. Ein aðalástæðan fyrir því, að hv. 2. þm. Árn. var andvígur sambandslögunum, voru þó ákvæði þeirrar gr. um ábúðarréttinn, þar sem Dönum var gefinn sami réttur til Íslands sem Íslendingum sjálfum. Þær ástæður, sem hv. þm. færði fyrir þessu breytta viðhorfi sínu, voru svo barnalegar, að ekki nær nokkru tali. Það hefir enginn haldið því fram, að Danir hafi misnotað þennan rétt til þessa, en hinsvegar er nú vöknuð hreyfing í Danmörku fyrir því, að Danir hagnýti sér þennan rétt. Þó að það hafi heyrzt, að sú stj., sem nú situr að völdum í Danmörku, muni ekki hafa í huga að beina hinum danska fiskiflota hingað til Íslands, er ekkert víst um það, hvernig næsta stj. kann að taka í það mál, auk þess sem hin danska stj. ræður ekki við

hið danska einstaklingsframtak, ef því sýnist svo sem arðvænlegt sé að leita hingað. Hættan í þessu efni liggur því opin fyrir.

Þó að ég væri með sambandsl. á sínum tíma, var það ekki af því, að ég sæi ekki þessi ákvæði 6. gr., sem og ákvæði 7. gr., heldur af hinu, að með ákvæðum 18. gr. um uppsagnarfrestinn var þjóðinni fenginn lykillinn að sjálfstæði Íslands, ef hún kynni að nota hann. Þess vegna var sjálfsagt að taka við sambandsl., þrátt fyrir gallana á 6. og 7. gr. Og ég tel það skyldu mína að berjast fyrir því, að þessi réttur verði notaður. Allir þeir, sem skildu, hvað þessi réttur þýddi, verða að berjast fyrir því, að hann verði notaður, því að það er hinn mikilvægasti réttur, sem þjóðinni hefir verið fenginn í hendur í sambandsmálinu. Þess vegna hefir mér fallið það þungt, þegar ýmsir þeirra manna, sem harðastir voru í sjálfstæðismálinu áður fyrr, gera nú lítið úr þessum rétti og kalla það glamur, þegar verið er að halda honum fram, og í ótíma talað, þegar verið er að reyna að vekja þjóðina til þess að trúa á þennan rétt.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að ég væri mestur í máli, en minni til framkvæmda. Um það er ekki mitt að fella dóm. Það verða aðrir en ég að gera. Því verður þó ekki neitað, að ég hefi gert allt, sem í mínu valdi hefir staðið, til þess að vekja skilning og trú meðal þjóðarinnar á þennan rétt, sem henni er fenginn í hendur með uppsagnarákvæðum 18. gr. Og ég mun halda því áfram, svo sem mér er auðið. Meira verður ekki af mér heimtað.

Hv. 2. þm. Árn. sagðist hafa verið hlutlaus í þessari baráttu. Það er helzt til að hrósa sér af. Samkv. hinni fyrri afstöðu þessa hv. þm. til sambandslaganna, er hann skyldugur til þess að standa fast í þessari baráttu.

Hv. 2. þm. Árn. var að skjóta persónulegum hnútum til mín. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Það skiptir litlu máli, bæði fyrir mig og þjóðina, þó að hann og ýmsir aðrir leggist á það lag.

Hv. þm. sagði að ég væri einangraður. Það fæ ég ómögulega séð, þar sem það mál, sem ég legg höfuðáherzluna á, hefir jafnmikið fylgi og raun ber vitni. Ég fæ ekki séð, að sá sé einangraður, sem hefir áheyrn hjá þjóðinni og hefir fengið marga af mestu mönnum hennar til þess að trúa á sinn málstað og fylkja sér um hann. Hitt er annað mál, að ýmsir aðrir, eins og t. d. hv. 2. þm Árn., standa nær þeim, sem völdin hafa, og geta þannig haft áhrif á ráðstafanir stj.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að sjálfsagt væri að segja samningunum upp, hvort svo sem samningur yrði gerður eða ekki. Þetta er hin mesta firra. (MT: Ég sagði ekkert í þessa átt). Hv. þm. hefir lært mikið síðan um daginn, þegar ég skrifaði þetta upp eftir honum. En þetta sama hefir komið fram í sjálfu stjórnarblaðinu. Þar er áherzlan lögð á endurskoðunina í stað uppsagnarinnar, og öllu grautað saman í þessu máli. Og eftir yfirlýsingu hæstv. núverandi stj. um það, að uppsögnin væri ekki ofarlega á dagskrá með þjóðinni, var það knýjandi nauðsyn að stofna Sjálfstæðisflokkinn.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að sjálfstæðisnafnið væri fagur forngripur. Ég verð nú að segja það, að hver sá flokkur, sem reynir að vinna að sjálfstæðismálum þjóðarinnar, getur með góðri samvizku borið þetta nafn. Það er langt frá því, að tími sé kominn til að leggja árar í bát. Meðan þjóðin er ekki búin að fá eignarrétt yfir landinu og ná utanríkismálunum í sínar hendur, er nóg að vinna fyrir sjálfstæðisflokk. Ef nógar ráddir verða til þess að taka undir með hinum núráðandi flokkum í landinu um það, að sjálfstæðismálið sé glamur eitt, er hætta á ferðum. Þá er framtíð þjóðarinnar í voða.

Ég skal játa það, að það er langt frá því, að ég öfundi hv. þm. af utanfararstyrknum, sem mikið hefir verið rætt um. Hann var ekki svo mikill, að það taki því. Ég vissi, að hv. þm. þurfti að fara utan til þess að stækka sjóndeildarhring sinn. En því verr og miður hefir sjóndeildarhringurinn ekki stækkað, en hitt virðist mér, að hv. þm. hafi komizt helzt til mikið undir pilsfaldinn á „dönsku mömmu“ í þessari utanför sinni.

Ég skal fara fljótt yfir sögu, að því er snertir ummæli hv. 2. þm. Árn. um

bankamálið. Hv. þm. sagði, að enginn í Framsóknarflokknum hefði viljað leggja bankann í rústir. Þetta þótti mér harla einkennilegt að heyra, þar sem það var á allra vitorði, að hæstv. stj. lagðist óskipt á þá sveif. Og hvað þýddi gjaldþrotafrv., sem kom fram nóttina eftir að vakað hafði verið og beðið fyrir lánstrausti þjóðarinnar, annað en það, að bankinn yrði lagður á höggstokkinn?

Það var ekki laust við að vera skemmtilegt, þegar hv. 2. þm. Árn. var að lýsa yfir því, að hann hefði alltaf verið því mótfallinn, að ríkið tæki bankann að sér og ræki hann. Með hvaða móti hefir endurreisn bankans orðið? Ríkið á meiri hluta hlutafjárins, það ræður meiri hluta bankaráðsins, svo að bankinn er eins nærri því að vera ríkisbanki og nokkur banki getur verið. Þó að einstakir menn hafi lagt fram hlutafé til bankans, hefir það engin áhrif á skipun bankastjóranna, og sýnir það greinilega, að bankinn er að öllu leyti ríkisbanki.

Ég skal ekki rekja sögu bankamálsins að þessu sinni. Ég hefi gert það áður. En ég get sagt það, að ég gerði allt, sem í mínu valdi stóð, til þess að vinna að endurreisn bankans. Mér var það ljóst í upphafi, hvað hrun bankans mundi verða örlagaríkt fyrir þjóðina, út á við og inn á við. En ég skal ekki fara nánar út í þetta nú. Það er ekki vert að vera að draga bankamálið inn í eldhúsdagsumr. frekar en þörf gerist, heldur vil ég aðeins drepa nokkuð á hina þingræðislegu aðstöðu, sem lausn bankamálsins hefir sett hæstv. stj. í. Kom ég að vísu inn á þetta í minni fyrri ræðu, en verð þó að endurtaka nú, það sem mestu máli skiptir. Þungamiðjan í því, sem ég sagði, var það, að ég vissi ekki betur en að hæstv. ríkisstj. hefi staðið á bak við gjaldþrotafrv. og þannig sýnt, svo að ekki verður um villzt, að hún var á móti bankanum. Á síðustu stundu var öllu snúið við með stofnun hins nýja banka. Allir sem kryfja málið til mergjar sjá, að þessi nýi banki er Íslandsbanki endurreistur. Nafnbreytingin er ekkert aðalatriði. Þótt bær, sem hét Fagridalur áður, sé nefndur upp og kallaður Skeggjastaður, þá er það vitanlega alveg sami bærinn eftir sem áður. (BÁ: Og þótt Íhaldsflokkurinn skíri sig upp og nefnist Sjálfstæðisflokkur, þá er það sama íhaldið eftir sem áður). Ný stefnuskrá, nýir menn og nýtt nafn skapa nýjan flokk. Hvað er svo þessi nýi banki? Hvaða kapital hefir hann? Hann hefir 1½millj. kr. í stofnfé. Hvaða hús hefir hann? Ekkert. Hvaða fortíð? Enga.— Hann hefir ekkert nema þessa 1½ milljón; enga þræði sem liggja út til þjóðarinnar. En Íslandsbanki hefir kapital sem nemur 6 millj. Hann hefir hús, hefir útibú á fjórum stöðum og hann veltir milli 300 og 400 millj. Það er hégóminn einn að tala um, að Íslandsbanki sé ekki endurreistur. Bankinn með nýja nafninu tekur auk þess að sér allar skuldbindingar Íslandsbanka. Nei, það er Íslandsbanki, sem heldur áfram að starfa í sínu húsi, sínum útibúum og með sinni veltu, en auðvitað breyttu nafni. Skeggjastaðir þykja nú fallegra en Fagridalur. Hv. þm. talaði um, að ríkið hefði enga ábyrgð á þessum banka. Ræður ekki stj. yfir, hvernig bankaráðið verður skipað og hverjir verða bankastjórar? Leggur ekki ríkið fram 3 millj. + 1½ millj.? Þessi banki er í raun og veru ríkisbanki. Hann er alveg á valdi ríkisins og stj. En hæstv. stj. Lagðist hún ekki fast gegn því, að Íslandsbanki yrði endurreistur? Og samt er hann endurreistur og stórfé lagt í endurreisnina. En þegar málið gekk svo mjög gegn stj. var þá ekki ástæða fyrir hana að draga sig til baka? Jú, sannarlega! Það eru til þingræðisreglur, sem gildi hafa í öllum þingræðislöndum í kringum oss. Gegn þeim allsherjarreglum megum við ekki syndga. Fyrir oss er það álitshnekkir. Ef mikilsverð mál ganga á móti stj. í Englandi, þá biður hún þegar um lausn. Sama er í öðrum helztu þingræðislöndum. En mér þætti gaman að sjá það mál, sem gengi á móti þessari hæstv. stj. og henni þætti svo mikilsvert, að hún sæi ástæðu til að biðja um lausn. Stj. þóttist einu sinni eiga stórt mál, gengismálið. Það var svo stórt mál, að það blandaðist hjá henni saman við öll önnur mál. En hvað hefir svo hæstv. stj. gert í því máli síðan hún tók við völdum? —Ekkert, bókstaflega ekkert! — Þó var þetta hjartans mál stj., eftir því sem hún sjálf sagði. Forsrh. talaði aldrei um ann-

að en gengið. Allt valt á því. En stj. sat samt sem fastast, þó hún gæti ekki komið málinu fram. Stj. annara þingræðislanda fara frá, ef þær koma ekki fram sínum hjartansmálum. — Bankamálið var afarstórt mál. Allir nema stj. og hennar auðmjúku skildu í raun og veru hversu stórt það var. Stj. var staðráðin í því að drepa bankann. Stj. hafði þá tröllatrú, að þetta væri til þess að bjarga lánstrausti þjóðarinnar. Þá kom kurr upp í stjórnarliðinu. Ekki nógu sterkur að vísu til að kasta stj. Enn nógu sterkur til þess að bjarga málinu. Fyrir þá björgun eiga uppreisnarmennirnir þökk skilið. En mikið þjóðþrifaverk hefði það verið, ef þeir hefðu einnig látið stj. falla. Hv. 2. þm. Árn. talaði um það, að þetta mál hefði verið notað af okkur til þess að reyna að fella stj. Hv. þm. mænir alltaf á stj. Og allir vita, að Sjálfstæðisflokkurinn telur það skyldu sína að fella stj. En svo stórt var þetta mál, að til þess að bjarga því hefðum við unnið það til að láta stj. sitja, ef við hefðum haft líf hennar í hendi okkar. —

Og hvílíkur ábyrgðarhluti hefði það ekki verið að láta stj. sitja, ef hægt hefði verið að fella hana.

Þá var hv. þm. með eitthvert spakmæli, sem ég skyldi ekki fyllilega. Mér heyrðist hann segja, að „seint væri afglapa at snotra". – Ég býst nú við að þetta hafi verið einskonar eintal sálarinnar og leiði það hjá mér.

Magnús Torfason: Mér þótti leitt að geta ekki hlustað á alla ræðu hv. þm. Dal. Ég varð að bregða mér frá sem snöggvast. Mér er hreinasta nauðn að heyra þennan hv. þm. **tala.** Og það er af því, að mér finnst hv. þm. alltaf meira og meira vera að líkjast sira Sigvalda, langföður sínum úr„ Manni og konu". Mér finnst presturinn og prófasturinn úr þessum forföður vera alltaf að komast lengra og lengra upp eftir hv. þm. Honum lærist þetta betur og betur, og mér virðist honum takast hlutverkið mæta vel. Hv. þm. er líka gamall leikari. (**SE:** Hvenær hefi ég leikið?). Mig minnir að hann væri að leika ráðherra hérna á árunum. En ég vissi, að honum þótti afargaman að vera kallaður „hans hágöfgi".

Um leið og ég kom inn úr dyrunum áðan, heyrði ég hv. þm. segja, að hann væri skyggn á einstaka augnablikum. Vel má vera, að hv. þm. hafi þennan eiginleika. En hann hefir þá aldrei komið honum að liði, þegar verulega hefir á reynt. Hv. þm. þóttist hafa séð danska hönd yfir kollinum á mér. Ég trúi þessu vel. Hv. þm. er nú einusinni skáld og á sjálfsagt gott með að gera skáldskapinn að veruleika. Og þegar hann er lengi búinn að blína á einhverja hugsjón, þá verður hún að virkileika fyrir honum. Enda hefir það oft komið í ljós, að hv. þm. á erfitt með að meta hið rétta viðhorf hlutanna. Hv. þm. vildi gera mikið úr þessu sjálfstæðisnöldri sínu undanfarin ár. En ég geri lítið úr því. Þetta hefir allt verið glamur, að undanteknu þessu eina, sem allir voru sammála um: uppsögn Sambandslagasamningsins þegar samningstíminn er á enda. Hitt eru allt smámunir, sem hv. þm. hefir reynt að kemba upp og alveg ósamboðið sjálfstæðu og fullvalda ríki. Ef eitthvað væri að Dönum að finna í framkvæmd samningsins, þá er ekkert gagn að snakka um það. Ef einhverjir gallar kæmu í ljós, þá á að fá þá leiðrétta í gegnum utanríkisnefndina. En nú stendur svo á, að hv. þm. hefir átt sæti í þessari n. Hefir hann því haft ágætt tækifæri til að berjast fyrir því þar, sem til gagns mætti verða fyrir landið, en hann hefir bara ekki gert það. Ég hefi ekki heyrt, að hv. þm. hafi komið með eina einustu till. í þessa átt. Hefi ég þó alltaf hlerað vandlega eftir því, sem gerzt hefir í þeim málum.

Hv. þm. vildi segja, að íhaldsmenn — ég bið hv. þdm. að taka eftir því, að ég segi íhaldsmenn en ekki Íhaldsflokkur, sem hefir aðra og víðtækari merkingu — hefðu sett sjálfstæðismálin efst á dagskrá. Ég hefi nú ekki orðið var við þetta síðan Íhaldsflokkurinn skipti um nafn. Þeir hafa ekkert slíkt mál með höndum, og ekkert slíkt mál getað helgað sér. Þeir hafa að vísu um einstök atriði, sem beint eða óbeint hafa snert okkar sjálfstæðismál, lagt sinn skerf fram, ásamt öðrum. Því ber ekki að neita. En hvað þessi mál snertir, þá held eg fast við þann skilning, er ég hélt fram og skýrði í minni fyrri ræðu, að við eigum að taka hvert atriði, sem þarf umbóta við, út af fyrir sig og

halda fast á því og slindrulaust, án þess að vera með almennt glamur.

Hv. þm. hefir eflaust heyrt illa mína fyrri ræðu, því hann fór ekki rétt með neitt úr henni, nema eina tilvitnun í gamlar ritningar, sem ég þó gaf honum upp sérstaklega. Hann heyrði ekki heldur þessa tilvitnun, er ég flutti ræðu mína. En svo hafði ég hana upp fyrir honum á eftir, uns mér að lokum tókst að láta hann skilja hana.

Þá var hv. þm. eitthvað að rugla um það, að ég hefði sagt, að ekki hefði átt að setja 5 ára búsetuskilyrðið í stjskr. Ég er nú hissa á þessu. Ég var í stjórnarskrárnefnd, átti töluverðan þátt í samningu hennar og greiddi atkv. með henni. Ég sagði að þetta ákvæði hefði átt að vera í sambandslögunum en ekki í stjórnarskránni, og að þarna hefði verið farið í kringum Dani með þessu ákvæði stjskr. (SE: Þarna kemur viðurkenningin!). Það er ekki hægt að neita því, að þeir, sem settu þetta skilyrði í stjskr., voru að fara í kringum Dani. Þáverandi forsrh. leit líka svo á og neitaði því að skrifa undir stjskr. En að ég gat verið samþ. þessu ákvæði er ekki sambærilegt, því ég og hv. þm. N.-Þ. höfðum greitt atkv. móti sambandslögunum. Við vorum því ekki bundnir við ákvæði sambandslagasamningsins, og gátum því greitt frjálst atkv. um þetta. Hv. þm. viðurkenndi það nú, að Danir hefðu ekki misnotað rétt sinn hingað til. Með þessu viðurkenndi hann mína afstöðu, því fyrst svo er, þá er líka skylda okkar að sýna þeim alla kurteisi. Í gamla daga, þegar sambandið við Dani var virkilegt deiluefni, þá klingdi við jafnan orð eins og „danska mamma“ og þesshättar. Ég hefi fráleitt verið saklaus af að taka mér slík orð í munn þá. En slík orð eiga ekki við nú. Og þau má ekki viðhafa fremur um Dani en t. d. Englendinga eða hvert annað ríki, sem sýnir okkur fulla vinsemd. Þetta er sá háskalegi misskilningur hjá hv. þm. Eða þá að hann kærir sig ekki um að skilja þetta rétt. Það er allt annað, hverju haldið var fram áður, eða hverju sæmilegt er að halda fram nú. Það var ekki hægt að segja, að við værum sjálfstætt ríki t. d. á einveldistímunum eða á einokunartímunum. En þennan rétt vorum við að sækja til Dana. Við erum ekki búnir að fá hann að fullu enn í okkar hendur. En við getum fengið hann á ákveðnum tíma og höfum samning um það. Á meðan er ekki annað að gera en að sjá um, að sá samningur sé haldinn. Fyrir því er allt, sem hv. þm. hefir sagt, ekki einungis misskilningur, heldur örþrifaráð til að snúa útúr og bera fram og búa til tylliástæður, þegar engum veruleika er til að dreifa.

Ég tók það fram, að ég væri ekki hræddur við jafnréttisákvæðið, eða að Danir misnotuðu það. Hv. þm. fór að tala um fiskiflota Dana. Ég hélt ekki, að jafnrétti okkar stafaði hætta af því. Ef Danir fara að koma sér upp fiskiflota, þá er enginn vafi, að til þess verða þeir að nota botnvörpunga og þeir mega vitanlega ekki koma inn fyrir landhelgina frekar en okkar eigin eða annara þjóða botnvörpungar. En ég hefi nú enga trú á því, að Danir fari að koma sér upp fiskiflota, sem sé að nokkru gagni. Fiskiveiðar eru fjarlægar þeim, og þær, sem eru, eru allt öðruvísi en okkar. Danir sendu hér á árunum, ég ætla það væri 1907, þrjá til fjóra báta. Þeir ætluðu þá að vera svo góðir, að láta þessa báta kenna okkur fiskveiðar. En hvernig fór? — Jú, fyrirtækið tapaði öllu fé sínu á nokkrum mánuðum. Enda fóru bátarnir aldrei af stað á morgnana til fiskjar fyrr en skipshafnirnar voru búnar að eta góðan morgunverð með þremur snöfsum og nokkrum bjórum með. Slíku erum við nú ekki vanir Íslendingar!

Hv. þm. gerði mikið úr sinni frammistöðu, þegar sambandslögin voru samþ. Ég varð ekki mikið var við það. En hitt varð ég var við, að íslenzka flaggið hefir aldrei verið sett hærra á stöng en þegar þeir samningar byrjuðu. En raunin varð, að í verulegum atriðum komust þeir niður fyrir uppkastið 1908. Sum ákvæði voru þó góð, uppsagnarákvæðið t. d. En þó þótti mér of ríkt að heimta ¾ af ¾ allra atkv. á landinu til þess, að upp megi segja samningnum. Ég var smeykur við þetta ákvæði. Ekki af því að ég hræddist Dani. Nei, ég var hræddur við dönsku Íslendingana hérna heima. Þeir komu svo berlega fram í ljósið í öllum þeim samningaumleitunum. En því er betur,

að smátt og smátt hefir fullveldistilfinningin orðið svo rík með þjóðinni, að ég held, að enginn muni héðan af ljá sig til þess hér að halda uppi danska málstaðnum. Eins og ég hefi tekið fram, met ég mikils uppsagnarfrestinn. Mér hefir því aldrei komið til hugar að gera lítið úr samningnum, hvað þá að nota hvert tækifæri til þess. Ég hefi setið hjá, eins og hv. þm. veit, þó að mér hafi mislíkað sumt í þessu masi, því að sumt af því er þó á viti byggt.

Hv. þm. Dal. fór að hafa upp eftir mér máltæki, en ekki gat hann haft það rétt eftir. Hann hélt mig hafa kallað sig „mestan í málum", en ég sagði allt annað. Ég verð að telja það hreina og beina móðgun við mig, að honum skuli detta í hug, að ég hafi nokkurn tíma haldið, að hann væri mestur í einu einasta máli. Ég sagði, að hann væri mestur í málinu. Og það er bezt, að ég bæti nú við hinum helmingnum — eins og refurinn í rófunni. Ef hann skilur þetta ekki, þá furða ég mig ekki á því, þó að það fari að hafa áhrif, að hv. þm. er heiðinn. Ja, nú veit ég ekki, hvort hann skilur þetta, það er gamalt mál. Ég veit ekki til, að hann hafi staðfest skírn sína. Hann hafði eftir mér, að hann væri einangraður. Ekki sagði ég það. Hann er sannarlega ekki einangraður nú. En af því að hann var einangraður. datt hann í kjöltu annara. (ÓTh: Sumir hafa dottið harðar). Enginn vafi, að þeir hafa látið undir hann dúnsængur og önnur þægindi.

Þá getur hv. þm. aldrei stillt sig um að tala um það, að hann sé að vinna fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Við eigum ekki að nota nein orðatiltæki frá því, að við vorum undir Dani seldir. Hreinlegra væri að tala um sambandsslit, það er kjarni málsins. Út frá því sjónarmiði væri hv. þm. réttnefndur Slítandi. (SE: Þetta er ágæt fyndni). Þetta er gömul persóna í Íslendingasögum, sem svo hét.

Hv. þm. endaði með því að segja, að ég væri að skríða undir pilsfald dönsku mömmu. Ég get ómögulega bannað hv. þm. að segja þetta. En mér þætti gaman, ef hann gæti tilfært einhvern heimildarmann fyrir því, að ég hafi lið danska málstaðnum nokkurntíma fylgi eða veitt honum nokkra eftirgjöf um fullveldismál þjóðarinnar. Ég get sagt frá því í fæstum orðum, að ég átti talsverðar umræður um þau við suma stjórnmálamenn Dana, og ég held, að þeir beri mér ekki það orð, að ég hafi skriðið undir pilsfaldinn.

Þá kem ég að bankamálinu. Orðin, sem ég var að tala um hjá hv. þm., þau minna mig á, þegar hann var að semja við Dani um lán Íslandsbanka. Hæstv. forseti óskaði eftir, að menn væru ekki að nota svona ljót orðatiltæki eins og að segja, að menn væru að skríða fyrir Dönum, og ég vil ekki heldur segja það. En ég held, að hv. þm. Dal. hafi leikið talsvert dátt við þá, klappað á öxlina á þeim og horft blíðlega inn í augu þeirra eins og ungu stúlknanna, og yfirleitt gert sig svo mjúkmæltan sem unnt var. Ég heyrði þetta í Danmörku í sumar. Það var vitanlega sagt á dönsku, og ég tek ekki upp nein orð. En ég vil benda hv. þm. á, að hann var sjálfur að kvarta yfir því, að íhaldsmenn hefðu ekkert að segja yfir nýja bankanum, stj. hefði þar öll völdin. Hvað sýnir greinilegar en þetta, að hér er ný stofnun?

Hitt er algengt, að nýr banki taki reitur gamalla og reyni að gera mat úr. Í því sambandi var hv. þm. að tala um, hvað bankinn ætti miklar eigur. En hann gleymdi hinni hliðinni. Það var eins og engar væru skuldirnar. (SE: Nei, ég tók þær með). Það þurfti að taka allt eins og það var. Það þurfti að fá að vita, hvort þeir, sem áttu inni í bankanum, vildu leggja eitthvað til. Þeir ætluðu sér að taka hlut sinn á þurru landi, en það varð nú ekki, sem betur fór. Hv. þm. varð til þess að bera bankann inn í þessar eldhúsdagsumr., það er honum að kenna, að málið var tekið upp. Hann má þakka fyrir, að öll þessi mál og hans afskipti af þeim hafa ekki verið tekin til rækilegrar meðferðar enn. Eins og hv. þm. kannast við, hefi ég ekki talað orð um stjórn hans á Íslandsbanka. (SE: Ég bið hv. þm. að koma með það). Það getur orðið austur í sveit, ef þm. þorir að koma þangað. Eldhúsið er orðið nokkuð langt.

Þá talaði hv. þm. um gengismál og þingræðisreglur. Mér ber ekki að svara því. En ég taldi það svik við þjóðina, ef stj., af því að hún hefir ekki komið öllu

fram, kastaði því máli í hendurnar á hækkunarmönnum. Ég mundi kalla það örgustu svik við alla þjóðina. Fleiru þarf ég ekki að svara hjá hv. þm.

Honum, þessu mikla skáldi, hefir nú ekki tekizt vel að svara fyndinyrði mínu. Það var bara eins og strákarnir segja: Éttu 'ann sjálfur. Hv. þm. hafði orð eftir Landnámu. Þar er vísan, sem hann sagði sig langa til að hafa yfir hér. Ég skora á hann að gera það. (SE: Ég er ekki með spaug í hv. deild). Jæja, orðin, sem hann ætlaði að fara með eru þessi:

„Fork lætr æ sem orkar
at glamrandi hamra
á glotkylli gjalla
Geirhildar hví meira".

(SE: Já, glotkyllir var orðið, sem ég hugsaði um). Það er mikill hreimur í þessum orðum, og þau lýsa vel ræðumennsku hv. þm. Ég býst við, að menn skilji þetta flestir, ef ég les upp söguna, sem fylgir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þórir þursasprengir hét maðr; hans son var Steinröðr enn rammi, er mörgum manni vann bót, þeim er aðrar meinvættir gerðu mein. Geirhildr hét fjölkunnig kona ok meinsöm; þat sá ófreskir menn, at Steinröðr kom at henni óvarri, enn hon brá sér í nautsbelgs líki vatnsfulls. Steinröðr var járnsmiðr; hann hafði járngadd mikinn í hendi; um fund þeirra var þetta kveðit". (SE: Þetta er ljóta pólitíkin). Vísan hljóðar einmitt um það, að hann hafi barið Geirhildar vatnsfullan nautsbelginn.

Það er einmitt það, sem ég vil gera, og einmitt sakir þessa skil ég, að hv. þm. hafi ekki kært sig um að flíka vísunni.

Tveir aðrir hv. þm. hafa yrt á mig nokkrum orðum. Ég hlustaði á blessað kerlinganöldrið mitt hjá hv. þm. Borgf. Hann hermdi það eftir mér, að sjálfstæðisnafnið væri móðgun við Dani. Ég sagði að það væri móðgun við fullveldi okkar eigin þjóðar, og það er dálítið annað. En ég get ósköp vel skilið, að hv. þm. hafi ekki getað hlustað vel á ræðu mína og ekki verið með fullkomnu jafnaðargeði. Hann byrjaði ræðu sína með því að játa, að hann hefði talað af sér, en þetta hefir hann oft gert áður. Hann sagðist hafa haft óheflað alþýðumál. (PO: Er það að tala af sér?). (Forseti: Ekki samtal). Já maður á ekki að nota óheflað mál. (PO: Þá ætti hv. 2. þm. Árn. aldrei að tala). Má ég biðja hv. þm. að vera ekki að þessu kerlingarnöldri. Það er einmitt kerlingasiður að taka fram í fyrir mönnum. En þetta stóð ekki lengi hjá honum, því að í næstu andrá datt hann ofan í pyttinn. Hann fór að bregða mér um hluti, sem alls ekki eru nefnandi í þinghelgi. (PO: Hvað var nú það?). Ég skal nú fyrirgefa honum það, því að hann hefir verið fulla tvo mánuði hjákona hv. 2. þm. G.-K. og hefir lært þetta af honum. Þessi hv. þm. sýndi þar með kvenskap sitt, því að ég veit ekki til þess, að karlmenn bregði nokkurntíma öðrum mönnum um slíkt, en það er algengt um kvenfólk.

Ætla ég nú að kveðja hann að þessu sinni. Hann sagði reyndar ennfremur, að ræða mín hefði verið það vitlausasta, sem sagt hefði verið um sjálfstæðismálið. Hann var að leika hér hæstarétt og lék hann vel. Hann fór alveg að eins og hæstiréttur, þegar hann ekki með nokkru móti getur varið dóma sína. Hann flutti nefnilega engar ástæður.

Eitthvað var hann að tala um klæðafall og laut þá nokkuð lágt, en ég get ósköp vel skilið það, því hv. þm. er ærið niðurlútur, því jafnvel meðan hann er að halda ræður hér í þingsalnum, er eins og hann sé alltaf að leita að tieyringnum, sem hann týndi hér fyrsta þingsumarið sitt.

Þá á ég aðeins eftir að svara hv. 2. þm. G.-K. Hann fór, eftir því sem hann sagði sjálfur, að líkja eftir hæstv. dómsmrh. og hrósa sér af framgöngu sinni í gengismálinu 1925. Ég held nú, að ég hafi aldrei heyrt neinn mann hrósa sér öllu greinilegar en hv. þm. gerði þá. Og það væri náttúrlega ósköp gott, ef hann ætti þetta lof skilið. En því miður hefi ég, og hafði frá fyrstu tíð, fullar heimildir fyrir því, að menn innan hans eigin félagsskapar, sem hann átti að standa á verði fyrir, voru fjarskalega óánægðir með hans framkomu; þetta barst í tal núna einmitt út af þessari lofdillu, sem hv. þm. setti á sjálfan sig.

Ég skal gjarna taka það fram, að hann átti sjálfsagt við mjög ramman reip að draga, þegar hann átti að stöðva gengishækkunina. Það voru þar mörg vopn á

lofti og margar torfærur. Þar munu hafa verið fjöll af sementssekkjum yfir að fara og annar tröllskapur að yfirvinna, sem ég hirði ekki að nefna.

Eitthvað var hv. þm. að hnýta í mig fyrir það, að ég var ekki endurkosinn forseti sþ. og hefði farið utan. Ég á nú bágt með að skilja þetta, a. m. k. eftir því sem hann rökfærði það. Ef það er hans meining, að einhverjum hafi ekki farizt sem bezt við mig, þá hélt ég, að bæri ekki að núa mér því um nasir. Ég hefi aldrei vitað það gert, og skil ekki þá röksemdafærslu. En ég get huggað hv. þm. með einu: Það, að ég fór utan, var fyrst og fremst góðum og gegnum ihaldsmönnum að þakka.

Hv. þm. vildi kvarta undan því, að ég hefði farið utan að læra mannasiði. En ég get skýrt hv. þm. frá því, að einn mikilsmegandi maður hefir krafizt þess, að það yrði flutt vantraust á stj. fyrir að senda ekki hv. 2. þm. G.-K. utan, til þess að læra mannasiði í minn stað.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. þm. Dal. endaði sína fyrri ræðu í eldhúsinu á því, að hafa yfir gamalt íslenzkt Grýlukvæði, og af því, hvað hann flutti með miklum raunablæ þetta gamla skemmtikvæði, dró ég það, að hann mundi óska þess að vera nú sjálfur orðinn t. d. Langleggur. En af því að ég er dálítið skáldhneigður eins og hv. þm., þótt ekki sé ég kominn í stórskáldatölu fremur en hann, þá hefir mér líka dottið í hug gömul vísa, undir þeirri hríð, sem stórskotalið stjórnarandstæðinga hefir undanfarna daga látið dynja á stj. Vísan er svona:

Satt og logið sitt er hvað,
sönnu er bezt að trúa, —
en hvernig á að þekkja það,
þegar flestir ljúga?

Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þótt haldinn sé eldhúsdagur hér á þingi, t. d. einu sinni á ári, þ. e. nokkurskonar pólitískur reikningsskiladagur, þar sem flokkarnir ræða sín á milli stefnu og starfsháttu þeirra, sem með völdin fara, og það er ekkert undarlegt, þótt margt þurfi að athuga, þegar við völdin situr stj., sem er áhugasamari og framtaksamari á flestum sviðum þjóðlífsins heldur en flestar eða allar þær stj., sem áður hafa setið hér. Það má segja, að allt orki tvímælis, sem gert er, og ég veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið unnið það starf, að ekki megi deila um, hvort ekki hefði verið réttara að hafa það á annan veg. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort nokkur einstaklingur hefir nokkurntíma framkvæmt nokkurt verk fyrir sjálfan sig svo, að hann hafi ekki á eftir fundið, að eitthvað í framkvæmdinni mátti betur fara. Við hverju má þá ekki búast hjá stj., er hefir fjölda framkvæmda á prjónunum?

En þótt ýmislegt megi þannig með réttu finna að störfum þessarar stj. eins og allra annara, er ranglátt að dæma öll verk stj. óhæfu, alveg eins og ef t. d. ráðist væri á togaraútgerðina, þótt sumum togurum hafi mistekizt, þeir hafi strandað eða farið í landhelgi, eða á vegabætur landsins í heild, þó að þar hafi komið fyrir mistök, eins og t. d. í Ferjukotssikinu eða með sumar brúarsmíðarnar, eða ef ræktunarstarfsemi landsins væri dæmd einskis nýt, þó að til kunni að vera kalblettur á stöku stað. Að öllu þessu má finna og á að finna, þó að það geti orðið smáræði, þegar litið er á heildarárangurinn. En þegar þess er gætt, að hér eru að verki stjórnarandstæðingar, sem hafa sýnt, að þeir ganga fyrirfram ákveðnir til verks, í því að vera á móti öllu því, sem stj. hugsar, segir og gerir og atyrða hana fyrir það; andstæðingar, sem gera stj. hinar fjandsamlegustu hvatir í hverju máli, sem leysa öll útgjöld ríkisins upp í fimmeyringa til að grýta hana með, — ja, þá er ekki að undra, þótt nokkuð teygist úr tímanum, sem notaður er til eldhúsverkanna.

Ég ætla ekki að fara langt út í þær ásakanir, sem andstæðingar stj. hafa á hana borið. Ég ætla aðeins að nefna þrjú dæmi, sem sýna sannleiksástina og einlægnina, sem þar er að verki.

Á þinginu 1928 var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka, ef á þyrfti að halda. Stjórnarandstæðingar réðust á stj. fyrir þetta og kváðu það óþarfa álögur á borgarana. Hinsvegar voru uppi háværar kröfur, bæði frá þessum flokki og öðrum, um margskonar verklegar fram-

kvæmdir, sem stjórnarflokkurinn var ekki viss um, að fé mundi vera til þess að framkvæma, án þess að leyfa stj. að afla tekna á þennan hátt. Þegar svo sýndi sig, að tekjur ríkissjóðs voru meiri en búizt var við og ekki þurfti að grípa til þessarar heimildar og stj. ákveður að beita henni ekki, — hvað verður þá uppi á teningnum? Stj. er skömmuð fyrir það, fyrir að gera það ekki, sem hún var áður skömmuð fyrir að gera.

Þá ætla ég að minnast á annað dæmi. Stj. var átalin fyrir það á þinginu 1928, að hún hefði skorið við nögl sér framlög til vega- og brúargerða í landinu, er hún lagði fjárl. fyrir þingið. Það gerði hún, af því að hún áleit, að þá væru ekki fyrir hendi nægilegar tekjur til að standast kostnað af meiri framkvæmdum. Vitanlega var hún skömmuð fyrir þetta, þó að hún lýsti yfir því, að næði hún að tryggja sér nægilegar tekjur til þess, myndi hún auka þessar framkvæmdir, eftir því sem getan leyfði. Nú á síðasta ári sýndi sig, að hægt var fjárhagsins vegna að framkvæma miklu meira af vega- og brúargerðum en áætlað var, enda hefir stj. varið stórfé til þessa, í viðbót við það, sem var í fjárl. Hvað kemur þá fram? Þá er sagt, að hún hafi sukkað 4 millj. kr. af landsfé. Ekkert undan tekið. Vel má vera, að ýmislegt í umframgreiðslum stj. sé þannig lagað, að stjórnarandstæðingar vilji gera aths. við það. En ekki er látið sitja við það, heldur er hún einnig skömmuð fyrir að hafa varið fé til þess, sem hún var áður skömmuð fyrir að hafa útundan.

Þá skal ég minnast á Íslandsbankamálið. Eins og kunnugt er, stóðu öll járn á stj. fyrir það, að bankanum skyldi vera lokað, eða að hann skyldi ekki vera opnaður viðstöðulaust. En þegar stj. svo beitist fyrir því, að hann verði opnaður og á þann hátt, að meginhlutinn af þm. virðast vera ánægðir með lausnina, þá á hún líka að fara frá fyrir það.

Þetta er ekki nema lítið sýnishorn af þeim krásum, sem fram hafa verið reiddar. Þannig er allt til tínt, smátt og stórt, rétt og rangt, satt og logið, og allt er þetta látið í þennan stóra eldhúspott stjórnarandstæðinga og hrært þar saman í einn allsherjar graut. Síðan ganga þeir í þetta og éta hver eftir öðrum, hver út úr öðrum og hver upp úr öðrum, þangað til þeir liggja dauðir í kös. En þeir menn, sem fara þannig að ráði sínu, tala sig ekki aðeins „dauða“ í þingsalnum, heldur í stjórnmálalífi þjóðarinnar yfirleitt — og því fyrr því meir sem þeir tala.

Ég skal ekki fara mikið út í það, sem stj. er ásökuð fyrir, en þó get ég ekki gengið framhjá 2—3 málum.

Stj. er skömmuð fyrir að hafa hækkað vextina, og henni er borið á brýn ósamkvæmni samkv. sínum fyrri skoðunum. Þessu hefir að vísu verið svarað og sýnt fram á, að ráðin yfir vöxtunum eru í allt öðrum höndum nú en var áður. Nú er búið að setja bankaráð, sem ræður þessu með bankastjórunum. Stj. hefir þar engan íhlutunarrétt. Þetta er eitt af mörgu, sem sýnir heiðarleikann í bardagaaðferð stj.andstæðinga. Ég minnist ofurlítið á þetta vaxtamál vegna þess, að ég var í bankaráðinu, þegar hækkunin fór fram.

Fyrst vil ég benda á það, að hér hefir verið mjög blandað saman útlendum seðlabankavöxtum og innlendum útlánsvöxtum, en það er sitt hvað. Oftast munar 1—2% á þeim, svo að það munar ekki eins miklu á innlendum og útlendum vöxtum eins og margir hafa látið í veðri vaka. Í haust var svo komið, að ísl. vextir voru orðnir hvað lægstir, miðað við það, sem gerðist í nágrannalöndunum. Og það segir sig sjálft, að við Íslendingar, sem lifum á erlendu lánsfé, getum ekki orðið undir erl. bönkum með vexti.

Þeir menn, sem áður höfðu notið lánsfjár erlendis, reyndu allt hvað þeir gátu að losa sig við lán í útlöndum og notuðu þau til hins ítrasta hér. Það var því nauðugur einn kostur að reyna að stöðva þetta áhlaup með því að hækka vextina. Enda kom það niður á bönkunum hér beint og óbeint, vegna viðskipta þeirra erlendis, hvernig vextir eru þar. Þegar vextir því hækka í aðalpeningalöndum heimsins, hlýtur það og að verka hér. (ÓTh: En ekki þegar þeir lækka!). Jú, það hefir líka verkað.

Annars er það hlutur, sem verður að gera sér ljósan, að við Íslendingar, sem ekki höfum yfir miklu fjármagni að ráða, verðum að sætta okkur við nokkuð háa

vexti. Eina leiðin til þess að draga fjármagn að, er að hafa nokkuð háa vexti, og framhjá því verður ekki komizt.

Annars vil ég segja í sambandi við þetta, að á árunum 1925—27, þegar hæst var krafan hér um lækkun vaxta, voru seðlavextir í London 4%, en 1927—29 hækkuðu þeir þannig, að í haust, þegar vextirnir hækkuðu hér um 1%, komust þeir upp í 6% í London, svo að vaxtahækkunin á þessu tímabili nam í London 2%, en hér í Reykjavík aðeins 1%. Þetta sýnir, að miðað við vextina í London, og sama gildir um New-York, þá hafa vextir hér lækkað um 1% frá árunum 1925—27 til 1929—30. Það má því alveg eins tala hér um óbeina vaxtalækkun eins og hækkun.

Svo í haust eftir að vextir fóru að lækka erlendis, þá lækkuðu þeir hér líka. (ÓTh: Þeir hækkuðu um 1%, en lækkuðu um ½%). Já, það er rétt hjá hv. þm. En ég býst við, að ef ekki hefði komið þetta bankaáfall hér upp úr áramótunum, hefði komið til mála að lækka þa enn meira.

Annars var það aðalkrafa fylgismanna núv. stj. á sínum stjórnarandstöðuárum, að vextir til landbúnaðarins lækkuðu, því að lán til hans eru yfirleitt trygg. Þessu hefir stj. snúið til vegar með því að koma á fót sérstökum landbúnaðarbanka, sem er svo byggður, að hann á að geta lánað til ýmsra greina landbúnaðarins fé með lægri vöxtum en aðrir. —

Ég get ekki leitt hjá mér gengismálið, þar sem hv. þm. Dal. og aðrir stjórnarandstæðingar hafa legið stj. á hálsi fyrir það, að festa ekki gengið. — Þeir menn, sem nú skipa stj. og allir þeirra flokksmenn á þingi lofuðu fyrir kosningarnar, að þeir mundu vinna að því að festa gengið, ef þeir kæmust í meiri hl. á þinginu. Þetta tókst nú ekki, því miður; því að eins og kunnugt er, er flokkur stj. í minni hl. á þingi. En hún hefir gert allt, sem hún hefir getað í þessu máli, en það hefir staðið á hinum flokknum, að ekki hefir verið hægt að gera þetta formlega. En stj. hefir með því valdi, sem hún hefir, og með tilstyrk bankanna fest gengið þannig, að því máli er nú í raun og veru ráðið til lykta, þótt eftir sé að ganga frá því formlega.

Að lokum skal ég minnast á eitt mál, sem hefir verið dregið inn í umr. og stjórnarandstæðingar lifa einna hæst á, og það eru embættaveitingarnar. Því er haldið fram, að stj. noti embætti og bitlinga til þess að múta sínum flokksmönnum, svo að þeir verði henni háðir í stóru og smáu. Það er nú upplýst, að stj. hefir veitt embætti mörgum andstæðingum sínum, svo að þessi ásökun er algerlega röng. En segjum sem svo, að hún hefði ekki gert þetta. Hvernig stendur þá á því, að nálega hver einasti maður, sem fer hér úr embætti, er íhaldsmaður? Liggur ekki nærri að ályktа, að fyrrv. stjórnir, sem flestar hafa verið að meira eða minna leyti úr flokki núv. stjórnarandstæðinga, hafi fylgt þeirri meginreglu að skipa þau aðallega sínum mönnum? Ég man a. m. k. ekki eftir mörgum embættum, sem síðasta stj. á undan þessari veitti öðrum en flokksbr. sínum.

Fyrir utan embættaveitingarnar segja menn, að stj. úthluti fé og bitlingum til flokksmanna. Það hefir einu sinni verið sagt, að stj. væri búin að múta svo að segja öllum flokksmönnum sínum; það hefir verið talinn upp fjöldi trúnaðarstarfa, endurskoðunar-, bankaráðs- og milliþinganefndarstörf og önnur trúnaðarstörf, sem stj. hafi skipað. En fyrst er það að athuga, að stj. hefir alls ekki skipað öll þessi störf. Mörg þeirra eru skipuð af Alþingi, og stj. hefir þar engan íhlutunarrétt öðruvísi en aðrir þm. En allar þessar ásakanir sýna aðeins fláttskap stjórnarandstæðinga, því að fyrrv. stj. og þingmeirihl. hafa fylgt nákvæmlega sömu reglu. Hvenær hafa þeir sett sig úr færi að koma sínum eigin mönnum í embætti, mþn., endurskoðunarstörf o.s.frv.?

Þegar fyrrv. stj. skipaði í nefndir, t. d. bankanefndina sælu, þá veitti hún ekki öðrum þau störf en sínum eigin flokksmönnum. Svo atyrtu þessir sömu menn núverandi landsstj. fyrir það sama, er þeir sjálfir beittu út í æsar áður, og það sem allar stjórnir gera, að fela heldur sínum eigin samherjum pólitísk trúnaðarstörf, sem mikið er undir komið að vel séu af hendi leyst.

En það sem kórónar þessi siendurteknu mútubrígzl stjórnarandstæðinga, er hinn svívirðilegi hugsunarháttur, sem

að baki þeim liggur. Þar er sem sé gengið út frá því, að hver maður, sem þiggur launað starf hjá öðrum, hafi þar með selt honum sjálfan sig með húð og hári. Þetta er einhver hinn lélegasti kaupmangaramórall, sem nokkursstaðar hefir birtzt. Árni Garborg lýsir þeim mönnum sem þannig hugsa, með þessum orðum:

„Sálin verður að viðskiptabók,
að vörutegund hver granni".

Fyrir þessum mönnum er fólkið í landinu ekki annað en pólitískur verzlunarvarningur, sem gengur kaupum og sölum — þingmennirnir engu síður en aðrir. Ef stjórnarandstæðingar trúa sjálfir á það, sem þeir segja um þessa hluti, og ef þeir halda áfram þessum mútusöng sínum í sambandi við pólitísk trúnaðarstörf, verður ekki hægt að skoða hann öðruvísi en sem opinbera yfirlýsingu flokks þeirra um það, að allir, sem trúnaðarstörf hljóta í þeim flokki, allir þeirra endurskoðunarmenn, milliþinganefndarmenn bankaráðsmenn o. s. frv., allt séu þetta sálar- og sannfæringarlausir þrælar, sem æfilangt séu bundnir við árina á þessari pólitísku galeiðu, sem flokkurinn heldur úti.

Þá vil ég að lokum beina máli mínu til hv. þm. Ísaf. Mun ég þó ekki fara ýtarlega út í hans löngu ræðu, enda hafa aðrir tekið hana til meðferðar. En sumt í henni var þó þannig, að ég get ekki leitt það hjá mér að öllu.

Hv. þm. líkti Framsóknarflokknum við stýrislausan og áttavitalausan bát, sem hending ein réði um, hvert stefndi í hvert sinn. Ég mun nú ekki halda því fram, að stjórnmálaskúta sú, sem hv. þm. er „munstraður" á, sé áttavitalaus. En það er annað lakara. Hv. þm. virðist ekki þekkja nema tvær áttir. Hann þekkir austur og vestur, en suður virðist hann ekki hafa hugmynd um, að sé til. Hann viðurkennir ekki tilverurétt milliflokks. Sinn eigin flokk viðurkennir hann vitanlega og sömuleiðis Íhaldsflokkinn, en það sem framyfir er, er frá „hinum vonda" í augum þm. (ÓTh: Jónasi?) Og þarna mætast þeir Herodes og Pílatus. Þetta er eitt af því fáa, sem jafnaðarmenn og íhaldsmenn eru sammála um. — Íhaldsmenn segja: Þeir, sem ekki fylgja okkur, eru jafnaðarmenn. Það er aukatriði, hvort þeir teljast til aðalbolsanna eða „bolsabræðranna" — „Tímabolsanna". — Þeir eru allir af sama sauðahúsinu. — Jafnaðarmenn segja á sama hátt: Allir sem eru á móti okkur eru íhaldsmenn. Þar getur verið um stigmun að ræða, „stóra íhaldið" eða „litla íhaldið", aðalliðið eða varaliðið. Íhald er það allt saman. En einmitt með þessum gagnstæðu ásökunum á báða bága afsanna þessir flokkar hvor annars rök. Þau ganga hvort upp á móti öðru eins og + og ÷. Framsóknarflokkurinn er sem sé hvorki jafnaðar- eða íhaldsflokkur, eins og þessir andstæðingar hans ættu að vera farnir að skilja, heldur hann sjálfur — miðflokkur á milli tveggja hinna. Og það er hart, að hv. þm. Ísaf. skuli neita tilverurétti hans sem miðflokks, þar sem það er nú komið svo, að hans eigin flokksmenn, sócíaldemokratar, eru einmitt víða um heim orðnir miðflokkur á milli kommúnistana annarsvegar og borgaraflokkanna hinsvegar. Og vitanlega sæta þeir þar sama ámæli frá „kommúnistum" og Framsóknarflokkurinn nú frá þessum hv. þm., að þeir séu ekki annað en „litla íhaldið".

Annars ætti ekki að þurfa að deila lengi um tilverurétt og þýðingu miðflokka, þar sem það er löngu heimskunnugt, að í þeim eins og miðstéttunum er venjulega mest af heilbrigðasta, þróttmesta og atorkusamasta fólkinu, er ber uppi farsælustu og hóflegustu stjórnmálastarfsemina.

Hv. þm. minntist á, að Framsóknarflokkurinn væri kallaður ýmist bændaflokkur eða samvinnuflokkur, og hafði ýmislegt við hvorttveggja að athuga. En hvorttveggja er réttnefni, vegna þess að flokkurinn leggur mesta áherzlu á viðreisn landbúnaðarins í atvinnumálum þjóðarinnar, en í skipulagsmálunum byggir hann aðallega á samvinnunni. En þetta fer auk þess mjög saman, því að það eru bændur landsins, sem borið hafa samvinnustefnuna uppi til þessa hérlendis, og samvinnan hlýtur að verða einn allra öflugasti þátturinn í viðreisnar- og velferðarbaráttu bændanna í bráð og lengd.

En hv. þm. vildi draga í efa, að núv. stj. hefði orðið bændum landsins að

nokkru verulegu liði. Hélt hann því fram, að fé það, sem nú væri varið úr ríkissjóði til eflingar landbúnaðinum, kæmi honum sem heild ekki að neinu liði, heldur rynni sem gróðafé í vasa einstakra manna. En slíkar fullyrðingar geta ekki verið af öðru en vanþekkingu sprottnar. Því að á meðan ástandið í sveitunum er þannig, að stóra spurningin, sem fyrir liggur, er blátt áfram sú, hvort takast muni að forða sveitunum frá algerðri auðn eða ekki, þá er ótímabært að vera að tala um gróðafé íslenzkra bænda.

Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að það er allmikið fé, sem varið er úr ríkissjóði á hinum síðari árum til eflingar landbúnaðinum. En þm. má ekki halda, að bændurnir leggist í leti og sællíf vegna ríkissjóðsstyrksins. Fyrst og fremst er nú ekkert í eðli né uppeldi íslenzkra bænda, er skapað getur þá hættu. Og auk þess er það svo, sem og kunnugt er, að bændunum er gert að skilyrði að leggja sjálfir margfalt fram á móti hinum opinbera styrk í framkvæmdum jarða- og húsabóta. Hin nýja starfsemi, sem hafin er í að rækta og byggja upp landið, er sameiginlegt átak alþjóðar við að bæta úr margra alda vanrækslu íslenzku þjóðarinnar — forfeðra allra landsmanna, bæði þeirra, er sveitirnar byggja, og hinna, er sjóinn stunda. Og af því mikla starfi kemur vitanlega langmest á herðar bændanna sjálfra. Og þó að sú starfsemi beri þeim sjálfum nokkra ávöxtu beint og óbeint, þá er samt það starf aðallega unnið fyrir síðari tímann, fyrir hinar ófæddu og ókomnu kynslóðir. Það er því alveg rangt hjá hv. þm. Ísaf., þegar hann heldur því fram, að landbúnaðarpólitik stj. viti mest að hinni líðandi stund, en komi minna framtíðinni við. Ræktun landsins er fyrst og fremst fyrir framtíðina unnin, en örðugust hinni líðandi stundu, þ. e. mönnunum, sem verða að leggja fé og fyrirhöfn í að framkvæma störfin. Þm. þarf því ekki að óttast, að fé því, sem ríkið ver til þess að létta undir þau störf með bændunum, sé illa varið. Við gleðjumst yfir okkar auðugu fiskimiðum, og við blessum þá menn, er hætta lífi og limum til að sækja þangað björg í sameiginlegt bú þjóðarinnar. En við vitum ekki, hversu auðlegð þeirra helst lengi. Það er djúpur brunnur, sem ekki verður ausinn upp. En við vitum hitt, að það fé, sem varið er til að rækta landið, auka gróðurmagn þess og gera það byggilegra, — að það fé heldur áfram að gefa vöxtu og vaxtavöxtu, þó að hin dýpstu fiskimið verði þurrausin. Það verður því ekki annað þarfara gert við hin reikulu auðæfi hafsins en að festa sem mest af þeim í moldinni. Hún er þjóðarinnar tryggasta eign, og fyrst og fremst eign alþjóðar, hvernig sem einstakar kynslóðir haga ábúðarrétti einstaklingana.

Þá hafði hv. þm. ýmislegt að athuga við samvinnuhreyfinguna eins og hún kemur fram í stefnu og starfsemi Framsóknarflokksins. Vildi hann halda því fram, að hin rétta samvinnustefna væri ekki annað en ein grein sócialismans og benti á því til stuðnings, að í Rússlandi væri samvinnan í stöðugum uppgangi og einn aðalþátturinn í þjóðnýtingu kommúnistanna. Náttúrlega er hv. þm. á engan hátt of gott — fremur en öðrum — að gamna sér við nýjar nafngiftir á gömlum hlutum og hugtökum. En það er í rauninni ekki annað en að brengla gömlum hugtökum, þegar farið er að blanda saman „samvinnustefnu“ og „jafnaðarstefnu“. Þetta hvorttveggja er heiti á gamalkunnum, gagnólíkum, hagfræðilegum stefnum, sem öllum, er við opinber mál fást, eru kunnar, og flestir kunna orðið að gera greinarmun á. Þó að byrlega blási nú fyrir samvinnustefnunni í Rússlandi, þá sannar það ekki annað en það, sem margir hafa vonað, að „kommúnisminn“ mundi smátt og smátt nálgast veruleikann og lífið og laga sig eftir því.

Það er oft svo, að þegar störfin og ábyrgðin færast yfir á herðar manna, jafnvel þeirra, sem bezt hafa lifað á loftkenndum hugsjónum, þá laga þeir sig eftir kringumstæðunum — sveigja hugsjónirnar og veruleikann saman til frjórrar starfsemi. — Einmitt þetta gefur manni trú á, að upp úr þeim glundroða, sem kommúnisminn hlaut að valda í öndverðu, vaxi með tímanum hófleg og heilbrigð stjórnmálastefna, sem orðið geti öðrum til fyrirmyndar. Og það ætti sízt að verða samvinnumönnum hryggðar-

efni, þó að „kommúnistar" sæki til þeirra úrræðin, er annað þrýtur. Og við ættum satt að segja ekki að þurfa að fara til stóra Rússlands eftir slíkum dæmum. Það þarf ekki nema til „litla Rússlands" — í kjördæmi þessa hv. þm. sjálfs.

Það ætti að vera hv. þm. í fersku minni, að fyrir nokkrum árum lenti Ísafjarðarkaupstaður í fjárhagslegu öngþveiti, svo að nauðsyn þótti að grípa til góðra ráða — að reisa atvinnulíf kaupstaðarins úr rústum. Nú er það kunnugt, að Ísafjarðarkaupstaður er sterkasta vígi jafnaðarmanna hér á landi. Hefði því mátt búast við, að þeir gripu til hinnar marglofuðu þjóðnýtingar, þ. e. litla bæjarfélagið sjálft beitti sér fyrir atvinnurekstrinum. En hvað skeður? Jú, það er stofnað samvinnuútgerðarfélag á staðnum, og mér er sagt, að það sem af er, gangi starfsemi þessi prýðilega, og það svo, að nú rýkur hver kaupstaðurinn af öðrum til að stofna samskonar félagsskap. Þetta er mjög gleðilegt merki tímanna. En hinsvegar er engin ástæða til að fara að kalla samvinnustefnuna jafnaðarstefnu, þótt jafnaðarmenn fari að tileinka sér ýmislegt úr henni, frekar en að fara að kalla Reykjavík Ísafjörð, þótt ýmsir Ísfirðingar leiti þangað og fái sér þar búsetu.

Hv. þm. fannst það bæði óeðlilegt og óskiljanlegt, að framsóknarmenn skyldu geta átt nokkuð saman við íhaldsmenn að sælda, og alveg á sama hátt undrast íhaldsmenn samstarf framsóknar- og jafnaðarmanna. En þetta er hvorttveggja ósköp eðlilegt og kemur til af því, sem áður er sagt, að Framsóknarflokkurinn er miðflokkur á milli tveggja hinna. Aðstaða hans er svipuð bónda, sem á jörð á milli tveggja granna. Hann á sameiginleg landamerki með báðum og getur þar af leiðandi átt sameiginlega hagsmuni með báðum. Það geta verið sameiginleg veiðivötn, sameiginleg engjalönd, sem þarf að veita á og friða o. s. frv. Og bóndinn gætir þessara hagsmuna sinna til beggja handa. Það er í sjálfu sér ekki að undra, þótt framsóknarmenn og íhaldsmenn gangi stundum saman að málum, þar sem þeir eru að sumu leyti fulltrúar sömu manna og sömu stétta og hafa æði oft sömu hagsmuna að gæta í atvinnumálum sinna kjósenda. Í skipulagsmálum eru framsóknarmenn aftur á móti róttækari en íhaldsmenn og hljóta þar vitanlega stuðning jafnaðarmanna, sem venjulega vilja ganga þar enn lengra, og styðja þá sömuleiðis að ýmsum slíkum málum. Þannig verða þeir eins og bóndinn að taka höndum saman við þessa granna sína á báða bóga; ekki af löngun til að vera á milli, heldur til þess að vera í samræmi við sitt eigið eðli og sín eigin áhugamál. Þetta ættu stjórnmálamenn að skilja, þó að það kunni að ruglast saman í höfðinu á ýmsum kjósendum.

Þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Ísaf. hafa verið að kasta mér dálitið á milli sín í þessum umræðum. Hv. 2. þm. G.-K. byrjaði á þeim leik, með því að hafa upp eftir mér nokkur adeiluorð, sem ég lét falla í garð jafnaðarmanna í Íslandsbankamálinu. Vitanlega voru þau orð fyllilega réttmæt og ég get vel skilið, að hv. 2. þm. G.-K. vilji halda þeim á lofti. Hann hefir orðið fyrir því raunalegu hlutskipti að lenda ungur í flokki, sem var veginn og léttvægur fundinn. Syndir hins liðna hvíla á herðum þess flokks eins og gamlar skuldir á misheppnuðu fyrirtæki. Skuldir, sem vonlaust er um að komast nokkurntíma úr. Það verður oft hinsta gleði þeirra manna, sem þannig er komið fyrir, að lauga hugann upp úr ávirðingum annara. Síðasta huggun þess, sem ekki getur vaxið sjálfur, er oft það, að aðrir minnki.

Annars er rétt að geta þess út af hinu margumtalaða „kámi", sem ég minntist á að félli á okkur framsóknarmenn vegna samstarfs okkar við nágrannanna — og nágrannana beggja megin — get ég bætt við, að það stafar einmitt af þessu skilningsleysi fólksins, sem ég minntist á áður, — skilningsleysi á eðli og nauðsyn þess, að Framsóknarflokkurinn vinni að ýmsum málum sitt á hvað með báðum hinum flokkunum. Ef við styðjum annanhvorn flokkinn að góðu máli — og það getur líka komið fyrir með íhaldsmenn — þá finnst ýmsum hinna óþroskaðri manna, og þeir eru fleiri en skyldi, að við höfum tekið ábyrgð á öllum syndum hinna sömu flokka. Þetta er kámið, sem ég minntist á, að við fengjum af sam-

starfinu við hina flokkana. Það er þetta kám, sem við sífellt verðum að þvo af okkur, en ekki stuðningurinn við góð mál, eins og hv. þm. Ísaf. einhverntíma hélt fram. Mjaltakonan þvær sér ekki vegna mjólkurinnar, sem hún nær úr kúnni, heldur óhreinindanna, sem falla á hana við að ná mjólkinni. Þess vegna er okkur kærkomið það steypubað, sem við fáum frá þessum sömu grönnum sitt á hvað. Þeir hreinþvo okkur hver af annars „kámi" miklu betur en við gætum sjálfir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég skal reyna að leitast við að lengja ekki umr. mjög mikið.

Þessi eldhúsdagur hv. stjórnarandstæðinga er nú ekkert orðið annað en lengdin, sem allir fælast og eru fyrir löngu orðnir leiðir á, því enginn er farinn að skilja í því, hvar þetta eigi að enda. Ég get því frekar verið stuttorður nú, þar sem ég hefi ekki heyrt nema sumt af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið hér í þessari hv. d., og sumt hefir farið framhjá mér, þótt eitthvað kunni að hafa fallið í minn garð. Ég hefi að minnsta kosti af og til haft þarfara að starfa en að hlusta eftir þessum ræðum.

Það, sem gefur mér aðallega tilefni til að standa upp, er ræða hv. þm. Vestm., sem haldin var einhverntíma í vikunni sem leið.

Okkur hv. þm. bar nokkuð á milli út af síldareinkasölunni, sem hann gerði að árásarefni á stj. Hv. þm. kvartaði undan því, að ég hefði verið harðorður í sinn garð. Mér þykir það leitt, ef hv. þm. hefir tekið sér það mjög nærri, en hinsvegar verð ég að segja það, að ræða hans gaf tilefni til þess, að ekki væri tekið á henni með sérstaklega mjúkum silkihöndum.

Það er langt frá því, að ég ætli að fara að deila við hv. þm. um öll atriði, sem fram komu í ræðu hans. Til þess er enginn tími. Ég ætla aðeins að minnast á fáein atriði.

Það, sem hv. þm. sagði um síldarsöltun, virtist bera vott um litla þekkingu hjá honum á síldarsöltun og útgerð, og mig furðar að hann skuli fara svo langt út í málið sem hann gerði. Hv. þm. hefir vafalaust fengið upplýsingar hjá mönnum, sem ekki hafa verið neitt vinveittir einkasölunnni, og hann hefir byggt of mikið á þeim upplýsingum.

Ég hafði svarað sumum atriðum frá fyrri ræðu hv. þm., en í seinni ræðu sinni endurtók hann sumt, og þarf ég ekki að fara út í það.

Hv. þm. gat þess meðal annars, að eitthvað hefði verið selt af síld áður en reglugerðin 1928 hefði verið samþ. Þetta getur verið rétt hjá hv. þm., en það voru tiltölulega fáar tunnur, sem seldar voru áður en reglugerðin var sett. En sú sala var í samræmi við þá reglugerð, sem síðar kom eftir till. þeirra manna, sem bezta þekkingu töldust hafa á þessu máli. Stærð síldar var eins og reglugerðin ákvað að hún ætti að vera, enda seldist sú síld fullu verði, sem seld var fyrirfram.

Þá er búið að marghrekja í ræðum og blöðum það, sem sagt hefir verið um síldarsamninginn 1928. Samanburður hv. þm. á kryddsíld árin 1927, 1928 og 1929 er villandi, því sú tunnuupphæð, sem hann nefndi fyrir árið 1929, er röng. Krydd- og sykursöltuð síld, sem alltaf er talin saman í útflutningsskýrslum, voru 26 þús. tunnur árið 1929, en ekki 17 þús., eins og hv. þm. sagði.

Staðhæfingar hans munu vera byggðar á sögusögnum annara, þar sem hann hefir alls ekki kynnt sér þessi mál af eigin reynd. Mun sykursaltaða síldin hafa verið dregin undan.

Þá kom sami hv. þm. að því í seinni ræðu sinni, að Sviar hefðu eiginlega kryddsíldarverkunina í sínum höndum. Það er rétt, að þannig hefir það verið, og það er ekki svo létt að breyta því í einu vetfangi. Árið 1928 var ekki hægt að ná samningi við Svía um kaup á kryddsíld á öðrum grundvelli en þeim, að þeir að miklu leyti legðu til salt, tunnur og krydd. Var eðlilegt, að svo færi fyrsta árið, því sumir síldarkaupendurnir áttu tunnur og salt liggjandi hér á landi frá árinu 1927. Einnig höfðu íslenzkir síldarútgerðarmenn gert fyrirfram samninga um kryddsíld snemma á árinu 1928, sem síldareinkasalan varð að taka tillit til, þó óhagstæðir væru á ýmsa lund. Þess vegna var ekki hægt að taka

kryddsíldarverkunina eins föstum tökum og æskilegt hefði verið.

Árið 1929 var hægt að lagfæra þetta að talsvert miklu leyti, þó nokkrir síldarkaupendur fengju þannig samninga, að þeir legðu til tunnur og krydd.

Það tekur nokkurn tíma að kippa þessu í það horf, sem það þarf að komast í, eins og það hlýtur að taka langan tíma að lagfæra allt það hörmungarástand yfirleitt, sem síldarsalan var komin í áður en síldareinkasalan komst á.

Þá var hv. þm. að gera samanburð á síldarverði. Tók hann árin 1923 til 1927 og bar þau saman við árið 1928. Þessi samanburður var á ámsan hátt mjög villandi. (JJós: Ég vitnaði í skýrslur sjútvn. Fiskiþingsins). Já, ég kem að því síðar. Í fyrsta lagi var peningagildið á þessum árum, allt fram að 1926, allt annað en árið 1928. (JJós: Ekki einkasölunni í óhag). Jú, einmitt einkasölunni í óhag. Og það verður að taka tillit til þess, ef gera á samanburð, sem nokkurt vit er í. Þarf því meiri nákvæmni við athugun síldarverðsins í krónutali, heldur en hv. þm. sýnir með þeim hundavaðstíningi, sem hann notar við þennan samanburð og annað, sem snertir síldareinkasöluna.

Í öðru lagi er þess að geta, að verð það á síldinni, sem tilgreint er í útflutningsskýrslum, er annað en það raunverulega verð, sem fyrir síldina fæst að lokum, og er svo að segja undantekningarlaust hærra. Á útflutningsskýrslunum er tilfært áætlunarverð; það verð, sem útflytjendurnir hugsa sér að fá fyrir síldina. (JJós: Ef hún er seld í „konsignation"). Já, það hefir nú einmitt mikill hluti síldarinnar verið seldur í „konsignation" á þessum árum. Þess vegna er ekkert á útflutningsskýrslunum að byggja að þessu leyti. Síldarútflytjendurnir hafa enga tilhneigingu til að áætla síldarverðið lágt, því tollur af síld er greiddur pr. tunnu, án tillits til þess verðs, sem fyrir hana fæst. Þess vegna er ekki hægt að sjá af útflutningsskýrslunum með neinni vissu, hvað síldareigendurnir fá í raun og veru fyrir síldina hvert árið.

Það hefir jafnvel komið fyrir, að síld, sem mjög háu verði hefir verið reiknað í skýrslunum, hefir orðið að kasta í sjóinn utanlands.

Síldin er venjulega mest flutt út á þeim tíma, sem verðið á markaðinum er hæst, og áætlaða verðið miðað við það. Allir, sem við síldarútflutning hafa fengizt, þekkja þau tilfelli, að síld, sem flutt hefir verið út á þeim tíma, sem verðið er hátt á markaðinum, og því útflutningsverð hennar áætlað í samræmi við það, hefir selzt fyrir margfalt lægra verð, og stundum ekki einu sinni fyrir kostnaði við hana utanlands. Til dæmis haustið 1926 voru fleiri þúsund tunnur af síld fluttar út frá Norðurlandi og áætlað verð á hverri tunnu 60 kr. Mikið af þeirri síld seldist á aðeins 15 kr. tunnan og sumt af henni seldist alls ekki. Þetta sýnir, að samanburður hv. þm. er í mesta máta villandi.

Árið 1927 voru saltaðar og kryddaðar alls hér á landi 240 þús. tunnur. Telur hv. þm. Vestm., að sú síld hafi selzt fyrir alls rúmar 5 millj. kr., og er það víst, að söluverðið hefir ekki verið hærra; sennilega miklum mun lægra. Árið 1928 voru saltaðar og kryddaðar alls 184 þús. tunnur. Söluverð þeirrar síldar varð alls yfir 5½millj. kr. Í báðum tilfellum er þetta reiknað með tunnum og salti. Sýnir þetta, að þó maður leggi til grundvallar áætlað útflutningsverð síldarinnar 1927, eins og hv. þm. gerir, sem þó er of hátt, þá hafa síldareigendur fengið um ½ milj. kr. meira fyrir 184 þús. tunnur árið 1928 heldur en fyrir 240 þús. tunnur 1927. Þó ber þess einnig að gæta, að frá síldarverðinu 1927 ber að draga tunnu- og saltverð þeirra næstum 60 þús. tunna, sem fleiri voru fluttar út árið 1927. Er sennilegt að áætla það 8 kr. á tunnu, sem verður þá alls um 450 þús. kr. Áranguriinn af þessum samanburði verður því sá, að landsmenn hafa fengið um 1 millj. kr. meira fyrir 184 þús. tunnur af síld saltaðri 1928 heldur en þeir fengu árið 1927, þó miðað sé við það áætlunarverð á síldinni 1927, sem hv. þm. tilgreinir og vitanlega er of hátt. Raunverulega verðið 1928 sýna reikningar einkasölunnar.

Það hafa verið færð góð rök fyrir því opinberlega, að síldarútvegurinn hafi grætt 1½ millj. kr. á einkasölunni 1928,

samanborið við söluna 1927, og hefir það ekki verið hrakið.

Í fyrri ræðu sinni minntist hv þm. Vestm. á einhvern vin stj., sem hefði fengið nógar tunnur, þegar tunnuskortur var og aðrir fengu engar tunnur hjá einkasölunni. Mér var ekki ljóst þá við hvern hann átti. En nú í síðari ræðu sinni kvað hv. þm. upp úr með það, að hann hefði átt við Þormóð Eyjólfsson á Siglufirði. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, því Þormóður notaði engar tunnur í sumar. Sannleikurinn í þessu er sá, að einn af stærstu síldarútgerðarmönnunum, Ingvar Guðjónsson, fékk leyfi hjá einkasölunni til að flytja sjálfur inn tunnur handa sér árið sem leið. Þess vegna hafði hann tunnur, þegar aðra vantaði þær.

Þá var hv. þm. að gera samanburð á því, hvað Norðmenn fengu fyrir sína síld í Svíþjóð síðastliðið ár, og því sem Íslendingar fengu fyrir sína. Þessi samanburður var vægast sagt eintóm vitleysa. Skal ég nú reyna að rökstyðja það nokkuð.

Hv. þm. segir, að meðalverðið, sem Norðmenn fengu fyrir sína síld í Svíþjóð, hafi verið 23 aurar norskir pr. kílógr., sem jafngildir því sem næst 28 aurum íslenzkum. Meðalþungi í síldartunnu hjá Norðmönnum er 80 kg. Hafa þeir því fengið kr. 22,40 íslenzkar fyrir hverja síldartunnu komna til Svíþjóðar, að frádregnum tunnum og salti. Þetta þótti hv. þm. ólíkt betra verð heldur en einkasalan fékk.

Er því rétt að athuga, hvað einkasalan hefði getað greitt síldareigendum hér, ef henni hefði tekizt að ná sama ágætis verði og Norðmenn fengu, eftir því sem hv. þm. greinir, og vel má vera rétt, því það mun tekið úr opinberum skýrslum norskum.

Frá þessum 22,40 kr. ber þá að draga kostnað þann, sem hér segir:

1. Flutningsgj. til Svíþjóðar	kr.	3,60 ísl.
2. Kostnaður einkasölunnar	—	1,50 —
3. Útflutningsgjald	—	1,50 —
4. Tunnu- og salttollur	—	0,35 —
5. Vörugjald	—	0,15 —
6. Vinnulaun við síldina í landi	—	5,00 —
Samtals	kr	12,10 ísl.

Þessi kostnaður dregst frá því síldarverði, sem fæst í Svíþjóð. Verður því samkv. þessum útreikningi nettóverðið 10,30 kr. á tunnu, eða fullum 30% lægra en það verð, sem einkasalan greiddi fyrir hrásíldina til síldareigenda hér. Það er ekki við góðu að búast hjá hv. þm., þegar hann byggir útreikninga sína algerlega á röngum forsendum.

Ég skal svo ekki dvelja lengur við þetta. Vil aðeins að endingu minnast á það, að hv. þm. var að kveinka sér undan þeirri lýsingu, sem ég gaf á ástandi síldarútgerðarinnar og síldarverzlunarinnar áður en einkasalan tók til starfa. Ég vil benda hv. þm. á að kynna sér lýsingu á því ófremdarástandi, sem síldarútgerðin var komin í, sem Björn Líndal gaf í fyrirlestri, sem hann flutti á fundi hér í Reykjavík fyrir nokkru síðan. Sú lýsing var svo skuggaleg, að ég hefi þar hvergi komizt í námunda. Þennan fyrirlestur, eða útdrátt úr honum, getur hv. þm. lesið í Morgunblaðinu frá þeim tíma. Ef hann gerir það, vona ég að hann sjái, að ekki var ofmælt, það sem ég hefi sagt um þetta efni.

Ingólfur Bjarnarson: Það er fremur fámennt hér í hv. þd. nú, og má segja, að það sé ekki furða, þar sem þetta er 8. dagurinn, sem nuddað er í eldhúsinu. Er fyrir löngu sýnilegt, að ekki er stefnt að öðru með öllu þessu málæði en að lengja þingið sem mest.

Þó ég vilji ekki taka mikinn þátt í þeirri iðju, þykist ég tilneyddur að segja nokkur orð, út af þeim niðrandi ummælum, sem hv. þm. Vestm. fannst viðeigandi að beina til okkar endurskoðenda síldareinkasölunnar, um óstarfhæfni okkar eða vanrækslu í þessu starfi. Ég get að vísu sagt það, að ég tek mér ekki nærri ummæli hans í minn garð, og af skiljanlegum ástæðum mun ég ekki rökræða við hann um starfshæfni mína sem endurskoðandi. En ég get ekki látið ósvarað þeim dylgjum, sem í orðum hans fólust til meðendurskoðanda míns, Jakobs Karlssonar, þar sem hv. þdm. flestir eru honum alveg ókunnugir og kunna því máske að taka eitthvert mark á því, sem hv. þm. var að segja honum til ófrægingar. Og engu síður vegna hins, að

hér er um að ræða mann, sem er alveg sérstaklega vel fallinn til þessa endurskoðunarstarfs, bæði vegna ágætrar bókfærsluþekkingar, náins kunnleika hans á þessum málum öllum og vegna dugnaðar hans og samvizkusemi við að leysa vel af hendi hvert það verk, sem honum er falið. Ég er viss um, að allir, sem þekkja Jakob Karlsson og satt vilja segja, mundu taka undir þessi ummæli mín. Ég vil ekki eyða um þetta fleiri orðum, en ætla aðeins að benda hv. þm. á það í allri vinsemd, að það mundi ekki vera á hans færi að rýra að nokkru álit hr. Jakobs Karlssonar. (JJós: Mér hefir alls ekki dottið það í hug). Jæja, lýsi hv. þm. yfir, að orð hans hafi ekki átt að hafa neina þýðingu, þá get ég vitanlega verið ánægður. En mér datt í hug, að einhverjir kynnu máske að henda mark á orðum hans, þó hann rökstyddi þau ekki með öðru en því helzt, að við værum ofan úr sveit!

Mér virtist hv. þm. vilja gefa í skyn, að bókfærslu einkasölunnar mundi eitthvað ábótavant. Ég vil því lýsa yfir þeirri skoðun okkar endurskoðendanna, að við teljum reikningsfærslu einkasölunnar í mjög góðu lagi. Virðast okkur þeir menn, sem bókfærsluna annast, sérstaklega vel til þess starfs fallnir, og sýna þeir mikinn áhuga á að hafa reikningana sem gleggsta, og að láta fylgja þeim sem bezt skilríki og skýrslur.

Vildi ég láta þessa getið, þó ég búist ekki við, að hv. þm. Vestm. telji yfirlýsingu mína um þetta efni mikils virði.

Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í deilur hv. þm. Vestm. og hæstv. fjmrh. um einkasöluna; mér virtist hæstv. ráðh. standa svo fyrir svörum, að ekki þyrfti frekari skýringa við. En um eitt atriðið vil ég þó segja örfá orð.

Hv. þm. Vestm. talaði um samning, sem einkasalan átti að hafa gert við Brödrene Levi, og beðið mikinn skaða af. En hæstv. ráðh. kvað þann samning aldrei hafa komið til framkvæmda. Ég tel mér skylt sem endurskoðanda, og þannig kunnur þessu máli, að lýsa yfir því, að hæstv. ráðh. fer hér með algerlega rétt mál. Að vísu sáum við endurskoðendurnir uppkast að samningi við þetta firma, sem aldrei gekk þó í gildi, vegna þess að einkasalan vildi ekki ganga að því. Hv. þm. vildi rengja skýrslu hæstv. ráðh. um þetta efni. Var hann með sögusagnir, sem hann þóttist hafa heyrt um það, að einkasalan hefði þurft að greiða til Brödrene Levi „provision" af allri síld, sem hún seldi til útlanda. Fannst mér hann trúa þeim sögum. Þetta er samt alger tilbúningur alit saman og hefir einkasalan ekki þurft að greiða nokkrar skaðabætur vegna samnings þessa, sem varla var heldur von, þar sem hann aldrei kom í gildi. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Vestm. trúir þessu, þó að við hæstv. fjmrh. berum báðir vitni um þetta, en ég geri ráð fyrir, að flestir aðrir hv. þdm. taki það trúanlegt.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. forsrh. hafði þau orð um ræðu mína, að hún hefði verið einkennileg eldhúsræða; það hefði fremur mátt kalla hana landkjörsræðu. Þetta skiptir nú engu máli, svo framarlega sem ég hefi rök fram að færa. En það, sem olli ummælum hæstv. ráðh., var það, að ég ræddi um stærri og mikilsverðari mál en þeir aðrir hafa gert, sem farið hafa í eldhúsið að þessu sinni. Hæstv. ráðh. er ef til vill orðinn svo vanur við karp og smælki, að honum finnist einkennilegt ef rætt er um það, sem máli skiptir. Hæstv. ráðh. sagði m. a., að sér hafi komið það ókunnuglega fyrir, að í ræðu minni hefði kennt árása á Framsóknarflokkinn. Ég hélt nú, að hæstv. ráðh. væri vanur því, og hvenær er betra tækifæri að rifja upp afglöp stj. og stjórnarflokksins en á eldhússdegi? Ráðh. bar mér á brýn, að ég hefði slitið úr samhengi og rangfært ummæli þau, sem ég hafði eftir Tímanum, og því væri ræða mín öll í lausu lofti byggð. Hann kom með samlíkingu um verkfræðing, sem átti að reikna út mótak, en skjátlaðist hrapalega, af því að hann vissi ekki hve mikið var í einu móhripi. Hann líkti mér við verkfræðing þennan. Ég ætla ekki að fara að karpa við hæstv. ráðh. um þetta, en láta hv. dm. sjálfa dæma. Með leyfi hæstv. forseta vil ég því lesa upp þessi ummæli úr Tímanum. Þau eru svona:

„.... Og ef jafnaðarmenn kjósa vistaskipti, mun Framsókn, með því að nú er

fram komið ýmsum mikilsverðustu málum flokksins, láta sér allvel lynda þau bráðabirgðaúrslit ....".

En þau úrslit eru, að Íhaldsflokkurinn taki við völdum, Íhaldsflokkurinn, sem að dómi stj. og Framsóknarflokksins er hinn mesti óheillaflokkur fyrir land og þjóð. Það ætlar hæstv. ráðh. að láta sér lynda. Og af hverju? Af því að flokkur hans hefir komið fram ýmsum mikilsverðustu málum sínum. Ég hafði eftir blaðinu, að flokkur hæstv. ráðh. hefði komið fram aðaláhugamálum sínum. Hver eru þau? Ég ætla ekki stj. það, að aðaláhugamál hennar séu einskisverður hégómi. Aðaláhugamálin og mikilsverðustu málin hljóta auðvitað að vera sömu málin. Ég hefi því á engan hátt rangfært ummæli blaðsins, heldur er það hæstv. ráðh., sem er að afneita sínu eigin blaði og reyna að klóra yfir ummæli þess, þegar hann sér, að í óefni er komið.

Hinsvegar gerir hæstv. ráðh. sig sekan í að rangfæra mín ummæli. Ég drap á það, að mér þætti leiðinlegt að hlusta á umr. íhaldsmanna og framsóknarmanna á þingmálafundum. Þetta vildi hæstv. ráðh. láta þýða, að mér þætti leiðinlegt að hlusta á, þegar rætt væri um landbúnaðinn og hvað hægt væri að gera fyrir bændur. Ónei, ég átti ekki við þetta og sagði ekkert í þá átt, heldur við það, að mér finnst ógeðslegt að heyra þessi sífelldu yfirboð framsóknarmanna og íhaldsmanna.

Hæstv. ráðh. kallaði mig búfræðing Alþýðuflokksins. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir. Ég hefi mikinn hug á að kynna mér búfræði, og að þessi nafngift ráðh. reynist sannmæli. En ástæðan til þess, að ég varð svo fjölorður um athafnir stj. í landbúnaðarmálum, var sú, að aðeins á því sviði er hægt að tala um verulegar athafnir af hennar hálfu. Ef það er rétt athugað, að framkvæmdir stj. í landbúnaðarmálum hafi verið stefnulaust fálm, og að hún hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hvað hlýtur að leiða af því starfi hennar, þá er ekki við að búast, að hún hafi verið stórtæk eða framsýn í öðrum málum, sem fyrir henni eru eiginlega hrein aukaatriði, tilviljunarmál. Fyrst svo fer um hið græna tré, hvernig mun þá fara um hið visna?

Út af því, sem ég drap á samheldni, eða réttara sagt sundrung, í flokki hæstv. ráðh., sagði hann, að ég hefði talað um klofning í flokknum. Ég hygg ekki, að ég hafi sagt það; að minnsta kosti meinti ég það ekki, og nú vil ég skýra þetta nánar. Malarhrúga eða grjótbingur getur ekki klofnað. Til þess að eitthvað geti klofnað, þarf það að vera fast saman. En það er einmitt bindiefnið, sem vantar í flokk hæstv. ráðh. Flokkinn vantar sameiginleg áhugamál. Þau, sem hann hafði, segir aðalblað flokksins að séu þegar komin í framkvæmd, og engin ný hafa komið í staðinn. Það, sem ég vildi því sagt hafa, var ekki það, að flokkurinn hefði klofnað, heldur hitt, að þeir sem hann mynda, velta af tilviljun sitt á hvað. Hæstv. ráðh. sagði, að okkur alþýðuflokksmönnum færist ekki að tala, því að ef brestur væri í Framsóknarflokknum, þá væru brestir langs og þvers, eins og hv. þm. Mýr. komst að orði um daginn, í okkar flokki, Alþýðuflokknum. Ég hygg, að hæstv. ráðh. og hv. þm Mýr. viti ekki hvað þeir eru að tala um. Vissulega er töluverður ágreiningur manna á milli í Alþýðuflokknum. En það er á allt annan hátt en í Framsóknarflokknum. Það er hæstv. ráðh. ekki ljóst, af því að hann veit ekki, hvað flokkur er. Alþýðuflokkurinn hefir alltaf staðið fast saman sem flokkur. Meiri hl. í flokknum hefir ákveðið, hvaða mál skuli gera að flokksmálum, og í engu slíku máli hefir Alþýðuflokkurinn klofnað. Og ég get fullyrt, að Alþýðuflokkurinn verður ekki lengur flokkur en það, að hann stendur fast saman um þau mál, sem eru svo mikilsverð, að meiri hl. ákveður, að skuli vera flokksmál. Þetta er grundvöllurinn undir allri flokkastarfsemi, og mér finnst undarlegt að þurfa að vera að kenna hæstv. ráðh. þennan barnalærdóm í pólitík. Hér er þó ekki um neina skoðanakúgun að ræða. Þeir, sem ekki eiga samleið með hinum ráðandi meiri hl. og geta ekki fallizt á skoðun hans, segja þá skilið við flokkinn.

Hæstv. ráðh. játaði, að hann teldi sig fyrst og fremst vera fulltrúa bænda, en hinsvegar kvaðst hann líka bera hag annarra stétta fyrir brjósti, og í því sambandi benti hann á 5 mál, sem hann hefði

komið fram. Í fyrsta lagi lögum um verkamannabústaði, þá ábyrgðarláni til samvinnufélags Ísfirðinga, þá rýmkun kosningarréttar, togarvökulögin og siglingalögin, sem væru á góðum vegi. Ég skal fúslega viðurkenna, að hæstv. ráðh. og Framsóknarflokkurinn, eða mestur hluti hans, hefir lið þessum málum stuðning til að ganga fram í því formi, sem þau voru í. En hann hefir ekki tekið þessi mál upp. Það hefir Alþýðuflokkurinn gert. En án stuðnings Framsóknar hefðu þau auðvitað ekki komizt fram. Um verkamannabústaðina er það annars að segja, að hv. 1. þm. N.-M. tók þar ráðin af hæstv. ráðh. Í brtt. hæstv. ráðh., sem samkomulag var um á milli flm. frv. og ráðh. fyrir hönd flokksins, var gert ráð fyrir, að framlag ríkisins yrði 2 kr. á hvern mann. Síðan veiktist hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. N.-M. flutti þá brtt. um, að framlagið yrði ekki nema 1 kr. Allmargir af flokksmönnum hæstv. ráðh. gengu í lið með hv. þm. og íhaldsmönnum, þvert ofan í till. hæstv. ráðh., og klipu þannig helming af því framlagi, sem ætlað var í upphafi til styrktar verkafólki til að koma sér upp íbúðum. Sé ég ekki, að þetta sé til að hæla sér af.

Hæstv. ráðh. flutti brtt., sem var samþ., um ábyrgð fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga. Upphæðin, sem ríkissjóður átti að ábyrgjast, var þar mikið minnkuð. En ég féllst á hana af því, að hún var þó stórum betri en ekki neitt.

Það er alveg rétt, að framsóknarmenn fylgdu rýmkun kosningarréttar á síðasta þingi, og hæstv. ráðh. lagði fram frv. þess efnis. En sagan er ekki öll sögð með því. Hvernig var afstaða Framsóknarflokksins 1928? Þá drap hann frv. sama efnis. Hæstv. ráðh. veit, hvað olli þeim sinnaskiptum, sem síðan hafa orðið, bæði hjá framsóknar og íhaldsmönnum, en út í það fer ég ekki hér.

Framsóknarflokkurinn studdi okkur í því að koma fram togaravökulögunum. Það er alveg rétt. Um siglingalögin var hinsvegar samkomulag í hv. d. Það er heldur ekkert undarlegt, þó að Framsóknarflokkurinn hafi hjálpað okkur að koma fram nokkrum málum, þar sem það er öllum vitanlegt, að sú óbeina samvinna, sem á sér stað á milli Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, hlýtur að byggjast á því, að eitthvað af áhugamálum Alþýðuflokksins nái fram að ganga. Það má því merkilegt heita, að hv. þm. Mýr. finnur sig nú knúðan til að lýsa yfir því, að honum sé orðin svo mikil þörf að þvo af sér kámið af mökunum við Alþýðuflokkinn, að hann verði að gera bandalag við Íhaldsflokkinn sér til þrifnaðar. En ég ætla að koma nánar að þessu síðar. Aðeins vil ég nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hv. þm. Mýr. hafi mælt fyrir munn stj., þegar hann lýsti yfir þessu.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, sem ég drap á, um að misjöfn væri umhyggjan fyrir Fiskifélaginu og Búnaðarfélaginu. Hæstv. ráðh. sagði, að störf Fiskifélagsins og Búnaðarfél. væru á engan hátt sambærileg. Það er að vísu rétt, að Búnaðarfélagið hefir meiri og margvíslegri störf með höndum en Fiskifélagið. En hæstv. ráðh. gleymir af hverju þetta stafar. Það er auðvitað bara af því, að Búnaðarfélagið hefir yfir miklu meiru fé að ráða en Fiskifélagið. Öll störf Búnaðarfélagsins eru unnin fyrir fé ríkissjóðs, og Fiskifélagið gæti unnið alveg eins mikið, ef það fengi eins mikið fé.

Hæstv. ráðh. vildi ekki viðurkenna, að Framsóknarflokkurinn og Íhaldið væri sífellt að ala á rig milli sveita og kaupstaða. Ég þarf ekki að deila um þetta; þingtíðindin bera þess ljósan vott. Hæstv. ráðh. sagði, að okkur færist ekki um að tala, af því að Alþýðuflokkurinn reyndi ekki síður að vekja sundrung á milli stétta. Þetta er rangt. Alþýðuflokkurinn hefir aðeins sýnt fram á hagsmunaandstæður eignastéttarinnar og hinna, sem vinna fyrir sér. Slíkt er nauðsynleg fræðsla um þjóðfélagsstöðu stéttanna. Ekkert annað.

Um leið og ég svara hv. þm. Mýr. ætla ég að víkja nánar að því, sem ég hefi fundið hæstv. stj. til foráttu fyrir athafnir hennar í landbúnaðarmálum. Ég hélt því fram í fyrri ræðu minni, að allmargir styrkir, beinir og óbeinir, sem veittir væru, að því er kallað er, til landbúnaðarins, hefðu orðið og myndu verða gjafir til einstakra manna, en ekki til léttis fyrir landbúnaðinn framvegis í

heild sinni. Hæstv. ráðh. sagði, að verið væri að leggja í sparisjóð. Það skal játað, að hvort sem um er að ræða styrk til jarðræktar eða vegabóta, er verið að leggja í sparisjóð, en það er bara ekki verið að leggja í sparisjóð þjóðarinnar í heild, heldur þeirra, sem af tilviljun eiga jarðirnar í það og það skiptið. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi misskilið mig hrapallega, úr því hann þykist finna það út úr orðum mínum að styrkur til jarðræktar og vegabóta sé jafnan hefndargjöf fyrir héruðin. Ekkert þessu líkt hefi ég sagt. Hitt sagði ég, að stundum hefðu jarðirnar komizt í brask og hækkað í verði vegna t. d. samgöngubóta og jarðræktarstyrks, stundum ennþá meira en afrakstursmöguleikar jarðanna hefðu aukizt. Þar sem svo hefir farið, hefir styrkurinn vegna hins ótakmarkaða brasks orðið einskonar hefndargjöf. Og það veit hæstv. ráðh., að í þessum tilfellum verður þetta til stórskaða fyrir héruðin, þótt braskarar geti grætt á því tugi þúsunda. Ég verð líklega að skýra þetta með örlitlu dæmi, því að ég tel mikils vert, að hæstv. forsrh., sem telur sig fulltrúa bændastéttarinnar, geri sér ljóst viðhorf mitt og míns flokks til þessa máls.

Sú verðhækkun á jörð eða landi, auk umbóta notandans, sem er eðlileg, er tilsvarandi verðauki við það fé, sem lagt er fram af hinu opinbera til umbóta á jörðinni, svo sem styrkur jarðabóta, til ódýrra lána og sá hluti af samgöngubótum, sem koma hlutfallslega á verð þessarar jarðar. Þessi verðhækkun er eðlileg og verður aldrei til að íþyngja ábúanda jarðarinnar, því að framleiðslumöguleikar jarðarinnar með sama tilkostnaði aukast meira en þessum verðauka nemur. Ef ekki væri svo, þá er rangt og óverjandi að leggja fram fé í þessu skyni. Það, sem ég tel rangt í þessu tilfelli, er það, að verðaukinn rennur til einstakra manna, en ekki til þess opinbera. En verðhækkun jarðarinnar verður því miður oftast meiri en framlögunum nemur; hún kemst oft upp í það að verða nákvæmlega jafnmikil og framleiðslumöguleikarnir aukast, svo að framleiðandinn, ábúandi jarðarinnar, verður nákvæmlega eins settur og áður, og þá er hagnaður hans enginn. Loks getur líka svo farið, ef braskað er með jörðina, að verðhækkunin verði meiri en því nemur, sem framleiðslumöguleikarnir batna. Og þá er ábúandi ver settur en áður. Þá hafa framlögin orðið beinlínis til að gera illt verra.

Hæstv. ráðh. talar stöðugt um styrk til landbúnaðarins. Nú er styrkurinn ekki til landbúnaðarins, heldur til einstakra bænda. Ég tek þá dæmið, sem ég drap á áðan. Ef jörð hækkar í verði um 5 þús. kr. vegna þess styrks, sem hið opinbera hefir veitt til ræktunar og byggingar á jörðinni og til samgöngubóta fyrir hana, og eigandinn selur jörðina þessum 5000 kr. hærra en ella mundi næsta ábúanda, þá er sá, sem tekur við, engu betur farinn en þótt enginn styrkur hefði verið veittur. Hann þarf að borga vexti og afborgun af þessum 5 þús. kr., sem jörðin hækkaði um. Þessar 5 þús. eru því gjöf til þess manns, sem átti jörðina, þegar þessi styrkur var veittur. Það er þetta, sem eiginlega er stefna Framsóknar í landbúnaðarmálum: Gjafir til einstakra bænda í stað styrks til landbúnaðarins.

Hæstv. ráðh. játaði líka, að margt væri að athuga í þessu efni og margt þyrfti umbóta við. En mjúkleg orð stoða lítið, ef ekkert er gert. Væri betur, að hann hefði sýnt fram á, að Framsóknarflokkurinn gerði sér þetta ljóst og vildi lagfæra það. En svo er eigi. Í lögum um Byggingar- og landnámssjóð eru að vísu ákvæði, sem lítur út fyrir að hafi verið sett til þess að fyrirbyggja brask með ríkissjóðsstyrkinn. En þó er aðhaldið í þeim ákvæðum ekki fullnægjandi, því að ef lánið er borgað upp, þá getur hlutaðeigandi selt eignina kvaðalaust langt yfir verði. Með þeim er því alls ekki girt fyrir verðhækkunina, ekki einu sinni þá, sem óeðlileg er og skaðleg. Og það þýðir ekki að taka eina tegund af láns tofnunum út úr, því að verðhækkunin, sem hið opinbera skapar, á ekki að verða gróðafé einstakra manna.

Mín skoðun er sú, að hin eina varanlega lausn þessa máls sé sú, að afnema gersamlega einkaeign manna á jörðum. Ég skal játa, að það er hægt að draga nokkuð úr verðhækkuninni með fast-

eigna og verðhækkunarsköttum. En á þann hátt verður aldrei grafið fyrir rætur meinsins. Ég hefi lagt fyrir þingið frv. í þessa átt, en mér virðist heldur daufar undirtektir hjá flokksmönnum hæstv. ráðh., enda þótt þeir hljóti að sjá, að full þörf er að draga úr þessari stöðugu verðhækkun, sem verður sívaxandi skattur á þeim mönnum, sem framvegis stunda landbúnað.

Um ríkisrekstur og samvinnu skal ég ekki vera langorður nú. Hæstv. ráðh. tók svo til orða, að samvinnumenn og okkur jafnaðarmenn greini ekki svo mjög á um markið, heldur aðferðina. Þetta er betra en ég bjóst við hjá hæstv. ráðh. og ber að fagna því, að fá slíka yfirlýsingu frá honum og það á þessum stað. Hann viðurkenndi ennfremur, að á þröngu sviði væri sameign nauðsynleg. Mér þykir einnig gott að fá þessa viðurkenningu, þó á þröngu sviði sé. En þetta þrönga svið, sem hæstv. ráðh. talar um, getur ekki verið annað en það, sem ég áður gat um, nefnilega, að samvinna um fjárhagsleg málefni hlýtur að byggjast á fjárhagslegri sameign.

Þá tók hæstv. ráðh. svo til orða: Grundvöllur undir okkar byltingu er frjáls samvinna, en ekki lögþvingun. Og það skildist mér hann telja höfuðmuninn á starfsaðferð þeirra samvinnumanna og okkar jafnaðarmanna, að við vildum lögþvingun en þeir frjálsa samvinnu. Til þess að undirstrika þetta, svaraði hann neitandi þeirri fyrirspurn minni, hvort hann áliti, að setja bæri lög um sameiginlega heildverzlun, ef hún þegar hefði náð t. d. ⅘ verzlunarinnar í sínar hendur og hinn ⅕ hlutinn spillti stórlega verði og yki kostnað við verzlunina. Hæstv. ráðh. svaraði þessu neitandi; kvaðst eigi vilja beita slíkri þvingun.

Ég get ekki neitað því, að það lætur undarlega í eyrum á þessum stað í lýðræðislandi að telja yfirleitt lagasetningu þvingun við landsfólkið. Lög setja þeir menn, sem landsfólkið hefir til þess kjörið, og um þau efni ein, sem landsfólkið hefir fallizt á, að lög skuli taka til. Ef það er þvingun að setja lög um heildarlandsverzlun, þá má segja, að hver einustu lög, sem grípa inn í viðskiptalíf og athafnalíf manna, séu líka þvingun. Yfirleitt er þróun málanna sú, að fyrst eru málin flutt með frjálsum samtökum einstaklinga, og þegar þeim eykst fylgi hjá þjóðinni, er farið inn á þá braut að nota löggjafarvaldið til þess að ákveða það skipulag, sem meiri hluti þjóðarinnar hefir fallizt á að sé rétt. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að þegar sú stund er komin, að t. d. ⅘ hlutar verzlunarinnar við útlönd er komin í hendur t. d. Sambands ísl. samvinnufélaga, þá er mikill meiri hluti landsmanna kominn á þá skoðun, að sjálfsagt sé að setja lög um, að ein þjóðarstofnun taki að sér utanríkisverzlunina alla. Annað væri gersamlega óverjandi. Þá er það þvingun við meiri hl. að láta hann ekki ráða.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um meðferð á samvinnumönnum í Rússlandi, að þeir hefðu verið ofsóttir eftir byltinguna. Ekki veit ég, hvaðan hann hefir þessar upplýsingar, en vel má vera, að einhverjir samvinnumenn hafi barizt gegn stj. og orðið fyrir barðinu á henni, eins og aðrir andstæðingar hennar. Kommunistar í Rússlandi hafa einmitt eflt samvinnufélögin mjög bæði til viðskipta- og framleiðslustarfsemi. Rússar segja sem svo, að samvinnan sé einn meginþáttur þjóðnýtingarinnar, eins og reyndar er viðurkennt allsstaðar í heiminum nema hjá samvinnuflokki hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. hefir þó einhvern þata af þessu, því að hann segir, að það sé ekki svo mjög um takmarkið, sem okkur greini á, heldur um leiðirnar, aðferðirnar, meðalið. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að lesa um landbúnaðinn í Rússlandi í nýútkomnu Udenrigsministeriets Tidskrift, sem sýnir viðhorf Rússa til samvinnufélaganna og hinn geysilega vöxt félagsbúskapar þar. Það er alveg hlutlaus grein, sem vel má taka mark á.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, sem má telja mikilsvert ágreiningsatriði milli mín og hans. Það er, hvort heppilegra muni vera að styðja eingöngu að smábýlastofnun og rekstri í sveitum, eða hlúa a. m. k. jafnframt að því, að upp rísi stórbú. Ég held því fram, að hæstv. ráðh. geti ekki spornað við því, að hér rísi upp búrekstur í stórum stíl, þess vegna sé um það að ræða, hvort þau bú eigi að vera eign ein-

stakra manna eða félagseign, samvinnueða ríkisbú. Ég fyrir mitt leyti er viss um, að upp muni rísa stórbú í ýmsum héruðum, þar sem hægt er að nota hin fullkomnustu tæki og ræktunarskilyrði eru góð. Það er barnaskapur að spyrna á móti þessu. Rás viðburðanna verður ekki hnekkt. En það er hlutverk stjórnmálamanna að beina henni í réttan farveg.

Það vill auk þess svo raunalega til fyrir þessari hæstv. stj., sem segist vilja styðja að smábúskapnum, að hún með starfi sínu í landbúnaðarmálum vinnur beinlínis gegn þessu. Með aukinni ræktun, húsabótum og samgöngubótum hækka jarðirnar í verði, áhöfnin stækkar og dýrar vélar verður óhjákvæmilegt að kaupa. En því meira fé, sem þarf til þess að geta eignazt jörð og bú, þess færri geta orðið sjálfstæðir bændur. Það er nákvæmlega sama sagan og hefir gerzt við sjóinn. Meðan smábátarnir voru einu atvinnutækin, þá gátu mjög margir sjómenn orðið atvinnurekendur. En þegar vélbátarnir komu, fækkaði bátaeigendum, og því stærri og dýrari sem skipin urðu, því færri urðu eigendurnir. Vegna þeirrar þróunar, sem er að verða í landbúnaðinum, verður landið dýrara og dýrara, og því færri og færri, sem geta fengið umráð þess fjármagns, sem þarf til að kaupa jörð og reisa bú. En hinum jarðnæðislausu fjölgar, sem neyðast til þess að gerast þjónar þeirra, sem fénu ráða og jarðirnar eiga. Með því að reka stórbúin, t. d. með samvinnusniði, má sameina kosti sórrekstrar og smárekstrar. Þá hafa allir mennirnir, sem vinna að búunum, sameiginlegra hagsmuna að gæta og njóta ávaxta vinnu sinnar. En kosturinn við stóriðju er hagsýni í rekstri fullkomnustu véla til sem flestra verka.

Þetta er svo mikilsvert atriði í þróun landbúnaðarins, að það er óskaplegt að hugsa sér það, að um leið og sett er upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, skuli þess ekki verða vart, að nokkuð sé gert til þess að sigla fyrir skerin, sem hinn aðalatvinnuvegur okkar, útgerðin, hefir rekizt á.

Út af því, sem ég sagði um fjárframlög til landbúnaðarins, sagði hæstv. ráðh., að þetta væri rétt aðeins í byrjun. Ég ætla hann segði, að við værum búnir með 1%, en ættum eftir 99%. Ef hann hefir með þessu átt við framlagið til landbúnaðarins, sem hefir á síðustu þremur árum nær ferfaldazt við það, sem áður var, þá sé ég ekki annað en þar stefni til fulls ófarnaðar. Það er hreinn og beinn fíflskapur að gera ráð fyrir, að unnt sé að 90-falda eða 100-falda framlög ríkissjóðs til landbúnaðarins. En ráðh. hefir vonandi ekki átt við þetta, heldur hitt, hvað mikið væri yfirleitt óunnið að ræktun landsins. Þó get ég ekki neitað því, að mér finnst afar rík tilhneigingin hjá honum og flokki hans til að veita fé til landbúnaðarins, án þess að sjá fyrir því, að framtíðin hafi nokkurt gagn af því.

Mér fannst hálfpartinn, að þegar hæstv. ráðh. drap á það, hvernig stj. hefir séð fyrir hag annara stétta en bænda, þá vildi hann láta í veðri vaka, að allar sanngjarnar kröfur frá hendi jafnaðarmanna hafi fundið náð fyrir augum Framsóknarflokksins. Þetta er afar fjarri sanni. Það hefir ekki nema örlítið brot af þeim gengið fram. Jafnvel mál, sem ómögulegt er að skilja, hvers vegna fulltrúar bænda geta verið á móti, hafa verið drepin. Ég held ég verði að nefna nokkur af þessum málum, til áminningar hæstv. ráðh.

Það er nú nýbúið að fella hér í 4. eða 5. sinn frv. um forkaupsrétt kaupstaða að hafnarmannvirkjum. Mér er alveg óskiljanlegt, hvað stjórnarflokkurinn hefir á móti þessu. Það getur ekki orðið til tjóns fyrir nokkurn mann, en til þess að fyrirbyggja brask með fasteignir, sem á að nota sameiginlega fyrir íbúa kaupstaða og kauptúna.

Þá er frv. um bann gegn næturvinnu, sem er alveg hliðstætt við vökulögin fyrir togarana. Þetta frv. hefir stjórnarflokkurinn hvað eftir annað fellt í deildinni. Ekki skil ég, hvað í þessum lögum gæti verið andstætt hagsmunum bænda; það er eingöngu ráðstöfun til að vernda heilsu verkamanna, eins og á sér stað víðast í hinum siðaða heimi.

Þá vil ég nefna einkasölu á lyfjum. Það orkar ekki tvímælis, að verð á lyfjum er úr hófi hátt og engin trygging fyrir gæðum þeirra. Þessu þarfa máli var vísað frá á síðasta þingi með hinni

ömurlegustu dagskrárómynd, sem ég hafi komizt í kynni við. Framsóknarmenn voru þar að verki. Sjúklingarnir eru skattlagðir til gróða fyrir lyfsalana.

Till. um alþýðutryggingar hefir hrökklast hér þing eftir þing. Ég vonast þó til, eftir ummælum hæstv. ráðh. nú, að hann hafi þau áhrif á sinn flokk, að till. gangi nú loks fram. Enda fæ ég ekki séð, að það skaðaði bændaflokkinn.

Fyrir liggur nú frv. um það, að Siglufjörður verði gerður að sérstöku kjördæmi. Væri það ofurlítil bót á því ranglæti, sem nú er framið með kjördæmaskipuninni. En Eyjafjarðarsýsla skal eftir sem áður halda sínum tveim þingmönnum fyrir sveitirnar, svo ekki þurfa bændur að óttast þetta.

Þá er frv. um 8 stunda vinnudag í verksmiðjum. Ekki get ég séð, að það sé bændum til miska að setja lög um þetta, og ekki kostar það neitt fé úr ríkissjóði.

Í fyrri flutti ég frv. um að fella niður 15% verðtoll af fatnaði og óbreyttum vefnaðarvörum. Nú er 18—20% tollur lagður á allan nauðsynlegan fatnað fátæks fólks í landinu, þegar vörutollur er talinn með. Ekki var við þetta komandi, og var þó bent á annan tekjustofn í staðinn, tóbakseinkasölu og 25% viðauka á tekju- og eignarskatti. Bændur hefðu notið góðs af þessari tollalækkun og verkalýður kaupstaðanna. En Framsókn vildi ekki.

Fjöldamörg þing áður en ég kom og eftir það hafa sífelldar breytingar verið bornar fram við fátækralögin. Tvennt ver gert að aðalatriðum, að fella niður sveitarflutning, sem er einhver allra svívirðilegasti bletturinn á okkar löggjöf, og að fátækrastyrkur, þeginn vegna óviðráðanlegra ástæðna, svo sem sjúkleika, elli, slysa, atvinnuleysis eða ómegðar, verði ekki látinn varða mannréttindamissi. Ekkert hefir orðið ágengt, nema að því er snertir kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Enn þann dag í dag er það ekki einungis leyfilegt, heldur skylt að lögum ef krafizt er, að flytja fólk sveitarflutningi frá einu landshorni til annars.

Ég flutti í fyrra svokallað hýðingarfrv., um bann gagn líkamlegum refsingum, sem ég taldi til bóta, og sjálfur fræðslumálastjórinn mælti mjög eindregið með frv. Ég fæ ekki séð, að það myndi skaða bændastéttina neitt sérstaklega að samþ. slíkt frv. Ekki fékkst það.

Frv. fluttum við um takmörkun á sölu veiðarfæra, sem gerð eru upptæk af togurum, sem sektaðir eru fyrir landhelgisbrot. Varla er gott að sjá, að slík takmörkun geti orðið til miska fyrir landbúnaðinn, en erfiðara yrði þá fyrir landhelgisbrjóta að taka strax til sinnar fyrri iðju að skafa bátamið sjómanna. Ekki vildi Framsókn þetta.

Í fyrra fluttum við jafnaðarmenn till. um að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar á undanförnum árum. Það hefði átt að vera samvinnumönnum áhugamál að láta þessa rannsókn fara fram, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að finna heillavænlegra skipulag og þjóðnýtara en verið hefir til þessa. Þetta sá það ágæta blað Tíminn, og flutti skörulega grein um málið og krafðist rannsóknar eins og við. En flokkur hæstv. ráðh. sá enga ástæðu til þessa samt sem áður. Það hefði þó verið verkefni fyrir þá að athuga, hvort ekki mætti koma við samvinnurekstri á þessari atvinnugrein og fá á þann hátt betri úrlausn þessa mikilvæga atvinnumáls en fundizt hefir á undanförnum árum. Rannsókn gat að minnsta kosti ekki skaðað neitt; ekkert var ákveðið endanlega með rannsókn einni. En Framsókn vildi enga, alls enga rannsókn, þrátt fyrir öll gífuryrðin um stórkapítalistana í höfuðstaðnum.

Þing eftir þing höfum við flutt frv. um veðlánasjóð fiskimanna, til þess að þeir komist hjá að selja fisk sinn fyrir það verð, sem þeim er skammtað. Ekki hefir það fundið náð fyrir augum Framsóknar, og hjálpuðum við þó til við afgreiðslu laganna um Búnaðarbankann.

Þá má nefna verkkaupsveð, til þess að koma í veg fyrir, að verkamenn séu sviknir um kaup sitt. Ekki fann það heldur náð fyrir augum stjórnarflokksins. Þetta frv. var flutt í hv. Ed., en steindrepið við 1. umr.

Við höfum flutt frv. til laga um opinber reikningsskil hinna stærri hlutafélaga. Það náði ekki fram að ganga. Framsókn vildi ekki.

Öll þessi mál, sem ég hefi drepið á, eru sumpart réttarbætur og sumpart beinlínis hagsmunamál alþýðu. Ekkert af þeim málum kostar ríkissjóð fé og ekkert þeirra getur orðið til miska bændastétt landsins. Og víst er um það, að full var þörf þess fyrir verkamenn í kaupstöðum að fá þær réttar- og hagsbætur, sem í þessum frv. felast. En hæstv. stj. og flokkur hennar hafa ekki verið glöggskyggn á þörf þeirra. Þó mun það vera svo, eftir því sem ég bezt veit, að hæstv. stj., sérstaklega hæstv. forsrh., hefir tjáð sig velviljaðan mörgum af þessum málum, og ég efast ekki um, að hann meini það. En svokallaður velvilji hans stoðar lítið, ef ekki er sá manndómur í honum, að hann fylgi málunum eftir hjá flokki sínum. Skylda hvers góðs drengs er að berjast fyrir framgangi þeirra mála, sem hann telur til þjóðarheilla.

Ég skal ekki að þessu sinni fjölyrða neitt um svör hæstv. ráðh. við þeim 10 atriðum, sem hann kallaði eldhúskaflann í ræðu minni, enda hefi ég drepið á nokkur þeirra óbeinlínis. En ekki get ég leitt hjá mér að svara því, sem hann sagði um kjördæmaskipunina. Ég spurði, hvort stj., sem telur sig fylgja lýðræði og viðurkennir, að mjög sé misjafnað rétti manna nú í þessu efni, vildi ekki gera ráðstöfun til að bæta úr þeim ójöfnuði. Svar hans var, að það væri hróplegt ranglæti að breyta kjördæmaskipuninni í það horf, að höfðatalan réði. Þetta er einhver sú fáránlegasta og ósvífnasta yfirlýsing, sem ég hefi heyrt. Hæstv. ráðh. taldi það hróplegt ranglæti að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að höfðatalan yrði látin ráða. Við hvað vill ráðh. miða, ef ekki höfðatöluna, þ. e. fólksfjöldann. Vill hann miða við flatarmál héraða, peningaeign bænda eða framsóknartrú? Mér er ekki kunnugt um annað, en að um kosningarrétt manna sé farið eftir höfðatölu kjósenda í öllum lýðfrjálsum löndum, nema þar sem gamlar venjur viðhalda svipuðu ranglæti og viðgengst hér á landi. Að láta kjósendur á Seyðisfirði hafa sexfaldan atkvæðisrétt á við kjósendur í Reykjavík er hið hróplegasta ranglæti.

Ástæðan, sem hæstv. forsrh. færði til stuðnings sinni skoðun var sú, að vaxtarbroddur þjóðlífsins ætti að vera í sveitunum, og að bændur ættu að halda sinni aðstöðu til að hafa fleiri fulltrúa á Alþingi en eðlilegt er eftir höfðatölu, til þess að efla landbúnaðinn með auknum fjárstyrk og fríðindum frá þjóðfélaginu.

Þetta er ranglæti gagnvart öllum öðrum stéttum, tvöfalt ranglæti. Fyrst að svipta þær stjórnarfarslegum rétti og síðan í skjóli þessa að taka af sameignarsjóði þjóðarinnar framlög til einnar stéttar á kostnað allra hinna. Engin ástæða er til að láta bændur hafa óeðlilega háa fulltrúatölu í þinginu, því að það hefir ekki verið tekið stirðlega í landbúnaðarmálin af þingfulltrúum annara stétta, þvert á móti.

Ég ætla, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að á næstkomandi 10 árum myndi fólksstraumurinn beinast út í sveitirnar, og að eftir þann tíma mundi verði komið fullt jafnvægi á fólkstöluna í kjördæmunum, svo að sveitakjördæmin gætu haldið sínum meiri hluta eftir sem áður. Mér þykir þetta ekki trúlegt, en þótt svo færi, breytir það engu. Bændur fengju þá eftir till. okkar af sjálfu sér fleiri þm.

Ég held ég sleppi því að mestu að minnast á Íslandsbankamálið nú. Hæstv. stj. hallaðist að nauðsynjalausu á þá hlið, sem síður skyldi, áður því máli lauk, með því að taka á ríkissjóð og Útvegsbankann meiri hlutann af tapi Íslandsbanka.

Ég held, að ég hafi svo ekki fleira að segja við hæstv. forsrh., nema að ég þakka honum fyrir hinar hlýju óskir hans í minn garð um velgengni við næstkomandi landskjör, sem nú fer í hönd. En ég veit að verk hans veita mér meiri stuðning en óskirnar þessar. Hæstv. ráðh. verður að una því, þó að við jafnaðarmenn græðum ekki síður á syndum hans en íhaldsins, og drögum atkv. frá hans flokki.

Að lokum vil ég aðeins segja það um ræðu hæstv. ráðh. sem heild, að öðru leyti en því, sem snertir ágreining okkar um landbúnaðarpólitík stj., kjördæmaskipun o. fl., sem ég hefi nefnt, að ræðan virtist bera vott um góðan hug og velvild ráðh. til ýmsra þjóðþrifamála og umbóta. En hæstv. ráðh. má þó ekki láta sér nægja að tala hlýlega um þessi mál. Hann verður að gera eitthvað. Ráðh. er settur í þá stöðu til að koma því í framkvæmd, sem

hann telur til gagns. Því miður hefi ég minni trú á framkvæmdum ráðh. en góðum áformum. Varalið Íhaldsins, flokksmenn ráðh., reyna sjálfsagt hér eftir sem hingað til að gera sig kámuga af umbótastarfsemi. Og ráðh. hefir oft beygt sig fyrir þeim.

Er hæstv. dómsmrh. genginn af fundi? Ég kem ekki auga á hann hér í deildinni, en við hann ætla ég að mæla nokkur orð. Það hefir viljað svo einkennilega til, að við höfum báðir rætt mikið um sama málið, án þess að hann hafi nokkuð svarað mér beinlínis. Ég hygg, að við höfum skýrt málið til fulls sameiginlega.

Ég lét þess getið í fyrri ræðu minni, að það væri einkennileg háttsemi af hæstv. ráðh. að flytja á þremur þingum sama frv., um eftirlit með loftskeytum til togaranna, sem hann vill láta líta út fyrir að honum sé áhugamál, og að minnsta kosti er gott mál og gagnlegt, en nú á þessu þingi er það drepið af flokksmönnum hæstv. ráðh., nokkrum varaliðsmönnum Íhaldsins í Framsóknarflokknum. Ég drap á þetta sem sönnun þess, að þetta mál væri aðeins notað sem agn fyrir kjósendur, þar sem stjórnarflokkurinn hirti ekkert um að styðja málið í þinginu; og nú hefir hæstv. dómsmrh. sjálfur staðfest þessa ályktun mína með þeim orðum, sem hann lét falla um afdrif frv. En þau voru eitthvað á þessa leið: Ég býst við að ég græði á því, að ég hefi sýnt góðan vilja og viðleitni í þessu máli.

Hér verður ekki um villst, hæstv. ráðh. býst við að kjósendur meti þessa viðleitni hans og kjósi hann fyrir, þó flokksmenn hans drepi frv., það finnst honum skipta minna máli og vera næstum aukaatriði. Málið á sýnilega aðeins að vera kosningamatur. Varalið Íhaldsins í Framsóknarflokknum mun drepa það enn, og þannig má halda áfram að nota það þing eftir þing, sem sönnun fyrir góðri viðleitni ráðh. og vonzku Íhaldsins.

Hæstv. ráðh. sagði, að togarafélögin, sérstaklega Kveldúlfur, berðust ákaft á móti þessu frv. og vildu ekki, að það yrði að lögum, enda hefðu þau ástæðu til þess. Og svo gera flokksmenn ráðh. það togarafélögunum til geðs að drepa frv. Ég held, að það sé ekki hægt að fá gleggri staðfestingu en þetta er, fyrir því, sem ég hefi sagt um hlutverk og aðstöðu varaliðsins í Framsóknarflokknum.

Hæstv. dómsmrh. talaði nokkuð um áfengismálin út af ræðu minni og hv. þm. Borgf. Sagði hann réttilega, að í Morgunblaðinu hefði verið skrifaðar verri og svæsnari greinar um það mál heldur en í Tímanum, og þrátt fyrir þá grein sína, sem alltaf væri vitnað til, þá væri langt bil á milli hennar og þeirra rótarlegu greina, sem Morgunbl. hefði flutt um áfengismálin. Ég hélt nú, að hæstv. ráðh. vildi taka sér eitthvað sæmilegra en Mbl. til samanburðar, og að hann mundi ekki miklast af því, þó að hann stæði Morgunbl. framar að ritþætti. Hæstv. ráðh. var upphaflega mótfallinn kröfum Spánverja. En nú virðist mér það vera meining hæstv. ráðh., að hann vilji ekki leggja út í þá glæfrapólitík að leita eftir því, hvort fáanlegar eru breytingar á samningnum við Spánverja. Þetta fæ ég ekki skilið. Það er sitt hvað að segja samningnum upp, eða að leita eftir því, hvort unnt er að fá honum breytt, t. d. þannig, að fækka megi útsölustöðum vínanna o. s. frv. Það er hreinasta fjarstæða að nefna slíkt glæfrapólitík. Við getum boðið Spánverjum ívilnanir í tollkjörum á öðrum vörum, t. d. salti, ávöxtum og ýmiskonar iðnaðarvörum, sem við kaupum af þeim, og fjárhagslega mundu þeir hafa meira upp úr því heldur en vínsölunni.

En setjum nú svo, að þetta væri glæfrapólitík. Var það þá ekki líka glæfrapólitík, þegar hæstv. dómsmrh. krafðist þess áður sem þm. af íhaldsstj., að hún legði niður ýmsa útsölustaði vínanna. Nema að hann þá hafi aðeins gert það til þess að sýna þjóðinni hina góðu viðleitni sína. En vafasamt er, að sú viðleitni komi honum að haldi nú. Hæstv. ráðh. má gæta þess, að tekin er að dofna sú tiltrú, sem þjóðin hafði fengið á áformum hans í þessu máli. Veldur því aðgerðarleysi hans síðan hann komst að völdum, til þess að draga úr vínsölunni í landinu.

Í þessu sambandi vil ég gera þá fyrirspurn, hvort að Hótel Borg hafi fengið vínveitingaleyfi. Ég geri ráð fyrir, að það sé alveg ónauðsynlegt með tilliti til Spánarsamninganna. Ég hefi heyrt sagt, að það vínveitingaleyfi, sem eigandi að Hótel Ísland hafði, hafi fallið niður þeg-

ar hann dó, og ekki fylgt með í sölunni. Hér er um beina aukningu að ræða frá því sem áður var, stærra húsnæði og þess vegna meiri vínsölu.

Þá vil ég víkja lítið eitt að ræðu hv. þm. Mýr. Ef ég þekki rétt blaðið Tímann og málstúlkun Framsóknarflokksins, þá býst ég við, að bráðlega komi grein í Tímanum undir þessari fyrirsögn: Kenning Bjarna Ásgeirssonar í vaxtamálinu, og önnur, sem héti: Kenning Bjarna Ásgeirssonar um hlutverk miðflokka.

Ég hlýddi á vaxtafræði hv. þm. með mikilli athygli, en sé ekki ástæðu til að víkja að þeim hluta ræðunnar nú, enda var þar lítið nýtt og ekkert, sem máli skipti.

Hv. þm. talaði um tilverurétt milliflokka og taldi þeim margt til gildis, og aðallega það, að úti í löndum væru jafnaðarmenn orðnir milliflokkar á milli kommúnista annarsvegar og íhaldsmanna hinsvegar. Ég hefi ekki rætt þetta spursmál og fer ekki langt út í það nú. En ég álít, að í stjórnmálabaráttunni hljóti milliflokkarnir smám saman að þverra og líða undir lok.

Ég hafði aftur á móti talað um samloðunarleysið eða sundrungina í Framsóknarflokknum. En að því vildi hv. þm. lítið víkja, enda er það mál honum viðkvæmt og nákomið.

Þá talaði hann mikið um skipulagsmál og atvinnumál. Það kann að vera, að ég hafi ekki fylgzt vel með ræðunni, enda átti ég erfitt með að skilja suma kafla hennar. Hann kallaði Framsóknarflokkinn samvinnuflokk í skipulagsmálum, en bændaflokk í atvinnumálum, og talaði margt um skipulagsmál og atvinnumál. Ég verð að játa þá fáfræði mína, að ég skildi ekki þessa þjóðhagsfræði hv. þm. að telja skipulagsmálin óskyld og óviðkomandi atvinnumálum. Ég hefi álitið, að þetta tvennt yrði ekki aðgreint, hvort út af fyrir sig, skipulagsmál og atvinnumál. Því orðið skipulagsmál fjallar einmitt um skipulagið á atvinnumálum, verzlun, síldarútveg, landbúnaði o. s. frv. Kenning hv. þm. Mýr. í hagfræði er nýstárlegri en í vaxtamálunum. Hvort sem einn flokkur hefir samvinnu- eða samkeppnisskipulag á verzlun sinni og atvinnumálum, þá getur hann í báðum tilfellum verið bændafl. Hafi hv. þm. meint nokkuð af viti með þessu, þá hefir það farið fram hjá mér. — Hv. þm. lýsti ástandinu í sveitunum þannig, að þar væri róið upp á líf og dauða, og þess vegna væri rangt að telja eftir það fé, sem veitt væri til þess að rækta landið og bæta aðstöðuna í sveitunum. Ég held það sé ekki rétt, að þar sé roið upp á líf og dauða, fremur en fátæklingar gera, hvaða atvinnu sem þeir stunda. Ég hefi haft sérstaka aðstöðu til þess að kynna mér þetta við starf mitt í skattamálanefndinni. Í sveitum landsins og utan kaupstaðanna eru um 14 þús. gjaldendur til tekju- og eignaskatts, og miðað við fólksfjöldann er það hærri hundraðstala af íbúum en í kaupstöðum. Skatturinn, upphæðin, er að vísu mikið lægri í sveitunum en kaupstöðunum, því að hátekjumenn eru þar aðeins örfáir, en persónufrádráttur er þar jafn og í kaupstöðunum, 2500 kr. á hvert 5 manna heimili, en þetta eru mun lífvænlegri tekjur í sveit heldur en sama upphæð í kaupstað. Skattskýrslurnar sýna það líka, að eignirnar eru meiri í sveitunum, þegar miðað er við fólksfjölda, heldur en í bæjunum. Einhverntíma hafa þessar eignir safnazt. En ég viðurkenni fyllilega, að það eru nú að ýmsu leyti örðugri tímar fyrir landbúnaðinn en aðra atvinnuvegi. Það er ætíð svo, þegar verið er að breyta einhverri atvinnugrein í nýtt horf. Og það er það, sem nú er gert í sveitunum. Slíkt heimtar fyrst og fremst fé, mikið fé.

Ég tel það ekki eftir þó að varið sé miklu fé til þess að breyta landbúnaðinum í það horf, sem nútíminn heimtar. En ég tel það eftir, að fé því, sem varið er til að rækta jörðina og til samgöngubóta, skuli vera úthlutað sem gjöfum til einstakra manna, án þess að þjóðfélagsaðstaða bænda í framtíðinni sé nokkuð bætt, og vísa ég um það efni til þess, sem ég hefi áður svarað hæstv. forsrh.

Hv. þm. sagði, að með jarðræktinni væri aukið verðmæti landsins, sem er eign þjóðarinnar. Ef það væri rétt, þá þyrfti ekki út á það að setja. En það er ekki rétt. Jörðin er ekki eign þjóðarinnar, heldur tiltölulega fárra einstaklinga. Arðurinn af ræktun jarðarinnar og

verðhækkun landsins rennur til þeirra, sem teljast eigendur jarðanna. Og þegar þeir svo selja jarðirnar dýru verði og flytja sig til kaupstaðanna, þá stinga þeir verðhækkuninni í sinn vasa, en láta notendur landsins borga sér afborgun og vextina af hinu hækkaða jarðaverði, sem hækkað hefir vegna opinberra umbóta.

Hv. þm. sagði, að sú króna, sem gengi til þess að rækta landið, gæfi vexti um aldir, og það er rétt. En vextirnir renna í vasa þeirra manna, sem eiga jarðirnar og selja þær, og hverfa þannig frá landbúnaðinum. Þeir eru verðhækkunarskattur, sem ábúendur verða að greiða um aldir.

Hv. þm. talaði um, að áttaviti okkar jafnaðarmanna væri gallaður. Við gætum ekki viðurkennt, að til væru aðrar áttir í stjórnmálum en austur og vestur, suðrið vildum við ekki telja með áttum, en það væri átt Framsóknarflokksins. Ég skal ekki deila við hann um það, hver muni vera átt Framsóknarflokksins. Ég held satt að segja, að hann snúist í allar áttir áttavitans. Og hv. þm. er áreiðanlega að fara meir og meir til vesturs, á sveif íhaldsins, og er það leiðinlegt um svo ungan mann, að hann skuli sækja svo fast í sólsetursáttina. Ég uni mér vel við austrið.

Hv. þm. kom með nokkrar athugasemdir um þjóðnýtingu og samvinnu. Grundvöllur samvinnustefnunnar er réttur eins og hann var lagður af forgöngumönnum félagsskaparins hér á landi, þar sem fjármagnið er ekki látið ráða, heldur þátttaka einstaklinganna í félagsskapnum. Slík samvinna er einmitt einn þáttur í þjóðnýtingunni, eða grein af henni, og hana geta jafnaðarmenn vitanlega aðhyllzt. Ríkisrekstur er ennfremur önnur tegund af þjóðnýtingu, en venjulega er þessu ruglað saman í riti og ræðum af þeim, sem lítið skyn bera á félagsmál og halda, að ekkert sé þjóðnýting nema hreinn ríkisrekstur.

Hv. þm. Mýr. lauk máli sínu með því að lýsa því yfir, að hann hefði ekki meint neitt ljótt með því, sem hann var að tala um kámið, sem hann hefði fengið af jafnaðarmönnum. Sagðist hann hafa átt við stjórnmálakámið almennt frá báðum andstöðuflokkum Framsóknar. Hann tók það nú fram, að þó að almenningur skildi ekki þessa aðstöðu Framsóknarflokksins, að vera stundum með íhaldinu og stundum með jafnaðarmönnum, þá verkuðu þau mök á víxl, til að hreinsa af Framsókn kámið af hinum flokkunum. Áhrifin úr austri yrðu til þess að upphefja áhrifin úr vestri.

Þó að þessi grautargerð hv. þm. sé lítt skiljanleg og gefi helzt í skyn, að flokkur hans geti ekkert gert, þar sem hann stöðugt er „undir áhrifum“, sem upphefja hvert annað, þá er það þó víst, að þetta er allt annað en það, sem kom fram í ræðu hans áður hér í deildinni, og bendir það á, að hv. þm. sé nú farinn að iðrast oflátungsháttarins og gífuryrðanna.

Það var skrítin samlíking hv. þm. um Framsóknarflokkinn og mjaltakonurnar, og ekki í góðu samræmi við það, sem kom fram í fyrri ræðu hans. Þar var svo að heyra, að jafnaðarmenn hefðu mjólkað Framsókn, en með samlíkingunni virðist hv. þm. hafa snúið þessu við, því að nú telur hann, að Framsókn mjólki bæði Íhaldsflokkinn og Alþýðuflokkinn. Ég hélt að þetta væri á annan veg samkv. þeim eftirtölum, sem hv. þm. hafði um stuðning Framsóknar við umbótamál jafnaðarmanna. Samlíkingin virðist því aðeins geta verið rétt, ef hún á við hann einan og hv. þm. viðurkennir, að sú mynd sem hv. 2. þm. Reykv. gaf af honum, sé sannleikanum samkvæm, þar sem hann lýsti því, hversu hv. þm Mýr. æti til skiptis úr jötum Íhalds og Framsóknar, og væri á stöðugum hlaupum á milli þeirra á víxl.

Ef hv. þm. vill heldur kalla þetta t. d. að sjúga til skiptis spena Íhalds og Framsóknar, þá má hann það mín vegna. Og þá er eðlilegt, að honum sé þörf þvottarins.

Ég er satt að segja í stökustu vandræðum með að svara hv. 2. þm. G.-K. Hann las upp með miklum fjálgleik sama kaflann úr Njálu, sem ég hafði lesið upp, kaflann um orðaskipti þeirra Snorra goða og Flosa. Og mér skildist hv. þm. álíta það, að þeir, sem nú léku hlutverk þeirra liðsmanna Flosa, værum við jafnaðarmenn. Ég skal aðeins svara hv. þm. því, að eftir þeim kafla, sem hann las upp, höfðu þessir menn, Þorvaldur kroppin-

skeggi og Kolur, verið í liði Flosa, en við jafnaðarmenn höfum aldrei verið íhaldsmenn og verðum það aldrei.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var í fyrravor, þegar hann var hér á ferðinni sænski flugmaðurinn, að það flugu ýmsar sögur um tilraunir hans til að komast héðan í burtu, og ein var sú, að í eitt skipti var vélin svo afturþung, þegar hann fór, að hann varð að snúa aftur. — Mér finnst, að hvað þessar eldhúsdagsumr. snertir, þá hafi þessi eldhúsdagur orðið á annan veg en sænska flugvélin, ekki afturþungur, heldur mjög afturléttur.

Í upphafi var mokað allmikið fyrir mínar dyr, en nú upp á síðkastið hefir mjög fátt hrotið að mínum dyrum.

Af þeim mörgu ræðum, sem fluttar hafa verið síðan ég flutti síðustu ræðu mína, hefir hv. 1. þm. Reykv. helzt vikið nokkru að mér, en um ræðu þess hv. þm. er það að segja, að í fyrsta lagi á hún ekki sem bezt við hér, í öðru lagi er hv. þm. dauður og í þriðja laga stillti hann miklu meira í hóf sínum ummælum um mig en ætla mætti, svo að ég sé enga ástæðu til að víkja að hv. þm. aftur.

Um þá ræðu, sem hv. þm. Ísaf. hinsvegar hefir flutt hér, vil ég segja það, að í hans ræðu voru mörg einstök atriði, sem ég vildi frekar tala við hann um og gera grein fyrir þeim mismunandi skoðunum, sem ríkja okkar í milli. En nú er mjög áliðið nætur og hinsvegar af því, að ég lít svo á, að flest þau deilumál séu svo vaxin, að ekki sé rétt að halda uppi í sambandi við fjárl. umr. um þau, heldur sé réttara að deila um þau hjá fólkinu, þar sem við, eins og aðrir forgöngumenn flokkanna, munum heyja baráttu um landskjörið, vil ég ekki tefja þessar eldhúsdagsumr. með því að ræða þau við hv. þm. Ég vil aðeins taka það fram, að það eru mörg atriði í ræðu hv. þm., sem ég er honum ósamþykkur um, og mun síðar gefa mér tækifæri til að ræða við hann um á þeim vettvangi, sem mér þykir betur til fallinn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi skrifað hjá mér lítillega úr ræðum tveggja þm., hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Dal. Ég verð náttúrlega stuttorðari nú, þegar svo er mjög liðið á tímann, heldur en annars. Þó eru hér nokkur smáatriði, sem ég verð að víkja að.

Hér um bil öll ræða hv. 2. þm. G.-K. var, eins og við mátti búast frá honum, ekki rök eða um málið sjálft, heldur persónuleg fúkyrði í minn garð. En þó fór nú, eins og jafnan hefir orðið er við höfum deilt, að þegar hv. þm. hafði fengið fyrstu hríðina frá mér, þá kom fram þolleysi hans og þrekleysi, og er hann þá líkastur því, sem drykkjumenn gerast daginn eftir ölæði.

Hv. þm. minntist á hið svokallaða Jóns Auðuns mál, og tók það sem dæmi, að í því máli hefði Magnús heitinn Kristjánsson lýst yfir persónulegri andúð til mín.

Í hinu alræmda hneykslismáli út af Hnífsdalssvikunum voru alls engin samtök í Framsóknarflokknum. Flokkurinn var meira að segja þrískiptur um málið, og þótt Magnús heitinn Kristjánsson liti með meiri mildi á mál Jóns Auðuns en sumir aðrir í okkar hópi, þá var engin sneið í hans orðum til flokksbræðra hans. Það sæti líka illa á hv. 2. þm. G.-K. að bera brigður á samlyndi okkar, því að við höfðum starfað saman nálega tug ára, og höfðum, meira að segja, staðið mjög fast saman, ekki sízt á móti ofsa og heimskuflani þessa hv. þm., og enginn maður hafði meiri fyrirlitningu á allri frammistöðu þessa hv. þm. en einmitt Magnús Kristjánsson. Vil ég í því sambandi sérstaklega benda á það, að í landsverzlunarmálinu voru þessir tveir menn í fullkominni andstöðu. Magnús heitinn Kristjánsson barðist fyrir því, að brjóta niður óheilbrigt skipulag og bjarga verzlunarmálum landsmanna inn á heilbrigðari leið, en enginn hafði verið honum ósvífnari, yfirlætismeiri og verri (ÓTh: Ætli forseti hefði ekki hringt, ef ég hefði sagt þetta?) viðureignar en hv. 2. þm. G.-K. Í öllum þessum málum höfðum við Magnús heitinn Kristjánsson verið samherjar og einmitt á móti hv. 2. þm. G.-K.

Það er þess vegna mjög óviðeigandi, þegar hv. 2. þm. G.-K., sem við höfum báðir barizt á móti, notar sér það, að Magnús Kristjánsson er dáinn, til þess

með falsi og ósannindum að halda því fram, að um klofning hafi verið að ræða okkar í milli.

Hv. þm. kom svo að veitingu Keflavíkurhéraðs og sagði, að sá maður, sem stjórnin veitti þetta embætti, m. a. af því, að hans umsókn var hin eina, sem henni barst í hendur á sæmilegan hátt, væri ágætismaður. Hv. þm. bar ekki fram neinar skynsamlegar ástæður, en sagði þó, að fólkið væri allt á móti þessum lækni, Sigvalda Kaldalóns. Það er ekki meira á móti honum heldur en það, að þegar uppreistarstjórn læknanna vildi reyna að fá meðmæli handa hinum mjög svo trúa Íhaldsmanni, Jónasi Kristjánssyni lækni, þrátt fyrir þann mikla stuðning, sem þm. kjördæmisins hefði átt að geta veitt, þá bar það engan ávöxt. Það var reynt að fá þessi meðmæli hjá oddvitunum, en það er ekki sjáanlegt annað en að þeir hafi neitað, að minnsta kosti er það, að svo lítið hefir fengizt upp úr því, að stuðningsmenn Jónasar Kristjánssonar lögðu þau aldrei fram.

Viðvíkjandi Helga Guðmundssyni lækni er það satt, að hann talaði um það við mig, að hann vildi fá embættið, en svo kom aldrei nein umsókn frá honum, því að hann var kúgaður til að senda hana ekki til stjórnarinnar beina leið. Líka hefði hann getað fengið stórmiklar undirskriftir frá fólki í Keflavík, en hann sagði, að sér hefði líka verið bannað það, og svo, þegar Helgi Guðmundsson sendir umsókn sína til Læknafélagsins, stingur það henni undir stól, svo að hún kemur aldrei stjórninni í hendur. Helgi Guðmundsson er þannig settur, að honum er bannað að sækja til stjórnarinnar og hann verður að hindra það, að fólkið láti í ljós þann vilja sinn, að það vildi gjarnan fá hann fyrir lækni, og svo er hann hundsaður af þessu nýja veitingarvaldi læknaklíkunnar. Svo fyrst eftir að Sigvalda Kaldalóns er veitt embættið, þeim eina, löglega umsækjanda, þá er það að nokkrir íhaldslæknar, góðvinir hv. 2. þm. G.-K., úr hópi uppreistarmanna, segja: Nú vitum við það, að þarna er kominn maður, sem við ekki viljum hafa, nú skulum við eyðileggja hann, eta upp allar hans aukatekjur, með því að senda tvo lækna suður með sjó, svo að hann verði að hrekjast úr umdæminu. Þegar svo það kemur í ljós, að Sigvaldi læknir er mjög ánægður með að vera þarna í einu stærsta sjóþorpinu hér um slóðir, og þegar Helgi Guðmundsson er rólegur í Keflavík og hefir þar nóg að bíta og brenna handa stórri fjölskyldu, þá fara læknarnir í klíkunni að hugsa um að flæma hann burtu í þeirri drengilegu von, að heilsa Sigvalda sé ekki nógu sterk til að þola öll ferðalög héraðsins.

Einn af þessum læknum er Niels Dungal, sem er maður nokkuð líkt skapi farinn og hv. 2. þm. G.-K., óstilltur og ofsamenni í lund og grunnhygginn. Hann hefir borið það fyrir rétti, að það sé rangt af læknum í Reykjavík að vitja sjúkra manna í Keflavíkurhéraði meðan læknaklíkan haldi því banni, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Ef t. d. Magnús Jónsson, bæjarfógeti í Hafnarfirði, hefir ekki gefið út fógetaúrskurð um, að það sé skylda Dungals að liðsinna veikum manni í Hafnarfirði, þá vill hann ekkert gera. Svo mikið er þeirra „brutalitet", að þeir telja víst ekki annað en fógetaúrskurð nægilega skipun til þess að verða að liði veikum manni úr bannsungnu héraði. Og það lítur helzt út fyrir, að hv. þm. sé sama um það, þótt þessi grimmd, sem ekki á sinn líka, sé undirbúin og skipulagsbundin við kjósendur hans. Svo kemur það jafnvel fram, að sumir meiri háttar menn meðal lækna í Reykjavík, fara að reyna að flæma Helga Guðmundsson burtu úr Keflavík í því skyni einu að gera héraðsbúum erfiðara fyrir um heilbrigðismál sín. Ef nokkurntíma hefir verið til sorgleg saga fáráðrar stéttar, þá er það sagan um sókn og ósigur læknaklíkunnar í Keflavíkurhéraði.

Þá kem ég að kafla, sem snýst alveg persónulega um mig, og sem hv. þm. var svo elskulegur að játa hér, að það, sem hefði alvarlega verið borið á hann áður og sem menn vissu að var rétt, þótt ekki hafi það verið stutt af vitnum, nefnil. að persónulegur ofsi hans og hatur á mér á sér engin skynsamleg takmörk. Hv. þm. var að tala um það, hve dæmalaust gott hefði verið að vera hér þegar ég var veikur, eitthvað á fjórðu viku, sagði, að það hefði verið eins og það hefði átt að

vera og óskaði, að það hefði ekki aðeins verið þrjár vikur eða mánuð, heldur vildi hann líka, að eitthvað kæmi fyrir, sennilega framhald af veikindum mínum, svo að ég væri endanlega burtu af þinginu. Hv. þm. smjattaði á því, hve þingið hefði verið sérlega ánægjulegt við það, að ég var burtu. Ég býst ekki við, að það hafi nokkurn tíma nokkur áhrif á heilsu mína, hverjar óskir hv. þm. ber í brjósti til mín, en það mun samt vera alveg óvanalegt, að hatur manna og hræðsla við pólitíska andstæðing sé svo, að þeir óski opinberlega honum til handa veikinda og andláts fyrir aldur fram. En þetta kemur alveg heim við það, sem hv. þm. hefir alltaf verið að tæpa á; hv. þm. skrökvaði því upp á tvo fjarstadda menn, skipstjórana á Þór og Óðni, að þeir vildu láta drepa mig, en dró svo að vísu inn seglin með því að segja, að þeir vildu láta drepa mig pólitískt. Ekki var þetta mjög smekklega talað, en ennþá ósmekklegra var það þó eins og hv. þm. sagði það upphaflega. En þetta er í raun og veru ekki svo ósennilegt, þegar maður athugar það, hvaða ráðum hv. þm. hefir beitt til þess að losna við mig af hinum pólitíska vígvelli; hv. þm. hefir ekki búizt við, að hægt yrði að fella mig á verkum mínum, og þess vegna er það æfinlega persónulegt hatur, rógur og ósannindi, sem hv. þm. beitir gagnvart mér. Hv. þm. hefir ekki getað haldið því fram með rökum, að ég hlyti að tapa trausti hjá kjósendum þessa lands. Nei, það hefir verið rógur og níð, sem hv. þm. hefir beitt, en allir skynsamir menn sjá í gegnum slíkt, og það er ástæðan til þess, að honum hefir gengið svona illa þessi starfsemi, sem honum er svo kær, því að hv. þm. vill losna við mig með illu eða góðu. — Svo þegar hv. þm. og fylgilið hans var að reyna ýmislegt, sem þeir vonuðu að gæti komið því til leiðar, að það tækist að koma mér út úr þinginu nú fyrir jól í vetur, þá var það haft eftir þessum hv. þm., að það þyrfti að finna upp einhver þau ráð, ill eða góð, sem gerðu það að verkum að ég hyrfi. Ég segi ekki, að hv. þm. eða vinir hans hafi verið að hugsa um að losa sig við mig með morðkuta eða skammbyssu, en þó var það svo, að þeir voru ekki óglaðir yfir því, sem einn íhaldsmaðurinn sagði, þegar hann las um viðskipti þeirra við mig í vetur, og varð honum að orði: Því drepa þeir ekki manninn hreinlega? Honum blöskraði svo aðferðin, sem flokksmenn hv. þm. beittu gagnvart mér.

Þegar hv. þm. fer að dylgja um það, að ég sé óreglumaður með vín, verður það í meira lagi broslegt úr hans munni, þm. sem sagði um sjálfan sig á fundi í Borgarnesi þessi frægu orð: Fullur í dag og fullur í gær. Í hitteðfyrra lék hann flónið á fundinum á Hvammstanga og Blönduósi. Þar fór hann úr treyjunni og óð elginn á skyrtunni. Honum gengur bezt að ná hylli áhorfenda í litlum þorpum, þar sem er töluvert af iðjulausum slæpingjalýð til að bergmála hinar dvergvöxnu hugsanir þm. Annars er hv. þm. óhætt að reyna áfram að telja fólki trú um, að ég sé drykkjumaður, að ég lifi á eitri, að ég sé geðveikur, að skipstjórar varðskipanna vilji að ég sé ráðinn af dögum. Því meira af frómum óskum af því tægi, því öruggara er fylgi mitt í landinu og því rótgrónari fyrirlitnig allra dugandi manna á andstæðingum eins og hv. 2. þm. G.-K.

Veturinn 1928 var ég að undirbúa löggjöf fyrir menntaskólana. Ég taldi gagnlegt að kynnast nokkuð ensku skólafyrirkomulagi til hliðsjónar við löggjöfina, og fór því utan og dvaldi í Englandi nokkurn tíma. Ég ætla nú ekki að tala um það, hve drengilegt það var að nota þessa för til árása á mig, allra helzt af því fólki, sem stóð að þessum menntastofnunum, sem átti að bæta. En meðan ég er erlendis, þá er sú frétt sett af stað, og dreift út með miklum hraða, að ég væri orðinn heilsulaus, geti ekki sofið, hafi jafnvel orðið að fara á spítala í Englandi, og liggi þar fyrir dauðanum. Menn voru jafnvel farnir að hringja heim til vandamanna minna til að spyrja um þetta. En fjöðrin, sem varð að hænu, var sú, að ég hafði sagt við Guðmund Sveinbjörnsson skrifstofustjóra á bryggjunni, um leið og ég kvaddi hann, að ég hefði sofið lítið í tvær nætur, eins og satt var, því að ég hafði verið að afgreiða erindi vegna burtveru minnar. En af því að einhverjar frómar íhaldssálir heyrðu þetta, var sú saga búin til, að ég væri orðinn

veikur og þyrfti að fara út á sjó til að sofa.

Þessar brennandi óskir íhaldsmanna um það, að ég yrði veikur hafa ekki ræzt fyrr en í vetur, er ég, í fyrsta skipti á ævinni, lá nokkurn tíma í kvefi og hálsbólgu. Enda var þá fögnuðurinn í íhaldsherbúðunum svo mikill, að hv. 2. þm. G.-K. hefir fært á Alþingi opinberar þakkarfórnir fyrir veikindi mín. En nú hefir þó rógurinn um mig gengið svo langt, að jafnvel hv. 2. þm. G.-K., sem hefir breitt út um landið þær sögur, að ég væri óhófsmaður á eiturnautn, er nóg boðið, af því að hann sér, að ég muni meira græða en tapa á þessum níðingsverkum samherja hans.

Á einum stað vék hv. þm. nú á annað atriði, sem ég vil nú snúa mér að að lokum. Hann viðurkenndi, að það hefði verið rétt hjá mér í svari mínu til hv. þm. Dal., að sjálfstæði þjóðarinnar væri hætta búin, ef stjórnmálamennirnir kynnu sér ekki meira hóf en á Sturlungaöld. Ég hafði sýnt fram á, að allt þetta nýja sjálfstæðisglamur væri innantómt og ímyndað þvaður um hættu þá, er oss stafaði af Dönum, og vegna þessarar hættu þættust nú þessar gömlu íhaldshetjur ætla að koma þjóðinni til bjargar. Nú vita það allir, að Danir hafa á engan hátt misnotað þegnrétt sinn hér, og því er ástæðulaust með öllu að vera með nokkur ónot í garð Dana. Mgbl. og hv. 3. landsk. þm. hafa skrökvað upp á sambandsþjóðina og gert sýnilega tilraun til þess að rægja sambandsþjóðirnar saman með því að básúna hina dönsku hættu, sem enginn annar hefir séð. En ef Danir færu eitthvað að hugsa sér til hreyfings hér á landi, þá yrðu hinir dansk-íslenzku „bastarðar" í íhaldsflokknum lítilsvirði í baráttunni, og ekki myndi þjóðinni koma hjálpin frá hinum gömlu innlimunardátum og fjendum íslenzka fánans, né heldur frá leppunum fyrir Shell-félagið. Rótlausir og föðurlandslausir „spekúlantar" myndu ekki bjarga landinu úr þeirri hættu. Nei, það er miðstéttin, hin þjóðlega miðstétt, sem síðast myndi flýja af hólmi í þeirri baráttu, og allra síðast bændur landsins. Ég vil benda á, að það eru einmitt þessar þjóðhetjur, sem Danir hafa lánað fé, sbr. lán til hv. 3. landsk. og Knud Zimsens persónulega og milljónafélagsins í Viðey.

Allt þetta gaspur um hættu, sem oss stafi af Dönum, er mjög vítavert, jafnvel svo vítavert, að Einar Arnórsson gat ekki varið það í sambandslaganefndinni þegar það bar á góma.

Hv. þm. Dal. var einn af þeim, sem beittu sér fyrir samþykkt sambandslaganna 1918 og tók þátt í samningunum. Hann má því að nokkru leyti kenna sjálfum sér um þá hættu, sem af þeim stafar, ef hún væri nokkur.

Hv. 2. þm. G.-K. velti vöngum yfir því, sem ég hafði sagt um fjárhagslega sjálfstæðið. Ég hafði bent á, hve sú framkoma hv. 1. þm. Skagf. væri óviðkunnanleg og skaðleg, að nota embættisaðstöðu sína til að hjálpa til að gera útlenda hringa að íslenzkum borgurum með leppmennsku sinni. Í þessu liggur hætta fyrir sjálfstæði vort, en þetta leggur Mgbl. og klíka þess blessun sína yfir. En þjóðin hefir fordæmt þetta athæfi.

Þá hafði ég bent á aðferðina við lántökuna 1921. Af skjölum, sem liggja fyrir þinginu, er sannað, að annar trúnaðarmaður stjórnarinnar við þessa lántöku var svo „blankur" að hann varð að slá sér peninga til að komast til Englands, en hinn fulltrúinn sofnaði dauðadrukkinn í knæpu í Gautagötu, svo að varð að tosa honum upp í vagn til að koma honum þaðan. Það var rétt, sem Jón heit. Magnússon sagði, að áhuginn fyrir lántökunni væri mestur hjá milliliðunum, þessum prangaralýð í Höfn, sem steyptu sér eins og ránfuglar yfir fjármálaráðherra og Alþingi til að krækja í sinn hluta af þóknuninni fyrir útvegun lánsins.

Þessi sorgarsaga, sem byrjaði með fullum manni á knæpu í Gautagötu, endaði með lántöku með 15% afföllum, 7% vöxtum og veðsettum tolltekjum ríkisins. Ráðherrann, sem stóð að láninu, hafði aldrei séð veðsetningarskjalið, fyrr en í vetur er hæstv. forsrh. las það upp. Þetta er sorgarsaga, en hún er sönn. Í slíku atferli liggur hætta fyrir sjálfstæði landsins. Með þvílíkum forkólfum getur þjóðin ekki haldið frelsi sínu.

Gegn slíkri hættu af fjárhagslegu ósjálfstæði hefir verið háð hin mikla barátta Framsóknarmanna fyrir því, að gera verzlunina íslenzka og reisa sveitirnar úr rústum. Þrátt fyrir róg og lygi Íhaldsins hefir þessi stefna sífellt unnið á og mun gera það betur. Hv. 1. þm. G.-K. (BK) dreifði níðpésa um Samband íslenzkra samvinnufélaga inn á hvert heimili og taldi allt tapað, er félögin hefðu undir höndum. Seinna sat hann í matsnefnd Landsbank., og varð þá að viðurkenna, að bankanum stæði engin hætta af viðskiptum við samvinnufélögin, heldur af kaupmönnunum. Það var ekki S. Í. S., sem tapað hafði 3½ milljón kr. og kom svo til ríkisins og bað um ábyrgð á 35 milljónum. Það var Íslandsbanki, höfuðvígi Íhaldsins, þar sem það hafði fengið að leika lausum hala og sýna fjármálavit sitt og ábyrgðartilfinningu. Þegar verkamenn reyna að rétta við bæ, sem Íhaldið er búið að setja á hausinn, og biðja um ríkisábyrgð fyrir samvinnufélög sín í þessu skyni, þá berst Íhaldið á móti því með hnúum og hnefum, að ríkið taki nokkra ábyrgð á sig. Það á að vera stórhættulegt að ganga í nokkur hundruð þúsunda króna ábyrgð fyrir Ísafjörð og Eskifjörð. En Íslandsbanka setur Íhaldið fyrst á hausinn og kemur síðan til Alþingis og heimtar þjóðnýtingu á honum. Þá koma þeir veinandi og segja: Gefið oss þjóðnýtingu! Gefið oss sósialisma! Slík er samkvæmnin og höfðingslundin í þeim herbúðum.

Það, sem mér virðist liggja fyrir nú, er náttúrlega ekki það, að fara að þjóðnýta allt, ekki t. d. að taka h/f Kveldúlf, á meðan hann er ekki kominn á kúpuna, sem maður líka vonar að ekki verði, nema hv. 2. þm. G.-K. sanni nú ummæli sín um það, hve óhentugt það sé fyrir mann, sem hafi eitthvað að gera, að vera á þingi, sanni það með því að eyðileggja sitt fyrirtæki. En það er vitanlegt, að hinn vinnandi hluti þjóðarinnar hugsar ekki með neinni ástúð um stjórnina á Íslandsbanka eða hlutafélag Coplands eða öðrum fyrirtækjum, sem mest hefir borið á hér; það lítur helzt út fyrir, að samvinna í ýmsum myndum muni verða það, sem við tekur af mestu glæfrafyrirtækjum samkeppnisstefnunnar, og þessa samvinnu myndar kjarni þjóðarinnar, ekki aðeins af fjárhagslegum ástæðum, heldur líka af þjóðernisástæðum. Ég hefi því hrakið þær kenningar, að okkar pólitíska sjálfstæði sé í nokkurri hættu vegna samvinnufélaganna. Ef um hættu er að ræða, þá er það vegna lána frá útlöndum, eins og t. d. við lánið frá 1921, eða fjármála-óstjórn eins og þá, sem átti sér stað með Fiskhringnum svokallaða eða á Íslandsbanka, en öll þessi vandræði stafa frá mönnum, sem nú kalla sig „Sjálfstæðismenn“ (í gæsarlöppum), sem ekki byggja upp neitt Sjálfstæðis-Ísland. Það gera þeir menn einir, sem borga skuldir sínar.

Annar liður í ræðu hv. þm. var það, að ef Ísland lenti í raunverulegri Sturlungaöld af innanlandsdeilum, þá væri það mér að kenna, og að ég hefði sáð einhverju óvildarfræi í hug hinnar íslenzku þjóðar. Þetta hefir þó ekki átt sér stað hjá íslenzku bændastéttinni, því að hún hefir gert mér þann heiður að kjósa mig sinn fulltrúa til þings með fleiri atkvæðum frá þeirri stétt heldur en nokkur annar þingmaður. Ekki getur það verið hjá verkamannastéttinni, því að það hefir kveðið við hjá íhaldsblöðunum, að ég sé svo hlynntur verkamönnum, enda hefir heldur ekki komið fram hjá verkamönnum, að þeir hati mig. Hverjir eru það þá, sem segja, að ég hafi sáð hatursfræjum hér á landi og sé hættulegur sjálfstæði okkar? Það eru aðeins glæfra- og óreiðumennirnir, sem standa að fjárhættufyrirtækjum hér, það eru þeir, sem hafa löngun til að ég sé drepinn, pólitíkst eða með falsvottorðum. Það eru þessir menn, sem eru á móti mér og ég á móti þeim. En hvort sjálfstæði landsins er nokkur sérstakur styrkur að fjárglæframönnum og fjársvikurum, það læt ég dugandi menn landsins dæma um.

Þá vildi ég víkja fáeinum orðum að hv. þm. Dal., sem endurtók dálítið af sínum fyrri fullyrðingum. Ég hefi svarað hv. þm. að talsverðu leyti, en hann segir sem svo: Hvað höfum við gert, sem erum fylgjandi stefnu Mgbl. hér? Hvað höfum við gert til þess að hægt sé að segja, að við höfum komið fram öðruvísi en átti að vera samkvæmt okkar utanríkispólitík? Ég hafði einmitt drepið á þetta

í minni síðustu ræðu, þar sem ég gat um það, þegar hv. 3. landsk. skrifaði greinar í Mgbl. og Vísi og segir, eftir samruna Íhaldsflokksins og frelsishersins, að þessi samruni þeirra sé nauðsynlegur, af því að það sé farið að bóla á því, að Danir séu farnir að leggja undir sig landið. Þetta var gott og heiðarlegt, ef það hefði verið satt, en þegar hinn rökfimasti maður í flokknum getur ekki fært minnstu líkur, hvað þá sannanir fyrir því, þá er það áreiðanlega ósatt. Okkar áhugamál er að gera okkur fjárhagslega sjálfstæða og undirbúa það, að við getum eftir nokkur ár, þegar samningurinn við Dani getur fallið niður, að við þá verðum færir um að taka alla stjórn landsins í okkar hendur og halda síðan áfram um langa ókomna framtíð að vera frjáls og sjálfstæð þjóð. Þetta er sú heilbrigða stefna, sem við viljum vinna að, en aftur á móti er allt það glamur um einhverja ímyndaða hættu, t. d. að það sé verið að taka af okkur fiskimiðin, á meðan ekki ein einasta dönsk fiskiskúta er á þeim! En ágangsleysi Dana er ekki að þakka hv. þm. Dal., heldur því tvennu fyrst og fremst, að Danir hafa litla löngun til landsins og mjög litla möguleika til að þrífast hér í atvinnurekstri. Það stafar að nokkru leyti líka af því, að Danir eru ekki „koloniserandi“ þjóð og hafa aldrei verið, og það er mikill munur á því, hvað sumar aðrar þjóðir, okkur nærskyldar, að minnsta kosti einar þrjár, hafa meira af því í eðli sínu, svo ef við komum eitthvað á þeirra vegi, þá eru þar miklu meiri möguleikar til að gera okkur skaða í verki, af því að þeirra hugur stendur meira út á við og þær hafa betri getu til að vinna sig upp í löndum með annarlegum náttúruskilyrðum. En þetta útilokar ekki það, þar sem við höfum langan samning við Dani, að við eigum fyllilega að vera á verði, en við eigum ekki að hrópa: Eldur! fyrr en hann er kominn upp; það á ekki að ljúga upp eldi og kalla á slökkviliðið, eins og götustrákarnir gera hér stundum.

Ég minnist hér einnar sögu úr sambúð Norðmanna og Svía á meðan Carl Johan lifði, sem bendir á það, hvernig við Íslendingar myndum fara að, hversu lítið sem færi að bera á innlimunarstefnu hjá sambandsþjóð vorri. Það var í sambandi við 17. maí, þann dag, sem Norðmenn fengu stjórnarskrá sína 1814, með von um, að þeir gætu verið sjálfstæðir. Svo eftir nauðungarsamningana við Svía byrja Norðmenn að minnast þessa dags, þegar þeir höfðu gengið frá grundvellinum undir frelsi sínu. En Svíar vildu láta þá halda hátíðlegan annan dag og beittu við þá ofbeldi til þess, og það var einmitt mótstaða Svíanna, sem varð þess valdandi, að 17. maí er svo stórkostlegur dagur hjá Norðmönnum þann dag í dag. Það er miklu meira fjör og innilegleiki í þeirra hátíð heldur en okkar 1. desember, og af hverju? Af því að það var svo lítil „romantík“ yfir samningnum 1918. Að það hafi verið spor í áttina, neitar enginn, en það var svo lítil hrifning í sambandi við þá athöfn, og svo líka af því, að þetta hefir ekki orðið okkur eins kært og Norðmönnum, af því að Danir hafa verið svo miklu hóflegri í sambúðinni við okkur heldur en Svíar við Norðmenn. Þeir hafa verið síðan 1918 svo óáleitnir sem verið getur, og meira að segja próf. Knud Berlin, sem var okkur mjög óvinveittur áður, hefir sjálfur sagt: Nú höfum við samið við Íslendinga. Látum oss halda þann samning. — En það mun sýna sig, að hvenær sem Danir færu að stinga hrammi sínum í okkur, eins og Carl Johan gerði við Norðmenn, þá myndi það ekki vera Morgunblaðs-mennirnir, heldur allt aðrir Íslendingar, sem yrðu fremstir í baráttunni. Nei, það er svo langt frá því, að þessir nýju vinir hv. þm. Dal. séu ákaflega skeleggir; ef eitthvað reynir á, þá fara þeir til Dana; ef þeir þurfa að fá lán til húss, biðja þeir Dani, og það stundum ekki á sem viðkunnanlegastan hátt. Mætti þar nefna það dæmi, þegar einn flokksbróðir hv. þm. barðist með hnúum og hnefum fyrir því, að samið væri við dönsk félög um endurtryggingu fyrir Reykjavík, enda þótt þýzkt félag hefði boðið mun betri kjör, svo að munaði 60 þús. kr. á ári til sparnaðar fyrir Rvík; en um sama leyti var þessi maður að reyna að fá lán hjá dönskum félögum til að geta komið upp stórhýsi fyrir sjálfan sig. Eða hvað á að segja um það, þegar slíkt kemur fyrir, að ekki má

syngja Íslendingabrag, af því að það kemur svo illa við taugarnar í hinum nýju pólitísku vinum hv. þm., að þeir stökkva á burtu úr samkvæmum, ef þetta gamla kvæði frá fyrri baráttu Íslendinga er sungið? Og af hverju er svo þetta? En þetta segi ég ekki til hv. þm. Dal., því að hann mun sjálfsagt vel þola að heyra Íslendingabrag sunginn, en því er nú svo háttað, að töluvert mikið af helztu mönnunum, sem hv. þm. hefir bundizt í einskonar pólitískt hjónaband við, hatar blá-hvíta fánann, menn, sem reyndu að kúga æskulýðinn á Þingvöllum árið 1907 til að draga niður fánann á tjaldi sínu, en láta Dannebrog í staðinn, af því að þeir þoldu ekki að sjá þessa byrjun á íslenzku sjálfstæði. Nei, það er síður en svo, að það sé mikils að vænta af mörgum þessum nánustu fylgismönnum hv. þm. Ég þykist vita, að hann sjálfur muni jafnan greiða atkvæði með íslenzku sjálfstæði og öðrum skynsamlegum hlutum; en ég benti hv. þm. á, að hann er gagnslaus maður, þegar verið er að slíta útlenda fjármálafjötra af landinu, t. d. við að leysa áburðar- og síldarverzlunina úr útlendum hömlum, vegna þess að þar var hann að sækjast eftir vinfengi við þessa sjúku aðila hér innanlands, sem ekki þora að vera sjálfstæðir í verki, ef ekki fjármagn á í hlut.

Hv. þm. minntist svo á „kritik" á Dönum í sambandi við varðskipin. Ég sagði það, að stundum eru foringjar duglegir, en stundum eru það duglitlir menn, og þetta viðurkennir maður eftir því sem rétt er. En það, sem hv. þm. hefir verið töluvert aðgætinn með, í staðinn fyrir að gagnrýna þetta mál með rökum, eins og þetta væri íslenzkt skip, þá hefir þetta mál verið flutt af ókurteisi, til að æsa upp þessa „stemningu" innanlands, að það sé „eldur uppi" í Danmörku gagnvart Íslandi

Ég álít, að það eigi algerlega hið sama að vera um viðhorf landhelgisgæzlu, hvort sem skipin eru íslenzk eða dönsk, því að hún á að miðast við íslenzkar þarfir, og það árið, sem danska gæzlan var mest áfelld, þegar tiltölulega linur maður var yfir Fyllu, þá var það um mánaðartíma á vetrarvertíðinni, þegar Óðinn var fyrir suðausturströndinni, þá tók hún engan togara, en var alltaf á ferðinni úti fyrir Vesturlandi og gerði fullkomið gagn á þeim tíma, að verja landhelgina. Svo var aftur léleg vinna hjá skipinu á öðrum tíma, og það var alveg sjálfsagt að víta það, en það verður að gera það með réttlæti, eins og það væri okkar eigið skip, en ekki með neinni löngun til að spotta þessa vinnu, af því að það vildi svo til, að skipið var eign okkar sambandsþjóðar.

Hv. þm. Dal. sagði, að það liti svo út í sambandslaganefndinni, að Danir hefðu heimtað það af mér, sem manni úr stjórn Íslands, og eins og kallað mig fyrir rétt út af því, að flokkurinn á Íslandi hefir kallað sig Sjálfstæðisflokk, og hefði ég átt að segja til, hvort það væri móðgun við Dani. Þessi lögjafnaðarnefnd er búin til af hv. þm. sjálfum og er til þess að slétta yfir árekstrana á milli þjóðanna. Og hvað er þá eðlilegra en að það sé þá ekki ég, sem er spurður um mál andstæðinga minna, heldur þeir. Danir spurðu líka blátt áfram íhaldsleiðtogana tvo, sem þarna voru; þeir höfðu sérstaklega haldið því fram í Mbl., að tveir slíkir menn þyrftu að fara til að berjast fyrir föðurlandið móti Dönum nú í ár. Ég veit ekki, hvort þeir hafa haft nokkra hugmynd um það, sem staðið hefir í Morgunblaðinu, en þeir sögðu: Við höfum lesið greinar eftir hv. 3. landsk. og aðra merka menn í Íhaldsflokknum, sem segja það, að þeir séu hræddir við okkur, að við viljum skera upp herör gagnvart Íslendingum, pólitiskt og í fjármálum. Okkur langar til að heyra, hvað það er, sem við höfum brotið á móti frelsi Íslendinga.

Ég benti á við þessa umræðu, að það væri hægt að misnota jafnréttisákvæðið, um leið og ég jafnframt viðurkenndi, að ekki sæist að það hefði verið gert ennþá. Svo hefir bæði hv. þm. Dal. og fleiri verið að spyrja um það, hvort Stauning hefði heimtað það af okkur, að við kölluðum Morgunblaðsliðið ekki annað en Íhaldsflokk, kölluðum þá ekki Sjálfstæðisflokk. Ég hefi ekki tekið þessar spurningar sérlega alvarlega. En greinar hv. 3. landsk. um yfirvofandi danska innlimunarhættu hafa gert Ísland hlægilegt í augum þeirra manna, er eitthvað vita

um íslenzk mál erlendis. Ein ástæðan til þess, að við Framsóknarmenn höldum áfram með íhaldsnafnið er blátt áfram sú, að við vitum, að hagur þessara manna er og verður jafnan í ætt við kyrrstöðu.

Ég er áfelldur fyrir það af Morgunblaðinu, sem ég sagði í Danmörku eftir kosningarnar 1927. Ég gerði ráð fyrir, að möguleikar væru til þess, að íhaldsstjórnin sæti við völd áfram, ef hún fengi stuðning frá sócialistum, sem höfðu haft eitt mál sameiginlegt við íhaldið, nefnilega gengismálið eða hækkun krónunnar.

Það lítur út fyrir, að þeir hafi viljað, að ég hefði talið það ómögulegt, en ég vildi ekki gera meira úr flokkadeilum hér en þurfti, er ég talaði við erlenda menn, talaði því um þennan fræðilega möguleika, þó að ég á hinn bóginn hefði litla trú á, að sú samvinna tækist.

Jónas Þorbergsson fyrrverandi ritstjóri lýsti því yfir í Tímanum um það leyti, sem þessi nafnaskipti urðu, að þar sem þetta væru sömu menn og hefðu verið í íhaldsflokknum og hefðu sömu stefnu, þá mundi flokkurinn verða nefndur áfram sínu rétta nafni, Íhaldsflokkur, meðan hann væri ritstjóri Tímans, að því leyti sem hann minntist á þessa andstæðinga sína. Hér er sem sé ekkert sjálfstæði á ferðum. Það er íhald og ekkert nema íhald, sem búið er að fara svo með nafn flokksins, að hann ætlaði að flýja undir nýtt nafn sér til lífs og bjargar. En það hefir ekki tekizt betur en svo, að megnið af íhaldskjósendum kallar sig íhaldsmenn og gleymir nafnaskiptunum.

Þetta sjálfstæðisnafn heyrist hvergi né sézt nema í íhaldsblöðunum og einstöku sinnum hér í Alþingi. En það er flokksleiðtogunum ómögulegt að fá einn einasta kjósanda til að trúa því, að þeir séu nú allt í einu orðnir virðulegir sjálfstæðismenn. Þeir kunna eins illa við þetta sjálfstæðisnafn eins og fátækur betlari mundi kunna við það, að hann væri klæddur í kjól og silkisokka og settur á hann silkihattur og lakkskór og hvítt um hálsinn. Hann mundi kunna þúsund sinnum verr við sig í þeim búningi en gömlu tötrunum, sem hann hafði alltaf borið áður. Alveg er eins með þennan sjálfstæðis- og frelsishjúp, sem háttv. þm. Dal. hefir viljað klæða gamla innlimunarfólkið í.

Ég ætla að enda þessa ræðu mína, sem ef til vill verður sú síðasta við þessa umr., með því að taka það fram, að það er vonlaus barátta fyrir íhaldið að ætla að flýja sjálft sig. Þeir kenna hv. 1. þm. Skagf. og hv. 3. landsk. um ósigurinn við kosningarnar 1927. Þeir sjá, að allt er að fara í hundana hjá þeim og segja: „Bara að við gætum nú fengið nýja foringja, nýtt nafn og nýtt „prógram“. Og hvað hafa þeir þá fengið? Þeir hafa fengið nýtt nafn, sem almenningi dettur ekki í hug að nota, og þeir hafa fengið hv. þm. Dal. Árangurinn sýndi sig líka á töpum þeirra við bæjarstjórnarkosningarnar í vetur. Aldrei hefir Mbl. gengið verr í Reykjavík en þá. Það var því meira en lítill misskilningur hjá íhaldinu, að því takist að flýja sjálft sig og afleiðingar gerða sinna. Það, sem íhaldsflokkinn vantar, er góður málstaður, en ekki nýir leiðtogar. Hv. 1. þm. Skagf. og hv. 3. landsk. eru ekki lakari menn en íhaldsflokkurinn getur vænzt eftir að fá sér að foringja. En það, sem fer með þessa menn, er málstaðurinn. Íhaldsmenn gætu tekið sér hv. þm. Dal. fyrir foringja í staðinn fyrir hv. 3. landsk., en það væri ekki til neins. Það eru ekki foringjarnir, sem hafa farið með flokkinn, ekki nafnið. Það er málstaðurinn.

Fyndinn maður hefir sagt, að íhaldið hafi nú á tæpu ári tapað 5 dýrgripum: Fyrst misstu þeir nafn flokksins, hið viðurkennda íhaldsnafn. Næst misstu þeir foringja flokksins, hv. 3. landsk., sem valt úr flokksstjórninni. Þriðja óhappið var að missa blað flokksins, sem var lagt á höggstokkinn nú um áramótin. Fjórði ósigurinn var að missa banka flokksins með nokkurra milljóna gjaldþroti, þar sem var Íslandsbanki. Síðast kastaði þingflokkurinn fyrir borð eina kvennmanni flokksins, hv. 2. landsk. sem ekki á að fá að vera lengur á íhaldslistanum. Sá flokkur, sem þannig leggur hönd á sjálfan sig, hlýtur að eiga stutt líf fyrir höndum.

Ólafur Thors: Eftir slíka ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hefir nú flutt, er óþarfi

að koma með langa aths. Ræðan var svo löng, að hún var líka aths. við sjálfa sig og ráðh. Ég skal því aðeins drepa a örfá atriði af því, sem hann minntist á og skal ljúka því af á 5 mín., svo sem mín er skylda.

Hæstv. ráðh. hefir nú leynzt hér í þinginu við að lesa Manninn frá Suður-Ameríku, og þegar hæstv. forseti kvaddi hann til að tala, var hann víst sofandi og kom svo hingað nuggandi stírurnar úr augunum og talaði eins og menn tala, þegar þeir hafa sofið stutt. Hann lofaði að tala stutt, en hélt svo ræðu í 1½ klukkustund.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri eins og vanalega, að þegar tekið væri í lurginn á mér, þá linaðist ég undir eins. Ég ætla ekki að endurtaka orð þau, sem ég hefi beint til hæstv. ráðh., en ég býst við, að flestir hafi skilið, að þau voru töluð af fullri einurð.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði reynt að koma því inn hér í deildinni, að Magnús heitinn Kristjánsson ráðh. hefði verið persónulegur óvinur sinn, en það er ekki rétt. Ég hefi aldrei reynt það, en hitt var víst, að Magnús sýndi fyrirlitningu sína á hæstv. ráðh. með því að standa upp úr ráðherrastólnum og lýsa því yfir, að hann vildi ekki vera lengur á þingi en hann væri einráður orða sinna og gerða. Hv. dm. vissu það ekki þá, en vita það nú, að hæstv. dómsmrh. hafði viljað fá Magnús til þess á flokksfundi að koma opinberlega fram öðruvísi en Magnús vildi sjálfur. Hæstv. ráðh. sagði, að Magnús hefði borið meiri fyrirlitningu fyrir mér en öðrum. Þessi látni þm. var mjög hreinskilinn og framkoma hans við mig var þannig, að engin ástæða var til að halda, að hann bæri illan hug til mín. Þvert á móti var framkoma hans við mig þannig, að hann virtist miklu fremur bera hlýjan hug til mín.

Hæstv. dómsmrh. minntist á veitingu læknisembættisins í Keflavík í ræðu sinni og sagði, að það vekti fyrir sér í embættaveitingum að leita uppi hæfasta manninn. En nú vita allir það, að hann hefir ekki tekið hæfasta manninn. Þetta bendir til, að hæstv. ráðh. sé ekki sjálfráður gerða sinna, enda er það í samræmi við það, sem heyrzt hefir á síðustu dögum um sálarástand hæstv. ráðh.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði verið svo elskulegur að gefa þá yfirlýsingu, að ég hefði persónulegt hatur á sér. Þetta hefi ég vitanlega aldrei sagt. Enda er það mála sannast, að það verða að vera meiri menn en hæstv. dómsmrh. til þess, að ég geti hatað þá. Ég sagði, að þingið breyttí um blæ, þegar hæstv. dómsmrh. kæmi þangað, og að það væri annar andi í því, þegar hann væri þar, og að hann væri sem eitur í þinginu vegna þeirrar illgirni og haturs, sem hann sýndi bæði þinginu og þjóðfélaginu. Ég óska þess því af heilum hug, að hann verði kveðinn niður fyrir fullt og allt úr íslenzku stjórnmálalífi. Ég óska hæstv. ráðh. þess bezta og þá fyrst og fremst, að hann hverfi úr stjórnmálalífi okkar til fulls. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi verið að beita einhverjum óeðlilegum meðulum til að koma honum út úr stjórnmálalífinu. Ég er ekki vanur slíku, og ég ber auk þess svo mikið traust til þjóðarinnar, að ég trúi því og veit, að hann fellur á sínum eigin gerðum. Það er ekkert ánægjulegt, að sérfræðingur í sálsýki skuli hafa gefið hæstv. ráðh. það vottorð, sem hann hefir gefið honum. Ég hefði heldur kosið að leggja hæstv. ráðh. að velli í vopnaviðskiptum á pólitiska vígvellinum. (Forseti: Þetta er aðeins stutt aths.). Já, hún skal verða styttri en ræða hæstv. ráðh., en þar sem svo margir flokksmenn mínir eru fjarstaddir, sem hefðu viljað gera aths., þá er ekki ósanngjarnt, að ég fái að bæta örfáum orðum við. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði dróttað því að sér, að hann væri drykkjumaður. Ég hefi ekki gert það; ég veit, að hæstv. ráðh. er það ekki. Ég sagði, að mörgum hefði dottið í hug, að hann neytti óeðlilegra meðala vegna þess, hve ofstækisfullur hann hefði verið í deilum. Ég hefi því hvorki borið á hann nautn eiturlyfja né drykkjuskap. En hitt veit ég, að hæstv. ráðh. hefir afsakað ofstæki sitt með drykkjuskap. Það hefir hann gert við flokksm. sína. (**Dómsmrh.**: Vill hv. þm. sanna þetta?). Ég skal taka þessi orð aftur, ef hæstv. ráðh. fær yfirlýsingu um það frá flokksm. sínum, að það sé rangt

að hann hafi afsakað sig með drykkjuskap. En sé það rétt, að hæstv. ráðh. hafi í raun og veru afsakað ofstæki sitt með þessu, og það er rétt, þá sýnir það, hvað ástandið er alvarlegt. (**Forseti**: Þá er þessari aths. lokið). Já, ég beygi mig auðvitað undir vilja hæstv. forseta, en það þarf rólyndi til að láta sér nægja 5 mín. aths. eftir 2 tíma ræðu hjá hæstv. dómsmrh.

Sigurður Eggerz: Ég má nú aðeins gera 5 mínútna aths., en hve mikil ástæða væri ekki til lengri ræðu. Hæstv. ráðh. sagði, að samningurinn frá 1918 hefði tekizt illa. Já, það er rétt, að samningurinn er meingallaður. Á þetta hefir enginn bent skýrar en ég, en hinsvegar var sjálfsagt að gera samninginn vegna uppsagnarákvæðisins í 18. gr. Ef þessi samningur hefði ekki verið gerður, þá væru horfurnar í sjálfstæðisbaráttu vorri aðrar en þær eru nú. Og ekki hefðum vér komizt langt í sjálfstæðismálunum með þeirri hörku, sem núverandi stj. sýnir í þeim. En hve mikið vannst ekki við það 1918, að vér fengum réttinn til að segja samningunum endanlega upp.

Hæstv. dómsmrh. lagði áherzlu á, að það hefði verið skrökvað upp á sambandsþjóð okkar, að hún hefði gert á hluta okkar. En hver er það, sem hefir skrökvað upp á hana? Aðallega hefir verið lögð áherzla á, hve hættulegt það mundi reynast oss, ef Danir notuðu sér þann rétt til fulls, sem þeir eiga samkvæmt 6. og 7. gr. sambandslaganna. Hitt hefir ekki verið sagt, að Danir enn hafi notað þennan rétt svo að af því stafi hætta.

En vegna hættu þeirrar, sem felst í þessum greinum, er nauðsyn hin mesta á því, að uppsögnin fari fram eins fljótt og unnt er.

Hæstv. ráðh. veit það, að til þess að samningsslit geti tekizt, þarf mikinn meiri hl. bæði í þinginu og meðal landsmanna. Það, sem hættulegt er í baráttu hæstv. ráðh. er það, að hann gerir allt sem hann getur til að fá landsmenn til að gleyma því, að okkur getur stafað hætta frá Dönum. Með því er hann að svæfa þjóðina, reyna að fá hana til að gleyma, hver er skylda hennar í þessu máli.

Þegar hæstv. núverandi ríkistj. tók við völdum lofaði hún að vinna fyrir þessu máli, en það loforð hefir hún illa staðið við. Það hefir orðið að neyða hana til að minnast á þetta mál. Hæstv. ráðh. vill ekkert gera úr hættunni frá Dana hálfu. Hann veit það þó, hæstv. ráðh., að Danir hafa haft mjög mikinn áhuga á því, að koma af stað fiskveiðum norður í höfum. Generalkonsul Yde hefir skrifað lærða bók, hvatningu í þessa átt. Nefnd hefir nýlega verið kosin undir forustu hans til að íhuga málið. Er það þá ekki eðlilegt, þegar það er vitað, að hugir sambandsþjóðar vorrar hneigjast í þá átt, að koma upp miklum sjávarútvegi norður í höfum, að vér viljum tryggja það, að oss séu ekki gerðar of þungar búsifjar með þessari ráðabreytni. Ráðh. segir, að oss liggi ekki neitt á í þessu efni fyrst um sinn. Ráðh. vill ekki byrgja brunninn fyrr en barnið er dottið í hann.

Í grein í Tímanum 15. febr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „En er leið að fundarlokum, kvaddi Kragh, fulltrúi vinstrimanna, sér hljóðs og óskaði eftir, að fram kæmu af hálfu Íslendinga skýringar á því, hvað Danir hefðu gert á hluta Íslendinga, sem hefði þurft að leiða til þess, að heill landsmálaflokkur væri myndaður á Íslandi með nafni, sem benti til þess, að nokkrum hluta Íslendinga þætti líklegt, að Danir væru að innlima landið pólitískt, fjárhagslega eða menningarlega".

Þessi grein er skrifuð af hæstv. núverandi dómsmrh.

Hæstv. ráðh. sagði síðast í ræðu sinni, að ef Danir vildu nokkuð skipta sér af því, hvaða nafn þessi flokkur á Íslandi bæri, þá hefðu þeir spurt að því. En nú hefir innanríkisráðh. spurt að því. Hann spurði nefndina, og hæstv. dómsmrh. varð fyrir svörum. Er hæstv. ráðh. búinn að gleyma því, að hann hefir skýrt frá þessu í grein sinni? Og sannarlega er spurningin einkennileg frá danskri hlið, því á því er þó enginn vafi, að vér ráðum sjálfir flokksn. vorum. Og ekkert er eðlilegra en taka þetta nafn upp fyrir þjóð, sem enn þá fer ekki með utanríkismál sín að öllu leyti og sem enn er ekki búin að fá eignarrétt á sínu eigin landi.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði skapað þetta jafnréttisákvæði. Ég hefi alltaf staðið gegn því, alltaf. En hitt er annað mál, að ég vildi taka sambandslögin, þó þetta ákvæði væri í þeim, vegna uppsagnarákvæðisins, sem gefur oss rétt til að losna við jafnréttisákvæðið, sem ekki er jafnréttisákvæði, og við sambandslögin.

Hæstv. ráðh. sagði, að Íslandsbanki væri stærsta gjaldþrotabúið, sem komið hefði fyrir hér á landi. Fyrra matið leiddi það í ljós, að hann ætti fyrir skuldum, en síðara matið sagði, að 3½ millj. vantaði, en bankastjórnin benti á 1600000 kr. til frádráttar þessari upphæð, og í aths. við matið var talað um, að 1800000 kr. gæti komið aftur, en samkv. þessu eru bæði mötin lík.

Ég ætla ekki að fara út í þetta mál nú, hefi gert það svo rækilega áður. Vil aðeins benda hv. þd. á, af hve mikilli ósanngirni hæstv. ráðh. talar, er hann vill láta líta út fyrir, að öll töp þjóðarinnar hafi orðið gegnum Íslandsbanka. Þó veit hann það sjálfur ósköp vel, að það var talsvert meira en 3½millj. kr., sem vantaði til þess að Landsbankinn ætti fyrir skuldum, er hann var metinn fyrir 2 árum síðan. Og hæstv. ráðh. veit það líka sjálfur, að þessi töp urðu vegna erfiðleika þeirra, er komu yfir þjóðina. — Ég sé, að hæstv. forseti stendur með hamarinn á lofti, svo að mér gefst ekki tækifæri til að svara hv. 2. þm. Árn. Þessi hv. þm. var að líkja mér við séra Sigvalda í Manni og konu. Það er ekki orðið mikið um rök á Alþingi Íslendinga, þegar hv. þm. styðja málstað sinn á þennan hátt. En þegar ég sé hv. 2. þm. Árn. vera að tvístíga fyrir framan hæstv stj. henni til varnar, þá dettur mér í hug annar maður í Manni og konu. Þessi maður hét Hjálmar, og í sögunni er stundum talað um það, þegar hann var að tvístíga fyrir framan séra Sigvalda, til að fá eitthvað í nasirnar, sem hétu Mjóna og Alvíð. Já, hann tvístígur svo einkennilega, hv. þm., fyrir framan hæstv. stj. Ég held hann hljóti að vera að minna á Mjónu og Alvíð.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. og hv. þm. S.-Þ. hafa gert nokkrar aths. við ræðu mína um síldareinkasöluna. Get ég ekki farið langt út í það, þar sem ég má aðeins gera stutta aths. En mér finnst það óþarfi af jafnskýrum manni og hv. þm. S.-Þ. að taka ummæli mín sem persónulega áreitni til hans sjálfs, hæstv. fjmrh. eða Jakobs Karlssonar, vegna þess að þeir væru bændur. En það sýndi enga viðleitni til að fá kunnuga menn að þessum atvinnurekstri, er þessir menn voru valdir endurskoðendur, þ. e. a. s. tveir hinir fyrrnefndu. — Og viðleitni hæstv. stj. til að hafa við stj. síldareinkasölunnar þá menn, er fjærst þessum atvinnuvegi standa, hefir enn sýnt sig við skipun manns í stað hv. 2. þm. S.-M., sem hefir sagt lausri framkvæmdarstjórastöðu sinni. Í stað hans á að koma, að því er ég veit bezt, kaupfélagsstjórinn í Borgarnesi. Hann er sjálfsagt ágætur maður, en hann er eins fjarri síldarútveginum eins og t. d. ég landbúnaðinum. Þess vegna er einkennilegt að taka hann til þessa starfs fremur öllum öðrum.

Hæstv. fjmrh. hefir ekki tekizt að hnekkja aðalatriðunum í aths. mínum, þrátt fyrir hjálp þá, sem hann hefir notið frá starfsmönnum einkasölunnar hér á þingi. Hann vildi einkum reyna að hnekkja samanburði mínum á verði íslenzkrar og norskrar síldar sumarið 1929. Fékk hæstv. ráðh. niðurstöðu sína með því að hækka fram úr öllu hófi áætlunina um kostnað af síldinni hér. M. a. reiknaði hann stjórnarkostnað kr. 1,50 á hverja tunnu, en þessi kostnaður hefir aldrei verið reiknaður svo mikið sem 1 króna á tunnu, og fleira var í þessa áttina. — Annað atriði, sem hæstv. ráðh. tók ekki til greina, var það, að mest öll norska síldin, sem veidd er á hafinu, hefir fram að þessu verið „rundsöltuð“ sem kallað er, og fyrir þá sök ekki eins verðmæt og íslenzka síldin. Ennfremur virtist mér hann reikna 80 kg. í tn., en vitanlegt er, að ísl. tn. er með 90 kg. innihald. Það er því einungis með því að gera innihaldið minna en það er, og með því að teygja kostnaðinn fram úr hófi, og sérstaklega með því að gera engann gæðamun á ísl.- og norskveiddri síld, sem hæstv. ráðh. nær niðurstöðu sinni.

Þegar athuguð er hin „sérfræðilega aðstoð“, sem hæstv. ráðh. hefir notið frá einum af framkvæmdarstjórum einka-

sölunnar, hv. 2. þm. S.-M. og frá form. útflutningsnefndar, hv. þm. Ak., má ég áreiðanlega vel við una, hversu fátt hann hefir getað hrakið af því, sem ég hefi borið hér fram. Öll meginatriði ádeilu minnar standa óhögguð, þótt reynt hafi verið af hæstv. ráðh. að bera í bætifláka eftir mætti.

Á eitt vil ég benda enn þá, sem sýnir vel röksemdaaðferðina hjá hæstv. fjmrh. Þegar ég tók hér tölur upp úr hagskýrslunum til að sanna mál mitt, sagði hæstv. ráðh., að ekkert væri hægt að reiða sig á hagskýrslurnar. Rétt á eftir vildi hann sanna, að 1928 hefði fengizt hærra verð fyrir minna magn síldar en 1927, og þá sagði hæstv. ráðh.: „Þetta má sanna með opinberum skýrslum". Þá voru þær góðar! En þegar þær sanna mál andstæðingsins, eru þær einskisvirði! Þetta vildi ég aðeins draga fram í þessari stuttu aths., til að sýna rauða þráðinn í vörn hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki margar mínútur að þessu sinni. Eldhúsumr. hafa nú staðið tvo daga á aðra viku, og hafa þær aldrei áður orðið svo langar. Eru engin dæmi slíkra málalenginga sem hér hafa orðið fyrir tilverknað hv. stjórnarandstæðinga. (JJós: Og hæstv. stj. sjálfrar. Ekki má gleyma henni!). Eftirtekjan fyrir þessa hv. þm. hefir ekki orðið í samræmi við þann mikla tíma, sem eytt hefir verið í umr. Það er þó auðvitað ekki mitt að dæma um það, en ég býst við, að sá verði dómur almennings. Og það er þegar farið að vekja óánægju hjá þjóðinni, að svo miklum tíma skuli hafa verið eytt í karp, sem vel mátti ljúka á miklu skemmri tíma, ef framkoma stjórnarandstæðinga hefði verið sæmileg. Það var ekki óviðeigandi af hv. 2. þm. G.-K. að enda með því að segja, að ég væri drykkjumaður, og að fyrir lægju sannanir um það. Þegar ég bað hann að leggja fram sannanirnar, svaraði hann aðeins með því að heimta, að ég kæmi með vottorð frá öllum flokksbræðrum mínum, sem eru mörg þúsund, um að þetta sé rangt hjá honum. Þessi er hugsunin hjá hv. þm., að bera fram í reiði allskonar ásakanir, og segja síðan, að sér komi ekki við að sanna mál sitt. Sakborningurinn verði að fá vottorð um sakleysi sitt. — Nei, svona hlutir ganga ekki. Það er í sjálfu sér gott að hafa eldhúsdag. En viss atriði, einkum í framkomu eins eða tveggja af stjórnarandstæðingum, hljóta að spilla fyrir þeim flokki, sem telur sér slíka bardagaaðferð sæmilega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv., með áorðnum breyt. samkv. atkvgr. á 59. fundi, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 350).

Á 68. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Jónsson: Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli hv. d. á því, áður en eldabuskurnar taka til starfa, að nú er mjög liðið á þingtímann. Þingið var að þessu sinni sett 17. janúar. Í dag er 3. apríl, og þannig liðnir 76 dagar frá þingsetningu, þegar fjárl. koma hér fyrst til umr. í þessari hv. d. Vænti ég þess því, að hv. d. sýni réttmæta sanngirni, þegar að því kemur að meta, hversu vel eða illa fjvn. þessarar d. hefir gætt þeirrar skyldu sinnar að afgreiða fjárl. sem fljótast frá sinni hendi, og líti jafnframt til þess, hversu langan tíma það tók hv. Nd. að afgreiða fjárl. að þessu sinni. Er þetta ekki sagt til þess að áfellast hv. Nd. fyrir seinlæti í afgreiðslu fjárl., því að ýmislegar orsakir lágu til þess, og meðal annara þær sérstöku truflanir, sem urðu á störfum þingsins vegna Íslandsbankamálsins. En þrátt fyrir það verður það ekki sagt um hv. Nd., að hún sé nein lofsverð fyrirmynd um vinnubrögð, eins og hinar tíu daga eldhúsumr. bera óljúgfróðast vitni um.

Í meðförum hv. Nd. á fjárl. hafa hin

raunverulegu útgjöld ríkisins hækkað um ca. ½ millj. frá því, sem var í frv stj. Er sú hækkun sumpart fólgin í sjálfsögðum leiðréttingum, sumpart í auknum framlögum til verklegra framkvæmda, auk þess sem persónulegir styrkir, sem telja verður að orki mjög tvímælis, eiga sinn verulega þátt í þessari hækkun. Fjvn. þessarar d. mun að sjálfsögðu keppa að því marki að stilla útgjöldunum svo í hóf sem unnt er, og reyna að draga úr þessari hækkun eftir mætti. Og hv. d. verður að vera n. samtaka um þetta, ef svo á að takast, að afgreiða fjárl. forsvaranlega að þessu sinni.

Ég vildi aðeins vekja athygli hv. d. á þessu, og svo jafnframt láta í ljós þá ósk, að eldabuskunum farist svo skörulega, að við hinir sofnum ekki, sem utan við eldhúsverkin stöndum.

Jón Baldvinsson: Hv. 6. landsk. hagaði sér eins og góðum búmanni sæmir, þegar hann var að berja sér og biðja velvirðingar á því fyrirfram, að fjvn. þyrfti að eyða nokkrum tíma í starf sitt að þessu sinni, þar sem afgreiðsla fjárl. hefði orðið svo tímafrek fyrir hv. Nd. í ár. Því að það er sem sé vitanlegt kunnugum, að fjvn. þessarar d. hefir nú að mestu lokið störfum, enda þótt fjárl. hafi ekki legið formlega fyrir fyrr en fyrir skömmu, þegar hv. Nd. loks tókst að afgreiða þau til fullnustu. Hinsvegar get ég tekið í sama streng og hv. 6. landsk. þm. um það, að önnur eins vinnubrögð og hv. Nd. sýndi í eldhúsumr. eru með öllu óhæfileg og óverjandi. Eldhúsumr. eru gagnlegar, ef þær eru um málefni, en ekki persónudeilur. Áður fyrr hlökkuðu menn til eldhúsumr., því að þá var stj. ávítuð fyrir að hafa framkvæmt eitthvað, sem vítavert þótti, eða fyrir að láta annað ógert, sem henni bar að gera, en nú hafa íhaldsmenn komið slíku óorði á eldhúsumr., að það liggur við, að ég kynoki mér við að fara í eldhúsið. Eldhúsumr. í Nd. stóðu að þessu sinni í 8 daga vegna látlauss persónuvaðals íhaldsmanna, og töfðu þeir þannig öll önnur deildarstörf þennan tíma með þessari mælgi sinni.

Fulltrúar Alþýðuflokksins hafa deilt á stj. út af málefum, en það, sem íhaldi og framsókn ber á milli, virðist vera það, hvort ráðh. eigi að heita Tryggvi, Jónas og Einar, eða Jón, Magnús og Ólafur. Af þessu stafar svo það, hve orðaskipti íhaldsmanna við stj. eru illskeytt og æsingin mikil.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hefi rakið, var ég að vega það með sjálfum mér, hvort ég ætti nú að bregða mér í eldhúsið að þessu sinni, og ég ákvað að gera það í þeirri von, að umr. verði hér skaplegri að tímalengdinni til, og að íhaldsmenn Ed. sjái betur en flokksbræður þeirra í Nd., að það er óforsvaranlegt að eyða svo löngum tíma í einskisverða hluti.

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, hversu þunglega hæstv. stj. hefir tekið í flest mál okkar jafnaðarmanna. Þó að Framsóknarflokkurinn hafi greitt atkv. með fáeinum þeirra mála, sem Alþýðuflokkurinn hefir borið fram til hagsbóta fyrir verkalýðinn, þá eru hin málin miklu fleiri, sem framsóknarmenn hafa brugðið fæti fyrir — mál, sem enginn frjálslyndur flokkur í heiminum mundi standa á móti. Það eru mannréttindamál eins og afnám fátækraflutnings, eða t. d. bann gegn næturvinnu, svo að verkafólk fái næturhvíld, en heilsu þess og lífi sé ekki stefnt í voða með því að vinna erfið verk nótt sem dag, hvernig sem viðrar. Það eru mál eins og einkasala á lyfjum, til þess að tryggja landsmönnum góð og ódýr meðul, eða veðlánasjóður fiskimanna, til þess að gera þá, sem smábátaveiðina stunda, sjálfstæðari. Þá má nefna það, að frv., sem við jafnaðarmenn fluttum um forkaupsrétt kaupstaða á ýmsum mannvirkjum í kaupstöðum og kauptúnum, var drepið í Nd. af sameinuðu liði íhalds og framsóknar, eftir að það þó var samþ. í þessari hv. d. Var frv. þetta þó ekki róttækara en svo, að það fór fram á að veita kaupstöðunum hliðstæðan forkaupsrétt í þessum efnum við forkaupsrétt hreppa á jörðum.

Þá höfum við jafnaðarmenn hvað eftir annað borið fram frv. um að auka tekjur ríkissjóðs, án þess að íþyngja alþýðu manna. Er þar skemmst að minnast frv. um tóbakseinkasöluna, sem mundi gefa ríkissjóði minnst 200 þús kr. árlegar tekjur. Framsóknarmenn hafa alltaf látið sem svo, að þeir væru með einkasölu

á tóbaki, þegar þeir hafa verið að tala við kjósendur, en á Alþingi hafa þeir ár eftir ár lagt stein í götu þess, að hún sé tekin upp aftur, svo sjálfsagt sem það er. Fyrir þessu þingi liggur nú frv. um einkasölu á tóbaki, en því miður lítið áfram og er fyrst í dag til 2. umr. í hv. Nd. Var frv. þó lagt fram snemma á þingi, svo að ekki er hægt að bera því við að þessu sinni, að ekki hafi verið nægur tími til stefnu.

Þegar við jafnaðarmenn bárum fram frv. um rýmkun kosningarréttar í málefnum sveita og kaupstaða, snérust nógu margir Framsóknarmenn á móti því, til þess að fella það í félagi við íhaldið, enda þótt þessir sömu menn samþ. ákvæði frv. árið eftir, þegar þau voru í stjfrv.

Framsóknarmenn hafa oft haldið sér sem næst íhaldinu, og virðist ekki vera önnur skýring til á því, en að þeir geri það til að geðjast íhaldsmönnum og vinna sér hrós hjá Morgunblaðinu fyrir að láta ekki jafnaðarmenn teyma sig út í hverja vitleysu. Má segja, að þetta sé mannlegt, en hitt er ekki jafnvíst, að Framsókn bæti fyrir sér í sveitunum með því að sigla þannig sem næst stefnumálum íhaldsmanna, eins og sumir framsóknarmenn virðast halda. Ég gæti miklu fremur trúað, að þessi leikur yrði þeim til falls, því að fyrir bragðið missa frjálslyndir menn, jafnt við sjó sem í sveitum, allt traust á þeim.

Nú fyrir fáum dögum þverbrutu framsóknarmenn þessarar hv. d. stefnu þá, sem er rauði þráðurinn í l. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, er hæstv. stj. flutti og fékk samþ. á þinginu í fyrra með hjálp okkar jafnaðarmanna, með því að ganga að því með íhaldsmönnum að neita Siglfirðingum um að velja sér bæjarstjóra. Gerðu framsóknarmenn ekki hina minnstu tilraun til að rökstyðja þennan hringsnúning sinn, enda gátu þeir það ekki, þar sem þeir vóru búnir að binda sig í fyrra. Verð ég að skoða þetta sem beinan fjandskap í garð okkar jafnaðarmanna, ef persónulegar ástæður hafa þá ekki legið á bak við hjá stj. og flokki hennar í þessu máli.

Um vegavinnukaupið skal ég vera stuttorður að þessu sinni, þar sem samningar standa nú yfir um það, og vænta má, að viðunandi lausn verði nú í bili bundin á það mál. Verkamenn hafa nú sett fram kröfur sínar um bætt kaup við vegagerðir, og að kaupið verði það sama, hvar sem er á landinu, enda er vinna við vegagerðir yfirleitt samskonar, og því sjálfsagt, að goldið sé sama kaup alstaðar.

Undanfarið hefir vegavinnukaupið verið óverjandi lágt, þetta frá 75 au. upp í 90 au. um klukkustundina. Af þessu leiðir svo það, að mannskapsminni og óvanari menn starfa að vegagerðunum en ella mundi, ef kaupið væri hærra. Sjá allir, hvað slíkt er hagfellt fyrir ríkið! Auk þess verð ég að átelja það, hversu hæstv. forsrh. virðist leggja mikið kapp á að láta leggja vegina með ákvæðisvinnu. Menn þurfa ekki annað en sjá Biskupstungnaveginn og nýja Þingvallaveginn til þess að sannfærast um, að slíkt er miður heppilegt. Þessir vegir eru báðir lagðir með ákvæðisvinnu, og vóru svo lélegir, að moldin gekk upp í gegnum ofaníburðinn strax og bílar fóru að fara um þá. Stafar þetta af því, að ákvæðisvinnan er þrautpínd niður, svo að verkamennirnir neyðast til að hroða henni af, til þess að halda sæmilegu kaupi, en sumpart stafar þetta af eftirlitsleysi frá hálfu vegamálastjóra.

Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. að láta framkvæma allar vegagerðir í tímavinnu. Það er báðum hagkvæmara, verkamönnunum og ríkinu, að vinnan við vegagerðina sé greidd með daglaunum og kaupið sé ekki pínt niður. Þá fá verkamenn kjör sín bætt og ríkið betri vegi.

Á hverju vori svo að segja kemur sú frétt í blöðunum, að Hvítá í Borgarfirði hafi brotið skarð í veginn við Ferjukotssíkið. Svo er gert við skemmdirnar, sem orðið hafa á þessum vegarspotta. En allt fer á sömu leið. Næsta vor brýtur áin veginn aftur, og svo koll af kolli. Vegamálastjóri lætur viðgerðina fara fram enn á ný, en aðgerðin reynist alltaf jafnónóg. Í fyrra gerði ég þetta að umtalsefni og var því þá svarað af hæstv. atvmrh., eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vegamálastjóri hefir tjáð mér,

að vegurinn mætti hiklaust teljast tryggur með stærri vatnsrásum, og að það hafi eingöngu verið vatnsmagnið, sem varð honum að grandi í vetur". Meiningin í þessu var sú, að nú ætti að gera svo stóra vatnsrás, að vatnið hlypi alls ekki á veginn. Það var nú að vísu engin sérstök speki, að það hefði verið vatnið eða vatnsmagnið, sem braut veginn í vetur, en svo mikið var víst, að vegamálastjóri hafði talið hann fullkomlega öruggann, en það reyndist nú á annan veg. Ég vil nú mega vænta þess af hæstv. ráðh., að hann láti nú fara að létta af ríkissjóði þessum stöðugu útgjöldum, sem stafa af þessum árlegu viðgerðum á þessum vegi. Þetta hefir kostað tugi þúsunda að undanförnu að gera við þennan vegarspotta og væri þarfara að verja þessu fé árlega til nýrra vega, sem meiri nauðsyn er á að leggja. Á hinn bóginn álít ég vegamálastjóra hafa sýnt annaðhvort ófyrirgefanlegan trassaskap eða vanþekkingu, eða þá hvorttveggja, að ekki skuli takast að gera veginn þarna fullkomlega öruggan. Vil ég því mælast til við hæstv. ráðh., að hann leggi ríkt á við sína undirmenn að þeir láti nú ekki slíka háðung endurtaka sig öllu lengur, og nú verði gaumgæfilega rannsakað, hversu má búa um veginn þarna svo tryggt sé. Það verður að taka fleira til greina en það, sem þessir sérfróðu menn segja um þessa hluti, það verður að hafa staðkunnuga menn með í ráðum. Hingað til hefir það ekki fengizt. Það er nú tími til kominn að fara að venja þessa herra af þessum alkunna lærdómshroka og sjálfbyrgingshætti, og fara í þess stað meira eftir því, sem heilbrigð skynsemi býður. Ég skal að öðru leyti ekki fara frekar út í þá sálma að sinni, enda gerist þess lítil þörf, við þekkjum allir nóg dæmi af „sérfræðingunum", sem þykjast upp úr því vaxnir að taka bendingar fróðra og kunnugra manna til greina. Víða um landið sjást menjar slíkra „sérfræðinga", og sérstaklega er hv. 3. landsk. víða getið í sambandi við þær framkvæmdir, sem ótryggar hafa reynzt.

Þá vil ég um leið drepa lauslega á annað atriði í þessu sambandi. Ég fór fram á það í fyrra í hógværri þáltill., að hæstv. atvmrh. léti rannsaka skilyrði fyrir vatnsveitu á Hvammstanga. Till. þessi var samþ., enda hafði ráðh. fremur góð orð um að láta gera þetta, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr ræðu hans, sem svo hljóða:

„Ég tel sem sé víst, að hægt yrði að koma þessu í verk í vor eða sumar, því vafalaust á vegamálastjóri eða aðstoðarmenn hans leið þarna um í sumar".

Ég hafði enga ástæðu til þess að ætla, að hæstv. ráðh. myndi ekki standa við orð sín, enda þótt hann að vísu tæki fremur dauflega í málið, vegna þess að honum þótti það ekki vera komið rétta boðleið inn í þingið. En nú hefi ég engar spurnir af, að hæstv. ráðh. hafi nokkuð aðhafzt í þessu máli. Þykir mér slíkt harla kynlegt, og vil því mælast til, að hann láti deildinni strax í té upplýsingar um það, hvað framkvæmdum líði í málinu. Á ég bágt með að trúa því, að hæstv. ráðh. hafi ekki einusinni haft svo mikið við að leggja þetta fyrir verkfræðingana. Hæstv. ráðh. ætti að muna það, að till. var samþ., enda þótt hv. 6. landsk., af alveg óskiljanlegum ástæðum, leggðist á móti henni, og enda þótt hæstv. ráðh. sjálfum væri lítið um hana gefið. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að standa refjalaust við orð sín. Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að eigi má líðast, að því sé stungið undir stól. Það er ekkert smámál, hvort heilt kauptún hafi nothæft drykkjarvatn eða ekki. Slík mál má ekki svæfa með tómlæti, og allra sízt af hálfu heilbrigðisyfirvalda landsins.

Þá vil ég víkja ofurlitlu að hæstv. fjmrh. viðvíkjandi veðdeild Landsbankans. Í lögunum um lántöku ríkisins frá því í fyrra er m. a. nefnt lán, sem taka eigi handa veðdeild Landsbankans. Ég hefi ástæðu til þess að ætla, að þetta sé ekki enn komið í framkvæmd. Veðdeildarflokknum varð að loka um áramót vegna peningaleysis. Mönnum er það vitaskuld mjög óþægilegt að fá bréfin í stað peninga, því það er ekki hægt að selja þau nema þá með mjög miklum afföllum. Það er vafalaust, að ef slík bréf verða seljanleg með góðum kjörum, yrði það mjög til að auka þau not, sem almenningur hefir af veðdeildinni. Myndi slíkt lyfta undir byggingar og stuðla að

því að bæta húsnæði í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Vænti ég þess nú, að hæstv. fjmrh. svari þessari spurningu minni þegar í stað. Ég þarf ekki að minna hann á, að það var eindreginn vilji þingsins, að þetta lán yrði tekið.

Þá vil ég spyrja hæstv. dómsmrh., — því að ég ætla, að það heyri undir hann — hvað hann hugsar sér um byggingu landsspítalans. Það hefir alltaf virzt svo sem nokkur tregða hafi verið í hæstv. dómsmrh. um að halda landsspítalanum áfram með þeim hraða, sem þingvilji er fyrir. Það var ákveðið fyrir löngu að hafa hann fullbúinn fyrir 1930. Er tregðu hæstv. dómsmrh. um að kenna, að málið er ekki enn komið lengra áleiðis? Hefir hann ekki viljað veita nægilegt fé til spítalans, enda þótt skýr heimild hafi verið til þess í lögum frá 1919 um húsbyggingar ríkisins? Vil ég segja það, að hæstv. dómsmrh. hefir unnið að mörgu því, sem ekki hafa verið eins öruggar fjárveitingaheimildir fyrir, t. d. Laugarvatnsskólinn, sem að vísu er gott og þarflegt fyrirtæki út af fyrir sig, en sem getur mjög orkað tvímælis, hvort full fjárheimild hefir verið fyrir. Það má með fullum rétti líta á bæði Laugarvatnsskólann og landsspítalann sem þörf mál, en þegar skýr lagaheimild er fyrir öðru en ekki fyrir hinu, þá á þingræðisráðh. ekki að vera í vafa um, hvort ganga skuli fyrir. Það má líkt segja um skólabygginguna á Laugarvatni og fjósið á Hvanneyri, að vafi getur leikið á um, hve mikla stoð þær fjárveitingar hafa í lögum. Að vísu er það ekki nema eðlilegt, að þeir flokkar, sem tekið hafa við af fhaldinu, hafi löngun til að koma ýmsu í framkvæmd, en hitt verður heldur ekki varið, að þegar svo geysimiklu fé er varið til ýmsra hluta, jafnvel þótt þarfir séu, án þess að hin minnsta heimild sé til þess í fjárl., þá er það að ganga á snið við þingið. Við jafnaðarmenn höfum nú flutt frv. í Nd. um jöfnunarsjóð ríkisins, sem á að vera til eyðslu, ef tekjur ríkisins fara fram úr vissu marki. Ég tel það skyldu ríkisstj. að geyma peninga frá góðu árunum til hinna harðari, og haga verklegum framkv. í samræmi við það.

Þá þykir mér rétt að drepa á eitt mál enn áður en ég held lengra áfram, og það eru lóðarkaupin undir landssímastöðina. Það virðist nú ekki hafa verið verulegur munur á verði þeirrar lóðar og Hafnarstræti 16, sem í ráði var að kaupa um árið. En staðurinn er miklu verri, sem nú er keyptur, því að símstöðin er þannig flutt úr leið frá aðalgötu bæjarins og lengra burt frá höfninni, og er slíkt til stórmikilla óþæginda. Um leið er rétt að minnast á starfrækslu landssímans. Síðastliðin tvö ár hefir afgreiðslan á símastöðinni verið mjög léleg, svo að ekki verður við unað öllu lengur. Hygg ég, að þetta sé ekki starfsfólkinu um að kenna, nema þá að minnstu leyti. Orsökin mun vera sú, að símameyjarnar eru ofhlaðnar störfum, því að þær hafa miklu fleiri númer hver heldur en kvað tíðkast erlendis. Þessu þarf nauðsynlega að kippa í lag, því að flestir munu vera á einu máli um það, að eitthvert hið leiðinlegasta verk, sem til er, sé að bíða lengi eftir því, að miðstöð svari í síma. Vil ég mælast til, að hæstv. ráðh. tali um þetta við landssímastjóra og fái þessu komið í viðunandi horf. Reyndar hefir því nú verið fleygt, að meðan Forberg heitinn var landssímastjóri, hafi verið betur gengið eftir, að afgreiðslan gengi greiðlega, en hvað sem því líður, þá er það víst, að afgreiðslan er nú mjög léleg, og má vart við svo búið standa framvegis.

Að lokum hefði ég þurft að drepa á ýms fleiri atriði, sérstaklega viðkomandi hæstv. dómsmrh., en ég mun fresta því til síðar, að ég hefi heyrt svör við þeim fyrirspurnum, sem ég hefi lagt fyrir hæstv. stj., sérstaklega um landsspítalann, veðdeildina og vatnsveituna á Hvammstanga. Vænti ég þess fastlega, að hæstv. stj. gefi greið svör, en áskil mér að því loknu rétt til að ræða frekar við hana um þessi atriði og fleiri.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég verð nú að byrja á því að taka upp þykkjuna, ef svo mætti að orði kveða, fyrir hv. Nd. út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið í hennar garð frá hv. form. fjvn. og frá hv. 4. landsk. Ég er eini þm. í Nd., sem hér hefir málfrelsi í þessari deild, og mun ég taka svari hv. Nd. að nokkru, áður en ég svara hv. 4. landsk. í einstökum atriðum.

Hv. form. fjvn. ásakaði hv. Nd. fyrir að hafa verið lengi með fjárl. Þetta er að vísu rétt, en Nd. er alltaf lengi með þau, og ekki lengur nú en endranær. Ennfremur fór hv. þm. ekki rétt með, er hann sagði, að d. hefði haft fjárl. til meðferðar í 76 daga; það er aðeins formlega rétt, því að það er hálf önnur vika síðan Nd. hafði lokið við atkvgr. um fjárl. og sent þau til fjvn. þessarar d. Hitt skal fúslega játa, að hv. form. fjvn. getur úr flokki talað, því að fjvn. þessarar d. hefir sýnt myndarskap og dugnað í afgreiðslu fjárl., og er slíkt til hinnar mestu fyrirmyndar, og þessari röggsemi hv. n. var það að þakka í fyrra, að þingið varð ekki lengra en raun var á. Hinsvegar er það óþarfi að vera að kasta hnútum til hv. Nd., því að Nd. hefir miklu fleiri málum að sinna en Ed., því að þar eru unnin flest þau störf, sem flokkarnir þurfa að láta vinna, og í Nd. er þungamiðja þingstarfanna, svo að ekki er að undra þó hún þurfi lengri tíma til að afgreiða mál heldur en þessi hv. d.

Þá vil ég víkja að eldhúsræðu hv. 4. landsk., og áður en ég sný mér að einstökum atriðum hennar, vil ég svara henni almennt. Hann lét þau orð falla, að við framsóknarmenn tækjum jafnan þunglega málum jafnaðarmanna. Þetta er sjálfsagt rétt að því er snertir hin eiginlegu stefnumál sósíalista sem slíkra, svo sem þjóðnýtingu og þvílíkt. Hv. þm. veit vel, að við höfum aðra skoðun á þeim málum og ljáum þeim ekki lið. En að því er snertir ýms almenn mál, önnur en skipulagsmálin, þá höfum við oft átt samleið með jafnaðarmönnum. Vil ég þar nefna ýms mannréttinda- og mannúðarmál og hagsmunamál þeirra þjóðfélagsborgara, sem minna mega sín efnalega. Ég mótmæli, að við höfum verið á móti málum jafnaðarmanna í rýmri merkingu, en að sjálfsögðu getum við ekki fylgt jafnaðarmönnum í þeim málum, sem brjóta í bága við grundvallarstefnu Framsóknarflokksins. Hv. þm. sagði, að þau mál væru óteljandi, sem við hefðum gengið á móti jafnaðarmönnum í, en svo vildi hann þó ekki telja nema nokkur hinna smærri, eins og hann orðaði það. Þetta er töluvert eftirtektarvert, að hann treysti sér ekki til þess að telja upp annað en smælkið. Hv. þm. veit það nefnilega, að stóru málin, hvert á fætur öðru, hafa komizt í gegn fyrir samstarf Framsóknar og jafnaðarmanna, og þess vegna hefir hv. þm. ekkert annað en smælki til þess að telja fram. Ég gæti talið upp fjölda af stóru málunum, í mótsetningu við þau smærri, þar sem við höfum staðið við hlið jafnaðarmanna, og á þessu þingi er á döfinni mál, sem snertir sjómenn mjög mikið, og sem stj. hefir látið undirbúa og borið fram. Ég býst jafnvel við, að aldrei hafi neitt þing haft til meðferðar meiri mál, er snerta sjávarútveg og sjómenn, en einmitt þetta þing, og öll eru þau mál flutt og undirbúin af okkur framsóknarmönnum og miða til stórra hagsbóta og menningarauka þessum stéttum.

Hv. þm. sagði, að við hefðum orðið að taka afstöðu í málum gegn jafnaðarmönnum til þess að sýna þeim fjandskap. Þetta er alveg rangt. Afstaða okkar mótast eingöngu af innihaldi mála, en alls ekki af löngun til að ýfast við nábúann til hægri eða vinstri. Og allra sízt mótast afstaða okkar af því, að við viljum þóknast Íhaldinu, því að það væri áreiðanlega vísasti vegurinn til þess að tapa atkv. úti hjá kjósendum landsins. — Hv. þm. sagði, að við myndum nú ekki grípa neinn atkvæðafjölda við næstu kosningar. Vel má það vera, en ekki er mér grunlaust um, að hv. þm. hafi nú töluverðan beyg af því, að við munum taka töluvert af atkv. frá þeim, ekki síður en frá Íhaldinu. En úr þessu verður nú skorið, svo við skulum láta úttalað um það að sinni.

Þá vil ég víkja að einstökum atriðum í ræðu hv. 4. landsk. Hann talaði fyrst um vegavinnukaupið, sem þeir jafnaðarmenn eru að stagast á alla eldhúsdaga. Það er rétt, að þeir hafa komið til stj. út af þessu, en aðallega með það fyrir augum að sjá um, að kaupið sé sama um allt land.

Ég hefi látið athuga, hvernig verkalýðsfélögin hafa ákveðið kaupið á einstöku stöðum út um land. Þá hefir komið í ljós, að verkalýðsfélögin lifa alveg í mótsögn við kröfu hv. þm. Það þarf ekki að fara lengra en til Hafnarfjarðar. Þar er kaupið 10—20 aurum minna um klst. en hér í Reykjavík. (JBald: Það er 4—6 aurum minna). Það getur verið, að það sé ekki

meira, en skýrslan sýnir, að það er allmisjafnt, hvað umbjóðendur hv. þm. hafa tekið hátt kaup. Ég vona, að hv. þm. sjái, að það er ótækt að fara að taka ráðin af verkalýðsfélögunum og láta þau vinna fyrir annað kaup en þau ákveða. Hv. þm. skal koma á umbótum í sínum eigin heimahúðum fyrst. Annars er þetta mál í höndum vegamálastjóra. Stj. hefir ekki skipt sér af þessu beinlínis, hvorki fyrr eða síðar.

Þá beindi hv. þm. því til mín, að komið hefði verið á ákvæðisvinnu við vegagerðir. Ég álít, að báðum aðiljum, verkamönnum og ríkinu, sé slíkt fyrirkomulag fyrir bestu. Af hálfu ríkisins verður að hafa ríkt eftirlit með því, að vinnan sé vel af hendi leyst. Þótt erfiðara sé að hafa eftirlit með vegavinnu í ákvæðisvinnu en annari vinnu, þá álít ég það vel fært.

Þá sagði hv. þm., að ríkið fengi stundum vonda vinnu, af því að eftirlitið væri svo vont. Þetta fyrirkomulag væri líka vont fyrir verkafólkið, svo hart væri að því gengið við þessa vinnu og kaupið lágt.

Ég hefi nú fengið upplýsingar um það, hvernig þessu er farið í sýslunum hér í nágrenninu, og þær eru á þann veg, að vinnan sé ekki nógu góð. Eftirlitið, sem verkstjórunum er ætlað, er ekki nógu fullkomið. En það er ekki rétt, að verkamenn séu píndir. Þeir hafa upp undir 30 kr. á dag. Þeir munu sannarlega ekki þakka hv. 4. landsk. fyrir það að mótmæla ákvæðisvinnunni. Ef reynslan sýnir, að ekki er hægt að framkvæma eftirlitið og ríkissjóður fær vonda vinnu, er sjálfsagt að hætta því fyrirkomulagi. En ég vona, að hægt verði að koma á góðu eftirliti, og að það verði til hagsbóta, bæði fyrir ríkið og verkamenn.

Ég ætla að minna hér á eitt dæmi, sem hv. þm. nefndi, að unnið hefði verið fyrir ríkið. Það var þó ekki unnið í ákvæðisvinnu, heldur í tímavinnu, eins og hv þm. vill láta vinna það.

Hv. þm. nefndi veginn við Ferjukot. (JBald: Var það ekki unnið undir eftirliti verkfræðings?). Jú, en ég ætla ekki að fara að svara fyrir teknisk atriði, t. d. hvar veginn eigi að leggja. Það er fyrrv. stj. og vegamálastjóri, sem eiga að svara fyrir það. Ég vil þó geta þess við menn, sem eru kunnugir þessu verki og segja, að það hafi tekizt illa og orðið dýrt fyrir ríkissjóð. Og flestir kunnugir menn telja, að réttara hefði verið að leggja veginn hjá Krókatjörn, en ekki þar sem hann er nú. Og það má búast við, að það verði áfram áföll á þessum vegi. En vegamálastjóri mun nú reyna að gera enn meira en gert hefir verið til þess að draga úr þessari hættu. En ef mikið flóð flæðir, er það ekki eingöngu vegurinn, sem fer, heldur líka brýrnar.

Það er ekki sama aðstaða, þegar búið er að leggja mikið fé í eitthvert verk, eða þegar verið er að byrja það. Það er nú spurningin, hvort það borgi sig betur að byrja á nýjum vegi á öðrum stað, eða halda áfram að gera við gamla veginn. Ég hefi ekki þá fagþekkingu, að ég fari að taka fram fyrir hendur vegamálastjóra í þessu efni. Ég býst því við, að byggt verði ofan á það gamla, en því miður get ég ekki fullyrt, að það reynist öruggt í framtíðinni.

Þá beindi hv. þm. þeirri fyrirspurn til mín, hvort stj. hefði gert ráðstafanir til þess að fullnægja þál. frá hv. Ed. í fyrra um vatnsveitu á Hvammstanga. Ég fór nú áðan í símann og ætlaði að ná í vegamálastjóra, en fékk ekki samband á þeim stutta tíma, sem ég hafði til umráða. Vegamálastjóra hefir verið falið þetta verk. En það er langt að senda mann norður, og því býst hann við að láta einhvern sinna starfsmanna gera það, þegar þeir eru á ferðinni fyrir norðan. En því miður get ég nú ekki sagt, hvað gert hefir verið í þessu, en mun síðar upplýsa það.

Ég skoða það sem spaug hjá hv. þm., eins og hann sjálfur orðaði það, að hann hefði heyrt hálft í hvoru, að lítið hefði verið gert. Hv. þm. fylgist ekki betur með en svo, að hann lætur sér nægja að heyra hálft í hvoru, hvað gert hefir verið í einhverju máli, sem hann flytur sjálfur.

Um lóðarkaupin undir nýju símastöðina skal ég ekki fjölyrða. Það mál var mikið rætt í hv. Nd. Hv. þm. sagði, að hún kostaði svipað verð og lóðin í Hafnarstræti fyrir nokkrum árum. Þetta er víst rétt hjá hv. þm., en þessi lóð er meira en helmingi stærri en hin. Þessi nýja lóð er 800 m², en hin náði ekki nema 400 m². Verðið á hverjum fermetra er því

meira en helmingi lægra en í gömlu lóðinni. En fagmennirnir sögðu, að ekki yrði komizt af með minna en 800 m².

Ástæður þær, sem hv. þm. færði fram móti lóðinni, voru þær, að hún væri ekki við aðalgötu. Ég verð að segja, að þetta er ekki langt frá aðalgötu, og ég sé ekkert eftir kjósendum hv. þm. að ganga upp með Austurvelli á símastöðina, ef þeir geta ekki símað heiman frá sér. Og um okkur hv. þm. er það að segja, að við erum þannig holdum farnir, að við höfum bara gott af að fá okkur slíkan sprett ef við þurfum að síma.

Loks minntist hv. þm. á afgreiðsluna á miðstöðinni í Reykjavík. Það er satt, sem hv. þm. segir, að við rekum okkur oft á það, að afgreiðslan á miðstöðinni er slæm með köflum, og því hefir Alþingi fallizt á það, að koma upp sjálfvirkri miðstöð. Mér finnst því ekki rétt að vera að leggja í mikinn kostnað til þess að umbæta þetta.

Ég veit ekki hvort það er rétt, sem hv. þm. sagði að væri ástæðan til þess, að afgreiðslan væri svo slæm, þ. e. að stúlkurnar væru of fáar. Ég mun athuga þetta og gefa hv. þm. síðar upplýsingar um það. En ég hygg, að því sé þannig farið, að ekki sé hægt að koma fleiri stúlkum að við afgreiðsluna en nú er.

Hv. þm. sagðist álíta, að það hefði verið betri stj. á bæjarsímanum meðan Forberg lifði en nú er. Ég ætla að segja hv. þm., að það er ekki landssímastjóri, sem hefir það með höndum. Það er sami maður sem hefir það nú með höndum og síðast í tíð Forbergs heitins, og það er símaverkfræðingurinn.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það var aðeins ein fyrirspurn, sem hv. 4. landsk. beindi til mín, og þarf ég ekki að eyða miklum tíma til að svara henni.

Hv. þm. spurði um, hvað veðdeild Landsbankans liði, og hvort flokkunum væri nú ekki lokið og að annar flokkur tæki til starfa.

Ég ætla að gefa þær upplýsingar, að 8. flokknum er nú lokið og 9. flokkur byrjaður. 9. flokkur er um 3 millj. kr. og er það afgangur af því, sem veðdeildarlögin heimila. Ég veit ekki betur en að 9. fl. muni nokkurn veginn fullnægja þeirri eftirspurn, sem nú er um veðdeildarlán. En að þeim flokki loknum þarf ný lög, ef á að halda áfram.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem hv. þm. beindi til mín. Ég vildi aðeins benda á eitt atriði, sem hv. þm. beindi til hæstv. atvmrh., og hann hefir svarað. Það er um vegavinnukaupið.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri óheppilegt, að vegavinna væri framkvæmd með ákvæðisvinnu. Ég held, að þetta sé af ókunnugleika hv. þm. Ég þekki dálítið til vegavinnu og veit ekki betur en verkamenn sækist eftir því að fá að vinna ákvæðisvinnu.

Hv. þm. hélt því fram, að þessi „akkorð" væru illa gerð, vegirnir vondir, og strax þegar umferð byrjaði kæmi moldin upp.

Það er rétt hjá hv. þm., að það er svo um marga vegi, sem gerðir eru í gljúpum jarðvegi. En það er misskilningur hjá hv. þm., að það beri helzt á því um vegi, sem gerðir eru í „akkorði". Þeir vegir eru yfirleitt eins góðir og þeir, sem gerðir eru í tímavinnu. Þegar vegir eru gerðir í akkorði, er það venja að skipta því í tvennt. undirburð sérstaklega og malarlag sérstaklega. Og verkstjórinn hefir daglegt eftirlit með því, að þeim skilyrðum sé fullnægt, sem sett hafa verið um það, hvernig verkið eigi að vera leyst af hendi. Þá er haft nákvæmt eftirlit með því, að malarlagið hafi þá þykkt, sem ákveðið er í samningunum. Ég held því, að það sé ekki rétt að leggja svo mjög á móti því, að ákvæðisvinnunni verði haldið áfram. Ég get ekki séð annað en að verkamenn séu ánægðir með það, þar þeir fá meira kaup en annars, og ríkissjóður fær meiri vinnu fyrir sömu peninga. Ég held því, að báðir aðiljar megi vera fullkomlega ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla ekki að svara hv. 4. landsk. þm. almennt. Það hefir hæstv. forsrh. gert.

Það fyrsta, sem hv. þm. beindi til mín, var um landsspítalann. Ég svaraði þessu nokkuð í Nd. um daginn, og ætla að geyma mér að svara því hér, þar sem það liggur hér fyrir fyrirspurn frá hv. 2. landsk. um þetta efni, sem ég býst við að

svara næstu daga. Vona ég, að hv. þm. láti sér það nægja.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði dregið viðbúnað spítalans. Ég held, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Ég er almennt stuðningsmaður spítala landsins.

Þá talaði hv. þm. um þann möguleika að koma á sjúkrastarfsemi á Reykjum í Ölfusi með nokkuð öðru móti en áður hefir þekkzt. Þetta verður náttúrlega ekki nema með stuðningi Alþingis, og ég vona, að hv. 4. landsk. styðji það mál fyrst honum er svo annt um spítala.

Það, sem hv. þm. mun hafa átt við, er sú sparnaðarviðleitni, sem hver stj. verður að sína í rekstri þjóðarbúsins. Og það er rétt, að heilbrigðisstjórn með stuðningi landlæknis hefir gert ráðstafanir til meiri eyðslu til spítala en verið hefir. Almennt talað álít ég það ekki lastvert. Mín stefna er, að það séu hæfilega margir spítalar, og þeir séu skynsamlega reknir. Það er því engri óþarfa eyðslu til að dreifa. Hvort þetta lánast í einstökum atriðum, skal ég ekki segja, en þetta er mín viðleitni.

Þá gat hv. þm. þess, að það hefðu verið nokkuð miklar umframgreiðslur, einkum til Laugarvatnsskólans. Það er mála sannast, að það hafa orðið nokkrar umframgreiðslur til skóla yfirleitt, t. d. til menntaskólans. Vona ég, að aðgerð við þann skóla verði lokið í sumar. Um Laugarvatnsskólann er það að segja, að byggingarnefnd skólans hefir sýnt mikinn dugnað í því að koma því verki áfram með þeim grundvallarskilyrðum, sem Alþingi byggði á. Það hefði ekki verið lagt út í þetta síðastliðið ár, ef það hefði ekki verið tiltölulega gott ár, og því áleit ég rétt að koma skipulagi á þessa skóla. Það lítur líka út fyrir, að næstu ár bætist ennþá a. m. k. einn skóli við í sveit. En sérstaklega eru það þó skólarnir í Reykjavík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, sem skipta máli, og þegar búið er að gera það, sem þarf fyrir þá skóla, þarf ekki að gera það aftur. Frv. um alþýðuskóla í kaupstöðum sýnir líka, að umhyggja stj. er ekki bundin við einn stað, heldur miðar hún að því að þoka fræðslumálunum áfram í landinu.

Þá er nú í Borgarfirði samskonar mál á ferðinni og var austan fjalls. Það lítur úr fyrir, að Borgfirðingar og Mýramenn hafi nú um 80 þús. kr. og búist við að fá jafnmikið á móti úr ríkissjóði. Það er ekki alveg víst, hvernig því lýkur. Það getur verið, að það verði ekki nema um tvennt að velja fyrir stj., annaðhvort að taka lán til að framkvæma þetta, eða að málið verður að stranda á því, að ríkið getur ekki lagt á móti. Ég vil benda á það sem lofsvert fordæmi, að hv. þm. Dal., þegar hann var í stj., lét verja um 70 þús. kr. til aðgerðar á húsi gagnfræðaskólans á Akureyri á þeim erfiðu tímum 1923. Sú aðgerð, sem fram hefir farið austan fjalls og nauðsynleg hefir verið, hefir líka borið góðan árangur.

Jón Baldvinsson: Ég sé, að íhaldið er nú orðið svo dasað, að það treystir sér nú ekki í eldhúsið lengur, svo það erum við jafnaðarmenn einir, sem eigum nú við stj., enda ber okkur nú meira á milli en íhaldinu og stj. Þetta kom fram, þegar hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína, því þá lýsti hann yfir því meðal annars, að hann mundi ekki geta veitt þjóðnýtingarstefnu okkar jafnaðarmanna fylgi sitt. Hæstv. stj. er því á móti aðalmálum okkar.

Hæstv. ráðh. vildi láta þetta líta svo út, að það væri bara í stóru málunum, sem stj. og jafnaðarmönnum bæri á milli. Í öllum mannúðarmálum og málum frjálslynda flokksins væri stj. samfara jafnaðarmönnum svo langt, sem þeir ganga í því efni.

Mér þykir það leiðinlegt, að hæstv. forsrh. skuli vera óbeinlínis að óska eftir því, að ég telji upp málin. Ég ætla ekki að nefna nema smáu málin til að sýna, hvað tregðan er mikil hjá íhaldinu og Framsókn. Því það er ekki annað en íhaldið, sem gerir það að verkum, að Framsókn er ekki með ýmsum minni háttar málum, sem ekkert kostar hana annað en að hún fengi ekki eins gott umtal í íhaldsblöðunum.

Ég get farið í registrið og séð, hvaða mál það eru, önnur en þjóðnýtingarmál, sem frjálslyndi flokkurinn hefir ekki talið sér skylt að fylgja. Ég get talið upp aragrúa af slíkum málum, sem alls ekki eru þjóðnýtingarmál, heldur mál, sem

frjálslyndum flokkum í hverju landi er skylt að sinna.

Ég get byrjað á einkasölu á tóbaki, einkasölu á lyfjum — þau mál eru ekki þjóðnýtingarmál, þar sem þau snerta ekki atvinnuvegi landsmanna —, breytingar á fátækralögunum, breyting á lögum um hlutafélög frá 1928, um verðtoll á vörum frá 1928, heimild fyrir ríkisstj. til að setja á stofn hvalveiðistöðvar, sem þó kannske gæti kallazt þjóðnýtingarmál. Þá get ég talið forkaupsréttinn, breytingar á kosningalöggjöfinni, sem stj. samþ. að vísu á þinginu 1929. En það undarlega var, að sömu ákvæðin voru felld 1928, af því að þá voru það jafnaðarmenn, sem báru þau fram. Næst get ég nefnt frv. um stofnun nýbýla. Það hefir oft verið fellt fyrir okkur, og er það þó eitt af því nauðsynlegasta, sem þarf að gera í búnaðarmálum. Allir framsóknarmenn voru á móti frv. um að banna næturvinnu við uppskipun o. fl. Þó er þetta ekki annað en allir sjá, að verkamannafélögin geta sjálf gert með samþykktum. Hinsvegar hefði verið miklu eðlilegra, að löggjöfin hefði tekið í taumana. Frá 1928 er enn á döfinni mál um verkakaupsveð, opinber reikningsskil hlutafélaga, einkasala tóbaks, forkaupsrétturinn og atvinnuleysistryggingar, — en öll felld.

Ég hefi nú talið upp fjölda mála, — sum þeirra eru afar þýðingarmikil, — sem framsóknarmenn hafa fellt fyrir okkur jafnaðarmönnum, mál, sem varða verkalýðinn miklu, en kosta ríkissjóðinn ekkert. Við jafnaðarmenn höfum þess vegna sannarlega ástæðu til að finna að við hæstv. stj. En ég verð þó að segja, að við höfum veitt stj. stuðning til að koma fram mjög merkum landbúnaðarmálum. Ég er ekki að telja það eftir; við höfum gert það, af því að við höfum álitið þau vera til gagns, þó að teflt væri á fremsta hlunn með fjárframlög til landbúnaðarins. Hæstv. ráðh. veit, að lög um Búnaðarbankann, sem bændur vænta sér svo mikils af, eru aðeins komin fram fyrir stuðning jafnaðarmanna, því að Íhaldið var alltaf tilbúið að fella þau. Hæstv. ráðh. var að hæla sér af því, að hann gæti nefnt hvert stórmálið á fætur öðru, sem hann hefði stutt fyrir okkur. Já, ég skal játa, að framsóknarmenn hafa hjálpað okkur í ýmsum merkum málum, en hinsvegar gæti stj. kannazt við sín eigin frv., í stað þess að gefa okkur þau, eins og t. d. frv. til sjómannalaga. Það er stjfrv.

Hæstv. ráðh. hélt, að við værum hræddir um, að framsóknarmenn mundu taka frá okkur atkv. við komandi landskjör. Nú, það var ekki svo ýkja mikill munur á jafnaðarmönnum og framsóknarmönnum við síðasta landskjör. Ef ég man rétt, höfðu jafnaðarmenn 3200 atkv., en framsóknarmenn 3500 atkv. Þetta gefur manni ekki mikla ástæðu til að óttast það, að verkalýður landsins fari að styðja Framsókn. Upp á síðkastið hefir andað mjög kalt frá framsóknarmönnum í garð ýmissa mála jafnaðarmanna. Ég get nefnt sem dæmi frv. um bæjarstjóra á Siglufirði. Þar þverbraut stj. sína eigin stefnu.

Hæstv. ráðh. sagði út af því, að sama vegavinnukaup ætti að vera um land allt, að hann hefði látið rannsaka kaup hjá ýmsum félögum, en það væri ákaflega misjafnt. Það veit ég, en við höfum í hyggju að koma á meira samræmi en nú er. Vegavinnukaup á að vera það sama um land allt. Það er sama vinnan, sem unnin er, undir sömu ástæðum. Þetta er líka vilji verklýðsfélaganna. Hæstv. ráðh. má ekki álykta sem svo, að af því að kaupgjaldið sé misjafnt hjá hinum ýmsu félögum, sé það að vilja verklýðsfélaganna. Hið mismunandi kaupgjald sýnir einmitt, að sumsstaðar hafa verklýðsfélögin komið fram samningum um bætt kjör við atvinnurekendur.

Þá kom hæstv. ráðh. að því að tala um viðskipti, sem báðir aðiljar hefðu hag af. Þetta er nú ekki neitt nýtt eða frumlegt, þetta er eldgamalt slagorð prangaranna; þegar þeir voru að hafa hrossakaup og sviku hvern annan sem allra mest, þá var þetta orðtakið: „að báðir hefðu hag af skiptunum“. Þetta akkorð, sem hæstv. ráðh. heldur að báðir hafi hag af, er í eðli sínu svo, að báðir hafa bölvun af. Verkið yrði undantekningarlítið svo illa unnið, að skaði ríkissjóðs yrði meiri en hann kann að spara í kaupgjaldi. Vegirnir sýna, að kastað hefir verið til þeirra höndunum. Enda er það í rauninni ekki óeðlilegt, þegar ákveðið er, að svo og svo

mikið skuli borga fyrir fermetrann, en eftirlitið venjulega illt. Einhver hvíslaði því að hæstv. ráðh., að vegavinnumenn í Borgarfirði hefðu haft upp undir 30 krónur á dag í ákvæðisvinnu. Þetta getur satt verið. En þó að fáeinir menn hafi haft þetta einhvern einstakan dag, er ekki þar með sagt, að þeir hafi haft gott kaup um sumarið yfirleitt. Það geta komið fyrir vegarkaflar, sem er ákaflega auðvelt að vinna að. En ákvæðisvinnan er áreiðanlega ekki miðuð við þá kaflana.

Hæstv. ráðh. féllst á það, að það hefði verið illa unnið að brúnni yfir Ferjukotssíki. En þar er verkfræðingnum mest um að kenna. Vegurinn hefir margsinnis bilað, og er alveg óforsvaranlegt að hafa veginn þarna. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti ekki látið einhvern annan en Geir Zoëga rannsaka þetta mál. Á hverjum vetri eyðileggur Hvítá allt, sem Geir Zoëga hefir gert sumarið áður. Hann er nú búinn að hlaða í skarðið mörg ár. Honum finnst víst ekkert við það að athuga. Hann er orðinn svo vanur þessu og telur það heyra til embætti sínu. Og hvað kostar þetta? Við getum gert ráð fyrir 15 þús. kr. í 10 ár. Það er ekkert smáræðis fé. Hæstv. ráðh. sagðist ekki treysta sér til að taka fram fyrir hendurnar á vegamálastjóra. Mér finnst samt, að hann ætti að gera það í þessu máli.

Þá kom hæstv. ráðh. að vatnsveitunni á Hvammstanga og kvaðst ekki vita, hvort verkið hefði verið framkvæmt eða ekki. En hæstv. ráðh. skopaðist að því, að ég skyldi ekki vera fróðari en hann. Það er nú ekki eðlilegt, að ég sé það, en ég hefi grun um, að verkið sé óunnið: verkfræðingurinn hafi vanrækt rannsóknina, og hæstv. ráðh. ekki ýtt á eftir. Heldur hæstv. ráðh. ekki, að hann hefði séð betur um þetta, ef það hefði verið hv. þm. V.-Húnv., sem hefði flutt þál. um vatnsveitu á Hvammstanga? Ég vænti þess fastlega, að hæstv. stj. láti nú gera þetta í sumar og vonast til að heyra skýlausa yfirlýsing frá hæstv. ráðh. í þá átt.

Hæstv. ráðh. minntist á lóðarkaupin til handa landssímanum og sagði, að lóðin væri helmingi stærri en sú, sem hefði átt að kaupa 1925. Ég sagði það líka. En hún er á verri stað og í alla staði óhentugra fyrir almenning að hafa símann þarna. — Hæstv. ráðh. játaði, að afgreiðsla á miðstöð væri léleg, þar sem stúlkurnar væru of fáar. En mér þótti leitt að heyra, að hæstv. ráðh. vildi ekkert úr þessu bæta. Ég álít sjálfsagt að bæta við stúlkum, þó að það fyrirkomulag, sem nú er, standi ekki lengur en eitt ár.

Ég get þá snúið mér að hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. misskildi mig algerlega. Ég var ekki að spyrja um, hvernig háttaði veðdeildarflokkum Landsbankans. Ég vissi, að 8. flokkurinn er búinn. En ég spurði, hvað liði þeirri lántöku, sem stj. er heimiluð til veðdeildarflokkanna. Hvenær verður það lán tekið?

Hæstv. fjmrh. minntist dálítið á vegavinnuna og hélt, að það væri af ókunnugleika hjá mér, að ég væri á móti ákvæðisvinnu. Ráðh. sagði nefnilega, að verkamenn sæktust eftir ákvæðisvinnu. Já, það gera þeir, af því tímakaupið er svo lágt. Og þó að kaupið sé pínt niður við ákvæðisvinnu, eins og gert er, neyðast þeir til að taka hana, þó að strangari sé, ef kaupið með meiri vinnu verður eitthvað hærra en fyrir tímavinnu. Af tvennu illu kjósa þeir ákvæðisvinnuna.

Þá kem ég að hæstv. dómsmrh. Hann lýsti fagurlega áhuga sínum fyrir spítölum. Hann ætti þá að vinna með meiri áhuga en hann gerir að því að koma landsspítalanum áleiðis, sem stj. hefir heimild til þess að ljúka við, í stað þess að vinna að framkvæmdum, sem stj. hefir enga heimild til að vinna að. Hvað líður landsspítalamálinu hjá hæstv. ráðh.? Það var það, sem ég spurði um, en ekki um hinn almenna áhuga ráðh. fyrir spítölum.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 4. landsk. gerði nú frekari grein fyrir eldamennsku sinni og aðfinnslum í garð stj. Og nú tók hann sér fyrir hendur með tilvitnunum í þingtíðindin að benda á, hvaða stórmál það væru frá jafnaðarmönnum, sem landsstj. hefði sýnt ósanngirni og fjandskap. Og voru það 12 stórmál, sem hann nefndi. Ég mun gera nokkrar athugasemdir við þau hvert fyrir sig.

1. Einkasala á tóbaki. Það mál hefir nú verið í mþn. í skattamálum, og hafa fulltrúar Framsóknarfl. og jafnaðar-

manna í n. flutt frv. um það, sem nú er á leiðinni gegnum þingið. Þetta er ekkert stefnumál, aðeins ákveðin aðferð til þess að afla ríkissjóði tekna.

2. Einkasala á lyfjum. Einn af læknum landsins hefir skrifað um það mál myndarlega grein. Og liggur nú fyrir, hvort það eigi að skipulagsbinda lyfjaverzlunina eins og þessi læknir heldur fram og eftir hans bendingum. Mér er ekki ljóst, hvern fjandskap stj. hefir sýnt þessu máli.

3. Veðlánasjóður sjómanna. Þetta mál er nú verið að leysa í Nd. með atbeina allra flokka, og vona ég, að eins verði gert í þessari d. Á þessu þingi hafa verið afgr. lög um Útvegsbanka Íslands og þar hefir verið búið um Fiskiveiðasjóðinn á þann hátt, sem jafnaðarmenn í Nd. voru ánægðir með.

4. Fátækraflutningur. Það mál veldur engum ágreiningi á milli flokka, og stendur ekki á Framsóknarflokknum að kippa því í lag.

5. Forkaupsréttur kaupstaða og kauptúna að hafnarmannvirkjum o. fl. — Frv. um það mál var samþ. á síðasta þingi í þessari hv. þd. Annars held ég, að það sé ekkert stórmál, og gerir því ekki mikið til, þó að það dragist um stund. Ég hefi ekki kynnt mér það sérstaklega. En komi fyrir einhver sérstök tilfelli, þar sem nauðsyn væri að ná hafnarmannvirkjum undir opinber yfirráð, þá er enginn vafi á, að það fæst samþ. heimild fyrir því á Alþingi.

6. Rýmkun kosningarréttarins. — Frv. um það mál var flutt af ríkisstj. á síðasta Alþingi og gert að lögum.

7. Útlánadeild fyrir smábýli, sem hv. 4. landsk. flutti frv. um. Hann undraðist það, að Framsóknarflokkurinn skyldi ekki fylgja því. Við í Framsóknarflokknum litum svo á, að við hefðum fagmenn í búvísindum, eigi síðri en hv. 4. landsk., til þess að undirbúa það mál og semja frv. um það. Og þetta er ekkert flokksmál. En ég vil minna hv. 4. landsk. á það, að þegar hann ber þetta fram sem þingfulltrúi jafnaðarmanna, þá er hann í andstöðu við flokksbróður sinn í Nd., hv. þm. Ísaf. Sá hv. þm. flutti langa ræðu um það í Nd. og réðist á Framsóknarflokkinn fyrir starfsemi hans að fjölgun smábýla og taldi það ranga stefnu og gagnstæða þeirri þróun, sem nú væri að ryðja sér til rúms. Hv. þm. hélt því fram, að það ætti að reisa stórbýli — nokkurskonar herragarða — og þjóðnýta þau. Hv. 4. landsk. hlýtur því að hafa flutt þetta frv. sitt í óþökk við flokksbróður sinn, hv. þm. Ísaf. En hvor þeirra hefir meira fylgi í Alþýðuflokknum fyrir sinni skoðun í þessu efni, er mér ekki kunnugt. Hinsvegar er ég sammála hv. 4. landsk. um, að sjálfsagt sé að fjölga sjálfstæðum býlum. Þó að stefna hv. þm. Ísaf. í býlamálinu kunni að eiga vel við í stærri og frjósamari löndum, þar sem iðnaður er rekinn samhliða landbúnaði, þá á þetta ekki við íslenzkan landbúnað. Og flokksbræður hv. þm. í Danmörku eru mótfallnir hans hugmyndum. Þeir hafa bútað herragarðana niður í smábýli.

8. Bann gegn næturvinnu. Það sýnist nú vera að koma í ljós, að óþarfi sé að tefja þingið með því að setja lög um það mál, því að í Hafnarfirði og Rvík mun vera komið á samkomulag milli hlutaðeigenda um að framkvæma þetta.

9. Reikningsskil hlutafélaga. Um það mál er nú á leiðinni myndarleg löggjöf.

10. Atvinnuleysis- og alþýðutryggingar. Tryggingamálin liggja nú yfirleitt fyrir til undirbúnings. Stj. gat ekki fengið sérfróðan mann til þess að vinna að því fyrr en síðastliðið haust. Nú er hann að undirbúa þessa löggjöf á sviði tryggingarmálanna, en það er mjög vandasamt í þjóðfélagi, þar sem enginn grundvöllur er áður í þessum efnum. Og svo segir hv. 4. landsk., að stj. og flokkur hennar hafi lagzt fast á móti þessum málum. En ég hefi nú sýnt ljóslega fram á, að sumpart er búið að afgreiða þessi mál í lagaformi eða undirbúa þau til þess, en sumpart eru þau svo smávægileg, að það sýnist ekki vera mikið, sem hv. 4. landsk. hefir um að sakast fyrir hönd síns flokks. Hv. 4. landsk. sagði, að jafnaðarmenn hefðu stutt mörg landbúnaðarmál, og skal ég viðurkenna það fullkomlega, hvar sem er. Ég er þeim þakklátur fyrir þann stuðning, sem þeir hafa veitt til þess að koma fram ýmsum landbúnaðarmálum, sem hefðu strandað að öðrum kosti, ef stuðnings þeirra hefði ekki notið við.

Þess vegna er samvinna á milli framsóknar- og jafnaðarmanna um að styðja hvorir aðra til að hrinda fram málum, að hvorugir hafa nægilegan liðstyrk til þess út af fyrir sig. Framsóknarflokkurinn hefir stutt þá til þess að koma fram mannréttindamálum o. fl. — Auk þess hefir Framsóknarflokkurinn stutt ýms stórmál fyrir sjómenn og kaupstaðabúa.

Síðast nefndi hv. 4. landsk. afarþýðingarmikið mál sem dæmi þess, hvað fjandskapur Framsóknarflokksins væri ríkjandi gegn kröfum jafnaðarmanna, þegar hann felldi hér í hv. þd. frv. um bæjarstjóra á Siglufirði. Í þessum kaupstað er sérstakur lögreglustjóri skipaður af ríkinu, sem hefir haft á hendi framkvæmd bæjarmála og búið vel að bæjarfélaginu. Þar er og nýlega búið, af ríkisins hálfu, að reisa stofnun eða fyrirtæki fyrir á 2. millj. kr. til hagsbóta fyrir bæjarfélagið. — Annað eins smáræði og þetta bæjarstjóramál á Siglufirði sýnir bezt, hvað lítilfjörlegt það er, sem jafnaðarmenn hafa til þess að ásaka stj. og Framsóknarflokkinn fyrir gagnvart sér og sínum málum.

Ég álít, að þessi síðari ræða hv. 4. landsk. hafi sýnt það fremur en sú fyrri, hvað hin sterku orð hv. þm. eiga við lítilfjörleg rök að styðjast.

Þá kem ég að einstökum atriðum í ræðu hv. 4. landsk. Hann vék aftur að hinum sorglegu mistökum á vegagerðinni yfir Ferjukotssíkið. Það verður aldrei of mikið gert úr þeirri sorgarsögu, og þyrfti vitanlega að gera varanlega bót á því fyrirtæki. Hv. þm. vildi skora á stj. að breyta til um vegarstæðið yfir síkið. Við erum nú sennilega álíka fróðir um vegamálin, og ég held, að ef hann væri ráðh., þá myndi hann hugsa sig tvisvar um áður en hann ákvæði að byggja veginn upp á nýjum stað með geysilegum kostnaði, og án þess að vita fyrirfram, hvort það bæri betri árangur. Á þessum gamla vegi er þó ný brú o. fl., sem eftir stendur, og miklu fé hefir verið kostað til. Ég treysti mér ekki til þess að gefa út fyrirskipun um að varpa þessu burtu og leggja í veg á öðrum stað. Ég hefi talað við ýmsa verkfróða menn um þetta, og þeir hafa ekki ráðlagt að yfirgefa gamla vegarstæðið; ef það yrði gert, þá myndi hinn nýi stofnkostnaður verða svo stórkostlega mikill. Ef nú hefði verið mögulegt að taka byrjunarákvörðun um vegalagninguna, þá hefði ég ekki tekið þessa ákvörðun, og ef við hefðum fyrir yfirnáttúrlega opinberun getað fengið að vita fyrir fram, hvernig vegarstæðið myndi reynast.

Þá minntist hv. 4. landsk. á vatnsveituna á Hvammstanga. Ég hefi ekki náð í vegamálastjóra í síma síðan hv. þm. flutti fyrri ræðu sína. En það mun vera líkt háttað um þekkingu okkar hv. 4. landsk. á þessu stóra máli. En ég hefi þó fengið þær upplýsingar frá kunnugum manni, að á næstkomandi sumri á að mæla fyrir vegi á vestanverðu Vatnsnesi, og þá getur sá maður, sem það gerir, einnig mælt fyrir vatnsveitunni á Hvammstanga. Ég vil skjóta því hér inn í, að það mun engin kvörtun hafa komið frá Hvammstanga, hvorki til mín eða hv. þm., út af því, að þessi framkvæmd hefir dregizt, annars hefði hv. þm. getið um það.

Þá talaði hv. þm. um ólagið á bæjarsímanum hér í Reykjavík, og þótti afgreiðslustúlkur vera of fáar. Ég hefi talað um þetta við stöðvarstjóra bæjarsímans, og fékk staðfestingu fyrir því, sem ég gat um áður, að það væri ekki hægt að fjölga stúlkum á stöðinni vegna plássleysis, og að fleiri kæmust ekki að afgreiðslu en þar eru nú. Þar er ekki rúm til að afgreiða fleiri en 2400 nr., en símapantanir eru orðnar miklu fleiri, og af því leiðir, að fleiri en einn notandi eru um mörg einstök númer. Hver stúlka þarf því að svara fleiri upphringingum fyrir hvert símanúmer, sem margir eru um. Þetta stafar ekki af sparnaði, heldur af því að fleiri stúlkur komast ekki að starfi á stöðinni. Annars vona ég, að þetta standi ekki lengi, því að nú er búið að grafa fyrir grunni nýju símastöðvarinnar, og verður unnið að henni með fullum hraða.

Jón Baldvinsson: Af því að ég á nú ekki eftir nema stutta athugasemd, þá mun ég ekki minnast á öll þau mál, sem fram hafa komið í þessum umr. og framsóknarmenn hafa drepið fyrir okkur jafnaðarmönnum. Það var sá tónn í ræðu hæstv. forsrh., að ég hefði ekki

haft undan miklu að kvarta, því að Framsóknarflokkurinn hefði verið fylgjandi öllu, sem máli skipti frá okkur jafnaðarmönnum. Mál eins og afnám fátækraflutninga, veðlánasjóður sjómanna o. fl. hafa enn ekki náð samþykki, og fjöldi annara mála, sem ég hefi áður nefnt. Sum af þeim málum, sem náð hafa samþykki Alþ. og eru orðin að lögum, eru nú í raun og veru ekki nema svipur hjá sjón, og bútuð niður og breytt frá því, sem frv. voru upphaflega, þegar þau voru fyrst fram borin of okkur jafnaðarmönnum. Má þar t. d. nefna lögin um verkamannabústaði. Fyrst flutti hæstv. forsrh. brtt. við frv., sem drógu nokkuð úr þeim framkvæmdum, sem ætlazt var til, að gerðar yrðu samkv. hinu upphaflega frv. Svo komu enn brtt. við frv. frá einum hv. framsóknarflokksmanni í Nd., sem gerðu það að verkum, að frv. var lítils virði, þegar það var afgr. út úr þinginu sem lög. En hæstv. ráðh. á þarna nokkra afsökun. Hann sat ekki á þinginu síðustu dagana vegna lasleika, og gat því ekki fylgzt eins vel með málinu.

Um undirbúning tryggingarmálanna hefir verið mjög mikil tregða hjá hæstv. stj. (Forsrh.: Það er algerlega rangt). Ég má fullyrða, að þáltill., sem flutt var á síðasta þingi um að skora á stj. að láta undirbúa almannatryggingar, var óútrædd. Það var ekki einu sinni hægt að fá framsóknarmenn til að samþ. og afgreiða þáltill. um svo stórt mál, sem hæstv. ráðh. þykist nú hafa mikinn áhuga fyrir og segir, að sé verið að rannsaka.

Skipun bæjarstjóraembættis á Siglufirði er ekkert smámál; það er beinlínis stefnumál um fyrirkomulag a stj. kaupstaðanna. Sú stefna, sem kom fram í því frv., var hin sama og í því stjfrv., sem samþ. var á síðasta þingi um stj. bæjarmálefna, en er þverbrotin á þessu þingi, með því að neita Siglfirðingum um að fá sérstakan bæjarstjóra.

Þá er það nýbýlamálið. Hæstv. forsrh. ætlaði að ná sér niðri á mér með því að beita gegn mér rökum frá hv. þm. Ísaf. Það hefði vitanlega verið slæmt fyrir mig, ef hæstv. ráðh. hefði getað beitt rökum hv. þm. gegn mér í þessu máli. En hæstv. ráðh. hefir annaðhvort tekið rangt eftir, eða ekki heyrt rök hv. þm. Ísaf., þegar hann var að ávíta stj. fyrir að vilja fjölga hinum smáu og dreifðu býlum. Það var þetta eina orð: dreifðu, sem hefir farið fram hjá hæstv. ráðh. En frv. það, sem ég flutti, var um að stofna tvö býlahverfi hér sunnanlands.

Þá sagði hæstv. ráðh., að fróðir menn í þessum efnum þyrftu ekki að sækja búvísindi til mín eða taka landbúnaðartill. mínar alvarlega. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja hæstv. ráðh., að sá maðurinn, sem mestan áhuga hefir á landbúnaðarmálum, Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, var mestur hvatamaður þess, að ég flutti þetta frv. mitt í þessu formi. Sigurður búnaðarmálastjóri trúir á, að þessi býlahverfi gefist bezt, þar sem allt landið sé ræktað sameiginlega, og þar sem búendur geti haft sameiginleg not af stærri vélum og verkfærum og samvinnu um ýmsa aðra hluti. Álítur hann, að þetta muni verða til mikils hagnaðar fyrir landbúnaðinn. Þetta brýtur ekki í bág við það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, því að hann álítur, að það þurfi að vera sem mest samvinna um búskapinn, og hún getur blessazt, hvort heldur er á stórbýlum eða í smábýlahverfum, en alls ekki á dreifðum smábýlum.

Ég sé, að ég má ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta um of, og þar sem hæstv. ráðh. eru ódauðlegir, en Íhaldið virðist hinsvegar hafa gefizt upp við að nota þennan eldhúsdag, þá verður líklega ekki lengur haldið áfram í eldhúsinu að þessu sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla ekki að nota mér ódauðleika stj. óþyrmilega gagnvart hv. 4. landsk. Ég vil aðeins mótmæla því, sem hann sagði, að stj. hefði sýnt tómleik og tregðu í tryggingarmálunum. Stj. hefir þvert á móti gert allt, sem hún hefir getað, til þess að fá mann til að undirbúa slíka löggjöf. Hér á landi hefir aðeins verið einn sérfræðingur í tryggingarmálum síðan 1928, og vitanlega hlaðinn störfum, þangað til síðastl. haust, að annar sérfræðingur bættist við. Og fyrr var ekki hægt að fá mann til þessa starfs. En nú hefir stj. ráðið hann til að beita öllum sínum starfskröftum að undirbúningi

tryggingarlöggjafarinnar, og því starfi heldur hann áfram.

Þá vildi ég ennfremur minna hv. 4. landsk. á það, að hann mun ekki hafa heyrt ræðu hv. þm. Ísaf. í Nd. (JBald: Ég hefi talað við hann). Ég hlustaði á ræðu hans og svaraði henni ítarlega. Hann fullyrti, að það væri algerlega röng stefna hjá. Framsóknarflokknum að stuðla að smábýlafjölgun. (JBald: Dreifðum). Hann talaði ekkert um hin dreifðu býli, en hélt því fram, að það væri á móti þróuninni á þessu sviði að stofna til smábýla, heldur ætti að hafa stórbýli og herragarða. Að þessu leyti er hv. 4. landsk. í beinni andstöðu við hv. þm. Ísaf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til fjvn. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 350, 436, n. 445).

Frsm. Páll Hermannsson: Fjvn. þessarar deildar hefir nú sem að undanförnu reynt að hraða störfum sínum svo, sem auðið var. Þess virtist líka þörf, þar sem 76 dagar voru liðnir frá þingsetningu þar til frv. var lagt fram hér til 1. umr. En þar sem frv. er þó komið hér til 2. umr., mætti ætla, að fjvn. hefði kastað til þess höndunum með því að hafa það ekki lengur en eina viku hjá sér. Í raun og veru hefir þó fjvn. hér haft frv. lengur til meðferðar. Stafaði það frá þeirri nýbreytni Nd. að ganga frá 3. umr. þar, að því er allar brtt. snerti, áður en eldhúsdagur var háður. Við það vannst það, að fjvn. hér fékk frv. 10 dögum fyrr og gat notað þann tíma til að athuga það og vinna að því. N. hefir því í raun og veru haft talsvert lengri tíma en í fyrra og nokkru lengri en í hitteðfyrra til athugunar á frv.

Þess má geta, að n. hefir starfað á líkan hátt og undanfarið. Hún hefir kynnt sér þær breytingar, sem eru á frv., samanborið við fjárl. nú og fjárl. fyrri ára. Þá hafa þær breytingar, er Nd. gerði á frv., verið athugaðar. Eins þau erindi og skjöl, sem til n. hafa borizt. Á þessu hefir n. svo byggt sínar till.

Þess er og vert að geta, sem öllum mun þykja eðlilegt, að n. hefir ekki verið sammála um allar brtt. sínar. Er slíks vitanlega aldrei að vænta. Hygg ég þó, að sá ágreiningur muni ekki koma svo mjög fram í umr. en vitanlega kemur hann fram við atkvgr. á sama hátt og í n. sjálfri.

Frv. það, er stj. lagði fyrir þingið, gerði ráð fyrir útgjöldum að upphæð 12157 þús. kr. Nd. skildi við frv. þannig, að útgjöldin voru 12783 þús. kr. Reikningsleg hækkun var því 626 þús. kr. En í því sambandi má þó geta þess, að af þessari hækkun eru 90 þús. kr. aðeins jafnaðarfærsla, þannig að 2 liðir, sem ekki heyra ríkissjóði til, eru teknir inn í 4. og 5. lið 5. gr., sem er Menningarsjóður, 15 þús. kr., og Þjóðleikhús, 75 þús. kr., eða samtals 90 þús. kr. Þessir liðir eru færðir til útgjalda á 48. og 49. lið 15. gr., þar sem þeir eiga að vera. Sú raunverulega hækkun er því 536 þús. kr.

Af þessum 536 þús. kr. eru 100 þús. kr. leiðréttingar á frv. stj., sem ýmist hefir gleymzt eða hækkað síðan stj. samdi frv. sitt, vegna nýrra upplýsinga. Má því í raun og veru segja, að sú raunverulega hækkun Nd. nemi rúmum 400 þús. kr.

Þegar nú á það er litið, að þessi mikla hækkun varð á fjárl. í Nd., þá má vitanlega búast við, að hér komi einnig fram till. til hækkunar. Allir þm. hafa einhverjar óskir um góðar og gagnlegar framkvæmdir. Og þar sem hér er ⅓ þm., þá má gera ráð fyrir, að þær komi fram eins hér og í Nd. En þegar hinsvegar er litið á það, að útgjöld fjárlagafrv., eins og það er nú, eru 870 þús. kr. hærri en áætlun gildandi fjárl., þá er einnig eðlilegt, að nauðsynlegt þyki að draga úr þessum útgjöldum. Rétt er þó að geta þess, að þótt frv. bendi til hærri útgjalda en á yfirstandandi ári, þá stafar það að nokkru frá réttari áætlun en er í fjárl. 1930. Ég vil sem dæmi nefna 9. lið 11. gr., landhelgisgæzluna. Hún er í gildandi fjárl. áætluð úr ríkissjóði 200 þús. kr. En í frv. er áætlað 300 þús. kr. Ætti það að vera nær hinu rétta. Sama er að segja um 1. lið 17. gr., berklavarnastyrkinn. Nú er hann 600 þús., en í frv. 800

þús. áætlaður. Enda þótt sá liður fari árlega hækkandi, þá ætti hann þó að fara minna fram úr áætlun en áður. N. hefir í áliti sínu sundurliðað þá útgjaldahækkun, sem varð á frv. í Nd. Kemur þá í ljós, að mest hefir hækkað á 4 liðum, og þá mest á liðnum til samgöngumála, s. s. vita, hafna, flugferða o. fl., 200 þús. kr.; þá um 75 þús. kr. til verklegra framkvæmda og 70 þús. kr. til skóla. Loks hafa persónustyrkir numið 45 þús. kr. N. þótti sárt að minnka liði til verklegra framkvæmda. Vill hún tæplega gera það nema í hinni brýnustu þörf, og þá til þess að fá nauðsynlegan jöfnuð á tekjur og gjöld ríkisins. Hefir hún því tekið þann kost að lækka persónustyrki og styrki til einstakra félaga, og þá einkum þeirra, sem ekki hafa undirbúið starfsemi sína eða gefið þá raun, að n. telji, að rétt sé að halda áfram að styrkja þau.

Ég geri nú ráð fyrir því, að hv. þm. þyki þessi inngangur orðinn nægilega langur. Vík ég þá að brtt. n. í sömu röð og þær standa á þskj. 436. En fljótt verð ég þó að fara yfir sögu, þar sem brtt. eru 50, en d. er þegar orðin fáskipuð.

1. brtt. er við 11. gr. Er það, að liðurinn til endurskoðunar skipamælinga falli niður. Þetta er aðeins tilfærsla og upphæðin sett á 22. lið 16. gr., sem er um eftirlit skipa og báta. Fer betur á því, að þessir liðir, sem eru sömu tegundar, standi saman.

Við 12. gr. eru 3 brtt. Sú fyrsta er, að 8. liður 12. gr. falli niður. Í þessari gr. eru nokkrir sérfræðilæknar, sem njóta styrks með því skilyrði, að þeir kenni við læknadeild háskólans og veiti auk þess fátæku fólki læknishjálp á ákveðnum tímum. Eina undantekningin frá þessu er Jón Kristjánsson nuddlæknir. Er honum ekki gerð að skyldu nein kennsla og er svo að sjá, að læknadeild háskólans telji þess ekki þörf. Hinsvegar lítur n. svo á, af sínu leikmannsviti, að slík læknishjálp sem þessi komi almenningi að litlum notum, þótt ókeypis sé veitt 4 sinnum í mánuði, og leggur því til, að styrkurinn sé felldur niður.

Þá er einnig 3. og 4. brtt. n. á þskj. 436, við 12. gr., 16 o og 16 p. Hið fyrra er 1000 kr. sjúkrastyrkur til Unnar Vilhjálmdóttur, en hið síðara 2 þús. kr. sjúkrastyrkur til Lúðvígs Guðmundssonar, til þess að leita sér lækninga erlendis. N. var sammála um það, að litlar líkur væru til, að þingið gæti úthlutað sérstökum sjúkrastyrkjum þannig, að réttlátt yrði. Það er langt frá, að n. hafi þá skoðun, að ekki kunni að vera til margir menn í landinu, sem þurfi á slíkum styrk að halda. En hún álítur í fyrsta lagi tilviljun, hverjir sæki um slíkan styrk, og í öðru lagi líka tilviljun, hverjir umsækjendur kæmu til greina hjá þinginu. Því vill n. leggja til, að þingið leiði hjá sér að veita slíka styrki.

Í raun og veru er það sama að segja um marga aðra persónulega styrki. Af þessum ástæðum leggur n. til, að ýmsir slíkir styrkir falli niður, án þess þó að leggja dóm á þessi sérstöku tilfelli að öðru leyti.

Við 13. gr. er aðeins ein brtt., um það, að stafliður F verði stafliður D, og er það gert til samræmis. N. þótti fara betur á því, að vitamálin væru látin fylgja öðrum þeim liðum, sem heyra til samgangna á sjó.

Þá er ég kominn að 14. gr. 6. brtt. er, að liðurinn A. b. 7 falli niður. Það er 3000 kr. fjárveiting, fyrsta af þremur, til þess að reisa kirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, sem helguð sé nafni og minningu Hallgríms Péturssonar. Ráð er fyrir því gert, að þessi bygging kosti 45 þús. kr. Nú er til samskotafé, að upphæð 16834 kr., sjálf Saurbæjarkirkja á 1245 kr., loforð frá Saurbæjarsöfnuði er fyrir um 5000 kr. til byggingarinnar. Þetta er til samans 23079 kr., eða rétt um helmingur af áætluðum byggingarkostnaði. N. þótti þetta fé, sem fyrir hendi er, of lítið til þess að ráðast þegar í verkið, en gert var ráð fyrir að hefjast þegar handa á næsta ári. Vill n. láta meira fé safnast fyrst. En enginn skyldi líta svo á, að n. ekki fullkomlega viðurkenni það, að skylt væri það þjóðinni að halda í heiðri nafni og minningu Hallgríms Péturssonar.

7. brtt. er við I. d., að niður falli 1000 kr. fjárveiting til kennslu í söng við háskólann. Þetta er tiltölulega nýr liður, er ætlaður er sérstaklega til kennslu í tóni. Meiri hl. n. kom saman um það, að komast mætti hjá þessari kennslu, og prestar hefðu tónað vel áður en þessi kennsla

kom til, og leggur því til, að liðurinn falli niður.

Þá er 8. till. við I. i. Það er rekstrarstyrkur til rannsóknarstofunnar. Lagt er til, að reksturskostnaður verði 6000 kr. í stað 2500, en þar falli niður sérstök borgun, sem dósentinum er ætlað fyrir forstöðu stofunnar, að upphæð 5000 kr. Höfuðástæðan er sú, að n. þykir líklegt, að sameina megi forstöðu rannsóknarstofu háskólans við forstöðu rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna, sem á sínum tíma á að stofna samkv. lögum frá þinginu í fyrra. Það komu reyndar fram raddir í n., að þessi liður, sem ætlaður er til forstöðumannsins, 5000 kr., væri fullhár, sérstaklega þegar litið er á það, að einmitt með lögum frá þessu þingi eru bætt talsvert launakjör dósenta við háskólann, og þegar litið er líka á það, að þarna er um að ræða algert aukastarf. En það, sem mestu réð um þetta, var það, að n. þjóst við að sameinuð yrði forstaða þessara tveggja stofnana, og gæti þá svo farið, að hennar dómi, að Niels Dungal yrði valinn fyrir starfið.

Ég hefi þá einnig gert grein fyrir 9. brtt., um að fella niður fjárveitingu til Níels Dungals.

Þá er 10. brtt., við 14. gr. B. II. c., um að niður falli 1200 kr. styrkur til Jens Jóhannessonar. Mér þykir rétt í þessu sambandi að minnast á námsstyrki yfirleitt, sérstaklega til náms erlendis. Nú er það svo, að í fjárl. og í fjárlagafrv. eru ætlaðar 24 þús. kr. til styrktar ísl. stúdentum við erlenda háskóla. Auk þess eru nú í fjárlagafrv. ætlaðar 12 þús. kr., sem menntamálaráðuneytið úthlutar til námsstyrkja erlendis. Þarna er því um að ræða 36 þús. til styrktar námsmönnum í öðrum löndum. Ég held ég megi segja, að það hafi verið álit n. að æskja, að þingið yrði algerlega laust við að úthluta svona styrkjum. Það var líka ætlazt til þess af þinginu í heild, þegar það gekk inn á þá braut að hafa ákveðna upphæð handa menntamálaráðinu til úthlutunar, að niður félli algerlega styrkveiting þings til íslenzkra námsmanna erlendis. Það hljóta allir að sjá, hvaða vandkvæði eru á því að úthluta þesskonar styrkjum réttlátlega. Til þingsins berast margar umsóknir, og þingið getur ekki haft aðstöðu til að gera sér ljósa grein fyrir réttmæti þeirra yfirleitt. Og svo er það einu sinni þannig, þegar um persónulega styrki er að ræða, að þm. standa misjafnlega vel að vígi að taka ákvörðun um þá. Kunningsskaparbönd koma þar til greina. Mönnum er annara um þá, sem þeir þekkja, — og þekkja að góðu, — heldur en hina, sem þeir ekkert þekkja. Af þessu leiðir, að þm. geta tæplega orðið algerlega réttlátir í sínum ákvörðunum.

Líka má benda á það, hvaða ógurlegur tími fer í það að ræða um þessa styrki og prenta síðan allar þær ræður. Það er víst, að þinginu yrði heppilegra að láta eina upphæð og fela öðrum að úthluta, heldur en margar smáar með ýmsum aukakostnaði utan um. Vitanlegt er það þó, að styrkumsóknir hafa nokkurn eðlismun, og í n. líta sumir svo á, að það væru stúdentarnir, sem búið væri að sjá vel fyrir, þar sem 24 þús. kr. fjárveitingin er eingöngu ætluð þeim og 12 þús. kr. liðurinn, sem menntamálaráðið úthlutar, lendir einnig að mestu hjá stúdentum.

En út frá þessum almennu ástæðum leggur n. til, að niður falli fimm persónustyrkir af 14. gr.: Til Jens Jóhannessonar, Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði í Þýzkalandi, 1 þús. kr., til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við að byggja hús úr steinsteypu, 1 þús. kr., til Unnar Jónsdóttur, til að fullnuma sig í íþróttakennslu erlendis, 1500 kr., og til Helga Tryggvasonar, til þess að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál, 1500 kr.

Ég get þó getið þess, að í sambandi við þennan síðasta lið heyrðust raddir um það, að það væri dálítið óviðkunnanlegt að taka hann út, af því að hann væri borinn fram af forseta Sþ., og það er álit forsetans, að þetta sé í raun og veru gert fyrir þingið að því er hraðritunarkennsluna snertir. En meiri hl. n. varð þó með að fella þennan lið niður, og ætla ég, að a. m. k. sumir hafi gert það til samræmis við annað.

Þá er við 14. gr. IX. a. till. um, að liðurinn til Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, til skólahalds, hækki úr 6000 kr. upp í 7500 kr. Iðnaðarmannafélagið sótti um 3

þús. kr. styrk til framhaldskennslu, einkum fyrir þá, sem ættu að verða húsameistarar. N. viðurkenndi fullkomlega þörfina á þessu framhaldsnámi, þó að hún yrði ekki að öllu við umsókninni, en leggur til, að aftan við liðinn bætist: Þar af til framhaldskennslu 1500 kr.

Þá er við B. XIV. nýr liður, 9000 kr. til vatnsveitu við Eiðaskóla. Lá fyrir n. umsókn og upplýsingar með kostnaðaráætlun. Þarna hagar svo til, að þetta fjölmenna skólaheimili hefir undanfarin ár alltaf orðið að notast við lélegan brunn, og dæluútbúnaður við hann var oft í ólagi, enda hæpið, að nokkru sinni verði með dælu nægilega mikið vatn dregið að svo fjölmennum heimilum. Hinsvegar er aðstaða til vatnsleiðslu erfið. Þarf að leiða vatnið 1¼ km., og hallinn er lítill, svo að pípur þurfa að vera víðar. En n. lítur svo á, að hér sé um fyllsta nauðsynjamál að ræða, og leggur því til að veita 9 þús. kr. í þessu skyni.

Einnig lá fyrir n. umsókn frá Laugaskóla um 12 þús. kr. fjárveitingu til þess að reisa leikfimishús við þann skóla, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, eins og tíðkast um þessa skóla. N. varð að fallast á, að slíkum skóla, sem í eru um 90 nemendur, væri nauðsynlegt að eiga leikfimihús, og leggur því til, að 10 þús. kr. verði varið til þessa.

Þá eru einnig hér í 14. gr. tveir skyldir liðir, til íþróttakennslu og til Íþróttasambands Íslands. Til íþróttakennslu hafa undanfarið verið ætlaðar 4 þús. kr. En á síðasta ári mun þessi liður ekki hafa verið notaður, ekki fyllilega a. m. k. N. þótti því alveg óhætt að lækka hann um 1000 kr. Liðurinn til Í. S. Í. var hækkaður mikið í fyrra, með alveg sérstöku tilliti til Alþingishátíðarinnar. Þykir n. óþarfi að hafa þennan lið jafnháan framvegis, og leggur því til að færa hann úr 6 þús. kr. niður í 4 þús. kr.

Þá er ég kominn að 15. gr. 23. brtt. er við 30. lið gr., um það, að niður falli 1000 kr. fjárveiting til Karlakórs Reykjavíkur, til að afla sér kennslu í söng. N. þótti ekki rétt að veita slíkan styrk einstöku söngfélagi. Þau eru mörg, söngfélögin á landinu, sem gætu eins vel átt tilkall til sama styrks, og því leggur n. þetta til.

Þá er 25. brtt., við 32. lið, um það að taka upp 2 þús. kr. styrk til Guðmundar Kambans, til ritstarfa, burt af 18. gr. og færa í 15. gr. N. þykir þessi maður nokkuð ungur til þess að vera settur í 18. gr. Það hefir jafnan verið litið svo á, að þar skyldu ekki aðrir vera en þeir, sem þingið hefir beint hugsað sér að hafa þar áfram.

Þá er 26. brtt., við 39. lið. Er þar 2 þús. kr. ritstyrkur til þess að rita bók um eðliseinkenni Íslendinga. Aftan við liðinn bætist: Lokagreiðsla. Þessi liður kemur fyrst inn í fjárl. fyrir 1927. Þegar næsta fjárhagstímabil er útrunnið, er styrkur þessi búinn að standa fimm ár og búið að greiða 10 þús. kr. fyrir þetta væntanlega rit. Nú veit n. ekki til, að það hafi enn sem komið er neitt verulegt birzt frá höfundi þessum um þetta efni. Vill því n., eins og til að benda á þetta, láta þessa aths. fylgja. Náttúrlega gæti komið upp næst, að það þætti þess vert að halda styrkveitingu áfram. En n. þykir rétt, að því sé veitt eftirtekt, að fyrir svona framlag komi líka eitthvert verk.

Er þá til að taka um 16. gr. 27. brtt. n. gerir ráð fyrir, að 18. liður 16. gr., landmælingar, hækki um 10 þús. kr. Þetta er aðeins einskonar leiðrétting. Það hefir komið í ljós, að verkið muni kosta þetta, og þá þýðir ekki annað en áætla til þess rétt. Um hitt mætti máske frekar deila, hvort verkið eigi að framkvæma, en n. lítur svo á, að það sé sjálfsagt.

28. brtt. gerir ráð fyrir, að 20. liður 16. gr., 90 þús. kr. styrkur til Fiskifélagsins, lækki um 10 þús. kr. N. varð þess vör, að Fiskifélagið hefir fyrst og fremst yfir talsvert miklu fé að ráða. Það á allstóran sjóð, en auk þess hefir það nokkru meiri tekjur heldur en það hefir gert ráð fyrir í sinni áætlun, og það er aðalatriðið. Auk þessa hefir það komið í ljós, að þetta félag leggur fé í fyrirtæki, sem að vísu eru góð í sjálfu sér, en ríkið sjálft styrkir með beinum fjárframlögum. Sem dæmi þessa mætti nefna, að Fiskifélagið hefir veitt Slysavarnafélagi Ísland 6000 kr. styrk, og hefir þó þetta félag notið opinbers styrks. Má að vísu ef til vill færa nokkrar ásiæður fyrir því, að þetta sé eðlilegt, þar sem hér er um að ræða félag, sem enn er í bernsku, en auk þessa hefir Fiskifélagið varið nokkru af því fé, sem ríkið leggur því til, til styrktar fyr-

irtækjum, sem beint heyrir undir Alþingi að styrkja, ef þau á annað borð eru styrkt, t. d. 2000 kr. til bryggjugerðar á Akranesi, 3897 kr. til bryggjugerðar í Þorlákshöfn, til brimbrjótsins í Bolungarvík 5000 kr. og til sjóvarnargarðs á Skálum á Langanesi 5000 kr. N. lítur svo á, að úr því þetta félag veitir þannig styrk til fyrirtækja af því fé, sem það nýtur úr ríkissjóði, geti það komizt af með minni styrk, og leggur því til, að styrkur þess verði færður úr 90 þús. kr. niður í 80 þús. kr.

Þá kem ég að 29. brtt. n., við 16. gr. 22. Í frv. er gert ráð fyrir 8000 kr. til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra. Lágu fyrir upplýsingar um, að þetta væri of lítið, og leggur n. því til, að skipaskoðunarstjóra verði veitt 6800 kr. laun og auk þess 5000 kr. til skrifstofukostnaðar. Er um að ræða hækkun á þeim lið, en undir þennan skrifstofukostnað fellur 1. brtt. n. á sama þskj., sem er við 11. gr. A. 8., og ræðir um, að sá liður, 1000 kr., falli niður.

Þá leggur n. til, að styrkurinn til Mjallar verði felldur niður. Hefir þetta fyrirtæki lengi notið opinbers styrks, og verður þó að telja, að starfsemi þess sé mjög vafasöm hvað árangurinn snertir. Félagi þessu virðist ganga illa, og hefir það þó notið allmikils opinbers styrks, eða sem svarar 3—4 aurum á hvern lítra mjólkur, og þegar litið er til þess, hvað bændur fyrir austan heiði fá lítið fyrir mjólk sína, þá er þeir selja til Mjólkurbús Flóamanna, sem er 18 aurar, þá sést, hve styrkur þessi til Mjallar er mikill. Ef þörf er á að styrkja þetta fyrirtæki svo mjög, er hæpið að slík vöruvinnsla geti borgað sig. Er það álit n., að félagið eigi við þá staðháttu að búa, að það verði ekki rekið með núverandi skipulagi til frambúðar.

Þá kem ég að 31. brtt. n., við 16. gr. 32. Frv. gerir þar ráð fyrir 10 þús. kr. styrk til Kvenfélagasambands Íslands. Þetta samband hyggst að taka í sínar hendur yfirstjórn á starfsemi hinna ýmsu kvenfélaga úti um land og bera fram til sigurs hin ýmsu mál, er þau starfa að, svo sem heimilisiðnað, menntun kvenna o. s. frv. Nd. ætlaði þessu sambandi 10 þús. kr., en n. leit svo á, að það hefði eigi nægilega búið sig undir þá starfsemi, sem það ætlar að framkvæma, og leggur því til, að því verði veittar 2000 kr. til undirbúnings starfsemi sinni, en hinsvegar, að fjórðungssamböndunum verði veittir svipaðir styrkir sem að undanförnu, eða 450 kr. til Sambands norðlenzkra kvenna, 300 kr. til Sambands austfirzkra kvenna, 450 kr. til Sambands sunnlenzkra kvenna.

Þá er ég nú kominn að 17. gr. Er fyrst brtt. n. við þá gr. við 7. lið, þess efnis, að styrkur til slysavarna lækki um 4000 kr., úr 18 þús. kr. niður í 14 þús. kr., og jafnframt leggur n. til, að aths. sú, sem við þennan lið stendur, falli burt, en í stað hennar komi svo hljóðandi aths.: Enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina. Þessi liður komst þannig inn í fjárl., að til var ætlazt, að fjárhæð þessari væri varið til vegagerðar frá Sandgerði til Stafness. Það má segja, að þetta sé ekkert aðalatriði, því hafi það verið nauðsynlegt í fyrra, er það jafnnauðsynlegt nú, þar sem vitanlegt er, að vegurinn kemur ekki að gagni nema fullgerður sé. Meiri hl. n. lítur svo á, að hæpið sé að byggja slysavarnir á vegagerðum, heldur eigi fyrst og fremst að miða þær við skipin. Það liggur í augum uppi, að vegalagningar geta sjaldnast komið að liði við slíka björgunarstarfsemi, svo sem glögglega hefir sýnt sig í vetur, þar sem tvö skip hafa strandað þarna tiltölulega skammt frá. N. vill láta það verða einkamál Slysavarnafélagsins, hvort það lætur byggja þessa vegi eða ekki, og leggur því til, að þessi aths. falli niður, sem ég áður drap á. En til þess að sýna þessu félagi fulla sanngirni, þá leggur n. til, að ekki verði felldur niður nema helmingur þeirrar fjárhæðar, sem gert var ráð fyrir í fjárl. að gengi til þessarar vegagerðar, og að félagið ráðstafi þessu eins og því sýnist sjálfu.

Þá kemur 34. brtt. n., við 17. gr. 11., um að hækka styrkinn til Stórstúku Íslands úr 8000 kr. upp í 10000 kr. Var það samróma álit n., að sjálfsagt væri að virða hina gagnlegu starfsemi stúkunnar, sem gengur út á að vinna á móti áfengisbölinu, og með hliðsjón af því og eftir tilmælum stórtemplars, áleit n. rétt að hækka þennan lið um 2000 kr.

35. brtt. n. ætlast til þess, að fjárveitingarnar til hinna ýmsu sjúkra- og

styrktarsjóða séu bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé komi annarsstaðar frá, og að þessi félög sendi skýrslu til stj. um starfsemi sína. Fyrst ríkið er að styrkja félögin í þessu skyni, þá er ekki nema sjálfsagt, að fé sé lagt til þessarar starfsemi annarsstaðar frá, og ekki nema eðlilegt, að skýrslur séu gefnar um starfsemina, svo að hægt sé að vita, hvernig starfsemi félaganna gengur.

Þá kem ég að 36. brtt. n., við 17. gr. 20., og gengur út á það, að fella niður þær 500 kr., sem veittar eru til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur. Er þessi till. ekki sprottin af því, að n. viðurkenni ekki starfsemi þessa sjóðs, heldur er þess að gæta, að margir áþekkir styrktarsjóðir eru til víðsvegar um landið, og myndi skapað fordæmi fyrir opinberum styrk þeim til handa, ef þessi sjóður er tekinn út úr um styrkveitingu.

Þá leggur n. til, að inn í 17. gr. verði bætt 3 nýjum liðum, sem fjalla um, að veittur verði 10 þús. kr. byggingarstyrkur til Elliheimilisins hér í Reykjavík, og auk þess rekstrarstyrkir til gamalmennahælanna á Ísafirði og Seyðisfirði, 1000 kr. til hvors. Eins og þdm. er kunnugt, er verið að reisa hér í Reykjavík gamalmennahæli. Verður það allmyndarleg bygging, og mun koma til með að kosta ½ millj. kr. Það má segja, enda kom sú skoðun fram í n., að framfærsla gamalmenna væri sérmál hinna einstöku staða, en þegar um er að ræða fyrirtæki eins og Elliheimilið hér í Reykjavík, verður að gæta þess, að líkur eru fyrir að fleiri njóti góðs af en Reykvíkingar einir saman. Leggur n. því til, svo sem í viðurkenningarskyni fyrir þessa starfsemi, að veittar verði 10 þús. kr. sem styrkur upp í þann stofnkostnað, sem húsbygging þessi hefir í för með sér. Auk þess leggur n. til, eins og ég áður sagði, að veittur verði styrkur til gamalmennahæla á Ísafirði og Seyðisfirði, samtals 2000 kr. Get ég getið þess, að til þessara stofnana hefir áður verið veitt fé úr ríkissjóði, 2500 kr. til gamalmennaheimilisins á Seyðisfirði, og 2000 kr. til gamalmennaheimilisins á Ísafirði. Má segja, að með þessu sé gert upp á milli þessara stofnana, þar sem ekki eru veittar nema 10 þús. kr. til hinnar myndarlegu byggingar hér í Reykjavík, en á hitt má þó benda, að undir afkomu Reykjavíkur renna fleiri sterkar stoðir en undir afkomu Seyðisfjarðar, enda er það fyrir mestu, að sá vilji og viðleitni, sem kemur fram í þessu, njóti viðurkenningar hins opinbera. Um hitt er minna vert, þó að um lágt tillag sé að ræða.

Við 18. gr. hefir n. komið fram með ýmsar brtt. Eru þær flestar leiðréttingar, sem sjálfsagt þótti að gera, svo sem lagfæringar á tölum o. s. frv. En auk þess leggur n. til, að teknir verði upp nýir liðir í þessa grein, sem samkv. fengnum upplýsingum þótti sjálfsagt að taka upp. Vil ég þar fyrst geta þess, að n. leggur til, að styrkur til Þórðar Ólafssonar verði færður úr 555 kr. niður í 370 kr. Er þetta gert til samræmis við aðra. Þessi eini prestur er tekinn út úr, þar sem honum er ætlað meira en 1000 kr., sem er hámark þeirra eftirlauna, sem uppgjafaprestar njóta.

Næsta brtt. n. við þessa grein er um það, að veita Helga P. Hjálmarssyni 475 kr. eftirlaunastyrk. Þessi prestur hefir verið talinn efnaður, en n. komst að raun um, að hann er ekki eins efnaður og sumir prestar aðrir, sem notið hafa eftirlaunastyrks, og er hann auk þess heilsulaus og hefir fyrir heimili að sjá.

Þá kemur 40. brtt. n. á þessu þskj., sem fjallar um það, að hækka styrkinn til Guðrúnar Ólafsdóttur úr 100 kr. upp í 300 kr. Þessi prestsekkja nýtur langsamlega lægstra eftirlauna. Meiri hl. prestsekknanna hefir yfir 300 kr. í eftirlaun, nokkrar meira, en sumar minna, allt niður í 100 kr. Leggur n. því til, að þessi liður verði hækkaður um 200 kr.

Næsta brtt. n. er í 2 liðum. Fjallar fyrri liðurinn um það, að styrkurinn til Þórodds Bjarnasonar verði færður úr 1200 kr. niður í 600 kr. Þessi maður hefir verið bæjarpóstur hér í Reykjavík, og þó að n. efist ekki um, að þessi gamli maður þurfi á styrk að halda, verður að gæta þess, að póstar úti um land hafa við miklu minni eftirlaun að búa, eða 300 kr., að undanteknum einum manni, sem hefir 450 kr. í eftirlaun. Er ekkert samræmi í því, að þessi maður sé tekinn út

úr, þó hann hafi verið bæjarpóstur hér í Reykjavík, og leggur því n. til, að þessi upphæð verði lækkuð niður í 600 kr.

Síðari liður þessarar brtt. er um það, að Sigríði Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar póstafgreiðslumanns á Blönduósi, verði veittar 300 kr. í eftirlaun.

45. brtt. n. á sér þá eðlilegu skýringu, að hlutaðeigandi styrkþegi er dáinn.

46. brtt. gerir ráð fyrir, að gamalli ljósmóður, sem starfað hefir í 40 ár, en er bláfátæk, verði veittar 200 kr. í eftirlaun.

Um styrkveitinguna til Guðm. Kambans rithöfundar hefi ég áður getið, og þá fært fram ástæður n. fyrir því að flytja hann af 18. gr. í 15. gr., og tel ég mig ekki þurfa að gera það aftur.

Þá kemur till. n. um það að lækka styrkinn til Stefáns frá Hvítadal úr 2000 kr. niður í 1200 kr. Þetta er gert til samræmis. Má þar til samanburðar benda á þann styrk, sem þeir njóta af opinberu fé Jakob Thorarensen, Guðmundur Friðjónsson og Sigurjón Friðjónsson. Er að vísu einatt álitamál um slíka styrki, og verður d. að skera úr því sjálf, hvað henni sýnist réttast í þessu efni. Það skal tekið fram, að það var ekki hækkunarhugur í n. í sambandi við þessa liði, þó að n. flytji till. um 200 kr. aukinn styrk til Guðmundar Friðjónssonar. Þykir mér þó rétt að skýra frá því, að þessi till. hlaut ekki einróma samþ. n., heldur lagði hv. þm. Ak., sem er bróðir Guðmundar, á móti henni. Er þó enginn vafi á því, að hann kann að meta bróður sinn og störf hans eins vel og hver annar, en hitt mun hafa valdið afstöðu hans, að n. leitaði fremur lækkunar en hækkunar á þessum liðum. Met ég hv. þm. Ak. meira fyrir þetta samræmi. Enginn neitar því, að mikið starf liggur eftir Guðmund Friðjónsson og hann hefir leyst af hendi gott dagsverk, enda geri ég ráð fyrir, að enginn leggi á móti þessari hækkun eða telji hana eftir nú, er Guðmundur stendur á sextugu.

Ég er ekki frá því, að mér hafi sézt yfir nokkrar brtt. við 15. gr., brtt., sem aðallega fjalla um, að niður falli ýmsir rithöfunda- og utanfarastyrkir. Þessir 5 rithöfundar, sem hv. Nd. setti inn í þessa gr. fjárl., eru þeir Sigurður Skúlason, Árni Þórarinsson, Benedikt Björnsson, Margeir Jónsson og Oddur Oddsson. Að vísu er ekki um stórar fjárveitingar til þessara manna að ræða, en n. sá sér hinsvegar ekki fært að gera upp á milli þeirra; leggur hún til, að fjárveitingar til þessara manna verði felldar niður.

Þá á ég aðeins eftir 22. og 23. gr. Leggur n. til, að ábyrgðarheimildin fyrir Siglufjarðarkaupstað og sömuleiðis ábyrgðarheimildin fyrir Súðavíkurhrepp verði felldar niður. N. telur ekki rétt að veita ábyrgðarheimildir í þessu skyni, meðan ekki er komið heildarskipulag á þessi mál, eins og ætlazt er til að gert verði. Hér á þinginu hefir verið neitað um ábyrgð til raforkuveitu í Skagafirði, og álítur n. því réttast, að eitt verði látið ganga yfir öll héruð í þessu efni.

Þá hefir n. borið fram brtt. við 22. gr., þar sem ætlazt er til, að ríkissjóður ábyrgist 48 þús. kr. til húsakaupa Kvennaskólans í Reykjavík, í stað 40 þús. kr., sem ákveðnar voru í frv.

Þá eru tvær brtt. við 23. gr. Hin fyrri fer fram á, að heimilt sé að greiða Steinþóri Guðmundssyni iðgjöld hans í lífeyrissjóð. Fræðslumálastjóri hefir bent á, að ólíklegt sé, að maður þessi gangi inn í kennarastéttina aftur, og virðist n. því sanngjarnt að endurgreiða honum iðgjöldin, enda mun vera til fordæmi fyrir slíku.

Þá hefir vegamálastjóri lagt til við n., að hún flytti till. um heimild handa landsstj. til að kaupa tvær snjóbifreiðir. Hér er ein snjóbifreið fyrir, og þótti n. rétt að veita heimild til þessara kaupa, ef sú reynsla fengist af þeirri, sem fyrir er, að slíkt þætti æskilegt. Hinsvegar hefir n. ekki talið rétt að setja upphæð í þessu skyni reikningslega í fjárl. Bifreið sú, sem þegar er til, er á Hellisheiði, og verði þessar tvær keyptar í viðbót, ætlast n. til, að þær annist flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal, því að á þessum þrem leiðum virðist mest nauðsyn vera á, að vetrarferðir geti verið óhindraðar.

Ég hygg, að ég hafi þá tekið það flest fram, er máli skiptir, fyrir hönd n., og get því látið staðar numið að sinni.

Forseti (GÓ): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 454, 457 og 464. Til

þess að þær geti komið til umr. og atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir það, hve greið hún hefir verið í störfum, og þannig gert sitt til að flýta fyrir afgreiðslu fjárl.

Þegar fjárl. komu hingað frá hv. Nd., voru þau með 26 þús. kr. tekjuhalla. Það er að vísu ekki í fyrsta sinni, sem fjárl. hafa komið hingað með tekjuhalla, enda hefir það stundum orðið hlutverk þessarar hv. d. að lagfæra þann halla. Það má segja, að tekjuhalli sá, sem nú er á fjárl., sé ekki svo mikill, að hann hafi veruleg áhrif á fjárhagsútkomuna, en ég vil gera hv. fjvn. það ljóst, að tekjuhlið fjárl. er þegar orðin svo há, sem hún má vera, og eina rétta leiðin til þess að fá tekjuhallalaus fjárl. er því það, að lækka gjaldaliðina.

N. hefir tekið þann kost að gera sem minnsta röskun á fjárlagafrv. eins og það var, er það kom frá Nd. Verður því eigi sagt, að brtt. hennar valdi neinum stórfelldum breytingum, þótt samþ. yrðu. Þá er og hægt að viðurkenna þá viðleitni að fækka sem mest persónulegum styrkjum. Það má að vísu segja, að styrkir þessir séu eigi svo há upphæð, að þeir hafi mikil áhrif á fjárhag ríkisins, en hinsvegar er mjög varhugavert að fara langt inn á þá braut, því að þá er óvíst, hvar verður staðar numið. Ég býst því við að geta greitt atkvæði með flestum lækkunartill. n. Þó vil ég geta þess, að ég er í vafa um eina þeirra, hvort réttmæt sé, en hún er um að fella niður liðinn til endurskoðunar skipamælinga. Til þessa starfs þarf sérfróða menn, og hér er oft um mikið verk að ræða, því að oft þarf ýmsu að breyta í hinum upphaflegu mælingum. Hefði ég kosið, að n. hefði geymt þennan lið til 3. umr. til að afla sér nánari upplýsinga. Mætti ef til vill færa liðinn með skrifstofukostnaði við skipaskoðunarstjórn, en þó get ég ekki sagt um hvort skrifstofufé það, sem nú er veitt, myndi þá hrökkva til. Stofnun þessi er svo ný, að ekki er fengin full reynsla fyrir því, hve mikill skrifstofukostnaðurinn verður.

Af því að ég hefi ekki neitt sérstakt að athuga við aðrar brtt. n., mun ég láta hér staðar numið.

Jón Þorláksson: Ég á hér eina brtt., ásamt hv. 1. þm. G.-K., á þskj. 454 hina XV., við 17. gr., að aftan við hana bætist nýr liður: Til Sesselju Sigmundardóttur, til þess að koma upp heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn í samvinnu við barnaheimilisnefnd kirkjunnar. Þetta erindi og skjöl um það bárust svo seint hingað, að ég hygg, að fjvn. Nd. hafi alls ekki getað tekið málið til athugunar, og fjvn. Ed. kannske ekki heldur fengið það fyrr en það var orðið um seinan að setja sig inn í málið. En nú liggur það fyrir ásamt ýmsum skjölum viðvíkjandi þessu efni, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum þess.

Það er þá fyrst, að þessi stúlka, sem nefnd er í till., hefir verið þrjú ár eða lengur erlendis í ýmsum stöðum, til þess sérstaklega að kynna sér meðferð á þeim börnum, sem stundum eru kölluð vandræðabörn, en í till. eru kölluð veikluð eða vanrækt börn, í samræmi við það, sem barnaheimilisnefnd kirkjunnar nefnir þau börn. — Hún hefir ágæt meðmæli frá forstöðumönnum slíkra stofnana í Þýzkalandi, þar sem hún hefir verið til að læra þetta.

Það hafa verið meðal presta þjóðkirkjunnar hafin samtök til að beita sér fyrir þessu máli, að það yrði komið upp einhverjum stað, þar sem hægt væri að taka á móti börnum, sem nauðsynlega þurfa að komast frá heimilum sínum, ef þau þá eiga nokkur heimili, eða eru þá að öðru leyti þannig, að það þyki æskilegt að þau séu tekin í slíka stofnun. Í þessu skyni hefir nú barnaheimilisnefnd kirkjunnar, sem þeir kalla svo, keypt jörð austur í Grímsnesi, sem heitir Hverakot, og eins og sjá má af nafninu, er þar jarðhiti til að hafa ýmislegt gagn af. M. a. liggur hér fyrir skýrsla frá hr. Ásmundi Guðmundssyni, docent við háskólann, sem er framkvæmdarstjóri barnaheimilisnefndarinnar, sem ég skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp. Hún hljóðar svo:

„Það vottast hér með eftir beiðni, að barnaheimilisnefnd kirkjunnar hefir

keypt jörðina Hverakot í Grímsnesi í því skyni, að ungfrú Sesselja Sigmundsdóttir megi setja þar á stofn heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn. Gerir nefndin þetta því aðeins, að hún ber gott traust til þessarar stúlku, að hún muni rækja starf sitt af miklum áhuga og skyldurækt.

Reykjavík 3. apríl 1930.

Ásmundur Guðmundsson
framkvstj. Barnaheimilisnefndar".

En það er ákaflega margt annað, sem þarf til að kosta, en að ná kaupum á jörð og fjárveiting sú, sem hér er farið fram á. Um hana er beðið til þess að unnt sé að koma upp nauðsynlegum húsum til þess að geta komið þessari stofnun á laggirnar.

Að öðru leyti liggja hér fyrir meðmæli um nauðsyn þessarar stofnunar frá dómkirkjupresti, borgarstjóra og lögreglustjóra. Þeir mæla allir ákaflega vel með þessu, og ég skal aðeins lesa upp úr ummælum lögreglustjóra. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það þarf vitanlega ekki að eyða orðum um það, hvílík bráð nauðsyn okkur er á því að eignast slíkt hæli, sem ungfrúin hefir í huga að koma upp.

Ég hika því ekki við að mæla mjög eindregið með því, að ungfrúnni verði veittur umræddur styrkur og teldi góðu máli gerður mikill ógreiði, ef henni verður ekki veitt þessi aðstoð til að koma málefninu í framkvæmd".

Eins og hljóðbært er, þá hefir lögreglustjórinn í Reykjavík öðru hvoru, og m. a. nú nýlega, haft tækifæri til að kynnast því, hver nauðsyn það getur verið að koma einstökum börnum fyrir á heimilum, þar sem þau fá sérlega umönnun.

Borgarstjórinn í Reykjavík getur þess, að bæjarstjórn hafi haft mál þetta til meðferðar, þ. e. a. s. um ráðstöfun á vandræðabörnum héðan úr bænum, sérstaklega þeim, sem eru á fátækraframfæri, og að sú n. hafi beint málinu á þá braut, að lögreglustjóri hefir leitað samkomulags við barnahælisnefnd kirkjunnar um veru fyrir þau börn í sveit.

Ennfremur eru ummæli í bréfi borgarstjóra um það, að þessari ungfrú verði gert kleift að koma upp slíku heimili. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„.... Var rætt um ráðstafanir viðvíkjandi vandræðabörnum hér í bænum, sérstaklega þeirra, sem á fátækraframfæri eru. Áleit n. rétt, að lögreglustjórinn leiti samvinnu við barnaheimilisnefnd kirkjunnar um verustaði handa slíkum börnum í sveit.

Nú hefir það gerzt, að barnaheimilisnefndin hefir keypt jörðina Hverakot í Grímsnesi í því skyni, að ungrú Sesselja Sigmundsdóttir megi setja þar á stofn heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn, og mundi ég telja það mjög mikils virði, ef slíkt heimili gæti komizt á stofn þegar á þessu ári. Mér er persónulega kunnugt um, að ungfrú Sesselja hefir brennandi áhuga á því, að geta orðið slíkum börnum, sem hér ræðir um, að liði, og að hún hefir ágæta hæfileika til þess, enda hefir hún árum saman dvalið erlendis, aðallega í Þýzkalandi og Danmörku, eingöngu til að kynnast slíkri starfsemi og verið á ýmsum skólum til að afla sér þeirrar sérmenntunar, sem er nauðsynlegt til þess að geta veitt forstöðu heimili fyrir vanrækt börn".

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík hefir gefið mjög svipuð meðmæli með þessu máli, og í öllum þessum þremur skjölum, sem ég hefi nefnt, eru ákveðin ummæli í þá átt, að þessi stúlka sé alveg sérstökum hæfileikum búin til að veita slíkri stofnun forstöðu.

Við flm. vonum, að þetta nægi til þess, að hv. d. vilji líta á þessa till. með velvild.

Þá er ég ekki við fleiri brtt. riðinn, og ætla ekki að gera neinar brtt., hvorki hv. n. eða annara, að sérstöku umtalsefni. En það eru einstöku atriði í frv. sjálfu, sem ég ætla að minnast á, úr því að ég stóð upp hvort sem var.

Það er fyrst viðvíkjandi 7. gr. Ég er hræddur um, að það séu ekki öll kurl til grafar komin ennþá í frv., eftir því sem það telur vexti af nokkrum erlendum lánum. Mér sýnist af tölunum, að þeir vextir, sem þar eru taldir af lánum, þeir muni svona nokkurnveginn samsvara vöxtum af skuldum ríkissjóðs eins og þær voru í árslok 1928 eða svo. En það mun hafa bætzt við skuldirnar síðan, en

vextir af þeim virðast ekki vera taldir í 7. gr. Ég skýt þessu aðallega fram til að benda hv. fjvn. á að athuga þetta til 3. umr. Mér er að vísu ekki kunnugt um, hve mikil lán hafa verið tekin síðan, sem þarf að greiða af vexti og afborganir samkv. fjárl., en það hefir þó heyrzt, að tekið hafi verið þriggja millj. kr. lán til að greiða Landsbankanum stofnfé sitt. Skil ég ekki annað en að það verði að gera ráð fyrir vöxtum og afborgun af því láni, þar sem það mun velta á afkomu Landsbankans, hvort hann verður látinn greiða nokkurn arð af þessu fé, og naumast heimtuð af honum greiðsla á meðan svo er, að hann á ekki til allt stofnfé sitt, en það telur bankastjórnin hann ekki eiga, eins og kunnugt er af reikningum bankans.

Þá vildi ég þar næst leiða athygli að því, að það eru nú komnir vextir og afborganir af ríkisskuldum inn í ýmsar aðrar greinar fjárl. en 7. gr. Tel ég þetta vera ákaflega óheppilegt, því að það er hætt við, að það dyljist frekar fyrir mönnum, hvernig fjárhagur ríkissjóðs er, ef vikið er frá þeirri reglu, sem fylgt hefir verið undanfarin ár, að telja alla vexti og afborganir af skuldum í 7. gr. Til sönnunar þessu vil ég benda á 13. gr. E. 16. Þar stendur: „Afborgun og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl. 141 þús. kr.". Það eru svo margir gallar á þessum eina lið, að það mætti margt um það segja. Það er fyrst það, sem er alveg ótækt í allri reikningsfærslu, að afborgun og vöxtum er slegið saman, án þess að nokkuð sé tilgreint, hve mikið hvort um sig er; það gera ekki aðrir menn en þeir, sem láta sér lítið annt um að það sjáist, hvernig hagur þeirra er. En auðvitað er, að þetta er ekki annað en skortur á vandvirkni. Og svo stendur: „Afborgun og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.". Það er undarlega að orði komizt. Er þetta einhver upphæð, sem ríkissjóður þarf að borga vexti og afborganir af? Ég get hugsað mér að þetta séu vextir og afborgun af skuld til þeirra, en ekki af láni til þeirra. Svo er loks upphæðin prentuð á skökkum stað í dálkinum, prentuð þar sem annar liður á að vera.

Samskonar aths. hefi ég að gera við 13. gr. G. I., þar sem talað er um stofnkostnað útvarpsins. Þar stendur „Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London 178.000". Hér á væntanlega að standa „skuld til Marconifélagsins". (**JóhJóh**: Greiðslan gengur til Marconifélagsins). Með einstakri góðvild má kannske teygja þetta orðalag svo, að það verði skiljanlegt, en alltaf meiðir þetta tilfinningu mína fyrir íslenzku máli. Og hvað sem hv. fjvn. gerir, þá er ég alltaf vanur að greiða afborganir og vexti af skuldum mínum, en ekki af lánum mínum til annara. — Auk þess er sama að segja um þetta og liðinn, sem ég nefndi áðan, að ekki er sundurliðað, hvað séu vextir og hvað afborganir. En það er venja hjá öllum fyrirtækjum, sem engu þurfa að leyna í bókhaldi sínu, að halda þessu alveg aðgreindu, svo að það sjáist, hvað hvor liður um sig er hár. Þessi færsla á heima í 7. gr. fjárl., og á að vera þar sundurliðuð.

Það má vera, að fleira sé í frv. þessu líkt. Ég hefi ekki leitað að því sérstaklega. En þessi dæmi sýna, að nú er í fjárlagafrv. farið inn á braut, sem leiðir til ógleggra yfirlits yfir skuldir ríkissjóðs en verið hefir á síðustu árum.

Erlingur Friðjónsson: Áður en ég fer að tala hér fyrir brtt. mínum á þskj. 454, ætla ég að fara fáeinum orðum um sumar brtt. hv. fjvn., þótt ég hafi sjálfur átt sæti í þeirri n. Hv. frsm. mun hafa getið þess í ræðu sinni, að nm. hefðu óbundnar hendur um einstakar brtt., enda er það vafamál, hvort samkomulag er hjá n. í heild sinni um eina einustu brtt. Ég mun greiða atkv. á móti mörgum þeirra, því að ég er óánægður með þær.

Þó er það einkum ein brtt., sem ég þarf að fara orðum um. Það er 47. brtt. á þskj. 436, um að fella niður ábyrgðarheimildina til rafveitu handa Siglufjarðarkaupstað. Það er að vísu rétt, að þetta þing hefir ekki tekið liðlega í að ganga í ábyrgðir til rafveitufyrirtækja yfirleitt. Mér virðist þó, að gera verði mun á því, hvort þessum fyrirtækjum er ætlað að standa alveg sjálf og bera sig fjárhagslega, eða hvort ríkissjóður á þegar í upphafi að leggja fram mikið fé til þeirra. Þannig var t. d. um rafveituna um Skagafjörð, sem flutt var brtt. um í hv. Nd., að

af kostnaðinum við hana átti á þriðja hundrað þúsund að greiðast í styrk úr ríkissjóði. Allt öðruvísi stendur á um ábyrgðina fyrir Siglufjörð. Hann er einn bezt stæði kaupstaður landsins, og enda þótt þetta fyrirtæki virðist ætla að verða nokkuð dýrt. — enda mun ætlunin að sjá bænum fyrir miklu rafmagni, — þá hefi ég engar áhyggjur af því, að ríkissjóður þurfi að óttast, að hann geti orðið fyrir nokkru tjóni af þessu. Siglufjarðarkaupstaður er ágætlega vel stæður.

Þótt ég hafi ýmislegt fleira út á brtt. hv. meiri hl. fjvn. að setja, mun ég ekki fara lengra út í það í bili.

Hv. 3. landsk. var hér að tala um það, að í fjárlagafrv. á þskj. 350 væri ekki nægilegt tillit tekið til vaxta þeirra, sem koma mun á ríkissjóð að greiða á árinu 1931. Ég er þessu sammála hjá hv. þm. og hygg, að svo hljóti fleirum að sýnast, enda þótt fjvn. hafi enga brtt. flutt um þetta. Það mun stafa af því, að ekki er óalgengt að líta framhjá einstökum póstum sem þessum frá fyrri árum. Ég er ekki að mæla þessu bót, en það er e. t. v. eðlilegt. Ef brtt. kemur fram um sanngjarna hækkun á þessum lið, mundi ég greiða henni atkv.

Þá get ég snúið mér að brtt. mínum, sem eru á þskj. 454. Fyrsta brtt. mín er í tveim liðum, V. 1 og 2, og er hvortveggja um nýjar greiðslur til Akureyrarskóla. Fyrri liðurinn er um, að námsstyrkur við skólann hækki úr 700 í 1200 kr., og er ástæðan sú, að hann hefir fram til þessa verið afar lágur, svo að ekki er með sanngirni hægt að fara fram á minni hækkun en ég geri. Um hinn liðinn, 2000 kr. til dyravörzlu skólans, er þess að geta, að þetta starf var áður fyrr greitt með 900 kr. á ári og auk þess ókeypis húsnæði, sem sjálfsagt hefir verið um 1000 kr. virði fyrir skólann á ári. Nú hefir skólinn tekið þessa íbúð til annara afnota, og því verður óhjákvæmilega að greiða dyraverðinum hærri laun í peningum. Vona ég, að hv. deild fallist á, að þessi brtt. sé sjálfsögð leiðrétting.

Næst á ég brtt. XIV. á sama þskj. Í 17. gr. frv. eru nokkrir styrkir til sjúkrasjóða og tryggingarfélaga hér og þar um landið. Þessir styrkir eru að vísu sérlega lágir og hafa þó ekki alltaf verið vel séðir af fjvn. og Alþingi. Samt hefir fjvn. þessarar d. ekki séð ástæðu til að fella þá niður, en flytur brtt. um skilyrði fyrir veitingu þeirra, og lætur þar við sitja. En fyrst þeir eru nú þarna á annað borð, hefi ég flutt brtt. um að bæta við 2 félögum ennþá, sem hafa með höndum samskonar starfsemi. Fer ég fram á, að sjúkrasjóður Verkamannafélags Akureyrar fái 300 kr. og sjúkrasjóður verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri fái 150 kr. Eru þetta því ekki stórar upphæðir. Verkamannafélag Akureyrar er allgamalt félag, um 25 ára, og á sjúkrasjóð að upphæð nálægt 9—10 þús. kr. Eru árlega veittar úr honum 1000—1200 kr., svo að það getur ekki talizt mikið, þótt ríkissjóður bæti þar við 300 kr. Hitt félagið er yngra og sjúkrasjóður þess minni, en þó hygg ég, að það verji árlega til styrktar 4—500 kr. Upphæðir þær, sem ég flyt brtt. um, eru miðaðar við stærð sjóðanna, og er enganveginn hægt að segja, að ég hafi verið kröfuharður. Vona ég, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þetta lítilræði.

Þá býst ég við, að hv. þdm. þyki ég fara að gerast stórtækari. Þegar koma brtt. mínar við 22. gr. Þær eru prentaðar á sama þskj. undir XXI. lið a og b. Hér er um að ræða tvær ábyrgðarheimildir, þá fyrri fyrir Samvinnufélag sjómanna á Akureyri og hina síðari fyrir síldareinkasöluna. Skal ég fyrst víkja að a-lið brtt. Samskonar ábyrgð og hér er farið fram á hefir áður verið veitt Samvinnufélagi sjómanna á Ísafirði. Hefir það gefizt mæta vel, því að félagsskapurinn hefir blómgazt og gert afar mikið gagn. Reynslan á þessum eina stað gefur því tilefni til þess, að samvinnufélög fái víðar samskonar ábyrgðir. Hv. Nd. hefir nú á þessu þingi fallizt á svona ábyrgð fyrir Eskfirðinga og þar með viðurkennt, að ekki sé hættulegt að fara lengra inn á þessa braut. Samvinnufélag sjómanna á Akureyri er að skipulagi eins og þau samvinnufélög, sem þroskuðust eru. Sótti það fyrir nokkru til bæjarstjórnar Akureyrar um ábyrgð fyrir 150 þús. kr. láni, og ákvað bæjarstjórnin nýlega að veita þessa ábyrgð. Mér þykir rétt að lesa hér um samþykkt þá, er þar var gerð, eftir till. þeirrar n., sem málið hafði til

athugunar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórinn á Akureyri.

Akureyri 26. jan. 1930.

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 21. þ. m. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók fjárhagsnefndar, dags. 18. þ. m.

„Tekin til meðferðar beiðni frá Samvinnufélagi sjómanna á Akureyri, um að bærinn gangi í bakábyrgð fyrir væntanlegu láni félagsins til skipakaupa, ef ríkisábyrgð fæst, samkv. tillögu bæjarfulltrúa Einars Olgeirssonar, er vísað var til fjárhagsnefndar á bæjarstjórnarfundi 7. þ. m. — Eftir nákvæma yfirvegun varð nefndin sammála um að leggja til, að bæjarstjórnin lofi gagnábyrgð fyrir láni í þeim tilgangi, sem fram á er farið í áðurnefndri tillögu, með þeim skilyrðum, er hér segir:

1. Að lög félagsins séu í fullu samræmi við samvinnulögin nr. 36 frá 1921.
2. Að félagsmenn séu allir búsettir á Akureyri.
3. Að lánið, sem bæjarstjórn gengur í gagnábyrgð fyrir, fari ekki fram úr kr. 150 þús. — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónum — og sé í hæsta lagi ⅘ af andvirði skipanna, fullbúinna til veiða, og greiðist að fullu á 10 árum, afborgunarlaust fyrstu 2 árin.
4. Að aldrei sé á einu ári varið meiru en helming varasjóðs til greiðslu á reksturshalla, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.
5. Að félagið hafi innan sinna vébanda nægilega marga vana sjómenn á skipin, og að skipshafnir séu ávallt ráðnar upp á hlut af afla.
6. Að bæjarstjórnin hafi rétt til eftirlits með því, af afborgun lána fari fram samkv. tölulið 3, og að arði sé skipt samkv. lögum félagsins, enda eigi bæjarstjórnin ávallt aðgang að reikningum þess.
7. Að skip og veiðarfæri félagsins og aðrar eignir þess standi að veði fyrir láninu með 1. veðrétti.
8. Að fyrir láninu fáist ríkisábyrgð, með sömu skilyrðum sem eru sett fyrir ábyrgð ríkisins til handa Samvinnufélagi Ísfirðinga, þó með þeirri breytingu, að ríkisstjórnin samþykki framkvæmdarstjóra og annan endurskoðanda félagsins, eftir að hafa leitað álits bæjarstjórnarinnar um þá".

Þessi samþykkt bæjarstjórnarinnar tilkynnist hérmeð.

Jón Sveinsson.
Formaður „Samvinnufélags sjómanna" á Akureyri,
Karl Magnússon".

Ég hefi nú skýrt frá afstöðu bæjarstjórnarinnar á Akureyri í þessu máli, að hún vill taka á sig gagnábyrgð á láninu, ef ábyrgð ríkissjóðs fæst einnig. Annars hefi ég útbúið brtt. mína í samræmi við kröfur þær, sem bæjarstjórnin gerir, og eftir fyrri fyrirmyndum um samskonar till. Ýmsir munu nú segja, að minni ástæða sé til að styrkja sjómenn á Akureyri á þennan hátt heldur en var á Ísafirði á sínum tíma, þegar Alþingi ákvað að hlaupa undir bagga með Ísfirðingum. Það mun vera almennt álit, að aðstaða manna á Akureyri nú sé til muna betri en var á Ísafirði þá, og er sjálfsagt nokkuð rétt í því. En ég álít, að þetta eigi ekki að vera eingöngu neyðarráðstöfun, og að vel megi hjálpa mönnum áður en þeir eru komnir í algert öngþveiti. Aðstaðan á þessum tveim stöðum, Akureyri og Ísafirði, er þó lík að því leyti, að á báðum stöðum var orðið mjög lítið af skipum, sem eiginlega gætu talizt haffær. Á Akureyri eru nú víst ekki nema 3 fiskiskip, sem ganga á veiðar meira en blásumarið, og stafar það af því, hve hin skipin eru léleg. Til þess að geta stundað sjóinn allt árið, er mest um vert að fá góð skip, og það verður ekki séð, að atvinnurekendur nyrðra séu færir um að koma fram þeirri breytingu.

Þá kem ég að síðari hluta brtt., ábyrgð á láni fyrir síldareinkasöluna. Eins og hv. þdm. er í minni, voru á síðasta þingi samþ. lög, þar sem ríkisstj. er heimilað að ganga í ábyrgð fyrir síldareinkasöluna til næstu áramóta. Var þetta gert af þeirri nauðsyn, að einkasöluna vantar rekstrarfé tíma úr árinu, en hefir engar tryggingar að setja, nema síldina jafnótt og hún kemur úr sjónum. En einkasalan þarf á fénu að halda til greiðslu á síldinni, verkunar síldarinnar, kaupa á tunnum, salti o. s. frv. — Nú fer ég fram á í brtt. minni, að ábyrgðin verði framlengd um eitt ár, eða til ársloka 1931. Þar sem

ekkert hefir komið fram, sem geri þessa ábyrgðarheimild tortryggilega, vænti ég, að hv. þd. geti fallizt á þessa brtt. Í raun og veru verður þessi ábyrgð nokkru minni nú en þá var farið fram á. Í þessari lagagrein, sem niður fellur um næstu áramót og ég hefi tekið hér algerlega upp, er gert ráð fyrir ríkisábyrgð, allt að 500 þús. kr., þó þannig, að varasjóður einkasölunnar sé reiknaður inni í þeirri upphæð. Hann var í fyrra um 15 þús. kr., en nú um 65 þús. Hann hefir vaxið um 50 þús. á síðasta ári. Ábyrgð ríkissjóðs yrði þá nú 435 þús. Ég nefi fyllstu vonir um, að hv. d. gangi inn á þetta, og skal svo ekki dvelja meir við þessar till. mínar, því að ég býst við, að aðrir muni þurfa að mæla fyrir sínum brtt. á þskj. 454, og þær eru nokkuð margar.

Björn Kristjánsson: Ég á hér enga brtt. sjálfur á þskj. 454, nema ég er skrifaður sem annar maður fyrir brtt. XV., við 17. gr. 22, sem hv. 3. landsk. er aðalflm. að og hefir talað hér um. Ég fellst alveg á mál hans og ummæli um stúlkuna, og veit, að fyrirtækið er mjög nauðsynlegt.

Þá er það önnur brtt. á þskj. 436, undir 33. lið við 17. gr. 7, um að lækka styrkinn til slysavarna úr 18 þús. í 14 þús. kr., og að fella burt athugasemdina aftan við liðinn um að veita af þeirri upphæð 8 þús. kr. til vegar að Stafnesi, svo að flytja megi þangað björgunarbátinn frá Sandgerði. Kunnugir vita, að aðalhættustaðurinn milli Reykjaness og Sandgerðis eru einmitt Stafnestangar, því að þeir standa lengst út. En vegna þess að vegur náði ekki nema að Sandgerði, var ákveðið, að báturinn skyldi hafður þar, þó að það sé alllangt frá Stafnesi og lengri sjóleið á milli en landvegurinn er. Það getur því tekið langan tíma fyrir bátinn að komast á strandstaðinn, enda er mér sagt, að þessi björgunarbátur sé vélarlaus. Og í Sandgerði er mjög brimasamt og ill lending; verður að sæta lagi um sund til að komast þar út. Því getur oft farið svo, að björgunarbáturinn geti ekki komið til hjálpar skipi, sem strandað hefir á Stafnesi.

Þetta yrði ekki nema 4 þús. kr. sparnaður, og ég held, að réttast væri að láta liðinn standa eins og hann kom frá hv. Nd.

Önnur brtt., sem ég ætlaði að minnast á, er sú 36., við 17. gr. 20, um að fella niður 500 kr. til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur. Sá sjóður var stofnaður fyrir nokkrum árum með 800 kr. stofnfé, sem þessi kona ánafnaði ekkjum og börnum sjódrukknaðra manna þar syðra. En vöxtur og efling sjóðsins má heita eins manns verk, Þorgríms Þórðarsonar læknis, þess hins sama, er stofnaði þar álitlegan sparisjóð. Styrktarsjóðurinn er nú um 15 þús. kr. Alþingi lagði honum á síðasta ári 800 kr. Það er ekki lítil hvöt fyrir menn til að vinna að stofnun sjóða, ef Alþingi hvetur til þeirrar fjársöfnunar með styrkjum, þótt lítilfjörlegir séu. Þann vilja hefir hv. Nd. sýnt. Ég held því, að rétt sé fyrir þessa hv. d. að lofa þessu að ganga fram, og yfir höfuð að sýna velvild öllum sjóðstofnunum í landinu. Einmitt af sjóðum eins og þessum geta menn vænzt mestrar hjálpar, þegar þörfin er brýnust og þau vandræði, sem drukknanir og sjúkdómar hafa í för með sér.

Ég ætla ekki að gera margar sérstakar till. að umtalsefni. Þó er mér sárt um eina brtt. Það er till. um að fella niður styrkinn til séra Árna Þórarinssonar á Stóra-Hrauni. Ég veit, að þessi maður hefir gert mikið að því að safna alþýðufróðleik á Snæfellsnesi og víðar, og er mjög vel hæfur til þess. Hann hefir skýrt mér frá, — því að ég þekki hann nokkuð persónulega, — að í mörg ár hafi hann verið að safna sögum, er munu þykja mjög merkilegar. Hann er laginn á að semja og segja slíkar sagnir, svo að fáum tekst betur. Mér þætti það mjög leitt, ef honum skyldi ekki verða ætlaður neinn styrkur, þegar þó hv. Nd. ætlaði honum þessi 600. Og það var víst bara slysni, að hann fékk ekki 1500 þar. — Ég veit, að menn þreytast á löngum ræðum, og skal nú hætta.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég á aðeins eina brtt á þskj. 454, VIII. við 15. gr. 15, um hækkun á styrk meistara Björns K. Þórólfssonar úr 1000 kr. í 1500 kr. Svo er mál með vexti, að Björn Þórólfs-

son, meistari í íslenzkum fræðum, hefir tvö undanfarin fjárhagstímabil notið styrks eða starfslauna fyrir að semja skrá yfir skjöl, sem snerta Ísland og geymd eru í Danmörku. Nú var að vísu þessi liður tekinn upp í stjfrv., en 500 krónum lægri en undanfarin ár. Þetta þótti mér og öðrum illa farið. Þegar ég tók eftir þessari breytingu, þótti mér hún næsta kynleg, því ég vissi til þess, að síðastliðið sumar hafði Björn K. Þórólfsson komið að máli við ríkisstj. og sérstaklega þann ráðh., sem að þessum málum stendur, og var eftir það viðtal vongóður um, að hann fengi sömu laun fyrir starf sitt og áður. Þessi breyting er með öllu óskiljanleg, þegar á það er litið, að maðurinn hefir í öllu gert skyldu sína og unnið fullkomlega fyrir þeim styrk, er hann hefir notið, svo sem sjá má af bréfi hans til stj., sem dagsett er 18. nóv. 1929. Stj. hlýtur því að vera fullkunnugt um, að sízt var ástæða til að lækka þessa litlu fjárveitingu. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa upp kafla úr áðurnefndu bréfi. Þar segir svo:

„Ég hefi nú lokið að semja skrá um það, sem Ísland varðar í bæjarskjalasafni Kaupmannahafnar, svo og um skjalasöfn þeirra félaga, er einokunarverzlun höfðu á Íslandi, og skjalasafn hinnar konunglegu einokunarverzlunar að því, er til Íslands kemur. Nú er ég að kanna þær skjalabækur í Rentukammerinu, sem skrár Jóns Sigurðssonar taka ekki yfir, og vona ég, að skráningu þeirra plagga verði lokið fyrir áramót, nema hvað þar er ein deild skjalabóka, sem ég af sérstökum ástæðum læt bíða fyrst um sinn. Einnig vona ég að ljúka fyrir áramót könnun á skjölum stjórnardeildar þeirrar, er á einveldistímanum átti að fjalla um her og flota í veldi Danakonungs (Admiralitetskollegísins). Þar hefi ég fundið konungsúrskurði, sem Ísland varða, er ekki hafa verið kunnir áður".

Ég hefi aðeins örfáum atriðum við að bæta. Ég skal minna á, að hér er hvorki um utanfararstyrk né námsstyrk að ræða, heldur borgun fyrir verk, sem Alþingi hefir viðurkennt að nauðsyn sé að vinna, með því að veita þennan litla styrk, sem Björn meistari Þórólfsson hefir tekizt á hendur að vinna ákveðið verk fyrir. Þarf ég því ekki að vera langorð um þessa brtt., þegar þess er gætt, að hún ríður alls ekki í bág við stefnu hv. fjvn. né þingsins yfirleitt með persónulega styrki, þar sem hér er ekki farið fram á annað en að uppfylla samning, sem þingið hefir í raun og veru gert með fjárveitingum undanfarinna ára. Ég hika ekki við að segja, að mér finnst Alþingi ekki geta látið sér sæma að klípa af þessari fjárveitingu, sem B. K. Þ. hefir haft tvö undanfarin fjárhagstímabil til þess að vinna þetta þarfa en tímafreka verk.

Ef það hefði reynzt, að B. K. Þ. hefði slegið slöku við starf þetta, þá horfði málið öðruvísi við. En það er öðru nær. Ætti ekki að þurfa annað en að benda mönnum á meðmæli bæði frá Páli Eggert Ólasyni, núv. bankastjóra, og Hannesi Þorsteinssyni skjalaverði. Þessi tvenn meðmæli sýna, að Björn K. Þórólfsson hefir unnið þessi störf svo vel, að ég hygg, að enginn treysti sér til að mótmæla því, að hann sé vel að launununum kominn. Ég vil svo ekki reyna á þolinmæði hv. þdm. með því að lesa upp ýmis gögn, sem kannske koma þó fram, ef þörf gerist síðar. Ég vona, að hv. þm. sjái sér fært að aðhyllast þessa brtt. mína. Þó vil ég reyndar ekki láta ógert að lesa upp ofurlítinn kafla úr einkabréfi B. K. Þ. til mín:

„Eins og yður mun kunnugt, eru Norðmenn nú að láta skrifa upp öll skjöl, sem varða hið forna Noregsríki og varðveitt eru í bréfabókum þeim, sem sameiginlegar eru fyrir allt veldi Dana og Norðmannakonungs. Taka þeir þar með öll þau bréf, er Ísland snerta. Norðmenn vélrita uppskriftir sínar. Nú hefir ríkisskjalavörðurinn í Osló skrifað manni þeim, sem er „kommissær" Norðmanna hér og sér um uppskriftir þær, sem teknar eru, og sagt, að ég megi fá handa þjóðskjalasafninu í Reykjavík gegnumslög (Copie) af þeim uppskriftum, er framvegis verði gerðar fyrir Norðmenn af bréfum þeim, er varða Ísland eða Íslendinga. Þetta hefir „kommissær" Norðmanna hér tilkynnt mér bréflega. Þessi gegnumslög verða alveg ókeypis".

Lengra þarf ég ekki að lesa til að sýna, að auk þess sem meistari Björn K. Þór-

ólfsson starfar að hinu ákveðna umsamda verki, virðist hann einnig vera á verði, hvar sem hann getur gagnað nauðsynjamálum þjóðar sinnar. Eins og sést af bréfinu, er þetta, sem þarna er unnið, fyrir utan hans sérstaka starfssvið, en fyrir milligöngu hans eiga Íslendingar að fá afrit þessi sér að kostnaðarlausu. Þetta er glögg sönnun þess, hve annt honum er um þessi mál og hve ríkan hug hann hefir á að auðga Þjóðskjalasafn Íslands.

Hv. þm. vita, að verk það, er B. K. Þ. hefir tekið að sér, er ekki auðunnið, og ekki að vita hve lengi hann dvelur í Danmörku. Ég fyrir mitt leyti óska, að hann fengi eitthvert lífvænlegra starf í framtíðinni en hann hefir nú.

Ingvar Pálmason: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 454 og tel rétt að fara nokkrum orðum um þær.

Í fyrsta lagi er það III. brtt. Ég flyt hana af þeirri ástæðu, að í fjárl. þessa árs og undanfarinna ára hafa verið veittir styrkir til að reisa gistihús á stöðum, þar sem mjög er fjölfarið og verður að telja þjóðarnauðsyn, að sæmilegt gistihús sé á. Ég geri ráð fyrir, að um þennan 2 þús. kr. styrk til gistihúss á Egilsstöðum geti verið dálítið skiptar skoðanir. En ef það telst rétt, að ríkið leggi fram fé til að byggja slík hús annarsstaðar, þá er ekki síður ástæða til þess hér á þessum stað. Að vísu stendur svo á, að búið er að reisa hús, sem allir þeir, er að Egilsstöðum koma, sjá strax, að sérstaklega er reist með það fyrir augum að geta veitt gestum gistingu. Þó að þar sé rekið stórt og myndarlegt bú, er þó húsið enn stærra. Allmikil skuld hvílir á húsinu enn. Ég sé ekki, að það séu andmæli gegn tillögunni, þó að húsið sé komið upp.

Ekki þarf að nefna dæmi um það, að fjárveitingarvaldið hafi séð ástæðu til þess að veita byggingarstyrki til gistihúsa á svipuðum stöðum. Ein slík fjárveiting er í fjárl., sem nú er verið að ræða. Um það, að Egilsstaðir séu einn af fjölförnustu stöðum landsins, nægir að benda á, að svo má segja, að þeir séu ekki einungis á krossgötum, heldur má heita, að allir vegir austanlands liggi út frá Egilsstöðum. Til fjarðanna liggja t. d. ekki færri en fimm vegir þaðan, vitaskuld misjafnlega fjölfarnir. Fyrst liggur vegurinn þaðan um Fagradal til Reyðarfjarðar. Annar vegur er um Tungudal og Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar. Þriðji liggur ennfremur um Tungudal og Fönn til Norðfjarðar. Fjórði er um Slenjudal og Mjóafjarðarheiði til Mjóafjarðar, og nyrzt er vegurinn yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar. Um Héraðið austan Lagarfljóts liggur Úthéraðsvegur, og frá Egilsstöðum norður fyrir fljót liggja vegir að minnsta kosti í þrjár áttir. Upp eftir, sunnan Lagarfljóts liggur vegurinn til Fljótsdals og annar vegur til Skriðdals. Það má því segja, að vegirnir liggi ekki eingöngu í allar höfuðáttir, heldur einnig í flestar milliáttir um Austurland.

Ég hygg, að slík umferð sé sjaldgæf á sveitaheimili hér á landi sem á Egilsstöðum. Gildir það jafnt um alla tíma árs. Hygg ég, að ef litið er með sanngirni á þetta mál, þá sjái menn, að þessi brtt. mín hefir við svo sterk rök að styðjast, að sjálfsagt sé að samþ. hana.

Þá á ég VII. brtt. á sama þskj., við 14. gr. B. XV. 5, um það að veita Björgu Sigurðardóttur 1000 kr. styrk til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar um land, eftir till. Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, og gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Kvenmaður þessi fékk 1000 kr. styrk í yfirstandandi fjárl., og hefir nú ferðazt um Austurland og haldið námskeið. Ég get af fullri sannfæringu og reynslu sagt það, að þessi kennsla hefir borið hinn bezta árangur, og mun það margra manna mál, að mikil sé þörf slíkrar kennslu, og efast ég ekki um, að stúlka þessi sé vel starfi sínu vaxin, enda mun hún geta fengið meðmæli alstaðar, þar sem hún hefir fengizt við þessa kennslu. Að vísu má segja, að þingið í fyrra hafi litið svo á, að með þeim styrk hafi það sýnt þessari starfsemi viðurkenningu í eitt skipti fyrir öll, en á það ber að líta, að svo fremi að hér sé um gott og nytsamt starf að ræða, þá verður að stuðla að því, að það geti haldið áfram í sveitum. Ég held því, að þetta sé full sanngirniskrafa, að þessi litli styrkur sé veittur, þar sem þörfin er svo rík og hlutaðeigandi styrkþegi er fram-

úrskarandi að áhuga og þekking á sínu sviði.

Þá á ég X. brtt. á sama þskj., ásamt hv. 5. landsk., um 1500 kr. styrk til Ríkarðs Jónssonar til útgáfu myndabókar með verkum hans. Ætla ég, að þessi maður sé hv. þdm. svo kunnur, að ekki þurfi orðum um að eyða. Ríkarður er þjóðkunnur og viðurkenndur hagleiksmaður og að mörgu leyti sannkallaður listamaður. Eftir hann liggur fjöldi listaverka, og hann hafði hugsað sér að gefa út í ár, í tilefni af þessari merku hátíð, myndabók yfir verk sín, til kynningar fyrir landið og listiðnað þess hjá erlendum gestum í sumar. Upphaflega var það ætlun hans að gefa út þessa bók án styrks, en veikindi voru þess valdandi, að honum er það nú með öllu ókleift, enda er hann ekki enn kominn til heilsu til þess að stunda vinnu sína. Maðurinn á fyrir stórri fjölskyldu að sjá, og því má af líkum ráða, hvílík geysiáhrif slík veikindi hljóta að hafa á efnalega afkomu þessa manns. Þess vegna hefir hann nú sótt um þennan lítilfjörlega styrk, og er þess að vænta, að Alþingi sjái sóma sinn í því að láta ekki þetta farast fyrir vegna þess, að það telji eftir þennan litla styrk. Ég vil biðja menn að athuga, hve geysimikið kynningarmeðal slík bók getur verið, og landi okkar og þjóð til hins mesta sóma út á við.

Þá á ég XII. brtt. á sama þskj. Er hún í tveim liðum og um alveg óskyld efni. Fyrri liðurinn er við 16. gr. 32., um það að hækka styrkinn til Sambands austfirzkra kvenna úr 300 kr. upp í 450 kr. Er það gert samræmis vegna við önnur kvenfélagasambönd á landinu. Ég flyt þessa brtt. að tilhlutun og eftir bendingu frá konu einni hér í bæ, sem sýndi mér fram á, að úr því hv. fjvn. hefir farið þessa leið að veita slíka styrki, þá er með öllu óskiljanlegt, hvers vegna Samband austfirzkra kvenna á að fá lægri styrk en hin. Það má vel vera, að það sé færra fólk í þessu félagasambandi en t. d. í Sambandi norðlenzkra kvenna, en fólksfjöldi skiptir í rauninni ekki miklu máli hér. Hitt er miklu stærra atriði, hvernig staðhættir eru, því að þeir ráða mestu um þá erfiðleika, sem slíkur félagsskapur á við að búa á hverjum stað. En á Austurlandi er víðast mjög erfitt um samgöngur, svo að miklum örðugleikum verður einatt bundið að ná sambandi milli félagsdeildanna. Af þessu má sjá, að full sanngirni mælir með því að veita sambandinu þennan styrk, og láta það að því leyti njóta jafnréttis við önnur sambönd kvenfélaga hér á landi.

Þá kem ég að 2. liðnum, sem er um að gera laxastiga í Lagarfoss. Hér er prentvilla í þingskjalinu, og geri ég því ráð fyrir, að ef ekki verður hægt að leiðrétta hana, þá muni ég taka till. aftur til 3. umr. Í till. stendur ⅔ kostnaðar, en á að vera ⅓, en upphæðin á að vera 6000 í stað 2000, sem stendur í till. Enda þótt þetta komi frekar til umr. síðar, þá þykir mér þó rétt að fara nokkrum orðum um málið almennt. Það er að vísu svo, að þessi fjárveiting er ekki í samræmi við hliðstæðar fjárveitingar hingað til, en þess er þá að geta, að hér stendur nokkuð öðruvísi á. Rannsókn hefir leitt það í ljós, að fyrir ofan Lagarfoss eru sennilega mjög góð skilyrði fyrir laxauppeldi, en hitt er ósannað, hver árangur yrði af því að gera Lagarfoss laxgengan. Hinsvegar er mjög erfitt að fá fé í þessum dreifðu byggðum til þessa fyrirtækis, Hér er þó um að ræða stórkostlega tilraun til þess að auka veiðiskap í einu blómlegasta búnaðarhéraði landsins, en óvíst um árangur. Þess vegna mælir öll sanngirni með því, að í þessu tilfelli leggi ríkið eitthvað ríflegar af mörkum til þessa fyrirtækis. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta, en vænti þess, að d. sýni á sínum tíma fullan skilning á þessu mikilsverða máli.

Þá á ég XVI. brtt., við 18. gr. II. C. 8., um að veita öldruðum kennara, Einari Hávarðssyni, 150 kr. sem eftirlaun. Þessi maður hefir verið kennari yfir 30 ár, en hefir ekki rétt til eftirlauna samkv. núgildandi lögum. Hann er nú aldurhniginn, þrotinn að heilsu og kröftum og eignalaus með öllu. Ég tel því mjög sanngjarnt, að honum sé veittur þessi litli styrkur í viðurkenningarskyni fyrir gott og vel unnið starf í þágu þjóðfélagsins.

Þá á ég brtt. XVIII. á sama þskj. ásamt hv. þm. Seyðf., um það, að ríkisstj. veitist heimild til þess að greiða félaginu Eiríki rauða halla þann, sem það beið af

Grænlandsförinni í sumar, með 5000 kr. Hygg ég, að með lögunum frá í fyrra hafi þessu félagi í rauninni verið gefið fyrirheit um það, að ef það vildi hefjast handa um útvegun sauðnauta, þá skyldi það fá greiddan kostnaðinn úr ríkissjóði. Enda var það svo, að ríkissjóður greiddi félaginu þennan lögákveðna styrk, 20 þús. kr., strax við heimkomu Gottu. Árangur þessarar farar mun hafa verið töluvert betri en búizt var við almennt, því að þeir komu með sex kálfa, en hitt kemur ekki því máli við beint, þótt svo óheppilega hafi tekizt til með þessa kálfa, að þeir eru nú flestir dauðir af bráðafári. Veldur þar sennilega miklu um ónóg þekking á því, hversu skuli með dýrin fara í uppeldinu. En hitt virðist engin sanngirni, að láta félagið eitt bera hallann af því að hafa ráðizt í þetta þjóðþrifaverk, þó að það að lokum hafi ekki borið þann árangur, sem æskilegt væri. Mér virðist tæplega vansalaust af Alþingi að láta félagið ganga með skarðan hlut frá borði. Ég skal benda á, að félagið mun hafa í hyggju að gera út annan leiðangur bráðlega, ekki í sama tilgangi og hinn síðasta, heldur til þess að hagnast á honum, ef unnt er. Síðasti leiðangur var farinn í því augnamiði að ná hingað lifandi sauðnautum, sem og tókst, svo sem kunnugt er. Félagið mun ekki sækja um styrk til að gera út næsta leiðangur, því ætlunin er að láta hann bera sig fjárhagslega. Full ástæða er til þess að ætla, að slíkur leiðangur geti borgað sig fjárhagslega, en þá verður sennilega ekki skeytt um það að ná í lifandi sauðnaut hingað. Ber þó á það að líta, að ærin nauðsyn er á að fá hingað nokkra kálfa í viðbót, því að það mun mála sannast, að þessi eina kvíga, sem nú er á lífi, muni aldrei verða til mikilla þjóðnytja, ef ekki verður fengið eitthvað með henni. Það er ekki gott að kvígan sé ein, fremur en aðrar skepnur jarðarinnar, og sýnist því ærin ástæða til þess að útvega henni eitthvað til hugnunar á lífsleiðinni. Ég verð að segja þetta eins og það er, enda virðist þetta sjálfsagt, bæði frá hagsmunalegu og mannúðarlegu sjónarmiði. Að þessu athuguðu vil ég mega vænta þess, að hv. þdm. taki vel í þessa málaleitun.

Þá kem ég að brtt. XIX. á sama þskj., um að lána Finni Jónssyni málara allt að 10 þús. kr. til þess að byggja sér vinnustofu, gegn tryggingu, er stj. tekur gilda. Ég verð að líta svo á, að það sé góðra gjalda vert að styrkja listamenn okkar, þótt þeir séu tiltölulega fleiri en hjá öðrum þjóðum. Ég tel það góðs vita, að listir skuli vera í uppsiglingu hjá þjóð vorri, og ég tel afdráttarlaust, að listamenn okkar séu alls góðs maklegir. Í þessu tilfelli er ekki um að ræða beinan styrk, heldur húsnæði, þar sem þessi listamaður geti unnið að málverkum sínum og geymt þau svo, að þau séu óskemmd.

Það er ekki vafi, að verk þessa manns þola mjög illa léleg húsakynni. Og ég hefi fulla trú á því, að þessi hjálp þurfi ekki að baka ríkissjóði nein útgjöld. Ég hefi það álit á manni þessum, að hann sé svo mikilhæfur starfsmaður, að hann sé að fullu fær um að endurgreiða þetta áður en langt líður. En honum er nauðsyn að fá þessa vinnustofu til þess að geta notið sín við þessi listastörf.

Þá á ég að síðustu XX. brtt., um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 80 þús. kr. lán til rafmagnsstöðvar fyrir Neskaupstað, gegn þeim tryggingum, sem stj. telur gildar.

Það eru nú í fjárlagafrv. svipaðar heimildir sem þessi, sem fjvn. þessarar d. leggur til að verði felldar, og hefi ég ekkert um það að segja. Ég geri ráð fyrir, að ef þær verða teknar út af fjárl., þá sé engin von um, að þessi brtt. komist inn. En þó vil ég taka það fram, að hér stendur nokkuð öðruvísi á en venjulega, þegar um slíka ábyrgðarheimild er að ræða. Hér er það svo, að það er búið að reisa rafstöð fyrir 1½ ári og hefir hún starfað þann tíma. Sú reynsla, sem fengizt hefir, bendir til þess, að stöðin beri sig fyllilega. En ég fer hér fram á ábyrgð, vegna þess að þau lán, sem tekin voru, voru mjög óhagkvæm. Nokkur hluti lánsins var tekinn til 10 ára og með venjuum bankavöxtum, en nokkur hluti þess var víxill, sem framlengja þarf árlega eða tvisvar á ári, og er það með okurvöxtum.

Það, sem vinnst með þessari till., er að gefa kaupstaðnum kost á að fá hagkvæmara lán en nú er um það fé, sem stendur

í byggingunni. Hér er ekki verið að ýta undir menn að ráðast í fyrirtæki, sem óvíst er hvernig fari. Það er búið að framkvæma það. Ég lít því svo á, að þótt engar aðrar ábyrgðarheimildir séu veittar, megi veita þessa, þegar svo sérstaklega stendur á. En fari svo, að þær ábyrgðarheimildir, sem nú er í fjárlfrv., verði þar áfram, þá er það hreinasti misréttur, sem ekki á sinn líka, ef þessi kemst ekki þar inn.

Hér er aðeins farið fram á ábyrgð gegn þeirri tryggingu, sem stj. tekur gilda, og ábyrgðarupphæðin er ekki nema 80 þús. kr. Það er heldur ekki víst, að þurfi að nota þessa heimild.

Ég hefi þá minnzt á allar þær brtt., sem ég hefi. Ég legg það undir dóm hv. d., hvernig hún tekur þeim. Ég vona, að flestir geti gengið inn á það, að þær séu sanngjarnar, en læt skeika að sköpuðu um það, hvort hv. d. getur fallizt á þær.

Guðmundur Ólafsson: Ég á hér 2 brtt. á þskj. 454.

Fyrri brtt. er sú VI., við 14. gr. Þar er farið fram á það að veita kvennaskólanum á Blönduósi styrkhækkun, er nemi ⅓ af þeim styrk, sem honum er nú ætlaður í fjárlagafrv., til aðgerða og breytinga á skólahúsinu.

Það má nú segja, að skólinn hafi verið styrktur töluvert í þessu augnamiði á síðasta þingi, bæði til aðgerða á húsinu og til að gera þar nýtízku eldhús. Honum voru þá veittar 4000 kr. til þessa, og stafaði það af því, að honum var þá breytt úr kvennaskóla í húsmæðraskóla, og þurfti þá að breyta ýmsum „innréttingum“ og koma upp 2 fyrirmyndareldhúsum úr einu almennu eldhúsi, sem áður var. Byggingafræðingur var fenginn til þess að gera áætlun um kostnaðinn, og lá sú áætlun hér fyrir þinginu í fyrra; að minnsta kosti sá ég hana og mun þá hafa sagt hv. þdm. frá henni.

Áætlunin var þannig, að breytingin mundi í hæsta lagi kosta 5000—6000 kr., en svo fór um þá áætlun, að kostnaðurinn nam 12000 kr., og býst ég við, að allir hv. þdm. sjái, að þegar svo er, eru 4000 kr. ekki nema ⅓ þess kostnaðar. Mér sýnist því nauðsynlegt og rétt fyrir þingið, að það skeri ekki frekar við neglur sér styrk til þessa skóla en annara. Mér finnst það ekki mega minna vera en að það styrki hann að hálfu leyti, eða 6000 kr. að þessu sinni, og hitt svo síðar. Ég get heldur ekki kennt skólanefndinni það, að kostnaðurinn varð meiri en áætlað var.

Ég vil biðja hv. þdm. að athuga, að þótt þeim þætti skólinn nokkuð fjárfrekur síðastliðin ár, þá kemur það af því, að gerðar hafa verið ýmsar endurbætur á skólanum. Það var sett í hann miðstöð og hann raflýstur. Meðan skólinn hafði engan styrk frá ríkinu nema rekstrarkostnað, var skólinn vanræktur hvað viðhald hússins snerti, og það var ekki fyrr en 1926, að veittar voru 3000 kr. til aðgerðar á skólahúsinu. En af því að húsið hafði verið svo vanrækt, varð aðgerðin margfalt dýrari fyrir bragðið, og þó að nokkur upphæð hafi verið veitt síðan 1926, hefir hún aldrei verið nógu há, svo að ég hefi orðið að biðja þingið um styrk til sömu framkvæmdar ár eftir ár. Árið 1927 voru veittar 6000 kr. til að setja miðstöð í skólann og raflýsa hann. Hv. þdm. hljóta að skilja, að þetta var ófullnægjandi, enda varð að veita 4000 kr. árið eftir til þess að ljúka við það.

Nú er það lakasta, að það var ekki nema ⅓ kostnaðar, sem þingið veitti í fyrra, en þá var búizt við, að það mundi duga að mestu. Ég ásaka ekki þingið fyrir þetta. Þetta hefði nægt, ef kostnaðurinn hefði ekki farið svo voðalega fram úr áætlun.

Ég verð nú að halda, að þeir sömu hv. þm., sem samþ. fjárveitingar til annara skóla, og þær sumar ekki svo litlar, og hv. fjvn., sem vill veita tveimur skólum allálitlega upphæð, — öðrum 10 þús. kr. til leikfimishúss og hinum 9000 kr. til vatnsveitu, — geti samþ. þessa fjárveitingu til Blönduósskólans. Hann er nú búinn að vera lengi starfandi, en hefir aldrei svo mikið sem fengið styrk til leikfimishúss. (IHB: Hvað má þá segja um skólann hér? Ég held sorglega sögu). Já, en ég er nú að bera hann saman við vanræktu börnin, sem hv. 3. landsk. var að tala um, og þó að kannske sé ekki hægt að kalla kvennaskólann barn lengur, hefir hann verið vanræktur fram á síðustu ár.

Ég er ekki hneigður fyrir að vera margmáll, þótt skemmtilegra efni sé um að ræða en þetta. Ég mun samt bæta við þetta, ef einhver hv. þm. mælir því í móti, að þetta gangi fram. Annars vona ég, að hv. þdm. sjái, að þetta er réttmætt. Stj. hefir eftirlit með skólanum, og mér finnst ekki annað hægt en að gera honum sem léttast fyrir að losa sig við þær skuldir, sem hann hefir komizt í við bætt fyrirkomulag, nefnilega að verða húsmæðraskóli úr kvennaskóla.

Ég get skýrt hv. d. frá því, að aðgerð er nú lokið við skólann að mestu eða öllu leyti. Þó er eftir að mála hann utan og má það ekki dragast lengi, og verður því að fá styrk frá þinginu til þess.

Þá er brtt. XIII., við 16. gr., um styrk til að rannsaka til fullnustu og gera laxgengan farveg Blöndu undan Enni, ⅓ kostnaðar, allt að 2000 kr.

Það er fyrst við þetta að athuga, að þessi ⅓ átti að vera ⅔, en hvort mér er um það að kenna eða prentsmiðjunni, skal ég láta ósagt.

Ég ætla að biðja hv. þdm. að setja það á sig í sambandi við þessa till., að í minu kjördæmi er stórt fiskiræktarfélag, sem í eru 60—70 bæir. Það byrjaði á því síðastl. sumar að kaupa æðimikið af lax- og silungsseiðum og flytja þau í Blöndu og Svartá. Um Blöndu vita menn það, að fyrir löngu var þar mikill lax, en nú á síðustu árum hefir varla orðið vart við hann og enginn hefir reynt að veiða. Er því um kennt, að undan Enni sé þröskuldur, sem þarf að laga (ca. 2—3 km. frá sjó).

Það var farið fram á það við mig, að ég sækti um 3000 kr., en ég tók þessa minni upphæð í von um, að hún nægði.

Ég skal geta þess, að það er þarna lítill foss í ánni og hún er straumhörð og vatnsmikil, að minnsta kosti á þeim tíma, sem lax myndi helzt ganga í hana.

Þetta mun vera ein af fyrstu tilraunum, sem gerð er hér á landi með fiskræktarfélög. Mun annað félag vera við Mývatn. Mér finnst þess vegna, að þingið ætti að styðja þessa veiðleitni svo sem hægt er, og þá verður það ekki gert á annan betri hátt en styrkja þessi félög úr ríkissjóði til kaupa á seiðum. Þau eru nokkuð dýr og áhætta að fást við þetta.

Ég vona að hv. d. láti mig ekki gjalda þess, að þetta eru ekki peningar, sem renna beint ofan í neinn einstakan mann. Mér finnst það fullt eins rétt fyrir það, að minnsta kosti ef maður er ekki því kunnugri þeim mönnum, sem sækja um styrk til þingsins.

Ég vil geta þess, að Pálmi Hannesson rektor menntaskólans, sem mér var falið að leita meðmæla til, er hlynntur þessu máli, eins og laxveiðafrv. hans sýnir. Hann hefir enga skriflega umsögn sent, en mælti með þessu við form. fjvn. og hefir hann sagt mér, að það hafi eiginlega verið óaðgæzla, að það hafi ekki verið tekið til greina þar.

Skal ég svo ekki þreyta hv. d. meira að sinni.

Halldór Steinsson: Ég á hér eina litla brtt. við 15. gr. 17. lið. Það er styrkur til séra Árna Þórarinssonar á Stóra-Hrauni. Í Nd. kom fram styrkbeiðni viðvíkjandi þessum manni, sem fór fram á 2 þús. kr. ritstyrk á ári, en til vara 1500 kr., en á síðustu stundu kom fram brtt. þess efnis, að styrkurinn yrði færður niður í 600 kr. Það varð því samkv. þingsköpum að bera þá till. upp fyrst. Var hún samþ., og þar með útilokað, að hinar kæmust að. Það var hv. þm. Mýr., sem flutti þessa brtt., er samþykkt var, og hann lýsti sjálfur yfir í hv. Nd., að hann hefði borið till. fram með þeim skilningi, að hún væri varatill. við brtt. Má því segja, að það hafi verið nokkurskonar slys að samþ. þessa brtt., því að það er enginn vafi, að ef varatill. um 1500 kr. hefði komið til atkv., hefði hún náð samþykki.

Séra Árni Þórarinsson er maður kominn á áttræðisaldur og hefir gegnt störfum í erfiðu prestakalli í 45 ár. Liggur því í augum uppi, að það geta ekki liðið mörg ár svo hann ekki segi af sér prestskap. Væri sjálfsagt búinn að því fyrir löngu, ef hann hefði séð sér fært að draga fram lífið án embættis. En því er miður, að margir embættismenn hér á landi verða oft og tíðum að hanga í embætti eftir að þeir eru, bæði vegna heilsuleysis og elli, orðnir ófærir til embættisstarfa.

Um þennan mann er það að segja, að hann er sérstaklega vel gáfum gæddur. Hann er mikill fróðleiksmaður, bæði á forn og ný fræði. Hann kann urmul af

þjóðsögum, bæði nýrri og eldri, ritar allra manna bezt og fágaðast íslenzkt mál. Honum er einkennilega sýnt um það að færa hugsanir sínar og athuganir í aðgengilegan búning.

Séra Árni hefir því leitað til þingsins um ofurlitla styrkveitingu, til þess að geta látið samtíð sinni í té fróðleik sinn. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þeim litla styrk, sem hér er farið fram á, verður vel varið. Ég er þess fullviss, að sá fróðleikur, sem mundi fást fyrir styrkinn, yrði ekki sérlega dýru verði keyptur.

Það vill svo til, að ég stend hér ekki einn uppi með þessa skoðun mína, því að auk þess sem séra Árni er héraðskunnur maður fyrir fróðleik sinn og framsetningarlist, þá er mér óhætt að fullyrða, að hann er viðurkenndur af mörgum af fremstu menntamönnum þessa lands. Því til sönnunar vil ég lesa upp meðmæli frá einum helzta menntamanni okkar Íslendinga, Sigurði Nordal. Með leyfi hæstv. forseta:

„Það er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til séra Árna prófasts Þórarinssonar á Stóra-Hrauni, að hann er allra manna skemmtilegastur í viðræðum; fer þar saman víðtækur fróðleikur, glögg athugun, hugsanafjör og frásagnarlist. Hefi ég oft hugsað um, hvílíkur skaði það væri, ef engar minjar sæust eftir slíka hæfileika í bókmenntum vorum. Nú er mér tjáð, að séra Árni sæki um lausn frá prestsembætti með fullum launum, bæði vegna þess, að hann gerist þrcyttur að gegna þessu umsvifamikla starfi og langar til þess að fá næði til þess að skrásetja eitthvað af endurminningum sínum og öðrum fróðleik. Mér er sérstaklega ljúft að gefa þessari umsókn hans beztu meðmæli mín, ekki einungis vegna verðleika prófasts fyrir langt embættisstarf, sem aðrir eru færari að meta en ég, heldur einkanlega vegna þeirra ritstarfa, sem ég óska og vona, að honum endist þá enn tími til að inna af hendi.

Reykjavík, 8. febrúar 1930.

Sigurður Nordal."

Annar kunnur maður, Lárus H. Bjarnason, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Séra Árni er ekki aðeins mikill fróðleiksmaður á þjóðlega hluti, heldur segir hann manna bezt frá, þeirra er ég þekki".

Ég læt mér nægja að vísa til þessara tveggja ummæla frá þessum landskunnu mönnum. En mér er kunnugt, að hægt var að fá meðmæli þessu til stuðnings frá miklu fleiri vel þekktum mönnum en þessum. Að öllu þessu athuguðu verð ég því að álíta, að þessi styrkur væri sízt fyrir minni verðleika veittur en margir aðrir styrkir í fjárl. til ritstarfa, sem eru talsvert hærri. Og þess vegna þori ég ófeiminn að bera þessa till. fram, og vona, að hv. d. sjái, að hún er réttmæt.

Ég ætla svo ekki að fara að gagnrýna sérstaklega aðrar till. eða frv., þó að ég hafi ýmislegt að athuga við nokkra liði. Þó er ein lítil till. frá fjvn., sem ég get ekki stillt mig um að minnast ofurlítið á, úr því að ég stóð upp á annað borð. Það er 7. brtt. n. við 14. gr., kennsla í söng, — að liðurinn falli niður. Mér finnst satt að segja hafa lagzt heldur lítið fyrir kappann að ráðast á þennan litla styrk. Þessi styrkur er veittur til þess að láta prestaefnum í háskólanum í té kennslu í að tóna. Ég tel þessum styrk vel varið, og þó að miklu hærri væri. Það er nú einu sinni svo, að tónið er annar aðalhluti guðsþjónustunnar, og sjálfsagt sá liðurinn, sem að margra dómi ekki er minna um vert en ræðuna. Ég held það sé óhætt að segja, að þær kirkjur, þar sem lélega er tónað, þótt ræðan sé sæmileg, þær muni ekki vera vel sóttar. Þess vegna finnst mér fyrir mitt leyti mikið gefandi fyrir það, að prestar ryðji ekki úr sér fyrir altari mjög miklu af fölskum tónum. Og ef hægt er að koma í veg fyrir það með kennslu í tóni við háskólann, sé ég ekki annað en að þeim peningum sé vel varið. Ég vil því fastlega mælast til, að hv. d. samþ. ekki þessa till. fjvn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi flutt á þskj. 454 2 brtt.; aðra um það, að lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum verði ætlaður fastur styrkur til utanferða, eins og í nokkur ár hefir verið ætlaður til lækna og kennara. Ennfremur, að samskonar fjárhæð verði sett inn vegna presta.

Ég þykist vita, að sérstaklega prestunum þyki þetta heldur lítið. En mér finnst

samt sem áður, að þó að það gæti ekki nema einn prestur farið út á ári, þá sé það betra en ekki neitt. Og alveg sama gegnir um lögreglustjóra, sýslumenn og bæjarfógeta. Auðvitað nær þessi styrkur miklu betur til þeirra, þar sem þeir eru um 20, en prestarnir um 100. En þetta er skoðað sem byrjun. Það, sem er hliðstætt, er styrkur til lækna. Undanfarið hefir hann jafnan verið notaður af tveimur mönnum, ca. 1500 kr. á mann. Ennfremur hefir staðið í fjárl. utanfararstyrkur til barnakennara, 3000 kr. og veitt 3 í einu. Á hverju ári eru 20—30 umsóknir um þennan styrk. Það er ósennilegt, að það sé ekki eins nauðsynlegt fyrir sýslumenn eins og lækna að létta sér upp. Og ég hygg þess vegna, að hv. d. muni sannfærast um, að báðar þessar uppástungur séu réttmætar í eðli sínu, og það sé mjög stillt í hóf um kostnað. Geri ég ráð fyrir, þótt ekki sé tekið fram í till., að þessi styrkur sé ekki nema handa einum á ári. A. m. k. hefir kirkjumálan. lagt áherzlu á það í sambandi við frv., sem flutt var í Nd., að ef veittar væru 4 þús. kr., þá yrði það handa tveimur, en ef ekki nema 2 þús., tæki varla að skipta þeim.

Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja þetta mál frekar, en fel það hv. d.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég á 2 brtt. á þskj. 464. Önnur till. er við 12. gr., 16. lið B., um það, að Hróarstungulæknishéraði verði veittur sérstakur styrkur í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofum, að upphæð 5 þús. kr. Á síðasta þingi flutti ég samskonar till., aðeins um hærri upphæð, 8 þús. kr. Gerði ég grein fyrir þá, hvernig á till. stæði, en af því að ég tel víst, að það sé gleymt, má ég til að rifja upp dálítið aftur.

Þannig stendur á, að í þessu læknishéraði hefir verið reistur læknisbústaður með sjúkrastofum, sem kostar 50 þús. kr. Margra ára reynsla hefir sýnt það, að ómögulegt var að komast hjá þessum framkvæmdum. Læknar fengust ekki í héraðið nema endrum og eins. Og það var eins oft, að héraðið var talið læknislaust, og var talið fyrst og fremst stafa af því, að það var enginn viðunanlegur bústaður fyrir lækninn. Í þessu læknishéraði eru 5½ hreppur, 4½ í Fljótsdalshéraði, en auk þess Borgarfjarðarhreppur, en þar eru vegir mjög erfiðir. Í læknishéraðinu eru nálega 1200 íbúar, eftir síðustu skýrslum. Í Borgarfjarðarhreppi eru 300 íbúar.

Nú vita þeir, sem þarna eru kunnugir, að læknir búsettur á Hjaltastað er vel settur fyrir þá hreppa héraðsins, sem liggja í Fljótsdalshéraði. En um Borgarfjarðarhrepp hagar svo til, að hvergi er vel settur læknir fyrir hann, nema í hreppnum sjálfum. Það hefir verið nokkur togstreita um það, hvar læknirinn skuli settur, en með hliðsjón af læknishéraðinu í heild varð síðast ofan á, að hann yrði settur þarna á Hjaltastað. Þegar svo byggt var yfir lækninn, þverskallaðist Borgarfjarðarhreppur að leggja nokkurt fé í bygginguna. Er skemmst af að segja, að þessa byrði, sem allt læknishéraðið átti að bera, bera nú aðeins röskir ⅔ hlutar af íbúum þess. Lög eru engin til, sem gera það kleift að þvinga minni hl. til að vera með þegar svona stendur á. Það var gerð tilraun, að ég ætla á þinginu 1928, til þess að setja lög um þetta efni, en það mistókst. Mun það hafa gengið gegnum Nd., en einhverjir agnúar þótt á því hér í hv. deild.

Nú er ég sannfærður um, að enda þótt sett verði lög um þetta efni, sem gerðu kleift að skylda alla, sem hlut eiga að máli, til að leggja fram kostnað við að byggja læknisbústaði, þá mundu þau lög tæplega geta haft áhrif á þetta tilfelli.

Það, sem ég fer fram á, er því það, að ríkið vildi hlaupa undir bagga með þeim fáu mönnum, sem bera þennan geysilega kostnað. Það er nálega 33 þús. kr., sem þessi hluti læknishéraðsins hefir orðið að leggja á sig. Brtt. fer fram á, að ríkissjóður leggi fram nálægt helmingi þeirrar upphæðar, sem Borgarfjarðarhreppi hefði borið að greiða, ef hann hefði verið skyldugur til þess að vera með. Er engu breytt frá brtt. þeirri, sem kom fram í fyrra, nema því, að þá var farið fram á 8000 kr., en nú 5000 kr.

Ég vænti þess að allir sjái, hver sanngirni mælir með brtt. Það er ekki réttlátt, að ⅔ hlutar fámenns læknishéraðs séu neyddir til þess að bera uppi gjöld, sem væru áreiðanlega fullþungbær öllu

héraðinu. Ég þykist vita, að mönnum skilst, að það er alltaf erfitt jafn fámennum hluta af læknishéraði, 8—900 manns, að bera þennan gífurlega kostnað, auk alls annars, einkum þar sem sumir hrepparnir að minnsta kosti eru mjög fátækir.

Hin brtt. mín er á þskj. 454, II. 2. við 13. gr. B. XV. Nýr liður: Styrkur til Gunnars Jónssonar, vegna kostnaðar við byggingu fyrir gesti á Fossvöllum, 2000 kr. Samskonar till. kom fram á þingi 1928 og var borin upp í Nd. af hv. 1. þm. N.-M. Munurinn aðeins sá, að þá var farið fram á 5000 kr. til þess að koma upp gistihúsi á Fossvöllum. Þeirri beiðni var ekki sinnt. Ég skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr ræðu hv. 1. þm. N.-M. um þetta atriði þá á þinginu; ég veit, að hann er þessu eins vel kunnugur og ég og hefir skýrt eins vel frá málavöxtum og ég gæti. Hann segir m. a.:

„Þessi bær er á krossgötum við fjölfarna vegi. Hann er við þjóðveginn frá Austfjörðum til Norðurlandsins og er undir Smjörvatnsheiði — þjóðvegurinn liggur þó ekki yfir hana —, sem er ein af lengstu og allra hæstu heiðum hér á landi og mjög illviðrasöm. Er mönnum því oft þörf á góðri aðhlynningu, er þeir koma af henni. Framhjá þesum bæ liggur líka vegur til Möðrudalsheiðar, ekki þó svo að skilja, að hann standi við heiðina, heldur liggur vegurinn frá og til heiðarinnar, fyrst eftir Jökuldalnum. Þarna er því vegur í 4 áttir, auk þess sem bærinn liggur við hina torfærustu heiði, sem áður er sagt. Þarna er líka símastöð, og sækir að henni stórt svæði, sem eykur umferðina að mun. Verða bæði langferðamenn og símanotendur, sem eru langt að komnir, að gista þarna; auk þess þurfa langferðamenn oft að fá fylgd og hesta. Bóndinn, sem nú er þarna, er úrræðagóður og hjálpsamur um að útvega hesta og fylgd og margvíslegan beina annan, sem með þarf". Ennfremur segir hann: „Bóndinn á Fossvöllum er nú orðinn roskinn og er fátækur barnamaður, sem hefir alið upp fjölda barna. Telur hann sig ekki geta byggt upp vegna fátæktar og neyðist því til að leita burt".

Ég get bætt við, að byggt hefir verið upp á þessum stað, síðan þetta var mælt á Alþingi. Svo er mál með vexti, að Jökuldalshreppur er eigandi jarðarinnar, og lagði hreppurinn að ég ætla nálægt 1500 kr. í bygginguna, en bóndinn brauzt í að koma upp húsinu og lagði fram sem næst 5500 kr. Var byggingunni hagað að nokkru leyti eftir þörfum heimilisins, en þó meira tillit tekið til gestanauðar. Hv. 1. þm. N.-M. fór fram á 5000 kr. á þingi 1928, en hann hefir þá haft í huga, að reist yrði fullkomnara gistihús en um er nú að ræða. Ég fer nú fram á, að ríkissjóður leggi fram 2000 kr. upp í þann kostnað, sem bóndinn hefir greitt. Mér er kunnugt um, að kostnaður sá, sem bóndinn hefir lagt út í, 5500 kr., er honum algerlega um megn. Ég veit, að hv. þdm., sem þarna eru kunnugir, sjá það vel, að það er brýn nauðsyn á, að þarna sé hægt að veita umferðamönnum gistingu. Ég leyfi mér að fullyrða, að nú hefir verið byggt svo vel upp, að það kemur að miklu liði fyrir gesti, en skal þó viðurkenna, að þarna hefði þurft meira rúm til gistingar. Ég ætla, að þessi staður sé ef til vill annar fjölfarnasti staður á Fljótsdalshéraði, og er því sanngirniskrafa á þessum styrk, þegar Alþingi hefir hvort sem er gengið inn á þá braut að veita styrk til byggingar vegna umferðar. Þarf ekki að benda á, að allmörg dæmi eru til, að þetta hafi verið gert. Hér í grenndinni hefir allmikið fé verið veitt til byggingar á Kolviðarhóli, enda byggt veglega, og skal ég ekki telja það eftir. Þá hefir fé verið veitt til byggingar gistihúss á Ásólfsstöðum og í Fornahvammi. Nú eru í fjárlagafrv. upphæðir til þess að byggja úthýsi í Fornahvammi, gistihús í Bakkaseli og gistihús að Húsafelli. Þar sem gengið hefir verið inn á þessa braut — sem ég tel rétta —, þá verður að sýna jöfnuð og sanngirni; það, sem gert er fyrir suma, verður að gera víðar, þegar líkt stendur á. Nú stendur svo á, að akvegurinn, Hrúarstunguvegur, sem er framhald Fagradalsbrautar, er kominn að Fossvöllum, og komast menn nú þangað í bifreiðum, en ekki lengra. Einmitt þetta ætla ég að auki mikið þörfina á því, að hægt sé að hýsa gesti og veita mönnum beina og annan þann greiða, er ferðamenn svo oft þurfa þarna á að halda.

Þá skal ég drepa á samskonar brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 454, III., við 13. gr. B. XV., nýr liður: Styrkur til Sveins Jónssonar, vegna kostnaðar við gistihússbyggingu á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum á Völlum ætla ég að sé langmest umferð á Austurlandi. Þar hagar svo til, að reist hefir verið stórt gistihús, sem rúmar að minnsta kosti 20 næturgesti, og get ég ímyndað mér, að það sé með rúmbeztu og myndarlegustu gistihúsum í sveit á Íslandi. Nú eru nálega 15 ár síðan húsið var reist. Það var reist án allrar hjálpar hins opinbera, annarar en þeirrar, að sýslunefndir Múlasýslu ábyrgðust 3000 kr. lán, er tekið var til hússins, og má vera, að sýslurnar hafi greitt vexti af láninu einhver fyrstu árin; ennfremur mun hafa verið greitt síðar úr sýslusjóðum 600 kr. Það var faðir núverandi ábúanda, Jón Bergsson á Egilsstöðum, sem reisti gistihúsið, en Sveinn á Egilsstöðum hefir rekið það í síðastliðin 10 ár og lagt fram mjög mikið fé til þess að fullgera það. Húsið er stórt, 14x20 al., tvílyft, með kjallara og risi, og er skiljanlegt, að fé hefir ekki verið fyrir hendi til þess að ganga strax frá því að öllu leyti. Síðan húsið var reist hefir Sveinn bóndi lagt í það nálægt 15 þús. kr., án þess að það sé þó enn fullgert. Mér skilst, að sama eigi að gilda um þá menn, sem þegar hafa neyðzt til að reisa hús vegna umferðar og gestanauðar, eins og um hina, er ætla að reisa hús. Sé rétt að reisa væntanleg gistihús, þá er jafnrétt að hlaupa undir með þeim, sem þegar hafa bundið sér skuldabagga af þessum ástæðum. Mér er fullkunnugt, að á Egilsstöðum hefir nýlega verið lagt í stórkostlegan byggingarkostnað, sem að minnsta kosti að sumu leyti stendur i sambandi við umferðina, þar sem þar hafa verið reist mjög dýr peningshús. Sést á fjárveitingunni í þessu frv. til peningshúsa í Fornahvammi, að það er talið nauðsynlegt, að góð peningshús fylgi gistihúsunum. Enda er nokkuð gerandi fyrir þreytta og svanga ferðalesta. Ég leyfi mér því að mæla hið bezta með þessari brtt hv. 2. þm. S.-M.

Þá skal ég minnast á aðra brtt. frá sama hv. þm. á þskj. 454, XII. 2., við 16. gr. 45. Brtt. fer fram á, að til laxastiga í Lagarfoss verði veitt ⅔ kostnaðar, sem á að vera 6600 kr., í stað ⅓ kostnaðar eða 3300 kr., sem stendur í frv. Ég leyfi mér að mæla sem allra bezt með þessari brtt.

Ég ætla, að þetta fyrirtæki sé nokkuð einstætt. Svo stendur á, að heppnist að fá lax í Lagarfljót og þverárnar, er það hagsmunamál fyrir stórt svæði og fjölda manna. En þannig hagar til, að þarna hefir lax aldrei gengið, og vafasamt, hvort tilraunin heppnast, þótt hún sé mjög arðvænleg, ef hún skyldi lánast. Ég lít svo á, að þar sem um svo dýra tilraun er að ræða, er getur gefið góðan arð, ef hún heppnast, en getur líka verið vafasöm, þá sé rétt og skylt að leggja fram meira að tiltölu en til samskonar framkvæmda, sem eru að vísu umfangsminni, en arður nokkurnveginn vís af. Menn skilja, að það getur verið óárennilegt að leggja út í mikinn kostnað, ef hagnaðurinn er vafasamur, heldur en ef vís ábati er í vændum. En ef vel fer, þá er um svo mikið hagsmunamál að ræða fyrir marga menn, að ég tel rétt, að ríkissjóður styrki það ríflega. En ég efa, að í þetta verði ráðizt, ef ríkissjóður leggur fram aðeins þriðjung kostnaðar.

Það hefir tiltölulega lítið verið ráðizt á till. fjvn.; umr. yfirleitt verið almenns efnis, svo að ástæðulaust er fyrir mig sem frsm. að minnast aftur á sérstakar till. Þessar brtt. eru margar þannig vaxnar, að um þær getur verið álitamál. Ég sé enga ástæðu til þess að þreyta hv. d. á því að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um þær og mun því leiða algerlega hjá mér ummæli annara hv. þdm. um till. n.

Alveg sama er að segja um brtt. einstakra þdm. á þskj. 454. Ég hefi enn sem komið er ekkert sérstakt að segja um þær fyrir hönd n., annað en það, sem ráða mætti af till. hennar í málum svipaðs eðlis. N. hefir ekki haft tækifæri til þess að taka afstöðu til þeirra; hún hefir ekki komið saman síðan mælt var fyrir þeim, sem þó þarf að hafa átt sér stað, áður en n. er bær um að taka afstöðu. Ég mun ef til vill minnast á einhverjar þeirra síðar, en leiði þær hjá mér að sinni.

Jón Baldvinsson: Ég hefi borið fram

4 brtt. á 3 þskj. Eitt þeirra er að vísu ókomið, en ég ætla samt að minnast nú á till., til þess að lengja ekki umræður um of. Sé ég, að nú muni samtök um að flýta frv. og láta umr. ekki standa í marga daga, sem oft vill verða, þar sem margir vilja láta rök sín sjást í þingtíðindunum, en hirða minna um, þótt fáir hlusti á. Ætla ég og, að langar umr. hafi oft lítil áhrif, því að margir munu áður hafa gert upp við sig, hverjum brtt. þeir ætla að greiða atkv.

Fyrst er þá brtt. á þskj. 454, XI., 1800 kr. fjárveiting til dr. Guðbrands Jónssonar til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu. Það er sami styrkurinn sem stendur í fjárl. 1930, en verið felldur niður af stj., eins og margir aðrir styrkir, er staðið hafa lengi í fjárl. Þessi styrkur hefir staðið þar í allmörg ár, og þykist ég því ekki þurfa að mæla lengi með honum. Það er kunnugt, að dr. Guðbrandur er afkastamaður mikill og vel að sér í þessum fræðum; sennilega fróðastur þeirra manna, er vér höfum nú. Vænti ég þess, að hv. d. samþykki þessa till., sem hefði átt að standa í stjfrv. samkv. hefð.

Þá er önnur brtt. mín á þskj. 457 við 15. gr., styrkur til Árna Kristjánssonar pianóleikara til þess að fullkomna sig í pianóleik. Þessi maður er af þeim, sem honum hafa kynnzt, talinn vera einhver hinn snjallasti og efnilegasti leikari á pianó, sem vér eigum, og er sagt, að hann muni verða hinn mesti snillingur, ef hann á kost á að fá næga æfingu og kennslu. Svo mikið er látið af leikni hans og snilld, að hinir vandlátustu söngdómarar í Reykjavík, Sigfús Einarsson o. fl., hældu honum á hvert reipi fyrir hljómleika hans í haust. Meðmæli hans skal ég ekki lesa, því að ég geri ráð fyrir, að hv. fjvn. hafi kynnt sér þau. Það var einungis slysni, að þessi styrkur var ekki samþykktur í hv. Nd. Þar eru nægilega margir kunnugir högum hans og snilld til þess að styrkurinn hefði verið samþ., ef ekki hefði viljað til óhapp í atkvgr., sem ég hirði ekki að rekja hér. Árni sótti um 3000 kr., en brtt. fer fram á 2000 kr., og er það ekki mikið til þess að lifa af, þegar komið er í framandi land. En þyki þessi upphæð of há, þá hefi ég flutt varatill., 1500 kr. Væri honum það þó nokkur styrkur og betri en ekki, og auk þess væri honum miklu auðveldara að fá lán, ef hann gæti sýnt, að hann hefði fengið opinbera viðurkenning, sem þessi styrkur væri. Ég skal ekki orðlengja um þetta, en skiljast við till. með þeim venjulega formála, að ég er vongóður um, að á þetta verði litið eftir málavöxtum. Þá er till. óhætt.

Þriðja brtt. er á þskj. 454, XVII, við 18. gr.: Til Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu, 300 kr. Þessi kona hefir fengizt við hjúkrun í nálega 20 ár, en er nú orðin óvinnufær og hefir ekki miklu úr að spila, eins og verða vill um marga einstæðinga. Hún hefir beinlínis slitið sér út fyrir aðra, þó að hún hafi ekki verið sérstaklega lærð í upphafi, en fyrir 20 árum voru ekki til margar lærðar hjúkrunarkonur eða yfirsetukonur. Hafa margar heiðurskonur þegar fengið viðurkenning starfs síns úr ríkissjóði, og hygg ég, að hún sé hennar ekki síður makleg en aðrar. Og þó að margir styrkir komi á þessa grein þá eru upphæðirnar svo lágar, að það munar ríkissjóð litlu.

Þá hefi ég borið fram brtt. við þá brtt. fjvn. að fella Guðm. Kamban niður úr 18. gr. og setja hann í 15. gr. Ég get fallizt á, að eigi sé rétt, að svo ungur höfundur sem Kamban sé settur í 18. gr., en hinsvegar álít ég, að hann eigi einskis í að missa við það að vera fluttur í 15. gr. Ég hefi því borið fram brtt. um, að honum séu veittar 2800 kr. í 15. gr. Þeir rithöfundar og aðrir, sem eru í 18. gr., fá dýrtíðaruppbót á launum sínum, og sú upphæð er nú 40%. 2800 kr. í 15. gr. svara því til 2000 kr. í 18. gr.

Ég ætla mér ekki að fara að blanda mér inn í brtt. fjvn. eða einstakra manna, en mun sýna afstöðu mína til þeirra með atkv. mínu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vildi minnast á örfáar af brtt. á þskj. 454. Verða þá fyrst fyrir till. um byggingastyrki til tveggja manna. Þær kröfur virðast vera að færast í vöxt, að ríkissjóður eigi að byggja á ýmsum stöðum, þar sem gestkvæmt er. Að vísu er það rétt, að gestanauð er víða til sveita, og margir bændur gestrisnir, en þrátt fyrir

það tel ég rétt að vara hv. d. við slíkum styrkjum, því að óvíst er, hvar staðar verður numið á þeirri braut, ef út á hana er farið.

Það hefir verið bent á, að ríkið hafi látið byggja í Fornahvammi og á Ásólfsstöðum og Kolviðarhóli. Um Fornahvamm er það að segja, að í fyrsta lagi er hann eign ríkisins, og auk þess er þessi bær í óbyggð, þar sem nauðsynlegt er að halda uppi byggð vegna umferðar yfir breiða og hættulega heiði á vetrum. Í lágsveitum getur aftur á móti sjaldan stafað hætta af því, hvort menn verða að fara einni bæjarleið lengra eða skemmra. Þótt þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, séu sjálfsagt alls góðs maklegir, þá tel ég þó ástæðu til að vara hv. d. við því að fara inn á þessa braut.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um XIX. brtt., þar sem farið er fram á að heimila Finni Jónssyni listmálara 10 þús. kr. lán úr ríkissjóði, til þess að byggja sér vinnustofu. Hér er verið að fara inn á hála braut, ef það er tilætlunin að fara að búta ríkissjóðinn niður í lánveitingar til einstakra manna. Slík lán voru áður veitt úr viðlagasjóði, en nú er hann ekki lengur undir yfirráðum stj. og þings, og þá á að grípa til ríkissjóðsins. Það má vel vera, að sá maður, sem hér er um að ræða, eigi allt gott skilið, en ég sé ekki, að komið geti til mála að samþ. slíka till.

Þá vildi ég beina nokkrum orðum til hv. 3. landsk. Hann er að vísu ekki í deildinni sem stendur, enda get ég verið stuttorður, þar sem ég heyrði ekki sjálfur ræðu hans. En mér var sagt, að hann hefði komið með aths. við frv. sjálft, einkum þá grein þess, er fjallar um vexti ríkissjóðs af lánum. Hann taldi, að í 7. gr. væru ekki taldar aðrar en eldri skuldir, sem þar hefðu staðið áður, en áleit, að þar við ætti að bætast stofnfjárframlag það, sem ríkissjóður leggur Landsbankanum eftir Landsbankalögunum. Það er að upphæð 3 millj. kr. Ríkissjóður ætti því að færa til útgjalda vexti af þessu fé. En þetta er fullkomlega ástæðulaust, því að í lögum Landsbankans er gert ráð fyrir, að bankinn greiði ríkissjóði 6% af þessu innlánsfé, en þó aldrei meira en helming af tekjuafgangi sínum. Nú er alls ekki ástæða til að gera ráð fyrir því í fjárl., að Landsbankinn greiði ekki þessa vexti. Rekstrarhagnaður bankans árið, sem leið, er svo mikill, að vextirnir verða fullkomlega greiddir. Það er í fullu samræmi við 24. gr. Landsbankalaganna, að þessir vextir eru ekki reiknaðir til útgjalda.

Þá fann hv. þm. að því, að vextir af láni, sem ríkissjóður tók til að byggja símstöð í Reykjavík, séu færðir í 13. gr., en eigi að standa í 7. gr. En þetta er gert að fyrirlagi fjárl. fyrir 1930. Í XXI. lið 23. gr. stendur svo um heimild stj. til lántöku í þessu skyni:

„Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans".

Eftir þessu eru vextirnir að sjálfsögðu færðir í 13. gr., þar sem rekstrarkostnaður símans er færður, enda hafa fjvn. beggja deilda fallizt á það. Þessar aðfinnslur komu fram í Nd. á eldhúsdegi, og skýrði ég þar málið og sýndi fram á, að þessar færslur væru í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli þingsins. Ég sé því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, einkum þar sem hv. 3. landsk. er ekki viðstaddur.

Jón Jónsson: Það er ekki óeðlilegt, þó að lítill svipur kunni að þykja vera yfir brtt. fjvn., því að þær valda yfirleitt lítilli röskun, en svo á það að vera, ef Nd. hefir gætt skyldu sinnar í meðferð fjárl. Þegar fjárlagafrv. kemur hingað frá Nd., eiga að réttu lagi að vera fram komnar aðalóskir þingsins um breytingu á því. Eftir eiga þá ekki að vera nema óskir einstakra þm. í Ed. og endurskoðun fjvn. þar á frv., til að laga smá misfellur, sem kunna að hafa orðið í Nd. Með þetta fyrir augum hefir fjvn. hagað störfum sínum að þessu sinni, og jafnframt hefir hún reynt eftir megni að stuðla að því, sem hún telur ríkasta skyldu sína, að afgreiðsla fjárl. verði sæmileg, þannig að gjöld og varlega áætlaðar tekjur standist á.

Flestar till. n. eru smávægilegar, og eru fólgnar í því að strika burt smá misfellur. Flestar brtt. ganga í þá átt að fella niður styrki til einstakra manna. Þetta

er ekki gert vegna þess, að fjvn. álíti ekki, að sumir þessir styrkir geti verið réttmætir, heldur vegna þess, að n. álítur það ófært verklag, að þingið meti verðleika manna til þessara styrkja á hverju ári, heldur beri að veita heildarupphæð til náms, ritstarfa og utanferða, sem menntamálaráðið úthluti. Vildi ég mælast til, að hv. d. féllist á sem flestar af lækkunartill. þessum. Um hitt mætti síðar tala, hvort ástæða væri til að hækka heildarupphæð þá, sem menntamálaráðið hefir nú til úthlutunar.

Lækkunartill. n. nema samandregnar 60 þús. kr., en hækkunartill. 50 þús. kr. Þetta er varlega í sakirnar farið, og væri gott, ef hv. d. gæti afgr. fjárl. þannig.

Þá eru nokkrar brtt. frá einstökum mönnum. N. hefir ekki unnizt tími til að taka afstöðu til nema örfárra af þeim. Allar þessar till. eru í hækkunaráttina, og hafa samtals 50 þús. kr. hækkun í för með sér, ef samþ. verða. Má segja, að þetta sé ekki há upphæð, en ef hún bætist við þann 26 þús. kr. tekjuhalla, sem var í fjárl., er þau komu hingað, má segja, að fjárhagsáætlunin sé ekki varleg, þar sem tekjuáætlunin mun þegar vera orðin fullhá. Svo er þess að gæta, að í fjárl. vantar ýmsa liði, sem leiða af lögum, sem samþ. verða á þessu þingi. T. d. mun stuðningur ríkisins við Útvegsbanka Íslands hafa allmikla vaxtabyrði í för með sér. Verði fjárl. samþ. með þeim brtt., sem hér liggja fyrir, má búast við, að lækkunartill. við 3. umr. verði að koma niður á verklegum framkvæmdum, en þær býst ég við að okkur sé öllum sárast um.

Þá vil ég víkja lítið eitt að brtt. einstakra þm.

Kem ég fyrst að II. brtt. á þskj. 454. Ég hygg, að læknishérað það, sem hér er um að ræða, hafi fengið hlutfallslega jafnháan styrk til byggingar læknisbústaðar og önnur læknishéruð og tel varhugavert að fara inn á þá braut að veita einu héraði meira en öðru í þessu skyni. Ein af ástæðum hv. flm. var sú, að einn hreppur hefði skorazt undan þátttöku í byggingunni. Ég tel það hæpin meðmæli með þessari styrkbeiðni, að ráðizt skuli hafa verið í bygginguna af svo rasandi ráði, að ekki hafi verið fengið samkomulag um hana innanhéraðs áður. Ég tel mjög varhugavert að ljá þessari till. fylgi.

Hæstv. fjmrh. hefir þegar minnzt á byggingarstyrkina, og hefi ég þar litlu við að bæta. Í öðru því tilfelli, sem hér um ræðir, er svo mikil greiðasala og hagnaður af henni, að ekki getur verið ástæða til opinbers styrks, enda lýsti flm. því svo, að að bænum lægju þjóðbrautir úr öllum áttum. Það er sagt, að þarna á Egilsstöðum séu krossgötur fyrir alla, er um Héraðið fara. Eftir því ætti gistihús að bera sig án ríkisstyrks. Það er að vísu nokkur vorkunn, þó að hv. 2. þm. S.-M. komi með þessa fjárbeiðni, þegar samskonar liður stendur í fjárl. um styrk til gistihúss á Húsafelli. Margir nm. voru að vísu með því að taka þann lið út, og ætti að gera það við 3. umr. Þetta er ekki sambærilegt við það, að ríkið veitti fé til að byggja upp í Fornahvammi og fyrir norðan í Bakkaseli, því að ríkið á báðar þær jarðir og húsin auka þannig eign þess. Auk þess eru þeir bæir við einhverja allra fjölförnustu fjallvegi landsins og þannig settir, að ekki er um aðra nálæga gistingarstaði að velja.

Hv. þm. Ak. kvartaði um, að till. hans fengju daufar undirtektir. Ég efast nú um, að hann þurfi öðrum fremur yfir að kvarta. Stærsta till. hans fer fram á ríkisábyrgð fyrir 150 þús. kr. láni til Samvinnufél. sjómanna á Akureyri til að eignast fiskiskip, sem reka á með samvinnusniði. Ég verð að gleðja þm. með því, að þessari till. er ég mjög hlynntur. Mér finnst þessar sífelldu deilur milli útgerðarmanna og verkamanna, með verkföllum, er þeim fylgja, vera eitthvert alvarlegasta þjóðarbölið, og öruggasti vegurinn til að afstýra því sé að reka sjávarútveginn sem mest með samvinnufélagsskap.

Mig gleður það því mikið, að sjómennirnir beiti sér fyrir samvinnufélagsskap í þessu skyni, og tel ríkinu skylt að styrkja, þegar hægt er að gera það jafnáhættulítið eins og hér virðist vera, þar sem Akureyrarbær, sem er hvað fjárhagslega bezt stæður af bæjunum, er í bakábyrgð.

Þá er VII. brtt., við 14. gr. B. XV. 5., um 1000 kr. styrk til Bjargar Sigurðardóttur, til að kenna síldarmatreiðslu,

gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Þessi styrkur var veittur í fyrra, og þá sagði flm. þeirrar till., að það ætti að duga í eitt skipti fyrir öll. Menn bjuggust þess vegna ekki við, að það yrði standandi liður. Það væri tilhlýðilegra að síldareinkasalan styrkti þetta heldur en ríkissjóður. Annars hugsa ég að héruðin væru vís til að styrkja slíka kennslu.

Því næst kem ég að IX. brtt., frá hv. þm. Snæf., við 15. gr. 17., um að hækka ritstyrk séra Árna Þórarinssonar úr 600 upp í 1500, eða til vara 1200 krónur. Þessi brtt. stríðir á móti till. fjvn., því að hún sá sér ekki fært að halda þessum ritstarfastyrkjum. Það verður alltaf undir mati komið, hvort rétt sé að styrkja þennan eða neita öðrum. Og þm. hafa ekki alltaf skilyrði til að dæma um það af nokkru viti. Ég hygg t. d., að fæstir dm. hafi séð nokkurn staf eftir þennan mann, sem hér ræðir um, og þá er nú hægt að geta sér til, hve góð skilyrði við höfum til að dæma um, hvort hann sé styrks verður. Nei, þetta er alveg óhæfa, að þingið sé að vasast í að úthluta persónustyrkjum í allar áttir til utanfara, skálda, listamanna og til ritstarfa. Þeim styrk, sem þingið treystir sér að veita í þessu skyni, ætti að sjálfsögðu menntamálaráðið að úthluta. Ef menntamálaráðið hefði með þetta að gera, eins og mér finnst sjálfsagt, mætti ætlast til, að það gæti kynnt sér málið.

Þá kemur X. brtt., frá tveimur hv. þm., við 15. gr. 21., um 1500 kr. styrk til útgáfu myndabókar með verkum Ríkarðs Jónssonar. Þessi maður hefir verið allríflega styrktur og að því leyti verið betur settur en annað fólk hér í bæ, sem við listiðnað hefir fengizt, enda efa ég ekki, að hann sé meiri listamaður. Ég legg ekki móti brtt., en þó að hún yrði ekki samþ., stæði Ríkarður sjálfur samt betur að vígi en aðrir.

Þá er XI. brtt., frá hv. 4. landsk., við 15. gr. 41, um 1800 kr. til Guðbrands Jónssonar til að semja íslenzka miðaldamenningarsögu. Ef hv. d. tekur út aðra ritstyrki, þá er tæplega hægt að samþ. þennan, en geri hún það ekki, þá verður líklega að taka hann með.

XVIII. brtt., frá tveimur hv. þm., er við 22. gr. III., um að greiða h/f Eiríki rauða tap af Grænlandsför m/s Gotta 1929, 5 þús. kr. Ég verð að segja, að mér finnst það dálítið „flott" að leggja til að greiða félaginu svona mikið. Öllum er kunnugt um árangurinn, hversu glæsilegur hann er fyrir landið. Þetta eina dýr sem lifir, er víst áreiðanlega dýrasta skepna í landinu. Að sönnu er til skýrsla, sem Grænlandsfararnir hafa sent þinginu. Þá vantar eitthvað 6 þús. kr. til þess að fá fullt kaup. Þeir munu aldrei hafa samið um það við landsstj. að verða skaðlausir. Það gæti komið til mála að sýna þeim nokkra viðurkenningu, en þetta er of mikið. Ég vildi mælast til þess við hv. flm., að þeir tækju brtt. aftur og kæmu heldur með aðra við 3. umr. Annars verð ég að leggja til að fella hana. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., en mun með atkv. mínu sýna, hvernig ég lít á aðrar till.

Erlingur Friðjónsson: Ég tók að nokkru leyti undir ummæli hv. 3. landsk., að ekki sé nægilega vel frá frv. gengið og að rétt hefði verið að taka inn á það meira af vöxtum, sem greiða verður á árinu 1931. En ég átti við það fé, sem nú er búið að leggja í dánarbú Íslandsbanka. Ég gat þess, að það væri ekki óvanalegt að líta fram hjá svona póstum, og talaði því ekki meira um þetta atriði.

Ég þarf að minnast á eina ofurlitla brtt. við 35. brtt. á þskj. 436, við 17. gr. 13.—19. (Slysa- og sjúkrasjóðir), þar sem hv. fjvn. vill bæta við dálítilli aths. um, að fjárveitingarnar undir þessum tölulíðum séu bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina. Það er varla þörf á að skýra þessa litlu brtt. mikið. Þegar ég fór að athuga orðalag n., sá ég, að skilyrði hennar koma ekki að haldi, þegar fellt er burtu framan af liðnum það, sem ekki heyrir undir till. sjálfa, nefnilega fyrirsögn hennar. Hún fylgir eðlilega ekki með inn í frv. Því er nauðsynlegt að breyta og orða upphaf brtt. eins og ég legg til: Fjárveitingar undir 13.—19. tölulið eru bundnar því skilyrði o. s. frv. Ég vona, að hv. þdm. séu búnir að sjá, að þessa orðabreytingu

þarf að gera til þess að aths. verði hreinlega skilin.

Mig langar til að minnast á eina brtt., sem hv. þm. Snæf. talaði um. Hv. fjvn. leggur til að fella niður 1000 kr. styrk til söngkennslu við háskólann. Sennilega er það rétt hjá hv. þm. Snæf., að rangt sé að fella þennan lið alveg niður, þar sem ekki er víst nein önnur söngkennsla við háskólann en sú, sem greidd er með þessum styrk. Þó að ég væri með því að taka þennan lið út, hefi ég við nánari íhugun fallizt á, að rétt sé að lofa honum að standa. Ég vildi fara fram á það við hv. form. fjvn., að hann tæki þessa brtt., nr. 7 á þskj. 436, aftur til 3. umr. Hinsvegar get ég ekki fallizt á röksemdafærslu hv. þm. Snæf., að þetta ætti að vera hærra.(IHB: Spurning).

Þetta eru ekki nema tvær stundir í viku, sem söngkennslan fer fram, og koma þá a. m. k. 12—14 kr. á tímann. Má telja það allrausnarlega borgað. En það mætti kannske hafa fleiri tíma.

Hv. form. fjvn. hélt, að fjárl. yrðu heldur ófrýn, ef samþ. yrðu allar hækkunartill., sem nú eru á ferðinni. Mér finnst ekki ákaflega háskalegt, þó að við hér í Ed. kæmumst upp undir 100 þús. kr. með hækkanir. Það verður þó tæplega svo mikið, sem aukin útgjöld mundu nema, þó allar hækkunartill. fjvn. á þskj. 436 og einstakra þm. á þskj. 454 væru samþ. Ég er ekki með þessu að mæla með öllum þeim brtt., ég mun síðar sýna með atkv. mínu álit mitt á þeim, en ég vildi gera þessa aths. við það, sem hv. form. fjvn. sagði. Og ég vil benda hv. þm. á, að nú er á ferðinni í Nd. tekjuaukafrv., tóbakseinkasalan, sem ég vona að nái fram að ganga. Sá tekjuauki gæti vegið upp á móti. (JónJ: En Útvegsbankavextir?). Þar sem þeir eru ekki teknir með í reikninginn á fjárl. gætu þau litið sæmilega út, þó að útgjöldin hækkuðu dálítið.

Loks þarf ég að minnast á matreiðslustyrkinn til Bjargar Sigurðardóttur, sem ég flutti á síðasta þingi og hv. 2. þm. S.-M. flytur nú. Það er rétt, að ég flutti þá till. þannig, að styrkurinn væri veittur í eitt skipti fyrir öll. Og mín skoðun er, að rétt sé að láta það duga, a. m .k. þetta ár. En viðvíkjandi því, að síldareinkasalan ætti að styrkja þessa konu, get ég sagt, að það hefir hún gert síðastliðið ár, og mundi kannske gera það áfram, ef þessi kona kennir lengur.

En það er eðlilegt, að Alþingi vilji líta eftir árangrinum, áður en það veitir meira. Ég mun greiða atkv. móti till., enda hélt ég því fram í fyrra, að þetta skyldi veitt í eitt skipti fyrir öll.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég hefði aðeins viljað spyrjast fyrir hjá hæstv. forseta, hvort hann hefði nokkuð á móti því að fresta umr., svo að fjvn. gæti komið saman og rætt um nýjar brtt. áður en umr. er lokið.

Forseti (GÓ): Ég held, að hv. fjvn. hafi talað nóg um þessar brtt., og þó að einhverjar smátill. hafi komið síðan, held ég að menn geti vel áttað sig á þeim án sérstaks nefndarfundar. Ég vildi, að menn notuðu sér tímann til umræðna fyrir háttatíma, því að það er að minnsta kosti einn hv. þdm., sem ekki segist geta verið við atkvgr. hér eftir kl. 12.

Frsm. (Páll Hermannson): Fyrst umr. verður ekki frestað, sé ég ástæðu til að segja nokkur orð. Hv. form. fjvn. hélt því fram, að fjvn. væri búin að taka afstöðu til allmargra brtt. á þskj. 454. Þó að ég kæmi á fund n. í morgun, þegar flm. voru ekki búnir að tala fyrir þessum brtt. og skýra þær, hefi ég ekki umboð fjvn. til að lýsa vilja hennar nema um örfáar. Ég skal þó nefna tvær.

Við XIII. brtt. á þskj. 454, sem er við 16. gr. 45, nýr liður, um allt að 2 þús. kr. til að rannsaka til fullnustu og gera laxgengan farveg Blöndu undan Enni, ⅓ kostnaðar, sem reyndar er víst prentvilla fyrir ⅔, — við þá brtt. skal ég geta þess, að n. hafði einmitt tekið þá ákvörðun að mæla með henni, áður en prentvillan kom til sögunnar. Nú veit ég ekki fyrir víst, hvort n. sæi sér fært að standa við það, þegar ⅓ breytist í ⅔. Þetta sýnir, hve varasamt það er fyrir fjvn. að taka ákvörðun til fulls, áður en þm. hafa talað fyrir till. sínum.

Ég skal líka geta þess, að n. hefir ákveðið að mæla með XIV. brtt., frá hv. þm. Ak., við 17. gr. 19., um nýja liði, 300

kr. til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar, og 150 kr. til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar þar.

Um aðrar brtt. hefi ég ekki skrifað hjá mér neinar ákvarðanir af hálfu n.

Ég vildi leiðrétta þau ummæli mín, að styrkurinn til Mjallar næmi fullum 6 aurum á hvern lítra mjólkur. Nú í dag var mér sagt, að það sé rangt. Að vísu sé í hverri dós um einn lítra af niðursoðinni mjólk, en það jafngildi tveimur lítrum af nýmjólk. Þá er styrkurinn í raun og veru helmingi lægri á hvern lítra en ég og fleiri nm. hafa ætlað að hann væri.

Mér þykir nokkur ástæða til að minnast dálítið á þær undirtektir, sem tvær brtt. hafa fengið, þær einu sem ég persónulega hefi við fjárl. Hv. form. fjvn. benti á, að læknisbústaður Hróarstungulæknishéraðs mundi hafa fengið sinn styrk úr ríkissjóði áður. Það er alveg rétt. Hann hefir fengið þann styrk, sem allsstaðar er ætlaður til læknisbústaða með sjúkrastofum. Hitt þykja mér nokkuð kuldaleg og ómakleg ummæli hjá þessum hv. flokksbróður mínum, að Héraðsbúar hafi farið rasandi ráði, þegþeir reistu þetta hús. Það er þægilegt fyrir þá, sem eru í hæfilegri fjarlægð, að segja mönnum að bíða, þangað til að samkomulag er fengið. En það er ekki jafnþægilegt í framkvæmdinni, þegar það kostar það að vera læknislaus. Þó að þessi ummæli megi kannske teljast réttmæt í orði kveðnu, þá er slíkt ómögulegt í veruleikanum. Þar er hægara um að tala en í að komast. Mönnum er sagt að bíða bara, svo skuli allt lagast af sjálfu sér, þegar tími sé kominn til. En hve lengi átti að bíða? Átti að bíða þar til annar helmingurinn var dauður, en hinn fluttur á mölina? Ég sé ekkert varasamt við það, eins og sakir standa, að verða við þessari umleitun. Ég held, að þingið þurfi ekki að sjá eftir því, þótt það sumstaðar geti bætt úr brýnustu þörfum landsmanna. Til þess situr það hundrað daga á ári.

Þá hafa og tveir hv. flokksbræður mínir minnzt á brtt. um gistihúsbyggingar, þeir hæstv. fjmrh. og hv. 6. landsk. Hæstv. fjmrh. sagði, að margir gestkvæmir staðir væru á landinu og margir gestrisnir bændur, og dettur mér ekki í hug að andmæla þessu. En þar sem gistihús með 20 rúmum er oft of lítið, hrekkur almenn gestrisni ekki til að bæta úr þörfinni. Þetta er að vísu ekki svo á Fossvöllum, en um Egilsstaði á það við. Hæstv. ráðh. vildi ennfremur halda því fram, að ekki væri sambærilegt að veita svona styrk til að reisa hús á jarðeignum einstakra manna og að veita hann til byggingar á jörðum, sem eru ríkiseign, eins og stundum hefir verið gert. Hv. 6. landsk. tók og í hinn sama streng. Þetta verð ég að leyfa mér að kalla firru. Það er ekki til þess að hækka verðið á jarðeignum sínum, að ríkið hefir styrkt nokkrar gistihúsbyggingar, heldur er það fyrst og fremst gert vegna umferðarinnar. Eins verð ég að efast um, að allar gistihúsabyggingarnar upp til fjalla, sem samþ. hafa verið fram að þessu, hafi verið gerðar í því skyni framar öllu öðru að forða slysförum og hrakningum. Ég er a. m. k. hræddur um, að það sé ekki svo um Ásólfsstaðagistihúsið. Ég man ekki betur en að það sé reist fyrst og fremst vegna ferðamannastraumsins á sumrin. Að Fossvöllum og Egilsstöðum koma menn hinsvegar oft hraktir af ferðinni yfir Fjarðarheiði, og eiga þessir staðir að því leyti sammerkt t. d. við Bakkasel, Fornahvamm og Kolviðarhól. Mér kemur ekki til hugar að telja eftir styrk þann, sem veittur hefir verið til gistihúsa á þessum stöðum, en ég heimta réttlæti og jöfnuð milli landshlutanna í þessum efnum. Það getur ekki staðizt, að aðeins einstakir landshlutar eigi rétt á að njóta þessa styrks — Ég skil í sjálfu sér mjög vel, að hæstv. fjmrh. áliti það skyldu sína að halda sem fastast utan að peningum ríkissjóðs, en þá hefði bæði sjálfur hann og fyrirrennarar hans átt að vera strangari í þessum efnum áður. Hæstv. ráðh. hefði þá t. d. ekki átt að bera sjálfur fram í fjárlfrv. stóra fjárveitingu til gistihússbyggingar í Bakkaseli.

Guðmundur Ólafsson: Út af ummælum hv. frsm. vil ég aðeins taka fram, að ég ætlast til, að sami styrkur hlutfallslega verði veittur til að gera Blöndu laxgenga undan Enni eins og til að gera laxastiga í Lagarfoss. Ef brtt. XII, 2 á

þskj. 454 verður samþ., ætlast ég þannig til, að eftir minni brtt. — XIII. á sama þskj. — verði og veittir ⅖ kostnaðar. En verði brtt. XII, 2 felld, fer ég aðeins fram á ⅓ kostnaðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 454,I. samþ. með 9:1 atkv.

— 436,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 436,2 samþ. með 8:5 atkv.

— 454,II.1 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, PH, EF, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald.

nei: JÞ, JónasJ, BK, EÁ, JónJ, GÓ.

Brtt. 436,3 samþ. með 11:1 atkv.

— 436,4 samþ. með 11:1 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 454,II.2 felld með 9:3 atkv.

— 454,III felld með 10:4 atkv.

— 436,5 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 454,IV samþ. með 11:2 atkv.

— 436,6 samþ. með 8:5 atkv.

— 436,7 tekin aftur.

— 436,8 samþ. með 8:5 atkv.

— 436,9 samþ. með 8:6 atkv.

— 436,10 felld með 8:2 atkv.

— 436,11 samþ. með 8:6 atkv.

— 454,V.1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 454,V.2 samþ. með 8:6 atkv.

— 436,12.a.—b. samþ. með 12. shlj. atkv.

— 436,13.a. felld með 7:7 atkv.

— 436,13.b. felld með 8:5 atkv.

— 454,VI samþ. með 12 shlj. atkv.

— 436,14 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 436,15.a.—b. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 454,VII felld með 8:3 atkv.

— 436,16 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, EÁ, EF, JBald, JónJ, JónasJ, GÓ.

nei: BK, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JÞ, JKr.

Brtt. 436,17 felld með 7:6 atkv.

— 436,18 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JónJ, JónasJ, BK, EÁ, HSteins, GÓ.

nei: IP, JBald, JÞ, JKr, PH, EF.

Brtt. 436,19 felld með 11 shlj atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 454,VIII samþ. með 8:4 atkv.

— 454,IX (aðaltill.) felld með 7:4 atkv.

— 454,IX (varatill.) felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, PH, BK, HSteins.

nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, EÁ, EF, GÓ.

Jón Baldvinsson: Ég álít, að bera skuli upp hvert nafn í næstu brtt. sér í lagi. Þar er lagt til að fella niður fimm liði, og getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að hver liður sé borinn upp fyrir sig.

Jóhannes Jóhannesson: Hér er að eins um eina brtt. að ræða, og verður því að koma fram með nýja brtt. við hana, til þess að hún verði borin upp í mörgu lagi.

Jón Baldvinsson: Ef þessu er svo farið, treysti ég mér ekki til að greiða atkv. um till., þar sem ég er með sumum styrkjunum, en móti öðrum.

Brtt. 436,20 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

nei: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

JBald greiddi ekki atkv.

Brtt. 454,X samþ. með 8:2 atkv.

— 436,21 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

nei: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr.

Brtt. 457,I (aðaltill.) felld með 8:2 atkv.

— 457,I (varatill.) felld með 7:4 atkv.

— 436,22 felld með 7:7 atkv.

— 436,23 felld með 7:6 atkv.

— 436,24 samþ. með 8:6 atkv.

— 464 felld með 7:5 atkv.

— 436,25 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EF, IP, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.

nei: HSteins, IHB. JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK,

Brtt. 454,XI samþ. með 8:4 atkv.

Jón Þorláksson: Áður en 15. gr. er borin upp til atkv., ætla ég að víkja að úrslitunum um atkvgr. um 20. brtt. fjvn., sem talin var samþ. með 7:6 atkv.

Í gær féll úrskurður forseta Sþ., sem var á þá leið um samskonar atriði og þessi till., að hún var talin fallin vegna ónógs atkvæðamagns undir sömu kringumstæðum. Ég álít þennan úrskurð forseta Sþ. réttan.

Það eru nú 14 menn hér í þessari hv. d., sem ég verð að telja atkvæðisbæra, þótt undanfærsla 1 þm. hafi verið gild tekin. Það er líka dálítið leiðinlegt, að hæstv. forsetar úrskurði sitt á hvað í þessum tilfellum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil halda mig við úrskurð forseta þessarar d., að ef gild séu tekin rök þm., sé hann ekki atkvæðisbær. En þá hefir till fengið meiri hl. og það, sem forseti hefir úrskurðað, eru úrslit málsins. (**JÞ:** Þetta er á móti tveim gr. þingskapa). Fjarstæða.

Forseti (GÓ): Ég verð að segja það, að þótt hv. 3. landsk. vitni í úrskurð forseta í Sþ., þá ætla ég mér ekki að nota mér það, og úrskurða því sem í fyrra. Ég tel 13 þm. atkvæðisbæra, þar sem ég hefi tekið gilda afsökun hv. 4. landsk. og álít, að það, sem ég hefi úrskurðað, bæði í fyrra og nú, sé eftir þingsköpum. Ég álít þess vegna, að af 13 atkvæðisbærum þm. sé 7 meira en helmingur. (**JÞ:** Það eru fleiri atkvæðisbærir).

Jón Þorláksson: Ég skal benda á, að það stóð eins á í Sþ. í gær. Það voru ýmsir þm., sem greiddu þá ekki atkv. En úrslitin voru þau, að till. væri fallin.

Forseti (GÓ): Ég vissi ekki til, að forseti Sþ. leitaði eftir ástæðu hjá neinum þm., svo þetta á ekki við. Verður svo gengið til atkv. um 15. gr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 436,27 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 436,28 samþ. með 11:1 atkv.
— 436,29 samþ. með 11:1 atkv.
— 436,30 samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 436,31.a—b samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, HSteins, IP, JBald.
nei: JÞ, JKr, BK, IHB, JóhJóh, GÓ.
Brtt. 454,XII.1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 436,32.a—c, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 454,XII.2 felld með 8:5 atkv.
— 454,XIII samþ. með 8 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 436,33.a—b samþ. með 8:5 atkv.
— 436,34 samþ. með 11:2 atkv.
— 457,II samþ. með 8 shlj. atkv.
— 436,35, svo breytt, sam með 11 shlj. atkv.
— 454,XIV.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 436,36 samþ. með 8:3 atkv.
— 436,37.a—c samþ. með 8:4 atkv.
— 454,XV samþ. með 9:4 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 436,38 samþ. með 10:2 atkv.
— 436,39 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 436,40 samþ. með 10 shlj atkv.
— 454,XVI.1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 436,41.a samþ. með 8:4 atkv.
— 436,41.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 436,42 samþ. með 8:4 atkv.
— 436,43 samþ. með 8:5 atkv.
— 436,44 felld með 8:3 atkv.
— 436,45 samþ. án atkvgr.
— 454,XVI.2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 436,46 samþ. með 10 shlj. atkv.
454,XVII samþ. með 8:3 atkv.
18. gr., svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr., með tölubreytingum samkv. atkvgr., samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 454,XVIII felld með 9:2 atkv.
— 454,XIX samþ. með 8:5 atkv.
— 436,47 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhJóh, JónJ, JónasJ, PH, BK, HSteins, IHB, GÓ.
nei: IP, JBald, JÞ, JKr, EÁ, EF.
Brtt. 436,48 samþ. með 8:2 atkv.
— 436,49 samþ. með 8:4 atkv.
— 454, XX felld með 8:5 atkv.
— 454,XXI.a tekin aftur.
— 454,XXI.b samþ. með 8:6 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 436,50.a samþ. með 12:1 atkv.
— 436,50.b samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 469).

Frsm. (Páll Hermannsson): Fjvn. ber ekki fram margar brtt. nú fremur en fyrri daginn, og ætti því að vera fljótlegt að tala fyrir þeim. Áður en ég vík að einstökum brtt., vil ég þó segja örfá orð um tekjuhlið frv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru tekjur ríkissjóðs á árinu 1931 áætlaðar 12756600 krónur. Þetta er miklu hærra en áður hefir verið, eins og líka eðlilegt er, þar sem útgjöldin samkv. frv. eru um 900 þús. kr. hærri en síðastl. ár, eins og ég mun hafa getið um við 2. umr., en samt er tekjuhalli ekki nema röskar 53 þús. kr. Ég hefi hér skrá um ýmsa tekjuliði ríkissjóðs, eins og þeir hafa orðið samkv. landsreikningi 1927 og 1928, og eins og næst verður komizt, að þeir hafi orðið á árinu 1929. Ég sé þó ekki ástæðu til að lesa hér upp alla þessa skrá, en til gamans og fróðleiks skal ég lofa mönnum að heyra, hvert varð meðaltal nokkurra helztu tekjuliða þessi 3 ár:

Fasteignaskattur	263	þús. kr.
Tekju- og eignarskattur	1200	— —
Lestagjald	51	— —
Aukatekjur	555	— —
Erfðafjárskattur	43	— —
Vitagjald	431	— —
Stimpilgjald	397	— —
Útflutningsgjald	1210	— —
Áfengistollur	508	— —
Tóbakstollur	1094	— —
Kaffi og sykurtollur	1166	— —
Annað aðflutningsgjald	257	— —
Vörutollur	1610	— —
Verðtollur	1600	— —
Gjald af sætindagerð	99	— —
Pósttekjur	561	— —
Símatekjur	1630	þús. kr.
Víneinkasala	618	— —

Um tvo af þessum liðum, kaffi- og sykurtoll annarsvegar og verðtoll hinsvegar, er þess að geta, að löggjöfin um þá hefir breytzt á þessu tímabili. En þar sem annar hefir hækkað en hinn lækkað, jafnast það nokkurn veginn upp. — Með samanburði á þessum tölum, sem ég nefndi, og áætlunarupphæðunum í fjárlagafrv., geta hv. þdm. nú gert sér nokkra grein fyrir, hvort tekjurnar sé of djarflega áætlaðar.

Heildartekjur ríkissjóðs hafa orðið þessar 3 undanfarin ár:

1927	12862	þús. kr.
1928	14409	— —
1929	16139	— —

Meðaltal þessara 3 ára hefir því orðið 14470 þús. kr. Nú eru útgjöldin samkv. fjárlfrv. áætluð 12809 þús. kr. Ef gengið er út frá því, eftir reynslu undanfarinna ára, að þau hækki um 15% frá áætlun, þá nemur sú hækkun 1820 þús. kr., en útgjöldin yrðu þá samtals 14629 þús. kr. Eins og ég sagði áðan, er meðaltal tekna síðustu þriggja ára 14470 þús. kr. eða 159 þús. kr. lægra en ætla má, að útgjöldin verði 1931.

Ég veit nú ekki, hvað segja skal um þessa áætlun, en yfirleitt fannst n., að tekjurnar myndu hæfilega áætlaðar í frv., en útgjaldahlið þess vera komin eins hátt og frekast væri unnt. Það er alveg víst um ýms útgjöld, sem gera munu vart við sig, þótt þau séu ekki talin í frv., t. d. sá kostnaður, sem ríkissjóði verður af stofnun Útvegsbankans. Sumir liðir í kostnaðaráætluninni eru einnig alltof lágt áætlaðir, t. d. viðhald þjóðvega. Eftir áliti vegamálastjóra getur það vel komizt upp í 400—500 þús. kr., en er í frv. áætlað aðeins 200 þús. kr. Nú hefi ég heyrt, að til standi að koma fram tekjuaukafrv., sem einmitt stendur í sambandi við viðhald þjóðveganna. Það er frv. um innflutningsgjald af benzíni, sem 4 af 5 fjhnmönnum í hv. Nd. munu flytja. Er búizt við um 200 þús. kr. tekjuauka af því, ef fram gengur, og mætti þá ætla, að tekjur og gjöld ríkissjóðs stæðu nokkuð í járnum.

Ég mun nú ekki hafa þennan inngang

lengri, en sný mér að einstökum brtt. fjvn. á þskj. 497.

Fyrsta brtt. fjvn. er við 2. gr. 17, og er þar lagt til að hækka áætlaðar tekjur af verðtolli um 60 þús. kr., úr 1700 þús. kr. í 1760 þús. kr. Ég skal geta þess, að það kom mjög fram í n., að algert álitamál væri, hvort rétt myndi að hrófla við tekjuhlið fjárlagafrv. Nú er í frv. nokkur tekjuhalli áætlaður, og var það vist álit allra nm., að ekkert breyttist sú raunverulega niðurstaða um hann, hvort sem það yrði ofan á að samþ. þessa brtt. eða ekki. En elzti og reyndasti maður n. benti á, að varhugavert væri að fara inn á þá braut að samþ. fjárl. með tekjuhalla. Þessi till. fjvn. um 60 þús. kr. hækkun á tekjuáætluninni, mætti þá jafnframt skoðast sem yfirlýsing n. um það, að hún felli sig ekki við meiri hækkun á gjaldahliðinni en til jafns við þessa upphæð. Bæði mun hún sjálf ekki bera fram frekari brtt., og eins standa saman gegn brtt. frá öðrum, er gætu komið gjöldunum fram úr því, að jöfnuður verði á tekjum og gjöldum í frv. Ég held, að mér sé óhætt að leggja fullt eins mikla áherzlu á þetta atriði eins og hitt, að síðastl. ár var verðtollurinn um ½ millj. kr. hærri en hann er nú áætlaður.

Brtt. IV. og VI., sem eru næstu brtt. n., eru aðeins orðabreytingar, sem ástæðulaust er að tala um.

Brtt. X. er um 2000 kr. hækkun á fé því, sem ætlað er til stundakennslu við menntaskólann, og eins og stendur í b.-lið brtt., má verja allt að 2000 kr. af þessari upphæð til stundakennara í námsgreinum þeim, sem Guðmundur Bárðarson kennir. Svo stendur á þessari brtt., að G. B. hefir sótt um eins árs frí frá kennslustörfum, en fá samt að halda fullum kennaralaunum. Ætlar hann að nota þennan tíma til að vinna úr jarðfræðirannsóknum sínum og ganga frá vísindariti um þær. Fjvn. fannst rétt, að orðið yrði við þessari beiðni, og þessar 2000 kr. eru mismunurinn á launum hans og venjulegum stundakennslutaxta. En þennan mun yrði að bæta þeim manni að einhverju eða öllu leyti, sem tæki að sér kennslu G. B.

Næst kemur brtt. XXXI. í 4 liðum, a.—d. a-liður er aðeins tilfærsla. Fjvn. kunni því betur að hafa allar slíkar heimildir saman í 22. gr. fjárl. Í hinum liðunum er það lagt til, að 3 hreppsfélögum sé gefinn upp ýmist nokkur hluti eða öll skuld þeirra til ríkissjóðs. b.-liður er um að gefa Árneshreppi í Strandasýslu eftir ½ ef 11650 kr. skuld hans við ríkissjóð, c.-liður er um að gefa Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu eftir kr. 262.50 og alla ógreidda vexti, gegn því að hreppurinn greiði eftirstöðvarnar, 3000 kr., með jöfnum afborgunum í næstu 12 ár. d.-liðurinn er loks um að gefa Gerðahreppi í Gullbringusýslu eftir skuld hans við viðlagasjóð, að upphæð 37 þús. kr. Ég vil geta þess, að fjvn. er öll sammála um að gefa upp þá fjárhæð, sem um ræðir í d.-liðnum, með því að þetta sveitarfélag er alveg sérstaklega illa stætt. Sveitarsjóðurinn skuldar nú um 30 þús. kr. umfram eignir og íbúarnir eru mjög fátækir. Ómagaframfærslan er eindæma þung í þessum hreppi, um 158 kr. á hvern verkfæran mann á ári, þar sem meðaltalið á öllu landinu er 43 kr. á hvern verkfæran mann. — Um hina hreppana tvo orkar meira tvímælis, því að það er a. m. k. vafamál, hvort þeir geta ekki greitt þessar skuldir að fullu. N. þótti þó rétt að bera brtt. fram, þar sem þær eru gerðar í fjmrn. að yfirveguðu ráði, og koma ennfremur til að flýta fyrir því, að eftirstöðvar tveggja lánanna séu greiddar.

Brtt. XXXVI er aðeins afleiðing af brtt. XXXI a, og þarf það ekki skýringa.

Get ég svo látið útrætt að sinni.

Erlingur Friðjónsson: Líklega má segja, að ég eigi allríflegan skerf af brtt. þeim, sem nú eru bornar fram, en þó finn ég enga sérstaka hvöt hjá mér til að afsaka þetta. Afstaða mín sem fulltrúa þess kjördæmis, sem ég er kosinn fyrir, er nokkuð önnur en ýmissa annara hv. þdm., einkum liðsmanna hæstv. stj., sem hafa aðstöðu til að fá nauðsynlegar fjárveitingar til sinna kjördæma teknar upp í fjárlagafrv., áður en það er lagt fyrir Alþingi. Er það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að slíkir menn þurfi færri brtt. að bera fram. Einnig er það kunnugt, að mjög ríflegum hluta af tekjum ríkissjóðs er fyrirfram ráðstafað með lögum til ræktunar og nýbygginga í sveit, auk allra fjárveitinganna, sem æ eru í fjárl. til

vega, brúa og síma um sveitirnar. Ég er ekki að finna að þessu í sjálfu sér, en vil aðeins minna á, að af þessum ástæðum er það einnig eðlilegt, að kaupstaðarþm., eins og ég, beri fram meira af brtt. en þm. fyrir sveitakjördæmin.

Áður en ég vík að brtt. mínum, vil ég minnast örlítið á ræðu hv. frsm. og þá einkum það, sem hann minntist á hækkun á einum áætlunarlið í tekjubálki frv. Ég greiddi ekki atkv. með þessari brtt. innan fjvn., þar sem mér þótti þegar nógu langt komið í hv. Nd. í hækkuninni á þessum liðum. Ég mun að sönnu ekki hafa greitt atkv. gegn brtt. innan n. og talaði litið á móti henni. Þó mun ég hafa látið þá skoðun í ljós, að ég teldi þessa ekki þörf, meðfram fyrir þá sök, að nú er komið hingað frv. til l. um einkasölu á tóbaki, sem líklegt er að gangi fram og auki tekjur ríkissjóðs til nokkurra muna. Því finnst mér, að frv. megi ganga aftur til hv. Nd. án breytinga á tekjuliðnum þess. Þar mætti síðan breyta tekjuáætluninni, ef svo sýndist, eftir að tóbakseinkasölufrv. hefði verið samþ. Ég vil geta þess arna til þess að hv. dm. viti, að ég vonast til, að frv. um tóbakseinkasölu nái fram að ganga. Og þó að fjárl. hækki eitthvað í þessari hv. d., mundi sá tekjuaukí alltaf koma á móti. Ég hugsa það verði ekki talið neitt óeðlilegt, þótt útgjöld ríkissj. verði hækkuð dálítið í hv. Ed., þar sem ⅓ hluti þingsins hefir sæti. Og að sjálfsögðu hafa þm. þessarar hv. d. gildar ástæður til að koma með sínar óskir um framlög til ýmislegs, alveg eins og þm. í hv. Nd.

Ég ætla þá að víkja að einstökum till., sem ég á á þskj. 497.

Fyrsta brtt. mín er um það, að Þóru Havsteen á Akureyri sé veittur styrkur til þess að koma upp lækningastofu fyrir gigt- og nuddlækningar. Þessi kona hefir verið utan um tveggja ára skeið og lært þar bæði sjúkraleikfimi, gigt- og nuddlækningar, og annað það, sem lýtur að því að hressa upp á líkamann á svipaðan hátt. Hefir hún meðmæli allra lækna á Akureyri, Steingríms Matthíassonar, Valdemars Steffensen, Bjarna Bjarnasonar og Péturs Jónssonar. Telja þeir allir nauðsynlegt, að slíkri lækningastofu sé komið upp á Akureyri. En til þess vantar hana fé. Það mun vera fordæmi fyrir samskonar fjárveitingu, því að Jón Kristjánsson mun hafa fengið meira að segja árlegan styrk til nuddlækninga; og þó að sá styrkur hafi nú verið tekinn út af fjárl., má samt sem áður veita þessari konu þennan styrk í eitt skipti fyrir öll. Það er ekki nema hliðstætt við hitt tilfellið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta erindi, en legg það undir dóm hv. d.

Brtt. mín við 13. gr. lýtur eingöngu að því að ráðstafa þeirri hækkun, sem þegar er gerð á þessum lið nú við 2. og 3. umr. í hv. d. Það vill svo einkennilega til, að það fylgir þessum lið í fjárlagafrv. þannig löguð aths., að uppbótinni sé ráðstafað eftir sömu reglu og 1927. En fyrir það ár er engin regla sett um ráðstöfun á þessu fé; það stendur aðeins: til símritara o. fl., 8 þús. kr. Aftur á móti er sagt í fjárl. fyrir 1928: til símritara og fleiri, eftir sömu reglu og 1927. Þessar reglur eru með öðrum orðum alls ekki til í fjárlagafrv., og því flyt ég till. um, að hækkun þessi skiptist milli allra hlutaðeigandi starfsmanna, hvort sem þeir eru skipaðir eða settir. Þar sem þetta fé er veitt í þeim tilgangi, að landssíminn geti haldið góðum starfsmönnum hjá sér, þá taldi ég nauðsynlegt, að hækkuð væru laun þeirra einnig, sem eru að búa sig undir að verða símritarar, en eru ekki enn skipaðir í neina fasta stöðu.

XI. brtt. á þskj. 497 fer fram á, að lagt sé fé til byggingar lesstofu fyrir nemendur Gagnfræðaskólans á Akureyri, og eldhúss fyrir heimavist hans. Þó að þetta skólahús sé nokkuð stórt, þá er það svo fullt, að það vantar tilfinnanlega lesstofu. eins og menntaskólinn hér hefir nú nýviðgerða og þykir vera fyrirmynd. Skólameistari gagnfræðaskólans er staddur hér í bænum, og hefir hann skoðað lesstofu menntaskólans og er mjög hrifinn af henni. Þykir honum eðlilegt og sjálfsagt, að gagnfræðaskólinn nyrðra eignist slíka lesstofu. Ennfremur vantar skólann eldhús fyrir heimavistina, og væri mjög heppilegt að byggja þetta tvennt sameiginlega. Skólameistari talaði og um meiri húsaskort, en ég sá ekki fært að fara fram á meiri umbætur nú en þetta.

XXI. brtt. eru tveir persónustyrkir. Fyrri liðurinn fer fram á, að Finni Sigmundssyni verði veittar 2000 kr. — eða til vara 1500 kr. —, til þess að semja skrá yfir íslenzkar rímur og kanna sögu þeirra. Maður þessi segist hafa lagt nokkra vinnu í það að kanna sögu rímnakveðskaparins frá upphafi. Þessi list kveðskapar er eins og allir þekkja, ævagömul og algerlega sérstæð með okkur Íslendingum, að því leyti ekki sízt, að hún blómgast mest á þeim tímum, þegar lítið ber á öðrum bókmenntum. Er rímnakveðskapurinn yfirleitt mjög sérkennilegur fyrir okkar þjóð. Til þess að geta unnið að þessari rannsókn í framtíðinni kveðst Finnur þurfa að fá nokkuð ríflegan styrk. Sýnist mér sanngjarnt og eðlilegt, að þingið styrki þennan mann til slíks starfs og hefi því leyft mér að flytja þessa brtt.

2. liður þessarar XXI. till. er um að veita Jóhanni Sveinssyni frá Flögu styrk til þess að semja kennslubók í almennri skólasögu, 2000 kr. — eða til vara 1500 kr. Maður þessi hefir fengið styrk hjá þinginu áður, til þess að leita sér menntunar í uppeldismálum utanlands. Það sýnir, að hann hefir notið trausts þingsins þá. Þessi hv. d. samþ. þann styrk; býst ég því við, að hann sé að góðu kunnur, og tel ekki ástæðu til að fara fleirj orðum um þessa till.

Þá er brtt. XXVII., sem fer fram á, að Unni Benediktsdóttur, sem kallar sig Huldu, verði veittar 1000 kr. sem skáldalaun. Við höfum nú í fjárl. 2 eða 3 skáldkonur. Man ég nú í svip eftir þeim Ólöfu frá Hlöðum og Kristínu Sigfúsdóttur. Sú síðarnefnda hefir 1000 kr. í skáldalaun. Jafnvel þó að liggi miklu meira eftir U. B. en Kristínu Sigfúsdóttur, þá fer ég ekki fram á hærri upphæð til hennar. Það munu þegar vera komnar út þrjár ljóðabækur eftir hana og fjórar sögubækur og æfintýri. Og nú er í prentun stórt safn af sögum og æfintýrum eftir hana Unnur Benediktsdóttir hefir því lagt fram ríflegan skerf sem skáldkona, og lítur út fyrir, að hún eigi töluvert mikið að leggja fram enn af skáldverkum, enda er hún ekki meira en miðaldra kona.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á síðustu brtt. mína. Ég talaði fyrir henni við aðra umr. þessa máls. Till. fer fram á ábyrgð fyrir 150 þús. kr. láni til Samvinnufélags sjómanna á Akureyri, til kaupa á fiskiskipum. Eins og ég gat um, hefi ég þegar mælt fyrir þessari till., og tel ég ekki þörf að bæta neinu þar við, með því að tími er naumur og margir þurfa að komast að til að mæla fyrir sínum till. Læt ég því lokið mínu máli, en vænti góðra undirtekta hv. þdm. undir brtt. mínar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Til þess að ekki verði hlé á umr. ætla ég að segja nokkur orð um brtt., sem ég á á þskj 497. Það er VII. brtt. við 14. gr. B. II. b, styrkur til Jónu Guðbjartsdóttur, til framhaldsnáms í bókverzlunarfræði erlendis, 2000 kr.

Umsókn þessi lá fyrir báðum fjvn. Alþingis og án þess að fá áheyrn þeirra. Þó hefir mér borizt til eyrna, að einstakir menn í báðum n. hafi talið mjög svo sanngjarnt að verða við þessari málaleitun.

Enginn hefir fyrr, svo að mér sé kunnugt, lagt fyrir sig að nema þessa fræðigrein. Mun hún þó hafa talsvert mikið bæði bókmenntalegt og menningarlegt gildi fyrir hverja þjóð, en ekki sízt fyrir oss Íslendinga. Það er því mikils virði, ef einhver verður því starfi vaxinn að taka að sér bókaverzlun á þeim grundvelli, sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir í umsóknarskjali ungfrú Jónu Guðbjartsdóttur. Ég skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp umsókn ungfrúarinnar, því að það mun skýra betur tilgang hennar með þessu námi.

„Ég undirrituð leyfi mér virðingarfyllst að sækja um það, að hið háa Alþingi veiti mér í næstu fjárlögum allt að tvö þúsund og fimm hundruð krónur til framhaldsnáms í bókverzlunarfræðum, einkum í Englandi og Frakklandi.

Ég skal geta þess, að ég hefi, eftir að hafa lokið prófi við verzlunarskóla Íslands, starfað í nokkur ár við eina stærstu bókaverzlun Reykjavíkur (Ísafoldarbókaverzlun), og síðan (1927—28) stundað nám við bóksalaskólann í Leipzig (Deutsche Buchhändler-Lehranstalt) og er eini Íslendingurinn, sem stundað hefir slíkt nám. Við skóla þennan tók ég m. a. þátt í fyrirlestrum og æfingum í þessum fræðigreinum, eins og meðfylgjandi próf-

skírteini sýnir: þýzkum bókmenntum, heimsbókmenntum, listasögu og músíksögu, bókverzlunarsögu, bókfræði, bókasafnsfræði og bókhaldi. Auk þess stundaði ég við skólann nám í enskri tungu.

Kennarar mínir í Þýzkalandi hvöttu mig eindregið til að halda áfram námi mínu, einkum í París, og í prófskírteini mínu kemst skólastjórinn, próf. Frenzel m. a. svo að orði: „Ungfrú Jóna Guðbjartsdóttir hefir sífellt sótt fyrirlestra og æfingar af miklum áhuga og náð í hverju viðfangsefni góðum árangri, og í sumum þeirra sérlega góðum árangri".

Ýmsir bókamenn hér heima og áhugamenn um þessi efni hafa hvatt mig til að halda því áfram að leggja stund á þessi efni erlendis, en fjárskortur hefir hamlað þessu, og því verð ég að beina umsókn þessari til hins háa Alþingis.

Íslendingar hafa löngum verið taldir miklir bókamenn, en hinsvegar hefir verið og er talsvert ábótavant þekkingu flestra á erlendum bókakosti og erlendri bókaverzlun og skilyrðum hennar, enda verður val og verðlag erlendra bóka oft að umkvörtunarefni.

Þegar þess er gætt, að Alþingi hefir oft látið ýms menningarmál til sín taka og veitt ýmsa námsstyrki, virðist ekki ósanngjarnt að mælast til þess, að lítill hluti af fé því, sem til slíks er ætlað, komi einu sinni til styrktar bókverzlunarnámi, í þeirri von, að árangur þess geti orðið nokkur styrkur íslenzkri bókmenntun og verzlun í senn.

Ég leyfi mér því að vona, að málaleitun þessari verði vel tekið, og mundi mér verða ánægja að því að gefa hinum heiðruðu fjárveitinganefndum allar nánari upplýsingar, er þær kynnu að æskja".

Ungfrú Jóna Guðbjartsdóttir hefir komið á fund fjvn. þessarar hv. d. og talað þar máli sínu með þeim skilningi og hæversku, að öllum mun hafa þótt sem hún færi fram á sanngjarnan styrk. En það er í mörg horn að líta fyrir ríkissj., og þess vegna hafa fjvn. Alþingis ekki treyst sér að taka þetta erindi til greina. Ég hefi aftur á móti sýnt það áræði að bera það fram, þótt ég sé í fjvn., en fer fram á nokkuð lægri upphæð, 1800 kr. Ég vil geta þess, að styrkur þessi er svo lækkaður, að hann verður ekki nándar nærri nógur farareyrir, þótt ekki væri nema í eitt ár; en það er þá hægra fyrir þá, sem vilja þessu máli vel, að hjálpa á einhvern hátt með það, sem á vantar.

Þessari umsókn ungfrú Jónu fylgja meðmæli tveggja manna hér í bæ, og auk þess ummæli kennara hennar í bóksalaskólanum, sem hún gekk í í Leipzig 1927—1928. Meðmælin eru frá þeim Sigríði Björnsdóttur bóksala og Þorsteini Gíslasyni bóksala og ritstjóra. Þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við leyfum okkur hér með að mæla sem bezt fram með umsókn ungfrú Jónu Guðbjartsdóttur til Alþingis um styrk til þess að fullkomna nám sitt í bókverzlunarfræði, og álítum, að vænta megi góðs árangurs af þeirri styrkveitingu".

Ennfremur leyfi ég mér að lesa upp ummæli Sigurðar Nordals prófessors, þar sem hann kemst svo að orði:

„Mér er það ljúft að mæla með því, að ungfrú Jóna Guðbjartsdóttir fái styrk þann, er hún sækir um til Alþingis, í því skyni að afla sér framhaldsmenntunar í bóksölufræði. Ég þekki ungfrú Jónu að því, að hún er óvenjulega áhugasöm í starfi sínu og ber gott skynbragð á bækur. Ef Reykjavík gæti fengið bóksölubúð, þar sem jafnan væri á boðstólum gott úrval nýjustu erlendra bóka, væri höfuðstaðurinn einni merkilegri menntastofnun ríkari. En til þess að þetta megi verða, þarf fyrst og fremst starfsmenn með góðri sérþekkingu, en hennar er enginn kostur að afla sér hér á landi".

Við þetta hefi ég skiljanlega litlu að bæta, nema mínum persónulega skilningi á nauðsyn þessa máls og hæfileikum styrkbeiðanda. Og ég get látið fylgja nokkur orð um reynslu mína í því að ná í erlendar bækur. Er oft örðugt að ná í tæka tíð í þær bækur, sem á hverjum tíma eru efst á dagskrá í nágrannalöndunum og þeim löndum öðrum, sem við sækjum okkar bókmenntaþekkingu til. Það er jafnvel örðugleikum bundið að fá þótt ekki sé nema erlendar skólabækur í bókaverzlunum hér. Ber tvennt til þess. Fjarlægðin milli landanna og svo hitt, að bóksalar hér hafa ekki umboðssölu á þessum bókum, hvorki námsbókum handa skólum, sem við verðum að notast við á erlendum málum fram á þennan

dag, né heldur ýmsum þeim bókum, sem hver einstaklingur kann að vilja nota og kynnast. Því að eins og gefur að skilja, er það ekki lítið fé, sem bóksalar yrðu að leggja í það að hafa sæmilegt úrval af erlendum bókum, hvort heldur almenns efnis, eins og skemmtibókum, eða ýmsum bókum fræðilegs efnis.

Að öllu þessu athuguðu má hiklaust staðhæfa, að þessi styrkveiting verði til að styðja hið þarfasta framfaraspor. Þessi kona mundi með sérþekkingu sinni og ötulleik vera mjög líkleg til að útvega hverskonar bækur bæði fljótt og vel, því að vísast mundi hún hafa bezta aðstöðu til að ná þeim beztu samböndum, sem hægt er að fá, og yrðu því ýmsar erlendar bækur ekki eins tilfinnanlega dýrar og nú á sér stað.

Það er vitanlegt, að Íslendingar eru manna bókhneigðastir, bæði lærðir og leikir, og er gott eitt um það að segja. En þá ríður á, að á hverjum tíma sé reynt að greiða þeim nýju straumum, sem hollastir eru í bókmenntum annara þjóða, farveg til okkar. En sú fræði, sem þarna kemur til hjálpar, er ekki fljótnumin. Þessi kona hefir að baki sér 10 ára starf við eina stærstu bókaverzlun hér og hefir oftlega á síðari missirum veitt henni forstöðu vegna fjarveru eða veikinda verzlunareigandans. Hefir hún, eins og áður er tekið fram, stundað nám við bókverzlunarfræðiskólann í Leipzig, og lokið þar prófi með góðum árangri. En að því námi loknu þarf tveggja ára verklegt nám í fullkomnustu bókaverzlunum til þess að fá atvinnu í þessari grein, og bendir það til þess, að starfið er talið þýðingarmikið og vandasamt. Meðan á þeim námstíma stendur, fá nemendur ekki nema svo lág laun, að naumast er fyrir skófatnaði.

1928 var ég stödd um tíma í Helsingfors á Finnlandi. Þar er bókaverzlun, sem af mörgum er talin ein hin fullkomnasta bókaverzlun hér í álfu. — Í London eru máske til stærri bókaverzlanir, en vart betur komið fyrir. — Prófessor Sigurður Nordal hefir einnig kynnzt þessari bókaverzlun í Helsingfors, og ég býst við, að fyrir honum hafi ef til vill vakað, þegar hann skrifaði meðmæli sín með styrkbeiðni þessari, hversu mikill vinningur það væri fyrir Reykjavík, sem er aðalmenntabær þessa lands, án þess neitt að draga úr gildi Akureyrar sem menntabæjar, að hér risi upp bókaverzlun, sem álíka vel væri fyrir komið.

Ég er prófessornum alveg sammála um það, að það er mjög mikils virði, þegar maður þarf að fá erlenda bók, almenns eða sérfræðilegs efnis, að hægt sé að snúa sér til einhvers, sem jafnan hefir það bezta á boðstólum. En til þess að vera fær um þetta þýðingarmikla starf, þarf auðvitað talsverða bóklega þekkingu, auk þess tveggja ára verklega náms, er ég áður minntist á. Nú fer frk. Jóna aðeins fram á styrk til eins árs, og hefir hún í hyggju að nota hann til þess að kynnast praktiskri bókverzlunarfræði í Englandi og Frakklandi. Að því loknu býst hún við að setjast hér að, og annaðhvort vinna við bókaverzlun eða setja sjálf slíka verzlun á fót.

Ég býst nú við, að hv. þdm. beri svo mikið skyn á þessa hluti, að þeim sé það vel ljóst, hve geysilega miklu máli það skiptir, að fyrirkomulagið sé gott á bókaverzlunum og öll tilhögun sé á þann veg, sem bezt má verða. Á því sviði eru Frakkar og Englendingar fremstir allra þjóða, og er þeim sérstaklega sýnt um að gera bókabúðir vistlegar, aðlaðandi og þægilegar að öllum útbúnaði. Þeir flokka bækurnar eftir efni, til þæginda fyrir kaupendur og afgreiðslufólk. Þjóðverjar, sem í fæstum hlutum eru eftirbátar annara þjóða, verða jafnvel að sækja til Frakka til lærdóms á þessum sviðum. Það er alkunnugt, að við erum mjög á eftir tímanum í þessum efnum, og má vart við svo búið standa öllu lengur.

Ég skal svo að lokum undirstrika það, að ef hér kæmi á fót bókaverzlun af nýtízku gerð, og byggð á sérfræðilegri þekking í bókverzlunarfræði, þá væri óefað stigið stórt spor í menningaráttina. Á þann hátt væri stórum bætt sambandið milli annara þjóða og okkar í bókmenntalegu tilliti, því að skemmri tími liði á milli þess, sem bækur kæmu á markaðinn hér; bækurnar yrðu ódýrari, því að þær yrðu í umboðssölu hér, og þyrfti verzlunin því minna rekstrarfé en ella. Nú er það öllum ljóst, hve mikla menningarlega þýðingu lestur góðra bóka

hefir, sérstaklega fyrir æskulýðinn. Um það atriði þarf ekki orðum að eyða. Á sömu forsendum byggist það, að fullkomin bókaverzlun hlyti að hafa geysimikla menningarþýðingu fyrir land og lýð.

Í Lundúnum er alþekkt bókaverzlun, sem heitir Foylérs-bókabúð. Þangað geta allir sótt sér ábyggilegar og góðar bendingar í vali bóka, og viðskiptavinirnir skoða bókaverzlun þessa eins og sameiginlegan skóla, sem þeir geta leitað til án endurgjalds. Bókabúð þessi fullnægir öllum þeim ströngustu kröfum, sem nú eru gerðar til slíkra verzlana. Hún hefir á takteinum allar mögulegar bækur og ráðleggingar handa ungum og gömlum um þau efni. Menn fara þaðan gjarnan glaðari í bragði en þeir komu.

Í Þýzkalandi er til félag sem heitir Börzen, Verein der deutschen Buchhändler. Það er félagsskapur, sem bóksalafélög flestra landa eru í. Mér er ekki kunnugt um, hvort Bóksalafélag Íslands er í þessu félagi, en ég teldi það miður, ef svo væri ekki. Félagar í þessum félagsskap njóta ýmissa hlunninda, og fá betri aðstöðu til þess að fylgjast nákvæmlega með öllum nýjungum á sviði bókmennta- og bókaútgáfu. Félagið gefur út tímarit til leiðbeiningar um bókaval, svo að félagsmenn þurfa ekki í grafgötur að leita um þá hluti. Ennfremur geta meðlimir þessa félags fengið bækur í umboðssölu. Væri okkur Íslendingum tvímælalaus ávinningur að því, að bókaverzlanir okkar kæmust í þetta samband.

Frk. Jóna Guðbjartsdóttir ætlar að dvelja ytra eitt ár. Með því að hún er eignalaus með öllu, þá er ekki í annað hús að venda en til þingsins. Þeir litlu fjármunir, sem hún hafði unnið sér inn, fóru allir í nám hennar í Þýzkalandi, svo hún stendur nú með tvær hendur tómar. Auk þess hafði hún orðið fyrir því óhappi að verða veik skömmu eftir að hún kom hingað upp, og er nú rétt nýlega orðin vinnufær aftur. Ég vil mega vænta þess, að hv. Alþingi taki vel í þessa málaleitan, og sjái og skilji þá miklu menningarþýðingu, sem þessi litli styrkur getur haft í framtíðinni. Ég skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni. Ég á aðra brtt. en mun bíða að mæla fyrir henni þar til síðar.

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við 16. gr. 9., viðvíkjandi raforkuveitum til almenningsþarfa. Svo sem sjá má á þskj. 497, XXIII., er hún í tveim liðum. Fer fyrri liðurinn fram á, að burtu falli skilyrði 9. liðs 16. gr., um fimmtungs framlag frá hlutaðeigandi héruðum til rannsóknar raforkumála í landinu. Sama málsatriði var til umr. hér í d. í fyrra, og þótti meiri hl. dm. þá sem ekki væri nauðsynlegt né sanngjarnt að krefja héruðin um sérstök fjárframlög til þessara rannsókna. En það, sem fyrir mér vakti þá eins og nú, er, að ég óttaðist, að slíkt skilyrði mundi valda því, að sjálf rannsóknin yrði ekki eins víðtæk og vera bæri. Það getur sem sé víða staðið svo á, að heppilegast sé að fleiri en ein sýsla komi upp stöð í sameiningu, ef hin bezta tilhögun á að nást í þessum efnum. En nú getur svo farið, að eitt hérað, en annað ekki, vilji leggja fram þetta fé, og yrði í því tilfelli að miða rannsóknina við það héraðið, sem féð leggði fram, en sleppa hinu, sem ekki hefði enn skilið nauðsyn þessara mála. Nú er það augljóst mál, að á þennan hátt verður ekki séð fyrir almennum hagsmunum þjóðfélagsins, svo sem bezt má verða. Nú hefir stj. þegar skipað einskonar n. til þess að hafa slíkar rannsóknir með höndum, samkv. fjárveitingu í yfirstandandi fjárl., og þegar hún er komin á laggirnar, þá er það mjög þýðingarmikið atriði, að hún telji sér ekkert óviðkomandi, sem verða mætti til þess að finna hið haglegasta fyrirkomulag, alveg án tillits til þess, hvort héruðin eru fús til þess að leggja fram fé til rannsóknanna. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þennan lið brtt. að sinni.

Annar liður till. er um að bæta nýjum lið við 16. gr. 9., um 75 þús. kr. framlag til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa, — utan kaupstaða átti að standa, en það hefir fallið burtu af vangá hjá prentsmiðjunni eða hjá mér, og er það sennilegra, því ég skrifaði till. í flýti. Ég ber þessa till. fram til þess að minna hv. þdm. á þetta langstærsta hagsmuna- og menningarmál sveitanna, sem ennþá bíður úrlausnar að mestu leyti.

Á þinginu í fyrra fluttum við sjálfstæðismenn frv. um að hefja nú á næstu árum nauðsynlegan undirbúning þessara mála, og um að taka ákveðna stefnu um það, að ríkið vilji styrkja þessi fyrirtæki, til þess að jafna aðstöðu þeirra, sem nær búa orkuverunum, og þeirra, sem fjær búa. Allt, sem síðan hefir komið fram í þessum efnum, hefir ótvírætt hnigið að því, að hér sé þessum málum stefnt inn á réttar brautir. Málinu var tekið þunglega af hæstv. stj. og flokk hennar í fyrra, og náði því ekki fram að ganga að því sinni. En nú er svo sterkur skriður kominn á þetta mál, að stj. treystir sér ekki lengur að standa á móti því að öllu leyti, en er nú jafnvel byrjuð að láta framkvæma annan höfuðþátt málsins; hafið undirbúning þeirra rannsókna, sem óhjákvæmilegt er að fram fari áður en langt um líður.

Sumstaðar á landinu eru þessi mál komin það langt áleiðis, að gerðar hafa verið rannsóknir og áætlanir um vatnavirkjanir og veiting orku út um byggðir, og er aðeins beðið eftir loforðum um nauðsynleg framlög úr ríkissjóði til taugakerfanna, og hinsvegar útvegun lánsfjár til framkvæmdanna. Þetta á sérstaklega við um Skagafjörð; þar virðist fundin hin heppilegasta úrlausn þess, hvaða fallvötn skuli taka til virkjunar í þessu skyni, enda hefir verkfræðileg rannsókn og undirbúningur farið fram og er nú að fullu lokið.

Samskonar undirbúningi hefir verið unnið að á suður- og vesturkjálka landsins vegna þeirra héraða, sem aðstöðu hafa til að nota vatnsorku úr Soginu. Efalaust munu fleiri koma á eftir, og þess vegna hefi ég flutt till. um að taka upp í fjárl. 1931 fjárveitingu til þessara mála, til þess að láta það koma skýrt fram, hvort Alþingi hefir þegar skilið nauðsyn þessa máls, og vill nú fara að sinna því af alvöru.

Það hefir nú farið svo um fjárl., að í þessu frv. fyrir 1931 eru gjöldin tveim milljónum króna hærri en í fjárl. 1928, og finnst mér þess vegna, að þegar svo hröð hækkun hefir átt sér stað og tilsvarandi álögur á landsfólkið, þá verði að gera kröfu til þess, að farið verði að sinna að einhverju leyti þeim nýju viðfangsefnum, sem nauðsynlegust verða að teljast. Að vísu eru nokkur ný viðfangsefni tekin upp í fjárl. að þessu sinni og eiga sinn þátt í hækkuninni. Má þar nefna tvo nýja liði við 13. gr., flugferðir og útvarp. Hvað sem kann að mega segja um ágæti þessara nýjunga, má þó óhikað fullyrða, að hvorug þeirra hefir eins mikla og víðtæka þýðingu og veiting raforku út um byggðir og býli landsins, svo fremi að býlin eigi hennar kost við sæmilegu verði. Hvað flugferðirnar snertir, þá tel ég það mjög vafasamt nýmæli að veita 70 þús. kr. til þess að koma þeim á fót, ef svo er álitið, að fyrir þá sök verði fjárveitingar til raforkuveita utan kaupstaða að sitja á hakanum um ófyrirsjáanlegan tíma. Hvað sem segja má um nytsemi flugvélanna, þá hefir þó reynslan sýnt það, að þær hafa ekki enn komið að verulega hagnýtum notum hér á landi, og er þess tæplega að vænta um nánustu framtíð. Þær virðast ekki hafa neina verulega þýðingu fyrir atvinnulífið sem slíkt, nema í tiltölulega fáum tilfellum, svo sem til fiskileita, en fyrir því er séð á annan hátt en með fjárveiting í fjárl. Ég álít það hreina og beina fjarstæðu að taka þessi og fleiri umbótamál upp á arma fjárveitingavaldsins, ef það á að verða til þess, að önnur miklu meiri nauðsynjamál verði látin sitja á hakanum, landi og þjóð til skaða og vansæmdar. Hér er nefnilega um að ræða þá stórfelldustu tilraun til þess að gera landið vistlegra og byggilegra en það hefir verið hingað til, tilraun til þess að gera lífvænlegra að búa í sveitunum og stöðva á þann hátt hinn mikla straum fólks úr sveitum til kaupstaðanna.

Á undanförnum árum hefir það verið sameiginlegt stefnumál framsóknarmanna og sjálfstæðismanna að vinna að viðreisn sveitanna. En mönnum þessum skjöplast sýn, ef þeir halda, að það sé hægt að ganga fram hjá þeim atriðum, sem mestu ráða um, er menn velja á milli sveita og kaupstaða. Ef vinna skal að viðreisn sveitanna á heilbrigðum grundvelli, þá er það höfuðatriðið, að gera verður í einu þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að viðreisnin heppnist. Hitt er fálm að taka sumt, en skilja um leið svo mikið eftir, að nægi til þess að athöfnin mistakist. Þetta virðast menn

ekki hafa skilið til hlítar, sem sýnilegt er af þeim kulda og þeirri andúð, sem þetta mál hefir mætt, og ekki sízt af hendi þess flokks, sem sérstaklega þykist bera hag sveitanna fyrir brjósti.

Ég álít rétt, að þingið taki nú þegar ákveðna afstöðu í þessum málum og sýni það ótvírætt, að ekki er ætlunin að láta sitja við núverandi fjárveitingu til rannsókna, heldur taka upp framkvæmdir þar sem staðhættir leyfa, eins fljótt og frekast er unnt.

Ég sé nú fram á það, að ef þessi brtt. mín verður samþ., þá myndi það hafa í för með sér ofurlítinn tekjuhalla í fjárlagafrv., eins og það nú liggur fyrir. En eins og ég álít það alveg þýðingarlaust atriði, hvort tekjubálkurinn í frv. er hækkaður til jöfnunar móti þeim litla halla, 50—60 þús. kr., sem var í frv. eftir 2. umr. hér í hv. d., eins álít ég engu máli skipta, hvort fjárlagafrv., þar sem gjöldin nema 13 millj. kr., er afgreitt með 70 þús. kr. halla eða ekki. Hitt skiptir meiru máli fyrir afkomuna, hvort árferði og stj. eru á þá lund, sem æskilegt er. Tekjuhalli, sem ekki nemur nema örlitlu hundraðsbroti af heildarumsetningunni, er algerlega þýðingarlaus í þessu sambandi. Ég held, að þótt þessi fjárveiting sé ekki stór, þá hafi hún þó þá miklu þýðingu, að með henni sýnir þingið, að það vill taka þetta mál upp til gagngerðrar afgreiðslu, og hefja framkvæmdir þar sem bezt hagar til, í þeirri von að halda þeim áfram eftir efnum og ástæðum í framtíðinni. Mætti þessi afstaða þingsins verða til þess að glæða vonir hjá þeim, sem eru að yfirgefa sveitirnar í vonleysi um það, að þeir tímar renni nokkru sinni upp, er tekið verður að veita orku, ljósi og yl út yfir okkar dreifðu landsbyggðir. Í annan stað gæti þetta orðið til þess að hindra menn í að verja miklu fé til bygginga einkastöðva, sem ekkert liggur fyrir síðar en að verða í veginum fyrir byggðaveitunum, og að verða lagðar niður þegar byggðaveiturnar samt sem áður komast á.

Ég skal svo láta útrætt um þessa till., en get vísað til þeirra umr., sem fram fóru í þessari hv. d. á síðasta þingi um samskonar mál.

Þá á ég ásamt hv. 1. þm. G.-K. brtt. XXIX á þskj. 497, við 18. gr., um lítilsháttar eftirlaun til fyrrv. símastöðvarstjóra C. A. Möllers.

Siminn er ennþá svo ung stofnun, að það má heita, að það sé ekki neitt starfsfólk hans komið í 18. gr. fjárl., þótt svo sé um aðrar hliðstæðar starfsgreinir, svo sem póstmál, vitamál og vegavinnu.

Það er nú orðin föst venja, að þegar opinberir starfsmenn láta af störfum sínum fyrir aldur eða heilsubilun, fá þeir lítilsháttar ellistyrk í 18. gr. fjárl.

Það stendur nú svo á um þennan stöðvarstjóra, að hann hefir gegnt störfum í 14 ár, árin 1914—1928. Hann er nú 71 árs og varð að segja af sér störfum vegna sjóndepru. Hann hafði áður þjónað erlendri verzlun hér á landi, og meðan verzlunin var við lýði, fékk hann lítilsháttar ellistyrk þaðan. Þessi verzlun er nú liðin undir lok, svo að hann nýtur einskis þaðan, og hefir hann því ekkert sér til framfæris.

Okkur flutningsmönnum finnst það nú í beztu samræmi við aðrar gerðir þingsins, að það veiti þessum fráfarna starfsmanni lítilfjörleg eftirlaun, enda hefir hann hin beztu meðmæli frá landssímastjóra til að fá þau. Maðurinn er líka svo til aldurs kominn, að þess er ekki að vænta, að þessi útgjöld hvíli lengi á ríkissjóði.

Þá á ég loks brtt. XXXIV., við 22. gr., um að heimila ríkisstj. að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, sem nú hefir verið tekið til afnota fyrir vinnuhæli á Eyrarbakka, með allt að 8600 kr.

Forsaga málsins er, sem kunnugt er, sú, að stofnað var til húsbyggingar þessarar af stj. sjóðs nokkurs, sem til var á Eyrarbakka. Þessi sjóður, sem nefndist spítalasjóður Eyrarbakka, hafði verið stofnaður aðallega af einum hjónum, en ýmsir síðan lagt í hann. Það var á mestu dýrtíðarárunum, sem í þetta var ráðizt. Byggingin varð miklu dýrari en við hafði verið búizt, en hinsvegar brugðust n. fjárvonir þær, sem hún hafði haft, að nokkru. En n. hafði það sér til afsökunar, að tveir af embættismönnum ríkisins, landlæknir og húsameistari, voru með í

ráðum. Landlæknir setti fram sínar kröfur til spítalans og húsameistari ákvað, hvernig þær skyldu uppfylltar.

Bygging þessa húss stöðvaðist svo fyrir fjárþröng, þegar húsið var orðið fokhelt. Lánsstofnun sú, sem hafði lagt fram mestan hluta af lánsfé til byggingarinnar, gekk svo að veðinu og var það lagt henni út. Mun það hafa verið Sparisjóður Eyrarbakka frekar en útibúið á Selfossi. Fyrir utan þessa skuld, sem var um 23 þús. kr., hafði n. útvegað nokkurt fé gegn persónulegri tryggingu nm. eingöngu. Þetta voru 2 víxillán, sem með áföllnum vöxtum nema þessum 8600 kr.

Seinna samdist svo um, að ríkisstj. keypti húsið af Sparisjóði Eyrarbakka, til að gera þar vinnuhæli. Var það þá eign Landsbankans, því að honum hafði verið lagt það út á uppboði.

Nú vita allir, að það, sem þetta hús var keypt fyrir, er aðeins lítill hluti þeirrar fjárhæðar, sem komin var í bygginguna, því að auk þessa lánsfjár, var í það lagður allur spítalasjóður Eyrarbakka, samskotafé og framlag úr ríkissjóði.

Nú er svo ástatt um fyrrv. spítalan. Eyrarbakka, en í henni voru yfirleitt efnaðri menn í því plássi, að líklegt er, að ekki sé nema einn eða kannske tveir þeirra, sem borgunarmenn verða fyrir einhverju. Ef nú verður að ganga að þeim fyrir þessum skuldum eða ábyrgðum, er ekki annað framundan fyrir þeim en gjaldþrot. Mér finnst það því hart, að svo skuli fara um þessa menn fyrir það eitt, að þeir hafa verið kjörnir til að gegna trúnaðarstarfi í sínu plássi, þ. e. að vera í stj. spítalasjóðsins. Og þótt ríkissjóður borgi þetta, hefir hann samt fengið góð kaup á þessari eign.

Ég vona því, að hv. þd. fáist til þess að veita stj. heimild til þess að gera þetta. Ég hefi ekki viljað fara fram á meira. Það er nú á valdi hennar að dæma um, hvort þau rök, sem ég hefi hér fært fram, eru svo sterk, að rétt þyki að inna þessa greiðslu af hendi.

Ingvar Pálmason: Mitt nafn er tengt við nokkrar brtt. á þskj. 497, og þykir mér rétt að gera ofurlitla grein fyrir því, hvernig á því stendur.

Það er þá fyrst brtt. XIII., um utanfararstyrk til Unnar Jónsdóttur. Þessi styrkur til hennar, sem var 1500 kr., var felldur niður við 2. umr. og, að því er mér virtist, við dálítið óljósa atkvgr. Það var dálítill hiti í mönnum, og var ég þess vegna ekki alveg viss um, að þeir vildu fella þennan styrk niður. Þetta gaf mér tilefni til að flytja samskonar styrk aftur, en hafa upphæðina lægri.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls. Ég skal þó geta þess, að stúlka þessi er fyrir skömmu komin úr utanför frá því að nema þennan starfa. Því var ekki talin þörf á að veita henni þennan styrk. Þessu vil ég mótmæla. Þótt það sé rétt, að hún hafi verið að námi utanlands, þá var námstíminn ekki svo langur sem æskilegt hefði verið. Það er víst, að hún hefir fengið fulla viðurkenningu fyrir hæfileikum sínum, en hún óskar að eiga kost á meðan hún er ung að fullkomna sig betur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta en vænti þess, eftir atkvgr. við 2. umr. að dæma, að þessi styrkur verði aftur tekinn upp.

Þá á ég næst brtt. XVII., um að veita Sigurði Skagfield 1500 kr. til lokanáms í sönglist.

Hv. þdm. munu, eins og svo fjölmargir Íslendingar, hafa heyrt þennan efnilega söngmann syngja og fundið, að hér er um einn af okkar efnilegustu söngmönnum að ræða. Hann byrjaði söngnám um 1920 með góðum meðmælum frá séra Geir Sæmundssyni. Hygg ég, að hann hafi hvatt hann til þessa náms. En allir vita, að söngnám er dýrt, tekur langan tíma og kostar mikla ástundun. Þessi maður mun nú allmiklum skuldum hlaðinn vegna námsins. Ég hefi heyrt, að hann hafi gert sér vonir um að fá styrk frá menntamálaráðinu, en það mun hafa brugðizt, og er hann nú vondaufur um að geta haldið áfram þessu námi. Er það því ömurlegra, þar sem þessi maður er nú að enda sitt langa og dýra nám. Hefi ég það eftir góðum heimildum, að hann ætli nú að dvelja í Prag til þess að njóta að síðustu kennslu mjög frægra söngmanna.

Ég tel rétt að geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að þessi maður hafi notið

nokkurs opinbers styrks neina einu sinni, og mun það þá hafa verið 800 kr.

Ég vona því, að þessari kröfu sé svo í hóf stillt, að hv. d. geti fallizt á hana.

Þá á ég brtt. XXII. Hún er þess efnis, að af fé því, sem Búnaðarfélagi Íslands er ætlað, verði ákveðnar 8000 kr. til Kvenfélagasambands Íslands.

Ég flyt þessa till. í samráði við annan búnaðarmálastjórann, og hefi ekkert um hana að segja annað en það, að ég hygg að Búnaðarfélagið hafi lagt þetta fram til að styðja þetta samband, og því hygg ég fara vel á því, að Búnaðarfélagið, sem hefir ríflegan styrk úr ríkissjóði, leggi nú fram 8000 til Kvenfélagasambandsins, sem það telur sig vanta. Annars er ég málinu ókunnugur, en legg það nú undir úrskurð hv. d. Þetta er engin hækkun á fjárl., heldur aðeins tilfærsla og að mínum dómi sanngjarnt, því það verkefni, sem þetta samband hefir, virðist mér heyra undir búnaðarmál landsins.

Þá á ég brtt. XXV., um að framlagið til að gera laxastiga í Lagarfoss hækki úr ⅓ kostnaðar upp í ⅗ kostnaðar, eða verði allt að 6000 kr.

Ég flutti brtt. við þennan sama lið við 2. umr., en hún var þá hærri. Ég lýsti þá, hver ástæða væri fyrir því, að ég fer hér fram á hærra framlag úr ríkissjóði en venja er til um samskonar fyrirtæki. Tel ég óþarft að færa þau rök hér fram aftur.

Svo óheppilega vildi til við 2. umr., að þá var prentvilla í till., og getur það hafa valdið nokkru um atkvgr.

Þá á ég brtt. XXX., um að heimila stj. að endurgreiða Jónasi Lárussyni 4000 kr. upp í kostnað við sýningu íslenzkra matvæla í Kaupmannahöfn 1926.

Sýning Jónasar Lárussonar var kunn á sínum tíma, og heyrði ég ekki annað en að allir tækju þá undir það, að þessi tilraun hans væri lofsamleg og virðingarverð. Ummæli danskra blaða sýna líka, að þessi sýning vakti mikla eftirtekt og varð landinu til sóma.

Kostnaðurinn við þessa sýningu varð um 6000 kr., og varð Jónas að greiða hann úr sínum vasa.

Þessi tilraun hans var gerð til þess að kynna vöru landsins og auka skilyrðin fyrir afurðasölunni. Mér virðist því sanngjarnt að láta hann ekki einan bera hallann af þessari sýningu.

Ég var í nokkrum vafa um, hvar ég ætti að setja þetta. Það hefði að vísu farið vel að setja það hliðstætt markaðsleit, því að ég hygg, að þessi sýning hafi ekki verið þýðingarminni fyrir þjóðina í heild sinni og markað fyrir framleiðsluvörur okkar, en þótt gerður hefði verið út maður út um lönd til þess að kynna þar vörur okkar. Ég tel því alla sanngirni mæla með þessari till., því að ég lít svo á, að maður verði að grípa hvert tækifæri, sem gefst, til þess að auka markað fyrir vörur okkar. Og þar sem aðalútflutningsvörur okkar eru matvörur, hygg ég það vel vert fyrir það opinbera að athuga, hvort sú aðferð, sem Jónas Lárusson fyrstur manna tók upp, ætti ekki að vera meira notuð en verið hefir.

Ég læt þetta svo nægja til skýringar þessari brtt. minni. Vænti ég þess, að hv. þdm. taki till. með skilningi og samþ. hana, og verði þessi aðferð Jónasar Lárussonar meira notuð framvegis en hingað til.

Forseti (GÓ): Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 497 og 499, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Ég er ekki viss um, að allar mínar brtt. séu komnar hingað í d. Sumar þeirra eru víst ennþá í prentun. Mun ég því tala fyrir þeim, sem fram eru komnar, og minnast á hinar um leið.

Það er þá fyrst, að ég flyt hér ásamt hv. 2. landsk. till. um að veita Sigurði Skúlasyni 700 kr. til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar. Hann var einn af þeim, sem voru í syrpu þeirri, sem felld var hér um kvöldið að tilhlutun fjvn., án þess að nokkur vissi, hvernig menn myndu snúast gegn hverjum einstökum.

Við hv. 2. landsk. höfum nú tekið þennan mann hér upp, og álítum rétt að veita honum styrk til ritstarfa. Hann hefir líka þau meðmæli frá þeim mönn-

um, sem hann bezt þekkja, að hann sé líklegur rithöfundur einmitt á því sviði, er hér um ræðir. Hann hefir þegar safnað drögum til þriggja annara rita, sem hann hefir mikinn hug á að ljúka á næsta ári. Styrkur sá, sem þessi maður hefir notið undanfarin ár, virðist því ætla að bera góðan árangur. Annars hefi ég hér ummæli sagnfræðings Páls Eggerts Ólasonar, og held ég, að ég þurfi ekki að koma með meiri meðmæli en vitna til þeirra. Ég ætla, að hann láti ekki meðmæli nema hann geti við þau staðið. Vænti ég þess svo, að hv. d. samþ. þessa till., því hér er ekki um stórt fjárframlag að ræða. (HSteins: Má maður heyra meðmælin?). Já, þau hljóða svo:

„Herra mag. art. Sigurður Skúlason hefir um undanfarin ár lagt mikla stund á menningarsögu Íslendinga á síðari öldum, einkum allt það, er varðar galdra og hjátrú. Hann er hinn mesti iðjumaður og situr öllum stundum í bóka- og handritasöfnum. Er hann efalaust manna bezt að sér í þessu höfuðviðfangsefni sínu. Ætti og þá að vera mikill fengur í ritum frá hendi hans um það efni.

Reykjavík 21. jan. 1930.

Páll Eggert Ólason".

Ég held því, að hv. þm. Snæf. hafi sannfærst af þessum meðmælum, ef hann hefir verið í vafa áður, og veiti þessari till. fylgi sitt.

Ásamt hv. 1. þm. G.-K. flyt ég XVIII. till. á sama þskj., um styrk til Eggerts Stefánssonar söngvara. Eggert Stefánsson er þegar orðinn þekktur söngvari, bæði hér og annarsstaðar. Ég þykist ekki þurfa að mæla með honum; fólkið hefir sjálft gert það með því að sækja koncerta hans og sýna honum fulla viðurkenning. Og það er svo um Eggert Stefánsson, að þó að hann sé orðinn þekktur maður, hefir hann aldrei fengið styrk frá Alþingi. Hann var verzlunarmaður hér í Reykjavík áður en hann hóf söngnám sitt, og brauzt síðan áfram af eigin rammleik og með stuðningi ættmenna sinna. En hann hefir ekki viljað láta í ljósi óskir um styrk af opinberu fé, fyrr en hann gæti lagt fram sannanir um, að hann væri þess verðugur. Af þessum ástæðum er upphæðin, sem farið er fram á, nokkuð hærri en venja er, enda er sá varnagli sleginn,að upphæðin skuli greidd í eitt skipti fyrir öll. Ég veit, að hv. þm. eru svo staðfastir, að ef slíkt er samþ., mundu þeir ekki líta við því, þó að einhverjum dytti í hug að bera fram samskonar beiðni aftur, enda höfum við fordæmi þess.

Sennilega hefir Eggert Stefánsson gert meira en flestir aðrir listamenn til að kynna Ísland og Íslendinga út á við. Hann hefir haldið koncerta í helztu stórborgum Norðurálfunnar, London, París, Khöfn og víðar, við góða aðsókn og lofsamleg ummæli. Ég veit, að hér í landi kom fram fyrir nokkrum árum hörð gagnrýni á Eggert Stefánsson frá ýmsum listdómendum, en þessa gagnrýni hefir hann gersamlega slegið niður með söng sínum, og það sýnir bezt, hversu góður söngvari hann er. Það er ekki lítið í það varið, ef menn, sem tekið er eftir erlendis, bera það með sér, að þeir eru frá Íslandi. Ég hugsa, að ekki sé tekið eftir okkur annarsstaðar fyrir annað meira en Einar Jónsson myndhöggvara, en lítil þjóð eins og við þurfum ýmislegt að gera til að vekja á okkur athygli og sýna, að hér býr menningarþjóð, en engir skrælingjar. Ég þykist því viss um, að hv. þm. munu veita þennan styrk. Þó að upphæðin sé nokkuð há, 3000 kr., er hún ekki mikil, ef borið er saman við fjögra og jafnvel sex ára námsstyrki, sem oft eru veittir, þótt ekki séu háar upphæðir í hvert sinn.

Næst kemur XIX. till., um styrk til Árna Kristjánssonar, pianóleikara. Ég flutti þessa till. við síðustu umr. og færði fram ástæður fyrir henni. Árni Kristjánsson er óvenjulegum gáfum gæddur, að dómi allra, sem til þekkja. Ég lagði fram meðmæli við síðustu umr., en hefi enn fengið meðmæli frá Páli Ísólfssyni. Ég held, að það hafi verið fyrir einhvern misskilning, að þessi till. féll við síðustu umr. Ég tel víst, að ef menn hefðu verið búnir að gera sér grein fyrir, hvað um var að ræða, hefðu þeir samþ hana.

Ég flyt ásamt hv. 2. þm. S.-M. eina till. á þskj. 499, um 1200 krónur til Benedikts Björnssonar á Húsavík, til ritstarfa. Þetta var samþ. í Nd. Ég skal nú játa, að ég er ekki kunnugur þessum manni, en þeir sem til þekkja, álíta hann mjög

efnilegan rithöfund. Hann er Þingeyingur, en eins og menn vita, er næstum því hver Þingeyingur vísindamaður og rithöfundur. Þessi maður er sagt álitinn mjög efnilegur, og ég vil mæla hið bezta með, að honum verði veittur þessi styrkur. Benedikt vísar um upplýsingar til ýmissa merkra manna, svo sem Tryggva Þórhallssonar ráðh., Jónasar Jónssonar ráðh. Guðm. Thoroddsens prófessors, Páls Eggerts Ólasonar prófessors og Benedikts Sveinssonar forseta.

Þá á ég aðeins eina till. eftir, en hún er ekki komin. Ég vona samt, að hæstv. forseti leyfi mér að fara nokkrum orðum um hana nú þegar. Hún er þess efnis, að Snorra Arinbjarnar verði veittur 1200 króna styrkur. Þessi maður er héðan úr Reykjavík og hefir stundað nám undanfarið í Oslo. Þaðan hefir hann ágætis meðmæli frá kennara sínum, Axel Revold. Þeir, sem vilja kynna sér þetta, geta að sjálfsögðu fengið að sjá fylgiskjölin hjá mér. Ég ætla að vera fáorður um þessa till. Þessi maður hefir ágæt meðmæli og þykir efnilegur. Það er satt, að mikið er veitt af þessum styrkjum, og þó er um meira sótt, svo að það er nokkur vandi fyrir hv. þm. að ákveða, hverja þeir eigi að styrkja og hverja ekki. En það er réttara að veita 1000 krónum meira í því trausti, að maður gangi ekki fram hjá þeim hæfileikamönnum, sem gætu orðið landi og þjóð til stórsóma. Mörg listamannsefni hafa farið forgörðum, af því að þeim hefir enginn sómi verið sýndur.

Ég ætla að leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Á undanförnum árum, meðan stj. borgaði út styrk til stúdenta, var styrkurinn borgaður með gengismun á danskri og ísl. krónu. En eftir að menntamálaráðið tók við þessu, er mér sagt, að fjárhæðin í íslenzkum krónum hafi ekkert hækkað og enginn gengismunur sé borgaður. Þetta munar stúdenta miklu, og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig á þessu standi. Þessi regla hefir hvergi verið tekin upp nema hjá stúdentum. Kóngurinn fær útborgaðan gengismuninn og sömuleiðis sendiherrann. Ég vil mælast til, að hæstv. stj. leiðrétti þetta. Ég held, að stúdentarnir hafi á sínum tíma flotið með kóngi og sendiherra, þegar þeim voru ákveðin laun, en það er mjög óréttmætt að draga nú af fátækum námsmönnum, en láta hitt halda sér.

Guðmundur Ólafsson:*) Ég flyt eina litla brtt., sem ég þarf ekki að fara mörgum orðum um til að skýra fyrir hv. d. En það, sem kom mér til að standa upp, var það, að mér fannst það á vanta, að hæstv. fjmrh. beiddi um orðið. Ráðh. eru vanir að gera það snemma, til að þakka fjvn. fyrir hennar gerðir. Nú held ég, að hv. n. hafi verið farið að leiðast eftir þakklæti frá hæstv. ráðh., en þó að mitt þakklæti sé lítils virði, get ég ekki annað en látið það í ljósi.

Í fjárl. var 51 þús. kr. halli og það er n. verk, að þetta var strax lagað, með því að hækka einn tekjulið um 60 þús. kr. Þegar þetta er búið, fer hv. n. að laga málið á sumum liðum í fjárl., og ég er henni þakklátur, því að á því var full þörf. En eitt hefir hv. n. skotizt yfir. Hún hefir ekki búizt við, að við dm. færum að auka útgjöldin, því að ef samþ. verður, þó að ekki sé nema minni hl. af hækkunartill. okkar dm., verða fjárl. ekki betri útlits en þau voru áður. En í staðinn fyrir þetta hefir það líklega átt að koma hjá hv. frsm n., að hann skýrði d. frá, hvernig farið hefði um tekjurnar undanfarin ár. Hann sagði, að þær hækkuðu alltaf, þær hefðu hækkað mest síðastliðið ár og svo var á hv. frsm. að skilja, að við mættum vera vongóðir um, að þær héldu áfram að hækka. Ég vildi nú óska, að þetta yrði svo, þó að ég sé ekki eins bjartsýnn á það og hv. frsm. Brtt. hv. dm. sýna þó, að þetta er þeirra dómur. Það er ekki vandfarið með fjárl. ef alltaf má treysta þessu. Ég vona nú, að svo fari ekki, að þingið hrökkvi við og sjái, að ekki er takmarkalaust hægt að treysta á betra og betra árferði og meiri og meiri tekjur.

Þegar hv. fjvn. var búin að auka tekjurnar, svo að á stóðust tekjur og gjöld, og búin að laga málið, þá fór hún að ákveða, hvað ríkissjóður þyrfti að gefa fátæklingum eftir. Það hefði sjálfsagt

*) Ræðuhandrit óyfirlesið.

ekki gert ríkissjóðnum mikið til, þó að n. hefði gleymt þessu. Mín skoðun er sú, að n. hefði frekar átt að taka einhvern gjaldalið út af fjárl., sem talsvert munaði um, til þess að vega á móti því, sem búast mátti við, að bættist í fjárl. Einhver sagði, að hækkanir vegna brtt. dm. mundu nema 200 þús. kr. Þær ganga allar aftur, en eru þó ekki eins og uppvakningarnir, miklu verri viðfangs eftir að búið er að vekja þær upp en í lifanda lífi. Brtt. draga alltaf saman seglin, af þeirri hvimleiðu ástæðu í þingsköpum, að ekki má flytja sömu till. orðrétt aftur.

Ég verð að játa, að margar eru brtt. mjög sanngjarnar og eiga við rök að styðjast. En þetta er bara svo takmarkalaust. — Ég hugsa, að ég hafi ekki bætt fyrir mér hjá hv. n. með brtt. minni, en hún er svo ákaflega lágvaxin, að ég vona, að d. sjái sér fært að samþ. hana.

Ég fer fram á, að Fiskiræktarfélaginu Blöndu verði greiddur ⅓ kostnaðar við að lagfæra farveg Blöndu undan Enni. Form. félagsins vildi, að ég færi fram á ⅓ kostnaðar við rekstur þessara tilrauna í 4 ár. Við því hefi ég ekki getað orðið, og fer því ekki fram á styrk nema þetta eina ár og ekki hærri en ⅓ kostnaðar, sem kannske má segja um, að sé of lítið. Enda má eflaust segja, að þessir menn, sem standa að Fiskiræktarfélaginu Blöndu, geti orðið landinu til gagns og sóma, ef tilraunir þessar heppnast, engu síður en aðrir, sem hér hefir verið talað um.

Þetta mál kom fyrir á þingmálafundi á Blönduósi í vetur, og var þar vel tekið og samþ. með öllum greiddum atkv.

Og af því að það er síður hv. þm., þegar þeir þykjast ekki geta skýrt málin nógu vel, að lesa upp úr skjölum, sem þeir hafa með sér, þá ætla ég að lesa upp úr þingmálafundargerðinni það, sem um mál þetta er bókað — með leyfi hæstv. forseta:

„Út af tilraunum þeim, sem þegar eru byrjaðar til að koma laxagöngu í Blöndu og þverár hennar, skorar fundurinn á Alþingi að styrkja þær fyrstu fjögur árin, þannig að kostnaðurinn af þeim verði ekki tilfinnanlegur fyrir hlutaðeigendur. Till. samþ. með öllum greiddum atkv".

Ég tel aldeilis víst, þó að hv. þdm. þekki ekki til hlítar, hvernig stendur af sér um þennan félagsskap norður þar, að þá sýni þeir svo mikla sanngirni og mikil hyggindi, að þessi brtt. mín fái flestöll atkv. hv. d.

Nenni ég svo ekki að hafa þessi orð fleiri, enda tel ég þýðingarlaust að halda langar ræður um einstakar brtt. við fjárl.

Jónas Kristjánsson: Ég hefi nokkrar brtt. á þskj. 497 og 499, sem ég vona, að hv. þdm. líti með velvild á. Er það hvorttveggja, að hér er aðeins um smáar fjárhæðir að ræða, enda hefi ég ekki verið kröfufrekur í fjárstyrkjum til einstakra manna, hvorki á þessu þingi eða áður.

Fyrsta till. er á þskj. 497, IX., og er um 3000 kr. styrk til Kristins Björnssonar læknis, til þess að ljúka skurðlækninganámi í París.

Um mann þennan er það að segja, að hann byrjaði tiltölulega ungur á námi og fór óvenjulega hratt bæði í gegnum menntaskólann og Háskóla Íslands. Sýndi hann, að hann var bæði bráðþroska og ötull og áhugasamur námsmaður með því að ljúka báðum þessum prófum — menntaskóla- og háskóla — á tiltölulega skömmum tíma, og þó með hárri 1 einkunn.

Sem ungur kandidat var hann settur héraðslæknir í Hofsós nokkra mánuði og kynntist ég honum þá, auk þess sem hann var hjá mér dálítinn tíma.

Skömmu síðar sigldi Kristinn Björnsson til Danmerkur og gekk þar í fæðingarstofnanir og spítala. En áhugi hans stefndi í þá átt að fullkomna sig sem bezt í skurðlækningum, og hvarf hann því von bráðar til Parísar, enda eru þar álitnir beztir og fullkomnastir skólar í þessum efnum. Stríðið gaf læknum þar mikla æfingu í skurðlækningum, enda hafa franskir læknar þótt um langt skeið skara fram úr í „teknik".

Í París hefir Kristinn Björnsson dvalið nálægt fjórum árum og getið sér hinn bezta orðstír, sem má sjá á ágætum meðmælum, er frægir skurðlæknar hafa gefið honum. Hann hafði ætlað sér að geta lokið við námið á næsta sumri, og býst við hann mundi gera það, ef efni væru fyrir hendi, en nú er einmitt efnaskortur farinn að sverfa mjög tilfinnanlega að

honum. Faðir hans var í meðallagi efnaður bóndi til að byrja með, en það þarf stórt bú til að kosta mann við nám í París svona langan tíma, eða um fjögra ára bil. Allan þennan tíma hefir Kristinn engan styrk fengið nema frá föður sínum, sem nú er orðinn skuldugur, auk þess, sem nokkrir vinir hans hafa eitthvað hlaupið undir bagga með honum. Hann sótti um styrk til þingsins í fyrra, en fékk þá enga áheyrn. En nú er svo komið fyrir honum, að tvísýnt er um, að hann nái þessu langþráða marki, sem hann hefir sett sér, nema að honum komi hjálp einhversstaðar frá. Ég þekki þennan mann vel og hefi skrifazt á við hann og veit með vissu, að það hefir sorfið svo að honum efnaskortur upp á síðkastið, að hann hefir ekki notið sín til fullnustu við námið. En hann hefir sýnt fram að þessu, að hann er framúrskarandi viljafastur maður, sem ekki gugnar, þó ýmislegt blási á móti. Því hefir hann stundað námið af mesta kappi eins og ég hefi áður sagt, enda er ég viss um, eftir því sem ég þekki til mannsins, að árangurinn af þessu námi hans verður hinn bezti. Það er heldur ekki þýðingarlaust fyrir land og þjóð að fá í læknahóp sinn jafn lærðan og menntaðan mann eins og Kristinn Björnsson. Það getur orðið til mikils góðs fyrir marga. Okkar góðu skurðlæknar fara senn að eldast. Þetta starf slítur mönnum svo að þeir endast illa. Alþingi þarf ekki að sjá eftir þessum litla styrk og það til manns, sem aldrei hefir notið opinbers styrks áður. Ég vona því, að hv. d. líti með velvilja til þessa manns, er sýnt hefir svo mikinn áhuga og þol að berjast við fátækt árum saman til þess að ná þeirri fullkomnun, sem keppt er að, og veiti þennan styrk. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa brtt. en vænti sem sagt, að þessi maður fái þennan umbeðna styrk.

Þá hefi ég leyft mér að bera fram brtt. um styrk til annars manns, og er það XX. brtt. á sama þskj.:

„Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms, 1000 krónur“.

Það hefir verið sagt um íslenzku þjóðina, að hún væri bæði söngvin og söngvhneigð. En það varðar miklu hér sem annarsstaðar, að þeir menn, sem ætla að gerast leiðtogar þjóðarinnar og kennarar á þessu sviði, séu starfi sínu vaxnir og sem bezt menntaðir í sinni grein. Ég skal játa, að ég þekki ekki mikið þennan mann, sem hér er um að ræða, en hann hefir fengið beztu meðmæli þeirra manna, er þekkja hann vel og gott skynbragð bera á þessa hluti. Skal ég þar til nefna Pálma rektor Hannesson, Freystein Gunnarsson kennaraskólastjóra, Ingimar Jónsson skólastjóra, frökin Ingibjörgu H. Bjarnason skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík og Pál Ísólfsson organleikara og listamann. Og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nokkrar línur úr meðmælum Páls Ísólfssonar. Þar segir svo um Þórð Kristleifsson:

„Mér er mjög ljúft að mæla með, að honum verði veittur styrkur til fararinnar. Hann er tvímælalaust lang áhugamesti maður á þessu sviði allra Íslendinga, sem ég hefi þekkt. Og þar sem þar við bætist, að hr. Þórður Kristleifsson er þegar mjög menntaður í sönglist og hefir með góðum árangri kennt þrjá undanfarna vetur tónmyndunarfræði og sýnt miklar gáfur samfara nákvæmni við það starf, virðist mér mega vænta mikils af honum í framtíðinni, ef hann nú fær tækifæri til að kynna sér söngkennsluaðferðir við skóla til hlítar, þar sem þær eru lengst á veg komnar“.

Og lík þessu eru flest hin meðmælin, og sé ég því ekki ástæðu til að lesa upp úr þeim. Vænti ég því hins bezta af hv. þdm., er þeir greiða atkv. um þessa litlu styrkveitingu.

Þá eru það tveir menn aðrir, sem ég hefi leyft mér að mæla með og gera brtt. um, sem borin er fram á þskj. 499.

Það er til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti, 600 krónur, og til Margeirs Jónssonar, til fræðistarfa, er snerta mál og menningarsögu Íslands, sömuleiðis 600 kr.

Báðir þessir menn höfðu sótt til þingsins um allt að 1500 króna styrk, og voru teknir upp í hv. Nd., en felldir niður hér við 2. umr. Nú er farið fram á að veita þessum fræðimönnum örlitla áheyrn, eða 600 krónur hvorum.

Um Odd Oddsson er það að segja, að

hann hefir undanfarin ár skrifað ýmislegt um íslenzka þjóðhætti, sem haft er að ágætum. Þeir, sem lesið hafa Eimreiðina undanfarin ár, vita þetta, svo að óþarft mun að fara frekar út í það nú. En maður þessi er aldurhniginn og fjárhagur hans þröngur. Ýmsir merkir menntamenn hafa hvatt hann til að sækja um styrk til þingsins, og fyrir þær hvatir og þörf, og svo af því að hann hefir löngun til að halda áfram að skrifa á meðan heilsan endist, hefir hann snúið sér til þingsins um allt að 1500 kr. styrk. Og þar sem styrkur þessi hefir verið lækkaður niður í 600 kr., vænti ég, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. brtt. mína.

Margeir Jónsson er talsvert kunnur af ritstörfum sínum. Hann hefir meðal annars skrifað talsvert um örnefni, og einkum þó um bæjarnöfn fyrr og síðar. Hann sótti einnig um allt að 1500 kr. styrk og hefir fengið ágætis meðmæli ýmsra þjóðkunnra fræðimanna, þar á meðal frá Ólafi prófessor Lárussyni, og vildi ég mega, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þetta skjal:

„Alþingi hefir stundum að undanförnu styrkt lítilsháttar fræðimenn úr alþýðustétt, er við þjóðleg fræði hafa fengizt. Það mun ekki nema svo ýkja mikilli upphæð samlagt fé, sem lagt hefir verið af mörkum úr ríkissjóði í þessu skyni, en betur færi, að allar fjárveitingar þingsins hefðu borgað sig eins vel og þessar, því eftirtekjan af þeim hefir orðið mikil. Menn þessir hafa unnið starf sitt vel og trúlega og ekki unnið það vegna styrksins, heldur vegna ástar sinnar og áhuga á hinum þjóðlegu fræðum, sem þeir hafa verið að safna. Íslenzk fræði standa líka í óborganlegri þakklætisskuld til margra þessara manna, eins og Sigurðar Vigfússonar, Brynjúlfs frá Minna-Núpi og Sigfúsar á Eyvindará, sem hafa bjargað svo ótal mörgu, er annars hefði glatazt. Verkefnin eru ennþá mörg, sem eftirmanna þeirra bíða. Einn þeirra sækir nú um lítilsháttar styrk úr ríkissjóði til fræðiiðkana sinna. Það er Margeir kennari Jónsson á Ögmundarstöðum. Hann er fyrir löngu búinn að sýna það í verki, að hann er ágætlega til slíkra fræðiiðkana fallinn, svo að fyllsta ástæða er til að vænta þess, að hann verði hinn mesti nytsemdarmaður í þjóðlegum fræðum vorum, ef honum endist líf og heilsa, og ef hann efnahags síns vegna getur gefið sér tóm til að fást við þau. En hann er fátækur einyrki, og þess er engin von, að hann geti framvegis gefið sig við fræðistörfum, nema hann njóti til þess einhvers fjárstyrks. Ég vil því mæla hið bezta með umsókn hans. Ég er þess fullviss, að Margeir Jónsson vinnur margfaldlega fyrir styrknum, sem hann sækir um. Ég er þess jafnframt fullviss, að það væri mikið tjón fyrir þjóðleg fræði vor, ef maður með jafn miklum áhuga á þeim og Margeir Jónsson hefir, og jafnvel til þess fallinn að vinna þeim gagn, fengi vegna fjárskorts ekki notið sín við þau. Margeir Jónsson hefir sérstaklega haft áhuga á söfnun örnefna og unnið að henni eftir föngum. Geri ég ráð fyrir, að hann myndi einkum snúa sér að örnefnasöfnun framvegis, ef hann á þess nokkurn kost. Er það svið þjóðlegra fræða vorra, sem einna mest hefir verið vanrækt hingað til og þó er næsta mikilsvert. Týnast og örnefni nú sem óðast um landið, svo að ekki er seinna vænna að safna þeim. Geti Margeir Jónsson fengið tækifæri til að gefa sig að þeirri söfnun, þá er það víst, að síðari tímar munu telja mikinn feng að starfi hans og ekki sjá eftir fénu, sem honum hefir verið veitt til þess úr ríkissjóði".

Það er nú um fátæka einyrkja úr bændastétt að segja, að það þarf ekki lítinn áhuga til að afkasta eins miklu í ritstörfum og Margeir Jónsson hefir gert. Það þarf mikla elju til þess að inna slík störf af höndum svo vel sé, því að öll vinna er svo dýr, að einyrkjabændur hafa ekki ráð á að kaupa hana. En áhuginn og dugnaðurinn hefir borið Margeir Jónsson áfram, og þess vegna hefir hann orðið jafn liðtækur við ritstörfin og raun ber vitni um.

Vona ég því, að hv. d. sjái sóma sinn í því að veita Margeiri Jónssyni þessa litlu viðurkenningu með því að samþ. brtt. mína. Upphæðin er þó aðeins tæpur helmingur af því, sem hann fór sjálfur fram á að sér væri veitt, og ætti hv. d. því fremur að geta fallizt á að veita þessa litlu upphæð.

Forseti (GÓ): Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 503 og 511, og ennfremur hafa mér borizt þrjár skriflegar brtt. Verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þessar brtt. megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 503 og 511 og skrifl. brtt. (verða þskj. 514) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég á hér brtt. á þskj. 497, XII., við 14. gr. B. XIX, nýr liður, til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið, 1500 kr., en varatill. hefi ég flutt um 1200 kr. Umsækjandinn er dóttir hins þjóðkunna hagleiksmanns Stefáns heitins Eiríkssonar, sem var í daglegu tali oftast kallaður Stefán hinn oddhagi, og ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. kannist við. Stefán heitinn dó 19. júní 1924. Börn hans voru 9, og flest ung, þegar hann dó. Elzt þeirra er umsækjandinn, Soffía. Þá stóð ekkjan, Sigríður heitin Gestsdóttir, uppi með þennan stóra hóp, efnalaus og allslaus. Rétt áður en Stefán heitinn lézt lauk Soffía fullnaðarprófi í dráttlist og myndskurði, með ágætiseinkunn, svo sem prófskírteini hennar ber með sér, er liggur hér með umsókninni, en það var veikindum föður hennar að kenna, að hún lauk ekki prófinu 2 árum fyrr.

Að Stefáni Eirikssyni látnum sótti Soffía dóttir hans um styrk, til þess að halda áfram starfi hans, en fékk ekki áheyrn; hefir ef til vill þótt þá of ung. Aftur á móti fékk ekkjan á þingi 1926 600 kr. styrk í 18. gr. Þessi litla viðurkenning á starfi Stefáns heitins sem brautryðjanda í dráttlist og tréskurði mun engum hafa þótt um of. Hélt ekkjan þessum styrk, þar til hún dó í janúar 1929.

Styrkurinn til Stefáns heitins mun hafa verið 2000 kr. síðustu árin, sem hann lifði. Þessi styrkur var að Stefáni látnum veittur öðrum manni, sem hafði lært hjá honum, og skal ég ekki sakast um það. Nú liggur fyrir beiðni frá dóttur Stefáns, eins og áður, og enn sem fyrr sækir hún um styrk til þess að halda áfram starfi föður síns. Skal ég leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa umsóknina, því hún skýrir alla málavexti betur en ég get gert:

„Ýmsir gripir, sem varðveitzt hafa frá fyrri öldum, sýna það, að um eitt skeið hefir íslenzk tréskurðarlist verið á allháu stigi. Frá 19. öldinni munu þó fáir þess háttar gripir vera til, og þegar leið að síðustu aldamótum, mun láta nærri að segja mætti list þessa aldauða. Þá var það, að faðir minn sálugi, Stefán Eiríksson, réðist til náms erlendis, með lítinn farkost annan en áhuga og dugnað, í því skyni að loknu námi að vitja aftur ættjarðar sinnar og endurvekja þar þessa fornu og fögru list. Svo sem kunnugt er, settist hann að hér í Reykjavík og stundaði iðn sína af kappi, jafnframt því sem hann hafði fjölda nemenda. Þessir nemendur eru nú dreifðir um land allt og hafa vakið áhuga og smekkvísi á þessari fögru list, og sést þess víða merki.

Síðan faðir minn andaðist, hefi ég veitt forstöðu vinnustofu þeirri, sem hann stofnaði, og einnig haft á hendi kennslu í tréskurði og teikningum og yfir höfuð reynt að halda öllu í sama horfi eins og meðan hans naut við.

Af framangreindum ástæðum leyfi ég mér hér með að sækja um það til hins háa Alþingis, að því mætti þóknast nú og framvegis að veita mér samskonar styrk og faðir minn naut úr ríkissjóði, svo að mér verði unnt, eftir því sem ég megna, að halda áfram starfi hans. Vænti ég þess, að verðug minning föður míns og eindreginn áhugi minn fyrir framhaldi á starfi hans séu nægileg meðmæli til þess, að hið háa Alþingi fallist á þessa umsókn mína.

Soffía S. Stefánsdóttir".

Mér finnst þessi umsókn hvorttveggja í senn, látlaus yfirlýsing um löngun hennar til þess að halda upp góðu og þjóðnýtu starfi föður síns, og dálítil lýsing, þótt ekki sé vikið að því berum orðum, á þeim örðugleikum, sem hafa orðið á vegi hennar, þar sem hún hefir síðan 1924 mest barizt fyrir heimilinu, án annarar hjálpar en hins lága ríkissjóðsstyrks til móður hennar. Síðan í janúar 1929 má segja, að Soffía hafi gert allt í senn: staðið fyrir heimilinu, haldið uppi

kennslu og vinnustofu föður síns og verið systkinum sínum, sem öll eru yngri, í móðurstað. Ég býst við, að þetta muni þykja ekki illa gert af ekki eldri konu. Ég get ekki sagt annað en að ég dáist að hugrekki hennar og dugnaði.

Stefán Eiríksson hóf starf sitt 1898 og kenndi bæði í skólum og heima hjá sér, auk þess sem hann og nemendur hans unnu fjölda af fögrum gripum, sem nú eru dreifðir um allt land. Það er alkunnugt, að þegar menn þurftu á þeim árum að láta gera fallegan minjagrip, þá var leitað til Stefáns hins oddhaga, og brást ekki, að báðir yrðu ánægðir, gefandinn og þiggjandinn.

Soffía var 14 ára, þegar hún hóf nám hjá föður sínum. Hún gat lokið prófi 1922, hefðu veikindi föður hennar ekki hamlað, og dróst það til 1924, eins og ég gat um áður. Síðan hefir hún veitt vinnustofu föður síns forstöðu og haldið uppi námsskeiðum í teikningu og tréskurði. Námsskeiðin hafa venjulega staðið í 6 mánuði. Tekur hún óvenjulega lágt gjald fyrir og starfar þar í anda föður síns, því að Stefán heitinn þótti ekki dýrseldur. Kennslugjaldið er 10 kr. fyrir námsskeiðið, en aðrir kennarar taka 12 kr. á mánuði. Þetta lága gjald ræður sýnilega miklu um tekjur Soffíu. Einn nemanda, sem hafði að vísu byrjað nám hjá Stefáni heitnum, hefir Soffía útskrifað. Hann heitir Ágúst Sigmundsson og mun mörgum að góðu kunnur. Nú eru 2 nemendur í vinnustofunni, og á annar að útskrifast nú í sumar. Ennfremur hefir Soffía haldið námsskeið í tréskurði fyrir stúlkur, og hafa samtals 15 stúlkur sótt þau. Á námsskeiðunum í dráttlist hafa að jafnaði verið 28—30 nemendur árlega.

Ég vona, að enn séu margir, sem muna hinn góðkunna mann, Stefán hinn oddhaga, sem vann að endurreisn listiðnaðar hér á landi í dráttlist og tréskurði og hefir átt mikinn þátt í að þroska smekk landsmanna og glæða ást þeirra á listum með kennslu sinni. Stefán heitinn kenndi með svo mikilli alúð og áhuga, að hann miðlaði nemendum sínum alltaf nokkru af þeirri lífsgleði, sem honum var meðfædd, og vakti hjá þeim trúna á gildi vinnunnar og vinnugleðinnar. Ég hygg, að dóttir hans hafi tekið í arf nokkuð af þessum sjaldgæfu en nauðsynlegu eiginleikum kennara. Vona ég, og er þess enda fullvís, að þeir hv. þdm., er muna Stefán Eiríksson, muni vilja gjalda gamla þakkarskuld með því að samþ. þennan tiltölulega litla styrk til dóttur hans, svo að henni verði kleift að koma fram þeim loflega ásetningi að halda uppi starfi hans og stefnu. Ég bið menn að íhuga, hvort starf Stefáns heitins í þarfir íslenzks listiðnaðar eigi það ekki skilið, að dóttur hans sé veitt þessi litla úrlausn. Till. er lægri en farið var fram á, því að ungfrú Soffía sótti um að fá sama styrk sem faðir hennar hafði notið síðustu árin, en ég sá mér ekki fært að fara hærra. En því frekar ætti að mega vænta þess, að hún nái samþykki hv. d.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég flyt hér brtt. á þskj. 497, XXXII., um það að heimila stj. að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði helming kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn jafnmiklu frá Siglufjarðarkaupstað. Það eru nú liðin 8—10 ár síðan gerður var sjóvarnargarður á Siglufirði. Þannig háttar til, að í stórflóðum og miklum sjávargangi gengur sjór yfir Siglufjarðareyri, brýtur hana að norðanverðu, gengur upp í kaupstaðinn, svo að flæðir í kringum hús á eyrinni. Þegar garðurinn var gerður, lagði ríkissjóður fram helming kostnaðar. Eyrin er eign ríkissjóðs, og þess vegna þótti rétt, að hann legði fram helming kostnaðar til móts við íbúana, til þess að vernda eyrina og hús og aðrar eignir, sem á henni standa. Nú er það komið í ljós, að þessi garður nægir ekki til þess að varna því, að sjór gangi yfir eyrina. Nú fyrir skemmstu í vetur urðu mikil spjöll af sjávargangi, ekki einasta hjá íbúum kaupstaðarins, heldur einnig á eignum ríkissjóðs. Hefir nú þegar nokkuð verið athugað, hvað þyrfti að gera til þess að fullkomin vörn sé gegn flóðum, en ekki verið gerð fullnaðaráætlun. Það er því ekki hægt að segja að svo stöddu, hver kostnaðurinn verður. Ég tel sjálfsagt, að aðiljar leggi fram fé til verksins í sömu hlutföllum sem áður. Það getur valdið miklu eignatjóni, ef sjór nær að flæða upp í kaupstaðinn, auk

þess sem eyrin er í hættu að eyðast og brotna upp. Vildi ég mega vænta þess, að hv. d. sæi sér fært að veita slíka heimild, en út í þetta verður vitanlega ekki lagt, nema Siglufjarðarkaupstaður leggi fram sinn hluta kostnaðarins. Samskonar till. kom fram í hv. Nd., en féll með tiltölulega litlum atkv.mun, og mun það að miklu leyti hafa stafað af mistökum.

Ég skal ekki tala langt mál um brtt. við þessa umr. Hv. fjvn. flytur fáar, og í raun og veru hefir engin þeirra áhrif á fjárhagslega niðurstöðu fjárl. Ég skil það svo, og er þakklátur fyrir, að hún telji ekki varlegt að bæta nýjum, auknum gjöldum á fjárl. N. hefir forðazt að flytja nýjar útgjaldatill. Af því vil ég ráða, að n. muni standa saman í að sjá fjárl. borgið í svipaðri mynd sem frv. er nú. Af 1. brtt. n. sé ég enn ljósar, að þessi stefna vakir fyrir n.

N. gerir till. um að hækka tekjuliðina um 60 þús. kr., til að jafna þann halla, sem nú er í fjárl. En n. verður að gæta þess, að tekjurnar aukast ekki um einn eyri, þótt þessi till. verði samþ. Ég hefi samt ekki á móti því, að svo verði gert. En n. verður að hafa hugfast, að til þess að fá sæmilega útkomu á fjárl., eins og ég veit að hún vill fá, verður að lækka útgjöldin.

Ég verð að segja það um brtt. á þskj. 496 og fleirum þskj., að ég undrast þær nokkuð. Hér er sem sagt verið að tína upp flesta þá liði, sem felldir voru við 2. umr. Ég skil ekki, hvernig þeir, sem till. þessar flytja, geta ætlast til þess, að Ed. samþ. nú það, sem hún felldi fyrir fáum dögum. Brtt. þessar eru að vísu flestar smávægilegar, en „safnast þegar saman kemur", og yrðu allar hækkunartill. á þskj. 496 samþ., nema þær 173 þús., og er þó nokkuð á öðrum þskj. Ef þetta bættist við þann tekjuhalla, sem þegar er orðinn, yrði tekjuhallinn 226 þús. kr., því að frá þessum halla þarf ekki að draga 60 þús. kr. hækkun á verðtolli, af því að sú hækkun hefir engin áhrif á tekjurnar.

Mér finnst því, að þessar till. beri vott um talsverða léttúð og lítinn vilja á því að afgreiða fjárl. í sæmilegu horfi.

Þær brtt., sem mestri hækkun valda, eru frá hv. þm. Ak. og hv. 3. landsk. Ég býst við, að þeim sé ljóst, að þeir séu að afgreiða fjárl. með tekjuhalla, ef þeir ætlast til, að brtt. þeirra verði samþ. Þessar till. eru þannig vaxnar, að þó að þær séu framtíðarmál, þá er engin sérstök ástæða til að flytja þær nú.

Um brtt. hv. þm. Ak. er það að segja, að engar upplýsingar liggja fyrir um þau tvö atriði, sem till. hljóðar um. Hygg ég, að enginn undirbúningur hafi verið gerður um lesstofu í bókasafni skólans, né eldhús fyrir heimavist. Tel ég þetta að vísu framtíðarmál, en ekki tímabært.

Um brtt. hv. 3. landsk. um 75 þús. kr. til taugakerfa fyrir raforku í sveitum, er svipað að segja. Enn sem komið er er þetta hugsjónamál og lítið annað. Áður en hafizt verður handa í þessu efni, verður að rannsaka þetta mál ítarlega og koma sér niður á ýmislegt, sem að því lýtur, eins og t. d. að hve miklu leyti Alþingi vildi taka þátt í kostnaðinum, hvort rafveitur á hinum ýmsu stöðum yrðu dýrar eða ódýrar, en það er auðvitað mjög misjafnt. Ennfremur verður að gera sér ljóst, hvort íbúar hinna einstöku héraða muni geta risið undir rafveitum. Þar sem sveitirnar geta ekki risið undir kostnaðinum, þýðir ekki að leggja rafveitur. Sú reynsla hefir orðið á í öðrum löndum, þar sem rafveitur hafa verið settar upp fyrirhyggjulítið, að héruðin hafa oftlega örmagnazt undir þeim. En af brtt. hv. 3. landsk. verður ekki séð, hvernig á að verja þessu fé, svo að till. er að nokkru leyti í lausu lofti.

Hv. 3. landsk. sagði, að útgjöldin á þessum fjárl. væru 2 millj. kr. hærri en 1928, og því skipti ekki miklu, þótt 75 þús. kr. bættust við. Hann minntist á, að í þessu frv. væri lagt fram fé til framkvæmda, sem ekki væru síður vafasamar, eins og til útvarps og flugmála. Ég skal ekki deila við hann um þetta. En þingið hefir ályktað, að útvarpsstöð skyldi verða sett hér upp, og eftir að útvarpslögin voru samþ. vildi þingið, að þegar yrði hafizt handa. Að vísu álít ég, að þetta hefði getað beðið. Um það erum við sammála.

Um flugmálin er það að segja, að því má halda fram, að þau hafi ekki fengið nægan undirbúning. En málið hefir fylgi Nd., og er ekkert líklegra en að hún hefði sett fjárveitinguna inn aftur, hefði

hún verið felld niður hér í d. En það eru margar framkvæmdir, sem verða að bíða betri tíma, og þá ekki sízt framkvæmdir, sem eru jafn órannsakaðar og óundirbúnar sem rafveiturnar. Ég efast ekki um, að fólkið í sveitunum vilji fá rafveitur, en það þarf að gera því það skiljanlegt, að það megi ekki taka á sig þær byrðar, sem það getur svo ekki risið undir.

Hv. 3. landsk. sagði, að ekki væri nóg að leggja fram fé til rannsókna, heldur þyrfti og að leggja fram fé til framkvæmda. En þá fyrst kemur til framkvæmda, er undirbúningur hefir verið gerður. Hv. þm. sagði ennfremur, að raforkuveitur væru hliðstæðar síma- og vegakerfum. Þó eru rafveiturnar ekki sambærilegar við vegagerðir, því við vegagerðir fara peningarnir ekki út úr landinu. Ég sé, að hv. 3. landsk. grettir sig. (JÞ: Já, ég geri það). Þá má hann það fyrir mér. Það er jafnóhrakið eftir sem áður, að meira fé fer út úr landinu við að byggja raforkuveitur en að byggja vegi.

Ég veit, að mál þetta er vel fallið til að koma sér vel við kjósendur, en ég vil ekki í þessu máli fremur en öðrum vinna það fyrir neina kjósendahylli að hrapa að framkvæmdum, þegar um stórmál er að ræða.

Þá vil ég minnast á aðra brtt. frá hv. 3. landsk., sem að vísu er smávaxin, en getur þó dregið dilk á eftir sér. Verði brtt. þessi, sem að vísu hljóðar aðeins um 400 kr., samþ., má búast við, að á eftir komi heill hópur manna inn í 18. gr. Hingað til hefir verið sneitt hjá því, að símamenn væru teknir inn í 18. gr., og ef byrjað er á slíku, munu margir á eftir koma, sem hafa líka aðstöðu og sá maður, sem hér um ræðir. Verð ég því að leggja eindregið á móti till. þessari.

Ég geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti flestum brtt. Ég tel það hlutverk mitt, þótt það sé kannske ekki vinsælt hlutverk að hafa gætur á sæmilegri afgreiðslu fjárl.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég á hér örfáar brtt., sem ég vildi gera grein fyrir.

Hv. 5. landsk. hefir flutt brtt. um 3000 kr. styrk handa Kristni Björnssyni lækni til lokanáms í París. Maður þessi hefir verið erlendis nokkur ár og stundað skurðlækningar sem sérgrein. Læknar hafa álit á honum sem efnilegum skurðlækni, þótt hann sé að vísu lítt reyndur enn. Nú þykir mér nokkur hætta á, að brtt. sú, er hv. 5. landsk. flytur, kunni að falla, vegna þess hve þar er farið fram á háa fjárveitingu. Ég hefi nú flutt varatill. um 1500 kr. handa þessum manni, og vona ég, að hún verði samþ., ef hin verður felld.

Um Guðmund Bárðarson er það að segja, að hann er sem kunnugt er einn af okkar allra beztu vísindamönnum. Hann hefir undanfarið viðað að sér ýmsum jarðfræðilegum minjum, en ekki unnizt tími til að vinna úr þeim, sökum kennslustarfa sinna. Nú er ætlazt til, að honum verði veitt tóm til þess, og fer brtt. mín fram á, að veitt verði fé til að launa manni, sem kenni grein hans í menntaskólanum á meðan.

Þá hefi ég flutt brtt. um 300 kr. í 18. gr. til Sigríðar Narfadóttur á Gullberastöðum. Hún hefir nú í 30 ár gegnt ljósmóðurstörfum með hinum bezta orðstír og er nú komin um sjötugt. Þetta er alkunn sóma- og myndarkona, sem á þennan styrk fyllilega skilið fyrir vel unnið dagsverk.

Á þskj. 511 hefi ég flutt brtt. um, að Jakob Thorarensen skáld verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 1200 kr. Er það í samræmi við það, að Stefán frá Hvítadal hefir hækkað upp í 1200 kr. Hefir verið siður, að þessir menn væru jafnir, enda eru þeir frændur.

Þá hafði ég flutt till. um, að Guðm. Kamban yrði veittar 2400 kr. í 15. gr., þar eð mér þótti þessi höfundur fullungur til að vera í 18. gr. En þar sem d. virðist hafa fallizt á, að svo skuli vera, tek ég þá brtt. aftur.

Þá vildi ég segja nokkur orð um flugmálin. Ég vildi aðeins, að greidd væru atkv. um það á Alþingi, hvort það vill leggja út á þá braut að taka flugmálin að sér sem fastan lið í samgöngukerfi landsins.

Menn taki eftir því, að þetta er E-liðurinn í samgöngumálunum; A-liðurinn er póstmál, B-liðurinn vegamál, C-liðurinn samgöngur á sjó, D-liður vita- og hafnargerðir, og E-liðurinn flugmál. Það er alveg rétt byggt í frv. að slá því föstu,

að hér sé landið að taka að sér nýjan lið í samgöngumálakerfinu.

Nú vil ég ekki neita því, að mjög sé æskilegt fyrir okkur, að flugið komi í framtíðinni til greina sem samgöngubót, og það er vegna þess, hve landið er stórt og fólkið fátt. En það er ekki hægt að segja, að flugið sé enn á því stigi, að það geti komið Íslendingum að verulegum notum. Við verðum í þessu máli eins og t. d. í eðlisfræði og efnafræði og ýmsum vísindum, sem byggjast á kostnaðarsömum rannsóknum, að bíða þangað til niðurstöðurnar eru við okkar hæfi. Við höfum ekki gagn af fluginu, fyrr en stórþjóðirnar eru búnar að koma því á það stig, að það sé við okkar hæfi, án þess að við þurfum að vera tilraunadýr.

Það er einn liður í starfsemi Flugfélagsins, síldarleitin, sem er áreiðanlega rétt og Alþingi hefir viðurkennt, með því að tryggja henni vissar tekjur af síldarframleiðslunni. Þetta borgar sig og þar er flugið eins og nú háttar á sinni réttu leið. En yfirleitt hefir það enga verulega þýðingu fyrir okkur, hvort við höfum 1 eða 2 flugvélar til mannflutninga eða póstflutninga, eins og nú standa sakir, því að þessi flutningur verður aðallega að gerast á sjó eða eftir vegunum. Þó að við t. d. fáum flugpóst héðan, yfir Akureyri og til Seyðisfjarðar, þá hefir það ósköp litla þýðingu, meðan samgöngurnar eru annars í sama horfi og fyrr. Hvað skiptir það fólk uppi í Hróarstungu eða Jökuldal, þó að blaðpóstur komi tvisvar í viku til Seyðisfjarðar, ef hann kemur ekki nema mánaðarlega upp á Hérað? Það er ekki til neins að ætla að þrýsta einni grein samgangnanna fram úr öllum hinum. Ég álít því, að það sé í rauninni eðlilegt og gott að styrkja flugvélar til síldarleitar, við það fæst reynsla og framleiðslunni er jafnframt unnið gagn, en um hitt, hvað mikið sé gerandi fyrir, að við séum að gera tilraunir, er það að segja, að þar verðum við að bíða eftir öðrum.

Ég geri að vísu hiklaust ráð fyrir, að till. mínar verði felldar, en ég tel rétt á þessu stigi málsins að greina milli þess, sem er við okkar hæfi, og hins, sem er meira á undan tímanum, miðað við okkar kringumstæður.

Út af brtt. á þskj. 497, sem hv. 3. landsk. flytur, ætla ég að gefa nokkrar skýringar. Hún er við 22. gr., VII. liður: „Að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, er nú hefir verið tekið til afnota fyrir Vinnuhæli á Eyrarbakka, með allt að 8600 kr".

Ég hefði nú haldið, að hv. 3. landsk. væri meiri verzlunarmaður en það, að flytja slíka till., því þannig stendur á þessu máli, að þeir menn, sem ætluðu að byggja spítala á Eyrarbakka og gerðu það með lítilli forsjá, byggðu húsið miklu stærra en svo, að þeir hefðu nokkur ráð á að fullgera það. Svo var ýtt á stj., sem þá var, og fengið töluvert meira úr ríkissjóði heldur en samsvaraði framlagi þaðan. En svo stanzaði allt, þegar búið var að leggja í það 120 þús. kr. Það var reynt að fá sýsluna til að taka það að sér, síðan kaþólska trúboðið, en ekkert dugði. Að síðustu varð fyrirtækið gjaldþrota. Landsbankinn hafði veð í húsinu fyrir 20 þús. kr., og hann tekur svo húsið upp í það, sem hann átti hjá skuldunautunum. En þeir, sem þarna töpuðu, voru annarsvegar landið, sem búið var að leggja í þetta marga tugi þúsunda, og svo þeir menn á Eyrarbakka, sem lagt höfðu í þetta.

Með gjaldþrotinu var svo saga spítalamálsins alveg búin, ekki aðeins í lagalegum skilningi, heldur og siðferðislega. Því að landið hafði verið herfilega gabbað, með því að það var lokkað til þess að leggja fram fé að því áskildu, að forgöngumennirnir legðu á móti, sem þeir ekki gátu. Svo kemur landsstj. og kaupir af Landsbankanum hússkrokkinn fyrir það, sem Landsbankinn átti í honum, og ekki meira. Ég tók þá þegar skýrt fram, að mér dytti ekki í hug að semja um kaupin á húsinu, nema það fengist fyrir það, sem Landsbankinn ætti hjá því. Bankinn seldi það svo alveg kvaðalaust. Síðan hefir verið gert við töluverðan part af húsinu og því breytt í fangelsi og vinnuhæli.

Þarna voru tveir aðiljar, sem höfðu tapað, annarsvegar félagið og hinsvegar landssjóður. Landssjóður tekur húsið út úr neyð, til þess að fá eitthvað fyrir sín miklu útlát. Hinn aðilinn hefði eins get-

að gert það. Ef fél. hefði tekið það fyrir 28 þús. kr., sem það skuldaði Landsbankanum, þá hefði landið ekkert sagt við því. En ég vil alvarlega vara hv. d. við því að samþ. þessa till. hv. 3. landsk., því að hún á hvorki lagalegan og enn síður siðferðislegan rétt á sér. Þessir menn byrjuðu á fyrirtækinu í ráðleysu og lokkuðu landssjóðinn til útgjalda, þótt því hafi verið snúið nokkuð til góðs aftur, með því að taka það til annara nota. En mér hefði aldrei dottið í hug að byggja fangelsi á Eyrarbakka, ef landið hefði ekki átt þessa eign þar, sem menn vildu reyna að bjarga með einhverju móti. Ef ekki hefði verið þessi aðstaða með húsið, hefði ég heldur viljað láta byggja fangelsi eða vinnuhæli á einhverri hverajörð, t. d. austanfjalls.

Þá kem ég að till., sem ég flyt við 22. gr., að stj. sé heimilað að láta reisa vinnu- og hressingarhæli fyrir 30 berklaveika menn að Reykjum í Ölfusi, og taka til þess lán, allt að 50 þús. kr. Ég ætla að útskýra þetta mál lítillega, af því að það er nýtt, og þau gögn, sem ég hefi þar fram að færa, hafa ekki verið lögð fram í þinginu.

Í fyrra heimilaði Alþingi stj. að kaupa 5 jarðir í Ölfusi. Það var viðurkennt, að þar væri geysimikil orka og væri æskilegt, að landið réði yfir þessu eins og t. d. fossunum, en að því leyti, sem nánara var tiltekið af mér um framtíðarnotkun jarðanna, var það aðallega í sambandi við spítala og lækningar.

Í sumar sem leið fekk ég Þorkel Þorkelsson eðlisfræðing til þess að rannsaka nokkuð þessa eign landsins. Hann hefir að vísu ekki lokið þeirri rannsókn, en hann telur, að alls séu þar um 100 hverir, og af þeim hefir fundizt radíum í tveimur, og það er einmitt nærri bænum á Reykjum, þar sem bezt er fallið til byggingar. Hann hefir ennfremur reiknað út, að það hitamagn, sem á hverjum sólarhring kemur nothæft úr þessum 100 hverum, samsvari 50 tonnum af kolum. Hann reiknar þá með hálfri orku. Öll orkan, ásamt gufu, er þá nálægt 100 tonnum.

Þetta er geysimikill auður og tekur langan tíma, þangað til hann er fullnotaður. En það, sem alltaf hefir vakað fyrir mér sem augnabliksþörf fyrir landið, var, hvort ekki væri hægt að nota þessa eign til bjargar í berklaveikismálunum. Þar átti ég við tvennskonar skilning. Annarsvegar að kynni að vera von um, að sjúklingum batnaði betur á þessum stað heldur en á köldum stöðum, en þó sérstaklega, að unnt væri að reka þar spítala ódýrara en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Um fyrri liðinn þori ég ekki að segja mikið, því aðallega er það læknisfræðilegt atriði, hvort hverastaðir með gufu, leðju og radíum séu álitlegir til þess að lækna berklasjúklinga. Ég mun ekki fara langt út í þetta, og það því fremur, sem þeir læknar, sem helzt hafa um það hugsað, eru að vissu leyti eins og leikmenn um þetta, því að fræðilegar tilraunir hafa ekki verið gerðar um það hér á landi. En landlæknir, sem hefir manna mesta almenna reynslu í þessum efnum, álítur, að þetta sé mjög líklegt. Síðar mun ég lesa upp það, sem hann hefir skrifað um þetta.

Hitt er aftur alkunna, að í gamla daga, áður en hér voru nokkrir læknar eða berklahæli, þá leitaði heilsulaust fólk til hverastaða, og það voru byggðir húskofar, þar sem fólkið dvaldi og þótti sér batna. T. d. hefir gamalt fólk í Mývatnssveit sagt mér, að brjóstveikt fólk hafi oft farið á þessa staði. Gamlar sagnir eru og um, að lasið fólk hafi komið að Baðstofuhver á Reykjum í Ölfusi, til þess að láta sér batna fyrir brjósti af gufu.

Ég fullyrði ekkert um þetta. En ég bæti aðeins við, að sá maður, sem seldi Reyki, Gísli Björnsson, hefir byggt þarna sumarskála, og þar náði dóttir hans góðri heilsu frá því að vera vanheil af brjóstveiki. Kunningjakonur dóttur hans höfðu líka verið þar við brjóstveiki og þótt sér batna. En þetta er aðeins trú fyrir mér, og ég legg ekki meira upp úr því en annari trú.

En það er fjárhagslega hliðin, sem er meira en trú, og það er vegna hennar, að ég leyfi mér að bera fram þessa till. um að gerð sé tilraun á Reykjum til að koma upp skýli fyrir vinnufærustu sjúklinga hér. Ég ætla nú að lesa upp úr bréfi landlæknis, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðrum löndum, þar sem ég hefi

komið, er alstaðar talað um það, að iðjuleysið í heilsuhælunum dragi dáð og dug úr ungu fólki, sem er á batavegi, valdi spillingu. Hvergi mun þetta þó eins átakanlegt og hér á landi, því annarsstaðar er meðaldvalartíminn um sex mánuðir, en hér um eitt ár. Þetta kemur til af tvennu. Annarsvegar er atvinna manna hér yfirleitt erfið, sjómennska eða sveitavinna, miklu minna hér um hæga vinnu en í öðrum löndum. Þess vegna erfiðara að losna við sjúklingana aftur, ef þeir eru ekki albata, og hættara við, að þeim slái niður, þó þeir fari fullfriskir, af því viðbrigðin verða svo mikil frá fullkomnu iðjuleysi yfir í stritvinnu. Hinsvegar er á það að líta, að okkur vantar enn almenna sjúkratryggingu og öryrkjatryggingu, og afleiðingin sú, að berklafólk, sem er í sjúkrahúsum, hálffriskt, hálfvinnufært — það fæst ekki burt úr sjúkrahúsunum, það dvelur þar oft og tíðum miklu lengur en skyldi, til stórkostnaðar fyrir þjóðfélagið.

Mér er óhætt að fullyrða, að hér á landi eru að jafnaði í hælum og sjúkrahúsum á annað hundrað berklamanneskjur, sem ekki þyrftu og ekki ættu þar að vera, og er það hlutfallslega ótvírætt miklu meira en í nokkru öðru landi".

Þetta er þá fyrsta athugun landlæknis um þetta mál. Síðan lýsir hann ýmsum tilraunum í næstu löndum, sem gerðar hafa verið um slík vinnuhæli. Ég fer ekki út í það, af því að það er of langt frá því, sem hér er til umr. Síðan heldur landlæknir áfram:

„Nú vil ég vekja athygli á því, að hér á landi er fyllsta ástæða til að reyna á einhvern hátt að girða fyrir, að fjöldi af vinnufæru berklafólki lifi í iðjuleysi í sjúkrahúsum landsins á þjóðar kostnað. Verkefnið er afar vandasamt hér sem í öðrum löndum.

En mér virðist líka, sem vert væri að reyna að koma upp berklaþorpi í smáum stíl, því að ríkið á jörð, sem ótvírætt er framúrskarandi hentug til þess konar afnota. Ég á við Reyki í Ölfusi. Þar er landrými mikið, ótal hverir og laugar, næg vatnsorka, auðvelt að koma upp litlu raforkuveri. Það er og víst, að gufan úr sumum hverunum er radíumkennd. Sumir ætla, að hveragufa sé einkar holl fyrir brjóstveikt fólk. Það verð ég að telja órannsakað mál, en sannarlega þess vert, að það sé rannsakað.

Það, sem ég hefi í huga, er þetta, að fá reistan á Reykjum skála, fyrir svo sem 32 berklaveika karlmenn. Húsið má vera af mjög einfaldri gerð, í líkingu við þau hús fyrir einhleypt fólk, sem ég sá í Papworth Hall á Englandi í fyrra. Ég hugsa mér 16 tveggjamannaherbergi, breiðan gang, eldhús, rúmgott búr, baðherbergi, vatnssalerni. Ég hefi rætt þetta mál við húsameistara, og ætlar hann, að reisa megi þess konar hús fyrir um 50000 kr.

Nú verður spurt: Hvaða vinnu getur berklaveikt fólk fengið á Reykjum, er sé við þess hæfi? Ég tel mjög góðar horfur á því. Jörðin er prýðilega vel fallin til alls konar garðyrkju, en það er sú útivinna, sem bezt er við hæfi berklafólks. Þar mætti og hafa stór vermihús, sem ættu að geta gefið mjög góðan arð. Þar mætti, hygg ég, einnig reka hænsnarækt í stórum stíl með góðum arði. Væri svo til vinnuskáli, þar sem stunduð yrði ýms innivinna, netjagerð, ýmsar smíðar o. s. frv., þá virðist augljóst, að nóg myndi verða um hentuga vinnu bæði vetur og sumar.

Sjúklingarnir eiga að fá sanngjarnt kaup fyrir það, sem þeir vinna, og þeir eiga þá líka að borga með sér. En ég geri ráð fyrir, að meðgjöfin þyrfti ekki að vera há. Rekstrarkostnaður yrði miklu minni en í heilsuhælunum, vonandi ekki meiri en 2½ kr. á dag, kannske enn minni.

Ég lít á þetta sem tilraun. Ég vil ekki neita því, að hún geti að einhverju leyti misheppnast. En eitthvað verðum við að reyna til að komast úr þeim kostnaðarógöngum, sem við nú erum í með berklafólkið.

Reykjavík 11. apríl 1930.
Virðingarfyllst
G. Björnson".

Af þessu bréfi landlæknis getur hv. d. séð aðalatriðin í þessu máli. Það er öllum kunnugt, að landið borgar nú á hverju ári fram undir 1 milljón kr. í berklakostnað, og þótt gerð sé lítilsháttar tilraun, sem hefir valdið deilum við ýms sjúkrahús landsins, til að reyna að

spara, hefir ekki tekizt að draga úr kostnaðinum, heldur aðeins að hindra nokkuð, að hann vaxi eins ört og annars hefði orðið. Kostnaður við berklasjúklinga, sem landið hefir orðið að borga með, hefir farið upp í 10 kr. á dag, en er á Vífilsstöðum tæpar 5 kr., á Kristnesi 4 kr., og ýmis minni sjúkrahús sárkvarta undan því að hafa sjúklinga fyrir 5 krónur á dag.

Það er auðvitað gott, að þjóðfélagið reyni að verjast þessum gífurlega sjúkdómi, og það hefir lagt á sig miklar byrðar til þess. En hvergi sést, að berklaveikin sé farin að minnka. Það má segja, að hún hefði orðið meiri, ef fólkið hefði ekki verið einangrað. En kostnaðurinn vex sem sagt hröðum skrefum. Og eitt er óþægilegt í þessum efnum, og það er, að öll venjuleg sjúkrahús fyllast af berklasjúklingum. Það má heita, að öll sjúkrahús í landinu séu orðin undirlögð fyrir berklasjúklinga, og þau telja sér það gróðaveg, eins og sjá má af grein í Íslendingi eftir Steingrím lækni Matthíasson, sem játar, að sjúkrahúsið á Akureyri hafi grætt mikið á undanförnum árum, en hann heldur, að það gangi ekki sem bezt eftir að dagborgunin er komin niður í 5 kr. En þegar aðgætt er, að 5 kr. á dag gera 1500—2000 kr. á ári, og þegar maður athugar hinn mikla fjölda sjúklinga, þá verð ég að segja, að þegar við erum dag eftir dag að deila um, hvort þessi listamaðurinn eða hinn eigi að fá 500 eða 600 eða 1000 kr., þá væri það undarleg léttúð hjá þjóðinni að hugsa ekki um, hvað það þýðir að taka upp á sína arma hundruð manna að meðaltali í eitt ár og suma lengur.

Ég hefi álitið, að ómögulegt væri að beita berklavarnalögunum með því að kasta berklaveiku fólki út á gaddinn. Það mundi þingið aldrei vilja gera. En að yfirfylla öll sjúkrahús á dýrustu og þéttbyggðustu stöðum er óskynsamlegt, bæði fjárhagslega og heilsufræðilega. En ég get ennfremur sagt, að þær tilraunir, sem núverandi stj., þingið og undanfarandi stj. hafa gert til þess að koma nýju lagi á berklavarnarkostnaðinn, hafa ekki náð neinum verulegum árangri. Enginn, sem ég hefi talað við um þetta mál, hefir séð aðra leið út úr þessum ógöngum, sem landlæknir kallar svo, en að láta sjúklingana vinna undir eftirliti læknis á ódýrum stöðum. Hvað svo sem hv. d. kann að segja um þessa till., þá er ekki enn nein von að geta greitt úr berklaveikismálinu, nema með því að láta þá berklaveiku vera á ódýrari stöðum en Vífilsst. og Kristneshæli, og þar væru þeir látnir vinna eftir því sem heilsan leyfði.

Í viðbót við það, sem landlæknir hefir sagt, ætla ég að benda á það, að tilætlunin er að byrja með eitthvað á annað hundrað vinnufærra manna, það er fólk, sem er vel rólfært og maður getur gert sér vonir um að geti unnið úti við eða inni á verkstofu.

Þá hefir Gunnlaugur Claessen læknir sagt mér, að hann hafi nýlega komið á nýtízku berklahæli í Sviss. Var það einskonar vinnustofa, kölluð Klinikmanufaktur (heilsuhæli, þar sem er unnið). Þar var lítill rafmagnsmótor við hvert rúm. Eins og kunnugt er, er mikil úrsmíði í Sviss. Sjúklingarnir voru nú látnir vinna við rafmagnsmótorinn, og það jafnvel þó að þeir væru svo veikir, að þeir yrðu að liggja á grúfu og styðjast fram á olbogana. Þessir menn gátu unnið fyrir sér og jafnvel meira sumir.

Þetta var aðeins tilraunahæli, er sýnir, hvernig aðrar þjóðir leitast við að leysa þetta spursmál, en það verður með því að láta þá sjúklinga vinna, sem til þess eru færir.

Mér dettur náttúrlega ekki í hug að gera neina breytingu á heilsuhælunum á Vífilsstöðum og Kristnesi fyrir þetta. Þar eru sjúklingarnir flestir mikið veikir, svo að sumir eru rúmfastir eða aðeins rólfærir, svo það er engin sanngirni, að þeir vinni verulega. En á hælunum í Kópavogi og Hafnarfirði eru á annað hundrað sjúklingar, sem mætti láta vinna nú, ef skilyrði væru til þess. Fyrir þetta fólk borgar ríkið og sýslufélög að minnsta kosti 5 kr. daglega fyrir hvern einstakling.

Í bréfi landlæknis lýsir hann hættunni fyrir fólkið sjálft vegna þeirra snöggu viðbrigða að verða að fara út í hið harða starfslíf, sem er hér á Íslandi. Það, sem vakir fyrir mér og landlækni, er að und-

irbúa hér þessa tilraunastarfsemi. Við viljum reyna lítinn sumarskála, fyrir svo sem 30 karlmenn, við einhvern hver. Við ætlumst til, að hann verði aðeins ein hæð með gluggum móti suðri og lágt undir þak. Það verður ódýrast að hafa það timburhús, enda ætti það að vera nóg, þar sem hitinn er nægur.

Skálinn yfir 30 menn mun kosta um 50 þús. kr. Verða það rúml. 1600 kr. á rúm. Þar sem hitinn er ekki við hendina kostar rúmið á nýtízku spítölum venjulega rúmlega 10 þús. kr. Hælið á Kristnesi, sem er vel vandað, kostaði t. d. um ½ millj., og er ekki miðað við nema 50 sjúklinga, þótt stundum séu þar fleiri. Það væri því afskaplegur munur, ef hægt væri að koma þessum kostnaði niður í 1200—1500 kr. á rúm.

Læknirinn á Ísafirði er líka óánægður með 5 kr. á dag miðað við rentur og afborganir af dýru húsi, þar sem hvert rúm kostar mikið. Það er því ekkert vit í að vera að reisa dýrt hús í þessu augnamiði meðan þessi aðferð er óreynd.

Á Reykjum, þar sem hægt er að byggja heilsuhæli fyrir 100—200 manns, eru 2 ágætar lindir. Önnur lindin er hver og þarf ekki að leggja pípur úr honum og í skálann nema svo sem 100 m. En um 100 m. þar frá er köld lind, og er þar ágætt drykkjarvatn. Um km. frá þessum sjúkraskála er líka mikið vatnsafl og má þar framleiða rafmagn.

Þar sem skilyrðin eru svo góð, virðist vera möguleiki fyrir því, að hægt sé að gera hús, sem verði ódýrt í rekstri. Á Vífilsstöðum kostar t. d. ljós og hiti 60 aura daglega á hvern sjúkling. Það væri því ekki svo lítill sparnaður, ef hægt væri að færa þann kostnað niður í 10 au. Mjólk er líka allt að því helmingi ódýrari austur í Ölfusi en á Vífilsstöðum. Þá eru einnig líkindi til, að sjúklingar geti unnið þar fyrir sér eða meira.

Af því að ég vil helzt ekki tala aftur um þetta atriði, skal ég geta þess nú, að í sumar skoðaði ég stóran spítala rétt hjá Viborg í Danmörku. Hann var gerður úr timbri og ekki nema ein hæð. Slíkir berklaveikisspítalar eru víða erlendis, og munu íslenzkir læknar hafa heimsótt þá.

Það, sem vakir fyrir landlækni og mér, er það, hvort ekki sé hægt að reisa slíkan spítala á Reykjum, og að dagkostnaður þar verði minni en á Vífilsstöðum, Kópavogi og Hafnarfirði fyrir þá sjúklinga, sem eru svo röskir, að þeir séu vinnufærir. Þá á ennfremur að reyna að venja sjúklingana á að létta undir með sjálfum sér með þann kostnað, sem af dvöl þeirra leiðir.

Ég vil minna hv. þdm. á, að stj. stendur nú varnarlaus uppi. Ef berklaveikum mönnum heldur áfram að fjölga, koma brátt önnur 50 þús., sem þarf að veita úr ríkissjóði. Þessar 50 þús. eru ekki meira en það, sem greitt hefir verið á einu ári fyrir sjúklingana á Herkastalanum í Hafnarfirði. Þetta er aðeins tilraun, sem ekki er víst að heppnist, en hér er svo mikil von til að spara megi berklavarnakostnað allverulega, að ég álít það skyldu mína að leggja það fyrir þessa hv. d., hvort ekki sé hægt að koma berklavarnamálinu út á nýjan grundvöll, þannig að berklavarnakostnaðurinn verði minni, en jafnframt verði hann heppilegri fyrir sjúklingana sjálfa.

Jón Þorláksson: Ég vildi fyrst taka undir þau ummæli, sem féllu frá hv. 4. landsk., og láta í ljósi eindregna ósk um það, að þeir stúdentar, sem fá styrk til náms við háskóla erlendis að tilhlutan menntamálaráðsins, geti orðið sömu kjara aðnjótandi og þeir hafa nú eftir fjárlagafrv. stj., þ. e., að þeir fái styrkinn greiddan með þeim gengisviðauka, sem samsvarar gengisfalli íslenzkrar krónu. Það hefir verið svo fram að þessu ári og sýnist hart — þar sem þessi styrkur er ekki meiri en 1200 kr. — að fara nú að taka af honum 200 kr. vegna verðfalls krónunnar.

Þá á ég brtt. á þskj. 503, sem er borin fram eftir till. vegamálastjóra. Hún er um það, að laun aðstoðarverkfræðings skuli hækka úr 5600 kr. í 6780 kr.

Þetta er ekki hækkun nema að nokkru leyti, því upphæðin er lögákveðin, en ekki rétt talin í frv. Laun þessa verkfræðings eiga nú að vera 6020 kr., svo að mismunurinn verður ekki nema 760 kr.

Þessi till. um launahækkun er hér fram komin vegna þess, að á þessu þingi hefir samskonar launaviðbót verið samþ.

fyrir aðstoðarverkfræðing vitamálastjóra. Var sú launahækkun þó 800 kr.

Báðir þesir menn hafa fengið sömu menntun. Þeir eru útskrifaðir frá tekniska skólanum í Þrándheimi. Þessi verkfræðingur hjá vegamálastjóra hefir þó starfað tveimur árum lengur en hinn, og virðist því ekkert réttlæti vera í því að draga launahækkunina af honum, fyrst hinn hefir fengið hana. Sú hækkun var samþ. með miklum meiri hl., og vona ég því, að hv. d. líti nú eins á þetta mál

Þá ætla ég aðeins með örfáum orðum að svara hæstv. fjmrh. (EÁ), þar sem hann mótmælti brtt. minni á þskj. 497, þótt ég viti, að raunar hafi það ekki mikið að segja gegn því atkvæðamagni þessarar hv. deildar, sem muni standa að baki þeirra orða.

Hæstv. ráðh. andmælti till. um 75 þús. kr. styrk til rafveitu utan kaupstaðanna af tveimur ástæðum, og var önnur þeirra sú, að þessi upphæð gerði tekjuhalla á fjárlagafrv.

Ég var búinn að gera grein fyrir því, að svo smávægilegur tekjuhalli væri aðeins partur úr 1% af öllum útgjöldum eftir frv., og skipti því í raun og veru ekki máli. Þar að auki benti ég á lið, sem mér sýndist ekki eiga að ganga fyrir slíkum fjárframlögum sem þessum, þótt ég hafi ekki komið hér fram með lækkunartill. við hann í samræmi við þessi ummæli mín.

Þá var það önnur ástæðan, að þetta mál væri allt svo ótímabært og fram komið til þess að veiða atkv. einfeldninga í sveitum. Ég fyrir mitt leyti vil vísa þessari skoðun ráðh. frá mér. Síðan ég starfaði í mþn. í vatnamálum árin 1918—1920 hefir mér verið það ljóst, að vatnsaflið verði að nota til almenningsþarfa, og ég er sannfærður um, að það eru í raun og veru ekki meiri erfiðleikar á að framkvæma þetta en ýmis önnur alþjóðarviðfangsefni, sem núverandi kynslóð hefir tekið upp og þótti fjarstæða, þegar byrjað var, en hefir nú sýnt sig að voru viðráðanleg, t. d. vegalagningar og símalagningar.

Hæstv. ráðh. spurði, hvernig ætti að verja þessari fjárveitingu. Því er fljótsvarað. Henni á að verja eftir till. þeirrar nefndar, sem stj. hefir skipað til þess að rannsaka þetta mál. (**Rödd**: Staðhættir eru misjafnir). Það er rétt, en þessi mismunur hlýtur að skapa eðlilega rás framkvæmda, þannig, að þar verði fyrst ráðizt í framkvæmdir, sem öll skilyrði eru hagkvæm fyrir hendi. Ég skal benda á, að það er þegar lokið rannsókn í einu héraði landsins, Skagafirði, og þar eru menn nú sannfærðir um, að með hæfilegu framlagi ríkissjóðs verða þær framkvæmdir ekki ofviða. Þetta álit þeirra, sem byggist á kostnaðaráætlun þeirri, sem gerð hefir verið, fer í bág við þá skoðun hæstv. fjmrh., að þetta geti hvergi blessazt eða þrifizt hér á landi eins og þjóðarhögum nú er farið.

Ég ætla ekki að banda hér á móti vegalagningum, en það er satt, að mér fannst hæstv. ráðh. ekki sýna nógan þjóðhagslegan skilning, þegar hann bar fram þau andmæli, að til raforkuveitna þyrfti erlent efni, en vegalagning tæki aðeins innlent vinnuafl.

Það er enginn verulegur munur á því fyrir þjóðarhag, hvort vinnukraftur er tekinn til þess að framkvæma vegagerðir, eða sá sami vinnukraftur er látinn stunda útflutningsframleiðslu og efni í rakorkuveitur flutt inn fyrir það fé, sem hin framleidda útflutningsvara gefur í aðra hönd. Ég held, að hæstv. ráðh. sé hér algerlega á villigötum.

Þetta var ekki annað en ég átti von á frá hæstv. ráðh. Hann var á móti þessu máli á síðasta þingi, og bjóst ég ekki við, að hann hefði orðið neitt bjartsýnni þótt eitt ár væri liðið. Hitt kom mér óvart, þegar hæstv. ráðh. lagði á móti lítilfjörlegum ellistyrk til sjóndapurs manns, sem var svo lengi starfsmaður hins opinbera, að margir hafa notið styrks í 18. gr. fjárl., sem skemur hafa starfað fyrir hið opinbera.

Ég býst ekki við, að það sé meiningin að halda símamönnum í þeirri sérstöðu innan opinberra starfsmanna, að ekkert sé litið til þeirra í 18. gr. fjárl., þótt starfsmenn úr öllum öðrum greinum hins opinbera eigi þar nokkuð greiðan aðgang að. Það má líka benda á það, að stétt símamanna er þegar komin inn í 18. gr., því þó að það sé ekki mikið, er það þó

að minnsta kosti 1 embættismannsekkja, sem nýtur nú þegar nokkurs framlags þaðan.

Þá lagðist hæstv. dómsmrh. á móti þeirri till. minni að heimila stj. að borga það, sem hvílir á einstökum mönnum vegna byggingarkostnaðar sjúkrahússins á Eyrarbakka, sem nú hefir verið tekið fyrir vinnuhæli. Hæstv. ráðh. sagði söguna aðeins lítið eitt lengri og fyllri en ég hafði gert, en ekkert kom þar nýtt fram nema það, að hann ámælti þessum mönnum fyrir fyrirhyggjuleysi, þar sem þeir hefðu ráðizt í að hafa húsið of stórt.

Ég vil minna á það, sem ég hefi áður borið þeim fram til afsökunar, að þeir fóru hér eftir ráðum tveggja embættismanna ríkisins, sem um þetta mál fjölluðu samkv. embættisskyldu sinni. Stærð hússins var ákveðin eftir till. landlæknis, en hann hefir kannske verið nokkuð bjartsýnn á þeim árum.

Hæstv. ráðh. dró þá ályktun, að þeir hefðu hvorki lagalegan eða siðferðislegan rétt til þess að sleppa undan þessu. Lagalegan rétt hafa þeir vitanlega ekki, en siðferðislegan rétt hafa þeir að því leyti, að þeir eiga ekki að verða fyrir persónulegu tjóni, þótt þeir hafi verið kjörnir í nefnd til þess að framkvæma mál, sem almenningur ræðst í og vill láta framkvæma.

Jón Baldvinsson: Það er mjög gleðilegt, hvað 3. umr. fjárl. hefir verið friðsamleg nú hér í hv. Ed. Það hefir ekkert orðið úr þeim árásum, sem hv. 3. landsk. þóttist ætla að hefja á stj. við þetta tækifæri. Sýnir það sem fleira, að ekki er um mikinn stefnumun að ræða milli Íhaldsins og Framsóknarflokksins. Ég er hv. 3. landsk. þakklátur fyrir að hefja ekki eldhúsdag nú til þess að láta okkur hanga hér alla nóttina. Hefir hann e. t. v. sleppt því af vorkunnsemi við okkur, nú í öllum önnunum. (JÞ: Vorkunnsemi við mig og aðra).

Annars stóð ég upp til að lýsa eftir, hvort hæstv. dómsmrh. ætlar ekki að svara fyrirspurn minni viðvíkjandi greiðslu stúdentastyrksins. Ég vænti þess, að hann geri þá leiðréttingu, sem ég tel þingvilja fyrir, að borga stúdentum námsstyrkinn með gengismun. Meðan hæstv. ráðh. telur sig hafa heimild til að greiða konungsmötuna í dönskum krónum, ætti hann ekki síður að telja sér heimilt að láta fátæka stúdenta njóta sömu hlunninda. Þetta finnst mér hæstv. stj. ætti að taka til yfirvegunar. Hún hefir í þessu efni brotið venju, sem þingið hefir aldrei amazt við.

Ég þarf ekki að tala fyrir mörgum brtt. að þessu sinni. Ég flyt aftur till. um styrk til Árna Kristjánssonar. Við 2. umr. flutti ég till. um 2000 kr. styrk til hans, og til vara 1500 kr. Þegar ég samdi till. nú, mundi ég ekki eftir varatill. þeirri um daginn. En nú er venja, að ekki séu fluttar till. eins háar né hærri en þær, sem búið er að fella. Ég flyt því skriflega brtt. um 1300 kr. styrk til Árna, þó ég telji það alltof lítið, til þess að hæstv. forseti vísi ekki till. frá vegna þess, að hún hafi verið felld áður. Vona ég að hv. dm. leyfi þau afbrigði, sem þurfa, til að þessi skriflega brtt. megi komast að, hvernig sem þeir greiða síðan atkv. um hana.

Hefi ég svo ekki ástæðu til að segja mikið fleira (Fjmrh.: Það er svo mikil friðsemd núna).

Ég var nú að reyna að ýta við hæstv. stj. við 1. umr., og ef hæstv. ráðh. óskar eftir ófriði, þá hefi ég nóg til að tala um við hæstv. stj. Ef ég á að fara að tala svona almennt, get ég minnzt á það, að hæstv. dómsmrh. tók mjög illa í merkilegt mál í Sþ. í dag, kjördæmaskipunina. Ég skil ekki, hvernig þeir ætla sér að ganga undir framsóknarheiti, sem standa vilja á móti því, að kjördæmaskipunin breytist, eftir því sem fólkið flyzt til. Þó ekki sæti t. d. nema einn karl eftir norður í Skagafirði, ætti hann eftir stefnu hæstv. ráðh. að hafa rétt til að kjósa tvo þm. Þetta er hið rammasta afturhald, sem hugsazt getur, enda viðurkenndi hæstv. ráðh., að það væri afturhald.

Þá hefir hæstv. dómsmrh. talað með miklu forsi um það, hvað kostnaðurinn við berklavarnirnar væri hár. En það er þingið sjálft, sem samþ. hefir að greiða þennan kostnað; ekki vegna sjúklinganna sjálfra, heldur til varnar hinum heilbrigðu. Það er eins og hæstv. ráðh. skilji ekki þetta, og þess vegna er hann alltaf að fjargviðrast út af þessu veika

fólki. Það er ekki annað en heimska að vera að reyna að knýja þennan kostnað niður.

Eins er með stríðið, sem hæstv. ráðh. hefir sagt spítölunum á hendur; hann vill láta bæjar- og héraðsspítala hjúkra sjúklingunum fyrir minna gjald heldur en kostnaðurinn er við þá á ríkisspítölunum. Og þó þurfa þessir spítalar út um landið að standa straum af stofnkostnaði sínum. Bæjarfélögin hafa flest úr litlu að spila og eiga nógu erfitt með að halda spítölunum við, þó þeim sé ekki gert það erfiðara en þarf.

Það er ekki út af till. hæstv. ráðh. um hressingarhælið, að ég er að tala um þetta. En það er bara eins og það komi þessi nábítur í alla dómsmrh., þegar þeir tala um berklakostnaðinn. Ég man eftir því, að áður hafa ráðh. þeir, sem berklavarnir heyra undir, reynt á lævíslegan hátt að fá þm. til þess að gera berklasjúklingum erfiðara fyrir og færa kostnaðinn af ríkinu yfir á þá sjálfa eða aðstandendur þeirra, eða sveitarfélögin.

Það var nú eiginlega fyrir eggjun hæstv. stj., að ég fór að tala um önnur mál en fyrir liggja. Og ef hún svarar, sem hún sjálfsagt gerir, ef hún ekki finnur sökina á sér, vona ég, að hæstv. forseti gefi mér leyfi til andsvara. (**Forseti**: Það er nú spursmál við þessa umr.). Hæstv. forseti Nd. leyfði sínum dm. að hafa eldhúsdag við 3. umr. fjárl., og ég held við hljótum að fá sömu hlunnindi.

Þá skal ég minnast ofurlítið á þær till., sem fram hafa komið um rafveitur. Hv. 3. landsk. flytur till. um að veita 75 þús. kr. til raftaugakerfa í sveitum. Eins og hæstv. fjmrh. benti á, er þetta alveg órannsakað mál, og því vanhugsað að leggja út í það nú. En það er annarsstaðar, sem óhætt er að leggja fé í rafveitur. Það er í þéttbýli kaupstaðanna. Það er eðlilegt, að hæstv. ráðh. vilji ekki leggja fé í rafveitur um sveitirnar, sem engar líkur eru til að borgi sig, en það eru ekki nema sumir þeirra með rafveitum í kaupstöðum heldur, sem þó er þegar séð að eru arðvænleg fyrirtæki. A. m. k. var hæstv. dómsmrh. á móti rafveitunni á Siglufirði; sýnir sig þar afturhaldssemin, sem hann var að hæla sér af í dag. En það er ekki nóg með það. Nú á síðustu stundu flytur hæstv. dómsmrh. till. um að fella niður styrkinn til flugferða. Flugið er nýjung, sem þegar er ögn búið að reyna hér og hefir gefizt vel. Gætu flugvélarnar eflaust komið okkur hér í strjálbýlinu að mjög miklum notum. A. m. k. ætti hæstv. dómsmrh. ekki að amast við þeim, sem hefir skrifað svo fagurlega um það, að bréfapóstur eigi í framtíðinni að komast jafnsnemma inn á hvert heimili á landinu og helzt daglega.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að sá maður, sem mest hefir unnið fyrir flugmálið hér á landi, mun hafa fengið loforð um það hjá Junkersverksmiðjunum í Þýzkalandi, að þær leggi fram fé til flugsins hér, ef sæmilegur fjárhagslegur grundvöllur fæst hér heima.

Mér finnst hæstv. dómsmrh., sem margar till. hefir gert um framtíðarmál þjóðarinnar, ætti nú að fara að lesa upp sín fyrri skrif og vita, hvort hann er hvergi kominn í ósamræmi við þau.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. 4. landsk. hóf mál sitt með því að þakka hv. 3. landsk. fyrir það, að hann hóf ekki eldhúsdagsumr. hér í dag. En svo hljóp mælskan svo með hann í gönur, að hann er nú búinn að tala nær hálfa klukkustund. Skal ég reyna að bæta úr skák með því að vera stuttorður.

Hv. dm. hafa ekki mikið lagt til þeirra mála, sem hv. fjvn. hefir látið sig skipta. Þó var hv. þm. A.-Húnv. að tala um, að ég hefði í fyrstu ræðu minni bent á það, að tekjur ríkissjóðs væru stöðugt að aukast. Vildi hann draga þá ályktun af orðum mínum, að ég væri að hvetja til að hækka útgjöldin. Ég nefndi meðalta! nokkurra tekjuliða síðastliðin þrjú ár, og benti ekki sérstaklega á, að þeir færu hækkandi, þó þeir hafi gert það. Hinsvegar varð ég að nefna heildarútkomu þessara ára eins og hún var. Árið 1927 var frekar rýrt tekjuár, árið 1928 var aftur á móti hagstætt, og árið 1929 var afbragðs tekjuár.

Þó er það ágizkun n., að tekjurnar muni vera varlega áætlaðar. Hitt óttast hún fremur, að útgjöldin muni fara fram úr áætlun og meðalgjöldum síðari ára.

Sami hv. þm. var að tala um það, að það væri lítils virði sú ráðstöfun fjvn.

að hækka tekjuáætlunina, til þess að jafna tekjuhallann. Það er auðvitað alveg rétt, að það breytir engu um hina raunverulegu útkomu. Og eins og ég gat um, þá liggur n. sem heild það í léttu rúmi, hvort þetta er gert eða eigi. En ég hygg það rétt athugað hjá hæstv. fjmrh., að með því að jafna tekjuhallann gefi n. það í skyn, að hún ætli ekki útgjöldunum að hækka svo nokkru nemi, frá því sem þegar er orðið.

Þá skal ég örlítið minnast á örfáar af þeim mörgu brtt. einstakra þm., sem hér liggja fyrir.

Lýsi ég því þá fyrst yfir fyrir hönd n., að hún hefir enga ákveðna afstöðu tekið til hinna mörgu persónulegu styrkveitinga, sem hér er farið fram á.

Við aðra umr. gerði n. tilraun til þess af veikum burðum að ryðja úr vegi nokkru af persónulegum styrkjum. Það misheppnaðist að nokkru leyti, því sumar till. n. í þá átt voru felldar, þó aðrar næðu fram að ganga. N. mun því leiða hjá sér að gefa nokkrar bendingar um persónustyrki nú, þar sem það er líka mjög erfitt að gera upp á milli einstakra till. með nokkrum rökum. Geri ég þó ráð fyrir, að hún vilji enn sem fyrr, að sem minnst komist af þessum styrkjum inn í fjárl.

Á þskj. 497, II er farið fram á að bæta nýjum lið inn í 12. gr., styrk til að koma upp nuddlækningastofu á Akureyri. Þessa brtt. leggur n. til að fella; meðal annars vegna þess, að eftir till. hennar var felldur niður samskonar styrkur við 2. umr. (EF: Var n. öll með því?). Nei, auðvitað var hv. flm. till. ekki samþykkur að fella hana, en meiri hl. n. leggur það til. Ég er ekki viss um, að ég muni alstaðar, hvort nm. standa allir að baki þeim ákvörðunum, sem n. hefir tekið, og þegar ég nefni n. á ég því við meiri hl. hennar.

Þá hefir n., eða meiri hl. hennar, lagt til, að IX. brtt. á sama þskj., um að veita 30 þús. kr. til að byggja lesstofu og eldhús handa skólanum á Akureyri, væri felld. Sömuleiðis leggur meiri hl. n. til, að XV. brtt. á sama þskj., um að veita 35 þús. til að byggja yfir bókasafn Norðurlands, verði felld. Vitanlega er ekki hv. flm. þessarar till. í þeim meiri hl. Eins og hæstv. fjmrh. benti á, munu þessar byggingar lítið vera undirbúnar, en hér er hinsvegar um að ræða talsverðar upphæðir, samtals 65 þús. kr.

Þá leggur meiri hl. n. til, að felldur verði seinni hl. brtt. hv. 3. landsk., XXIII. á þskj. 497, um 75 þús. kr. framlag til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa. N. lítur svo á, að ekki sé rétt að ákveða um framlag í þessu augnamiði, fyrr en rannsóknir þær, sem yfir standa, hafa verið gerðar og einskonar heildarlög sett. Aftur á móti vill meiri hl. leggja til, að fyrri liður þessarar brtt. verði samþ. og vill fallast á rök hv. 3. landsk. í því efni. Liðurinn hljóðar svo:

„Orðin: „Gegn fimmtungsframlagi frá hlutaðeigandi héruðum“ falli burt“.

Þarna ætti að vera um heildarrannsókn að ræða fyrir allt landið, og væri því eðlilegt, að slíkt skilyrði sem þetta gæti á einhvern hátt hindrað, að sú rannsókn yrði eins og hún á að vera.

Meiri hl. er sammála um að fella XXX. brtt. á þskj. 497, um að endurgreiða Jónasi Lárussyni kostnað við sýningu ísl. matvæla í Khöfn 1926. Bæði er það, að þessi beiðni er mjög seint fram komin og varasamt að ganga inn á þá braut, þó að einhver taki upp hjá sjálfum sér að vinna þetta eða hitt, að taka löngu á eftir til greina kröfur um endurgjald. Ég vil taka það fram, að þessi aðstaða n. mótast alls ekki af því, að hún álíti ekki, að Jónas Lárusson hafi þarna unnið gott verk.

N. taldi rétt að láta þær brtt., sem bornar eru fram af hæstv. ráðh., afskiptalausar, enda hafði hvorugur ráðh. talað fyrir þeim, þegar n. kom saman. Sama er að segja um XXXV. brtt. frá hv. þm. Ak. Þar er um að ræða mikla ábyrgðarheimild, en n. tók enga afstöðu til málsins. En ég get sagt það sem mína persónulegu skoðun, að af því, sem á undan er gengið, fannst mér hart að neita um þessa ábyrgð, úr því að samskonar ábyrgð hefir verið veitt á Ísafirði og Eskifirði.

1. till. á þskj. 511, frá dómsmrh., var ekki komin fram, þegar n. kom saman. En ég hugsa, að n. láti hana afskiptalausa, fyrst hún tók ekki neina ákvörðun í þessu efni, þegar rætt var um Flugfélagið í n. Allir nm viðurkenndu, að hér væri um að ræða framtíðarmál, og að

barizt hefði verið fyrir því með sérstökum dugnaði, en sumir nm. að minnsta kosti litu svo á, að það, sem nú er farið fram á, væri tæplega tímabært og mætti því verja þessari sömu upphæð á annan hátt til meira gagns fyrir land og lýð.

Ég þykist nú vera búinn að taka fram allt sem þarf fyrir hönd n. og læt hér staðar numið.

Erlingur Friðjónsson: Þegar ég var að mæla fyrir till. minum á þskj. 497, skildi ég af vangá eina eftir, sem sé XIV. till. á þskj. Hún fer fram á það, að veittar verði 35 þús. krónur handa bókasafni Norðuramtsins á Akureyri til byggingar yfir safnið, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað. Ástand safnsins er svo, að í 30 ár hefir það orðið að vera í kjallara samkomuhússins, sem er eign kaupstaðarins. Þar hefir farið mjög illa um það, þrengsli mikil bæði í sjálfum bókaherbergjunum og á lesstofunni. Það er nú orðið langt síðan raddir heyrðust um, að brýna nauðsyn bæri til að byggja yfir safnið, og því hefi ég borið fram þessa till. mína. Eins og kunnugt er, er safnið eign Norðuramtsins. Aðstöðu til að nota það hafa allir, sem í Norðuramtinu búa, en vitanlega er það í raun og veru Akureyrarkaupstaður, sem mest góðs nýtur af safninu. Það er mjög mikið notað af þeim, sem sækja skóla til Akureyrar, og svo af almenningi í kaupstaðnum. Það er gert ráð fyrir, að sæmilegt hús muni kosta um 70 þús. kr.

Hv. frsm. fjvn. gat þess, að hæstv. fjmrh. hefði mælt á móti þessari till. og fleiri till., sem ég hefi flutt, m. a. um ríkissjóðsframlag til byggingar lesstofu fyrir nemendur menntaskólans á Akureyri og eldhúss fyrir heimavistina, og haft þau rök, að þessi mál væri lítt undirbúin. En ég verð að segja, að það er ekki ástæða til að undirbúa byggingu bókhlöðunnar frekar en orðið er. Safnið hefir verið í óhæfu húsi í 30 ár, og nú þarf ekki annan undirbúning en ákvörðun um að koma hinni nýju byggingu í framkvæmd. Sama má segja um byggingu lesstofunnar. Hennar er brýn þörf.

Þegar ég kom á fund fjvn. í dag, var hún búin að taka ákvörðun um að mæla á móti till. minum. Það er að vísu ekki ástæða til að lá hv. meiri hl. n., þó að hann leggi á móti mikilli hækkun á fjárl., en ég vil benda á, að einmitt þeir sömu menn úr fjvn., sem leggja á móti till. minum, vilja taka í fjárl. 75 þús. kr. til raforkuveitna. Mér finnst ekki svo mikið samræmi í störfum þessara nm., að ég geti borið respekt fyrir slíkum ályktunum. Þær bera það með sér, að þessir menn eru ekki að hugsa um fjárhag ríkissjóðs, heldur bæði það, hverjir bera till. fram, og hvort þjóðinni sé meiri nauðsyn á að fá fé til raforkuveitna eða þessara tveggja húsa. Þegar þess er síðan gætt, að nm. gera till. um þessar upphæðir allar, kemur það í ljós, að sá meiri hl., sem vill fella styrk til þessara tveggja húsa á Akureyri, er í raun og veru á móti því að taka út aftur 75 þús. kr. til raforkuveitna, og þá kem ég með mitt atkv. til að ýta út þeim pósti. Mér fannst það sanngjarnt, þegar nm. voru búnir að gera þær ráðstafanir, sem kunnar eru, um minar till.

Ég hafði einu sinni hugsað mér að taka svolítið til eldhúsverka hér, og hafði búizt við — eftir því, sem heyrzt hafði undir væng — að íhaldsmenn létu eitthvað til sín heyra. Datt mér þá í hug að hjálpa svolítið til. En sá er ljóður á minu ráði, að fyrri part nætur er ég frekar friðsamur og lítið gefinn fyrir að lengja umr. og tefja fyrir því, að ég og aðrir komist í bólið. Ég hefði því heldur kosið að hefja eldhúsdag kl. 6 að morgni, og þar sem svo er komið, að Íhaldið hefir alveg gefizt upp við að taka í hnakkadrambið á hæstv. stj., held ég, að ég gefist upp við það líka.

Ég verð að segja, að ég hefi ekkert sérstaklega mikið samvizkubit út af þeim útgjaldahækkunum, sem till. minar fara fram á. Þegar ég sá, að jafngætinn maður í fjármálum og fyrrverandi sparnaðarbandalagsformaður (JÞ) kom með á einu bretti till. til hækkunar, sem nemur eins miklu og allar minar samanlagðar, þá var ég ekkert óánægður yfir að hafa flutt minar till.

Jón Jónsson: Ég er svo heppinn, að ég flyt fáar till. að þessu sinni, en þær eru að því leyti einkennilegar, að þær ganga

í gagnstæða átt við till. flestra annara dm. Þær fara sem sé fram á lækkun á útgjaldahlið fjárl.

III. till. á þskj. 497 er þess efnis, að liðurinn um styrk til að reisa gistihús á Húsafelli falli niður. Mér fannst sjálfsagt að flytja þetta, eftir að hv. d. hafði tekið afstöðu til slíkra mála við 2. umr. Hér er um einstaks manns eign að ræða, þar sem er nokkuð mikil umferð, en ekki meiri en víða annarsstaðar á landinu. Þarna fer um nokkuð af skemmtiferðafólki, sem borgar vel fyrir sig, svo að ef ástæða er til húsabóta, ætti ábúandinn að geta risið undir því, með tilliti til þeirra tekna, sem hann hefir af ferðafólki.

XXVI. till. á sama þskj. er leiðrétting á till., sem samþ. var við 2. umr. Þá var sett inn aths. við 17. gr. um sjúkrasjóði. En tveir af slíkum sjóðum urðu lausir við þau skilyrði, sem sett voru, og nú vil ég jafna þetta og láta það sama yfir þá alla ganga.

Hv. þm. Ak. gat þess, að fjvn. hefði lagt á móti till. sínum. Ég vil minna hv. þm. á, að meiri hl. n. var meðmæltur XXXV. till. á þskj. 497, um ábyrgðarheimild fyrir Samvinnufélag sjómanna á Akureyri. Ég er þeirri till. mjög hlynntur. Ég álít, að það væri ákaflega gott, ef sjávarútvegurinn yrði framvegis meira rekinn með samvinnufélagsskap en nú er. Til dæmis hygg ég, að fátt komi betur í veg fyrir verkföll en það, að taka að nokkru leyti upp gamla „hlutinn", þannig, að hásetar væru ráðnir upp á hlut. Að þessu vil ég stuðla, ef það er ekki of áhættusamt fyrir ríkissjóð. En ég get ekki séð, að hér sé í of mikið ráðizt, ef félagið setur sér sæmilegar samþykktir og bæjarfélag Akureyrar stendur á bak við það. Ég veit, að bæjarfélag Akureyrar er mjög heilbrigt og traust.

Hv. þm. þarf ekki að hneykslast á því, þó að fjvn. leggi til, að ýmsar till. séu felldar, sem í raun og veru eru til bóta. Við 2. umr. var rúmléga 50 þús. kr. halli á frv. Að vísu komu till. frá fjvn. um að hækka tekjuáætlunina, en það er í sjálfu sér engin lækning. Í till. þeim, sem hér liggja fyrir, er farið fram á um ¼ millj. kr. hækkun á útgjöldum. Margar af þeim fjárbeiðnum eru vafalaust réttmætar, en þar sem svona stendur á, er ekki óeðlilegt, að n. leggi yfirleitt til, að hækkunartill. séu felldar. Nm. hafa óbundin atkv. um margar till., en meiri hl. leggur til, að flestar þær till., sem eru um mikla fjárhækkun, séu felldar, enda þótt hann viðurkenni, að margar þeirra séu þarfar, því að það verður að setja því takmörk, hvað mikið megi veita í fjárl., og ég hygg, að nú þegar sé fullsett á þessi fjárl.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ummælum hv. 3. landsk. Hann sagði, að raforkuveitumálið hefði mætt miklum kulda, en ég mótmæli því. Hann kom fram með frv. um raforkuveitur á þinginu í fyrra, og því var enginn kuldi sýndur. Því var vísað til stj., með þeim tilmælum, að hún léti rannsókn fara fram á því máli, og í annan stað var samþ. í fyrra fjárveiting til þeirrar rannsóknar. Stj. hefir á þessu tímabili skipað n. færustu manna til að undirbúa þetta mál, og till. frá henni eru væntanlegar á hverri stundu. Ég get því ekki séð annað en bæði þing og stj. hafi tekið þessu máli vel, eins og skylda var að gera. Hitt tel ég mjög ráðlauslegt, að ráðast í slíkar framkvæmdir, áður en þessi n. hefir látið fara fram fullnaðarrannsókn og skilað áliti sínu.

Ég skil ekkert í þessu óðagoti í þessum hv. þm. og öðrum, sem finnst það svo óskaplegt, að svona stórmál skuli vera athugað í 2 ár, en ekki þotið í svona kostnaðarsamar framkvæmdir athugunarlaust. Aðalatriðið er, að raforkuveitunum verði þannig fyrir komið, að þær verði lyftistöng fyrir sveitirnar fjárhagslega. Þá er málinu vel borgið. Hitt væri voðalegt, að leggja þannig út í þessar framkvæmdir, að þær yrðu sem myllusteinn um hálsinn á þeim bændum, sem raforkuveiturnar fengju, eins og varð um Skeiðaáveituna, sem við töluðum um nú síðast.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að svo stöddu.

Halldór Steinsson: Ég skal vera stuttorður. Ég á 2 brtt. á þskj. 497. Fyrri till., tölusett VIII, 14. gr. B. II. e., nýr liður, er beiðni um 900 kr. styrk til Gunnars Bjarnasonar til þess að ljúka námi í vélaverðfræði í Mittweida á Þýzkalandi. Þessi liður var í fjárlagafrv. þegar það kom til

d. og var þá 1000 kr., en meiri hl. d. þóknaðist að fella þann styrk niður við 2. umr.

Þessi maður hefir stundað nám við polytekniska skólann í Khöfn, en varð að hætta námi þar. Þá kom hann hingað til Reykjavíkur og stundaði vélavinnu í „Hamri". Síðan sigldi hann til Þýzkalands og stundar nú nám í vélaverkfræði í Mittweida, eins og tekið er fram í brtt. Ég þekki ekki þennan mann persónulega, en mér er sagt, að hann sé mjög efnilegur maður. Þar sem hann hefir lokið námi sínu þarna eftir 1½ ár hér frá, þá finnst mér ekki nema réttmætt að styrkja hann til þessa náms. Þegar þessi maður kemur hingað eftir að hafa lokið prófi í þessari grein, þá er hann eini maðurinn hér á landi, sem hefir próf í þessum fræðum. Hann á því áreiðanlega mikið erindi hingað til lands. Á þeirri framfaraöld, sem nú er hér á landi, sérstaklega í öllum verklegum framkvæmdum, finnst mér ekki nema sjálfsagt, að við eigum a. m. k. einn sæmilega fróðan mann í þeim efnum. Ég held því, að hv. meiri hl. þessarar d. hafi verið hálfblindur við 2 umr., þegar hann felldi þennan styrk niður, og vona ég nú, að hann fái betri hyr við þessa umr.

Hin brtt. mín er á sama þskj., XV., við 15. gr. 15., 1100 kr. styrkur handa Árna Þórarinssyni til ritstarfa. Öllum er það kunnugt, að till. um styrk til þessa manns var felld við síðustu umr., þá að upphæð 1200 kr. Till. var felld með 7:7 atkv., og eru það sæmilega glögg rök þess, að rétt er að veita þennan styrk. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök, sem ég færði fram fyrir þessari till. við 2. umr.; ég veit, að hv. dm. muna, hvaða rök ég bar þá fram. Ég vil aðeins bæta því við, að þegar samþ. hefir verið styrkur til Halldórs Laxness og annara rithöfunda honum verri, þá á ég bágt með að trúa, að hv. d. neiti þessum manni um þennan litla styrk. Læt ég svo útrætt um þessa brtt.

Þessar tvær brtt., sem ég hefi nú minnzt á, eru þær einu, sem ég flyt. Ég held því, að ég eigi ekki það ámæli skilið sem lá í orðum hv. þm. A.-Húnv., og þó sérstaklega í orðum hæstv. fjmrh., um ógætilegar fjárkröfur. Ég hefi enga fjárbeiðni flutt fyrir mitt kjördæmi, en það hygg ég, að fáir þm geti sagt hvað þeirra kjördæmi snertir. Það var því ekki vel við eigandi, þegar þessir tveir hv. þm. komu hér fram sem hrópanda rödd, hvað það væri óeðlilegt, að þm. yfirleitt — en þar held ég, að þeir hafi þó sérstaklega átt við þm. úr andstöðuflokknum — væru að koma með brtt. við fjárl. Mér þótti þetta koma úr hörðustu átt, þar sem hv. þm. A.-Húnv. er, þar sem hann hefir sjálfur flutt hér fjárbeiðnir, og þeim hefir verið sýnd makleg góðvild eins og vera bar. Það er því hart, að hann skuli nú koma með ámæli til þeirra þm., sem koma með brtt., sem eru engu síður réttmætar en þær, sem hann hefir flutt og fara fram á miklu minni fjárhæð, og þó sérstaklega, þar sem hann gat ekki stillt sig um að eiga sjálfur eina brtt. við þessa 3. umr. Ég efast ekki um, að líka verði tekið vel í hana. Yfir höfuð finnst mér, að svona mál megi ekki gera að flokksmáli. Ég hefi alltaf greitt atkv. með till. frá hvaða flokki eða þm. sem þær koma, ef mér hefir fundizt málið gott.

Hæstv. fjmrh. var að ávíta því að þeim, sem flyttu brtt. við fjárl., að þeir sýndu ábyrgðarleysi í fjármálum. Ég kannast alls ekki við það og vil segja hæstv. ráðh. það, að hann er ekki svona nærgætinn, þegar verið er að ræða um fjárveitingar til kjördæmis hans. Hann rétti upp hendina til að greiða atkv. með 600 þús. kr. ábyrgð fyrir Siglufjörð. Það er ekkert á móti því, að því sé haldið fram, að það eigi að spara, en það verður þá að vera fyrir utan alla flokkapólitík. Það verður að ganga jafnt yfir till. frá flokksmönnum og mótflokksmönnum.

Ég skal svo ekki lengja meira umr. um þetta, en læt skeika að sköpuðu, hvernig fer með þessar till. mínar, hvort þær verða samþ. eða felldar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þyrfti í raun og veru að svara hv. 4. landsk., en þar sem hann er dauður við þessa umr., verð ég að láta það bíða þangað til við næstu umr. **(JBald:** Að ári) — og svara meiri partinum af ræðu hans þá. En hv. þm. beindi til mín fyrirspurn út af gengisviðauka til stúdenta, sem fá styrk úr ríkissjóði, og er þar því til að svara, að stj. áleit, að eins og gengið væri

frá fjárl., væri ekki hægt að skoða þennan styrk öðruvísi en í íslenzkum krónum, en aftur á móti hefir komizt á sú þingvenja síðan 1918 að borga konungi og sendiherra í mynt þess lands, sem þeir eru búsettir í, en aldrei komizt á sú venja að borga stúdentum í mynt annara landa. Nú er það sérstaklega eitt land, sem er lokað fyrir stúdentum, en það er England. Það hefir verið gerð tilraun til þess af prófessorum við háskólann í Leeds, þar sem íslenzkir stúdentar hafa stundað nám við og við, til þess að benda þeim á, að íslenzkir námsmenn gætu ekki stundað nám í Englandi með þessum 1200 kr. styrk, hvort sem það væri í íslenzkum eða dönskum krónum. Það má segja, að stj. sé ámælisverð að hafa ekki leyst þetta, en það er erfitt, því að ef farið væri að veita mjög mismunandi háan styrk, mundi koma óánægja meðal þeirra, sem styrkinn fá, en ef þetta hefði komið til fyrr en við þessa umr., hefði ég verið ánægður með að setja aths. í fjárl. hvernig þessu væri háttað. Það má kannske skilja þessa fyrirspurn hv. 4. landsk. sem aths. viðvíkjandi þessum styrk. En ég verð því miður að játa, að þetta mál er ekki leyst með þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið.

Páll Hermannsson: Það voru tvær till., sem ég minntist ekki á áðan, en ég vil nú drepa örlítið á.

Önnur brtt. er á þskj. 497, III, við 13. gr. B. XV., frá hv. 6. landsk., að liðurinn falli niður. Þessi liður er styrkbeiðni, 4 þús. kr., til að reisa gistihús á Húsafelli. Þessi till. var rædd við 2. umr. Þá lýsti ég yfir því, að mér þætti það ekki fullkomið réttlæti að veita sumum mönnum tugi þúsunda til að reisa gistihús fyrir ferðamenn, en neita öðrum algerlega um styrk til þess sama, þó að þeir virtust hafa alveg eins mikinn rétt til hans. Það strandaði á mér í n., að þessi styrkur væri tekinn út. Það var fyrst og fremst vegna þess, að ég var ekki viss um, að það væri neitt ósanngjarnara að veita þennan styrk en styrkinn til Fornahvamms, Bakkasels eða Ásólfsstaða eða jafnvel Kolviðarhóls. Sem sagt, mér fannst spurning, hvort það mundi auka nokkuð á réttlætið, þó að þessi styrkur væri tekinn út og vildi því láta hann afskiptalausan.

Ég er óánægður með það, að menn haldi því fram, sem mér finnst vera algerð staðleysa, að ekki megi hjálpa til að byggja á öðrum jörðum en þeim, sem ríkið á. Ég sé ekki að nein vissa sé fyrir því, að ríkið eigi þær jarðir, þar sem helzt þarf að reisa gistihús. Að gistihús í sveitum beri sig, finnst mér ekki ná nokkurri átt, þegar litið er á byggingarkostnaðinn. Hvernig mundu gistihús bera sig hér í Reykjavík, sem væru notuð aðeins nokkurn hluta ársins og stæðu svo tóm mánuðum saman? Þannig er það með gistihús í sveitum. Þó að þau séu full vor, sumar og haust, þá standa þau tóm mikinn hluta vetrarins, því að þá er umferð þar mjög lítil.

Hin brtt., sem ég vildi minnast á, er á sama þskj. XXII., við 16. gr. 1. Hún er um það, að af fjárveitingunni til Búnaðarfélags Íslands skuli ganga 8 þús. til Kvenfélagasambands Íslands. Ég þarf ekki að taka það fram, öllum dm. er það kunnugt, að meiri hl. fjvn. var með því, að nema burt þennan 8000 kr. styrk, sem í frv. stóð, þegar það kom frá Nd. Það álít meiri hl. n. byggist á því, að hann áleit, að starfsemi sú, sem sambandið hyggst að hafa með höndum, er engan veginn svo vel undirbúin, að ástæða sé til að veita því svo háa upphæð, sem farið var fram á í till. Nú hefir verið breytt þannig til, að þessi upphæð skuli tekin af því fé, sem Búnaðarfélaginu er ætlað, en sú breyting breytir í engu þeirri niðurstöðu, sem meiri hl. n. komst að. Þetta kvenfélagasamband hefir náttúrlega ekki meiri rétt á því að fá þessa peninga frá Búnaðarfélaginu en beint frá ríkissjóði. Í öðru lagi vil ég benda á það, að stj. Búnaðarfélags Íslands, a. m. k. meiri hluti hennar, er þessu algerlega mótfallin, og enda þótt flm., hv. 2. þm. S.-M., hafi getið um það, að annar búnaðarmálastjórinn hefði að nokkru leyti verið í ráðum með sér um þessa till., þá hefir hann þá að líkindum ekki ráðfært sig við stj. Búnaðarfélagsins, eða meiri hluti hefir ekki verið honum sammála, og ég held, að sama sé að segja um meiri hl. landbn. þessarar d. Hann lítur svo á, að ekki sé rétt að taka upp þá venju að vísa svona

félagi á það fé, sem búið er að ákveða til handa Búnaðarfélagi Íslands. Ég vildi mælast til þess, að hv. flm. sæi sér fært að taka þessa till. aftur. Mér finnst margt benda til þess, að hún sé fram komin á óviðeigandi hátt. En vilji hann það ekki, þá vil ég ráða d. eindregið til að fella þessa brtt.

Jón Baldvinsson: Hæstv. dómsmrh. gerði helzt ráð fyrir að svara aths. minni, sem kom algerlega af tilviljun í ræðu minni, að ári. En hæstv. ráðh. á ekki víst að vera á þingi, þegar fjárl. koma hér til umr. að ári, en sá er munurinn, að ég á nokkurnveginn víst að eiga þá sæti hér í d., ef ég lifi. Nú er sá tími kominn, að hæstv. dómsmrh. á að fara að skila umboði sínu til þjóðarinnar. Ég geri ráð fyrir, að hann biðli til hennar aftur og get vel hugsað, að hann verði kosinn, en þó er sá fræðil. möguleiki til, að hann falli. Það er því alveg út í hött að bjóða mér upp á umr. um þetta mál að ári. Ég get því ekki skoðað það öðruvísi en að hann viðurkenni það, sem ég hefi deilt á hann fyrir. (**Dómsmrh.**: Ég stóð í þeirri meiningu, að hv. þm. væri dauður). Hæstv. ráðh. reiknar ekki með því, hvað hæstv. forseti er frjálslyndur að gefa mér leyfi til andsvara, þegar ég er að ræða við hæstv. ráðh., sem er ódauðlegur í umr. Hæstv. ráðh. er með þessa útúrdúra af því að hann veit, að aths. mínar muni vera á traustum rökum byggðar viðvíkjandi þessu fjármálaatriði, sem við deildum um, nefnilega gengismismun á stúdentastyrknum, sem þingvilji hefir verið fyrir, að væri greiddur. Hæstv. ráðh. sagði, að hann vildi skoða þessa aths. mína, og ef til vill taka upp þá venju að greiða þennan styrk með gengismun. Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert við það að athuga. Ég sé ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefir viljað skilja þarna á milli stúdenta og svo sendiherra og konungs. Ég veit ekki betur en að þetta sé jafngömul venja, sem hefir fallið niður hjá hæstv. ráðh., og hann má gjarnan skoða þetta sem árétting um, að þessum þingvilja skuli nú fylgt fram.

Jón Jónsson: Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. út af þeim umr., sem farið hafa hér fram í hv. d., að ósanngjarnt sé að greiða ekki styrkinn til stúdenta í erlendri mynt. Ég vil mótmæla þessu sem fjarstæðu, því að í 14. gr. er ekkert um það talað, að þetta skuli gert, en hvað viðvíkur fé til sendiherra og konungs, þá eru skýr ákvæði um það, að það skuli greitt með gengisviðauka. Mér virðist þetta því liggja ósköp opið fyrir og engin ástæða sé til að fjölyrða um slíkt.

ATKVGR.

Brtt. 497,I samþ. með 11:2 atkv.
— 497,II felld með 8:3 atkv.
— 503,I samþ. með 8:3 atkv.
— 497,III samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JBald, JónJ, Jónas J, PH, EÁ, EF, GÓ.
nei: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.
Brtt. 511,1 felld með 7:5 atkv.
— 497,IV samþ. án atkvgr.
— 497,V felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, PH,*) EÁ, EF, IP, JBald, JónJ.
nei: JKr, BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, GÓ.
Brtt. 497,VI samþ. án atkvgr.
— 497,VII (aðaltill.) felld með 7:5 atkv.
— 497,VII (varatill.) felld með 7:7. atkv.
— 497,VIII samþ. með 8:3 atkv.
— 497,IX felld með 7:7 atkv.
— 514,I samþ. með 10:3 atkv.
— 497,X.a.—b. samþ. með 11:2 atkv.
— 497,XI felld með 8:3 atkv.
— 497,XII (aðaltill.) felld með 7:7 atkv.
— 497,XII (varatill.) samþ með 8:5 atkv.
— 497,XIII samþ. með 9:2 atkv.
— 497,XIV felld með 9:2 atkv.
— 499,I.1 felld með 7:5 atkv.
— 499,I.2 felld með 7:7 atkv.
— 497,XV felld með 7:7 atkv.
— 497,XVI felld með 8:4 atkv.

---

*) Með svofelldri greinargerð: Ég er sannfærður um, að þessi liður er ranglátur, miðaður við þær till., sem felldar voru fyrir mér og hv. 2. þm. S.-M., en þar sem ég er ekki viss um, að styrkurinn verði réttlátari, þótt þessi till. verði felld, þá segi ég já.

Fjárlög 1931 (3. umr. í Ed. og ein umr. í Nd.).

Brtt. 497,XVII felld með 7:4 atkv.
— 497,XVIII felld með 10:3 atkv.
— 514,II samþ. með 8:5 atkv.
— 497,XIX, svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.
— 497,XX felld með 7:6 atkv.
— 511,2 tekin aftur.
— 499,II felld með 7:4 atkv.
— 497,XXI.1 (aðaltill.) felld með 10:3 atkv.
— 497,XXI.1 (varatill.) samþ með 8:6 atkv.
— 497,XXI.2 (aðaltill.) felld með 11:1 atkv.
— 497,XXI.2 (varatill.) felld með 10:2 atkv.
— 503,II (aðaltill.) felld með 8:3 atkv.
— 503,II (varatill.) felld með 7:5 atkv.
— 497,XXII tekin aftur.
— 497,XXIII.1 felld með 7:7 atkv.
— 514,III samþ. með 11:3 atkv.
— 497,XXIII.2, svo breytt, felld með 7:7 atkv.
— 497,XXIV samþ. með 9 shlj. atkv.
— 497,XXV samþ. með 8:1 atkv.
— 514,IV samþ. með 8 shlj. atkv.
— 497,XXVI samþ. með 10:1 atkv.
— 511,3 samþ. með 8:5 atkv.
— 511,4 tekin aftur.
— 497,XXVII samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EF, IHB, IP, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.

nei: HSteins, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK.

Brtt. 497,XXVIII. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 497,XXIX felld 7:6 atkv.
— 497,XXX felld með 10:2 atkv.
— 497,XXXI.a samþ. án atkvgr.
— 497,XXXI.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 497,XXXI.c samþ. með 11 shlj. atkv.
— 497,XXXI.d samþ. með 9:1 atkv.
— 497,XXXII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 497,XXXIII samþ. með 9:2 atkv.
— 497,XXXIV felld með 7:6 atkv.
— 497,XXXV. samþ. með 8:5 atkv.
— 497,XXXVI, samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 518).

Á 83. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (BSv): Það er eindregin ósk hæstv. stj., að nú sé tekið fyrir 9. mál á dagskrá, sem er frv. til fjárlaga, en það er von á allmörgum brtt., þannig, að fundarhlé verður að veitast, ef afbrigði verða leyfð.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil mjög eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann raski ekki þeirri röð, sem máiin eru nú í á dagskránni. Hæstv. forseti hefir áður gefið mér loforð um, að næsta mál verði tekið fyrir, og mun ég halda fast við þá kröfu.

Eins og störfum þingsins er nú hagað, virðist sú vera ætlun hæstv. stj. að ljúka þingi að fjárl. loknum, en það er heimskulegt og allsendis óviðeigandi, ef það er meiningin að hlaupa þannig frá hálfkláruðu verki. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn því, að afbrigði verði veitt.

Forseti (BSv): Það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. segir, að ég lofaði honum, að þessi mál hans skyldu koma til umr., en það eru fleiri í d., sem líka eiga tillögurétt, og þá stj. ekki sízt, en til þess að 9. mál verði tekið fyrir, þarf afbrigði.

Ólafur Thors: Ég er að vísu einn þeirra manna, sem leggja áherzlu á, að þingið verði búið fyrir páska, en þótt ég vilji flýta því sem unnt er, þætti mér bezt, ef hæstv. forseti vildi taka fyrir 6. mál á dagskránni. Ég vona, að um það þurfi ekki að vera langar umr., en margir hv. þdm. vilja fá það tekið fyrir sem fyrst.

Forseti (BSv): Ég mun láta d. skera úr því, hvort hún vill hafa dagskrá óbreytta, eða taka fyrir 9. mál.

Haraldur Guðmundsson: Er óhætt að reiða sig á það, að þessi mál verði tekin fyrst fyrir á morgun, ef afbrigði verða leyfð?

Forseti (BSv): Málin verða tekin fyrir í þeirri röð, sem þau eru nú. Annars fæ ég ekki skilið, að ástæða sé til að flýta

svo þinginu úr hófi fram, eins og tilætlunin virðist vera.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér skilst, að ef 6. mál verður tekið, þá sé það hæstv. dómsmrh., sem eigi að standa fyrir svörum, en nú sem stendur er hann að svara fyrispurn í Ed. og getur því ekki verið hér viðstaddur.

Forseti (BSv): Ég mun leita afbrigða fyrir fjárl., en ef þau fást ekki, helzt dagskrá óbreytt. Annars er það svo, að þegar svona mörg mál eru á dagskrá, þá er erfitt að fá þau öll afgr. og gera alla ánægða, en til að hughreysta menn, skal ég lýsa yfir því, að þessi mál, sem nú eru á dagskrá, skulu tekin upp aftur á morgun.

Haraldur Guðmundsson: Þessi mál hafa nú fengið að skreyta dagskrána á 8 fundum, en aldrei verið rædd, svo að ég legg lítið upp úr þessu loforði hæstv. forseta.

Forseti (BSv): Eins og menn hljóta að skilja, þá er ómögulegt að koma fram öllum stórmálum, sem fyrir liggja á þessu þingi. Hinsvegar hefi ég reynt að verða við óskum hv. þm. Ísaf. eftir megni, enda hefir eitt mál af þremur þegar verið afgr., en hin hefi ég tekið oft á dagskrá, og er ég því ekki ásökunarverður frá hans hendi. Annars gengur þetta þóf ekki lengur, og er bezt að láta atkv. skera úr.

Jóhann Jósefsson: Mig furðar á því flaustri, sem haft er í frammi við afgreiðslu fjárl., og get ekki skilið það kapp, sem hæstv. stj. og sumir hv. þm. leggja á það að ljúka þingi þegar það er víst, að þótt fjárl. yrðu afgr. með venjulegum hætti, myndi það ekki lengja þingið meira en um einn eða tvo daga.

Ólafur Thors: Ég vil gera þá miðlunartill., að afbrigði verði veitt fyrir 9. máli, en þó með því skilyrði, að umr. verði frestað í kvöld, en verði svo rætt á morgun. Með því að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, virðist ekki hægt að taka fyrir 6. mál, og mætti þá taka það fyrst á morgun. Ég skal geta þess, að till. þessi bindur aðeins sjálfan mig, en aðra ekki.

ATKVGR.

Afbrigði til að taka fjárlfrv. til meðferðar leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 7:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, JörB, LH, MG, MT, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ,[1] HStef, HJ, IngB.

nei: ÓTh, SÁÓ, GunnS,[2] HG, HV, JJós, BSv.

MJ, JAJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (HK) fjarstaddur.

Á 84. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 518, 557, 562, 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 570. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það hefir orðið að samkomulagi meiri hl. fjvn., allra nema eins, hv. þm. Ísaf., að leggja til, að fjárlögin verði samþ. óbreytt að þessu sinni. Að vísu sé ég, að einn nm., hv. 3. þm. Reykv., hefir borið fram brtt., en ég get sagt það eftir viðtali við hann, að ef ekki verður búið að samþ. neina brtt., sem fyrir liggur, áður en kemur að hans till., mun hann taka hana aftur og standa með nm. um að breyta fjárl. ekki.

Þó að þetta hafi nú orðið að samkomulagi í n., lýsi ég yfir því, að það er alls ekki af því að hún álíti, að Ed. hafi meiri rétt til þess að ráða síðustu niðurstöðu fjárl., og ekki heldur af því, að n. vilji viðurkenna, að allar þær breytingar, sem hafa orðið í Ed., séu réttmætar, heldur af því, að mikill hugur er kominn í menn að flýta þinginu og það hefði mikinn drátt í för með sér, ef farið yrði að raska fjárl. á annað borð. Breytingarnar, sem n. hefði viljað gera, eru ekki það stórvægilegar, að hún telji borga sig að stofna til þeirrar tímatafar, sem það hefði í för með sér að koma þeim í gegn.

Þá skal ég minnast á nokkur atriði fjárlagafrv. frá sjónarmiði fjvn., sem hún

---

1) Með svofelldri greinargerð: Mig furðar á því, að þingið, sem þegar hefir setið í 90 daga, skuli flaustra þessu máli svo mjög af, en segi þó já.

2) Með svofelldri greinargerð: Með sama fyrirvara og hv. 1. þm. Rang. segi ég nei.

er ekki ánægð með, þó hún sjái sér ekki fært að leggja til, að þeim sé breytt.

Í 12. gr. er veittur sérstakur styrkur til Hróarstungulæknishéraðs, til byggingar læknisbústaðar með sjúkrastofu. Eins og kunnugt er, hefir mörg undanfarin ár verið veittur styrkur til sjúkraskýla og læknisbústaða, og er það orðinn fastur liður í fjárl. Hefir honum verið úthlutað eftir föstum reglum, og hefir þetta hérað fengið styrk til sjúkraskýlis eins og önnur. Það er því brot á þeirri reglu, sem fylgt hefir verið í þessu efni, að veita Hróarstungulæknishéraði nú sérstakan styrk. Þetta verður n. að átelja. Sést ekki, að nein sérstök ástæða sé til að veita þennan styrk með tilliti til annara héraða, enda hefir það ekki einu sinni verið borið undir landlækninn.

Þá vil ég, fyrir hönd nokkurs hluta af n., minnast á nokkra liði, sem felldir voru niður í hv. Ed. Er það styrkur til Lúðvígs Guðmundssonar, styrkur til Hallgrímskirkju af 14. gr., rekstrarstyrkur til Mjallar í Borgarfirði af 16. gr. og styrkur til byggingar á Húsafelli af 13. gr. Með því að fella niður þessa 4 liði, hafa svo að segja allar fjárveitingar, sem ætlaðar hafa verið Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, verið þurrkaðar út. Hefir hv. fjvn. Ed. því gert vel hreint fyrir dyrum að því er þessar sýslur snertir. Virðist mér kenna nokkurrar hreppapólitíkur, nokkurs norðlenzks og austræns anda, í meðferð fjárl. í hv. Ed., þó hvergi hafi verið gengið eins langt í að ráðast á eitt hérað og þarna. Veit ég ekki til, að við hv. þm. Borgf. höfum neitt unnið til þess að fá slíkt kjaftshögg frá hv. Ed.

Þá hefir verið samþ. brtt. viðvíkjandi rannsóknarstofu háskólans, sem Níels Dungal veitir forstöðu. Er fjárveitingin til hennar aðeins færð á annan lið og ekki veitt á ákveðið nafn. Í nál. er skýrt frá, að ef til vill standi fyrir dyrum að fela sama manni forstöðu rannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu háskólans. Út frá því getur n. fallizt á, að þessi breyting sé réttmæt. En hún vill taka það fram, að hún telur Níels Dungal hafa sýnt það í meðferð sinni og rannsókn á alidýrasjúkdómum, að hann hefir mikið til brunns að bera á þessu sviði, og er starf hans þegar farið að bera nokkurn árangur. Leggur því n. áherzlu á, að hann verði látinn halda áfram starfi sínu á þessu sviði, a. m. k. meðan ekki er séð fyrir öðrum betri starfskröftum.

Hér í hv. Nd. var samþ. að veita til laxastiga í Lagarfossi ⅓ kostnaðar, eins og oft hefir áður verið veitt til samskonar framkvæmda. Nú hefir hv. Ed. fært þennan styrk upp í ⅖ kostnaðar. Svipað er að segja um laxastiga í Blöndu; fyrst var tekinn upp í fjárlfrv. ⅓ kostn. við það verk, en síðan var það einnig fært upp í ⅖ hluta. Þarna hefir hv. Ed. aftur virt að vettugi óskráð lög, sem fylgt hefir verið við fjárveitingar undanfarið. Er það illa farið, því í því moldviðri af styrkbeiðnum, sem fyrir Alþ. er lagt árlega, er ekki vanþörf á að hafa eitthvað af föstum reglum við að styðjast, ef nokkurt samræmi á að vera í fjárveitingunum og réttlæti milli þeirra aðila, sem eins stendur á um.

Þá hefir hv. Ed. tekið upp í 22. gr. heimild fyrir ríkisstj. til að láta reisa hressingar- og vinnuhæli fyrir berklasjúklinga á Reykjum í Ölfusi, og að taka til þess allt að 50 þús. kr. lán. N. er ekki kunnugt um, að neinn undirbúningur hafi farið fram, eða að þetta mál hafi verið nokkuð verulega athugað, og geta því ekki sumir af hv. nm. fallizt á, að réttmætt sé að taka þessa lánsheimild upp í fjárl. nú.

Þá hefir hv. Ed. fellt niður talsvert af persónulegum fjárveitingum. Það er að vísu nokkur sparnaður, en hún hefir þá komið ýmsum öðrum svipuðum styrkjum inn í staðinn. Virðist þar hafa ráðið meiru um ýmiskonar hrossakaup en réttlætistilfinning. Hv. þm. í Ed. hafa þannig notað aðstöðu sína til að koma inn í fjárl. styrkjum til sinna skjólstæðinga, á kostnað þeirra, sem hv. þm. þessarar d. hafa borið fyrir brjósti. Verður n. að átelja það harðlega.

Þá reyndi hv. Ed. að jafna tekjuhalla fjárlagafrv. með því að hækka tekjuáætlunina. Er ekki hægt að telja það annað en hálfgerða hrossalækningu. Enda fer vel á því, að þar sem hrossakaup tíðkast, séu einnig viðhafðar hrossalækningar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég þakka hv.

fjvn. fyrir það, að hún hefir lagt til, að fjárlagafrv. sé nú samþ. óbreytt. Hv. frsm. kvað n. þó ekki ánægða með afgreiðslu hv. Ed. á frv., og er það eðlilegt, því seint mun hægt að ganga svo frá fjárl., að allir séu fullkomlega ánægðir. Sumar aðfinnslur hv. frsm. finnst mér vera réttmætar, en í sumum atriðum fannst mér hann ganga of langt í að hallmæla hv. Ed. T. d. finnst mér ekki ástæða til að bera hv. Ed. á brýn hrossakaup, því ég er hræddur um, að e. t. v. mætti þá finna eitthvað svipað í hv. Nd.

Annars þýðir ekki að vera að metast um þetta. En af því hér er ekki annar til andsvara úr hv. Ed., vildi ég geta þess, að mér virtist hún sýna sæmilega gætni í till. um útgjaldahækkanir. Vildi ég nú óska, að þessi hv. d. féllist á þá till. hv. meiri hl. fjvn. að samþ. nú fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir. Ég ætla ekki að fara að andmæla neinum einstökum brtt., sem fyrir liggja. Flestar eru þær kunnugar hv. dm. frá fyrri meðferð fjárlagafrv. Ég býst við, að menn séu yfirleitt ráðnir í, hvernig þeir ætla að greiða atkv., og þýðir því ekki að lengja umr. Ég vil aðeins benda á það, að þó ekki væri samþ. nema ein brtt., eru allar líkur til, auk þess sem það mundi auka tekjuhallann, að það leiddi til þess, að þingið lengdist um eina 10 daga hér frá. Ég vona því, að hv. dm. sýni þá sjálfsafneitun að fella allar brtt. og afgreiða frv. eins og það er nú.

Haraldur Guðmundsson: Það kemur víst ekkert af þökkum hæstv. fjmrh í minn hlut, því að ég hefi enn sem fyrr borið hér fram nokkrar brtt. við fjárlagafrv.

Ég hefi talsverða tilhneigingu til þess að benda hv. d. á það í stórum dráttum, með hvaða sniði fjárlagafrv. er nú, eins og hv. Ed. hefir gengið frá því. Mér finnst aðalatriðin hafa gleymzt til þessa í karpinu um smáatriðin.

Þá vil ég fyrst vekja athygli á því, að búið er að ákveða útgjöld á árinu 1931, sem ekki hafa verið tekin upp í fjárlagafrv., er nema a. m. k. 4—500 þús. kr. Ég tel þetta ósæmilega afgreiðslu fjárl., þó það sé að vísu ekkert nýtt, að ekki séu tekin upp í fjárl. gjöld, sem ákveðin eru með sérstökum lögum á sama þinginu. En það þarf þá a. m. k. að gera ráð fyrir einhverjum tekjum til að mæta þeim útgjöldum. Útgjöldin er viss.

Eins og venja er til, er mestur hluti af gjaldaliðum fjárl. lögbundin gjöld. Af útgjaldaáætlun ársins 1931 má telja, að talsvert meira en helmingurinn sé lögbundin gjöld. Af ólögbundnu gjöldunum er langmestur hluti til verklegra framkvæmda. Ég skal nú manna sízt hafa á móti því, að mikið sé lagt til þeirra. Ég viðurkenni fullkomlega, að það fé, sem varið er til verklegra framkvæmda, er lagt í nokkurskonar sparisjóð, að með því er verið að tryggja framtíð þjóðarinnar. En ég efast um, að allir hv. þm. hafi gert sér ljósa grein fyrir, hvað hér er um stórar upphæðir að ræða.

Fjárveitingar, sem telja má að ætlaðar séu til verklegra framkvæmda, eru sem hér segir:

Samkv. 12. gr.	20	þús. kr.
Samkv. 13. gr. B.	950	— —
Samkv. 13. gr. D.	240	— —
Samkv. 13. gr. F.	400	— —
Samkv. 14. gr. A.	20	— —
Samkv. 14. gr. B.	170	— —
Samtals á þessum greinum til verklegra framkvæda ..	1800	— —

Þar við bætist um 600 þús. kr. framlag frá einstökum héruðum, sem sett er að skilyrði fyrir mörgum þessum greiðslum, svo það eru eiginlega 2400 þús. kr., sem vinna á fyrir af opinberu fé.

Enn er þó ótalin 16. gr., sem er langstærst. Nema öll gjöld í henni fast að 1700 þús. kr.; þar af má telja beinlínis til verklegra framkvæmda 1450 þús. kr. og í 17. gr. eru 10 þús. kr. ætlaðar til verklegra framkvæmda. Eru því alls ætlaðar á þessu eina ári til verklegra framkvæmda 3260 þús. kr., auk allra framlaga frá þeim héruðum, sem framkvæmdanna eiga að njóta, og auk sérstakra laga.

Ef litið er yfir 16. gr., þar sem mest er talið af fjárveitingum til verklegra framkvæmda, sést það, að þingflokkurinn, sem kennir sig við bændur sérstaklega, notar allfreklega aðstöðu sína til þess að beina fjárstraumnum til sveitanna. Svo mikið er þar veitt til framkvæmda í sveitum og til lánsstofnana handa bændum, að ekki er nema sem svarar 10% af þeirri

upphæð. sem ætlað er til samskonar þarfa þeirra, sem í kaupstöðum og sjávarþorpum búa. Mér finnst rétt að benda á þetta, því að ef ég man rétt, sagði hæstv. forsrh. hérna um daginn, að ekki væri búið að stíga nema fyrsta sporið í þó átt að hlúa að sveitunum, og að Framsóknarflokkurinn væri ekki búinn að koma í framkvæmd nema einum tíunda hluta af áhugamálum sínum í þá átt. Þetta er því ekki nema inngangurinn, þar sem hæstv. stj. og flokkur hennar á eftir að koma fram 90% af hagsmunamálum landbúnaðarins.

Þó margt og mikið megi að útgjaldahlið þessa fjárlagafrv. finna, þá er þó tekjuhliðin að mínu áliti enn aðfinnsluverðari. Tekju- og eignarskattur nemur ekki nema tæplega 10% af þeim álögum, sem ríkið leggur á þegnana. Og aðflutningstollurinn einn er hér um bil fimmfalt hærri en beinu skattarnir, svo ég ekki tali um skólagjöld og gróðann af fyllirii landsmanna.

Þegar litið er á heildarsvip fjárlagafrv. hygg ég því, að engan þurfi að undra, þó að ég flytji hér nokkrar brtt. En ég veit, að það er gagnslaust að reyna að lagfæra þetta, sem ég hefi bent á. Brtt. mínar hníga að öðrum og smærri atriðum. Sú þeirra, er mestu máli skiptir, er um það, að ríkið ábyrgist fyrir Siglufjarðarkaupstað lán til rafvirkjunar. Þessi ábyrgð var samþ. hér í hv Nd., en felld í Ed., af mér óskiljanlegum ástæðum. Það hefir mikið verið rætt hér um rafmagnsmál á þessu þingi og hinu síðasta. Meira þó um raforkuveitur í sveitum heldur en í kaupstöðum. Það er talið fullvíst, að ekki sé hægt að sjá sveitunum fyrir rafmagni með því verði, að það komi að notum, nema með stórmiklum styrk úr ríkissjóði. Það getur vel verið gerlegt fyrir því. En þeir kaupstaðir, sem þegar eru búnir að koma sér upp rafveitum, hafa ekki fengið til þess annan stuðning en ábyrgð ríkisins. Og það verður að teljast vítavert afturhald og sinnuleysi að neita Siglufirði um samskonar ábyrgð, þar sem engar líkur eru til, að það kosti ríkið einn eyri. Ég skil vel, þó hæstv. stj. vilji ekki flana út í að samþ. lög um raforkuveitu í sveit, að lítt athuguðu máli, og gefa með því bindandi fordæmi um það, eftir hvaða hlutfalli á að styrkja slíkar framkvæmdir í framtíðinni. En ég skil ekki hvers vegna hún vill ekki veita Siglfirðingum þá hjálp, sem allar líkur eru til að baki ríkissjóði aldrei neinn kostnað. Því sú hefir orðið reynsla annara kaupstaða, að rafveitur þeirra hafa borið sig vel. Fjármálunum er nú svo háttað hér, að varla er nokkur von til þess, að kaupstaðir geti fengið stór lán án ríkisábyrgðar. Innanlands er varla um að ræða að fá svo stórt lán sem þetta, og utanlands er Siglufjarðarkaupstaður vitanlega lítið þekktur, eins og aðrir kaupstaðir hér.

Þá flyt ég till. um að veita 70 þús. kr. til raftauga. Hv. 3. landsk. flutti nærri samhljóða till. í Ed., sem fór fram á 75 þús. kr. fjárveitingu, og var hún felld. Hér í hv. Nd. ber hv. 1. þm. Skagf. fram till. um að veita allt að 75 þús. kr. til að greiða ákveðinn hluta kostnaðar við rafveitu um Skagafjörð. Ég greiddi ekki atkv. með þeirri till., því mér þótti hæpið að ákveða nú þegar eftir hvaða hlutföllum ríkið skuli styrkja slíkar framkvæmdir. Verð ég að ráða það af ummælum hæstv. ríkisstj., að hún láti hið fyrsta rannsaka þessi mál. Það er nauðsynlegt að fá glöggt heildaryfirlit yfir það, hvar á landinu eru bezt skilyrði fyrir stórar rafveitur, og hinsvegar hvar ekki er útlit fyrir, að slíkar rafveitur geti borið sig; þar sem svo er ástatt er full ástæða til að hvetja menn til smærri virkjana. Annarsstaðar ekki. Eftir þeim upplýsingum, sem stj. gaf, má ætla, að 1931 verði þessum málum komið það áleiðis, að stj. hafi gert sér hugmynd um heildarskiptingu landsins í orkusvæði og ennfremur um kostnað við þessar framkvæmdir og hluttöku ríkissjóðs í honum. Ef veitt er nokkurt fé nú í fjárl. í þessu skyni, er hægt að tryggja framkvæmdir þegar á næsta ári. Ella verða þær að bíða a. m. k. eitt ár, en slíkt verður væntanlega ákveðið með lögum innan skamms. Till. er hvorki bundin við ákveðið hérað eða ákveðið hlutfall.

Þá flyt ég brtt. um, að Finnur Jónsson fyrrv. póstmeistari á Ísafirði fái endurgreidd iðgjöld sín úr lífeyrissjóði. Slíkar heimildir hafa verið veittar á undanförnum þingum og ein síðast á þessu þingi,

um Steinþór Guðmundsson. Má segja, að þingið hafi með þessu viðurkennt, að þeir, sem hætta störfum í þágu hins opinbera, fái endurgreidd iðgjöld sín. (HK: Það fer nú eftir því, hvaða ástæður eru til þess, að þeir láta af embætti). Ekki ættu þeir síður að njóta þess, sem fara með sæmd og heiðri, en hinir, sem eru reknir. Lífeyrissjóður hefir fengið vexti af iðgjöldunum, svo að hann græðir eigi alllítið, þótt sjálf iðgjaldaupphæðin sé endurgreidd. Finnur Jónsson sagði starfa sínum lausum 1. marz síðastl., eftir 15 ára ágæta þjónustu, og réðst til annars. Upphæðin er 7950 kr. Þessu fé tapar hann, ef Alþingi samþ. ekki þessa till.

Gunnar Sigurðsson: Ég verð að taka undir það með hv. frsm. fjvn., að það er alveg ótækt að gera það að reglu að taka við fjárl. eins og hv. Ed. gengur frá þeim, og þótt samtök séu um að gera slíkt nú, þá má slíkt ekki koma fyrir aftur. En mér finnst höggva nærri því, að hv. frsm. fjvn. gangi á móti sannfæringu sinni er hann leggur til, að fjárl. verði samþ. óbreytt.

Ég vildi beina hér nokkrum orðum til hæstv. forsrh., ef hann er við. Það má vera, að ekki eigi við að ræða um það atriði í sambandi við fjárl., en ég nota tækifærið af því að nú eru síðustu forvöð. Ég ætlaði að minnast á járnbrautarmálið. Ég er neyddur til að tala um þetta, af því að stj. hafði lofað að vegamálastjóri útvegaði skýrslu um málið, sem lögð yrði fyrir samgmn. En þótt ég sem form. samgmn. hafi þráfaldlega rukkað um skýrslu þessa, hefir hún ekki fengizt. Ég sá mér ekki fært að gefa út nál. einn. En ég treysti því, að þó að hæstv. stj. hafi ekkert látið í ljósi um það enn, hvort hún sé hlynnt járnbrautarmálinu eða ekki, þá komi það fram á næsta þingi. (SE: Stj. vill snjóbíl). Það er fjarri því, að ég áliti að bætt verði úr samgönguþörfinni með því móti. Ég mun taka járnbrautarmálið upp á næsta þingi, og það ætti að geta orðið sterkur leikur, þar sem málið er á stefnuskrá Framsóknarflokksins. Ég óska, að hæstv. forsrh. svari mér, hvað dvalið hefir skýrsluna.

Ég hefi flutt hér brtt. um lítinn ritstyrk til Odds Oddssonar. Þessi maður hefir sýnt ágæta rithöfundarhæfileika og hefir verndað margt merkilegt frá gleymsku úr menningarsögu þjóðarinnar, svo sem um fiskveiðar, ferðalög, kolagerð o. fl. Þessar greinar hans hafa sýnt afburða fræðimanns- og höfundarhæfileika, og vona ég, að þó að þessi brtt. kunni að falla nú, þá verði hún samþ. á næsta þingi.

Ég mun láta hv. 3. þm. Reykv. um að mæla með till., er við flytjum saman um styrk til Kvenfélagasambands Íslands. Er mikil nauðsyn á, að þingið veiti þessu sambandi einhvern styrk, því að ekki eru svo margir, sem skipta sér af högum húsmæðra hér á landi. Þyrfti þó að veita þeim ýmsa fræðslu og leiðbeiningar, m. a. í garðrækt og matartilbúningi, eins og að vísu þegar hefir verið gert í smáum stíl.

Héðinn Valdimarsson: Það hefir verið rætt í fjhn., hvort greiða skyldi Páli Torfasyni kröfu hans fyrir milligöngu hans við enska lánið. Það varð að samkomulagi, að þótt krafan væri ekki viðurkennd, þá fengi hann nokkur þúsund krónur, sem ættu að flytjast í fjárl. En þegar heyrðist, að fjárl. yrðu ekki opnuð hér, var samþ. áskorun til fjmrh. um að greiða P. T. þetta fé. Ég var einn þeirra, sem skrifuðu undir þá áskorun, og vil ég ekki láta málið fara svo út úr d., að ég segi ekki frá því í aðaldráttum.

Það liggur fyrir skýrsla frá P. T., og kemur þar margt misjafnt á daginn. Sést þar, að íslenzk stjórnarvöld hafa hagað sér á ýmsan annan hátt en skyldi í sambandi við lántökuna. Þessi skýrsla ber það líka með sér, að Páll Torfason hefir ekki fengið nema nokkurn hluta þess, er honum bar. 22 þús. kr. af hans hlut hafa gengið til Jóns Sveinbjörnssonar konungsritara, og er látið svo heita, að Páll Torfason hefi greitt honum þetta upp í skuld, en upplýst er, að P. T. skuldaði honum ekkert. Auk þessa er líklegt, að um 4000 kr. hafi gengið til konungsritarans. Ég verð að láta í ljósi, að ég tel mjög óviðeigandi, að maður, sem er ritari konungs Íslands, fáist við slíkt mál, og sízt á þennan hátt. Ástæðan til þess, að ég vil að Páll Torfason fái þessa uppbót, er sú, að sýnt er, að hann hefir verið féflettur af félögum sínum.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 576. Mun ég leita afbrigða um það, hvort till. þessar megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég flyt hér 3 brtt. einn, og eina ásamt öðrum, og mun ég gera nokkra grein fyrir þeim.

II. brtt. á þskj 562 er í þá átt að hækka liðinn til nýrra símalagninga úr 100 þús. kr. upp í 110 þús. Þetta er gert með það fyrir augum, að hækkunin gangi til að bæta úr hinu hörmulega ástandi, er leiðir af símaleysinu í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þó hefir nú verið lagður sími i einn af þrem hreppum á þessum slóðum. En úr því svo er komið, er stutt að leggja símann yfir í næsta hrepp, Grunnavíkurhrepp, sem þarf svo mjög a síma að halda, að stundum hafa hlotizt slys af að ekki hefir náðst til læknis sökum símaleysis. Landssímastjóri gerði ráð fyrir, að sími þessi myndi kosta 12 þús. kr., en eftir nýjum upplýsingum um, að ekki muni þurfa að leggja jarðsíma, mun hann ekki kosta nema 10 þús. kr.

Þá hefi ég flutt ásamt öðrum till. um að veita Þórði Kristleifssyni styrk til söngfræði- og söngkennslunáms. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, var samþ. 1200 kr. styrkur handa þessum manni hér í Nd.,en Ed.felldi hann niður með 8:6 atkv. Till., sem kom fram við 3. umr., um að taka hann upp aftur, féll með 7:7 atkv. Það er því auðsætt, að mikill meiri hl. þingsins er því fylgjandi að veita þennan styrk; enda hefir okkar bezti og kunnasti listamaður á þessu sviði, Páll Ísólfsson, mælt mjög sterklega með honum

Þá flyt ég á þskj. 562 till. um, að ríkið ábyrgist ⅘ hluta kostnaðar við byggingu raforkustöðvar í Súðavíkurhreppi, allt að 60 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að hreppsbúar leggi fram ⅕, sem þeir hafa tryggt sér án þess að taka lán. Áður hefir jafnan verið farið fram á ábyrgð á allri upphæðinni. Ef til vill er það af þeim ástæðum, að Ed. hefir fellt þennan lið niður. Annari ástæðu er ekki til að dreifa. Ábyrgðin er algerlega áhættulaus, þar sem Norður-Ísafjarðarsýsla tekur endurábyrgð á láninu.

Þá flyt ég eina brtt. enn, um að veita manni á Vesturlandi 2000 kr. upp í tap, sem hann hefir liðið vegna viðskiptabanns, sem afleiðing sóttvarna. Skyldi ég fara allrækilega út í það mál, ef ég hefði von um, að nokkur brtt. næði fram að ganga að þessu sinni. Maður þessi var álitinn taugaveikissmitberi, og var honum því bannað að selja mjólk frá heimili sínu. Hann hefir verið rannsakaður hér í Reykjavík og enginn vottur af taugaveiki hefir fundizt í honum. En þrátt fyrir þetta hefir bannið ekki fengizt upphafið. Skal ég ekki hér fara út í þær ástæður, sem ætla má að valdi.

Þetta viðskiptabann hefir vitanlega valdið manni þessum miklu eignatapi. Hann hefir orðið að leggja niður kúabú sitt og setja upp sauðfjárrækt í staðinn, sem borgar sig langtum verr vegna þess, hve innistöðutími er langur. Hann hefir farið fram á 3500 kr. skaðabætur. Hér liggja fyrir umsagnir héraðslæknis á Ísafirði og landlæknis um þetta. Landlæknir leggur til, að hann fái 2000 kr. og þá upphæð hefi ég borið fram í till. minni, enda þótt ég telji víst, að tap hans sé nær 12000 kr. Þessi maður hefir efalaust aldrei smitberi verið, svo að hér hefir í ógáti verið framið hið heimilegasta ranglæti.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru aðeins örfá orð til hv. 2. þm. Rang. Hann sagði, að stj. hefði lofað samgmn. skýrslu um járnbrautarmálið fyrir þinglok. Þetta er rétt, og hefir verið lagt fyrir vegamálastjóra. Ég innti eftir því síðar við hann, hvort skýrslan væri til, en nú hefir farið svo, að skýrslan er enn ekki fullbúin. Ég er sammála samgmn. um það, að ekki er rétt að afgreiða þetta mál fyrr en skýrslan kemur, og mun ég þá gera upp við mig, hvora leiðina ég telji að eigi að fara.

Magnús Jónsson: Í sjálfu sér hefi ég ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þessar tvær brtt., sem ég á hér. Önnur er á þskj. 572, og fer fram á hækkun á styrknum til Elliheimilisins á Grund. Hv. Ed. hefir tekið upp 10 þús. kr. fjárveitingu til þess, og er ég henni þakklátur

fyrir það, en hinsvegar er ég ekki ánægður með þá upphæð, sökum þess að hún er auðvitað allt of lág, þegar tekið er tillit til kostnaðarins við verkið, sem mun nema hálfri millj. króna. Þess vegna vildi ég fá þennan styrk hækkaðan nokkuð, en vil geta þess, að í brtt. stendur 25 þús. í stað 20 þús., og mun það orsakast af því, að ég skrifaði hana í svo miklu flaustri í gærkvöldi, en áður var búið að fella 25 þús. kr. framlag í þessari hv. d.

Um hina brtt. er það að segja, að hún fer fram á, að tekinn verði aftur upp í fjárl. styrkurinn til Þórðar Kristleifssonar, eins og Nd. hafði áður samþ. Annars langaði mig til að segja nokkur orð í sambandi við afgreiðslu fjárl. á þessu þingi, því að hún virðist ólík því, sem hún ætti að vera samkv. þingvenju og því valdi, sem Nd. er gefið í því efni. Nú í seinni tíð eru menn farnir að taka upp á því að afgreiða lögin eins og þau koma frá Ed., og þótt ég vilji ekki segja, að það sé í sjálfu sér ósæmilegt, verð ég þó að álíta, að það sé miður heppilegt. Það er að visu illt að láta fjárl. þvælast mikið í milli deilda, því að reynslan hefir sýnt, að við það hækka útgjöldin mikið, en ég verð að segja, að ef á að taka upp þessa reglu, þá verður hv. Ed. að sýna meiri sanngirni við afgreiðsluna heldur en hún hefir nú gert, enda geta þm. ekki unað því, að réttmæt fjárframlög, sem búið er að samþ. í Nd., séu drepin í Ed., og ef svo á að halda áfram, hygg ég, að boginn verði svo hátt spenntur, að hann brotni. Þótt starf hv. Ed. kunni að vera gott, má þó búast við því, að það beri ekki af störfum þessarar hv. d., einkum þar sem hér er lengri undirbúningstími til afgreiðslunnar. Við því mætti líka búast, að þessi d. væri stolt af því, að hún er aðaldeildin og sætti sig ekki við, að gerðir hennar séu einskis metnar. Ég verð því eindregið að ráðleggja hv. Ed. að fara framvegis vel með vald sitt, þannig að fjárl. þurfi ekki að ganga í gegnum fleiri umr. en þörf er á.

Það er ein till., sem komst inn í fjárl. í Ed., sem er mjög athugaverð. Það er heimild fyrir stj. að reisa berklaskýli í Ölfusi, og ég verð að segja það, að mér finnst það nokkuð hart, ef hv. Ed. á að komast upp með það að afgreiða slík mál, sem ættu að vera sérstök og fá sérstakan undirbúning hér í þinginu, enda er það mjög vafasamt, hvort slíkt er ekki brot á þeim almennu reglum, sem hingað til hafa gilt hér í þinginu.

Þetta er því athugaverðara sem þetta er ekkert einsdæmi í hv. Ed. að bæta slíkum heimildum inn í lögin, og er þá skemmst að minnast, að í fyrra fékk hæstv. dómsmrh. því til vegar komið, að ríkisprentsmiðja skyldi keypt, með sömu aðferð og nú. Sami hæstv. ráðh. hefir sýnt, að hann vill koma fram í Ed. ýmsum sínum áhugamálum, þannig að þau verði samþ. nefndarlaust og óathuguð, og án þess að Nd. fái tækifæri til að gagnrýna þessi mál. Ef það er meining hæstv. ráðh. að koma þarna upp einhverju hafsauga fyrir fé landsins, þar sem hann keypti þarna í fyrra jarðir fyrir 100 þús. kr., og vill nú fá 50 þús. kr., þá álít ég ekki heppilegt að gefa of lausan taumin. Sagan um Laugarvatn getur endurtekið sig þarna, og alltaf verður heimtað meira og meira fé, en hv. Ed. má því vita, að við í þessari hv. d. sættum okkur ekki við slíka ósanngirni frá hennar hálfu.

Benedikt Sveinsson: Ég er fyllilega sammála þeim hv. ræðumönnum, sem hafa látið í ljós óánægju sína yfir framkomu hv. Ed., og vil segja, að það sé alrangt, að þannig sé gengið framhjá þessari hv. d. um úrslit fjárlaga. Það er vitanlegt, að hún er höfuðdeild þingsins og á samkv. stjórnarskránni að hafa aðalvald yfir fjárl., og þótt ekki sé beint hægt að segja, að þetta háttalag hv. Ed. sé brot á þingsköpum, þá stappar það þó nærri, því að þessi upptekni háttur er ofríki, ókurteisi og ranglæti gagnvart Nd.

Mér liggur við að segja, að það sé hrein óhæfa að láta Ed. vaða svona uppi. Mun þó varla verða rönd við reist að þessu sinni, því að svo rammlega mun um hnútana búið og hrossakaupin svo staðfastlega gerð bak við tjöldin. En mér koma í hug orð ættjarðarkvæðisins Íslendingabrags, sem Jón Ólafsson kvað hér á árunum:

„En þótt lútum vér lyddnanna valdi,
lútum aðeins nauðugir samt".

Má svo lengi brýna deigt járn, að það bíti, og mundi því tími til kominn að Nd. hristi þetta ok af sér, áður en hún kikn-

ar frekara undir því, og virðist það vesalmennska, ef vér látum rótfestast þær óvenjur, er draga lögskipað og réttmætt vald úr höndum deildarinnar.

Þegar ég lít á frv. sjálft, þá verð ég að segja, að það hafi tekið litlum bótum, eins og hv. frsm. komst svo hnyttilega að orði, því að inn í það hefir verið bætt allháum útgjaldaliðum og tekjuáætlunin hækkuð upp úr öllu valdi til að jafna hallann. Virðist lítil fjármálaspeki í þessari aðferð hv. Ed., því að það hefði verið leikur einn fyrir hvern þm. að bera fram háar brtt. og hækka áætlunina jafnframt, svo að ekki bæri á tekjuhalla á pappírnum.

Mér þykir leitt, að enginn hæstv. ráðh. er við, því að mig langaði til að beina orðum mínum að þeim, og þá helzt að hæstv. fjmrh.

Þar sem hæstv. fjmrh. kemur í þessu í deildina, vil ég taka það upp, að ég var að minnast á, að mér hefði ekki þótt frv. taka miklum breyt. til bóta í hv. Ed., og ég liti svo á, að með öllu þessu atferli með afgreiðslu fjárl. sé þessari hv. deild lítill sómi sýndur, og ekki rétt að láta slíkt viðgangast. Eins og hv. frsm. minntist á, hafa verið þurrkuð út heil héruð, og að þeim breytingum og ráðabruggi munu einnig einhverjir hv. þm. úr Nd. standa. Hinsvegar lít ég svo á, að það sé ekki rétt, að Suður- og Vesturland hafi orðið þyngst úti, því að t. d. Norður-Þingeyjarsýsla hefir engan styrk fengið í þessum fjárl., eins og frá þeim er gengið í Ed.

Um persónustyrkina er það að segja, að hv. Ed. hefir skorið þá alveg niður og breytt þar í anda hæstv. fjmrh., en mér virðist það óviðunandi og röng aðferð, sem þar er beitt, að setja þá alla á sama bekk, í stað þess að taka hvern einstakan til athugunar. Því er nú svo farið, að þetta fátæka land á ekki marga styrktarsjóði til að hjálpa þeim, sem maklegir eru stuðnings, en margt af efnilegum mönnum, sem mikils má af vænta, ef eitthvað er fyrir þá gert.

Hæstv. fjmrh. hefir þó ekki verið svo þingrikur í Ed., að hann gæti með öllu útrýmt þessum styrkjum, því að svo má segja, að nýtt höfuð hafi vaxið á hvern þann strjúpa, sem eitt var af höggið, og vafasamt, hversu mjög slíkt mælir með samþykkt frv. óbreytts. Það er nú svo með þessa persónustyrki, að dæma verður hvern einstakan þeirra, til að ganga úr skugga um, hvort þeir muni koma landinu að gagni eða ekki. Hvað t. d. sjúkrastyrkjum viðvíkur, þá er það að segja, að í ýmsum tilfellum eru þeir beint nytsamlegir, ef þeir geta leitt til bata, því að landinu er þyngri baggi bundinn með því að sjá fyrir sjúkum mönnum til æfiloka þeirra heldur en ef þeir mættu ná fullri heilsu fyrir lítilsháttar styrk í eitt skipti fyrir öll.

Það er þýðingarlaust að hóta hv. þdm. með því, að ef þeir breyti frv., muni það lengja þingið um 10 daga, enda virðist ástæðulaust að óttast það, þar sem þessu máli skyldi flýtt svo mjög í gærkvöldi, að þá skyldu afbrigði veitt. Mætti hraða málinu gegnum þingið á þann hátt. Hinsvegar fæ ég ekki skilið, að þessari hv. d. beri að gleypa fjárl. óköruð, þótt hv. Ed. hafi farið um þau höndum, enda er ég mjög trauður að taka aftur þær brtt., sem ég hefi fram borið, og mun greiða jákvæði með því, að frv. verði breytt.

Þá vil ég vikja að einstökum brtt., sem ég hefi tekið hér upp að þessu sinni. Till. þessar höfðu allar mikið fylgi í þessari hv. d., og bar ég eina þeirra fram sjálfur, en aðrar ekki, þótt ég stæði að visu að sumum þeirra.

1. brtt. mín er við 12. gr. 5 og er þess efnis, að Jóni Kristjánssyni nuddlækni skuli veittur 1000 kr. styrkur, til að halda uppi nuddlækningum fyrir fátækt fólk ekki sjaldnar en 4 sinnum í mánuði hverjum, og gefi síðan skýrslu um þær lækningar. Þessi till., svo sem hún er orðuð, gefur nú raunar ekki nógu ljósa hugmynd um þær kvaðir, sem á lækninum hvíla, ef hann fær þennan styrk, en nú er því svo farið, eins og fjvn. er kunnugt, að J. Kr. hefir kennt læknaefnum ókeypis nuddlækningar 4 sinnum í mánuði og veitt fátækum mönnum ókeypis lækningu, alveg eins og sérfræðingar í t. d. háls-, nef- eða eyrnasjúkdómum gera. Munurinn er hinsvegar sá, að J. Kr. hefir eigi laun fyrir þessa kennslu, sem læknaefnum er nauðsynleg og á hinn bóginn kemur fátæku fólki vel. En það virðist fullkomlega réttmætt, að þessi læknir fái einhverja

þóknun eða viðurkenningu fyrir þetta starf, eins og aðrir læknar, enda hefir hv. Nd. fallizt á það. Sé ég eigi, hverja ástæðu hv. Ed. hefir til þess að níðast á þessum manni öðrum fremur. Menn hafa talað um, að Alþ. hafi þegar gert vel til hans, en ég vil þá beina athygli þeirra að því, að þessi læknir hefir aðeins fengið lán til að setja upp lækningastofu sína, en er ekki heimtufrekari en það, að hann fer fram á að mega láta þennan styrk ganga upp í greiðslu af láninu. Hv. þdm. verða einnig að athuga það, að fjöldi manna á við þrautir að búa sökum meiðsla eða gigtar, en þá má lækna með nuddi, svo að þessu fé væri ekki á glæ kastað, þar sem þar með er greitt fyrir lækning þeirra. En hitt er misskilningur, sem komið hefir fram, að farið sé fram á styrkinn til þess að veita ókeypis lækning fjórum sinnum á mánuði. Styrkveitingin á einmitt að vera þóknun fyrir kennslu læknisefna, þótt sjúklingar njóti og góðs af. Vil ég benda þeim ágætu mönnum, er misskilið hafa till., á það, að þeir, sem marizt hafa eða beinbrotnað á togurum, og fjöldi gamalla, gigtveikra manna ganga ekki aðeins til læknisins þessa 4 daga í hverjum mánuði, heldur hvern einasta dag, og ýmsir þeirra fá ókeypis lækningu hjá honum sakir göfugmennsku hans og góðvildar. Ég vil því vona, að Alþ. níðist ekki á þessum manni eða sé svo starblint fyrir því, sem vel er unnið, að það sýni ekki lit á viðurkenning sinni fyrir hönd þjóðarinnar, og ég áfellist hv. Ed. þunglega fyrir lélega framkomu í þessu máli.

Þá hefir Ed. lagt til, að styrkurinn til Unnar Vilhjálmsdóttur verði felldur niður, en ég vil fastlega mælast til, að svo verði ekki gert. Þessi kennslukona hefir getið sér ágætan orðstír við kennslustörf um mörg ár, en missti heilsuna og sigldi til að leita sér heilsubótar. Heilsuna fékk hún aftur, en er heim kom og hún tók til starfa, veiktist hún af landfarsótt og varð fyrir áfalli, svo að hún hefir ekki náð sér, en hefir vonir um að ná fullum bata, ef hún fær að njóta hvíldar sumarlangt.

Ég er ekki vanur að hlutast mikið til um styrkbeiðnir hv. þm., en þó get ég lýst yfir því, að ég mun greiða atkv. með styrknum til Odds Oddssonar, sem er ritsnillingur mikill og margfróður.

Þá hefir Ed. felldan niður styrkinn til Benedikts Björnssonar, og þar verð ég að segja, að hv. Ed. hefir farizt ærið ómaklega. Þessi maður hefir nú um langt skeið haldið uppi skóla í Húsavík og kennt þar fjölda manns, sem látið hafa mjög af hæfileikum hans. Auk þess hefir hann gefið út kennslubækur, því að hann er bæði fjölfróður og að öllu einkar sýnt um að skýra efnið ljóst og skipulega. Þessi maður varð fyrir því óhappi í æsku, að hann missti annað augað, en nú er hinu hætta búin, vegna langrar og mikillar áreynslu við lestur og skriftir. Ég býst við því, að hv. þdm. vilji launa honum vel unnið starf í þágu þjóðarinnar og veita honum styrk þennan, enda er það í fullu samræmi við það, sem þessi d. hefir áður gert.

Þá á ég brtt. um fjárframlag til Kópaskersbrautar, og er hún tekin hér upp vegna þess, að vegur þessi er ekki kominn enn í þjóðvegatölu, þótt hann eigi að vera það, svo sem ég hefi margsinnis sannað og hv. d. hefir einnig fallizt á. En nú virðist full tvísýna á, að vegalögin nái að komast í gegnum Ed., því að þar mun allt ganga hrossakaupum og braski. Hinsvegar hefði fé til þessa vegar átt að vera veitt fyrir löngu, en þar hefir staðið á réttmætum lagfæringum vegalaganna, sem allir vita, hversu eytt hefir verið þing eftir þing. Till. mín er því sett til varúðar, svo að eitthvað verði gert við þennan nauðsynlega veg, sem enginn neitar, að rétt sé og sanngjarnt. Nú á að halda styttra þing en dæmi eru til á síðari árum, og verður því margt nytjamála í útideyð. Tek ég því þetta ráð upp til vara. Í þetta hérað munu nú komnar 7—8 bifreiðar, og eins og mönnum er kunnugt, breyta þær mjög búnaðarháttum til batnaðar. Vegurinn er í sjálfu sér góður frá náttúrunnar hendi í þurrviðrum, en ef hann blotnar, verður þar ótræði ófært bifreiðum.

Nú heyri ég í þessu, að frv. muni gengið í gegnum Ed., og mun það valda mikilli gleði í Ísrael, þ. e. a. s. meðal hinnar íslenzku þjóðar, að þurfa ekki að standa lengur á þessari veglausu eyði-

mörk. Þess vegna getur það verið, að ég vísi þessari brtt. til stj., auðvitað í fullu trausti þess, að vegamálastjórnin láti ekki úr hömlu dragast að leggja fram nægilegt fé til þessarar vegagerðar, sem svo lengi hefir setið á hakanum.

Það hefir verið minnzt hér á kröfur þær, sem Páll Torfason færði fram í fyrra, og þá var flutt till. um greiðslu eftirstöðvanna af 24 flm. úr báðum deildum. Tillöguna dagaði uppi, en meiri hl. þm. úr báðum deildum ritaði undir áskorun til hv. fjmrh. sama efnis. Honum þótti þó bresta heimild til þessarar greiðslu, meðfram vegna þess, að ekki var nefnd föst fjárhæð, en það höfðu flm. ætlazt til, að ráðherrann mundi rannsaka. Nú var málið enn borið fram öndvert þing, og fjallaði fjhn. um það. Lagði hún til, að P. T. yrðu greiddar 10 þús. króna. Þessu til stuðnings hafa 27 þm. úr báðum deildum, 19 úr Nd. og 8 úr Ed., ritað undir áskorun um þessa greiðslu. Þótti það, úr því sem ráða var, handhægra heldur en að þæfa málið hér á þingi. Hefði annars kostar orðið að prenta fjölda fylgiskjala, sem kynni að þykja „viðkvæmt mál" í sumum stöðum.

Vænti ég nú, að hæstv. fjmrh. verði vel við, þar sem hann hefir svo mikið og aukið fylgi til framkvæmdar málinu og fjárhæðin er ákveðin. Mún hann láta þess við getið, ef honum þykir á bresta lengur.

Páll Torfason á mikla skuld ógreidda úr ríkissjóði og hefir þar á ofan verið mjög grátt leikinn af félögum sínum í Khöfn um skipti þóknunar þeirrar, er greidd hefir verið fyrir töku enska lánsins.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. fjmrh. þetta skjal, sem ég skal þó, með leyfi hæstv. forseta, lesa fyrst í heyranda hljóði, þar sem ég veit, að hæstv. ráðh. er kærara, að það komist orðrétt í þingtíðindin með undirskriftum öllum. Það hljóðar svo:

„Undirritaðir alþingismenn skora á hæstv. fjármálaráðherra að greiða hr. Páli Torfasyni 10000 — tíu þúsundir — króna fyrir næstu mánaðamót.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Benedikt Sveinsson, Ólafur Thors,
Jóh. Þ. Jósefsson, Jón Ólafsson,
Jörundur Brynjólfsson, Einar Jónsson,
Hákon Kristófersson, Ásg. Ásgeirsson,
Sveinn Ólafsson, Sig Eggerz,
Jón A. Jónsson, Lárus Helgason,
Bjarni Ásgeirsson, Bernh. Stefánsson,
Magnús Jónsson, Þorleifur Jónsson,
Magnús Torfason, Björn Kristjánsson,
H. Steinsson, Ingibjörg H. Bjarnason,
Gunnar Sigurðsson, Jónas Kristjánsson,
Héðinn Valdimarsson,
enda sé þetta síðasta greiðsla úr ríkissjóði til hans, og legg ég eingöngu með þessu vegna þess, hvernig með hann hefir verið farið af félögum hans við lántökuna,
sérstaklega J. Svbj.
Ingvar Pálmason, Jóh. Jóhannesson,
Jón Baldvinsson,
með sömu aths. og og H. V.
Erlingur Friðjónsson,
með sömu aths. og H. V. og Jón Baldvs.

Þá verð ég að víkja nokkrum orðum að máli, sem minnzt var á við 3. umr. fjárlaganna hér í hv. Nd. um daginn, en ég hafði ekki tækifæri til að svara þá máli, sem að nokkru leyti var beint að mér, a. m. k. eftir því, sem skýrt er frá ræðu hv. þm. N.-Ísf. í Morgunbl. 1. þ. m. Við 3. umr. fjárl. fór hv. 2. þm. Árn. nokkrum orðum um sambandslögin frá 1918 og viðskipti Dana og Íslendinga síðan í sambandi við þann samning, er í þeim lögum er fólginn. Kom það fram í máli hans, að honum þótti lítil eða engin hætta standa lengur af jafnréttisákvæðum 6. gr., og í annan stað virtist brydda þar á þeirri nýstárlegu skoðun, að Íslendingar hefðu ekki staðið við samningana við Dani með skipulagi því, sem sett var um kosningarrétt á Íslandi með stjskr. 1920.

Því næst tók til máls hv. þm. N.-Ísf. og drap á helztu atriði ræðu hv. 2. þm. Árn. Hefði hann byrjað á að lýsa yfir því, að hann hefði verið andvígur sambandslögunum 1918 vegna jafnréttisákvæðisins og því hefði hann ásamt núverandi forseta þessarar deildar greitt atkv. gegn þeim. En svo hefði þessi þm. snúið við blaðinu og nú reynt að sannfæra deildina um það, að jafnréttisákvæðin væru ekki hættuleg. Danir hefðu ekkert gert síðan til þess að reyna að „vinna" landið; sé því hættulaust, þó að Danir hafi þennan rétt áfram. Í sambandi við bessi ummæli

vék hv. þm. N.-Ísf. máli sínu til hæstv. forsrh. og mín og mælti á þessa leið:

„Ég vona, að þessi orð hv. þm. standi fyrir hans eiginn reikning, en séu ekki töluð fyrir munn hæstv. ríkisstjórnar. Ég vænti þess, að hæstv. forseti geti gefið þá yfirlýsingu, að þetta sé ekki mælt að hans vilja".

Þar sem hér er fram komin áskorun til mín að láta í ljós afstöðu mína um þetta efni, þá vil ég ekki láta úr hömlu dragast að birta mína skoðun, svo að enginn þurfi að efast um hana. og skal því leyfa mér að skýra málið að nokkru.

Það er öllum kunnugt, að það voru aðeins tveir þm., sem greiddu atkv. gegn sambandslögunum 1918. Var það hv. 2. þm. Árn., sem þá var þm. Ísaf., og svo þm. N.-Þ., sem hér stendur.

Hv. 2. þm. Árn. tók það fram um daginn, að hann hefði einkum óttazt jafnréttisákvæði 6. gr. og talið þau hættuleg sjálfstæði landsins. En nú var að heyra, að hann teldi, að Danir hefðu komið svo fram síðan, að alls engin hætta stafaði af jafnréttisákvæðinu. Hann gat þess einnig, að nokkrir danskir stjórnmálamenn hefðu nýlega látið í ljós við sig, að þeir hefðu þótzt sviknir og táldregnir af Íslendingum í framkvæmd sambandssamningsins, með fyrirkomulagi því á kosningarrétti, er sett var í stjórnarskránni árið eftir (1919) og náði fullnaðarsamþykki Alþingis og staðfesting konungs 1920. Virtist hann sjálfur fallast á þessa undarlegu skoðun, þótt hann léti annars í ljós, svo sem vænta mátti, að hann vildi fylgja fram kröfum þjóðarinnar, þegar um það mál væri að ræða, þótt ekki féllist hann á aðferð núverandi sjálfstæðismanna.

Hv. þm. N.-Ísf. virtist ekki hafa allskostar fulla vissu um skoðun mína á þessu máli, og því mun hann hafa beint þessu til mín, enda vissi hann, að ég var andvígur sambandslögunum 1918. Skal ég nú fullvissa hann um það, að ég var að engu leyti hikandi í þessu máli 1918 og hefi aldrei verið síðan. Skal ég og taka það fram afdráttarlaust, að ég var ekki einungis vegna þess andvígur sambandslögunum, hve alóhæf eru jafnréttisákvæði 6. gr., heldur og af mörgum öðrum missmíðum og herfilegum ákvæðum laganna, svo sem berlega kom fram í brtt. mínum við frv. 1918 og í umr. við meðferð málsins á sambandslagaþinginu þá um haustið. Skírskota ég um þetta til Alþ. 1918 og sérprentanar þeirrar, er nefnist: „Sambandslögin. Þingskjöl málsins og meðferð þess á Alþingi", og út kom sama haust.

Það er síður en svo, að mér þyki hin minnsta ástæða til að líta nú mildari augum á sambandslögin heldur en 1918. Gallar þeirra verða því augljósari, sem þau eru betur athuguð. Þetta kemur og berlega fram af því, hversu fylgi þeirra er gersamlega upprætt í landinu á einum áratug.

Danir vissu vel, hvað þeir voru að fara með jafnréttisákvæðum 6. gr. Í þeim tryggðu þeir sér svo fullkominn rétt á Íslandi, sem framast var unnt. Þeir lögðu og afarríkt á um það í aths. við 6. gr., að jafnréttisákvæðunum verði að fylgja út í yztu æsar, án allra undantekninga. Nefndu þeir, að afnema þyrfti „mismun þann á kosningarrétti, sem fram kemur í 10. gr. stjórnskipunarlaga Íslands frá 19. júní 1915".

Skilyrði þau fyrir kosningarrétti á Íslandi, sem hér er vísað til, voru þau, að annaðhvort þurfti maðurinn að vera fæddur á Íslandi, eða hafa verið hér búsettur síðustu 5 árin áður kosning færi fram. Þeir, sem hér voru fæddir, en fluttust úr landi, öðluðust því kosningarrétt í landinu aftur eftir eins ár dvöl, en þeir eftir 5 ára dvöl, sem erlendis voru fæddir. Þessu vildu fulltrúar Dana fá breytt, svo að þessi mismunur væri afnuminn og var eigi nánara til tekið, hversu þessu skyldi hagað.

Vér andstæðingar sambandslaganna létum í ljós þann ótta þá þegar, að „mismunurinn" mundi verða afnuminn með þeim hætti, að búsetuskilyrðið eitt yrði látið nægja og þá fært niður í eitt ár, en af því gæti stafað hin mesta hætta. En fylgismenn sambandslaganna á Alþingi lýstu því þá þegar yfir í ræðu og riti, að ekki þyrfti svo til að haga, haldur mætti láta eitt ganga yfir alla og láta 5 ára búsetuskilyrðið standa í stjskr. Næði það þá jafnt til allra, hvort sem þeir væru fæddir á Íslandi eða ekki, og nægði að fella niður eins ár búsetu forréttindi

þeirra, er í landinu væru fæddir. Ef þeir flyttu héðan, svo að þeir misstu kosningarréttar síns, yrðu þeir sem aðrir að vinna sér réttinn með 5 ára búsetu. Því til sönnunar, að þetta sé ekki gripið úr lausu lofti, skal ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp úr aths. sambandslaganefndar Alþingis við 6. gr. laganna frá árinu 1918. Þar segir svo:

„Danir verða að fullnægja sömu skilyrðum og sæta sömu takmörkunum, sem sett eru eða sett verða um réttindanautn íslenzkra þegna í hverri grein.*) Til þess að njóta kjörgengis og kosningarréttar þarf maður samkv. löggjöf beggja ríkja að vera búsettur í landinu, og getur hvort ríkið um sig sett þau skilyrði, að hver sá þegn, er sleppt hefir heimilisfangi í ríkinu eða hefir aldrei haft það, skuli ennfremur hafa verið þar heimilfastur óslitið ákveðinn tíma, áður hann megi neyta téðra réttinda, t. d. að hver maður verði að hafa átt fast heimili 5 ár í Danmörku til að njóta þar kosningarréttar og kjörgengis, hvort sem hann væri danskur þegn eða eigi. Mundi íslenzkur þegn verða að sæta því, að hann fengi sama rétt í þessu efni, að uppfylltum sömu skilyrðum sem danskir þegnar. Öldungis samsvarandi gildir um hitt ríkið".

Undir þessa yfirlýsing hefir öll sambandslaganefnd Alþingis 1918 ritað athugasemdalaust, nema einn maður. Hvað er hægt að fá skýlausara um það, hvern skilning **Alþingi** lagði fyrirfram í ákvæðin um ráðstöfun kosningarréttarins samkv. 6. gr.?

Auk þessa skal ég taka fram, að annar helzti flm. sambandslaganna **hét** því þá þegar hér í hv. deild, að með **þessum** hætti skyldi „mismunurinn" af numinn, en ekki með eins árs búsetuskilyrði fyrir alla, og þetta efndi hann árið eftir.

Það var því beint með þessu skilyrði — 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarétti til Alþingis — sem þjóðin var talin á, og meiri hluti hennar lét teljast á, að samþykkja sambandslögin haustið 1918!

Nú kom til þess árið eftir að breyta stjskr. Jón heitinn Magnússon hafði samið frv. til hinnar nýju stjskr. En þótt hann væri maður vitur, þá kynni að mega segja um hann líkt og Jón Arason sagði um Þorlák prest Hallgrímsson á Staðarbakka, föður Guðbrands biskups:

„Aldrei var hann í orústu frægr,
ýtum þótti ráðaslægr;
sótt hefir jafnan sína vild í svörunum hægr".

Hann tók nú þann kostinn, þar sem tveir voru, er hann hugði Dönum geðþekkari, og setti búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti eitt ár. Mun honum hafa þótt þeir hliðra nokkuð til áður fyrir hans tillögur. Sigurður Eggerz var þá í stjórn, en var að engu við samning stjskrfrv. riðinn og vissi ekkert um þessa breyting fyrr en hún var fram komin, svo sem hann hefir lýst yfir áður og vitað er og viðurkennt, enda vann hann gegn þessu ákvæði, er til Alþingis kom, og vildi láta standa við það, sem heitið var á þingi og þjóðinni boðað áður hún samþykkti sambandslögin haustið áður. Vildi því láta 5 ára búsetuskilyrðið standa, því að með þeim skilningi og skilmálum höfðu Íslendingar fallizt á samninginn, eins og áður var sagt.

Annars var þessu augljósa efni öllu snúið öfugt í blöðum stjórnarinnar og barið blákalt fram, að þeir, sem vildu **standa** láta 5 ára búsetuskilyrðið, væru að fitja upp á „nýju ákvæði", sem ekki hefði þekkzt áður, og þau töldu ekkert fylgi hafa meðal þjóðarinnar. Eru það firn mikil, þegar menn leyfa sér jafnvel að ljúga til um það, sem stendur í stjórnarskránni, sem þó er í gildi, en svona var málið sótt þá.

Nefndir voru kosnar í báðum deildum Alþingis til þess að fjalla um stjskr.-frv. 1919; unnu nefndirnar saman og gáfu út sameiginlegt álit. Við hv. núverandi 2. þm. Árn. vorum í n. og kom okkur þar að öllu leyti vel saman um það atriði, sem hér um ræðir, enda báðir verið sammála um það árið áður, þegar deilt var um 6. gr. sambandslaganna.

Kom nú upp deila meðal nefndarmanna og fór svo, að nefndin klofnaði um búsetuskilyrðin. Vil ég um þetta merkilega mál vísa til álits n. og umr. í Alþingi 1919. Er nóg að rifja það upp hér, að allur þorri nm. vildi eindregið

*) Leturbreyting í Alþt.

halda 5 ára búsetu stjskipunarlaga frá 1915, þar sem áherzla hefði verið lögð á það atriði við samþykkt og meðferð sambandsmálsins, enda alveg nauðsynlegt til öryggis þjóðinni, en á hinn bóginn óhæfa að bregðast þeim heitum, er henni voru bundin, ef hún samþykkti sambandslögin.

Örfáir nm. fylgdu þó fram afnámi 5 ára búsetu, vist af þægð við forsætisráðherra. En þótt þeir teldu mega hlíta við eins árs búsetu til kosningarréttar, tóku þeir það skýrt og afdráttarlaust fram, að það væri engin lagaskylda og kæmi 5 ára skilyrðið ekki í bága við 6. gr. sambandslaganna.

Segja þeir svo í sínum hluta fyrrnefnds álits (Alþt. 1919, þskj. 514), — með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. n. er meiri hl. fyllilega samdóma um það, að vér höfum lagalegan rétt til þess að setja svo langt búsetuskilyrði, sem oss sýnist, í stjórnarskrána fyrir kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis, og eins hitt, að tryggja beri Íslendingum rétt og vald yfir málum sínum".

Ég hefi hvergi heyrt því haldið fram meðan á þessum málum stóð, að Íslendingar hafi brotið lög né gengið á samninga við Dani með núgildandi skipan kosningarréttarins. Ekki heyrðist orð um það 1919, né 1920, þegar stjskrfrv. var borið undir þjóðina við nýjar kosningar og á ný undir samþykki Alþingis, að nokkur maður héldi þessu fram. Það er nú fyrst, fyrir örskömmum tíma, mig minnir síðastl. haust, að kvis fer að koma á það, að einhverjir Stórdanir telji sig hafa verið svikna eða brögðum beitta í þessu máli. En það er hégómi einn og skrök, og hefi ég nú með rökum hrundið þeim brigzlum af Alþingi og Íslendingum.

Um jafnréttisákvæði 6. gr. sambl. er nú fyrir löngu orðið svo augljóst, hversu stórhættuleg þau eru Íslendingum, að óþarft virðist að fara að þrefa um það efni að þessu sinni. Margir menn í Danmörku, sem bera gott skyn á það mál, hafa verið svo hreinlyndir að kannast við þetta orðskviðalaust. T. d. hefir dr. Knud Berlin margsinnis kannazt við það hreinlega. Hefir hann bæði fyrr og síðar rökstutt það mjög áþreifanlega, að jafnvel þótt Íslendingar hafi fengið viðurkennt fullveldi sitt af Dönum, þá hafi Íslendingar þó gert mjög viðsjárverðan og hættulegan samning, þar sem þeir hafi samþ. ákvæði 6. gr.

Hann sagði í einni ritgerðinni, að einu sinni hefði komið til mála milli Norðurlandaþjóða, að þær hefðu sameiginlegan borgararétt, en hann taldi það mjög varúðarvert; sagði hann, að jafnframt sameiginlegum borgararétti þessara þjóða, mundi ekki komizt hjá að hlaða ýmsa múra til öryggis hverri þjóðinni fyrir sig, til þess að afstýra hættu og óþægindum. Gæti þá vel komið til mála, að vel mætti svo fara, að nauðsynlegt þætti að tryggja hverja þjóð með löngum búsetuskilyrðum fyrir kosningarrétti, t. d. 5, 10, 15 eða jafnvel upp í 25 ár! Hann vék að þessu aftur nú á síðastl. hausti og benti á það, að ekki myndi Dönum þykja mjög hyggilegt að gera þegnasamband við þjóð, sem væri álíka fjölmenn gagnvart Dönum eins og Danir eru gagnvart Íslendingum, og stæðu Danir þó betur að vígi en vér, þar sem þeir væru ríkari miklu og ættu fullræktað land. — Jafnframt hefir dr. Kn. B. bent á það, að Dönum mundi ekki þykja mjög fýsilegt að gera fullt þegnajafnrétti milli Þýzkalands og Danmerkur, og standa þau lönd þó á líku stigi um atvinnuvegi og að öðru leyti líkt setin.

Þótt bent sé á, hversu óhæfileg og háskasamleg jafnréttisákvæðin séu, þá er ég þó ekki þar með að halda því fram, að Danir hafi sýnt oss ágang í skjóli þeirra þessi síðustu 12 ár, að neinu ráði. Þó hafa þeir augljóslega haft meiri hag af jafnréttisákvæðunum en vér, og þarf ekki annað en nefna fiskveiðarnar. En hér er ekki að miða við augnablikið eitt, heldur það fyrirkomulag, sem er fyrir hendi meðan ákvæðin standa. Vér erum berskjalda gagnvart miklu ríkari og fjölmennari þjóð, hvenær sem henni sýnist. Verður því ekki í móti mælt, að slík tilhögun sem þessi á sér hvergi stað í víðri veröld milli fullvalda ríkja, og jafnvel ekki meðal nýlendna innan sama þjóðríkis. — Það vildi svo einkennilega til, að í ágústmánuði 1918, sama sumarið, sem fjallað var um sambandslögin,

var haldin brezk ríkisráðsstefna í Lundúnum með fulltrúum frá öllum nýlendum Breta. Skýrir Times Weekly frá samningnum, er nýlendurnar gerðu með sér á fundi þessum, og eru þar gerólík ákvæði þeim, er í sambandslögunum standa, og eitthvað öruggari og tryggilegri. — Vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa ályktun þá, er þar var gerð:

Ályktun hinnar brezku ríkisráðsstefnu í Lundúnum (Imperial Conference).

(Times Weekly, 2. ágúst 1918):

„Það heyrir tvímælalaust undir valdssvið stjórnar hvers einstaks lands innan brezka ríkisins að ákveða ein, hverjir séu íbúar í landinu með hömlum á innflutningi frá hinum löndunum. Brezkum borgurum, sem búsettir eru innan einhvers lands í brezka ríkinu, skal heimilt að koma til annara landa brezka ríkisins í heimsókn sér til skemmtunar eða í verzlunarerindum, svo og að setjast þar að til bráðabirgða í því skyni að leita sér menntunar, en réttur þessi nær ekki til heimsóknar eða bráðabirgðaaðseturs í því skyni að leita sér atvinnu né til að taka sér bólfestu".

Dr. Knud Berlin hefir einnig bent á þá fjarstæðu, sem leitt gæti af jafnréttisákvæðinu, þar sem þeir þegnar, sem kynnu að setjast hér að og fá hér kosningarrétt, héldu áfram að vera borgarar annars ríkis.

Það er alveg rangt að líta svo á, að Íslendingar séu að amast við því, að einstakir danskir þegnar komi hingað og setjist hér að. Margir þeirra, er hingað hafa komið á síðari tímum, hafa verið nytsemdarmenn og komið sér vel í alla staði. En með 6. gr. sambandslaganna er heilli þjóð veittur réttur til þess að vaða inn í annað land, geta sezt þar að löglega og ráðið þar lögum og lofum að vild sinni. Þótt hinum gömlu, tryggu leifum Heimastjórnarmanna þætti nógar skorður við slíkri hættu reistar með eins árs búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti til Alþingis, þá er þó auðsætt, að með slíkri skipan gat önnur þjóð verið orðin drottnandi í landinu eftir tvö ár, án nokkurs hernaðar eða ofbeldis gegn lögum.

Með 5 ára búsetuskilyrði er dálítið meira viðnám sett í bráð. Og án þess að taka til greina þá hættu, sem ég minntist nú á, þá sýnist það í alla staði réttmætt og sjálfsagt, að þeir menn, sem fara með kosningavald í landinu og ráða þar með lögum og lofum, séu svo kunnugir landi og lýð, lögum og landsháttum, að þeir megi bera gott skyn á það, hvað landi og þjóð er fyrir beztu. En slíka þekking öðlast menn varla á skemmri tíma en 5 árum, og væri þessi ástæða ærin ein til þess að hafa búsetuskilyrði sízt skemmri.

Með ákvæðinu er engu jafnrétti hallað, því að búsetuskilyrðið kemur eins niður á Íslendingum sjálfum, þeim er úr landi flytja til langdvala, svo að þeir missi hér heimilisfangs.

Það kemur því í einn stað niður, hversu sem menn velkja fyrir sér þetta mál, að engin rök eru til þess að áfellast Alþingi fyrir skilyrði þau, er það hefir sett fyrir kosningarrétti. Það hefir hvorki brotið loforð né jafnréttisákvæði. Og skilyrðin fyrir kosningarrétti eru sízt of ströng, né heldur fullтrygg til öryggis þjóðinni fyrr en svo skammt er eftir samningstímans, að nemi 5 árum. Allt þangað til má svo að orði kveða, að „oss hangi hjörr yfir höfuðsvörðum". En þótt hann hangi í veikum þræði, þá er að vísu ekki þar með sagt, að hann falli á háls vorn þessi ár, sem eftir eru samningstímans.

Annars vita nú allir, að sambandslögin hafa aldrei hrifið Íslendinga, þótt einstakir menn hefðu um þau mikinn fagurgala í fyrstu. Þeir hinir sömu urðu að viðurkenna, að þeim hefði verið tekið fálega. Og ekki er því að gleyma, að nokkuð hart viðnám fengu þau þegar í upphafi, þótt ekki yrði nema þúsund manna, sem atkv. greiddi þá gegn þeim. En minna vil ég á hinn harða og rökstudda dóm, sem skarpvitur lögfræðingur, hr. Magnús Arnbjarnarson, kvað þá yfir þessum lögum.

Síðan eru nú senn liðin 12 ár og hefir skilningur alþjóðar á lögum þessum hneigzt mjög í eina átt síðan. Berlega kom þetta fram á Alþingi 1928 og þá ekki síður þegar laganna var minnzt víðsvegar um land í blöðum og á málfundum 1. desember sama árið.

Ég ætla aðeins að lesa hér, hvað lög-

fræðilegur ráðunautur núv. hæstv. landsstjórnar, Ólafur prófessór Lárusson, segir um samninginn á 10 ára afmæli hans. Orð prófessorsins eru prentuð í Stúdentablaðinu 1. des. 1928 og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzku þjóðinni hefir aldrei boðizt jafngott tækifæri til þess að fá fyllstu sjálfstæðiskröfum sínum framgengt eins og árið 1918, og þess getur orðið langt að bíða, að annað eins tækifæri bjóðist. Sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna var þá á hvers manns vörum, og vér gátum verið fyrstir allra til að reyna, hver alvara fylgdi því máli. Afstöðu vorri til stórþjóðanna var svo varið, að engin þeirra gat haft ástæðu til að traðka þessum rétti vorum, og enn voru þá eigi þau úrslit orðin á styrjöldinni, að sigurvegararnir gætu gengið í berhögg við þessa hugsjón, er þeir þóttust bera svo mjög fyrir brjósti. Danir urðu allt til að vinna að fá Suðurjótland. Og síðast en ekki síst: Samband Íslands og Danmerkur var í rauninni ekki nema nafnið eitt • íðustu ófriðarárin. Ég var á þeirri skoðun, að vér hefðum ekki notað þetta tækifæri eins og skyldi, og greiddi því atkvæði á móti sambandslögunum við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Ég er enn þeirrar sömu skoðunar. Að vísu vannst oss mikið á við sambandslögin. Vér fengum ótvíræða viðurkenningu Dana á fullveldi voru. En á hinn bóginn bera sambandslögin þess víða vott, hve gjarnt oss er að meta formið meira en efnið. Ég nefni aðeins tvö ákvæði til, jafnréttisákvæðið og uppsagnarákvæðið. Jafnréttisákvæðið mun vera algert einsdæmi í þjóðaréttinum, og í raun og veru jafn ósamboðið báðum þjóðunum, eins og sumir Danir hafa viðurkennt. En hættulegt er það nærri eingöngu fyrir annan aðiljann, oss Íslendinga, þrjátíu sinnum mannfærri og margfalt fátækari en hin sambandsþjóðin. Hvers virði er það fullrétti í raun og veru, sem slíkur böggull fylgir? Uppsagnarákvæðið er svo úr garði gert, að mjög er tvísýnt, að nokkru sinni náist löglegur meiri hluti fyrir samningsslitum. Að minnsta kosti þarf til þess meiri eiringu en oss er gefin hversdagslega ....".

(SE: Það er mjög leitt, að maður skyldi ekki fá að vita fyrr en 10 árum síðar, hvernig prófessorinn greiddi atkv. 1918). Satt er það að vísu, en þó er gott að vita, þótt síð sé, álit slíks manns. Prof. Ó. L. tekur það réttilega fram. hversu hatramlega er frá uppsagnarákvæðum sambandslaganna gengið. En stundum kemur það fyrir, að oss Íslendingum er gefinn meiri kraftur og eining en hversdagslega. Svo vona ég að fari um þetta mál, enda er þess brýna-nauðsyn.

Mér finnst stundum hafa verið beinzt ómaklega að þeim flokki, sem ég er talinn til, og hæstv. stj., fyrir deiga framkomu í sjálfstæðismálinu. Hafa verið gerðar á hana árásir fyrir að segja það eitt úti í Danmörku, að vér myndum heimta endurskoðun sambandssamningsins á sínum tíma. En það er aðeins munur á orðalagi, hvort vér segjumst ætla að heimta endurskoðun eða uppsögn. Það er vitanlega formlega rétt, að vér byrjum á kröfu um „endurskoðun" þ. e. samningsumleitunum við Dani um það, hvort nokkur leið sé að halda í eitthvað af sambandinu. Þetta er sú eina leið og aðferð, sem lögin sjálf mæla fyrir um, og framhjá henni verður ekki komizt. En verði þeir samningar ekki eins og vér Íslandingar óskum og allir flokkar hafa látið í ljós, að þeir vilji, þá hlýtur niðurstaðan frá vorri hálfu að verða uppsögn. (SE: Uppsögnin er aðalatriðið!). Víst svo! En krafa um „endurskoðun" verður að ganga á undan. Það er bara til að skemmta skrattanum, eða „dilla danskinum", svo að ég noti gamallt orðtæki, að vér sýnum sundrung í þessu máli, þar sem hið sama er markmið allra. (SE: Þetta er rangt, sem hv. þm. hefir haldið fram! — MT: Það er rétt!). Höfuðatriðið er það, að vér eigum ekki að fjandskapast í þessu máli, sem allir Íslendingar eru sammála um í höfuðatriðum. (SE: Vill hv. þm. N.-Þ. verja það, þegar hæstv. dómsmrh. segir, að sjálfstæðismálið sé ekki ofarlega á dagskrá hjá íslenzku þjóðinni? — Forseti: Ég vil biðja hv. þm. Dal. að vera ekki alltaf að grípa fram í). Ég hefi aldrei heyrt hæstv. dómsmrh. halda því fram, að vér ættum ekki að skilja að fullu og öllu við Dani. (SE: Hv. þm. N.-Þ. hefir einhverntíma verið kröfuharðari í sjálfstæðismálinu en nú!). Þetta eru hrein ósannindi. Ég hefi aldrei

verið harðari á því en einmitt nú, að Íslendingar eigi einir að hafa forræði allra sinna mála. Vildi ég helzt kjósa, að fullur skilnaður gæti orðið nú strax í sumar, eins og bending hefir komið fram um nýlega frá hálfu þriggja merkra stjórnmálamanna meðal Dana. Skal ég sízt verða til að bera blak af þeim, sem deigir verða í sjálfstæðismálinu, hvort sem það verða ráðh. eða aðrir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég var staddur inni í hv. Ed. þegar mér bárust boð um það, að hv. þm. N.-Þ. óskaði, að ég hlustaði á mál hans. Varð ég með ánægju við þeim tilmælum, því að hann er ræðumaður góður og kann að fara með móðurmálið, svo að aðrir gera ekki betur. Hitt er annað mál, að svo virðist sem hann geti farið með næsta fáránlegar hugmyndir. Á ég þar einkum við þær skoðanir, er hann hafði á því, hvern rétt hv. Ed. hefði um meðferð fjárl. Virtist hv. þm. helzt líta svo á, að um þau ætti hv. Nd. ein öllu að ráða. Svo var að heyra, sem honum þætti það höggva nærri því að vera stjórnarskrárbrot, að hv. Ed. breytir fjárlagafrv. frá því, sem einstakir þm. í þessari d. vilja helzt vera láta. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt, enda hefir Ed. enga tilraun gert til að kúga Nd. í þessu efni, og hefir alls enga aðstöðu til þess. Af þessum ástæðum er því ekkert á móti því, að þessi d. gangi nú að frv. eins og það er samþ. í Ed., einkum þegar þess er gætt, hve litlar breytingar hún gerði á því. Ég sé enga ástæðu til að hefja stríð á milli þingdeildanna út af því, hvort einhver, sem fær bitling, heitir Pétur eða Páll, eða einhverju öðru nafni. En um þesshättar smámuni sýnast helzt vera skiptar skoðanir milli Ed. og Nd. Annars sé ég ekki ástæðu til að dvelja lengi við þetta atriði. Meiri hl. hv. Nd. ræður auðvitað til fulls, hvað hann gerir við fjárlagafrv.

Út af öðru atriði í ræðu hv. þm. N.-Þ. vildi ég og segja nokkur orð. Hv. þm. hefir lesið hér upp áskorun um að greiða til Páls Torfasonar 10 þús. kr., og hafa undir þessa áskorun skrifað margir hv. þm., ég hygg meiri hluti þings. — Í þessari áskorun er að vísu ekkert um það sagt, hvers vegna Páll Torfason á að fá þessa upphæð greidda, en ég býst við, að til þess sé ætlazt, að þetta sé greiðsla upp í það, sem hann telur sér vangoldið fyrir milligöngu við útvegun enska lánsins 1921. Ég geng út frá því, að þessi sé tilætlunin, þótt það komi hvergi fram skýrum orðum. Hv. þm. vildi fá svar frá mér um það, hvernig ég mundi verða við þessari áskorun. Ég vil þá fyrst geta þess, að í þinglok í fyrra fékk ég svipaða áskorun frá 24 þm. Mun þar hafa verið talað um að greiða hr. P. T. það, sem athugun sýndi, að honum væri vangoldið. Ég hefi lýst yfir því hér í hv. d. fyrir nokkru, að ég hefi ekki talið mér fært að greiða neitt eftir þeirri áskorun, því að það hefir reynzt öldungis óvíst, hversu mikið ætti að greiða, eða hvort yfirleitt væri skylt að greiða nokkuð. En samkv. áskorun þeirri, sem nú liggur fyrir, mun ég telja mér fært að greiða þær 10 þús. kr., sem þar er farið fram á. En þó mun ég setja skilyrði nokkur fyrir því. Aðalskilyrðið er það, að nú verði ekki gerðar frekari kröfur á ríkissjóð út af þessu máli. Ef ekki fæst loforð um það, er a. m. k. mikill vafi á því, að ég sjái mér fært að greiða nokkuð. Ég heimta ekki, að neitt loforð um þetta komi fram í þingdeildinni, en læt mér nægja, ef það kemur frá þeim, sem peningarnir renna til. Ennfremur má vera, að ég setji að auk einhver smærri skilyrði. Þykir mér vænt um, að hér var lesin upp áskorunin sjálf með nöfnum þeirra, sem undir hana hafa ritað, því að ég hafði hugsað mér að hafa það eitt skilyrðanna, að nöfnin kæmu fram í Alþt.

Benedikt Sveinsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh., að hann hefir tekið í mál Páls Torfasonar á þann hátt, sem hv. þdm. hafa nú heyrt. Er það í fullu samræmi við það, sem hæstv. fjmrh. hefir áður sagt um þetta mál. Páll Torfason hefir orðið að sæta miklum hraknингum um að fá rétting mála sinna. Er varla of sterkt að orði kveðið, þótt sagt sé, að hann hafi orðið fyrir einskonar fjárkúgun eða „pengeafpresning", er hann fékk síðustu 10 þús. kr. greiddar. Vil ég því mega vænta þess, að hæstv. ráðh. sem drenglundaður maður setji eigi frekari skilyrði um greiðslu fjárins en

þessi maður getur sætt sig við. En ef hæstv. ráðh. er einhver þökk í þeirri yfirlýsingu, get ég vel fallizt á að flytja eigi frekari till. um þetta mál.

Gunnar Sigurðsson: Ég kemst ekki hjá því að svara hæstv. atvmrh. nokkrum orðum út af máli, sem ég var neyddur til að innleiða hér í þessar umr., járnbrautarmálinu, af því að það komst ekki út úr d. af þeim ástæðum, að ekki kom skýrsla frá vegamálastjóra, sem ríkisstj. hafði fullyrt að mundi koma.

Hæstv. ráðh. talaði um framhaldandi rannsókn í þessu máli. Við Sunnlendingar erum orðnir dálítið þreyttir á og langeygðir eftir þessari rannsókn, því að við álítum það fyllilega rannsakað af Sven Möller. En svo lítur út á síðustu tímum, að það sé hugsun stj. að gera þetta samgöngumál Sunnlendinga að nokkurskonar eilífðarmáli. Það kemur til af því óláni, hve Sunnlendingar standa lítt saman, að þetta sjálfsagða samgöngumál er ekki komið fram. Mér hættir ekki til að rasa að stórmálum; ég hugsa um þau áður, en það er ég sannfærður um, að ekkert annað en járnbraut leysir samgönguvandræðin yfir heiðina. Enda er enginn sérfróður maður, sem heldur öðru fram, nema þá undir pólitískum áhrifum.

Hæstv. atvmrh. sagði í þessu sambandi, að hann treysti því, að gerðar yrðu samgöngur, sem væru nokkurnveginn ábyggilegar. En það er ómögulegt að byggja framtíð Suðurlands á öðru en því að fá járnbraut, því að hún er tryggasta samgöngutæki, sem hægt er að fá. Eigi að byggja bílveg, sem dugir eins vel, sem hann aldrei mundi gera, yrði kostnaðurinn jafnmikill eða meiri.

Ég skal ekki tefja tímann lengur á þessu máli, en ég ætla að minnast á annað stórmál, sem ég vona að verði ekki gert að eilífðarmáli, og það eru vatnamálin, sem eru annað stærsta samgöngumál Rangæinga, og Skaftfellinga reyndar líka. Ég held því fast fram, að það verði að taka föstum tökum á því máli og byrja strax á næsta ári.

Þá vildi ég minnast lauslega á eitt mál enn. Ég bar fram þáltill. í fyrra út af útflutningi á hrossum, bæði um að lækka taxtana, sem stj. gekk í, og fekk hún 5 kr. lækkun á flutningsgjöldum á hrossum, en það var líka um að fá afnuminn þýzkan toll, sem hægt var að fá afnuminn, en í því hefir lítið verið gert. Ég hefi hugsað mér að fara utan að afloknu þingi til að semja um hrossakaup í Danmörku og Englandi, og eins til að hrinda þessu áleiðis. Vænti ég stuðnings stj. í því efni. Ég get þess, að hæstv. stj. hefir boðið mér að styrkja för mína, en vegna þess að ég býst við, að andstæðingablöðin komi strax með bitlinginn, skora ég á þá, sem eitthvað hafa við þetta að athuga, að láta til sín heyra strax. Því að ég óska ekki eftir bitlingum frá stj. og hefi aldrei gert það. En ég hefi svo að segja einn staðið í því að koma þessari vöru bænda í verð, og þótt aðallega hafi þetta snert Suðurland, hafa þó tvö síðustu ár verið rekin hross í stórum stíl frá Norðurlandi hingað suður.

Þetta vildi ég taka fram til þess að vernda mig fyrir ámæli um þennan bitling, og telji einhver þetta eftir, mun ég snúa mér til fjvn. og ég er viss um, að ég get fengið meiri hl. hennar til þess að styrkja þessa för mína.

Halldór Stefánsson: Hv. frsm. fjvn. lét í ljós mikla óánægju yfir einstöku breytingum, sem hv. Ed. hefði gert á frv. Virðist slíkt hafa litla þýðing, og má skoðast aðeins sem nöldur, þar sem þegar mun ákveðið að taka við frv. óbreyttu frá hv. Ed. En þar sem hv. frsm. minntist á einstök atriði, sem hann átaldi hv. Ed. fyrir, voru tvö, er hann talaði um af fullum ókunnugleik.

Hv. frsm. átaldi, að fjárveitingin til laxastiga í Lagarfljóti hefði verið hækkuð og jafnframt hlutfallið við framlag héraðsbúa. Þetta er að vísu rétt, en engin ástæða til að vera óánægður eða átelja þetta, því að hér stendur alveg sérstaklega á. Hér er að ræða um stór fellda tilraun, sem getur orðið heilu héraði til mikils gagns, ef vel tekst, en engin vissa er um árangur. Má bera fyrir þessu Pálma rektor Hannesson, sem fenginn var til þess að rannsaka málið og gaf um það skriflegt álit, sem lá fyrir Alþingi í fyrra.

Hitt atriðið voru átölur hv. frsm. vegna viðbótarstyrks til sjúkraskýlisins á

Hjaltastað. Hér voru einnig sérstakar ástæður. Nokkur hluti læknishéraðsins, allt að þriðjungur, hafði skorazt undan að taka þátt í byggingu sjúkraskýlisins, og engin lög í landi, er gætu neytt þá til þess að taka þátt í kostnaðinum. Þennan viðbótarstyrk er þá að skoða sem svarandi til þess, sem þessi hluti hefði átt að leggja fram. En að greina ástæður til þess, að þessi hluti læknishéraðsins skoraðist undan að leggja fé til sjúkraskýlisins, mundi langt mál, en það var ágreiningur um það, hvar læknisbústaður skyldi vera, og að hann hafði verið fluttur.

Þá skal ég víkja að ummælum hv. þm. N.-Þ. út af þáltill. um fullnaðarskil við Pál Torfason vegna afskipta hans af enska láninu 1921. Hv. þm. gat þess ásökunarlaust að vísu, að till. hefði ekki verið afgr. frá fjhn. Ég vil þó geta um ástæðurnar til þess, að till. var ekki afgr. í n. En ástæðan til þess var sú, að till. var þannig úr garði gerð, að gagnslaust var að samþ. hana. Hún fól í sér þann fyrirvara, að tilgangslaust var að samþ. hana, enda gat hæstv. fjmrh. þess í umr. um hana, að óvíst væri að hann greiddi herra Páli Torfasyni nokkuð, þó till. yrði samþ. Og þar sem málið var engu betur upplýst fyrir n. heldur en í fyrra, þegar það lá fyrir 2 n. öðrum og stj., var ekki við því að búast, að fjhn. gæti komizt að ákveðnari niðurstöðu en aðrir.

Hv. þm. (BSv) tók svo til orða, að enn væri ógreitt herra Páli Torfasyni meiri hl. af ómakslaunum hans. Ég skal ekki véfengja, að þetta sé hans álit, en í skjölum málsins eru ekki skýlaus gögn fyrir því, að svo sé, enda ágreiningur um það, og fyrirvarinn í till. bendir á, að ekki sé þetta ágreiningslaust. Ég hygg, að eins vel mætti leiða rök að því, að herra Páli Torfasyni hefði verið að fullu greitt, eða ef til vill ofgreitt. En ættu menn að fá fulla vissu í þessu efni, þyrfti að reka þetta sem dómstólamál, með réttarprófum yfir öllum þeim, sem við málið hafa verið riðnir. En þess vil ég geta, að komi skýlaus gögn fyrir því, að herra Páli Torfasyni hafi verið vangreitt, hygg ég, að enginn muni hika við að greiða því atkv., að hann fengi sitt að fullu. Nú virðist komin viðunandi lausn — a. m. k. í bráðina — á þetta mál, með áskorun þeirri til hæstv. fjmrh. um að greiða herra Páli Torfasyni ákveðna upphæð, sem meiri hl. þm. hefir ritað undir. Skal ég því ekki rekja málavexti frekar, enda er þeim svo varið, að það er ekki þægilegt.

Hákon Kristófersson: Það vill svo til, að ég á 2 brtt. við fjárlagafrv., sem er hér til umr., en því er þannig háttað, að tilgangslaust virðist að mæla fyrir þeim, því að hv. fjvn., að undanteknum hv. þm. Ísaf., og meiri hl. þessarar hv. d. virðist ætla að taka höndum saman um það að láta enga brtt. ná fram að ganga, hversu réttmæt sem hún væri. Hitt orkar tvímælis, hversu rétt þetta er, einkum þegar litið er til þess yfirlits, sem hv. frsm. gaf um meðferð hv. Ed. á málinu. Ég veit, að það muni vera á tilfinningu flestra hv. dm., að viðskilnaður hv. Ed. við frv. sé á þann veg, að ekki sé sæmilega við unandi. Ég skil ekki, þegar hv. frsm. og aðrir kvarta um óheppilega meðferð Ed. á málinu, en vilja þó ekki lagfæra það, sem þeim þykir miður Þetta er svo undarlegt, að menn hlýtur að stórfurða á. Það er engin vörn, að menn búist við, að svo verði ekki framvegis. Þetta hefir heyrzt á undanförnum þingum, að slíkt ætti sér vonandi ekki framar stað. (BÁ: Ekki í fyrra). Í fyrra vildi meiri hl. ekki láta kúgast af minni hl. En nú ætlar þessi hv. d. að láta í minni pokann. (BÁ: Sá vægir, sem vitið hefir meira). Það kom ekki fram hjá hv. frsm., sem vitanlega er skarpvitur maður, að þessi aðstaða d. kæmi til af því, að hún fyndi til vitsmunamunar gagnvart hv. Ed. En honum er þó auðvitað vorkunn, og þeim hv. þm. öðrum, er svo líta á. Ég verð að segja, að ég tel þessa aðferð mjög óviðunandi og að meiri hl. þessarar hv. d. geti tæplega sætt sig við að kasta þungum steini að hv. Ed., en vilja þó ekki lagfæra þær misfellur, sem hann telur á frv., og koma þannig í veg fyrir, að brtt. nái fram að ganga, hversu réttmætar sem þær eru. Og í því er ekki til að dreifa vitsmunaskorti hv. Ed., sem hv. frsm. vill nú vera láta.

Hæstv. fjmrh. kvað það muna 10 dögum, ef fjárl. væru opnuð nú. Ég sé ekki, að sá útreikningur geti átt sér stað. Það væru þá mjög óeðlilegar tafir, og aðrar en gætu stafað af meðferð fjárl., ef munað gæti 10 dögum. Hitt kann að vera, að hæstv. fjmrh. óttist einhverjar misþyrmingar á fjárl. frekari en orðið er, ef þau verða opnuð. En ég verð að segja, að ég tel miður, að þessi aðferð skuli viðhöfð, sem nú er beitt.

Það var minnzt í dag, og núna rétt áðan af hv. 1. þm. N.-M., á afstöðu Alþingis gagnvart kröfu herra Páls Torfasonar um greiðslu á fé, er hann telur vangoldið vegna afskipta hans af hinu svonefnda enska láni. Ég kom dálítið við þetta mál á síðastliðnu ári, og nú á þessu þingi að því leyti, að ég hefi með fleiri hv. þm. skrifað undir áskorun til hæstv. stj. um að bæta það, er vangreitt kann að vera. Ég hefi litið svo á, að svo fremi hlutur herra Páls Torfasonar hefir verið fyrir borð borinn, þá sé brýn skylda að lagfæra það. Því var slegið fram af hæstv. fjmrh., að hann hafi ekki viljað greiða herra Páli Torfasyni neitt síðastliðið ár, af því að síðasta þing hafi ekki ákveðið neina upphæð. Frá mínu sjónarmiði er það svo, að ég hafði enga hugmynd um, hver upphæðin skyldi vera, heldur vildi ég, að honum væri goldið það, sem honum bæri réttilega, því að réttan hlut hvers manns vildi ég ekki vita fyrir borð borinn. En ef það er satt, sem hv. 2. þm. Reykv. leyfði sér að slá fram hér í dag í sambandi við þetta atriði, þá er það raunalegt og nærri því óhæfilegt, að maður í jafnvirðulegri stöðu sem konungsritari skuli leyfa sér að hafa annað eins í frammi. Og ef rétt reyndist, væri það ekki ófyrirsynju að skora á hæstv. stj., að sjá um, að konungur hefði ekki slíkan mann, — hvorki sér til hægri né vinstri hliðar.

Ég skal ekki lengja umr. um skör fram, og þó að ég hefði tilhneiging til þess, þarf ég ekki velvirðingar á því að biðja, meðan ég fer ekki út fyrir þá heimild, sem þm. hafa til þess að ræða málin. Ég gat ekki verið viðstaddur hinar löngu eldhúsdagsumr. og er því nokkuð ókunnugur því, sem þar bar á góma. Ég vildi því beina lítilli fyrirspurn til hæstv. fjmrh., ef svo kynni að vera, að á það atriði hafi ekki áður verið minnzt. Ég hefi orðið þess vitandi, að árið 1929 hefir nokkru fé verið varið úr ríkissjóði til framkvæmda í búskap í Breiðuvík í Barðastrandarsýslu, samtals um 4600 kr. Án þess að koma til hugar, að nokkur vafi sé á nauðsyn þessarar greiðslu, vildi ég leyfa mér að spyrja, til hvers þessu fé hafi verið varið, eða hvort búskapurinn í Breiðuvík hafi ekki betur staðizt en svo, að þetta hafi þurft að leggja með. Þá væri ekki furðuefni, þó að mörgum bóndanum gangi miður vel sinn búskapur. Þá verður og minna, er getur komið til greiðslu skuldar Einars Jónassonar fyrrv. sýslumanns við ríkissjóð, ef búi hans verður að halda við með svo mikilli greiðslu úr ríkissjóði. Af því að hæstv. fjmrh. er ekki nú sem stendur staddur hér í hv. d., er ef til vill ekki von um upplýsingar í þessu efni. Það verður þá svo að vera. Ég hefi ekki getað fullnægt forvitni minni á annan hátt en að spyrja. Verði ég ekki virtur svars, er ekki annað fyrir en að taka það sem hverja aðra óvirðing.

Ég álít, að stj. sé skylt að gera sem mest úr eignum herra Einars Jónassonar, í fyrsta lagi til þess að ríkissjóður fái sitt, og í annan stað til þess að eigandinn njóti, ef afgangur gæti orðið. En eftir því, sem mér er kunnugt, er síður en svo, að gætt hafi verið að koma eignum hans í það verð, sem mætti. Sumar eignir hans í Barðastrandarsýslu hafa verið seldar fyrir miklu lægra verð en hægt var að fá fyrir þær og ég hefði treyst mér til að selja þær fyrir, ef mér hefði verið falið það. Það er síður en svo, að þetta sé sagt til þess að kasta steini að hæstv. stj., en þetta stafar af því, að hún hefir treyst þeim mönnum, sem hún hefir falið að ráðstafa eignunum. Viðkomandi meðgjöf með búinu í Breiðuvík skal ég geta þess, að herra Einar Jónasson notfærði sér ekki afurðir búsins síðastliðið ár, nema ef til vill ullina; um það er mér ekki kunnugt og vil því ekki fjölyrða um það til né frá. Þætti mér fróðlegt að vita nöfn þeirra manna í Barðastrandarsýslu, sem svo eru færir til ráðsmennsku, að þeir þurfa 4600 kr.

meðgjöf með búi í Breiðuvík. Til þess að forðast misskilning, skal ég geta þess, að ég hefi vitneskjuna um þessa greiðslu frá ríkissfjárhirzlunni.

Ég skal geta þess í sambandi við þetta, að málaflutningsmaður einn hér í bæ, sem hefir þessar eignir með höndum, góður maður og gegn, bað mig um að koma til viðtals við sig, til þess að ræða við sig um ráðstafanir á Flateyjareignum herra Einars Jónassonar. Kvaðst hann vilja fá fyrir eignirnar 26 þús. kr., en spyr mig, hve mikið ég mundi vilja gefa fyrir þær. — „20 þús. kr.", segi ég. „Vilduð þér selja eignirnar fyrir það verð?" spyr hann. Ég kvað nei við, sagðist ekki mundu vilja láta þær undir því verði, sem hann hafði nefnt. Og eftir að hafa lagt þetta niður fyrir okkur, kom okkur saman um, að eignirnar væru að minnsta kosti 26 þús. kr. virði. Sagði hann, að eignirnar mundu settar á uppboð og boðið í þær fyrir ríkissjóðs hönd — ef þyrfti, og síðan seldar undir hendinni, á þann hátt, að aldrei fengist minna fyrir þær en 26 þús. kr. Nú er maður sendur vestur, og lokaþátturinn í meðferðinni á þessum eignum herra Einars Jónassonar er á þá leið, að umboðsmaður ríkissjóðs býður í þær og fær sér slegnar fyrir 21 þús. kr. Svo er makkað um þetta að uppboðinu loknu. Ég skal taka það fram, að ég er ekki að áfellast meðferð hæstv. stj. að öðru leyti en því, að henni varð ekki úr vegi að spyrja þm. Barðstrendinga, hvort þetta verð væri í hófi; því hafði hún ekki fyrir. — Og hverjir fleyta svo rjómann? Þessu er þannig ráðstafað, að kaupfélagið og Flateyjarhreppur eru látin ganga inn í kaupin. Það má segja, að hver silkihúfan sé upp af annari. Jörð, sem Einar Jónasson kaupir fyrir 3000 kr., er seld fyrir 2000 kr. (MG: Hvers virði var jörðin?). Ég veit, að ég hefði ekki látið hana fyrir minna en 3500 kr. Þó verð ég að segja, að í þetta sinn kom salan maklega niður, vegna þess, hver hreppti jörðina. (Dómsmrh: Var það framsóknarmaður?). Því má nú nærri geta. En það var sami maðurinn og áður hafði selt Einari Jónassyni jörðina, en Einar var ekki farinn að borga hana.

Ég verð að segja það, að ríkissjóður hefir tapað meiru á þessari ráðsmennsku en sem nemur ýmsum smástyrkjum til námsmanna og sjúklinga, sem Ed. skar niður. Held ég, að því fé, sem þarna hefir tapazt, hefði verið betur varið þannig. Það er að vísu allrar virðingarvert, að hæstv. fjmrh. skuli vilja spara, en þá verður hann að vera sjálfum sér samkvæmur í sparnaðinum og sjá um, að eignum ríkissjóðs sé haldið í hæfilegu verði. En það, sem fram hefir farið þarna vestra, er í senn til tjóns fyrir ríkissjóðinn og mann þann, er hér á hlut að máli, Einar Jónasson.

Þó að ég þykist sjá, að fjvn. ætli að beita hér ofríki til að koma í veg fyrir, að mínar till. nái fram að ganga, þá vil ég þó geta þess um VIII. brtt. á þskj. 557, að þá till. hefi ég ekki átt kost á að koma fram með fyrr. Því er það, að ég ber nú þessa lítilfjörlegu till. fram. Um hinar brtt. hefi ég talað áður, og mun ég láta það nægja, þar sem útlit er fyrir, að öllum brtt. sé búin sama gröfin.

Ég vona, að hæstv. fjmrh. virði fyrirspurnir mínar svars. Einkum þætti mér vænt um að fá upplýsingar um búsmeðgjöfina, sem ég drap á áður. Þegar ég kem heim í mitt kjördæmi, veit ég að ég verð spurður, hvaða svör ég hafi fengið um það efni.

Einar Jónsson: Ég vil taka það fram, að þó að ég standi hér upp, ætla ég ekki að halda hér aðra eins rokna ræðu og hv. þm. Barð.

Um breytingar Ed. á fjárl. er það að segja, að ég kann yfirleitt ekki sem verst við þær, enda hefir hún ekki gengið inn á þá braut að lækka framlög til verklegra framkvæmda, nema ef telja skyldi styrkinn til Fiskifélagsins. D. hefir fellt nokkra persónulega styrki niður og bætt öðrum við, og yfirleitt skipta breytingar hennar ekki miklu.

Þó vil ég minnast á eina breytingu, sem Ed. hefir gert, sem ég felli mig ekki við, og það er að hækka styrkinn til stórstúkunnar úr 8000 þús. kr. upp í 10000 kr. Það er ekki svo, að ég sé að mæla ofdrykkju eða óreglu bót, en það eru hlutir, sem stórstúkan ræður ekki við, og til þess að standa í pólitiskum „agitationum" á hún ekki að fá opin-

beran fjárstyrk. Þegar á það er litið, að tekið er gjald af hverjum félaga, virðist þessi félagsskapur eiga að geta borið sig án svo stórfellds styrks úr ríkissjóði, nema þá að þetta fé fari til einstakra manna, eða sé varið til starfsemi, sem öðrum er til óþurftar (þefarastarfsemi).

Ed. hefir hækkað þennan styrk um 2000 kr. Nú flyt ég brtt. um að færa hann aftur í sama horf og hann var í, er fjárl. fóru frá Nd. Væri þessu fé varið til að venja mig eða aðra á reglusemi, væri ekkert við því að segja, en þar sem það er annaðhvort ekki gert eða ekki hægt, þá mun ég halda strangt á þessari till.

Magnús Guðmundsson: Það eru nú þrír dagar síðan þm. vissu, að slíta átti þingi fyrir páska. Og þegar svo er, undrar það mig stórum, hvernig deginum í gær var varið, því að hann fór í umr. um mál, sem engar líkur er á að gangi fram. Þetta er óforsvaranleg aðferð hjá hæstv. stj. og get ég ekki skilið hana öðruvísi en átt hafi að koma í veg fyrir að mál, sem henni er illa við, nái fram að ganga.

Ég vil taka í sama streng og hv. 1. þm. Reykv. um það, að sú aðferð, sem hæstv. dómsmrh. notar, að koma inn við 3. umr. í Ed. heimild handa stj. til stórfelldra framkvæmda, sem í sjálfu sér eru ekki einungis fjárhagsatriði, er alveg óhæf. Hann lék þennan leik í fyrra og hann leikur hann enn í ár. Þessu vil ég mótmæla algerlega.

Mér þótti það undarlegt, hve hv. frsm. fjvn. fann mjög að gerðum Ed., þar sem hann vildi þó láta samþ. fjárl. óbreytt. Þótti mér forsendur og niðurstöður rekast þar nokkuð á.

Það er auðsætt, að vextir og afborganir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir allt of lágt í fjárlfrv. þessu. Engir vextir eru áætlaðir handa Útvegsbankanum, og vita þó allir, að engin líkindi eru til, að bankinn geti greitt vexti 1931. Líklegt er og, að vexti vanti af fleiri upphæðum. Ég geri ráð fyrir, að stj. taki þau lán, sem hún hefir heimild til að taka, því að ég býst ekki við, að hún sé að fá lánsheimildir til að leika sér að þeim.

Hv. þm. Ísaf. var að hnýta nokkuð í stj., með sínum veikasta málrómi að vísu. Það er eins og hann sé farinn að fá einhverja hugmynd um, að nú þurfi að fara að skipta liði undir landskjörið, en ég efast um, að hann heimti alla sína sauði aftur, eftir að þeir hafa staðið við framsóknarjötuna í 3 ár. Nú er þessi hv. þm. búinn að fá svo mikinn áhuga fyrir raforkutaugakerfum í sveitum, að hann flytur brtt. um 70 þús. kr. í þessu skyni. En þó gat hann ekki greitt atkv. með samskonar till. meðan hún var bundin við nafn Skagfirðinga. Það gleður mig samt, að hann hefir nú séð sig um hönd, og ég býð hann velkominn í hóp þeirra manna, sem vilja vinna að þessu þjóðþrifamáli. (**ÓTh:** Hann svíkur þetta allt eftir landskjörið). Við sjáum til, en ég get ekki gert að því, að mér dettur í hug, að hv. þm. flytji þessa till. af því, að hann veit nokkurnveginn með vissu, að frv. verður samþ. óbreytt til að tefja ekki þingið. Það er því ekki laust við, að ég gruni þm. um græsku.

Mér þótti það óviðkunnanlegt, hvernig Jóni Sveinbjörnssyni konungsritara hefir verið blandað inn í umr. hér. Ég skal ekki fella dóm um, hvað rétt er í þessu máli, en hitt veit ég, að það er rangt að fella dóm án þess að hafa fengið skýrslu beggja aðilja. Hefði það verið gert, býst ég við, að málsatriðin litu nokkuð öðruvísi út og niðurstaðan önnur.

Hv. 2. þm. Rang. er ekki hér í d., en ég get samt ekki stillt mig um að segja honum, að mér þykir undarlegt, að hann hefir ekki komið með minni hl. álit um járnbrautarmálið. Þetta var honum þó innan handar, þar sem hann er form. þeirrar n., sem hafði málið til meðferðar. Hefði mátt búast við því, svo mikinn áhuga sem hann telur sig hafa á þessu máli, að hann hefði ekki látið stj. draga sig allt þingið á eyrunum með loforðum um skjöl og skilríki, sem svo vitanlega aldrei koma.

Jóhann Jósefsson: Það hafa nú verið sögð hér mörg orð í garð Ed. og sum þung, en þó er útlit fyrir, að svo fari sem áður, að látið verði við það sitja að kreppa hnefana í buxnavösunum.

Mér fellur það illa, að styrkurinn til Fiskifélagsins skuli hafa verið lækkaður í Ed., og held, að rökstuðningur fjvn.

í Ed. fyrir því hafi ekki verið á sanngirni byggður. Því er borið við, að Fiskifélagið fari inn á valdsvið Alþingis með ýmsum smástyrkveitingum við sjávarsíðuna. Ég sé nú ekki ástæðu til að refsa Fiskifélaginu fyrir það, þó að það bæti úr brýnni nauðsyn, þar sem Alþingi var búið að neita um alla aðstoð áður. Ég veit, að það er ekkert stórfé, sem félagið getur veitt á þennan hátt, en þó hefir oft orðið að því allgóður stuðningur. Og ef til vill er þessu fé allt eins vel varið þannig, eins og þó að það væri látið ganga til ráðunauta, sendiferða og skrifstofukostnaðar.

Ef hér er tekið til samanburðar Búnaðarfél. Íslands, sem hefir 250 þús. kr. styrk, þá ætti að svipta það styrk fyrir það, að það hefir lagt fé til fyrirhleðslna. (BÁ: Til þeirra er ekki veitt fé úr ríkissjóði). Hvernig var um Þverárfyrirhleðsluna?

Þarna er mikið misræmi milli Fiskifélagsins og Búnaðarfélagsins. Það styrkir til verklegra framkvæmda. Ég hygg, að hv. frsm. fjvn. þurfi ekki að neita því. En fjvn. hv. Ed. finnst ástæða til að lækka styrk Fiskifélagsins, vegna þess að það styrkir ýms bráðnauðsynleg fyrirtæki. Þeirri stofnun, sem styrkir mesta bjargræðisatvinnuveg þjóðarinnar, er refsað fyrir það. Þeir, sem þekkja að einhverju leyti starfsemi Fiskifélagsins og hafa fylgzt með gerðum fiskiþingsins á undanförnum árum, — og það er öllum þm. hægt, því að skýrsla félagsins hefir verið lögð hér fram á hverju þingi, — þeir vita, að það eru svo mörg nauðsynjamál, sem fulltrúar Fiskifélagsins koma hér saman til að ræða um og taka til álits, að félagið á erfitt með að sinna nema þeim allra brýnustu. Og verksvið þess er alltaf að færast út. Og ég tel það beinlínis óhæfu, að deildin, sem hefir minna leyfi til að breyta fjárl., höggvi svo stórt skarð í tekjur þeirrar stofnunar eins og Ed. leyfir sér nú að gera.

Ef litið er á gengi ýmissa sjávarútvegsmála á þingi hér og hinsvegar á þær till., sem gerðar hafa verið á fiskiþingi og síðan reistar á Alþingi, þá sýnast þær hníga í sömu átt og fiskiþingið leggur til. Þetta sýnir, hvers trausts till. þess hafa notið, enda sitja þar nokkurskonar sérfræðingar í þessum málum. Það eru því ósæmilega þröng skilyrði, sem nú á að lara að setja fyrir starfsemi þessarar stofnunar, og enn síður réttmæt, þegar þess er gætt, hve ríflega landbúnaður og Búnaðarfélagið hafa verið styrkt, án þess að nokkur sjávarútvegsmaður hafi reynt að heimta slík skilyrði fyrir þeim fjárveitingum.

Ég rak mig á það í nál. hv. fjvn. Ed., að hún segist helzt skipta sér af persónustyrkjum. Styrkur Fiskifélagsins er þó ekki persónustyrkur. Hinsvegar eru felldir niður nokkrir persónustyrkir eða lækkaðir. Ekki er samt leitað á kjöltubörn hæstv. stj. En n. hefir ráðizt á áttrætt gamalmenni, Þórodd Bjarnason póst, mann, sem búinn er að slíta sér út í þjónustu bæjarins og hins opinbera, og lækkað eftirlaun hans um helming frá því, sem þessi hv. d. var búin að samþykkja, úr 1200 kr. í 600 kr. Ég veit ekki, hvað þeir hv. þm., sem talað hafa hér í kvöld, ætla sér að gera, þegar kemur að atkvgr. um fjárl. En mér þykir óviðeigandi að taka við aðgerðum hv. Ed. án þess að sýna lit á því, að í raun og veru er það Nd., sem á að ráða meiru um afgreiðslu fjárlaganna.

Ég vil mótmæla því algerlega sem sjávarútvegsmaður, að klipið sé af fjárveitingu til aðalstuðningsstofnunar þeirrar atvinnugreinar. Og ég mótmæli enn þeirri ósanngirni, sem sýnist eiga sterkar rætur í heilum stjórnmálaflokki, að hvenær sem eitthvað er gert fyrir sjávarútveginn, þá megi aðeins gera það þannig, að atvinnuvegurinn sé skattlagður um leið með nýjum aukaskatti.

Bernharð Stefánsson: Hv. þm. Ísaf. hefir flutt eina brtt. á þskj. 557, sem er sama till. og ég flutti hér í hv. d. við 3. umr. fjárl. og var þá samþ., en hv. Ed. þóknaðist að fella niður. Till. er um ábyrgð til handa Siglufjarðarkaupstað, til raforkuveitu. Jafnframt því, sem ég þakka hv. þm. fyrir að taka upp þessa brtt. mína, vildi ég geta þess, að ástæðan til þess að ég flutti hana ekki sjálfur nú, var, að mér hefir skilizt bæði á hv. fjvn. og ýmsum hv. þdm., að algerlega væri vonlaust um, að fjárl. yrði breytt nú í þessari hv. d. Náttúrlega er

ég enn á sömu skoðun og ég hafði um þessa till. við 3. umr. hér. Ég færði þá rök fyrir málinu, og hv. flm. hefir í dag bætt við þessi rök, svo að ég sé því minni ástæðu til að endurtaka þau. Vil aðeins mæla hið bezta með till., enda er ég þess fullviss, að svo framarlega að nokkur brtt. nær fram að ganga nú, þá verður þessi till. samþ. En sennilega fer svo, að þessi hv. d. beygir sig fyrir hv. Ed. og gengur að fjárlagafrv. óbreyttu, eins og virðist vera að verða venja, og þá er auðvitað ekki um framgang þessa máls að ræða að sinni.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 1. þm. Skagf. veik til mín nokkrum orðum af tilefni brtt., sem ég hefi flutt við fjárl. um framlög til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa í sveitum. Mér virtust orð hans dálítið tvíræð og ekki trútt um góðgirnina til mín, sem nú reyni að bjarga þessu áhugamáli hans, að því er hann hefir látið, frá því að daga uppi. Annars er ekki langt síðan hann sagði sjálfur, að þeir, sem væru samflm. till., ættu ekki að leggja í vana sinn að flækjast hver fyrir öðrum í umr. (**MG:** Ég var bara að bjóða hv. þm. velkominn í flokkinn). Óþarfi, ég geng aldrei í Íhaldsfl.

Till. mín bindur ekki þessa fjárveitingu við einn stað eða hérað, eins og till. hv. 1. þm. Skagf. Hlutfallið er heldur ekki ákveðið. Það verður að ákveðast í einu lagi fyrir héruðin. (**MG:** En það var boðið að endurborga, ef það reyndist óþarflega mikið). Hv. 1. þm. Skagf. hefir ekkert vald til að gefa slík loforð. (**MG:** Það er skrítið).

Til viðbótar því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, get ég nú minnzt á þær upplýsingar, sem finna má á þskj. 558. Þar liggur fyrir bráðabirgðaskýrsla um rannsóknir á raforkuveitum utan kaupstaða. Þessi skýrsla er samin af n. kunnáttumanna, sem stj. skipaði til þess að gera undirbúningsrannsóknir. Það eru verkfræðingarnir Geir G. Zoëga, Steingr. Jónsson og Jakob Gíslason. Þessir menn komust að þeirri niðurstöðu, sem hér segir:

„Vér álítum ekki enn fengna þá rannsókn og athugun þessara mála, sem grundvallarlöggjöf megi byggja á. Fyrir því teljum vér ekki ákjósanlegt, að afgreidd verði lög um þessi atriði nú á þessu þingi, en væntum, að fyrir næsta þing verði þau skilyrði fyrir hendi, að unnt yrði að gera ákveðnar tillögur um raforkulöggjöf".

En svo bæta þeir við:

„Ef áhugi er fyrir því, að til byrjunarframkvæmda komi um slíkar raforkuveitur þegar á næstu árum, væri æskilegt, að Alþingi nú þegar tæki upp í fjárlög árlega fjárveitingu í þessu augnamiði".

Væri þetta fé nú veitt í þessum fjárl., yrði það fyrir hendi, ef þingið 1931 setur lög um þetta efni. Annars get eg vísað til þskj. 558 um nánari grg.

Mér heyrðist hv. 1. þm. Skagf. vera að bjóða mig velkominn í Íhaldsflokkinn áðan. (**SE:** Það er varasamt að nefna Íhaldsflokk lengur hér; forseti getur ekki látið það viðgangast. — **ÓTh:** Hæstv. forseti skal fá að gefa ótvíræðan úrskurð um það. Hann skal hringja í hvert sinn, sem nefndur er Íhaldsflokkur. — **Forseti** hringir. — **ÓTh:** Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta). Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir að siða hv. 2. þm. G.-K., þó að það sé ekki fljótgert. „Illt er að kenna göldum grepp o. s. frv. að sitja rétt".

Það er ekki hægt að banna mér að nefna nafnið Íhaldsflokkur, þó að stj., sem sá flokkur hélt einu sinni við í valdasessi, stjórnaði sér til ófremdar. Það er ekki hægt við því að gera, þó að minningin sé svo raunaleg, að íhaldsmennina svíði undan sínu gamla flokksnafni og skammist sín fyrir það.

Annars vildi ég, áður en ég lýk máli mínu, beina tveim fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Hann hefir á þessum síðustu og verstu dögum þingsins verið líkt og fló á skinni, svo að ég hefi ekki getað náð einu sinni kallfæri af honum.

Vildi ekki hæstv. forseti reyna að finna hann? (**Forseti:** Nei, ég sé hann ekki í stólnum. — **MJ:** Ég skal gæta að, hvort hann er ekki hérna í pappírskörfunni). Jæja, fyrst hann finnst ekki, vona ég, að hæstv. forsrh. skili til bróður síns í stj. þessum spurningum. Annari getur hann kannske svarað sjálfur.

Fyrst vildi ég spyrja enn einu sinni,

hvort bankaeftirlitsmaðurinn, sem verið hefir og enn er, eigi að sitja framvegis í þeirri stöðu. Það er skýlaus skylda hæstv. fjmrh. að svara þessu af eða á. Hitt, sem hæstv. forsrh. getur ef til vill svarað, er, hvort satt sé það, sem menn segja, að hrossakaup séu komin á með ríkisstj. og flokki hennar annarsvegar og Íhaldsflokknum hinsvegar, um það að berja fjárl. fram óbreytt til að þóknast stj., og þóknast svo Íhaldsflokknum með því að svæfa í Ed. frv. um tóbakseinkasölu, sem þar er komið til 2. umr. og gæti því auðveldlega gengið fram tímans vegna. Ég vona, að hæstv. stj. svari þessu skýlaust og afdráttarlaust. (BÁ: En benzínskatturinn?). Benzínskatturinn er nú úr sögunni, sem betur fer.

Það var annað að heyra á þeim snjöllu ræðum, sem fluttar hafa verið hér í kvöld, en að þessi hv. d. gæti unað við, að hv. Ed. ráði nú í þriðja sinn mestu um afgreiðslu fjárl. Hví þá að láta hana ráða þessu? Hv. frsm. fjvn. eyddi ½ hlutum ræðu sinnar til að sýna, að ekkert vit væri að taka við fjárl. eins og þau líta nú út; þau hefðu spillzt svo í hv. Ed. Ætlar hann nú að éta þetta allt ofan í sig með því að greiða atkv. með fjárl. óbreyttum, en móti öllum brtt.?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um núverandi bankaeftirlitsmann, Jakob Möller, mun ég afhenda hæstv. fjmrh. Hann er ennþá bundinn við umr. í Ed.

Hina spurninguna skoða ég borna fram í spaugi. Hér er oft um hrossakaup talað, enda eiga þau sér oft stað. En það, hvort Framsóknarflokkurinn er búinn að binda sig við að samþ. fjárl. óbreytt, sést bezt á því, að sjö af þm. hans hér í d. flytja nú brtt. við þau.

Sigurður Eggerz: Áður en ég vík að aðalræðuefni mínu, vildi ég leyfa mér að bera fram eina fyrirspurn til hv. þm. Ísaf. Það hefir heyrzt hér síðustu dagana, að jafnaðarmenn hafa gerzt allharðorðir í garð stj., og ef nokkuð má marka umr., skyldi maður ætla, að hin þinglega aðstaða stj. væri mjög að veikjast. Ég vil nú spyrja hv. þm. Ísaf., hvort hann og flokksmenn hans mundu greiða atkv. með vantraustsyfirlýsing á stj., ef við sjálfstæðismenn kæmum fram með slíka yfirlýsing. Mér heyrðist á jafnaðarmönnum, að þeir beri engan góðvildarhug til stj., svo að ef þeim er alvara, ættu þeir að styrkja okkur til að fá samþ. vantraust. Ég veit af manni, sem er reiðubúinn til að bera það fram, ef hann fær styrk.

Ég get tekið í líkan streng og aðrir með það, að þar sem svo er ákveðið, að fjárl. skuli lögð fyrir þessa d., þýðir það, að þungamiðja fjármálanna skuli vera hér, en nú er ekki hægt að neita því, að þær venjur, sem skapazt hafa, sýna, að þungamiðjan hefir færzt til hv. Ed. Hv. frsm. sagði, að þetta ætti ekki að vera svo, en í þetta sinn vildi fjvn. verða við því að láta Ed. ráða. En við vitum svo sem af hverju valdið á að vera hjá Ed. Menn er farið að langa heim. Það er þess vegna hætt við því, að þetta endurtaki sig á hverju þingi.

Ef það á að verða niðurstaðan að fella allar till., sem hér eru til umr., skal ég játa, að undarlegt er að vera að halda uppi löngum umr. til að mæla með till., sem er fyrirfram vitað, að ekki verða samþ. En ég get ekki séð með vissu fyrr en við atkvgr., hvort tilætlunin er að láta Ed. í hendur valdið í þessum efnum.

Ég flyt hér eina brtt. á þskj. 570, þess efnis, að Stefáni frá Hvítadal verði veittar 2000 kr. Í 3 ár hefi ég borið samskonar till. fram, og hv. Nd. á heiður skilið fyrir að hafa jafnan samþ. þær með miklum þorra atkv., en Ed. hefir verið örðugri viðfangs og lækkað upphæðina niður í 1000 krónur. Þó hefir hún nú getað fallizt á 1200 kr. Mér þykir illa farið, að hv. Ed. skuli ekki geta fallizt á till. mína. Davíð Stefánsson segir einhversstaðar, að „fáir njóta eldanna, sem fyrstir kveikja þá", en því verður ekki neitað, að það eru skáldin og listamennirnir, sem kveikja þá andlegu elda, og af þeim eldum leggur birtu og yl, sem hefir miklu meiri þýðingu fyrir þjóðirnar en menn gera sér grein fyrir. Og vissulega ann okkar þjóð sínum skáldum og listamönnum og finnur ylinn, sem leggur frá starfi þeirra. Þegar minnzt er látinna listamanna, viðurkenna allir, hve illa hafi verið farið með þá. Samt er eins og menn

gleymi því, að sýna þessum mönnum þann sóma, sem þeim ber, í lifanda lífi. Og það er sannarlega svo með Stefán frá Hvítadal, sem er eitt af okkar ágætustu skáldum, að hann hefir fundið lítið til þeirrar hlýju, sem samúðin og skilningurinn veitir. Hann hefir orðið að sitja í kulda fátæktarinnar alla tíð. Ég vona því fastlega, að hv. Nd. sýni sama skilninginn nú og áður og samþ. þessa brtt.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að ræðu hv. þm. N.-Þ. Hv. þm. sagði réttilega, að ég hefði verið því fylgjandi að setja 5 ára ákvæðið í stjórnarskrána.

Þá talaði hv. þm. um sambandslögin og lagði áherzlu á sína gömlu aðstöðu til þeirra. Hann var á sínum tíma á móti sambandslögunum, vegna galla á 6. og 7. gr. þeirra. En allir þessir gallar, sem hv. þm. N.-Þ. og hv. 2. þm. Árn. sáu, voru líka séðir af öðrum þm., sem samt samþ. lögin, af því að hinn mikli kostur var í 18. gr. þeirra, nefnilega ákvæðið um uppsögn laganna. Þar er þjóðinni gefinn kostur að losa sig við öll bönd. Þó að mér væru ljósir gallarnir á 6. og 7. gr. og legði áherzlu á, hversu miklir þeir væru, er ég sannfærður um, að rétt var að taka sambandslögunum á sínum tíma vegna uppsagnarákvæðisins. Þar var okkur gefinn lykillinn að fullkomnu sjálfstæði. Ég held því, að ef sambandslögin hefðu ekki verið samþ., værum við styttra komnir áleiðis en við erum nú. Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um að hægt hefði verið að ná meiru 1918 en náð var, — hv. þm. bar fyrir sig Ólaf prófessor Lárusson, — vil ég draga það mjög í vafa og fullyrða, að ég hafði meiri tök á að vita hverju hægt var að ná þá en Ólafur Lárusson, af því að ég var í stj. og átti oft tal við dönsku samningamennina. Ég minnist þess t. d., að einn dag kom formaðurinn, Hage til mín og lýsti kvíða sínum yfir því, að allt þeirra starf yrði til einskis, af því að svo langt væri gengið af Íslendinga hálfu, að Danir myndu alls ekki geta við það unað. Hitt er líka vitanlegt, að miklar tilraunir voru gerðar til að fá frestinn styttan, og þykist ég hafa átt fullan þátt í þeim tilraunum.

Mér skildist hv. þm. ekki vilja gera neinn mun á endurskoðun sambandslaganna og uppsögn. Þar er þó mikill munur á. Það þarf að biðja um endurskoðun til þess að uppsögn geti farið fram 3 mánuðum á eftir. En endurskoðun þarf ekki að leiða til uppsagnar. Þess vegna var það, þegar í Tímanum birtust greinar um, að fram hefði komið vilji um endurskoðun, en ekki uppsögn, og erlend blöð höfðu þetta eftir hæstv. forsrh., að ég spurði hæstv. ráðh., hverju þetta sætti, en hann svaraði, að blöðin hefðu haft rangt eftir sér. Að öðru leyti vona ég, að við þurfum ekki að deila um sjálfstæðismálið, en ég verð að játa, að ég tók mér nærri, að þessi aths. skyldi falla frá hv. þm. um endurskoðunina.

Þó að ég hafi sagt, að ég áliti rétt, að sambandslögin voru samþ., má hv. þm. N.-Þ. ekki skoða það svo, að ég sé að halda eldhúsdagsræðu yfir honum fyrir að vera á móti þeim. Það var til að undirstrika gallana á lögunum, að hann og hv. 2. þm. Árn. voru á móti þeim. Og þeir litir verða ekki málaðir of svartir, til þess að þjóðinni skiljist hver er hennar skylda, og greiði atkv. samkv. því á sínum tíma.

Að lokum vil ég enn einu sinni taka það fram, að ég vona, að hv. þm. N.-Þ. og ég getum jafnan staðið saman um niðurstöðuna í þessu máli.

Magnús Torfason: Því miður hafði ég, sakir annara þingerinda, ekki tækifæri til að heyra hina snjöllu ræðu hv. þm. N.-Þ. um sjálfstæðismálið. Ég kom ekki inn fyrr en hann var að enda mál sitt, en ég hafði mikla ánægju af því, sem ég heyrði.

Hv. þm. drap lítið eitt á aðstöðu okkar beggja, þegar sambandslögin voru samin og lýsti henni alveg rétt. Ég vil samt benda á eitt atriði til skýringar. Það var að heyra á hv. þm., að mínar till. í málinu hefðu verið linari en hans till. Ég vissi ekki, hvað hann hafði sagt um þetta áður, en við vorum á sínum tíma alveg sammála í þessu efni, og ég hygg, að hv. þm. hafi að mestu samþ. það nál., sem ég bjó til í Ed. En að mínar till. í Ed. fóru nokkuð skemmra en hans till. í Nd., var af því, að ekki hlýddi að fara í sama farið. Ég leit svo á, að ástæða væri til að koma fram með þær till., er sem flestir gætu fallizt á. Og jafnmerkur sjálfstæðismaður og séra Kristinn Daníelsson gaf líka

till. minum þann vitnisburð, að sér þætti mjög fyrir því að þurfa að fella þær.

Þá vildi hv. þm. N.-Þ. halda því fram, að 6. gr. sambandsl. væri hættuleg fyrir okkur nú. Ég lýsti yfir því um daginn og vil endurtaka það nú, að ég álít minni hættu stafa af 6. gr. nú en 1918, sérstaklega eftir að till. 1928 var samþ. Ég skal þó fullkomlega játa það, að það er fræðilegur möguleiki þess, að Danir geti komið hingað og sezt hér að, en það er heldur ekki meira. Nú eru liðin 12 ár af tíma þeim, sem sambandsl. gilda um, og því minni hl. tímabilsins eftir, og ég er sannfærður um það, að Danir gera enga tilraun til að þyrpast hingað héðan af, af ástæðum, sem ég tók fram á eldhúsdaginn og þykist því ekki þurfa að endurtaka nú.

Það er nefnilega sá mikli munur á aðstæðum nú og 1918, að við höfðum þá enga tryggingu fyrir því, að við mundum halda saman í sambandsmálinu, en eftir að till. 1928 var samþ., á að vera fullkomin trygging þess. Þess er líka að gæta, að með ákvæðum stjskr. um fimm ára búsetutíma er mjög girt fyrir þennan leka.

Hv. þm. Dal. lýsti yfir því, að hann liti enn svo á, að rétt hefði verið að samþ. sambandslögin 1918, vegna þess að ekki hefði verið á betra völ. Get ég verið honum samþ. í þessu að nokkru leyti, en alls ekki að öðru leyti. Ég játa, að sjálfstæðism. í landinu þá voru ekki nógu sterkir, eins og þingið var skipað, og má því til sanns vegar færast, að ekki hafi verið hægt að komast lengra 1918. En veilan lá hjá okkur, og er ég ekki í minnsta vafa um það, að ef ekki hefði vantað kjark og þor og samtök með okkur Ísl. 1918, hefðum við getað fengið mun betri kosti en raun varð á. Við stóðum þá vel að vígi, eins og hv. þm. Dal. líka játaði, og hv. þm. N.-Þ. drap á í sinni ræðu. Þá voru uppi í heiminum háværar raddir um rétt smáþjóðanna. Danir voru eins og milli tveggja elda. Þeir gátu ekki sem smáþjóð sótt rétt sinn í hendur Þjóðverja samtímis því, sem þeir neituðu okkur um okkar rétt. Þeir fengu skika af Suður-Jótlandi með öllum gögnum og gæðum, án nokkurra skuldbindinga, og hins sama áttum við kost, ef rétt hefði verið á haldið, ekki síst þar sem Danir gengu í gildruna og aðalflokkurinn þar í landi sendi sína beztu menn hingað með J. C. Christensen í fararbroddi, sem þá var voldugastur í danskri pólitík. Ef við hefðum verið nógu fastir fyrir, hefðum við getað fengið meiru framgengt, því að þessir menn vildu ekki fara erindisleysu og máttu það heldur ekki. Fékk ég staðfestan í sumar þennan grun minn um að við hefðum getað fengið mun betri kosti, ef við hefðum kunnað að halda á okkar málum. (JJós: Hv. þm. hefir þá ekki siglt til einskis!). Ég varð margs vísari í utanför minni, og þótt ég telji ekki rétt að skýra frá því nú, má vel vera, að nokkur vitneskja fáist um það á sínum tíma.

Hv. þm. Dal. hneykslaðist á því, að hæstv. dómsmrh. skyldi tala um endurskoðun sambandslaganna, þegar hann var ytra í sumar. Ég var dálítið kunnugur því, sem fram fór, og get því fullvissað hv. þm. Dal. um það, að það lá ekkert í orðum hæstv. dómsmrh., sem gæti skilizt sem merki þess, að við ætluðum að slaka á klónni. Auk þess mælti hæstv. dómsmrh. ekki sem utanríkismálaráðh., eða fyrir stj. yfir höfuð, heldur lýsti hann aðeins yfir sinni eigin skoðun og hafði sambandsl. fyrir sér og notaði orð þeirra. Var slíkt viturlega gert, því að með þessu móti gat hann verið viss um að segja hvorki of né van, þar sem hann hélt sér við orð sjálfra l. En það ætti ollum að vera ljóst, að endurskoðunin verður að fara fram, áður en til uppsagnar kemur.

Við hv. þm. N.-Þ. getum verið ánægðir með það, hvernig menn hér á landi hafa snúizt í þessu máli, því að ég lít svo á, að með yfirlýsingunni 1928 höfum við lagt þingið undir okkur. Mér heyrðist á hv. þm. Dal., að hann vildi láta sem hann stæði mun framar í sjálfstæðisbaráttunni en hv. þm. N.-Þ., en ég hefi ekki getað fundið þetta enn í neinum hans till., enda er ég viss um, að hann gengur aldrei fetinu framar en hv. þm. N.-Þ., og má þakka fyrir, ef hann gengur jafnhliða honum í fylkingu.

Ég skal enda með því, að ég held, að það sé ekki til góðs fyrir þetta mál að vera að rífast um smámuni og einstök orð, sem kunna að hafa verið viðhöfð. Það er réttara að leggja áherzluna á það, hvað þingflokkarnir og Íslendingar yfir-

leitt standa fast saman í þessu máli, og gera allt, sem unnt er, til þess að erlendar þjóðir, og þá sérstaklega Danir, sjái, að við erum virkilega sammála og látum engan smákrit hafa áhrif á þá afstöðu, sem tekin hefir verið í sjálfstæðismálinu 1928 og er þjóð og þingi til hins mesta sóma, og verður bezta fararnestið, er við hittumst á Þingvelli í sumar.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil lýsa yfir því, að ég mun svara fyrirspurn hv. þm. Dal. á þann eina þinglega hátt: með atkvgr., þegar hann ber fram vantraustsyfirlýsingu á stj.

En mjög smækkar nú manndómur þessarar fornu sjálfstæðishetju, sem jafnan eyðir löngum tíma af hverri ræðu í það að minna á sín fyrri afrek í sjálfstæðismálinu, þegar hann hefir ekki kjark til þess að bera fram vantraust, fyrr en hann hefir tryggt sér fylgi okkar jafnaðarmanna. Þorir hann ekki að bera fram vantraust og prófa vilja hv. d.?

Gunnar Sigurðsson: Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Skagf., að ég hefði átt að koma með sérstakt nál. í járnbrautarmálinu, vil ég lýsa yfir því, að ég gerði það ekki, af því að ég lít svo á, að það hefði getað orðið til þess að skaða málið. Það var alltaf búizt við skýrslu í málinu frá vegamálastjóra, og beðið eftir, að hún kæmi, því að meðnefndarmenn mínir voru ófúsir til að taka afstöðu í málinu, fyrr en þeir hefðu séð þessa skýrslu. En það skal ekki standa á mér að koma með nál. á næsta þingi, þó svo að ég standi einn uppi.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki borið fram neina brtt. við þessa umr. fjárl., af því að ég veit, að það hefði ekki haft neina þýðingu. Eins og fleiri þm. er mér þetta nauðugt, sérstaklega vegna þess, að það er að komast sú venja á, að hv. Ed. ráði fjárl., og er þó hvorttveggja, að hún er minni d. og misbeitir þessu valdi sínu. Hún ræðst á ekkjur og munaðarleysingja til þess að troða í sínar bitlingaskjóður. Lækkar styrkinn til Slysavarnafélagsins niður í 14 þús. kr., strikar út ekknasjóðinn og lækkar við gamla og farlama menn — allt saman til þess að geta troðið í sína vini.

En það þýðir lítið að vera að fárast um þetta eða vera að halda hrókaræður út af því, en Nd. verður að sýna, hver það er sem ræður, enda gæti það vel orðið til þess, að hv. Ed. misbeitti ekki valdi sínu svo hrapallega.

Að öðru leyti skal ég ekki fara mörgum orðum um afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. En það er hneykslanlegt, að stórmál skuli vera afgr. í sérstöku lagi við 1 umr. Á ég þar við berklahælið á Reykjum í Ölfusi. Skilji þó enginn orð mín svo, að ég viðurkenni ekki, að þetta mál sé gott og nauðsynlegt í sjálfu sér, en aðferðin er óverjandi með öllu, jafnvel þó að margir góðir menn hafi staðið að þessari samþykkt.

Hv. þm. Ísaf. skýrði frá því í ræðu, sem hann hélt hér fyrr í dag, að hann hefði beint tveim fyrirspurnum til hæstv. fjmrh., en ráðh. hvorugri svarað. Þótti hv. þm. Ísaf. þetta firn mikil.

Ég hefi tvívegis beint þeirri fyrirspurn til þessa hv. þm., hvort hann mundi styðja vantraust á ríkisstj., ef fram kæmi. Hann hefir engu svarað. Og ekki heldur nú, þegar hv. þm. Dal. spurði hann þessa sama.

Hv. þm. Ísaf. sagði í þessari sömu ræðu, er ég vitnaði til, að sig undraði það stórlega, að hv. þm. Mýr. o. fl. létu dólgslega um það, hversu Ed. hefði misbeitt valdi sínu, en vildi þó hinsvegar samþ. fjárl. eins og Ed. hefði gengið frá þeim. Hann sagði, að það ætti að vera samræmi milli orða og gerða. Annað væri bjánaskapur.

Nú hefir hv. þm. Ísaf. ráðizt alióþyrmilega á hæstv. stj. á þessum síðustu og beztu dögum. Afleiðingin ætti því að verða sú, að hann annaðhvort bæri fram vantraust sjálfur, eða þá að minnsta kosti styddi vantraust, ef aðrir bæru það fram. En hv. þm. Ísaf. fæst ekki einu sinni til að svara því, hvort hann mundi styðja vantraust, ef fram kæmi, svo að það situr sannarlega illa á hv. þm. Ísaf. að bregða öðrum um það, að ósamræmi sé á milli orða þeirra og gerða.

Hv. þm. Ísaf. sagði um hv. þm. Dal., að það smækkaði nú mjög manndómur þess-

arar sjálfstæðishetju, þar sem hann þyrði ekki að bera fram vantraustsyfirlýsingu, án þess að hafa tryggt henni fylgi fyrirfram. Það er nú svo. En hvað er að segja um manndóm hv. þm. Ísaf. sjálfs? Hann ræðst grimmilega og með dólgsskap á stj., en þorir svo ekki þrispurður að svara því, hvað hann mundi gera, ef til vantrausts kæmi.

Haninn hefir galað í þriðja sinn. Þrispurður hefir hv. þm. Ísaf. engu svarað. Nú spyr ég hann í fjórða sinn, hvort hann muni greiða atkv. með vantrausti eða ekki, og ef hann enn, fjórspurður, svarar engu, ætti hann sem minnst að tala um smækkaðan manndóm annarra manna. Það eru fáir, sem ekki þora að segja af eða á, margspurðir, eftir að hafa látið eins dólgslega og hv. þm. Ísaf. hefir gert.

Þetta er líklega í síðasta skiptið, sem ég fæ tækifæri til að tala á þessu þingi, og harma ég það því, að mér skuli ekki gefast kostur á að segja þingsins mesta syndasel, — og sennilega heimsins líka, — til syndanna, þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur. En þó að hæstv. dómsmrh. hafi sjaldan sézt í stól sínum hér í vetur, hugga ég mig við það, að hann verði í kjöri í sumar, og þá mun mér gefast tækifæri til að lesa honum dálítið af þeirri Jónsbók, sem ég á ólesið hér.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er nú svo komið, að ég held, að ég verði að fara að bera blak af hv. Ed. Mun ég þó ekkert aftur taka af því, sem ég sagði í morgun.

Sumir hv. þm. virðast líta svo á, að Ed. eigi sem minnstu að ráða og helzt engu, en ég lít svo á, að deildirnar séu báðar jafnréttháar, þar sem þm. beggja deildanna eru rétt komnir að því umboði sem þeir fara með fyrir kjósendur í landinu. Hinsvegar er að sjálfsögðu rétt að víta það, sem Ed. rangt gerir, jafnt og víta ber mistök þessarar deildar.

Það er ekki rétt, að Ed. hafi ráðið öllu um fjárl., því að vitanlega var það þessi d., sem mótaði þau. Og ég vil benda á það, út af ýmsum þeim ummælum, sem fallið hafa, að það er fjarri sanni, að þetta sé í þriðja sinni, sem Ed. hefir síðasta orðið um fjárl. Í fyrra voru samþ. allmargar brtt. við þessa umr. hér í d., og var það því þessi d., sem þá lagði síðustu hönd á fjárl.

Hv. 2. þm. G.-K. tók að nokkru leyti svari mínu gegn ásökunum hv. þm. Ísaf., og get ég því látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði í morgun, þegar ég gerði grein fyrir því, af hverju ég vildi samþ. fjárlagafrv. óbreytt, þó að ég hinsvegar telji afgreiðslu Ed. á fjárl. mjög aðfinnsluverða. Brtt. þær, sem hér liggja nú fyrir, hækka útgjöldin um 130—140 þús. kr. og minnstur hluti þeirra er þess eðlis, að ég geti mælt með þeim. Aftur á móti hefir Ed. lækkað ýmsa liði, sem ég álít, að rétt hafi verið að lækka, og þó að mér líki fjárl. ekki, finnast mér ekki hér svo miklar bætur í boði á fjárl., að það svari tíma og kostnaði að fá þær fram.

Mér láðist að drepa á styrkinn til Elliheimilisins Grundar í framsöguræðu minni. Mér hefir skilizt það svo á fjvn. Ed., að styrkurinn væri veittur í eitt skipti fyrir öll, og bæri því alls ekki að skoða hann sem rekstrarstyrk, er endurtæki sig frá ári til árs. Vildi ég fyrir hönd n. undirstrika þetta, því að það hefir komið fram hjá sumum þm., að hér mundi vera um rekstrarstyrk að ræða.

Ég kemst ekki hjá því að svara hv. 1. þm. N.-M. nokkrum orðum. Hann færði það fram sem sönnun þess, að rétt hefði verið að hækka styrkinn til að gera laxastiga í Lagarfoss, að þetta væri svo tvísýnt fyrirtæki, að réttmætt væri að hafa styrkinn hærri af þeim ástæðum. Ég fæ ómögulega viðurkennt þessa röksemdaleiðslu hv. þm. Ef þetta fyrirtæki er svo tvísýnt, sem hv. þm. lætur, tel ég það þvert á móti mjög vafasamt, hvort rétt er að veita styrk til þess yfirhöfuð.

Hv. þm. vildi réttlæta styrkinn til að reisa læknisbústað í Hróarstungulæknishéraði með því, að þriðjungur héraðsbúa hefði ekki viljað vera með og leggja fram fé í þessu skyni. Væri því ríkisins að hlaupa undir bagga með þeim, sem fé hefðu lagt fram. Þetta get ég heldur ekki gengið inn á hjá hv. þm. Mér sýnist sem hér sé verið að verðlauna menn fyrir að þrjóskast, og þannig verið að gefa þeim, sem það vildu gera eftirleiðis, undir fótinn með að fá aukastyrk á þennan hátt.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að

hv. þm. Vestm. fyrir ummæli hans um lækkun Ed. á styrknum til Fiskifélagsins. Hann veittist mjög að Framsóknarflokknum í Ed. fyrir lækkunina. Mér er hinsvegar kunnugt um, að flokkurinn sem slíkur stóð ekki fyrir þessari lækkun, svo að ávítur hv. þm. í flokksins garð út af þessu höfðu ekki við rök að styðjast. Ég álít fyrir mitt leyti, að ekki hafi verið rétt að lækka styrkinn. En það, sem því olli, að fjvn. Ed. lagði slíkt til, mun hafa verið það, að henni þótti sem ekki kæmu öll kurl til grafar á tekjuáætlun félagsins, t. d. vextir af sjóði þess. (JJós: Forseti félagsins segir, að þetta sé alger misskilningur). Getur verið. En þetta mun hafa vakað fyrir nm. Þá fannst þeim og, að gengið væri inn á verksvið ríkissjóðs með ýmsum fjárveitingum félagsins. Verð ég að viðurkenna, að þetta sé réttmæt aðfinnsla. Og ég get ekki séð, að lækkunin sé í raun og veru svo gífurlega ranglát þegar litið er á, að félagið hefir safnað 90—100 þús. kr. í sjóð.

Get ég svo lokið máli mínu. N. leggur á móti öllum brtt., því að hún telur hæpið, að nokkuð yrði unnið við að fjárl. væru opnuð í þetta sinn.

Hákon Kristófersson: Ég bar hér fram tvær réttlátar og hógværar fyrirspurnir til hæstv. fjmrh., sem hann hefir þó ekki látið svo lítið að svara. Þessa óvirðingu get ég ekki átalið á annan hátt en að láta í ljósi megnustu vanþóknun mína á slíku framferði.

ATKVGR.

Brtt. 557,I.1 felld með 16:10 atkv.
— 557,I.2 felld með 16:10 atkv.
— 576,I felld með 18:9 atkv.
— 562,I tekin aftur.
— 562,II felld með 16:7 atkv.
— 557,II felld með 16:9 atkv.
— 557,III felld með 15:8 atkv.
— 557,IV. (aðaltill.) felld með 16:8 atkv.
— 557,IV. (varatill.) tekin aftur.
— 562,III tekin aftur.
— 557,V felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, MJ, SÁÓ, EJ, GunnS, HG, HK, HV, BSv.

nei: JÓl, JS, JörB, LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB.

MG, ÓTh,*) SE greiddu ekki atkv.

Brtt. 557,VI.1 felld með 17:9 atkv.
— 562,IV. (aðaltill.) tekin aftur, en tekin upp af 1. þm. Rang. og felld með 16:7 atkv.
— 562,IV. (varatill.) tekin aftur, en tekin upp af 1. þm. Rang. og felld með 16:8 atkv.
— 576,II tekin aftur.
— 562,V. (aðal- og varatill.) teknar aftur.
— 557,VI.2 felld með 14:6 atkv.
— 570 tekin aftur.
— 557,VIII felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JAJ, MJ, SÁÓ, BSv.

nei: ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, IngB, JÓl, JS, JörB, LH, MT, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

JJós, MG, ÓTh greiddu ekki atkv.

Brtt. 557,VIII tekin aftur.
— 562,VI tekin aftur.
— 557,IX tekin aftur.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

2. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Í aths. við frv. þetta eru teknar fram ástæðurnar fyrir því, að það er hér flutt og lagt fyrir Alþingi. Ég sé ekki þörf á að endurtaka þær við þessa umr., enda er hér aðeins um formsbreyt. að ræða á þeim lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi um lánsheimild fyrir ríkisstj.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni um fjárlagafrv., þá hefir stj. tek-

*) Með svofelldri greinargerð: Ég greiði ekki atkv. um kosningabeitu hv. þm. Ísaf.

ið bráðabirgðalán í Englandi, og geri ég ráð fyrir, að hv. fjhn., sem væntanl. fær þetta frv. til athugunar, fái að kynna sér þann samning, sem gerður hefir verið um þetta bráðabirgðalán.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

Magnús Guðmundsson: Ég sé það á 2. gr. þessa frv., að gengið er út frá því, að bráðabirgðalánssamningur sá, sem þar ræðir um, verði staðfestur, og ég heyrði það á hæstv. fjmrh., að lánssamningurinn mundi verða lagður fyrir n. En þar eð ég á ekki sæti í þeirri n., stend ég upp til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann sjái nokkuð á móti því að skýra hv. þingd. frá innihaldi þessa samnings. Ég tel ófullnægjandi, að aðeins ein þingnefnd fái að kynna sér samninginn. En ef n. er heimilt að birta efni samningsins í ályti sínu, þá getur hæstv. ráðh. nú þegar skýrt þinginu frá honum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég sé í raun-inni ekkert á móti því, að hv. þdm. fái að kynna sér samninginn; en hér stendur allt öðruvísi á, þegar um bráðabirgðaviðskiptalán er að ræða, heldur en ef það hefði verið fast og samningsbundið lán til lengri tíma. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. (MG) geti fengið að sjá samninginn, því hann er ekkert leyndarmál. Ég veit ekki, hvaða atriði það eru, sem hv. þm. vill helzt fá að vita um. Ef það er um vaxtakjörin, þá má geta þess, að vextirnir eru 1½% hærri en forvextir Englandsbanka á hverjum tíma, en þó ekki nema 1% hærri, ef vextir Englandsbanka fara yfir 6%. Samningurinn gildir til eins árs, og það má fá hann framlengdan til jafnlangs tíma, ef óskað er. Þar sem hér er aðeins um bráðabirgðalánssamning að ræða, kemur hér ekki fleira til greina.

Ólafur Thors: Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að vextirnir væru 1½% hærri en vextir Englandsbanka á hverjum tíma. Mig furðar stórlega á þessu og vil spyrja hæstv. ráðh., hvort honum hafi ekki mismælzt. Mér er kunnugt um, að í haust var leitað hófanna um lán til handa íslenzku félagi í enskum bönkum, og skyldi lánið vera án veðsetningar. Hagkvæmustu kjörin, sem fáanleg voru, voru þau, að vextirnir yrðu 5%, en þó aldrei lægri en vextir Englandsbanka. Mér er talsvert kunnugt um lántökur og lánskjör í enskum bönkum og þekki ekkert dæmi þess, að lántakandi greiði meira en 1% hærri vexti en Englandsbanki tekur. Mig undrar, að íslenzka ríkið skuli þurfa að sæta þessum okurkjörum, og endurtek þá spurningu mína til hæstv. ráðh., hvort þetta hafi ekki verið mismæli. Ég tel það ekki vansalaust, ef ríkið þarf að lúta að því að taka lán með þessum kjörum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hér er alls ekki um missögn að ræða. En eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá eru vextirnir aðeins 1% hærri en í Englandsbanka, ef vextir þar ná 6%. Þegar þessi lánssamningur var gerður, voru vextir í Engl.banka 6½%, og mér þykir ótrúlegt, að einstakir menn hafi fengið lán í enskum bönkum á sama tíma fyrir lægri vexti en þetta. Ég held, að venjuleg viðskiptalánskjör hafi ekki verið lægri. Ég man ekki, hvað vextir Englandsbanka eru nú. (**ÓTh:** 4½%). Ef þeir eru nú 4½%, þá geta þetta ekki talizt háir vextir. Góðir fjármálamenn og kunnugir þessum efnum telja það góð kjör að fá fast viðskiptalán með 6% vöxtum. Ég blátt áfram trúi því ekki, að einstakir menn hafi fengið á sama tíma lán með 5% vöxtum. (**ÓTh:** Hvenær var lánið tekið?). Það var tekið 27. sept. síðastl.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi enga ástæðu til að vera óánægður með svar hæstv. fjmrh. Hann sagði, að þm. gætu fengið að sjá samninginn, og það vildi ég sérstaklega fá að vita. Ennfremur skýrði hann að nokkru frá efni samningsins, en út í það ætla ég ekki að fara nú. Ég gerði þessa fyrirspurn eigi aðeins mín vegna, heldur einnig vegna annara þm., því að ég þykist vita, að fleiri þeirra vilji sjá samninginn en ég.

Ólafur Thors: Það hryggir mig, að þetta skyldi ekki vera mismæli hæstv. fjmrh. En ég skal bæta því við það, sem ég sagði áðan, að í síðastl. nóvembermán. var ég sjálfur staddur í London og leit-

aði þar eftir láni hjá tveimur bönkum, til handa vel stæðu en ekki stóru íslenzku félagi, og lánskjörin yoru lægst 5%, án veðsetningar, en þó skyldu vextirnir ekki vera lægri en í Englandsbanka. Lánsupphæðin var að vísu ekki sérlega há, en þó get ég ekki neitað því, að mér finnst það til minnkunar fyrir ríkið, ef það þarf að taka lán með 1½% hærri vöxtum en einstaklingar geta fengið. Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til fjhn., og þar á ég sæti og fæ þá tækifæri til að tala við hæstv. fjmrh. um þetta mál. Ég ætla því ekki að deila um það nú á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 55).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Fjhn. hefir öll orðið á einu máli um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Frv. er að mestu leyti aðeins endurnýjun lánsheimildar þeirrar, er samþ. var á þinginu í fyrra. Í grg. frv. og við 1. umr. hefir verið gerð grein fyrir því, sem nýtt er í frv.

Við 1. umr. var spurt um kjörin á lántöku þeirri við Barclays Bank, sem um getur í 2. gr. frv. Hefir n. séð lánssamninginn. Lánið er venjulegt reikningslán, sem á að greiðast upp einu sinni á ári. Í fyrsta sinni 31. okt. 1930. Hinsvegar er gert ráð fyrir því í lánssamningnum, að framlengja megi lánið um eitt ár í senn með sömu skilyrðum, að óbreyttum ástæðum landsins. Vextir af láninu skulu vera ½% yfir vexti Englandsbanka, eins og þeir eru á hverjum tíma. Þó aldrei lægri en 5% og aldrei hærri en 6% nema vextir Englandsbanka verði 6% eða meira; þá fylgja þeir vöxtum hans. Auk þess á að vera 1% viðskiptagjald af allri upphæðinni. Ennfremur er það út af ákvæðum samningsins, sem í 2. gr. frv. er farið fram á, að þetta lán hjá Barclays Bank skuli teljast hluti af láni því, sem stj. var gefin heimild til að taka með lögunum í fyrra.

Ólafur Thors: Fjhn. var sammála um að mæla með þessu frv. — eins og hv. frsm. sagði. — Var sammála, segi ég, af því ég er ekki viss um, að n. hefði orðið það, ef þá hefði verið fyllilega komið í ljós, eða eins vel og nú er, hvert fjármálavit hæstv. stj. situr inni með. Ég mun þó líklega ekki taka samþ. mitt aftur. En ég vil geta þess, að ég léði nafn mitt til samþ., af því mér fannst ég ekki geta riftað þeim samningum, sem þegar var búið að gera, þótt sá samningur sé að mínu viti óhagkvæmur. A. m. k. álít ég, að það hafi verið hreinn óþarfi að taka svo dýrt lán, áður en það vitnaðist, sem hér gerðist í nótt. En sjálfsagt verðum við að lúta því, sem verra er, eftir þau lánstraustsspjöll, sem leiðir af lokun Íslandsbanka.

Hæstv. fjmrh. lýsti því nokkuð við 1. umr., hver lánskjörin væru. Mér þóttu kjörin svo léleg, að ég innti eftir, hvort ég hefði heyrt rétt. En síðan hefi ég þó fullvissað mig um, að lánskjörin eru enn lélegri en hann sagði þau vera, því þetta viðskiptagjald, sem hæstv. ráðh. sagði að væri 1%, getur orðið margir % af þeirri upphæð, sem notuð er. Í dag borgum við 3½% fram yfir vexti Englandsbanka.

Ég býst við að verða að sætta mig við þetta, af því ég sé ekki, að hægt sé að rifta gerðum stj. í þessu máli, enda hygg ég, að lánstraust okkar verði ekki svo gott í framtíðinni, að auðvelt sé að banda hendi móti lánum, sem þegar eru fengin.

En ég vildi láta það sjást, að þótt ég eins og komið er sjái mér tæplega annað fært en að vera með í þessu, þá geri ég það nauðugur.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil líka gera nokkrar aths. við frv. þetta, serstaklega vegna þess, hve kjörin eru léleg og til hve stutts tíma lánið er tekið. Lánveitandinn ræður því alveg, hvort lánið verður framlengt nú í september næstk. Eftir það, sem nú er komið á daginn um hag Íslandsbanka, getur vel farið svo, að erfitt verði að fá lánið framlengt.

Þá var það ekki rétt hjá hv. frsm., að hámarksvextir lánsins væru 6%. Þeir geta orðið miklu hærri, ef vextir Englandsbanka hækka. Ef þeir t. d. kæmust í 10%, yrðu vextir af þessu láni 10%.

Ekkert hámark er á vaxtakjörunum, en aftur á móti lágmark 6%. Virðist í því efni einnig mikið hallað á lántakandann, og skyldu menn þó halda, að tveir frjálsir aðilar semdu, sem báðir hefðu hag af, að samningar tækjust, og því væri engum ókjörum beitt. Virðist mér það ekki hafa verið gætilegt af hæstv. fjmrh. að taka slíkt lán á örðugasta tíma, ekki meiri nauðsyn en rak til þess þá, og byggja á svo stuttu, lausu láni löng lán hjá Búnaðarbankanum og endanlega greiðslu stofnfjár Landsbankans o. fl.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það, hvort þessi lánskjör, sem hér er um að ræða, séu óhagkvæm fyrir landið. Ég býst við, að það megi alltaf deila um það, þegar verið er að taka lán, hvort ekki hefði verið hægt að fá betri kjör.

Ég tók það fram um daginn út af aths. hv. 2. þm. G.-K., þegar hann sagðist hafa tekið á sama tíma lán í Englandi fyrir 5% vexti. (**ÓTh:** Það sagði ég aldrei). Jú, það sagði hv. þm.

Hann gleymdi að minnast á viðskiptagjaldið af þessu láni sínu, sem hann sennilega hefir aldrei tekið, en honum hefir ekki fundizt þörf á að skýra frá því. Sannast að segja væri fróðlegt að sjá þann samning, sem þessi hv. þm. þykist hafa gert á sama tíma og ríkissjóður tók sitt lán. En það er ekki nema gott og gleðilegt, ef hv. 2. þm. G.-K. hefir aðgang að lánum í útlöndum fyrir 5%. Ég vona, að hann láti ættjörðinni skína gott af, og hann ætti þá að koma sem freisandi engill og útvega Íslandsbanka slík kostalán.

Ég held mér sé óhætt að segja, að það líti margir fjármálamenn svo á, að ekki sé hægt að fá svona lán, eins og hv. þm. talaði um, og að þetta lán, sem hér er um að ræða, sé alls ekki lakara en venjuleg viðskiptalán eru. Það skiptir ákaflega miklu um viðskiptagjaldið í þessu sambandi. Lánið var ekki notað fyrr en seinustu daga ársins, svo að viðskiptagjaldið byrjaði ekki fyrr. Það var ekki notað meira en gert var vegna þess, að ríkissjóður hafði í bili nóg fé til þess að annast þær greiðslur, sem á honum hvíldu. En hinsvegar geri ég ráð fyrir, að það þurfi að nota lánið bráðlega aftur að fullu.

Það, hvort lánið fengist framlengt, er ekkert aðalatriði fyrir stj. að fá fullt loforð um. Þau ummæli, sem að því lúta, eru að áliti stj. alveg fullkomið loforð og hún er alls ekki hrædd um, að lánið fáist ekki framlengt, ef á liggur. Það er ekki svo venjulegt, að bankar gefi út ótvíræðar yfirlýsingar um þessa hluti. Hinsvegar er líka ómögulegt að segja um það, hvort það kemur til þess, að stj. þurfi að fá lánið framlengt.

Sigurður Eggerz: Það var aðeins dálítil fyrirspurn, sem ég vildi leyfa mér að gera til hæstv. stj. Ég get auðvitað tekið undir, að það er dálítið illa farið, að landið skuli ekki hafa getað fengið betri kjör á láninu en þetta. En ég vildi spyrja hæstv. stj., hvernig stendur á því, að fast lán hefir ekki verið tekið. Mér sýnist það í sjálfu sér athugavert að taka bráðabirgðalán og byggja á því stórar framtíðarráðstafanir. Ég geri ráð fyrir, að starfsemi Landbúnaðarbankans eigi m. a. að hefjast á grundvelli þessa bráðabirgðaláns. En mér virðist það ákaflega óaðgengilegt að byggja framtíðina á slíkum bráðabirgðalánum. Og þess vegna verð ég að spyrja: Ef hægt hefir verið að fá lán til langs tíma — eins og tilætlunin var — með sæmilegum kjörum, hvernig stendur á, að þetta hefir ekki verið gert? Það hlýtur öllum að vera ljóst, hve miklu öruggara fast bankalán er, þegar á að byggja á því ráðstafanir til langframa. Því að bæði geta orðið ýmsar breyt. í heiminum, eins og nýlega hefir sýnt sig, þegar vaxtahækkun sú hin mikla var úti í heimi, og svo getur fyrir ýmsar óhentugar ráðstafanir farið svo, að það land, sem í gær hefði getað náð láni með góðum kjörum, verði í dag að sæta afarkjörum. Seinustu viðburðir hjá oss vekja til umhugsunar um þetta.

Ég ætla ekki að fara inn á þá atburði frekar nú, en ég vil aðeins vekja athygli hæstv. stj. á því, að svo framarlega sem hún gat fengið gott lán til langs tíma, þá var mjög óheppilegt að kasta allri áhyggjunni á bráðabirgðalánið.

Ég veit að vísu, að á þessu tímabili,

sem heimildin nær yfir, hefir ekki alltaf verið hægt að fá lán með góðum kjörum, en það er ekki nema eðlilegt að spyrja, hvort stj. hafi gert tilraun til þess að ná betri kjörum og hver niðurstaðan hafi orðið. Á því má m. a. sjá, hvernig Ísland stendur á lánamarkaðinum.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta, heldur bið aðeins um upplýsingar, sem ég geri ráð fyrir, að allir óski að fá. Ég spyr ennfremur, hvort það sé meiningin að búa áfram við þetta bráðabirgðakassalán eða hvort meiningin sé að leitast við að fá fast lán.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 7. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hafði ekki hugmynd um það, þegar ég fór héðan laust fyrir kl. 12, að hér myndi hefjast fundur kl. 1. Dagskrá var ekki komin, þegar ég fór héðan, og gat ég því ekki vitað, hvaða mál myndu verða hér á dagskrá. En hinsvegar hafði ég gert brtt. við þetta frv., sem nú er í prentun. Brtt. mín er á þá leið að breyta 1. gr. þannig, að vextir megi ekki vera hærri en 5% af láni því, sem tekið verður.

Ég sé ekki, að það sé forsvaranlegt að taka lán með hærri vöxtum, þegar svo stendur á, að því láni, sem tekið er fyrir ríkissjóð, er varið nálega öllu til óarðberandi fyrirtækja og til veltufjár fyrir Landsbankann og Búnaðarbankann. Þetta er fé, sem ríkissjóður fær lítla eða sumpart nær enga vexti af, en hér er um árleg útgjöld ríkisjóðs að ræða í vaxtamismun, svo há, að gæta verður allrar varúðar.

Ég vænti, að það takist að fá lán með ekki hærri vöxtum en þetta. Ég get ekki séð, að erfiðara verði fyrir stj. að taka lánið, þó að þetta ákvæði væri í lögunum; það myndi ekki geta staðið í vegi fyrir lántökunni. En ef erfitt yrði um lántökuna, gæti stj. bent á það, að lögin heimili ekki hærri vaxtakjör.

Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti vill taka til greina skriflega brtt., og vildi því helzt fara þess á leit, að málið yrði tekið út af dagskrá.

Forseti (BSv): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. N.-Ísf., og er málið hér með tekið út af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., næsta dag, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 12, 87).

Jón Auðunn Jónsson: Það liggja margar ástæður að brtt. minni á þskj. 87, en sú er þeirra veigamest, að ég vil alvarlega brýna fyrir hæstv. ríkisstj. að gæta hinnar allra ítrustu varfærni um vaxtakjör hins væntanlega ríkisláns. Sérstaklega ber að líta á það, að fasteignavextir hér á landi hljóta um langt skeið að miðast við vaxtahæð þessa stærsta láns, sem ríkið hefir tekið. Skiptir því mjög miklu máli, að vel takist um lánskjör og vaxtahæð þessa láns, því að dýrtíðin í landinu stendur að ýmsu leyti í beinu sambandi við fasteignalánskjörin, en þau aftur miðast að verulegu leyti við vaxtakjör þau, er ríkið sætir á erlendum lánum. Húsaleiga í kaupstöðum, leiga af jörðum og margt fleira miðast beinlínis við almenn fasteignalánskjör í landinu, svo að mjög ber að gjalda varhuga við að stuðla að óhæfilegri hækkun þeirra.

Ég finn því frekar ástæðu til þess að brýna þetta fyrir núv. ríkisstj., þar eð málum vorum er nú þann veg háttað, að lítil líkindi eru til þess, að við sætum góðum lánskjörum erlendis, eftir atburði þá, sem hér hafa verið að gerast. En

hinsvegar er það álit fjármálamanna, að erlendir vextir fari lækkandi í náinni framtíð. Vaxtahækkunin í Evrópu á síðasta ári varð fyrir eðlilegar orsakir; margir sáu það fyrir, að þetta myndi skella á. Hið gegndarlausa kapphlaup um stækkun og fjölgun atvinnufyrirtækja og sú fádæma bjartsýni, sem allir virtust gripnir af í Ameríku, hlaut að leiða til stórverðfalls þar. Útboð verðbréfa til nýrra atvinnufyrirtækja þar í landi og hin óvenjulega þátttaka almennings í fjárframlögum og verðbréfakaupum ýmsra fyrirtækja sýndi það, að fólk vildi heldur verja peningum sínum þannig en leggja þá í banka. Verð bréfanna steig upp úr öllu hófi og svo kom hrunið, sem varð stórkostlegra en menn höfðu almennt búizt við. Að vísu höfðu þrezkir fjármálamenn sagt þetta fyrir, en bjartsýnin mátti sín meir en aðvaranir þeirra. Nú er afturkastið komið. Fólk vill nú ekki lengur eigi fé í fyrirtækjum, heldur leggja það inn í banka, og af því leiðir, að lánsstofnanirnar yfirfyllast af innstæðufé, vextirnir falla og lánsstofnanirnar í Ameríku taka að leita til annara landa, til þess að láta peningana ávaxta sig. Afleiðingin verður vaxtalækkun alstaðar, enda eru nú þegar vextir í Hollandi komnir niður í 4% og í Englandi 4½%, og fara stöðugt lækkandi. Að þessu athuguðu ætti að mega takast að fá ríkislán með 5½% vöxtum, því að sæmilega stæðar þjóðir fá venjulega lán til lengri tíma, og þá er venjan, að vextir slíkra lána eru 1—1½% hærri en þjóðbankavextir þess lands, sem lánið veitir.

Það er óþarfi nú sem stendur að leitast fyrir um lán erlendis. Dráttur sá, sem orðinn er á Íslandsbankamálinu, veldur því, að við sem stendur eigum ekki og megum ekki leita láns erlendis.

Annarsstaðar myndi það hafa verið álitið, að úr slíku máli ætti að greiða með hinum mesta hraða á annan hvorn veginn, en ekki láta allt sitja í sömu súpunni dag eftir dag og viku eftir viku. Ég hygg, að slík aðferð hljóti að vekja það álit á okkur og okkar fjármálastjórn, að ekki sé um mikla festu að ræða hjá okkur.

Annars vildi ég leyfa mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh., áður en ég afræð um það, hvort ég læt þá till., sem ég hefi borið fram, koma til atkvæða.

Það er í fyrsta lagi um það, hverjar vonir hæstv. fjmrh. hafi um lán erlendis og með hvaða vaxtakjörum. Í öðru lagi, hvað hæstv. ráðh. álítur, að við komumst af með minnsta lánsupphæð nú fyrst um sinn, vegna þess að ég álít, að við eigum, eins og nú standa sakir og trausti okkar er komið erlendis, að taka sem minnst lán að við komumst af með. Í þriðja lagi, hvort hæstv. ráðh. hefir von um lán, sem tekið væri til langs tíma, en það skilyrði fengist, að borga mætti lánið upp eftir visst árabil, t. d. eftir 5 ár, og í síðasta lagi, hvort lánstraust okkar erlendis hafi ekki beðið tjón við aðgerðaleysi þingsins í Íslandsbankamálinu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég þarf ekki að vera margorður um þessa till., sem hér liggur fyrir. — Ég er vitanlega sammála hv. flm. um það, að sjálfsagt sé að reyna að komast að sem beztum kjörum, þegar lánið verður tekið, og ástæðan til þess, að enn hefir ekki verið tekið þetta fasta lán, sem heimild er fyrir, er sú, að stj. hefir enn ekki getað fengið þau lánskjör, sem hún hefir þótzt geta unað við. Hinsvegar skildist mér á hv. flm., að honum ekki vera sérstaklega mikil alvara með þessa till., að hann væri dálítið í vafa um það, hvort hann léti hana ganga til atkv., og ég get raunar vel trúað því, vegna þess að þegar þær heimildir voru veittar stj., sem liggja á bak við þetta frv., held ég, að engum manni hafi dottið í hug að setja skilyrði um, að það mætti ekki taka lán til eins og annars fyrirtækis, sem þingið hefði ákveðið, nema því aðeins, að svo og svo góð vaxtakjör fengjust. Ríkið þarf að taka lán til ýmsra framkvæmda, og þá sýnist það ekki ná nokkurri átt að koma eftir dúk og disk og segja, að það megi ekki taka lánið nema með einhverjum ákveðnum kjörum, sem kannske fást alls ekki. Ég er sammála um, að æskilegt væri að taka ekki lánið nema með svo góðum skilyrðum, sem um getur, en það er ekki hægt að binda það svo fast með lögum.

Hv. þm. leiddi lítillega inn í ræðu sína Íslandsbankamálið, en ég ætla ekki að fara út í það. Mér finnst, að ekki þurfi

að taka það upp aftur. Ég vil aðeins geta þess, af því hv. þm. var að tala um vettlingatök í fjármálum ríkisins, að ég held, að hv. þm. hefði átt að láta til sín taka fyrr um það, að ekki væri tekið vettlingatökum á þeim málum, því að þær tilraunir, sem núv. stj. hefir gert viðvíkjandi lántöku í útlöndum, hafa fært henni heim sanninn um það, að landið bíður talsverðan hnekki út af vettlingatökum fyrrv. stj. á fjármálum ríkisins, því að alltaf er rekið framan í okkur enska lánið frá 1921, með 10% vöxtum. (MJ: Alltaf hækkar það í meðferð hæstv. stj.). Ég get útvegað yfirlit yfir þetta, gert af reikningsfróðum mönnum. (MJ: Var ekki hv. þm. (EÁ) stuðningsmaður þeirrar stj., sem tók það?). Ég nefni þetta af því, að hv. þm. N.-Ísf. virðist allt hafa gengið vel áður.

Þá voru nokkrar fyrirspurnir viðvíkjandi útvegun á láninu, og var það fyrsta spurningin, hverjar vonir stj. hefði um lán og vaxtakjör. Ég vildi aðeins skýra frá því, að á síðasta ári var fjármálum erlendis svo varið, að það virtist ekki blása byrlega til að fá góð lán, eins og hv. þm. líka minntist á, og þess vegna var ekki á síðastl. ári hægt að fá þau kjör, sem stj. gat unað við, og þess vegna fékk hún þetta bráðabirgðalán, sem hér er um að ræða. Síðan bráðabirgðalánið var tekið, hefir stj. ekki leitað neitt fyrir sér um lán í útlöndum og hefir hugsað sér að láta þær öldur jafna sig, sem risu hér seint í sumar eða haust. — Annars hefir hún menn þar á verði, sem líta eftir þessum hlutum og gera aðvart, þegar líkindi eru til þess, að hægt væri að komast að sæmilegum kjörum.

Þá spurði hv. þm. um það, hvað myndi verða komizt af með mikið lán. Það er ekki hægt að segja ákveðið um það, en heimildin í þessu frv. er alveg nin sama og í þeim lögum, sem eru í gildi; það var tekin í fyrra á þinginu sú upphæð, sem sýndist vera það, sem nauðsynlega þurfti, ef ráðast ætti í allar þær framkvæmdir, sem lög stóðu til.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort hægt myndi að fá lán, sem hægt væri að borga eftir 5 ára bil. — Um það er ómögulegt að segja; þesskonar kemur aldrei til mála fyrr en komnir eru á stað samningar um lántöku. Ég geri ráð fyrir, að þegar samningar verða gerðir um lánið, verði reynt að ná samningum um, að það megi borga lánið fyrr en á síðasta gjalddaga. — Um lánstraustið út á við þýðir ekki að spyrja, en það hefir ekkert á það reynt, og ég held, að það geti jafnvel enginn neitt um það sagt sem stendur, a. m. k. ekki neitt ábyggilegt, og mér fyrir mitt leyti dettur ekki í hug að fara að gefa neinar yfirlýsingar um það, af því að ég sé ekki, að það sé mögulegt.

Jón Auðunn Jónsson: Það var að vonum, að hæstv. ráðh. svaraði ekki og gat ekki svarað þessum fyrirspurnum mínum neinu, sem á var byggjandi eða hægt að nota sem upplýsingar í málinu. Ég verð að segja það, að þar eru sömu tökin og áður, og kom mér það ekki á óvart.

Um enska lánið er það að segja, að við tókum lán utan Danmerkur í fyrsta skipti árið 1921, og þori ég að fullyrða. að allur þorri þm. úr öllum flokkum hafi verið sammála um það, að lánið yrði tekið í Englandi, en ekki Danmörku, jafnvel þótt vaxtakjör yrðu lakari heldur en maður hefði getað vonazt eftir í Danmörku. Það var nefnil. nauðsynlegt að reyna að sýna það, að við hefðum lánstraust utan Danmerkur, og hitt er líka öllum viðanlegt, að það lán var tekið á mjög óheppilegum tíma. Við minnumst þess sjálfsagt báðir, að Norðmenn, sem hefðu haft mjög góða aðstöðu til að taka lán í Englandi og sömuleiðis Ameríku, tóku lán í Englandi með mjög líkum kjörum og við, aðeins minni afföll, en vextirnir líka hærri.

Hæstv. ráðh. sagði, að það lægi engin alvara á bak við mína till. — Jafnvel þótt svo fari, að ég taki till. aftur, liggur sú alvara á bak við hana, að ég vil benda hæstv. stj. á það, sem ég sagði áðan, og yfirleitt er það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að menn láti í ljós álit sitt um jafnstórt fjárhagsatriði og 12 millj. kr. lántöku.

Ég get vel trúað því, að það væri erfitt að taka lán síðari hluta ársins 1929, því að það var á allra manna vitorði, að vaxtakjör hlytu að verða verri eftir því sem lengur var beðið. Maður þurfti ekki annað en að fylgjast lítillega með því, sem skrifað var í ensk blöð um slíkt. — Mér

skildist á hæstv. ráðh., að það myndi verða þörf á að taka allt þetta lán, sem heimildin nær yfir, nú þegar. Ég vildi óska, að það væri ekki svo. (**Fjmrh**: Nei, það þarf ekki að taka það allt nú þegar). Já, það var einmitt það, sem ég vonaði, en af því að ég býst við, að vaxtakjörin verði betri þegar frá líður, ber að taka sem minnst að láni að svo stöddu, en það má ef til vill segja, að það verði kannske ekki á valdi hæstv. ráðh., hvort nokkurt lán verður tekið eða ekki. Ég spurði um, hvort ekki myndi hægt að komast að þeim kjörum, að lánið mætti endurborgast innan fárra ára, ef vaxtakjörin yrðu erfið, en fari svo vel, að við komumst úr öllu því, sem að okkur er stefnt, verða vaxtakjörin ef til vill það betri eftir fimm ár, að rétt sé að „konvertera" láninu.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði menn úti til þess að vera viðbúna til lántöku þegar færi gæfist. En hve lengi má bíða? Náttúrlega er hægt að bíða á meðan það bráðabirgðalán stendur, sem nú er, en hefir hæstv. ráðh. von um, að þetta bráðabirgðalán fái að standa í eitt ár enn, ef þörf krefur? (**Fjmrh.**: Já). Þá er öðru máli að gegna. (**ÓTh**: Ég hefi lesið samningana; þar er alls ekkert um það sagt). Það er þá vonandi, að hæstv. ráðh. hafi það fyrir sér í þessu máli, að hann geti sagt um það með slíkri vissu, sem hann nú gerir.

Magnús Guðmundsson: Ég mundi ekki hafa kvatt mér hljóðs, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki gefið tilefni til þess, með því að segja, að jafnan, þegar verið væri að sækja um lán erlendis, væri slengt framan í þá, er um lánið vildu semja, enska láninu með sínum 10% vöxtum. Mér þykir það ekki óeðlilegt, að það sé hægt að gera illt með að slengja þessu framan í þá, ef þeir eru svo heimskir að viðurkenna það. En það vita allir, að umsamdir vextir eru 7%, og ég ætla, að það fari svo, að þetta lán reynist betra en mörg önnur, sem við höfum tekið, og það er af því, að við höfum grætt á gengismuninum. Það var tekið £500000 lán og afföll 16%. Við fengum þess vegna útborguð £425000 og þegar lánið var tekið, stóð pundið í 26—27 kr. hvert einasta pund, og allt var þetta notað til að borga skuldir, sem fallnar voru á erlendis og áttu að greiðast strax. En þegar við nú borgum lánið, þurfum við ekki að borga nema rúml. 22 kr. fyrir hvert sterlingspund, vegna þess að £ hefir staðið svo erlendis nú lengi, og af því leiðir það, að þótt við þurfum að borga öll þessi £, þá höfum við samt fengið fleiri íslenzkar krónur en við þurfum að borga lánið með aftur. Öll afföll eru horfin og það er nokkuð mikil upphæð umfram, og ég er hér um bil viss um það, að ef sá munur væri settur á vöxtu, þá yrði það svo álitleg upphæð, að ef hún væri dregin frá þeirri, sem fer í vaxtagreiðslur, þá yrði ekki meira eftir en sem svaraði því, að lánið hefði verið tekið með rúmlega 6% vöxtum.

Ef hæstv. ráðh. er að taka lan erlendis og hefir ekki svo mikla þekkingu á málinu, að hann geti sýnt fram á, hvernig þessu er varið, þá er ekki von, að vel fari. Það var á þinginu 1921 gengið í skrokk á stj. og spurt, hvers vegna hún tæki ekki lán til þess að græða á gengismuninum; það var, meira að segja, gert í blaði hæstv. forsrh. Hann var alltaf að tala um þetta lánleysi stj., að hún vildi ekki taka neitt lán. En svo þegar lánið er tekið og með sömu kjörum og önnur ríki urðu að taka á þeim tíma, snýr þetta blað auðvitað sjálfu sér í hring og heldur því fram, að þetta lán sé svo óskaplegt okurlán, sem ekki sé hægt að búa undir. En það eru ýms önnur lán, sem við höfum tekið, sem eru miklu dýrari, þegar tekið er tillit til gengismunarins.

Hæstv. ráðh. bauðst til að útvega útreikninga fróðra manna, sem sýndu, að við þyrftum að greiða 10% í vöxtu af láninu. Ég skora á hæstv. ráðh. að gera þetta, og þá má ekki gleyma að taka tillit til gengismunarins, því að það er mikill munur að fá fjórum krónum meira fyrir hvert £, sem við fáum að láni, heldur en við þurfum að borga það með. Það er sá stóri liður, sem hann og ýmsir aðrir hafa gleymt, og það getur maður, sannast að segja, kallað að fara heldur grunnt í sakirnar. — Það má vel vera, að ég taki þetta betur í gegn síðar, en af því að ég er óviðbúinn núna, læt ég það bíða, nema ég mun auðvitað svara hæstv. ráðh., ef hann reynir að hrekja þetta.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. flm. till. var að tala um það, að flestir þm. hefðu verið sammála um, að þetta svokallaða enska lán skyldi tekið í Englandi, en ekki í Danmörku. Mér er ekki kunnugt um þetta, en hitt veit ég, að þetta lán var tekið á þeim tíma, sem þingið sat, og veit ég ekki til, að þm. væru spurðir um það, hvar taka skyldi lánið, enda var sjálfsagt, að stj. réði því og sinnti þeim kjörum, sem þá voru boðin. Að því leyti er ekkert að áfellast þá stj., þótt hún tæki lánið í Englandi. Ég geri ráð fyrir, að hún hafi ekki getað fengið betri kjör annarsstaðar, en ei að síður var lánið óheppilegt fyrir okkur. En til þess að það sé ekki neinn vafi á um það, sem ég skaut fram í ræðu hv. þm. N.-Ísf., um að þetta lán muni fá að standa annað árið til, vil ég benda á, að ég get ekki fullvissað hv. d. um þetta, en allar líkur eru til þess. Ég vil taka þetta skýrt fram, svo að það valdi engum misskilningi.

Þá var það hv. 1. þm. Skagf. Mér fannst hann eiginlega verða óþarflega vondur út af því, sem ég sagði um enska lánið. Það er almennt viðurkennt, að lánið er óheppilegt, og þar sem hv. þm. er að tala um, að lánið sé gott og þetta sé aðeins af því, að ég hafi ekki vit á að meta það, þá vil ég benda hv. þm. á, að útlendir fjármálamenn geta alveg eins reiknað það eins og hann. Þeir meta þetta lán öðruvísi en hv. þm. gerir. Þeim er vel kunnugt um, hverjir samningarnir eru bönkum í Ameríku er vel kunnugt um það. Þeir hafa algerlega sína skoðun á þessu enska láni, hvað sem hv. 1. þm. Skagf. segir um það.

Hann sagði, að lánið væri tekið til þess að borga skuldir erlendis. Það er rétt, en í því felst þó engin sönnun þess, að skynsamlegt hafi verið að borga þessar skuldir erlendis eins og á stóð. Það er ósannað mál, hvort ekki hefði verið hægt að komast að betri kjörum um greiðslu skuldanna. Mér skildist að vísu á hv. 1. þm. Skagf., að þetta væri ágætt lán, miklu betra en mörg önnur, sem ríkið hefði tekið, af því að krónan hefði hækkað í verði, og við þar af leiðandi grætt gengismuninn. En fyrst og fremst verðum við að reikna út, hvað það kostaði okkur að hækka krónuna. Ég tel mjög vafasaman gróða á þeim hluta enska lánsins, sem lánaður var Íslandsbanka. Það er ekki enn séð fyrir endann á því, hvað mikið tap ríkissjóður líður þar.

Ólafur Thors: Ég tek til máls aðallega til þess að þeir, sem lesa umr. þessa máls, sjái, að ég hefi ekki þegjandi sætt mig við ýmislegt, sem fram hefir komið í umr. Ég man, að hæstv. ráðh. sagði við 2. umr. og segir það enn, að hann hefði allar ástæður til að telja það víst, að auðvelt yrði að endurnýja samninginn við Barclay's banka um þær 250 þús. kr., sem um er að ræða. En ég tel engar líkur til þess, því að í samningnum stendur, að bankinn muni taka til athugunar endurnýjun lánsins, ef aðstæður séu óbreyttar. En aðstæður eru ekki óbreyttar, og þess vegna tel ég víst, að samningurinn fáist ekki endurnýjaður.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh., hvort honum hafa ekki borizt á síðasta ári tilboð um lánveitingar handa ríkissjóði, og ég skora á hæstv. ráðh., ef honum hafa borizt slík tilboð, að skýra hv. þd. frá þeim og með hvaða kjörum lánin hafa verið boðin. Ég hefi ástæðu til að halda, að a. m. k. eitt slíkt tilboð hafi komið, sem ekki var ástæða til að ganga framhjá, fyrir milligöngu Páls Torfasonar, sem áður hefir verið riðinn við ýmsar lántökur fyrir ríkissjóð og þekkir ráðamenn þeirra stofnana, sem veita ríkjum lán. Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. hefði þetta tilboð í huga, þegar hann gefur deildinni skýrslu þá, sem ég hefi beðið um.

Ég sé ekki ástæðu til að tala um brezka lánið að þessu sinni. Mér þykir leiðinlegt, hve lítinn skilning hæstv. fjmrh. hefir sýnt í því máli; hann hefir varla sagt svo eina setningu, að næsta setning riði ekki í bága við hana. Annaðhvort verðum við að dæma eftir þeim aðstæðum, sem voru fyrir hendi, þegar lánið var tekið, og segja: Við áttum ekki annars úrkosta, — en ef maður vill það ekki, þá er rétt að leggja til grundvallar hina raunverulegu útkomu. Við fengum 500 þús. £, sem við endurgreiðum síðan með hærra gengi og græðum mismuninn. Þetta lán hefir verið notað til þess að greiða aðrar erlendar skuldir, og þar sem verðhlutfallið hefir

raskazt á þann hátt, að við borgum með hærra gengi á okkar peningum, er um ótvíræðan gróða að ræða fyrir okkur. Ef þetta fé hefði verið borgað innanlands, er allt öðru máli að gegna. Þetta er ekki þeim að þakka, sem lánið tóku, — það er alveg rétt, — en hitt er líka rétt, að hin erfiðu kjör landsins voru ekki þeim að kenna, sem lánið tóku. Allt varð þetta fyrir rás viðburðanna.

Um till. hv. þm. N.-Ísf. get ég sagt það, að það er mjög eðlilegt, að þær raddir komi fram, að lán í þessu augnamiði verði að vera með vissum hámarksvöxtum, en undir núverandi kringumstæðum álít ég ekki hyggilegt að setja nein slík skilyrði. Við megum þakka fyrir að fá lán, þó að með harðari kjörum verði en hv. þm. N.-Ísf. vill. Ég vil a. m. k ekki með mínu atkv. binda ríkisstj. við slík skilyrði; ég vil heldur sjá, hverju fram vindur. Ég teldi því heppilegt, ef hv. þm. N.-Ísf. gerði eins og hann hafði orð á og tæki till. aftur.

Magnús Guðmundsson: Mér fannst hæstv. fjmrh. draga nokkuð í land í síðustu ræðu sinni, en ég vil segja honum, að ég get ekki látið hjá líða að svara honum, þegar annað eins rakaleysi kemur fram hjá honum og áðan. Hæstv. ráðh. var að vísa til erlendra fjármálamanna. Ég veit ekki, við hverja hann hefir talað. En ég skora á hæstv. ráðh. að gefa yfirlýsingu frá erlendum fjármálamönnum um, að enska lánið sé með samtals 10% vöxtum. Mér kemur ekki á óvart, þó að fjármálamenn í Ameríku viti um þetta lán; þeir fylgjast svo vel með öllu, sem gerist í fjármálum á milli ríkjanna. En mér finnst býsna undarlegt, að hæstv. ráðh. vill í þetta sinn byggja alveg á erlendum fjármálamönnum. Þegar þeir aftur á móti senda aðvörunarskeyti í Íslandsbankamálinu, þá telur hann ekkert að marka þá.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann væri ekki viss um, að það hefði verið skynsamlegt að borga skuldir landsins, sem áfallnar voru 1921. Það má kannske segja svo, en það er nú einu sinni bæði lagaleg og siðferðisleg skylda okkar, og sú kenning ætti sízt að koma frá sjálfri ríkisstj., að menn ættu ekki að borga sínar skuldir. Það væri ekki gott, ef slíkt spyrðist, að sjálf stj. væri að kenna þegnum sínum, að álitamál væri, hvort þeir ættu að borga skuldir sínar. Ég get ekkert sagt um, hvort það er vafamál, að ríkið hafi nægа tryggingu fyrir lánum til Íslandsbanka. Ég hugsa, að tryggingar hafi verið fullgildar, en ef eitthvað hefir á það brostið, hafi hæstv. fjmrh. kippt því í lag.

Ég sagði, að við hefðum tekið lán, sem ekki væru hagstæðari en enska lánið. Það er alveg rétt. Við tókum lán í Danmörku, þegar íslenzka krónan var jöfn dönsku krónunni; það er nú dýrara en enska lánið. Við verðum að borga hverja danska krónu með kr. 1.20 íslenzkri. Alveg það sama kemur fram í vöxtunum. Þetta verður hæstv. ráðh. að taka til athugunar, og ef hann gerir það, er ég hér um bil viss um, að hann sér, að ég hefi rétt að mæla.

Magnús Jónsson: Hæstv. ráðh. má ekki lá hv. þm., þó að þeir séu nokkuð kvíðafullir út af þessari lántöku, eins og nú standa sakir, þegar á það er litið, hversu kauphallarbrask og hverskonar bankahrun getur sveiflað vöxtunum upp og niður. Það er því ekki nema eðlilegt, að sú stj., sem fer fram á heimild til að taka mikið lán, en er svo brött, þegar um bankahrun er að ræða, sé krafin skýrslu um það, hvernig peningamarkaðurinn stendur. Ég vil, að hæstv. ráðh. gefi nú slíka skýrslu og lýsi því, hvaða áhrif lántakan hefði á markaðinn. Það er smáræði, sem um er að ræða, lán, sem nemur meiru en allar íslenzkar ríkisskuldir. (**Fjmrh.:** Þetta er engin ný heimild). Ónei, en það er farið fram á endurnýjun nú; í fyrra átti líka að fá slíka endurnýjun, og ég var þá á móti því líka. Hinsvegar sé ég ekki, hvaða hemja er á því, að ráðast á stj. fyrir að taka lán, sem þingið hefir heimilað henni að taka. Árið 1921 var heimildin til að taka enska lánið samþ. í e. hlj. í báðum deildum. Flokkaskipting var þá eitthvað rugluð, en mig minnir, að núv. hæstv. fjmrh. og hans flokkur væru aðalstuðningsmenn stj. Það kemur því úr hörðustu átt, að einmitt sá flokkur gerir lánið að stöðugu árásarefni. Það er meira en lítið auðnuleysi, að við skulum búa við stj., sem er

svo lánlaus, að vera með þessi tvö mál á prjónunum í einu — heimild til að taka lán og svo Íslandsbankamálið. Hæstv. stj. er í senn að gerast mesti skuldakóngur hins íslenzka ríkis og spilla lánstrausti þess í útlöndum. Annars er hv. 1. þm. Skagf. miklu kunnari lántökunni frá 1921 en ég, enda hefir hann svarað hæstv. fjmrh. Það er skrítið, að hæstv. stj. skuli vera að básúna það, hve lánið sé vont um leið og hún básúnar, að háir vextir spilli lánstrausti landsins. Henni er nær að vera ekki að ríða undir erlenda fjármálamenn, sem segja, að við getum ekki fengið almennilegt lán, af því að enska lánið hafi verið svo dýrt. Ég verð að segja, að ég hefi aldrei heyrt þessa 10% vexti nefnda fyrr.

Ég er ansi hræddur um, að hæstv. fjmrh. eigi erfitt með að sneiða hjá Íslandsbankamálinu, þegar hann er að tala um þetta lán, sem nú á að taka. Hann getur að vísu sneitt hjá því að svara hv. þm., þegar þeir krefja hann sagna, en það verð ég að segja, að ef erlendir fjármálamenn hafa haft svona opin augun fyrir enska láninu, má nærri geta, hvort þeir hafa ekki opin augun fyrir því, sem er að gerast nú.

Hv. 1. þm. Skagf. svaraði hæstv. fjmrh. á þá leið, að mismunur á gengi hefði gert það að verkum, að kjörin á enska láninu hefðu orðið betri en á ýmsum lánum, sem við hefðum tekið. „Já", segir hæstv. fjmrh., „en hvað kostaði það okkur að hækka krónuna?" Ég er alveg hissa á hæstv. ráðh. Þetta kemur málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Hitt er málinu alveg jafnóviðkomandi, að ekki græddist á enska láninu í Íslandsbanka. Hæstv. ráðh., sem segist hafa menn á verði úti um lönd til að athuga rétta augnablikið til lántöku, verður að vera á verði sjálfur. Hann hefði átt að leitast við að fá lán, áður en Íslandsbanka var lokað. En það er ekki von á viturlegum aðgerðum af manni, sem hélt því fram, að lokun Íslandsbanka yrði til að styrkja okkar lánstraust.

Brtt. hv. þm. N.-Ísf. held ég að sé þýðingarlaust að samþykkja. Sumt af þessu fé er ekki hægt að komast hjá að fá lánað, og fyrir því má ekki setja nein skilyrði. Enda mundi fara svo, að ef till. yrði samþ., mundi stj. ekki þurfa annars en að fá frv. felt, og þá stendur heimildin frá í fyrra. Eftir það, sem gerðist hér í gær, er hlægilegt að setja þau skilyrði, að íslenzka ríkið megi ekki taka lán með hærri vöxtum en 5%.

Sigurður Eggerz: Ég ætla ekki á neinn hátt að fara að gera Íslandsbanka að umtalsefni. Örðugleikarnir, sem af því máli leiðir, munu tala nógu skýru máli. Ég stend upp til þess að árétta fyrirspurn mína til stj. um, hvaða tilraunir hefðu verið gerðar til þess að útvega landinu fast lán, og hvaða kjör hafi verið í boði. Því var fleygt, að hægt hefði verið að fá lán með 6% „effektivum" vöxtum. Er það rétt?

Þar sem stj. hefir ákveðið að taka lán, og ákveðið er þegar að byggja á því landbúnaðarbanka, sem er nú að nokkru leyti byrjaður, og ýms önnur fyrirtæki til langs tíma, þá skiptir mjög miklu fyrir þingið að fá vitneskju um, hvað hafi verið gert í þessari lántöku, ekki síst þegar nú er unnið með rándýru bráðabirgðaláni, sem hægt mun að segja upp með litlum fyrirvara.

Annarsstaðar á Norðurlöndum hefir gengið vel að fá lán. Danmörk hefir tekið mjög ódýrt lán. En ég býst varla við, að við fengjum lán með sömu kjörum. Það kann að fara nokkuð eftir því, hvernig fer um málið, sem hér hefir verið rætt dagana á undan og ekki er enn lokið (Íslandsbanka).

Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. fjmrh. um það, hvort hægt hafi verið að fá lán og með hvaða kjörum. Þm. eiga kröfu til að fá þessum spurningum svarað.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að það væri hlálegt, að sama stj. skyldi bera fram í einu þessi tvö frv., frv. um Íslandsbanka og þetta. En dálítið einkennileg örlög eru það líka, að tilefni skuli vera til að ræða um enska lánið í sambandi við Íslandsbanka. Þó að með útvegun þess láns sé talið, að bankanum hafi verið veitt aðstoð, verð ég að líta svo á þann bjarnargreiða, að óvíst sé, hvort honum hafi verið gerður annar meiri en sú hjálp. Ég veit ekki, hvort sú stj., sem

lánið tók, hefir gert það bezta, sem hún hefir getað. En hitt verður ekki um deilt, að þetta var eitthvert allra óhagstæðasta lán. Það þarf ekki mikla útreikninga til að sjá það um lán, þar sem vextir eru 7%, afföll 16% og tolltekjur landsins að nokkru leyti veðsettar. (**Forsrh.**: Öllu leyti. — **MG**: Engu leyti). Ýmsir hv. þm., sem talað hafa hér á undan, hafa óttazt illar afleiðingar á erlendum peningamarkaði, ef stj. útmálaði hér í d., hvaða neyðarlán þetta var. En sannleikurinn er, að hvervetna þar, sem farið er fram á lán, er skellt fram tollveðsetningunni og kröfur gerðar um samskonar tollatryggingar. Erlendir menn, sem athuga þessa samninga, líta ekki á þá sömu augum og hv. 1. þm. Skagf.

Gengissveiflur koma ekki málinu við. Lánið var tekið án tillits til, hvernig þær kynnu að haga sér. Hvað sem hv. 1. þm. Skagf. segir, þá ætlaði hann ekki að draga ríkissjóð inn í gengis-„spekulation", því að hann gat ekki sagt um, hvort gróði yrði eða tap. Ef illa hefði farið, hefði hann ekki talið sér það til skuldar, og því á hann heldur engar þakkir skilið fyrir það, að gengisbreytingar verða hagstæðar gagnvart lántökunni. (**MG**: Hefi ég beðið um þakkir?). Já, óbeint, og sömuleiðis hv. 2. þm. G.-K. Ef eitthvað á að reikna með þessu, verður að draga fram, hvað gengishækkunin hefir kostað landið, taka með ýmsa útgjaldaliði, sem hæstv. fjmrh. minnti á í því sambandi. En þá er hv. 2. þm. G.-K. kominn á dálítið örðuga leið, ef hann vill færa gengishækkunina tekjumegin fyrir landið.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það hafa komið fyrirspurnir til mín frá hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Dal. um það, hvort stj. hafi átt kost á að fá lán með 6% vöxtum. (**ÓTh**: Ég spurði, hvaða lánstilboð hefðu borizt). Ég verð að svara því, og miða þá við þann tíma síðan ég tók við embættinu. Ekkert tilboð hefir komið. Það hafa komið talsvert margir menn til að tala um, hvort þeir ættu að undirbúa lántöku, og ræða fleira í því sambandi. Þeir hafa fengið þessi svör: „Komið þið með ákveðin lánstilboð, þá skulum við líta á þau". Enginn kemur með tilboðið. Þeirra umleitanir hverfa úr sögunni, undir eins og þeir eiga að fara að koma með þau. Einnig hefir stj. gert nokkuð til að fá lán með þeim kostum, sem virtust vera hugsanlegir, en árangur hefir ekki orðið.

Þetta ætti líka að nægja við fyrirspurn hv. þm. Dal. Hann spyr, hvort stj. hafi átt kost á að fa 6% lán og með hvaða kjörum hefði verið hægt að fa lán. Stj. hefir hvorki átt kost á 6% láni né öðru hagfelldara síðan ég kom í hana.

Þá er enska lánið. Það virðist vera gerð tilraun til þess nú að gera það eitt hið glæsilegasta bjargráð, bæði af hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. Má vel vera, að það sé glæsilegt í þeirra augum. En ríkið rekur sig alltaf á það, þegar það leitar tilboða um lán í útlöndum. Og stærsta atriðið í þessu máli er það, að útlendir fjármálamenn og bankamenn líta svo á, að tolltekjur landsins séu veðsettar fyrir láninu. Það gagnar ekki, þó að hv. 1. þm. Skagf. og aðrir hv. þm. standi upp hér og mótmæli. Það breytir engu. Enda er samningurinn um enska lánið nokkuð greinilegur í þessu efni. Það þýðir ekki að mótmæla þeim mönnum, sem við ætlum að fá lán hjá, þegar þeir segja: Þetta er í samningnum, ríkissjóðstekjur eru þar veðsettar. Þið getið ekki fengið lán með eins góðum kjörum, nema þið getið losað þessi veðbönd.

Einhverjir hv. þdm. minntust á tryggingar þær, sem ríkisstj. hefði fyrir enska láninu. Mér skildist þeir halda, að ég hefði kannske sýnt einhverja vanrækslu í að halda þeim fullgildum. Ég ætla nú ekki að svo stöddu að fara út í þau mál eins og kannske er ástæða til. Ég ætla að bíða og vita, hvað fram kemur í þessu máli. En það getur vel verið, að þá komi í dagsljósið sitthvað, sem ekki varpi ljóma á Íslandsbanka.

Ég sé raunar enga ástæðu til að fara að svara hv. 1. þm. Reykv. Það er ekki annað en blekking, að hér sé um nýja heimild að ræða. Þessu sama hefir einnig verið haldið fram í blöðum hér í bænum. En allir vita, og hv. 1. þm. Reykv. líka, að hér er ekkert nema sett í sérstakt form atriði, sem áður er búið að lögfesta.

Hv. þm. minntist á áhrif Íslandsbankamálsins á lánstraust landsins erlendis. Mér fannst hann hlakka til, að þetta gæti orðið til að spilla lánstrausti ríkisins. Mér

fannst tilhlökkunin skína út úr honum. Verði honum að góðu.

Magnús Guðmundsson: Það er aðallega ræða hv. þm. Mýr., sem ég þarf að fara nokkrum orðum um. Hann hélt því fram, að gengissveiflur hefðu ekki þýðingu í því, sem snertir enska lánið. Það er hart, ef á að gera upp niðurstöðurnar af láninu, að mega ekki taka með, hvað grædzt hefir á gengi. En árið 1921, þá var þetta athugað, og þá ákvað þingið að taka lán til að kaupa hluti í Íslandsbanka. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um þetta. Það stendur í lögunum frá 1921, lögum, sem við höfum haft til breytingar undanfarna daga. Ég var ekki að þakka mér þetta. En það er óhjákvæmilegt að taka tillit til, hvort gengissveiflur hafa orðið okkur í hag eða óhag. Hitt er rétt, sem hv. þm. Mýr. segir, að það er hvorki plús eða minus fyrir mig. En ef hann skilur þetta ekki, ef hann t. d. vill kaupa hlut frá útlöndum, en vill ekkert tillit taka til gengisins, þá er ekki til neins að ræða málið við hann.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég væri að gera enska lánið eins ágætt og hægt væri. Ég var bara að reyna að láta það koma út, sem rétt er. En hann vitnar til þessara útlendinga, sem alltaf komi til móts við hann, þegar hann vill fá lán. Því sýnir hann þeim ekki fram á, að þetta sé ekki rétt, tolltekjurnar séu ekki veðsettar. Því að þegar samið var um lánið, kom það skýrt fram, að hinir erlendu aðilar vildu aðeins tryggja sér, að ekki væri veðsett öðrum. Það sviður kannske nú að geta það ekki.

Veðsetning í þessum skilningi er ómöguleg. Við sjálfir höfum hér í þinginu hringlað með tollalöggjöfina og ekki þurft neinn að spyrja. Ég veit, að hæstv. fjmrh. telur þetta lagaflækjur. En það sést þó skýlaust, að það var ekki hægt að stofna til veðs hér á landi, nema með því að gera sérstakar ráðstafanir, sem aldrei hafa verið gerðar. Eina bandið, sem á tolltekjunum hvílir, er, að þær verði ekki veðsettar öðrum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tók fram í fyrir hv. 1. þm. Skagf. áðan, þegar hann ætlaði að hreinsa sig undan því, að sig hefði hent það slys og ógæfa að veðsetja tolltekjur landsins 1921. Nú hygg ég komi hér fram hversu vendilega hv. 1. þm. Skagf. hefir gengið frá þeirri veðsetningu og falið hana síðan. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp íslenzka þýðingu á 7. gr. samningsins um enska lánið:

„Nefnt lán, bæði höfuðstóll þess og vextir, skal hvíla sem bein skuldbinding á konungsríkinu Ísland, og skal það ennfremur tryggt með sérstöku hafti á tolltekjunum, sem ríkisstj. kveður óbundnar við dagsetningu samnings þessa. Ekkert haft má leggja tolltekjurnar, meðan nokkur skuldabréf láns þessa eru óinnleyst, er gangi fyrir eða séu jafnsett þessu hafti".

Þýðinguna hefir gert löggiltur skjalaþýðari í stjórnarráðinu, Inga Magnúsdóttir. Þessu næst ætla ég að lesa upp úr 14. gr. aðalskuldabréfsins. Það hefir þýtt góður lögfræðingur hér í bænum:

„Lánið er, bæði um höfuðstól og vexti, bein skuldbinding konungsríkisins Íslands, og til frekari tryggingar fyrir greiðslu þess, sem þarf til að standa straum af láninu nákvæmlega á réttum gjalddögum, tiltekur ríkisstj. hér með óafturkallanlega og bindur sérstaklega til hagsmuna fyrir handhafa, alla jafnt, að skuldabréfum láns þessa tolltekjur Íslands, þangað til innleystur hefir verið að fullu höfuðstóll lánsins og greiddir hafa verið allir vextir af láninu; því er hér með lýst yfir, að tolltekjur þessar eru óbundnar nú. Ef tolltekjurnar eitthvert ár fullnægja ekki til að standa straum af láninu, þá mun stjórnin útvega nægilega upphæð af almennum tekjum konungsríkisins og greiða bönkunum hana fyrirfram".

Öllu rammbyggilegri veðsetningu á tolltekjum Íslands er ekki hægt að gera. Af öllu illu, sem fyrir hv. 1. þm. Skagf. hefir komið, er þetta verst. Það átakanlegasta er, að með þessu var settur á okkur stimpill, sem ekki er settur á þær þjóðir aðrar, sem við viljum helzt líkjast.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. hefir lesið hér upp þýðingar, sem hann hefir sjálfur látið gera, en svo hlutdrægar sem þær eru, stendur þó ekki í þeim,

að tolltekjurnar séu veðsettar, heldur að ekki megi veðsetja þær öðrum. Og það er töluverður munur á þessu tvennu. Því til sönnunar, að tolltekjurnar séu ekki veðsettar, get ég annars bent á það, að við höfum breytt tollalöggjöfinni fram og aftur án þess að leita samþykkis hinna ensku lánveitenda. Hvað halda menn, að bankastjóri eins banka mundi segja, ef skuldunautur bankans seldi eða eyðilegði að meira eða minna leyti það veð, sem hann hefir sett fyrir skuld sinni? Auk þess þarf sérstakar ráðstafanir til þess að veðsetja tolltekjur eins lands, eins og hæstv. forsrh. veit ósköp vel. Eg saka því hæstv. ráðh. um að fara hér vísvitandi með rangt mál. Og hann hefir leikið þann leik áður, þessi virðulegi ráðh., t. d. um daginn, þegar hann sagðist vera búinn að skipa n. í raforkumálinu, en hafði þó enga n. skipað.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eina, sem ég hefi umnið til þessara ummæla hv. 1. þm. Skagf., var að lesa hér upp tvö skjöl. Annað þýtt af löggiltum skjalaþýðara, hitt af lögfræðingi. En þessi skjöl bera því órækt vitni, hvílík afglöp hv 1. þm. Skagf. varð á að fremja. Afglöp, sem ekki aðeins koma niður á honum sjálfum, heldur líka á þjóðinni, sem var svo ógæfusöm að eiga hann fyrir ráðh.

Ólafur Thors: Hæstv. forsrh. hefir lagt hér fram tvö skjöl og segir, að annað sé þýtt af löggiltum skjalaþýðara, en hitt af lögfræðingi. Því ekki búfræðingi? Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að þessi löggilti skjalaþýðari skyldi ekki vera látinn gera báðar þýðingarnar, serstaklega þar sem stóryrðin koma aðeins fyrir í þýðingu lögfræðingsins. Í þeirri þýðingu, sem hinn löggilti skjalaþýðari hefir gert, er einungis sagt, að það haft sé á tolltekjunum, að ekki megi veðsetja þær öðrum, og það er dálítið annað en að þær séu veðsettar, eins og hv 1. þm. Skagf. réttilega benti á. Ég hefi sjálfur haft með höndum lántökur erlendis og sætt sömu skilyrðum. Lánveitandinn heimtaði ekki, að ég veðsetti sér eigur mínar, heldur að ég veðsetti öðrum þær ekki. Þetta er algengt, þegar um lántökur er að ræða, og er allt annað en að veðsetja eigur sínar þeim aðilja, sem lánið veitir. Hinsvegar hefir þetta mikla þýðingu fyrir lánveitandann, sem með þessu tryggir sér, að aðrir njóti ekki betri réttar en hann sjálfur.

Ég vil endurtaka það, að mér þykir næsta undarlegt, að einmitt það skjalið, sem hæstv. forsrh. leggur mesta áherzlu á og stóryrðin eru í, skuli vera þýtt af lögfræðingi, en ekki af hinum löggilta skjalaþýðara. Um það, hvað rétt sé í þessu efni, skal ég ekkert segja. Ég er ekki bær þar um að dæma, því að ég hefi ekki séð þá samninga, sem fram fóru um enska lánið.

Um málið sjálft vil ég segja það — og beini ég því fyrst og fremst til hv. þm. Mýr., sem talaði hér einna hvellstum rómi —, að það stendur enn óhrakið, að annaðhvort verður að leggja til grundvallar þá afstöðu, sem var, þegar lánið var tekið, eða þá að miða við útkomuna. Hv. þm. segir, að lánið hafi verið mjög óhagstætt, afföllin 16% og vextir 7%. Þetta vil ég leiðrétta. Við tökum 500 þús. £ lán og fáum útborgað 420 þús. £. Með þessu greiðum við c. 9 millj. skuld í dönskum krónum, svo að ef lánið hefði ekki verið tekið, myndum við nú skulda 9 millj. í dönskum krónum eða 11 millj. í ísl. kr. Hinir „effektivu“ vextir lánsins eru því 7%. Afföllin vinnum við upp með gengismismuninum.

Ég segi ekki, að þetta sé hv. 1. þm. Skagf. að þakka. En annaðhvort verður að þakka honum þetta eða hafa af honum ámæli fyrir það, hve miklum vandkvæðum það var bundið að taka þetta lán.

Hv. þm. Mýr. heldur því fram, að Íslandsbanka hafi verið gerður bjarnargreiði með þeirri hjálp, sem honum var veitt með enska láninu. Þetta er hin mesta fjarstæða. Bankanum var hinn mesti greiði gerr með láni því, sem hann þá fékk. Bankinn græddi á láninu, því að hann tekur sterlingspundið á 27 ísl. kr., en greiðir það með 22.

En þó að Íslandsbanka hafi ekki verið gerður neinn bjarnargreiði með þessu, má vel vera, að það sé Bjarnagreiði af hv. þm. Mýr. að ganga svo langt í liðveizlu sinni við stj. og hann nú gerir.

Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort stj. hefði ekki boðizt nein tilboð um lántöku. Hæstv. ráðh. svaraði því neitandi. Ég spurði um það, hvort stj. hefði ekki boðizt nein tilboð fyrir milligöngu Páls Torfasonar, vegna þess, að ég hefði ástæðu til að halda, að svo hafi verið. Ég hefi heyrt, að samkv. því tilboði ættu 91% af láninu að útborgast, og að vextirnir væru 5½%. Þetta er fyrsta tilboð, svo að vænta má betri kjara, ef til samninga kemur.

Hæstv. ráðh. eru að vitna til álits erlendra fjármálamanna í þessu máli. Ég verð að segja það, að það situr illa á þeim að vitna til þessara manna. Hæstv. forsrh. hefir sjálfur fengið skeyti frá bankastjóra eins aðalbankans á Englandi, Sir Eric Hambro, þar sem hann segir, að ef Íslandsbanki verði ekki opnaður aftur, muni af því leiða spjöll á lántrausti ísl. ríkisins og allra íslenzkra stofnana, eða eins og segir í skeytinu: „The credit of government and all icelandic institutions are affected". Þessi merki erlendi bankamaður segist skora eindregið á hæstv. forsrh. — „I strongly urge you" stendur í skeytinu — að grípa til hinna sterkustu ráða til þess að sjá Íslandsbanka borgið.

Þetta skeyti hins merka bankamanns Englendinga, Sir Eric Hambros, hefir hæstv. forsrh. virt að vettugi. Nú vitnar hann sjálfur til álits erlendra fjármálamanna. En hverjir eru þessir menn, eða hvaða stofnanir eru það, sem hæstv. ráðh. eru að vitna til? Ég bið þá að nefna nafn á einhverjum þessara manna eða einhverri þessara stofnana. Hæstv. ráðh. geta ekki búizt við því, að ég eða aðrir taki mark á ummælum ónafngreindra manna eða stofnana, þegar þeir sjálfir virða að vettugi ummæli annars eins fjármálamanns og Sir Eric Hambros.

Þó að ég treysti hæstv. stj. illa, sé ég mér ekki annað fært en að heimila henni að taka þetta 12 millj. kr. lán, þó að ég óttist, að stj. gangi erfiðlega að útvega það, eftir þá atburði, sem nú hafa gerzt í okkar þjóðlífi fyrir tilstilli hennar.

Magnús Jónsson: Ég er sammála hv. þm. Mýr. um það, að það var töluverður bjarnargreiði að veita Íslandsbanka lánið 1921, að því leyti sem heimildin til að kaupa hluti í bankanum fyrir lánsupphæðina var ekki notuð.

Um það, hvað hinir raunverulegu vextir af enska láninu muni nema, skal ég ekkert segja. Nú eru þeir taldir af sumum að nema 10%. Hér um árið var talað um 8½%, ef ég man rétt. Hitt þori ég að fullyrða, að bak við þetta lán stóð þingvilji. Og það var allra manna mál, að ekki mætti draga að taka þetta lán, vegna þess að peningamarkaðurinn fór versnandi og hætt var við, að við mundum sæta verri kjörum, ef lántakan væri dregin.

Hæstv. forsrh. er að hamra á því, að tolltekjurnar hafi verið veðsettar fyrir láninu. Það er eins og hæstv. ráðh. sé búinn að gleyma því, að um þetta atriði, hvort tolltekjurnar hafi verið veðsettar eða ekki, hefir verið rifizt meira en nokkurt mál annað hér í þinginu. Skjölin, sem hæstv. ráðh. las upp, breyta í engu skoðun manna í því efni. Annars stendur nú ekkert annað í þeim en að ekki megi veðsetja tolltekjurnar öðrum, og það eru engir nema gatistar, sem halda því fram, að það sé sama sem veðsetning.

Sú ógæfa hefir hent einstakar þjóðir að þurfa að veðsetja tolltekjur sínar, en þar með var þeim líka settur stóllinn fyrir dyrnar með að breyta tollalöggjöf sinni án samþykkis lánveitandans. Ekkert slíkt hefir átt sér stað hér hjá okkur. Við höfum hringlað með tollalöggjöfina fram og aftur, eins og okkur hefir sýnzt í það og það skiptið, án þess að spyrja nokkurn um leyfi. Sýnir það kannske bezt, hversu feikileg fjarstæða það er, að tolltekjurnar séu veðsettar fyrir enska láninu. Hitt er annað mál, eins og ég áðan tók fram, að við höfum skuldbundið okkur til að veðsetja þær ekki neinum öðrum, og að því leyti má segja, að haft sé á þeim.

Hæstv. fjmrh. var að vitna til ummæla erlendra fjármálamanna. Það er ekkert undarlegt, þó að þeir segi eitt og annað um okkur Íslendinga, þegar sjálf landsstj. er að reyna að hamra þá skoðun inn í menn, að tolltekjur landsins séu veðsettar. Það er svo mikið glapræði, að stj. ætti þegar af þeirri ástæðu einni að fara frá völdum. Að sjálfir ráðh. þjóðarinnar skuli gerast „prokuratorar" erlendra lán-

ardrottna, í stað þess að halda á hinum íslenzka málstað — það er svo mikil skömm, að það ætti ekki að líðast.

Hæstv. fjmrh. hélt, að Íslandsbankamálið mundi ekki hafa nein áhrif á þessa væntanlegu lántöku. Vesalings ráðh.! Hann fór að reyna að vera fyndinn og sagði, að mín ræða mundi ekki hljóma víða. Mér dettur í hug það, sem fyndinn maður sagði við mig, þegar hæstv. ráðh. var að halda þessa ræðu sína: „Nú hlustar heimurinn". Það er vitanlegt, að enginn hlustar á það, sem þessi hæstv. ráðh. segir, nema til þess að vita hvaða skoðanir aðrir menn hafa. Og úr því að hæstv. ráðh. var að lýsa eftir þessu með svigurmælum, er bezt að hann fái að heyra það.

En gallinn er nú sá, að heimurinn hlustar, þegar hæstv. fjmrh. er að reyna að berja þeirri skoðun inn í menn, að tolltekjur landsins séu veðsettar og að lánstraust þjóðarinnar muni aukast við bankahrun.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hlakkaði í mér, ef lánstraust okkar Íslendinga spillt ist. Það er undarlegt, hvað hæstv. ráðh. virðist vera gefinn fyrir að spilla orðum annara og leggja allt aðra merkingu í þau en tilefni er til. En ég óska hæstv. fjmrh. til lukku, þegar hann á að fara að framkvæma þessi lánsheimildarlög, eftir þá viðburði, sem hér hafa skeð. Ég er hræddur um, að það verði tveir viðburðir að ske, áður en svo tekst: að það verði að skipta um stj. og endurreisa Íslandsbanka.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. tók sér fyrir hendur að hjálpa samherja sínum, hv 1. þm. Skagf., og verja gerðir hans viðvíkjandi tolltekjum ríkisins 1921.

Út af þeim tveim skjölum, sem ég lagði hér fram — en það var sjálfur samningurinn um enska lánið, ásamt aðalskuldabréfinu — greip hann til þess, til að verja málstað hv. 1. þm. Skagf., að gera þýðingarnar á skjölunum tortryggilegar, af því að þær væru ekki gerðar báðar af hinum löggilta skjalaþýðara, heldur væri önnur þýðingin gerð af lögfræðingi, og þar væru stóryrðin — þar væri talað um veðsetninguna.

Ég hefi nú látið sækja frumritið, sjálft skuldabréfið, og þar eru skilmálarnir prentaðir bæði á íslenzku og ensku, og undirritaðir með eigin hendi Sveins Björnssonar, sem var sá maður, sem lánið tók fyrir hönd stj.

Hér er frumritið. Hér eru stóryrðin nákvæmlega eins og ég hefi áður lesið þau upp. Það var heppilegt, að hv. 2. þm. G.-K. skyldi nota þetta orð — stóryrði — um það, þegar hv. 1. þm. Skagf. var að veðsetja tolltekjur ísl. ríkisins. (**MJ:** Ekki skilja ensku kreditorarnir íslenzku). Vill hv. 1. þm. Reykv. drótta því að Sveini Björnssyni, að hann hafi falsað þýðinguna? Annars sjá fleiri en Íslendingar þetta plagg. Það er dreift út um allan heim — sem talandi vitni þess, að hv. 1. þm. Skagf. veðsetti tolltekjur íslenzka ríkisins.

Jón Auðunn Jónsson: Það er undarlegt, þegar rætt er um enska lánið, að ekki skuli vera gerður samanburður á lánskjörum annara ríkja á sama tíma. Það er þó vitanlegt, að mörg hin smærri ríki tóku lán um þetta leyti, til þess að halda uppi gengi sínu, og verður lántakan 1921 að skoðast í því ljósi. Ennfremur er það vitanlegt, að þessi ríki mörg urðu að sæta sömu kjörum eða svipuðum og við um enska lánið. Norðmenn tóku t. d. lán um svipað leyti og við með 7½% vöxtum og 8% afföllum.

Ég er hryggur yfir framkomu hæstv. stj., ekki sízt eftir það, að hún í þessum umr. í dag hefir verið að reyna að halda á hinum erlenda málstað og draga hann fram, með því að reyna að sanna, að tolltekjur landsins hafi verið veðsettar fyrir enska láninu. Hvers má vænta af hæstv. stj. á erlendum vettvangi, þegar hún í sjálfu löggjafarþingi þjóðarinnar gerist til að halda fram hinum erlenda málstað gegn hinum íslenzka? Eftir þessi ráð — að ég ekki segi landráð —, sem hæstv. stj. hefir nú gripið til, er ég vondaufur um það, að hún fái nokkru fram komið um lántöku erlendis. Ég mun því taka brtt. mína aftur, og sé mér ekki heldur hægt að greiða atkv. með frv.

Magnús Guðmundsson: Ég mun síðar útvega upplýsingar um það, hvað þeir menn, sem voru riðnir við samninginn

um enska lánið, álíta um hann. Ég mun þá sýna fram á, að sá maður, sem tók lánið fyrir hönd stj., veðsetti ekki tolltekjur landsins fyrir því. Þessi skjöl hefir hæstv. forsrh. undir höndum, og ef hann vildi skýra hlutlaust frá málavöxtum, mundi hann leggja þau fram líka.

Það eru liðin 9 ár síðan lánið var tekið, og allan þann tíma hefir aldrei bólað á því, að tolltekjur landsins væru veðsettar. Við höfum breytt tollalöggjöf okkar eftir okkar eigin vild öll þessi ár. En nú þykist hæstv. stj. þurfa á því að halda að koma þessari skoðun inn hjá almenningi.

Og ég skil, hvað hún meinar með þessu. Hana órar fyrir því, að það geti reynzt erfitt að taka lán í útlöndum, þegar vitnast, að hún hafi drepið aðra aðalbankastofnun landsins. Þess vegna er gripið til þessa örþrifaráðs að reyna að læða því inn hjá þjóðinni, að tolltekjurnar séu veðsettar, og kenna því um, ef við þurfum að sæta einhverjum afarkostum um lántökuna.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði aldrei átt að verða ráðherra. Um það ætla ég ekki að deila við hann. Sagan mun á sínum tíma fella sinn dóm bæði yfir mér og honum. En ég ætla aðeins að minna hæstv. forsrh. á, að hann þurfti ekki einu sinni helminginn af minni ráðherratíð til þess að koma öðrum aðalbanka landsins á heljarþröm, og það þeim bankanum, sem honum var sérstaklega trúað fyrir.

Bjarni Ásgeirsson: Það, sem ég vildi fá slegið föstu, er þetta, að það kemur ekki enska láninu við, hvaða gengissveiflur hafa orðið síðan. Þær breytingar koma ekki á neinn hátt við kjörum þeim, sem við urðum að sæta um lántökuna í upphafi, og er því sérstakt mál út af fyrir sig.

En út af þessari tilraun sumra hv. þdm. að fela aðalkjarna þessa máls í gengissveiflum síðari ára, þá vil ég í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, upplýsa um það, að mjög glöggur og fróður fjármálamaður hefir reiknað það út, að ef við greiðum lánið upp 1932, þá séu raunverulegir vextir þess sem næst 10%, eða nákvæmlega tiltekið 9,8%.

Ég ætla litlu að svara hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. Skagf. Þeir hafa brýnt raddir sínar út af þeim skilningi, sem hæstv. stj. leggur í enska samninginn, og segja, að stj. dragi hlut erlendra lánardrottna með því að halda fram, að tolltekjur landsins séu veðsettar. Og báðir þessir hv. þm. hafa gengið svo langt að saka hæstv. stj. um landráð í þessu efni. En ég vil aðeins í þessu sambandi minna á, að í hvert skipti, sem hæstv. stj. leitar fyrir sér um lántöku erlendis, þá rekur hún höfuðið í þennan sama stein: að tolltekjur Íslands séu veðsettar, og þetta er dómur allra fjármálamanna úti um heim, sem spurðir eru um þetta. Þess vegna verður mér að spyrja: Hverjir eru landráðamenn, þeir, sem halda því fram, að tolltekjurnar séu veðsettar, eða hinir, sem veðsettu þær?

Ólafur Thors: Það er ekki nóg, að hætt sé með öllu að tala um það mál, sem fyrir liggur, heldur er einnig hætt að tala við þá menn, sem sæti eiga á Alþingi, og farið að tala við pallagestina.

Hæstv. forsrh. lét svo ófriðlega, að ég varð hræddur, — ekki þó við hann, heldur um hann. Hann hristi sig allan og skók, baðaði út öllum öngum og hrópaði: „Hérna er sönnunin! Hérna hefi ég í höndunum samninginn fyrir enska láninu, og þar stendur svart á hvítu, að tolltekjur Íslands séu veðsettar!“

Ég verð að segja eins og er, að mér varð ekki um sel, þegar ég heyrði þessa fullyrðingu frá sjálfum forsætisráðherranum. Þó tók ég kjark í mig, gekk yfir til hæstv. forsrh. og fékk þetta skjal lánað. En þegar ég fór að lesa það, varð mér að hugsa til Vestur-Íslendingsins á stofnfundi Eimskipafélags Íslands, sem ætlaði að leggja nokkur hundruð krónur í félagið og sagði með miklum drýgindum: „Komið þið bara; hérna eru peningarnir!“ En peningarnir voru ekki í handraðanum, þegar átti að sækja þá.

Þetta skjal, sem hæstv. forsrh. var að veifa framan í pallagestina, það er aðeins 50 £ nóta, en ekki 500 þús. £ samningur. Þetta er nú svona til vitnis um gaumgæfilega athugun hæstv. ráðh. á málinu.

Hæstv. forsrh. var að dylgja um það, að ég væri að ásaka sendiherra okkar, Svein Björnsson, fyrir afskipti hans af enska láninu. Það hefi ég nú ekki gert,

en hæstv. forsrh. hefir gert það. Því að það er upplýst fyrir löngu, að Sv. Bj. skýrði stj., sem hann tók lánið fyrir, frá því, að tolltekjurnar væru ekki veðsettar. Nú heldur hæstv. forsrh. því fram, að tolltekjurnar séu veðsettar, þrátt fyrir yfirlýsingu sendiherrans, og verður það ekki skilið á annan hátt en að Sv. Bj. hafi svikið sína stj., eða farið út fyrir það umboð, sem honum var stílað um lántökuna, og sagt svo rangt frá á eftir.

Ég skal fúslega játa, að ég er ekki lögfræðingur, en þó þykist ég sjá, að þessi 50 £ nóta sé skuldabréf, en ekki samningur um enska lánið. Ef ég legg nú til grundvallar þá gr. samningsins, sem hæstv. forsrh. las hér nýlega upp í löggiltri þýðingu, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að tolltekjurnar eru ekki veðsettar. En eftir skuldabréfinu er ég í dálítið meiri vafa. Þó þykist ég sjá, að sama gildi, hvort við leggjum skuldabréfið til grundvallar eða samninginn, að þessi ákvæði, sem vitnað er í, eigi að skiljast svo, að ef við þurfum að grípa til þess að veðsetja tolltekjurnar, þá fær þessi krafa án frekari samninga forgangsveð í tolltekjunum.

Það er aðgætandi í viðskiptum, að bankar heimta veð. Hitt er líka títt, að þeir lána stundum fé án veðsetningar, en tilskilja þó, að lántakandi veðsetji ekki öðrum eignir sínar. Þetta er að því leyti harðara en hið síðara skilyrði, að hér er sagt: ef þið veðsetjið tolltekjurnar, þá færist okkar réttur upp sem forgangsveð.

Um þýðinguna á þessu ákvæði í skuldabréfinu get ég verið fáorður. Sveinn Björnsson sendiherra hefir margtekið það fram við þá stj., er hann annaðist lántökuna fyrir, að tolltekjurnar væru ekki veðsettar. Sv. Bj. er svo skýr maður, að ekki er gerandi ráð fyrir, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera, er hann samdi um lánið. Svo að annaðhvort hefir hann þá skýrt vísvitandi rangt frá, eða tolltekjurnar eru ekki veðsettar. Og því vil ég trúa, enda hefi ég enga ástæðu til að drótta neinu ósæmilegu að sendiherra okkar.

Forseti (BSv): Ég vil leyfa mér að benda á það almennt í sambandi við umr. þær, er hér hafa farið fram í dag um þetta mál, að æskilegt væri, að hv. deildarmenn færu gætilega í það, að beita slíkum orðum sem „landráð“ og öðrum slíkum stóryrðum, því að jafnvel þótt slíkum skeytum hafi eigi verið skotið beint eða ákveðið, þá er þar oft mjótt á milli. Mega menn vel láta skoðun sína einarðlega í ljós, þótt ekki sé veifað svo hvössum sveðjum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var mjög vel til fallið af hæstv. forseta að minna á þetta, þar sem hv. þm. N.-Ísf. var að beina að mér landráðasök fyrir að lesa upp kafla úr samningi, sem hans stj. hafði gert við erlendan lánardrottin. En ef það er landráðasök hjá mér að lesa þetta, — hvað á þá að segja um þann mann, sem gert hefir þennan samning? Mér skildist á orðum hv. þm. N.-Ísf., að þó að þetta hefði átt sér stað — að samningurinn hefði tekizt svona, eins og ég las upp —, þá mætti ekki tala um það.

En ég er á annari skoðun. Það, sem hv. 1. þm. Skagf., þáverandi fjmrh. þjóðarinnar, gerði 1921, ætti að standa ritað blóðugum stöfum í hjarta þjóðarinnar. Það á að komast út svo vítt, sem íslenzk tunga er töluð, til þess að enginn íslenzkur stjórnmálamaður leyfi sér að fremja slíkt hermdarverk aftur.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði um þennan 50 punda seðil, nefnil. þetta skuldabréf fyrir enska láninu, sem ég er með hér í hendinni, og þótti ekki mikið til hans koma. En þessi seðill talar sínu máli. Hann sýnir, hvernig þessum skuldabréfum var vendilega dreift út um England, svo að sem flestum mætti vera ljóst, hvað þáverandi fjmrh. Íslands hefði gert til þess að koma landinu undir okið.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, og ætlaðist víst til, að það yrði sér til afbötunar, að hann hefði aldrei séð þetta skuldabréf. Hann, sem lét Svein Björnsson gera samninginn fyrir sína hönd, stendur upp á Alþingi 10 árum síðar og segist ekki vita, hvað standi í samningnum. Hvílíkur fjármálaráðherra, sem ekki veit, hvernig hann fjötrar land sitt! En það kom þó fyrir eftir þessa ræðu sína, að hv. 1. þm. Skagf. fór og skoðaði plaggið.

Hv. 1. þm. Skagf. var að kvarta undan því, að samningurinn um enska lánið hefði dregizt inn í umr. En hann má sjálfum sér um kenna; hann kallaði á það. Hann greip fram í ræðu hv. þm. Mýr. og neitaði því, að tolltekjurnar væru veðsettar fyrir enska láninu. Ég leiðrétti hann þá úr sæti mínu og sagði, að tolltekjurnar væru veðsettar. En hann neitaði aftur. Ég fór þá að vörmu spori og gerði ráðstöfun til þess að ná í þessi skjöl, sem ég las upp úr og sumir hv. þdm. hafa nú athugað með sínum eigin augum.

Hv. þm. sagði, að mér hefði verið falið sérstaklega að sjá um hag Íslandsbanka og bæri því ábyrgð á því, hvernig komið væri fyrir bankanum. Ég er á gagnstæðri skoðun, að mín fyrsta skylda væri að sjá um Íslandsbanka, þó að ég samkv. embætti mínu sé formaður bankaráðsins. Ég álít, að ég hafi fyrst og fremst átt að sjá um hagsmuni Íslands og þjóðarinnar í heild. Það er náttúrlega gott á meðan hagsmunir Íslands og Íslb. fara saman. En þegar leiðir skilur, þá tel ég það skyldu mína að taka Ísland fram yfir.

Við hv. 2. þm. G.-K. hefi ég lítið að segja. Hann játaði, að eftir skuldabréfinu mætti líta svo á, að tolltekjurnar væru veðsettar. Og það eru einmitt skuldabréfin, sem allur fjöldinn sér. Þess vegna er það voðalegt fyrir lánstraust landsins að auglýsa það í 50 punda nótum, sem dreift er út um enska ríkið, að einu sinni hafi verið fjármálaráðherra á Íslandi, sem veðsett hafi tolltekjur landsins.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi litlar sakir af mér að bera, en það verð ég þó að segja, að ég kann þá ekki skil á íslenzku máli, ef hæstv. stj. „prokurerar" svo á erlendum vettvangi eins og hún hefir gert í dag í hv. deild, að við þá framkomu eigi ekki orðið, sem hannað var að nefna áðan.

En sagan endurtekur sig. Hæstv. forsrh. var ritstjóri, þegar hann í kjöttollsmálinu barðist fyrir málstað Norðmanna og bauð þeim ýms fríðindi á bak við þing og stj., svo að um skeið horfði til vandræða með að Íslendingar næðu viðunandi samningum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla ekki að fara að ræða kjöttollsmálið hér. Ég hefi rætt það við íslenzka bændur og þeir hafa þegar sýnt álit sitt á mér í því máli, og það ljóslega. Hinu má einnig skjóta til hv. þm. N.-Ísf., að um leið og íslenzkir bændur sýndu álit sitt á því, er ég hafði gert fyrir þá í kjöttollsmálinu, þá felldu þeir samhliða sinn þunga dóm yfir samningi þeim, sem hv. 1. þm. Skagf. gerði um enska lánið.

Magnús Guðmundsson: Ég skal segja hæstv. forsrh. það, að mér er sama, þó að þetta mál hafi dregizt inn í umr. Ef það gæti orðið til þess að hjálpa hæstv. stj., þegar hún fer að leita fyrir sér um lán, þá væri það gott. Hún mun ekki hafa of margar hjálparhellur um þessar mundir.

Hæstv. forsrh. þykist ekki vita, að um enska lánið var gerður aðeins einn samningur, og þó var hann nýlega að lesa upp úr samningnum löggilta þýðingu, og ég fann ekki, að þar væru nein stóryrði og ekki eitt orð um veðsetningu.

Svo fór hann að tala um afstöðu sína til Íslandsbanka, en sem formaður bankaráðsins átti hann að rækja starf sitt vel. En hvernig hefir hann gert það? Þar er sjón sögu ríkari. Eftir hálft þriðja ár er bankinn að drepast í höndunum á honum og sjálfur forsrh. brýnir kutann ánægjulega.

Hæstv. ráðh. minntist lítilsháttar á kjöttollsmálið og talaði borginmannlega um, að þeir samningar væru sér að þakka. En hitt vita hv. þdm., að það var hæstv. forsrh., sem mest tjón vann því máli. Hann var þá eins og oftar ógætinn og fljótfær og bauð Norðmönnum fríðindi á fríðindi ofan, svo að með naumindum var hægt að komast framhjá því, þegar til endanlegra samninga kom.

Það er hart að þurfa að hlusta á, að hæstv. ráðh., sem hefir af heimsku og fyrir heigulskap slátrað öðrum aðalbanka landsins, skuli leyfa sér að brígzla öðrum um fjármálaafglöp. Hans bankaráðsformennska kostar landið milljónir, og verði nokkuð ritað með rauðu í sögu þessa lands, þá verður það kaflinn um bankaráðsformennsku hans.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sagði ekki, að ég hefði gert kjöttollssamninginn, heldur að ég hefði stuðlað að því, að hann var gerður eins og hann varð. Og þetta vita íslenzkir bændur og hafa sýnt það í verki, hvernig þeir líta á framkomu mína í því máli.

Ég hefi heldur ekki drepið Íslandsbanka. Það var sagt um Rómaborg, að þrír væru höfundar hennar. Eins má segja um Íslandsbanka, að þrír séu banamenn hans. En ég var enginn þeirra. Og sú úrlausn, sem nú er fengin á Íslandsbankamálinu, er miklu betri en það ástand, sem áður var. Hafi ég að því stuðlað, hrósa ég happi.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri gott, að enski samningurinn hefði dregizt inn í umr., ef það yrði til þess að hjálpa stj. En ég segi, að það sé þó ennþá betra, ef það yrði til þess að hjálpa þjóðinni, svo að slíkt kæmi aldrei fyrir aftur.

ATKVGR.
Brtt. 87 tekin aftur.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 12).

Á 27. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ástæðurnar til þess, að þetta frv. er flutt, eru teknar fram í aths. við það. Breytingarnar, sem farið er fram á, að gerðar verði á núgildandi heimild fyrir ríkisstj., eru tvær. Fyrst sú, að beint sé tekið fram í l., að lánið megi taka í erlendri mynt, sem jafngildi 12 millj. ísl. kr. Þetta er ekki tekið fram í núgildandi l., en erlendir bankamenn hafa talið það nauðsynlegt, að þetta væri sérstaklega tekið fram. Liggja til þess þær ástæður, meðal annars, að ekki er enn búið að lögfesta gildi ísl. kr. Er því tryggara fyrir lánveitandann, að tekið sé fram, að lánið megi taka í erlendri mynt.

Hin breytingin er sú, að fella niður þau ákvæði gildandi l. um lántöku fyrir ríkissjóð, sem um það eru, til hvers láninu skuli verja. Það hefir komið í ljós við lánaumleitanir erlendis, að erlendir lánveitendur telja það óhagstætt, að tekið sé fram í lánsheimildinni, til hvers láninu skuli verja. Þeir telja sig með því bundna til að hafa eftirlit með því, að láninu sé ekki varið á annan hátt; slíkt eftirlit teljast þeir enga afstöðu hafa til að framkvæma, enda sé það þeim með öllu óviðkomandi.

Ég vil taka það fram, að stj. hefir tekið bráðabirgðalán í London, að upphæð 250 þús. £. Það lán er að sjálfsögðu innifalið í þeirri upphæð, sem stj. samkv. 1. gr. þessa frv. er heimilað að taka að láni.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til fjhn., að þessari umr. lokinni, og mun ég fá n. í hendur þann lánssamning, sem ég gat um áðan.

Jón Þorláksson: Það er sjálfsagt óhjákvæmilegt að samþykkja þetta frv., úr því að hæstv. stj. hefir borið það fram. Ég vil þó láta það í ljós, að báðar þær breyt., sem óskað er eftir af hálfu væntanlegra lánveitanda frá l. frá í fyrra, bera báðar vott um vantraust á lántakanda.

Um fyrra atriðið, að taka það fram í lántökuheimildinni, að lánið megi taka í erlendri mynt, er það að segja, að samskonar heimild hefir áður verið gefin í ísl. l. og gefin var á þinginu í fyrra, lánið tekið í erlendri mynt, en engum lánveitanda hefir dottið í hug að slá varnagla við því, að sá íslenzki aðili notaði sér þetta. Þetta er því ný tortryggni.

Hitt atriðið, að það þurfi að falla burtu úr heimildinni, í hvaða tilgangi stj. er heimilað að taka lán, er jafn óvenjulegt. Þetta væri ef til vill skiljanlegt, ef stj. væri skylduð til þess í lánsheimildinni að verja láninu í ákveðnum tilgangi, en svo er ekki, heldur aðeins talið upp, til hvers stj. megi verja láninu.

Ef hæstv. fjmrh. vildi skyggnast um til danskra l. um samanburð í þessu efni, mundi hann komast að raun um, að dönsk lánsheimildalöggjöf er hliðstæð heimildinni, sem samþ. var í fyrra. Veit ég þó ekki til þess, að það hafi valdið Danastjórn neinna örðugleika, þó að tilgreint væri í heimildinni, til hvers láninu skyldi verja.

Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en sem nokkuð sérstaka tortryggni gagnvart okkur, þegar þetta má ekki standa á sama hátt í íslenzkum lögum eins og lánveitendur eru vanir að fá það í dönskum lögum. Við þessu er náttúrlega ekkert að segja eða gera, en ég bendi aðeins á þetta til varúðar um það, að það þarf að gæta að lánstrausti þessa lands, og það ber vott um, að það er farið að veita því sérstaka athygli, hvort óhætt er að lána fé hingað.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég sé ekki ástæðu til að svara þessu miklu. Hv. 3. landsk. getur náttúrlega haft sínar skoðanir um, að það hafi komið fram tortryggni gagnvart ríkinu, og hann getur náttúrlega auglýst það eftir því, sem honum sýnist við eiga. En ég get alls ekki séð það, að hér sé um neina tortryggni að ræða, eða að þetta beri vott um, að Ísland hafi ekki lánstraust ytra. Hér er aðeins um form að ræða, annað ekki, og það er vitanlegt, að allar þær skuldir, sem ríkissjóður skuldar í útlöndum, þær eru greiddar í mynt þess lands, sem skuldin er í, og þetta gerir í sjálfu sér engan mun.

Viðvíkjandi því, að það kunni að vera fordæmi fyrir því, að það sé talið upp í lögunum sjálfum, til hvers eigi að nota peningana, sem heimildin er um, má náttúrlega vel vera, en ég veit ekki til, að það beri vott um neina tortryggni hjá lánveitendum, þótt þeir telji óþarfa að hafa slíka upptalningu. Ég get sagt það, að á þinginu í fyrra, þar sem þetta var samþ., hafði ég ekki hugsað mér þessa upptalningu, sem síðar varð í frv., en það var fyrir áeggjan hv. 3. landsk., að hún var sett inn. Og mér fannst það að nokkru leyti eðlilegt, að Alþingi vildi ekki fá stj. þessa heimild í hendur án þess að hafa sett ákvæði um það, til hvers ætti að nota fé, og þess vegna var það kannske ekki óeðlilegt, að þingið sýndi einhverja tortryggni í þessu efni, en engin ástæða til að telja það tortryggni í útlöndum.

Ég hafði hugsað mér, að í rauninni væri það nóg að geta þess í grg., til hvers ætti að nota fé, en það var hv. 3. landsk., sem vildi hafa það svo, og þá er ekki nema eðlilegt, að honum þyki niður, að þetta sé fellt niður. En það, sem hér er farið fram á, er aðeins smávægileg formsbreyting á því, sem nú gildir, og ég held, að hv. 3. landsk. hafi í rauninni ekkert leyfi til þess að slá því föstu, að þetta beri vott um það, að á þeim tíma, sem lánið var tekið, hafi komið fram tortryggni um það, að Íslendingar stæðu í skilum með sín lán.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjmrh. hefir náttúrlega ekki gert neina grein fyrir því, hvers vegna væntanlegir lánveitendur bera fram kröfu gagnvart okkur, sem þeir ekki bera fram gagnvart öðrum ríkjum, þegar þau taka lán, og á meðan hæstv. ráðh. ekki getur það, verð ég að halda fast við mína skoðun. En annars stóð ég upp til þess að víkja því til n., sem fær málið til meðferðar, hvort ástæða væri til að fella úr gildi þá grein l. frá í fyrra, sem telur upp heimildirnar. Er þetta sjálfsagt að því er lántökuheimildina sjálfa snertir, en ég vildi, að það væri athugað, hvort þetta þarf að fella úr lögunum, því að það er dálítið óvenjulegt að heimila ríkisstj. slíka lántöku án þess nokkuð sé um það sagt í lögunum, til hvers er ætlazt að því lánsfé sé varið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 143).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er að aðalefni shlj. l. frá síðasta þingi um heimild fyrir ríkissjóð til lántöku. Þær breyt., sem frv. gerir á þeim l., eru tvær. Önnur felst í 1. gr., þar sem tekið er fram, að þessi heimild nái til lántöku í erlendri mynt, er samsvari hinni tilteknu upphæð að gengi. Þetta er nauðsynlegt, meðan íslenzka gengið er ekki ákveðið. Hin breyt. er sú, að niður er felld 2. gr. laga frá 14. júní síðastl. ár, þar sem upp er talið, til hvers láninu eigi að verja.

Fjhn. hefir ekki séð neina ástæðu til annars en að leggja til, að frv. yrði samþ. Eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu

frv., þá er það vitanlegt, að þessu lánsfé verður varið samkv. því, sem segir í 2. gr. l. frá 1929. Ég hefi svo ekki ástæðu til að segja fleira fyrir hönd n. Ég geng út frá, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 181).

---

3. Laun embættismanna.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 1. gr. l. nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég sé ekki ástæðu til að ræða um þetta frv. nú. Það er einfalt mál og ástæðurnar eru teknar fram í aths. við frv. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 52, 53).

Frsm. (Hannes Jónsson): Með lögum frá 1919 voru sett ákvæði um dýrtíðaruppbót á laun embættismanna. Þessi lög hafa nú þegar tvisvar verið framlengd, 1925 og 1928. Fjhn. hefir orðið sammála um, að lög þessi verði framlengd enn, eða þar til fengin er endanleg skipun á launalögunum. N. er öll sammála um þetta. Hinsvegar er n. ekki sammála um, til hve langs tíma ákvæði frv. skuli gilda. Í frv. er gert ráð fyrir því, að þau gildi til ársloka 1932, og minni hl. n., eða hv. 1. þm. N.-M. og ég, vill samþ. frv. óbreytt. En meiri hl. n. vill ekki láta þetta ákvæði gilda lengur en til ársloka 1931 og hefir komið fram með brtt. um það. Þar sem hv. þdm. er mál þetta fullkunnugt áður, þykist ég ekki þurfa að fjölyrða um það nú. Hér er heldur ekki nema um lítilfjörlegan skoðanamun að ræða, sem enga verulega þýðingu hefir. Ef reynast skyldi óumflýjanlegt að framlengja þetta til 1932 og það verður ekki gert núna, þá verður það vitanlega gert á næsta þingi. Hinsvegar hefði ég talið réttara að framlengja lögin til ársloka 1932, eins og frv. gerir ráð fyrir, því enda þótt ný launalög verði gengin í gildi áður, sem þó er óvíst, þá mundu þessi ákvæði um leið falla niður af sjálfu sér, og er þá enginn skaði skeður. Ég legg þó enga sérstaka áherzlu á það, hvort heldur gengið verður að frv. óbreyttu eða brtt. samþ.

Sigurður Eggerz: Það er almenn krafa frá öllum embættismönnum, að launakjörin séu tekin sem fyrst til athugunar. Á síðasta þingi var talsvert mikið rætt um að koma fram með þáltill. um að skora á stj. að hraða þessari endurskoðun. En ástæðan til þess, að ekki var komið með þáltill., var sú, að gengið var út frá, að stj. mundi hraða endurskoðuninni. Ég vil framlengja þessi lög, en aðeins til eins árs, af þeirri ástæðu, að ég tel nauðsyn á því vera, að endanleg skipun verði sem fyrst gerð um launamálið. Ég vil svo að síðustu beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort byrjað sé á endurskoðun launalaganna og hvenær megi vænta þess, að málið verði lagt fyrir þingið.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir fljóta afgreiðslu á þessu

máli. Og ég skal taka það fram strax, að ég ætla ekki að deila mikið um þann ágreining, sem verið hefir milli n.-hlutanna um það, hvort ákvæði frv. skuli gilda til eins eða tveggja ára. Ég er þó þeirrar skoðunar, að enn þurfi að framlengja þetta á næsta þingi, ef eigi er framlengt nú lengur en til eins árs, og er því sammála hv. frsm. n. um það.

Um fyrirspurn þá, er hv. þm. Dal. gerði til stj., hvenær vænta mætti endurskoðunar á launalögunum, get ég sagt, að stj. hefir ekkert um það ákveðið. Ég lýsti því yfir sem minni skoðun á þinginu í fyrra, að endurskoðun launalaganna yrði að bíða, þar til gengismálið væri leyst. Og ég er sömu skoðunar enn. Annars skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta, því hér er aðeins um smáatriði að ræða.

Sigurður Eggerz: Mér finnst svör hæstv. stj. ekki bera þess vott, að búast megi bráðlega við endurskoðun launalaganna, því hæstv. stj. sýnist ekki vilja hraða lausn gengismálsins neitt sérlega mikið. Og ef nú á að hnýta launamálinu aftan í það, þá gæti svo farið, að þessi endurskoðun færi ekki fram í tíð þessarar hæstv. stjórnar.

ATKVGR.

Brtt. 53 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, HV, JJós, JAJ, BSv.

nei: JörB, LH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB.

Fjórir þm. (MT, ÁÁ, HG, HK) fjarstaddir.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 63).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 63).

Á 18. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Eins og kunnugt er, féll úr gildi við síðustu áramót sú ákvörðun launalaganna, að embættismenn skyldu njóta dýrtíðaruppbótar á laun sín. Ég geri ráð fyrir, að öllum sé ljóst, að dýrtíðaruppbótin getur ekki fallið burt, nema eitthvað komi í staðinn. Grunnlaun embættismanna eru svo lág, að þeir geta ekki lifað af þeim einum. Vænti ég því, að hv. deild taki þessu frv. vel. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en legg til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 135).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd fjhn. hefi ég fátt að segja um frv. Það er sameiginlegt álit flestra, að meðan ekki er framkvæmd endurskoðun á launalögunum, verði ekki hjá því komizt að greiða embættismönnum dýrtíðaruppbót. Sú endurskoðun er ekki nærri, svo að þessi ráðstöfun nú virðist óhjákvæmileg.

Í upprunalega frv., sem stj. lagði fyrir þingið, var gert ráð fyrir, að þessi breyt. gilti til ársloka 1932. En í hv. Nd. hefir þessu verið breytt þannig, að hún gildi ekki nema til ársloka 1931. Þó að ég verði að telja, að það hafi verið ástæðulaust að stytta þann tíma, sem lögin eiga að gilda, þá tel ég ekki vert að breyta því aftur, og það mundi ekki verða til annars en að tefja málið. En allar líkur benda til þess, að næsta þing verði einnig að framlengja þessi lög, svo að réttast hefði verið að láta þau gilda til 1932. Því það er augljóst, að fyrr verður ekki lokið endurskoðun á launalögunum. Þrátt fyrir þetta hefir fjhn. orðið sammála um að mæla með að samþykkja frv. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 183).

---

4. Flugmálasjóður Íslands.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun flugmálasjóðs Íslands (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er samið af Flugfélagi Íslands og flutt að þess óskum.

Eins og hv. þd. er kunnugt, þá hefir ríkið orðið að verja töluverðu fé á undanförnum árum til þess að styðja þessar flugsamgöngur, sem hér hafa verið hafnar. Og það er augljóst, að eigi að verða framhald á því, þá verður ríkið að hafa töluverðan kostnað af. Virðist þá sjálfsagt, að gerðar verði einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að fá tekjur í því skyni.

Eins og tekið er fram í grg., hefir Flugfélagið átt tal við eigi fáa útgerðarmenn um þetta atriði, sérstaklega þá, sem fást við síldarútgerð. Allmargir þeirra hafa tjáð sig þessu máli fylgjandi. Enda hefði ég ekki borið málið fram, ef ég hefði átt von á einhliða mótstöðu af hálfu þeirra manna, sem hlut eiga að máli.

Ég býst við, að flestir verði sammála um, að flugið muni eiga töluverða framtíð hér á landi, og sé því þess vert að fórna nokkru til þess að geta haldið þeirri starfsemi áfram.

Ég ætla svo ekki að hafa þetta mál lengra. Það getur orkað nokkurs tvímælis, í hvaða n. málið eigi að fara, hvort heldur til fjhn. eða samgmn., eða þá sjútvn. Mér finnst standa næst, að það fari til samgmn. Annars er þetta nokkuð sama. En hér er um að ræða að leggja á nýtt gjald, svo að vel getur komið til mála að setja málið í fjhn.

Erlingur Friðjónsson: Það er örlítil fyrirspurn, sem mig langar að bera fram við hæstv. forsrh., sérstaklega hvort hann geri ráð fyrir, að hér sé eingöngu leitað eftir styrk frá sjávarútveginum til að endurgreiða þann kostnað, sem framvegis mun leiða af flugferðum í þágu hans við síldarleit og slíkt.

Ég spyr að þessu aðallega vegna þess, að það hafa komið fram raddir í þá átt, að ef til vill væri réttara, að síldarútvegurinn hefði sérstaka flugvél, litla og hentuga, í þeim eina tilgangi að leita eftir síld. Ef síldarútvegsmenn tækju þetta ráð, að spila algerlega upp á eigin spýtur, þá vildi ég strax leita álits hæstv. ráðh. um það, hvort hann teldi rétt að skattleggja sjávarútveginn á þennan hátt, ef hann bjargaði sér algerlega upp á eigin spýtur, — ef hann óskaði eftir að hafa þetta mál út af fyrir sig, að kosta alveg flugferðir í sína þágu og vera ekki að nokkru leyti upp á ríkið kominn í þeim efnum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér skildist hv. þm. Ak. spyrja fyrst um, hvort ætti að endurgreiða þann kostnað, sem leitt hefði af þessari ívilnun fyrir sjávarútveginn. Það er ekki meiningin, að eigi að endurgreiða neinn gamlan kostnað.

Svo spurði hv. þm., hvað ætti að gera, ef sjávarútvegurinn vill hafa þetta mál með höndum sjálfur. Mér finnst fyrir mitt leyti liggja beint við, að þessum flugmálasjóði yrði varið til að styrkja þá starfsemi. Hv. þm. veit, að ríkið hefir ekki rekið flugstarfsemi hingað til, heldur hefir Flugfélag Íslands fengið styrk hjá ríkinu og gert samninga við ríkið. Einnig við póststjórnina um flutning á pósti. Og til þess að það fengi styrk, sérstaklega í hitteðfyrra, til síldarleitar, var

ákveðið, að það innti af hendi einhverja litla þjónustu af því tægi. Við stjórn síldareinkasölunnar var gerður slíkur samningur á árinu sem leið.

Mér skilst frv. svo rúmt, að eins og stj. getur beint þessu fé til Flugfélags Íslands, þá geti hún líka beint því til félags útgerðarmanna. Ég álít því ekkert til fyrirstöðu.

Erlingur Friðjónsson: Aðeins örfá orð. Ég drap á þessa hugmynd um flugvélanotkun í sambandi við síldarútveginn. Ég geri ráð fyrir, að flugvélar væri aðallega notaðar til síldarleitar. En hitt er líka vel hugsanlegt, að flugvélar geti jafnframt komið að nokkru liði við strandgæzlu.

Síðasta sumar mun síldarútvegurinn hafa lagt fram 40 þús. kr. til síldarleitar með flugvél. En eftir þessu frv. má gera ráð fyrir, að tekjurnar frá síldveiðunum verði um 50 þús. kr., ef það verður samþ. óbreytt. Og ástæðan til þess, að minnzt hefir verið á, að síldarútvegurinn annaðist sjálfur síldarleitina, er einmitt sú, að það þykir orka nokkuð tvímælis, að hann þurfi að verja jafnvel 40 þús. kr. til þeirra hluta á hverju sumri, hvað þá 50 þús. Sá kostnaður gæti máske orðið til muna minni, ef sérstök, lítil og hentug flugvél væri fengin í þessum eina tilgangi.

Þessum ummælum mínum beini ég til hæstv. ráðh. og þeirrar n., sem fer málið til meðferðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af því, sem hv. þm. Ak. talaði um strandgæzlu í þessu sambandi, vil ég vekja athygli hans á því, hvernig 2. gr. er orðuð, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa".

Annars vil ég bæta því við, að það er mjög æskilegt, að n., sem málið fær til meðferðar, hafi tal af formanni Flugfélagsins, sem hefir langmest beitt sér fyrir þessu máli og er nýkominn úr utanför til að afla sér tilboða. Hann stendur miklu betur að vígi en aðrir að geta lagt á borðið, hver væntanlegur kostnaður verður af þessu öllu saman.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Hér er verið að ræða um að leggja skatt á eina tegund sjávarafurða, og ég veit ekki betur en að öllum slíkum málum hafi hingað til verið vísað til fjhn. Geri ég það að till. minni um þetta mál.

ATKVGR.
Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 7:4 atkv.
Frv. vísað til sjútvn. með 9:1 atkv.

Á 18. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 76).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Síðastl. sumar var haldið uppi síldarleit með flugvél um mánaðarskeið. Þessi síldarleit bar svo góðan árangur að dómi skynbærra manna, að þeir hafa óskað eftir, að henni yrði haldið áfram framvegis. En til þess að svo geti orðið, þarf mikið fé, því að flugvélar eru afardýrar í rekstri, og um það, hvernig afla megi fjár í þessu skyni, fjallar þetta frv.

Flugfélagið naut í fyrra styrks til að halda uppi síldarleit sinni frá Síldareinkasölu Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, og að einhverju leyti frá öðrum síldveiðendum, en slíkt framlag er of veikur grundvöllur til að byggja á síldarleit, er að fullu gagni megi koma, og er þetta frv. fram komið til að ráða bót á því. Frv. er samið af áhugamanninum dr. Alexander Jóhannessyni. Hefir hann, eftir nána yfirvegun og í samráði við aðra, sem glöggt skyn bera á þessi mál, komizt að þeirri niðurstöðu, að sú aðferð, að skatta síldarveiðina á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir, sé bezta og sanngjarnasta leiðin til þess að afla fjár í þessu skyni. Sjútvn. er það ljóst, hvílíka þýðingu síldarleit úr lofti hefir fyrir síldveiðarnar, og hún sá ekki aðra leið heppilegri til þess að sú starfsemi gæti haldið áfram en þá, sem farin er í frv.

Leggur n. því til, að frv. verði samþ., en vill þó gera á því nokkrar smávægilegar breyt., sem ég skal leyfa mér að gera örstutta grein fyrir.

Fyrsta brtt. n. er við 2. gr. frv. og gengur út á, að sett sé það skilyrði gegn framlagi sjóðsins til síldarleitar, að leitinni sé stöðugt haldið uppi, með þar til hæfri flugvél, frá 1. júní til 15. sept. ár hvert. Virðist ekki nema sjálfsagt að setja þetta skilyrði, því að hér er um mikið framlag að ræða. Í meðalsíldveiðiári ætla ég, að það muni nema 50—60 þús. kr.

Önnur brtt. n. er við 3. gr. frv., í tveim stafliðum. A-liðurinn fjallar um, að beitusíld verði undanþegin þessum skatti. Eftir frv. er ætlazt til, að öll síld verði skattlögð, hvort sem hún er brædd, söltuð eða notuð til beitu. Nú er það mjög óeðlilegt að skattleggja beitusíldina nokkuð, og virðist því n. ástæða til að undanskilja hana skatti með öllu. Auk þessa er mjög erfitt að fylgjast með sölu beitusíldar, og þar af leiðandi illt að fást við að innheimta þann skatt, sem á hana kynni að vera lagður.

Síðari stafliðurinn (b) fjallar um það, að í stað 150 kg. komi 135 kg. N. vill færa þetta til samræmis. Það er venja að reikna eitt mál af bræðslusíld á 135 kg., og samsvarar það 1½ hektólítra af saltsíld. Þetta breytir ekki tekjum sjóðsins, nema hvað búast má við, að þær ef til vill vaxi.

Loks leggur n. til, að aftan við 5. gr. verði bætt, að ¼₀ af tekjum sjóðsins sé lagður í sjóð til eflingar flugferðum. Það kemur fram í aths. frv., að ekki er meiningin að verja öllum tekjum sjóðsins til útihalds flugvélar til síldarleitar, enda er svo kveðið á í 5. gr., að ekki megi verja nema ⁹₁₀ af tekjunum í því skyni. Telur n. því rétt að bæta við, að því, sem eftir er, skuli varið til eflingar flugferðum almennt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér frv., og býst við, eins og málið horfir við, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 76,1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 76,2.a. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 76,2.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 76,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 89, 103).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Sjútvn. flytur brtt. við frv. þetta samkv. tilmælum dr. Alexanders Jóhannessonar, sem mestu hefir ráðið um samningu frv. þessa og gera má ráð fyrir, að hafi stjórn flugmála á hendi á þessu ári, a. m. k. Hann vill breyta frv. þannig, að eigi sé skylt að hefja stöðuga síldarleit fyrr en 15. júní í stað 1. júní, sem ákveðið var í frv. Telur hann, að þar sé til of mikils ætlazt. Vill n. verða við þessu, í fullu trausti þess, að síldarleit hefjist fyrir þennan tíma, enda þótt hún verði ekki stöðug fyrr en um miðjan mánuðinn, enda er dr. Alexander Jóhannesson því fylgjandi, að einstakar ferðir séu farnar fyrr. N. er þessu hlynnt, vegna þess, að sjóðurinn er á byrjunarstigi og ekki vist um tekjur hans.

ATKVGR.

Brtt. 103 samþ. með 10:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 121).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 144).

Jóhann Jósefsson: Fyrirvari minn lýtur að því, að ég tel yfirleitt ekki rétt að leggja skatt á bræðslusíld til þess að halda uppi þessum svokallaða flugmálasjóði. Það er vitanlegt, að þeirrar vitneskju, sem flugvél kann að afla um síldargöngur, nýtur ekki til fulls nema nokkur hluti fiskiflotans, og þá einkum þau skip, sem beztum tækjum eru búin til að taka á móti loftskeytum — togararnir.

Þessi skattálagning kemur því ekki rétt niður. Hún snertir fleiri en þá, sem hagnað hafa af þessari síldarleit — ef um hagnað er að ræða —, og mér þykir auk þess óviðkunnanlegt, að þessum framförum skuli vera komið á með því að leggja beinan skatt á sjávarútveginn. Af þessum ástæðum gat ég ekki skrifað undir nál. nema með fyrirvara.

Ég vil að lokum benda á það, að fyrir þinginu liggur nú annað frv., sem á að stuðla að eflingu fiskiveiðanna, því frv. fylgir hinn sami böggull sem þessu, að um leið á að leggja beinan skatt á framleiðsluna. Ég kann illa við þá aðferð, sem lýsir sér í þessu. Mér virðist, sem það eigi að fara að verða regla, að um leið og eitthvað sé gert sjávarútveginum til framfara, eigi að pressa meira fé út úr honum, en það fordæmi gæti á sínum tíma orðið ásteytingarsteinn fyrir aðrar atvinnugreinar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa frv. og jafnframt víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Vestm.

Hv. þm. heldur því fram, að það verði ekki nema nokkur hluti skipa, sem hafa muni gagn af þessari síldarleit. Ég hygg, að hv. þm. geri of mikið úr þessu. Það mætti ef til vill segja, að nokkur hluti síldveiðaskipanna komi til með að hafa minnst gagn af eftirgrennslan flugvélarinnar um síldargöngur, að því leyti sem skipin fá mismunandi fljótt þá vitneskju, sem flugvélin veitir í þessu efni, en að öll skipin muni hafa gagn af síldarleitinni, það tel ég víst. Og ég tel það einnig víst, að þeim skipum muni fjölga, sem útbúin eru með nauðsynlegum tækjum til þess að taka á móti loftskeytum, svo að þess verði ekki langt að bíða, að öll síldveiðaskipin hafi jafnmikið gagn af síldarleitinni.

Um hitt atriðið, að ekki sé rétt að leggja skatt á sjávarútveginn í þessu skyni, get ég að vissu leyti verið sammála hv. þm. Vestm., enda setti ég það sem skilyrði fyrir að bera þetta frv. fram, að fyrir lægju í málinu meðmæli frá einstökum félögum og stofnunum, sem að útveginum standa. Þessi meðmæli lágu fyrir, eins og tekið er fram í grg. frv., og einnig kom fram í meðferð málsins í hv. Ed., svo að ég verð að líta svo á, að almennur vilji standi á bak við, að þetta verði gert. Þó að menn því kunni að líta sömu augum á þetta mál og hv. þm. Vestm., mega þeir ekki láta það fæla sig frá fylgi við frv., vegna hinna sterku óska, sem fram hafa komið frá útgerðarmönnunum sjálfum um að þetta verði gert.

Pétur Ottesen: Mér þykir það skorta á í þessu máli, að þessar „sterku óskir" útgerðarmannanna, sem talað er um, skuli hvergi koma fram. Ég hefi a. m. k. ekki orðið var við þær, að öðru leyti en því, að í grg. frv. stendur, að „ýmsir af helztu útvegsmönnum hafi tjáð sig frv. þessu meðmælta". Og svo mikið er víst, að mér hafa ekki borizt neinar áskoranir um að leggja skatt á síldarútveginn í þessu augnamiði frá síldarútvegsmönnum í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir.

Ég tek undir það með hv. þm. Vestm., enda staðfestist það af þeirri reynslu, sem þegar er fengin í þessu efni, að það er ekki nema nokkur hluti síldveiðaskipanna, sem kemur til með að hafa full not af leiðbeiningum flugvélarinnar um síldargöngur, og það þau skipin, sem hraðskreiðust eru og þannig hafa bezta aðstöðu til þess að komast fyrst á þann stað, sem flugvélin segir, að síldin sé í það og það sinnið.

Auk þessa vil ég benda á það — ég hefi það eftir einum útvegsmanni hér í bæ, sem er þaulkunnugur þessum málum —, að það kom í ljós í fyrra, að flugvélin getur einungis gefið leiðbeiningar í þessu efni, þegar logn er og ládeyða, vegna þess, að síldartorfurnar verða ekki sénar úr lofti í stormi og úfnum sjó. Nú hagar sjaldnast svo til, að logn sé, svo að hér verður því aðeins um stopular leiðbeiningar að ræða. Og þó að benda megi á nokkra reynslu um síldarleit frá síðastl. tveim árum, verður að gæta þess, að síðastl. sumar var eitthvert hið kyrrviðrasamasta sumar, sem sögur fara af, svo að út frá því er ekki hægt að dæma um nytsemi síldarleitar úr lofti.

Ég er þess vegna ekki ráðinn í því, hvort ég eigi að greiða þessu frv. atkv. mitt. Mer finnst vanta rökstutt álit um nytsemi þessarar starfsemi frá þeim útvegsmönnum, sem hér eiga hlut að máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Borgf. óskar eftir nánari vitneskju um það, hvaða óskir liggi á bak við þetta frv. og frá hverjum.

Ég get upplýst það, að stjórn Flugfélags Íslands samdi þetta frv. og fór þess á leit við ríkisstj., að hún legði það fyrir Alþingi. Ég setti það sem skilyrði fyrir að leggja frv. þetta fyrir þingið — eins og ég líka tók fram í minni fyrri ræðu —, að fyrir lægju í málinu eindregnar óskir um, að svo yrði gert, frá hlutaðeigandi útgerðarmönnum. Slíkar óskir lagði stj. Flugfélagsins fram í bréfi til stj. Ég hefi ekki aðstöðu til þess nú að gefa upplýsingar um, frá hvaða útgerðarmönnum og útgerðarfélögum slíkar óskir komu, en skal láta hv. þm. Borgf. þær í té milli 2. og 3. umr. Svo mikið man ég þó, að hér í deildinni eru forstjórar fyrir tveim af þeim útgerðarfélögum, sem óskir komu frá um að þetta yrði gert. Auk þess lýsti stj. Einkasölunnar sig meðmælta málinu.

Sveinn Ólafsson: Það kemur sér illa, að frsm. n. skuli ekki vera viðstaddur, því að hann er sá maður, sem rækilegast hefir hugleitt þetta mál og þar af leiðandi var bezt undir það búinn að halda uppi svörum fyrir þessu frv.

Ég get ekki fallizt á það hjá hv. þm. Borgf., að síldarleitin komi aðeins hinum stærri og hraðskreiðari skipum að gagni, því að þær fréttir, sem flugvélin dreifir út um síldargöngur, ná einnig til hinna minni skipa, og jafnvel til bátanna líka. Þeirra hluta vegna er því engin ástæða til að vera að amast við því, þó að eitthvað sé gert til að búa í haginn fyrir síldveiðimenn.

Þá get ég ekki heldur fallizt á það hjá hv. þm. Borgf., að flugvélin sjái ekki til síldarinnar nema í logni, af því að síldin segi aðeins til sín í yfirborði vatnsins og sjáist eigi nema í logni. Þetta er misskilningur. Síldartorfur má oft sjá, þótt sjór sé gáraður af vindi, og segir litur þá til. Það er gömul þekkt aðferð bæði hér og í Noregi, þar sem síldveiði er stunduð á fjörðum inni, að skyggnast eftir síldinni hátt úr fjallahlíðum, en síldarleit með flugvél er á sömu lögum byggð, og litbrigðin á sjónum segja þá til líkt og úr brattri fjallshlíð.

Svo er önnur hlið á þessu máli, sem vert er að drepa á í þessu sambandi. Með stofnun slíks sjóðs og hér um ræðir er ekki einungis stefnt að því að létta undir þessari atvinnugrein, síldveiðinni, heldur og að styrkja almennar flugferðir í framtíðinni. Frv. gerir nefnilega ráð fyrir, að nokkur hluti gjaldsins falli til aðstoðar síldveiðunum, en nokkur hluti þess, og þó að vísu minni hlutinn, geymist til stuðnings flugferðum síðar meir.

Ég vildi með þessum fáu orðum aðeins hlaupa í skörðin fyrir hv. frsm., sem er hér ekki viðstaddur í svipinn, en sem að sjálfsögðu hefir meira til brunns að bera í þessum efnum heldur en ég og ýmsir aðrir, sem um þetta ræða.

Pétur Ottesen: Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa látið þessi gögn, sem honum var svo tíðrætt um, fylgja við þessa umr. Hér er nefnilega um nýmæli að ræða, sem gengur út á að skattleggja sérstakan atvinnuveg landsins, síldveiðina. Áður en að því ráði er hnigið, virðist einsætt að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna og leggja þau fram. Ég vil þess vegna ítreka þau tilmæli mín til hæstv. ráðh., að hann leggi þessi gögn fram við 3. umr., svo að mönnum gefist kostur á að sjá þau.

Hv. 1. þm. S.-M. mælti gegn tveim atriðum í ræðu minni. Í fyrsta lagi því, að þetta kæmi sérstaklega hinum stærri skipum að haldi. Nú voru það alls ekki mín orð, að þetta kæmi hinum stærri skipum að haldi, heldur hinum hraðskreiðari skipum. Ég þykist vita, að hv. þm. sé svo kunnugur þessum málum, að hann viti, að hin hraðskreiðari skip eru fyrri á vettvang en hin hægfara. Hinu er minna undir komið, hvort skipin eru stór eða smá.

Þá vildi hv. þm. reyna að hrekja þau ummæli mín, að síldarleit kæmi að litlu haldi, er stormur væri og bára. Vitnaði hann til reynslu Norðmanna í þeim efnum. Ég skal þá geta þess, að fjvn. átti tal um þetta við Geir skipstjóra Sigurðsson, sem er maður nákunnugur þessum hlutum, því hann flaug sumarið 1928 með „Súlunni“ og hafði því tækifæri til þess að athuga þetta. Hann var eindregið þeirrar skoðunar, að síldartorfur sæjust ekki úr flugvél, ef alda væri og vindur. Ég býst nú við, að erfitt muni reynast að hnekkja áliti og orðum þessa merka manns, og á þeim byggði ég þessi ummæli mín, og standa þau því algerlega óhrakin enn.

Hv. þm. sagði, að hugmyndin með þessu væri um leið sú, að skapa grundvöll undir flugferðir í framtíðinni. Hinsvegar hafa það verið höfuðrök þessa máls, að þessi skattur væri lagður á síldarútveginn eingöngu til þess að efla hann sjálfan. Ég verð þess vegna að taka undir með hv. þm. Vestm., að ef á að fara að skattleggja þessa atvinnugrein sérstaklega til þess að afla fjár til almennra þarfa, þá er það mjög varhugavert. Mér er ekki kunnugt um, hvaða áætlanir hafa verið gerðar um hæð skattsins. Vil ég biðja hv. form. n. að gefa mér upplýsingar um það, því ég geri fastlega ráð fyrir, að n. hafi gert sér einhverja grein fyrir því. Slíkt er vitanlega skylda hennar, svo að hún geti fremur horfzt í augu við sannleikann og byggt till. sínar og athuganir á skynsamlegum grundvelli.

Sveinn Ólafsson: Það eru aðeins nokkur orð til svars hv. þm. Borgf. Ég efast ekki um, að hann sé svo vel að sér í talnafræði, að hann geti margfaldað tunnufjölda síldarframleiðslunnar með 10 og séð þar af, hversu hár þessi flugferðaskattur muni verða. Að öðru leyti er óþarft að eyða tíma í umr. um þetta einfalda mál.

Pétur Ottesen: Ég vil benda hv. þm. á það, að það er villandi að margfalda síldarframleiðsluna með 10 til þess að gera sér grein fyrir hæð skattsins. Það er nefnilega ekki nema af nokkrum hluta síldarinnar, sem greiða skal gjaldið. Eða hefir hv. þm. ekki tekið eftir ákvæðinu í 3. gr., sem lýtur að þessu?

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 14:2 atkv.
3. gr. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ. ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, LH, MJ, MT, BSv.
nei: PO, HK, JS, JörB, MG.
Fjórir þm. (ÓTh, BSt, GunnS, JÓl) fjarstaddir.
4.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 184).

---

5. Sala lands undan Borg á Mýrum.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 7. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, 61, n. 62).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki þörf langrar framsögu í þessu máli. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Þó bera tveir nm. fram brtt. við frv., þeir hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn., þar sem þeir leggja til, að hreppnum sé óheimilað að endurselja landið eða hluta þess. Meiri hl. n. getur ekki fallizt á, að þörf sé að breyta stjfrv. í þessa átt og gera sig þannig að fjárhaldsmanni hreppsnefndarinnar í Borgarneshreppi, og leggur því til, að frv. stj. verði samþ. óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Það þarf ekki að mæla margt með brtt. á þskj. 61. Það liggur í hlutarins eðli, að það getur ekki verið tilgangur ríkisins með því að selja þorpinu landið, að það verði síðan selt einstökum mönnum. Ég tel því sjálfsagt, að tryggingarskilyrði verði sett fyrir því, að land, sem nú er ríkiseign, geti ekki komizt í brask. Það er gert með þessari till., og því er sjálfsagt að samþ. hana.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 61,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HJ, HG, IngB, JörB, LH, BSv.
nei: MG, ÓTh, PO, HStef, HK, JAJ, JÓl, JS.
Fimm þm. (SE, TrÞ, GunnS, HV, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 61,2 samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 75).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 75).
Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 161).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Ég get látið mér nægja fyrir hönd allshn. að vísa til nál. á þskj. 161. Í allshn. eru upplýsingar um það, að núv. presti hafi verið veitt prestakallið með því skilyrði, að þetta land yrði selt undan prestssetrinu, samkv. beiðni Borgarnesbúa, sem þurfa nauðsynlega að fá landið til afnota.
Allshn. skilur nauðsyn þorpsbúa í Borgarnesi til þess að eiga það land, sem kauptúnið stendur á, og leggur því einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

6. Samvinnufélög.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (stjfrv., A. 115).

Á 27. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Af því að hæstv. atvmrh. varð að bregða sér í burtu og getur ekki verið viðstaddur, vil ég fyrir hans hönd óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn. Um ástæðurnar til þess, að þetta frv. er fram komið, vísast til grg. frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 164).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Svo sem grg. þessa frv. ber með sér, er það fram komið eftir ósk Sláturfélags Suðurlands. Í grg. er skýrt frá ástæðunum fyrir því, að óskað er að frv. þetta komi fram. — Það er sem sé Sláturfélag Suðurlands, sem er samvinnufélag og óskar að geta starfað áfram á sama grundvelli. Það telur ekki fyllilega víst, að ákvæði þau, sem gilda í félaginu um kosningar til aðalfunda, séu í fullu samræmi við samvinnulögin, en hinsvegar telur Sláturfélag Suðurlands, að það fyrirkomulag, sem það hefir notað við þessar kosningar, hafi gefizt svo vel, að það vill ógjarnan breyta til. Færir það til m. a., að ef ætti að haga svo kosningum til aðalfundar samkv. því, sem samvinnulögin mæla fyrir, myndi af því leiða óþarflega marga fulltrúa, og af því aftur kostnað fyrir félagið, sem það telur ekki ástæðu til, en æskilegt að komast hjá.

Allshn. hefir athugað þetta frv. og getur ekki séð, að sú breyt., sem í frv. felst, geti á nokkurn hátt raskað þeim megingrundvelli, sem samvinnufélögin hvíla á, og leggur því einróma til, að frv. verði samþ.

Það er rétt að taka það fram, að stjórn Sambands samvinnufélaga Íslands hefir látið það uppi, að hún telji þessa breyt. vera réttmæta. Það sjá allir, að breyt. er ekki mikilsverð frá almennu sjónarmiði, en getur haft töluverða þýðingu fyrir Sláturfélag Suðurlands. Vona ég því, að hv. d. geti fallizt á þetta frv. og það nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 115).
Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

---

7. Sveitabankar.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um sveitabanka (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ekki er þörf á að fylgja þessu frv. úr hlaði með löngu máli, þar sem það er borið fram óbreytt frá því frv., er lagt var fyrir hv. Nd. í fyrra. — Nd. tók frv. þetta til meðferðar á þinginu í fyrra og gerði á því nokkrar breyt., sem einkum stefndu að því, að draga úr sjálfstæði og starfsemi þessara stofnana. Vil ég mælast til þess, að þessi hv. deild afgreiði frv. fljótt og vel, þannig að það verði gert að lögum í sem líkastri mynd og það nú hefir, en færi það ekki í það horf, sem það var komið í í fyrra hjá meiri hl. landbn. Nd. og þeirri hv. deild.

Legg ég svo til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til landbn.

Jónas Kristjánsson: Ég vil leyfa mér að stinga upp á því, að frv. þessu verði vísað til fjhn., vegna þess, að í landbn. er enginn bankafróður maður, en í fjhn. er einmitt um slíkan mann að ræða, svo sem kunnugt er.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hygg, að það sé ekkert höfuðatriði, til hvorrar n. máli þessu verður vísað. En ég vil þó benda á það, að á þinginu í fyrra fékk það alla sína afgreiðslu í landbn. Nd. Mér þykir því eðlilegra, að það haldi áfram að fá afgreiðslu hjá sömu n. Einkum ætti afgreiðsla frv. að verða fljótari og hægari í landbn. Nd., þegar frv. kemur þangað, þar sem um sömu menn mun vera að ræða þar að mestu leyti og var í landbn. þeirrar d. í fyrra. — Ég geri þetta þó ekki að neinu kappsmáli, en mér finnst vera eðlilegra og liggja beinna við að vísa frv. til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 7:4 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, 112, n. 113, 120).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi í fyrra af hæstv. stj. og afgr. frá Nd., allmikið breytt þó. Þegar hingað kom, var því vísað til landbn., svo sem lög gera ráð fyrir, en samkomulagið varð nú ekki betra en það, að n. tvístraðist í þrennt; komu þrjú nál. fram og vannst svo ekki tími til þess að afgreiða málið, og dagaði það að lokum uppi. Nú hefir sama n., sem skipuð er sömu mönnum og í fyrra, athugað frv. á ný, og má nú segja, að nokkuð hafi dregið saman með nm., því að nú kemur þó ekki nema eitt nál. frá allri n. Hinsvegar eru skoðanir nm. nokkuð skiptar um einstök atriði, t. d. vill hv. 5. landsk. fremur, að stofnanir þessar heiti lánsfélög, en hefir þó ekki gert það að ágreiningsatriði. Sömuleiðis flytur hv. 4. landsk. brtt. út af einu einstöku atriði í frv.

N. var á einu máli um það, að aðgangur sveitabænda til rekstrarfjár, einkum þeirra, sem eru fjarri bönkun-

um, er mjög takmarkaður og erfiður og telur þetta frv. heppilegt spor í áttina til að gera þeim greiðari aðgang að því. Ýmsir líta svo á, að varhugavert sé að gera bændum mjög greiðan aðgang að rekstrarlánum. Telja mikla hættu á, að þeir séu ekki almennt færir um að nota sér slík rekstrarlán til gagns, heldur geti þau oft og einatt orðið til nýrrar skuldasöfnunar.

N. er vel ljóst, að nokkur hætta getur verið hér á ferðum, en telur ekki rétt að láta hana vaxa sér mjög í augum. Vitanlega er mest undir því komið, að hæfir menn veljist til forstöðu sveitabankanna. Eitt er víst, að rekstrarlánafyrirkomulag líkt og hér er ráðgert hefir gefizt vel landbúnaðinum í sumum nágrannalöndum, t. d. Danmörku og Þýzkalandi, og virðist því tími til að reyna það einnig hér. Nefndin mælir því með því, að frv. verði samþ. í aðalatriðum. Aftur hefir hún leyft sér að koma fram með brtt. á þskj. 113, og þykir mér rétt að fara um þær nokkrum orðum.

Fyrri brtt. er við 4. gr. Er hún í tveim liðum; a-liður fer fram á að breyta a-lið 4. gr. frv. þannig, að í stað þess að hafa hámark félagatölu 30 manns, þá vill n. hafa þá 50. N. virðist æskilegt, að félögin yrðu ekki afarmörg og smá, heldur gæti komið til mála, þar sem tveir litlir hreppar liggja saman, að þeir hafi saman félag. Með þetta fyrir augum leggur n. til að breyta þessu ákvæði svo sem framar greinir.

Síðari liður fyrri brtt. á þskj. 113 er um að c-liður 4. gr. frv. orðist öðruvísi, þ. e. a. s. að inn í greinina bætist, að sveitabanka sé aðeins heimilt, en ekki skylt, að taka við innlögum frá mönnum, sem þó eru búsettir á félagssvæðinu, en ekki annarsstaðar. N. fannst viðurhlutamikið að svipta sveitabankana ódýru rekstrarfé, sem þeir kynnu að fá á þennan hátt, en vildi hinsvegar girða fyrir kapp og meting milli einstakra félaga um að fá sem mest innlánsfé, og fannst því rétt að takmarka það við félagssvæðið.

Þá er loks 2. brtt. á þskj. 113, um breyt. á 14. gr. frv. Vill n. láta orða 2. málsl. þeirrar gr. nokkuð skýrar. Í greininni segir svo:

„Lausafjárveð sveitabanka þarf eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts".

N. leit svo á, að hér væri átt við forgangskröfur samkv. 82. gr. skiptalaganna, og flytur brtt. til þess að það komi skýrt fram.

Ég sé svo enga ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu, fyrr en þeir, sem flytja brtt., hafa talað fyrir þeim. Annars var þetta mál ítarlega rætt í fyrra, og nægir að vísa til þingtíðindanna í þeim efnum. Ég vona svo, að hv. d. greiði fyrir framgöngu þessa máls eftir föngum og samþykki brtt. þær, sem ég hefi nú gert grein fyrir.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. hefir nú lýst afstöðu n. til þessa máls. Ég hefi þó ástæðu til að gera aths. við síðustu orð ræðu hans, þegar hann talaði um brtt. við 14. gr. Kvað hann n. vilja breyta henni á þann hátt, sem segir í nál. Þetta er þó alls ekki rétt, því að n. er klofin um þetta atriði, eins og sjá má af fyrirvara þeim, sem ég hefi gert við undirskrift mína. Hv. frsm. hafði því ekki leyfi til að segja meira en að meiri hluti n. (sennilega) stæði að brtt. á þskj. 113 við 14. gr. Enda segir þetta sig sjálft, þar sem ég flyt sérstaka brtt. um að fella 14. gr. burt. Þetta er í samræmi við nál. frá mér á síðasta þingi. Reyndar var frv. töluvert öðruvísi, er það kom frá Nd. í fyrra. Ég gerði grein fyrir því í nál. í fyrra, að ég teldi óheppilegt, að lausafjárveð sveitabanka þurfi ekki að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts. Með slíku ákvæði er vinnufólk bænda svift réttindum, sem bændur hafa sjálfir lögtekið, að þetta fólk skuli hafa. Kaup vinnufólks eru forgangskröfur, sem samkv. þessu frv. skulu víkja fyrir lausafjárveði sveitabanka. Samkv. brtt. b. á þskj. 113 skal lausafjárveð sveitabanka aðeins víkja fyrir forgangskröfum samkv. 82. gr. skiptalaganna, þ. e. a. s. jarðarfararkostnaði og þvílíku. Hvorttveggja þetta hefir í för með sér stóra réttindaskerðingu fyrir fjölda fólks í sveitum.

Önnur ástæðan er sem sé sú, að þetta rýrir lánstraust bænda. Ef þessi brtt. öðlast gildi, þá er óhjákvæmilegt, að

aðrir en sveitabankinn, t. d. sparisjóðir og kaupmenn og kaupfélög, sem víða eru aðallánardrottnar bænda, hljóta að kippa að sér hendinni. Því mun hér verða svarað til, að sveitabankinn komi í stað þessara lánardrottna með nægilega mikið rekstrarfé. En ég er ekki ennþá farinn að sjá, að þó að þessi félög verði stofnuð, geti það gengið svo langt, að bændur geti fengið þar öll þau lán, er þeir þyrftu, og yrðu þeir því eftir sem áður að leita til sparisjóða, banka, kaupmanna eða kaupfélaga. En þessi leið er þá í rauninni gersamlega, — eða a. m. k. að miklu leyti — lokuð fyrir þeim, sem berjast í bökkum. Ef þeir eru búnir að binda búfé sitt fyrir láni í sveitabanka, þá væru aðrir ófúsir á að lána þeim fé eða vörur. Því getur þetta orðið til mikils baga fyrir bændur sjálfa, að binda þetta svo við sveitabankann.

Ég legg því til, að 2. mgr. 14. gr. verði felld niður og get ekki fallizt á brtt. á þskj. 113.

Þá er annað atriði í þessari gr., sem líka spillir lánstraustinu. Ég skil ekki í, að það skuli standa þar, þótt ég hafi ekki gert brtt. við það. Það er lögtaksrétturinn á hendur félagsmanni. Mér skilst, að það sé til þess að gera alla innheimtu auðveldari, en það er líka, eins og mgr. næsta á undan, til þess að rýra möguleikann fyrir bændur að fá lánsfé. Því þegar þessi lánardrottinn hefir svo miklar tryggingar og auðvelda aðstöðu til innheimtu, þá verða aðrir varfærnari. Og þetta, sem hér um ræðir, bitnar ef til vill mest á þeim, sem fátækastir eru, því eftir lögunum er sennilegast, að lánsfélagið skipti lánsfénu niður á félagsmenn eftir því, sem hver og einn getur staðið undir. Það getur þá farið svo, að þeir ríkari skeri við neglur sér það, sem þeir fátækari fá. Þótt ég hafi gert þessar aths. við frv., þá er þetta þó ekki svo að skilja, að ég vilji bregða fæti fyrir frv. En ég vil jafnframt benda á, að jafnhliða þessu máli þarf að ýta áleiðis þeirri lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, sem lengi hefir verið á döfinni hér á Alþingi, lánsstofnun, sem oft hefir verið óskað eftir og fluttar margar till. um. Ég mun við þessa umr. fylgja frv., en náttúrlega tek ég það til yfirvegunar síðar, við næstu umr., hversu langt ég muni geta gengið, ef þessar till. verða felldar, sem ég hefi gert að umræðuefni.

Björn Kristjánsson: Ég leyfði mér í fyrra að koma fram með nokkrar brtt. við þetta frv. og að gera grein fyrir þeim þá. En þar sem hæstv. stj. hefir ekki tekið þær að neinu leyti til greina, kem ég ekki fram með þær í þetta sinn óbreyttar, heldur í nýju móti, ef það gæti leitt til samkomulags.

Fyrsta brtt. á þskj. 120 gengur út á það, að fella burtu samábyrgðarlögskylduna, því hún upphefur sjálfsákvörðunarrétt félagsmanna yfir eignum þeirra, og það eins lengi og þeir eru félagar eða lögin eru í gildi. Félagi er því ekki lengur fjár síns ráðandi að lögum, sem undirgengst slíka samábyrgð eða gengur í slíkan félagsskap, því hann er að lögum skyldur til að borga uppáfallandi, ótilteknar upphæðir fyrir vanskilamenn félags síns, og ég geri ekki ráð fyrir, að eintómir efnamenn lendi í slíkum félagsskap, enda er sýnilegt, að frv. ætlast ekki til þess, því þar er gert ráð fyrir að veðsetja allt lausafé sitt fyrir slíku láni.

Sá maður, sem gengur inn í sveitabanka, hann gengur ekki inn í samvinnufélag, þar sem hver sem áður heldur sjálfstæðum fjárráðum sínum, heldur gengur hann inn í sameignarfélag, þar sem hver félagi, sem efni hefir, missir fjárráð sín að meira eða minna leyti. Þessu veldur sá aðferðarmunur, að ganga í félag með lögþvingaðri samábyrgð samkv. landslögum, sem staðið geta um áratugi, eða að ganga í félag, þar sem efnuðu mennirnir, t. d. í einum hreppi, ganga af fúsum vilja og vel yfirlögðu ráði í samábyrgð frá ári til árs, eins og gerðist áður en lögin um samvinnufélög gengu í gildi og þau kaupfélagalög, sem samvinnufélagalögin byggðust á.

Það er og alveg óþarfi að láta landslögin fyrirskipa neitt um samábyrgð í viðskiptamálum. Það hefir hvert félag fyrir sig frjálsræði til að kveða á um, enda veit ég ekki til, að í landslögum nokkurs lands sé slík samábyrgð fyrirskipuð, nema á Íslandi. Samvinnufélagalögin hafa innleitt þetta. Þess vegna legg ég til, að þetta samábyrgðarákvæði falli burt.

En fyrir utan það, sem ég hefi nú sagt, gefur slíkt samábyrgðarlagaákvæði alveg ranga hugmynd um, hvað hugtakið samábyrgð þýðir. Lagaákvæði þetta segir beinlínis, að allir félagsmenn skuli standa í samábyrgð, allir fyrir einn og einn fyrir alla fyrir skuldbindingum félagsins. Það eitt veiti fulla tryggingu, að öll höfðatalan sé í ábyrgðinni.

En slíkt gefur alveg ranga hugmynd um, hvað samábyrgð hefir að þýða. Það er að tryggja skilvísa greiðslu skuldar. Þá tryggingu veita aðeins efnamennirnir í hverjum hreppi, sem eiga eignir að mun umfram skuldir. Hinir geta vitanlega ekki komið til greina sem ábyrgðarmenn, sem lítið eða ekkert eiga. Og hvernig getur löggjafinn þá farið að valdbjóða þeim að ábyrgjast skuldagreiðslur? Því þótt samvinnufélagalögin frá 1921 geri það, þá er það eins og hver önnur meinloka, sem enginn lætur sér detta í hug að fara eftir, ekki einu sinni þeir, er börðust fyrir samþykkt þeirra laga. En þrátt fyrir það hefir fjöldi manna í landinu glæpzt á þeim lögum, í þeirri trú, að þau séu einhvers virði. Og hvað er það, er alþýða manna hér á landi getur ekki glæpzt á, ef um fjármál og ímyndaðan hag er að ræða?

Ég legg því til, að c-liðurinn falli burt, sem alóþarft og skaðlegt ákvæði, því bæði geta sveitabankar skapað sér samábyrgð heimafyrir, ef þörf er á, og þá á þann hátt, sem við á, og svo getur banki sá eða sparisjóður, sem þeir skipta við, áskilið samábyrgð efnuðustu mannanna fyrir láni, þegar ástæður eru til og aðrar framboðnar tryggingar reynast ónógar.

Kem ég þá að annari brtt. Hún er við 4. gr. e. Hér (þ. e. í frv. eins og það er) er sveitabönkum heimilað að reka almenn sparisjóðsviðskipti, jafnt við utanfélagsmenn og félagsmenn.

Hér er sýnilega verið að rænast eftir sparifé vinnuhjúa og ómyndugra, sem nú leggja uppsparað fé sitt í sparisjóði eða banka.

Það er öllum vitanlegt, að það, sem atvinnuvegir þjóðarinnar nú mestmegnis lifa á, er sparisjóðsfé, sem alþýðan í landinu hefir safnað upp á mörgum árum, og sem nú mun vera nálægt 40—50 millj. kr.

Það hvílir því hin ríkasta skylda á Alþingi að láta slíkt fé njóta hinnar ýtrustu verndar og tryggingar fyrir því, að það fari ekki forgörðum fyrir handvömm eða sviksemi einstakra manna eða stofnana.

Sparisjóðslög vor frá 1915 hafa gert tilraun til að veita þessa vernd, en hún er hvergi nærri fullnægjandi. Væri það verkefni fyrir hæstv. stj. að finna betri leið í þessu efni en verið hefir, og vil ég þar benda henni á löggjöf Svíaríkis í þessu efni. Eins og kunnugt er, hafa 3 sparisjóðir kollsiglt sig. Þarf því frekar að auka tryggínguna fyrir sparifjáreigendur en veikja hana. En það tel ég gert með frv. þessu. Eða hvaða trygging felst í því, þótt 10—50 bændur í einum hreppi hói sig saman og stofni sveitabanka og velji sér stjórn úr sínum hópi, til að útvega sér rekstrarfé? Hugurinn mun fyrst og fremst verða bundinn við það, að ná í fé, en tryggínganna minna gætt, nema á stöku stöðum. Yfir höfuð eru bændur hér á landi litlir fjármálamenn, sem von er. Þeir eru, enn þann dag í dag, vanastir við það, að láta aðra reikna fyrir sig, enda er láns- og vöruskiptaverzlun enn í fullum blóma, einkum í sveitum. Það gerir hið óheilbrigða viðskiptafyrirkomulag, sem byggt er á skipulagsgrundvelli sósialista, sem margir bændur hafa enn ekki komið auga á, en ekki hreinum og frjálsum viðskiptagrundvelli.

Ég legg því til, að þessi liður falli burt. Það er nóg, að samvinnufélögin hafi þennan rétt. Hann er heldur ekki næg trygging fyrir sparifjáreigendur bankans.

Þá kem ég að 4. gr. f-lið. Félagsmaður á ekki að geta sagt sig úr þessu félagskríli með minni fyrirvara en gilda í svonefndum samvinnufélögum, en eins og kunnugt er, getur sá tími orðið 3 ár. Og engin trygging er sett fyrir því, að úrsegjandi fái innieign sína greidda innan hæfilegs tíma, eða yfir höfuð nokkurntíma. Á þessu er ráðin nokkur bót með brtt. 1½ árs fyrirvarinn ætti að vera nægur.

Þá kem ég að 4. brtt., að 11. gr. falli niður. Er það afleiðing af brtt. við 4. gr. e.

Þá kem ég loks að brtt. við 14. gr.,

sem nefna mætti byltingagrein. Þar er öllu snúið öfugt við gildandi viðskipta- og réttarvenju. Þar er sveitabankastjórninni heimilað að gera fjárnám í eigum skuldara án dóms og laga. Sveitabankastjórnin er gerð að hæstarétti, án þess nokkurri vörn verði komið við. Og ekki er stjórn félagsins gerð ábyrg fyrir gerðir sínar, eins og t. d. veðdeild, ef hún selur veð án undangengins dóms. Og ekki er sveitabankastjórninni skylt að auglýsa uppboðið. Hún getur því féflett einstaklinginn eins og hún vill. Og salan getur farið fram án þess aðrir skuldheimtumenn fái að vita um það, sem þó, ef til vill, vildu leysa skuldarann út, ef þeir fengju að vita um þvingunaruppboðið, því engin ákvæði eru um slíkt í frv. Það væri ekki vandgert að koma pólitískum andstæðingi sínum á kné, ef þess grein yrði að lögum. Og ekki er vandgert að flækja alþýðumönnum inn í slíkan félagsskap. Svo óvar er almenningur um sig, þegar pólitískir braskarar eru á ferðinni.

Þá ræðst þessi grein á skiptalögin frá 1878, þar sem kröfur sveitabanka eiga að ganga fyrir öllum öðrum kröfum í þrotabúi félagsmanns.

Útfararkostnaður hefir jafnan verið talinn fyrsta forgangsskuld í þrotabúi. Hvað segja sveitarstjórnirnar um það, að eiga nú að borga þessa skuld?

Skiptakostnaður hefir verið næsta forgangsskuldin til ríkissjóðs. Er ríkisstj. albúin til að gefa sveitabönkum, sem eru aðeins einkaviðskiptafyrirtæki, þennan kostnað?

Þar næst kemur fé ríkissjóðs, fé kirkna, sveitarfélaga, stofnana og ómyndugra fé, sem sá gjaldþrota kann að hafa haft undir höndum. Á líka að gefa sveitabönkunum þetta fé? Svo segir lagagreinin. Og hvað segja bændur um kaup og matarverð vinnuhjúa sinna, sem nú er forgangsskuld, eins og er, en sem enga tryggingu eiga nú að fá fyrir kaupi sínu.

Við erum því miður ekki þeir fjármálamenn eða sú stærð, að okkur geti tekizt slysalaust að kippa fótunum undan fjármálalöggjöf þeirri, sem hér hefir lengi gilt og sniðin er eftir fjármálalöggjöf nágrannalandanna, sem lengri reynslu hafa en við. Þess vegna geri ég það að aðaltill. minni, að 14. gr. verði felld í burt, en sem varatill., að sveitabönkum sé heimilt að taka lausafé manna sem sjálfsvörzluveð, á líkan hátt og gert er ráð fyrir í lögunum frá 1927, um sjálfsvörzluveð í fiski, sem bankarnir hafa mjög notað síðan og hefir veitt mikla fyrirgreiðslu, þótt sú löggjöf sé æðihæpin og vel megi misbrúka hana.

Tryggasta leiðin væri að reisa við aftur viðskipta-„móral" landsmanna, sem var svo góður í minu ungdæmi, að enginn þurfti að veðsetja kindur sínar eða kýr fyrir viðskiptaskuld. Það væri æskilegt, að hægt væri að reisa við slíkan viðskipta-„móral" og gera hann svo góðan sem hann var.

Ég hefði haft löngun til að koma fram með fleiri brtt., en læt þetta nægja í bráð.

Að lokum vil ég geta þess, að ég ætla mér ekki að eiga í neinu þrefi um þessar brtt., né um það, sem ég hefi sagt, en vísa til dómgreindar þeirra manna, sem lesa kunna umr. um þetta á sínum tíma.

Ég sé, að n. er sameinuð nú og flytur nokkrar brtt. á þskj. 113, sem eru heldur til bóta, en hvergi fullnægjandi. Því þótt nú væri í frv., að aðeins skyldi taka sparisjóðsfé af innanfélagsmönnum, þá er örðugt að vita, hvort það verður ekki misbrúkað. Eða hver ætti að hafa eftirlit með því, að ekki yrði farið út yfir það strik? En ákvæði, sem er þannig, að ekki er hægt að hafa eftirlit með því, að því sé hlýtt, er þýðingarlaust og til engra bóta.

Það er til dálítilla bóta hjá n., að vilja láta 82. gr. skiptal. standa, en þar stendur, að útfararkostnaður, skiptakostnaður og skiptalaun sé forgangsskuld. Annars er brtt. þýðingarlítil og alls engin „princip"-breyting.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. landbn. fyrir skjóta afgreiðslu þessa frv. og láta í ljós ánægju mína yfir því, að n. er meira sammála um þetta en í fyrra.

Ég get fallizt á brtt. á þskj. 113; þær eru mjög meinlausar og fjalla ekki um neitt aðalatriði. En hv. 4. landsk. hefir borið fram brtt. á þskj. 112 um að 2. málsgr. 14. gr. falli niður. Þessi hugsun

hv. þm. minnir dálítið á deiluna um veð sjómanna, en ég vil benda hv. þm. á, að á þessu sviði er miklu minna um að gera en um veð sjómanna, eins og hann mun sjá á frv. þess efnis, sem fram kemur innan skamms, þó að ég hinsvegar fallist alveg á þá skoðun hv. þm., að ekki megi þrengja kosti sjómanna í þessu efni. En ég álít, að ákvæði 2. málsgr. 14. gr. geti hjálpað þeim, sem efnaminnstir eru, til að fá fé til þess að geta haldið sínum atvinnurekstri gangandi. Það er afarsjaldgæft, að kaup sé ekki goldið skilvíslega hjá bændum, og þess vegna mundi þetta ekki reka sig á hagsmuni verkafólks.

Hv. þm. sagði, að þetta ákvæði yrði til þess að rýra lánstraust bænda. En ég álít, að í reyndinni verði það einmitt til að auka lánstraust bænda, þ. e. a. s. gera þeim mögulegt að fá lán í sveitabönkunum. Hv. þm. sagði, að þetta þrengdi kosti fátækasta fólksins, en ég held, að það geri hið gagnstæða.

Hv. þm. var að lýsa eftir lánsstofnun fyrir smábátaútveginn. Ég geri ráð fyrir, að þingmenn Framsóknarflokksins í sjútvn. í Nd. beri fram frv. um slíka lánsstofnun, sem vonandi verður afgr.

Þá kem ég að brtt. hv. 1. þm. G.-K. á þskj. 120. Hv. þm. fylgdi þeim úr hlaði með allrækilegri ræðu, en hann sagðist ekki vilja eiga í neinu þrefi út af þeim, og ég get tekið alveg í sama streng. Ég vil ekki eiga í þrefi við hv. þm., þó að ég sé honum andstæður um allt, sem hann hefir lagt til þessara mála. Með þeirri skoðun, sem hann hefir á samvinnumálunum, er ekki annars að vænta. En út frá minum skoðunarhætti hlýt ég að óska þess, að hv. d. fallist ekki á brtt. á þskj. 120.

Um 14. gr. urðu þeir loks sammála, hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. G.-K. Hv. 1. þm. G.-K. kallaði greinina byltingagrein. Ég óska hv. 4. landsk. til lukku með að hann skuli vera samherji hv. 1. þm. G.-K. um að koma fyrir kattarnef byltingagrein.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hlýleg orð í garð n., þó að hún hafi ekki átt þau skilið, af því að afgreiðsla þessa máls hefir dregizt lengur en skyldi.

Ég ætla að víkja að þeim brtt., sem fram hafa komið. Hv. 4. landsk. sagði í sinni ræðu, að ranghermt væri hjá mér, að n. flytti síðari brtt. á þskj. 113. Ég hefi kannske ekki orðað þetta svo glöggt sem skyldi, en mér finnst mega segja, að n. flytji till., þar sem hún stendur með nál. nefndarinnar. Hv. 4. landsk. varð meira að segja þetta sama á í sinni ræðu. Hann kallaði brtt. brtt. frá landbn. Hv. þm. vildi reyna að rökstyðja brtt. sína á þskj. 112. Ég held, að ekki sé brýn ástæða fyrir hann að flytja þá till. Hann getur áreiðanlega ekki bent á mörg dæmi þess, að verkafólk hafa orðið fyrir vanskilum af sveitabændum, og því síður verður það, ef frv. nær fram að ganga, því að lánin úr sveitabönkunum verða að líkum fyrst og fremst tekin til greiðslu kaups til verkafólks. Hinsvegar rýrir brtt. það veðhæfi, sem þetta lausafé hefir. Ég er hissa á því, að hv. 4. landsk., sem vill bera hag fátæklinganna mjög fyrir brjósti, skuli ekki líka vilja líta á hag þeirra fátæklinga, sem eru bændur. Þeir hafa litla tryggingu að bjóða nema lausafé, og ef þess veðhæfi er rýrt, eru þeir illa settir. Ég vona því, að hv. d. felli till. hv. 4. landsk.

Þá kem ég að till. hv. 1. þm. G.-K. Þær eru ekki stórvægilegar núna á móts við það, sem þær voru í fyrra, og mun hv. þm. hafa slakað til af samkomulagshug, og það er auðvitað gott og blessað. Í fyrra ætlaði hann hvorki meira né minna en að útiloka alla samvinnumenn í landinu frá því að vera í slíkum félagsskap, sem hér er um að ræða. Hv. þm. leggur til, að c-liður 4. gr. falli burt, en hann er um, að félagsmenn sveitabanka beri sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum hans. Mér er nú alveg óskiljanlegt, hvernig hv. þm. getur dottið í hug að koma með svona till. Ég sé ekki annað en samábyrgðin sé eina tryggingin, sem lögin gera ráð fyrir, að lánsstofnanir þær, er lána sveitabönkunum rekstrarfé, fái fyrir lánum sínum, og hvaða vit er þá að kippa henni burt?

Ég sé heldur ekki, hvaða trygging þessi rekstrarlánafélög geta sett aðra en

samábyrgðina, enda er hún í flestum sveitum fullnægjandi. Hvaða tryggingu ætlast hann til, að lánsstofnunin hafi, ef þetta er fellt niður? Hv. bm. minntist á, að hægt væri fyrir félögin sjálf að setja sér ákvæði um þetta atriði. Jú, það er hægt, en það er ekki víst, að þau geri það, og þá er ekki um neina tryggingu að ræða. Það er fullmælt, að þessari ábyrgð sé lögþvingað upp á menn. Það þarf enginn að vera í félagsskapnum frekar en hann vill. Annars lítur hv. þm. of tortryggnum augum á samábyrgðina. Hann getur ekki litið öðruvísi á hana en svo, að mennirnir gangi alveg í fullkomið sameignarfélag. En þeir, sem ganga í félögin, bera bara ábyrgð á ákveðnum skuldbindingum, þ. e. skuldbindingum, sem félagsstjórnin tekst á hendur fyrir félagið á löglegan hátt, en vitanlega ber aftur á móti ekki félagsmaður ábyrgð á skuldum eða skuldbindingum annara félagsmanna gagnvart öðrum en félaginu sjálfu. Annars get ég ekki stillt mig um að minnast á það, að þessi samábyrgð virðist einmitt, að dómi góðra fjármálamanna erlendra, vera hreinasta lyftistöng landbúnaðarins. Mér hafa borizt „Finanstidende“ frá 29. jan. þ. á., og þar sé ég, að landbúnaðurinn danski býr við svipað lánsfyrirkomulag eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Og lánsskilyrðin eru að dómi blaðsins, sem er alviðurkennt mjög merkt fjármálarit, miklu betri en í öðrum löndum, þar sem þetta fyrirkomulag er ekki notað. Þess vegna getur landbúnaðurinn betur borgað sig og svarað arði en í öðrum löndum. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp dálítinn kafla úr þessari merku grein:

„Sú hugmynd, sem lánsfélög vor byggjast á, er samábyrgðin og sjálfstjórnin. Sjálf tryggingin, veðið, var og er að vísu svo tryggt, að áhættan við rýmkun á ábyrgð félagsins hlýtur að verða lítil, en áður en þetta var reynt í framkvæmdinni, gat það þó verið mjög vafasamt. Var það ekki áhætta fyrir efnaðan bónda, að bindast hinum efnaminni með samábyrgð, og gat slík sameining hins betra og hins lakara ekki gert það erfitt að fá áheyrn hjá lánveitendum? Spurningin um að koma fyrir sjóðskuldabréfunum hlaut einnig að vera álitin nokkuð vafasöm.

Hinn góði viðgangur lánsfélaganna var byrjun á viðreisn danska landbúnaðarins á grundvelli samábyrgðarinnar, sem er innsti kjarni þess. Þegar séð var, hvernig það gekk á allrahættulegasta sviðinu, peningasviðinu, lá það nærri, að halda áfram í aðrar áttir. Kaupfélögin mynduðust, og smámsaman ruddi sambands- og samábyrgðarkerfið sér til rúms bæði á sviði framleiðslu og neyzlu“.

Þetta sýnir ljóslega, hvernig samábyrgðin hefir gefizt með Dönum, og ég hygg, að reynslan verði svipuð hér. Hv. 1. þm. G.-K. er alltaf að hrópa upp um þessa ógurlegu samábyrgð. En það eru bara stóryrði. Hv. þm. sagði í fyrra, að samvinnufélögin skulduðu miklu meira en þau ættu fyrir. Forstjóri Sambands ísl. samvinnufél. hefir nú nýlega birt opinberlega skýrslu um hag samvinnufélaganna í landinu, sem ég hygg, að erfitt verði að vefengja. Samkv. henni eiga samvinnufélögin a. m. k. 5 millj. umfram skuldir. Þar sem svona er nú ástatt, sýnist samábyrgð samvinnufélaganna ekki svo afarægileg. með því þau eiga sjálf ekki svo lítinn hluta af því fé, sem þau þurfa til rekstrar og alls er um 7 millj. króna (viðskiptavelta erl. vara).

Hv. þm. sagði, að Landsbankinn hafi orðið að gefa samvinnufélögunum eftir miklar skuldir. En þó að hv. þm. leiti með logandi ljósi, finnur hann ekki meira en á annað hundrað þús. kr., sem einstökum félögum hefir verið gefið eftir alls. Sambandinu hefir vitanlega ekki verið gefinn eftir einn eyrir, enda mun það vera með beztu viðskiptamönnum Landsbankans, auk þess sem það hefir trygg bankaviðskipti ytra.

Eftirgjafirnar til samvinnufél. eru því mjög litlar, ef borið er saman við marga aðra. Ég sé því ekki, að hv. d. þurfi að hika við að láta þennan c-lið standa.

2. brtt. hv. þm. er um það, að e-liður 4. gr. falli burt. Hv. þm. viðhafði þau orð, að með honum væri verið að rænast eftir sparifé vinnhjúa og ómyndugra manna. En þetta er nú ofmælt, eins og fleira hjá hv. þm. Það yrði a. m. k. aldrei tekið nema frá mönnum, sem eru búsettir á félagssvæðinu. En þeir hafa

vanalega þann kunnugleik á öllum högum og háttum í kringum sig, að lítil hætta er á, að þeir stofni fé sínu í neinn voða. Enda er ekki aldeilis hættulaust að skipta við sparisjóði annarsstaðar, og meira að segja ekki við stóra banka. Það sýna atburðirnir, sem orðið hafa þessa síðustu daga. Hættan getur víða vofað yfir. En með því að láta féð standa, er opinn vegur fyrir stofnanirnar að fá ódýrt rekstrarfé.

3. brtt. hv. þm. er við f-lið 4. gr. Hún breytir að vísu ekki miklu, en ég verð að segja hv. þm., að það er sjálfsagt að tryggja það, að félagsmaður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum, sem hvíldu á félaginu, þegar hann fór. Annars skil ég ekki viðbót hv. þm. við þennan lið, að innan sama tíma skuli honum greidd innieign hans, ef hann á þá inni hjá félaginu, þar sem hann gerir ekki ráð fyrir neinu innlánsfé.

Ég gleymdi að geta þess viðvíkjandi e-liðnum, að mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að hv. þm. skuli vilja fella hann burt, því að í sínu eigin frv. frá 1928 gerir hann ráð fyrir, að lánsstofnunin megi taka við innlánsfé.

Um 14. gr. er hv. þm. nokkuð stórstígur, þar sem hann vill fella hana alveg burt. En eins og hæstv. forsrh. benti á, hafa bændurnir litla tryggingu að bjóða, nema lausaféð sé tekið gilt. Enda leggur hv. þm. til í varatill., að þetta geti gengið í eitt ár í senn, en hin ákvæðin vill hann láta falla niður.

Um forgangskröfurnar talaði ég um leið og ég svaraði hv. 4. landsk. En viðvíkjandi lögtaksréttinum skal ég taka það fram, að það eykur ákaflega mikið störf framkvæmdarstjórans, ef honum er kippt í burt. En það er um svo litlar upphæðir að ræða, að ekki getur talizt harkalegt, þó að lögtaksrétturinn sé látinn standa.

Jón Baldvinsson: Ég hefi ekki gert nema eitt atriði að umtalsefni, sem sé brtt. mína á þskj. 112. Ég verð að segja, að ekki hefir komið neitt nýtt fram, hvorki frá hæstv. ráðh. né heldur hv. frsm., sem hafi breytt þeirri skoðun minni, að 2. málsl. 14. gr. eigi niður að falla. Þeir segja, að ákvæði málsl. sé trygging fyrir sveitabankana og fátæklingar fái þá frekar lán, en ég er hræddur um, að í hverri sveit verði það fyrirfram ákveðið, hversu mikið þeir fá. Ég hugsa, að fátækustu bændurnir þurfi að leita eitthvað annað, ef þeir vilja fá lán. Og mér skilst, að ákvæðið um forgangskröfur spilli fyrir lánstrausti þeirra annarsstaðar.

Með þessu frv., ef að lögum yrði, fellur niður sá grundvöllur, sem var fyrir lánum einstakra bænda hjá kaupmönnum eða kaupfélögum, svo að hætt er við, að þessir lánardrottnar þeirra gangi hart að þeim, eftir að þeir hafa gengið í lánsfélögin. Þessi hlið veit beint að bændunum og hlýtur að valda þeim meiri eða minni örðugleikum.

Þá er það mjög viðsjárvert, að lausafjárveð sveitabankanna skuli eigi víkja fyrir forgangskröfum, eins og t. d. kaupgjaldi, í þrotabúi skuldunauts. Þó að þetta ákvæði komi að vísu ekki til greina almennt, heldur aðeins við þrotabú, sem t. d. getur komið upp vegna fráfalls hlutaðeiganda, er hér gengið á þann rétt verkalýðsins, sem með engu móti má rýra. Og þó að ég játi, að bændur standi yfirleitt í skilum við verkafólk sitt, geta þeir þó fallið frá eins og aðrir menn, og koma þá þessi óheilla-ákvæði frv. niður á þeim, sem hjá þeim hafa unnið, ef bú er tekið til gjaldþrotaskipta.

Um annað greinir okkur ekki á, mig og hv. frsm. Hann telur mig syndga á móti landbn. með því að greiða atkv. á móti annari brtt. n. Þó stendur í nál., að nm. hafi óbundnar hendur um brtt., ef fram komi, og tel ég mig því hafa fullan rétt til að greiða atkv. á móti ofanneíndri brtt., þar sem ég flyt sjálfur brtt., sem gengur í gagnstæða átt.

Björn Kristjánsson: Ég ætla mér ekki að fara að þjarka um þetta mál, en vil þó gera nokkrar aths. við ræðu hv. frsm.

Hv. frsm. las upp heillanga meðmælaromsu um dönsku lánsfélögin (Kreditforeninger) þessu frv. til stuðnings. Dönsku lánsfélögunum í sveit er þannig fyrir komið, að nokkrir stórbændur taka sameiginlega lán út á jarðir sínar,

og gefa út „obligationer“ til þess að geta fengið ódýr lán. Samábyrgð sú, sem sá félagsskapur byggist á, er alveg frjálst samkomulag, án þess landslög fyrirskipi neitt um hana, því dönsk lög fyrirskipa ekki neitt um, að menn skuli ganga í samábyrgð, ekki fremur en annara landa lög. Samanburðurinn á því ekki við.

Um það ákvæði frv., að sveitabankar hafi fjárnámsrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönum sínum, er það að segja, að með því eru allir þeir, sem í félögin ganga, sviptir þeirri réttarvernd, sem hingað til hefir verið lagt mikið upp úr, og sem öll siðuð lönd telja ómissandi.

Öðru í ræðu hv. frsm. finn ég enga ástæðu til að svara, en vísa til aðalræðu minnar.

Frsm. (Jón Jónsson): Hv. 4. landsk. sagði, að fátækir bændur mundu þurfa að fá sér lán annarsstaðar frá og að lánsfélögin mundu ekki nægja þeim. Þetta getur verið, en ég hygg þó, að lánsfélögin bæti mikið úr lánsþörf bænda, þó að þau ef til vill fullnægi henni ekki. Það má og vera, að aðrar lánsstofnanir dragi saman seglin, ef sveitabankarnir verða settir á stofn, enda kæmi það þá að minni sök. Annars mun það fara eftir veði og lánstrausti umsækjanda, hve mikið aðrar lánsstofnanir takmörkuðu lán við félagsmenn sveitabankanna.

Hv. 1. þm. G.-K. heldur því fram, að lánsfélögum í Danmörku sé ekki með landslögum fyrirskipað sama fyrirkomulag og hér er farið fram á, enda þótt þau hafi það. Þetta getur verið, en það hefir reynzt vel að hafa lánsfélögin í þessu sniði, og þar sem ætlazt er til, að ríkið veiti þeim ýms fríðindi, er ekki nema sjálfsagt, að ríkið setji sín skilyrði í staðinn. Og það er alls ekki rétt hjá hv. 1. þm. G.-K., að mönnum sé með l. skipað að ganga í þessi félög, heldur er mönnum gefinn kostur á rekstrarlánum, ef þeir gangi í félögin. Þá held ég, að það sé ekki heldur rétt hjá hv. 1. þm. G.-K., að tómir fasteignaeigendur séu í dönsku félögunum. Ég held, að þar séu margir, sem enga fasteign eiga.

Um lögtaksréttinn er það að segja, að þetta er allt í svo smáum stíl, að ekki ætti að saka. Hv. 1. þm. G.-K. kallaði félögin sjálfur kríli. (BK: Það má lána allt að 4000 kr.). Já, það eru nú öll ósköpin. Meira er það nú ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 113,1.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 120,1 felld með 8:4 atkv.

— 113,1.b samþ. með 8 shlj. atkv.

— 120,3 felld með 7:5 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 120,4 tekin aftur.

5.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 120,5.a felld með 7:2 atkv.

— 120,5.b. felld með 7:5 atkv.

— 112 samþ. með 7:6 atkv.

— 113,2 sjálffallin.

14. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 134).

Jón Þorláksson: Ég vildi aðeins geta þess, áður en þetta frv. verður afgr. úr þessari hv. d., að í því eru ýms atriði, sem ég og margir samflokksmenn mínir erum alls ekki ánægðir með. Sérstaklega vil ég taka það fram, að þetta frv. heimilar að ýmsu leyti áhættusamari starfrækslu en atvinnurekstrarlánafrv. það, sem flutt var á þinginu í hitteðfyrra.

Í grg. tilsvarandi stjórnarfrv., sem flutt var hér í fyrra, stendur, að frv. okkar sjálfstæðismanna um atvinnurekstrarlán hafi verið sniðið eftir erlendum fyrirmyndum. Þessi fullyrðing er algerlega gripin úr lausu lofti. Frv. okkar var sniðið eftir innlendri fyrirmynd, sem þegar er fengin reynsla fyrir. Þetta vildi ég hér með leiðrétta.

Enda þótt frv. þetta sé ekki þannig úr garði gert, sem æskilegt væri, og þótt það kunni að verða misnotað til áhættustarfsemi og fjárglæfra, þá ber ég það traust til sveitamanna, að þeir noti sér

ekki heimildir þessara laga til þess að láta leiðast út á fjárhagslega glapstigu. Sérstaklega tel ég, að gjalda beri varhuga við misnotkun heimildarinnar til víxillánastarfsemi, og er allt undir því komið, hversu hæfir menn veljast til forstöðu. Og í trausti þess, að þessara annmarka gæti ekki verulega í framkvæmdinni, þá mun ég greiða þessu frv. atkv. mitt úr deildinni.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég hefi lítið um þetta mál að segja eins og sakir standa. Frv. var lítilsháttar breytt við síðustu umr., sem ég tel heldur til skemmda en bóta. Þó álít ég það ekki skipta verulegu máli og vil því láta samþ. frv.

Það var að skilja á hv. 3. landsk., að hann teldi þetta frv. ganga feti framar í áhættustarfsemi, er lánsfélögunum væri heimiluð, heldur en frv. 1928. Ég verð nú að bera brigður á réttmæti þessarar staðhæfingar. Ég hygg, að hv. þm. eigi við ákvæði frv. um sparisjóðsstarfsemi. (JÞ: Víxilstarfsemi). Ég man ekki betur en í frv. 1928 væru ákvæði um sparisjóðsinnlög, og jafnvel um víxilstarfsemi líka. Auðvitað er áhættusemi þessara fyrirtækja einkum og sér í lagi komin undir því, hversu góðir menn veljast til forstöðu.

Þá gat hv. 3. landsk. þess, að í grg. stjfrv. í fyrra hefði staðið, að frv. um atvinnurekstrarlán, sem borið hefði verið fram 1928 af honum o. fl., væri sniðið eftir erlendum fyrirmyndum. Ég held nú, að þetta hafi verið nærri sanni, enda mátti jafnvel skilja það á ræðu eins flm. á síðasta þingi, að Raffeisenslögin þýzku hefðu verið höfð til hliðsjónar við samning frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 134).

Á 33. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, 182, n. 226, 242).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það er óþarfi að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. N. hafði ásett sér að gera sem minnstar breyt. á frv., svo að ekki þyrftu að verða miklar deilur um það og að það gæti nú orðið afgr. af þinginu.

Aðallega eru það tvær breyt., sem n. hefir gert við frv., og skal ég lítillega minnast á þær.

Fyrsta brtt. er við 7. gr., og fer hún fram á það, að enn tryggilegar sé búið um það, að ekki safnist skuldir frá ári til árs, og einmitt strax í byrjun séu reistar skorður við, að skuldir safnist.

Þó að ýmsum nm. þætti slæmt að geta ekki fylgt því, að sveitabankar lánuðu til hinna dýrari jarðyrkju- og heyskaparverkfæra, þótti n. samt rétt að nema það ákvæði úr frv., því að þar er gert ráð fyrir, að lánið megi standa allt að 5 árum. Þar að auki er sennilegt, að einstaklingar geti fengið slíkt lán úr bústofnslánadeild Búnaðarbankans. N. þótti viðsjárvert að leyfa, að lán væru framlengd um svona langan tíma, og leggur því til, að þetta hverfi úr sögunni.

Þá kemur n. með till. um það, að hver félagsmaður sé skuldlaus a. m. k. einu sinni á ári. Félögin ráða því þá auðvitað sjálf, hvenær sá gjalddagi er.

Þá vill n. setja ákvæði um, að það megi víkja þeim manni úr félaginu, sem sýnir vanskil. Þó getur félagsstjórnin liðkað til í sérstökum tilfellum, t. d. ef maður hefir notað lán sitt til að kaupa heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar eða rakstrarvélar. Þá gæti það orðið að samkomulagi milli stjórnar sveitabankans og lántakanda, að lánið mætti standa lengur en eitt ár, því slík verkfæri borga sig ekki á einu ári; og þegar um skilamenn er að ræða og gott veð, þá ætti það ekki að vera nein hætta, en það verða sjóðstjórnir að meta. Eins er það, ef veik-

indi koma upp og maður verður að kosta miklu til læknishjálpar, þá gæti það verið mjög óréttlátt að reka félagsmann úr félaginu fyrir það, að hann getur ekki staðið í skilum það árið vegna svo ófyrirsjáanlegra orsaka. Með þessu höfum við þannig viljað lina aðalákvæði greinarinnar, sem fljótt á litið virðast vera ærið hörð.

Ég vona, þegar hv. þdm. hafa heyrt, hvaða skilning n. leggur í frv. og þessar brtt., að till. hennar verði teknar til greina.

Þá skal ég líka geta þess, að n. hefir átt tal við bankastjóra Búnaðarbankans um þetta, og þeir voru eindregið því fylgjandi, að það væri sett sem aðalregla, að félagar væru skuldlausir einusinni á ári.

Þá er ein brtt. frá n., sem einnig er til frekara öryggis, en það er um veðin. Það má búast við því, að menn í sveitum hafi oft ekki annað veð fram að bjóða en lausafjárveð, og því er nauðsynlegt, að sá veðréttur sé tryggður sem bezt fyrir bankann. Í frv. var upphaflega það ákvæði, að lausafjárveð þyrfti ekki að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts, en það var fellt úr í Ed. En bankastjórar Búnaðarbankans álitu, að þetta ákvæði ætti að vera í frv. Því hefir n. komið með brtt., sem er lík því, sem frv. var upphaflega, þannig, að þessi veð víki ekki fyrir öðru en forgangskröfum samkv. 82. gr. skiptalaganna, nr. 3, 12. apríl 1878.

Ég held, að óþarfi sé að orðlengja þetta meira. Það er öllum ljóst, hve nauðsynlegt það er, að þessi veð séu vel tryggð fyrir bankann, svo að hann verði almenningi að notum.

Þá er 3. brtt., sem er aðeins um staðfestingu frv., ef það verður að lögum. N. þótti rétt, þar sem Búnaðarbankinn tekur nú þegar til starfa, að einnig væri nú þegar hægt að starfrækja þessa sveitabanka.

Um aðrar brtt, sem við frv. eru, ætla ég ekki að tala, fyrr en flm. þeirra hafa mælt fyrir þeim.

Héðinn Valdimarsson: Ég get ekki fallizt á eina af þeim brtt., sem hv. frsm. mælti nú fyrir, því að eftir henni verður það ekki nema útfararkostnaður og skiptakostnaður, sem hefir forgangsrétt fram yfir lán út á bústofn. Þessi lausafjárveð koma til að vera réttlhærri en jafnvel fasteignaveð. Skattar til ríkissjóðs, kröfur vegna fjár ómyndugra og verkalaun vinnufólks, sem samkv. gildandi skiptalögum er nokkurnveginn tryggt sem forgangskröfur við skipti, koma eftir þessari brtt. til að vera réttlægri en lánin út á bústofninn, og er það sannarlega óeðlilegt og ranglátt.

Ég veit, að sveitamenn greiða verkafólki skilvíslega yfirleitt, en þó er það ekki sjaldan, að krefja verður bændur um ógoldin verkalaun í sveitum. Ég þekki það vel sem formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, að verkafólk þarf oft að leita til mín til að krefja bændur um kaup sitt. Ég er því á móti þessari brtt., þar sem ekkert annað er, sem tryggir rétt þessara manna, því að eins og kunnugt er ná lög um greiðslu verkakaups ekki til sveita eins og sjávar.

Halldór Stefánsson: Ég hefi látið það áður í ljós við umr. um þetta frv., að ég legg ekki eins mikið upp úr nauðsyn og gagnsemi þess og margir aðrir. Það er ekki svo að skilja, að ég ætli að halda á móti frv., en mér þykir ekki vera svo mikil þörf á þessum lánum, sem flestum öðrum, vegna þess að ég þekki það ekki, að bændur, sem standa í skilum með slík lán, eigi erfitt með að fá rekstrarlán. Þvert á móti er oft keppzt um að veita þeim slík rekstrarlán. Gagnið af þessum lánum er einnig vafasamt, þar sem þau, vegna hinna tilskyldu milliliða, hljóta að kosta jafnmikið og kannske meira en þau samskonar rekstrarlán, sem menn til þessa hafa haft.

Þó að brtt. mínar á þskj. 182 séu nokkuð fyrirferðarmiklar, geta þær varla talizt yfirgripsmiklar. Þær sem sé byggjast allar á einni höfuðbreytingu, sem fer fram á, að bændur geti fengið bústofnslán með líku fyrirkomulagi og rekstrarlán þau, sem frv. heimilar.

Það er svo með marga bændur, að þá vantar tilfinnanlega hagkvæm lán til bústofnskaupa, en eiga þess lítinn kost að geta fengið þau, fyrr en ef það yrði nú, þegar bústofnslánadeild Búnaðarbank-

ans tekur til starfa. Brtt. mínar fara sem sagt fram á það, að þeir milliliðir, sem sveitabönkunum er ætlað að nota, megi veita bústofnslán alveg eins og rekstrarlán. Jafnframt þessu geri ég ráð fyrir því, að þeir, sem vilja ganga í félagsskap til að fá bústofnslán, séu háðir sömu reglum og þeir, sem vilja fá rekstrarlán. Mér þykir fyrir því, að hv. landbn. skuli ekki hafa tekið brtt. mínar til athugunar, jafnmikilsvert og nauðsynlegt sem þetta er. Ég minnist þess, að þegar ég bar fram í fyrra till. svipaðar þessum að efni til, tók hæstv. forsrh. þeim mjög líklega og hét að taka þær til athugunar, og því bjóst ég satt að segja við, að hann mundi taka þetta atriði til athugunar, áður en þetta frv. var lagt fyrir þingið nú. Vera má, að hann hafi gert það, en hann hefir þá ekki getað fallizt á það, eða fundið eitthvað meira athugavert við það en hann lét uppi í fyrra, en það mun að líkindum verða upplýst síðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. meira. Þær eru allar í sambandi hver við aðra og allar sprottnar af þessu, að ég vil að greitt sé fyrir bændum að fá bústofnslán, sem ég álít þeim ennþá nauðsynlegri lán en — að mínum dómi — þessi ónauðsynlegu rekstrarlán.

Pétur Ottesen: Ég á tvær litlar brtt. við þetta frv. Önnur brtt. er við 2. gr. frv. Eftir því sem orðalag þeirrar gr. er, þá gerir hún ráð fyrir því, að sveitabankarnir fái fé það, sem þeir svo lána út, frá Búnaðarbankanum, gegnum sparisjóði, samvinnukaupfélög, banka eða bankaútibú.

Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé miklu heppilegra, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veiti sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga, þar sem svo stendur á, að slík félög eru í námunda við Búnaðarbankann. Mér finnst það með öllu ástæðulaust að útiloka þetta. Þvert á móti álít ég, að það eigi að koma skýrt fram, að rekstrarlánafélög geti skipt beint við Búnaðarbankann, þegar það þykir hagkvæmt. Því fremur virðist mér líka ástæða að setja þetta í frv., sem hitt er í ósamræmi við búnaðarbankalögin sjálf, þar sem gert er ráð fyrir því í 7. gr. þeirra laga, að sparisjóðsdeildir fái leyfi til þess að kaupa víxla og tékka.

Þess vegna ætlast ég til þess með þessari brtt., sem ég ber hér fram, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veiti lán beint til rekstrarlánafélaga, þar sem það þykir hagkvæmara, og eins og ég hefi áður tekið fram, þá er því meiri ástæða til þess, þar sem orðalag frv., eins og það er nú, er ekki í samræmi við lög Búnaðarbankans.

Hin brtt. er um nafnið á þessum bönkum. Ég legg til, að í staðinn fyrir „sveitabankar" heiti þessi félög „lánsfélög". Mér finnst það vera réttara heiti, að kalla þetta lánsfélög en sveitabanka. Býst ég við, að lánastarfsemin verði aðalverkefni þessara stofnana, en sparisjóðsstarfsemin gæti ég trúað, að yrði lítil. Þeir, sem eiga sparifé, munu heldur leggja það í banka eða sparisjóði, þar sem þeir geta gengið að því, hvenær sem þeir þarfnast, en geyma það þarna, þar sem það hlýtur að verða fastara.

Ég hefi borið brtt. mínar undir bankastjórana í Búnaðarbankanum; féllust þeir á þær báðar og sögðust óska, að þær næðu samþykki. Lita þeir svo á, að samkv. l. um Búnaðarbankann sé þeim skylt að lána öllum, sem fullnægja settum skilyrðum, beint úr sparisjóðsdeild bankans, og þá eins lánsfélögum og öðrum. Vilja þeir hafa 2. gr. þessa frv. í samræmi við það. Einnig voru þeir samþykkir till. minni um nafnið á þessum stofnunum. Aðalbankastjórinn sagði mér, að hann hefði leitt þessi atriði í tal við nefndina, og skildist mér á honum, að hann hefði jafnvel átt von á brtt. um þessi atriði frá hv. nefnd, a. m. k. um nafnið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það leikur ekki á tveim tungum, að hugsun sú, sem liggur bak við þetta frv., hefir einróma fylgi Alþingis. Um hitt er deilt, hversu viðtæk þessi starfsemi á að vera. Fannst mér í fyrra, er þetta mál lá fyrir, koma fram of mikil tilhneiging til að þrengja starfssviðið, og var þá m. a. breytt nafni frv. Þessi sama tilhneiging fannst mér nú koma fram í ræðu hv. þm. Borgf. og einnig í

annari brtt: hans á þskj. 242. Nú hefir tekizt að fá hv. Ed. til að fallast á að hafa starfssvið sveitabankanna rýmra en í fyrra, og hv. landbn. þessarar deildar hefir og fallizt á aðalatriði frv. Vil ég leggja áherzlu á, að starfssviðið verði ekki þrengt frá því, sem nú er.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði um sparifé, vil ég minna á það, að til þessa hafa nærri allir sparisjóðir verið í kaupstöðum og kauptúnum, og hafa þeir átt drjúgan þátt í því að soga fjármagnið úr sveitunum til bæjanna. Till. mín í þessu efni miðar því að því að halda í sveitunum peningum, sem ella munu fara að meira eða minna leyti til kauptúnanna og verða fastir í framkvæmdum þar. En hv. þm. hefir ekki borið fram neina brtt. um að fella niður heimild sveitabankanna til að taka við sparifé, svo að óþarft er að eyða um þetta fleiri orðum. En brtt. hv. þm. um nafnið miðar heldur í þessa átt, og er ég henni því mótfallinn.

1. brtt. hv. landbn. miðar og í sömu átt. Ef hún verður samþ. geta sveitabankarnir ekki veitt lán um lengri tíma til að kaupa landbúnaðarverkfæri, eins og þeim er nú heimilað í 2. mgr. 7. gr. frv. Þetta er þó ekki stórt atriði. Um kaup á meiri háttar vélum, dráttarvélum o. þ. h., ættu bændur ekki að þurfa að leita hjálpar til sveitabankanna, a. m. k. ekki meðan vélasjóðir hlaupa undir bagga með þeim. En ef menn þurfa lán til smærri verkfæra, sem þó greiðast ekki á einu ári, svo sem sláttuvéla o. fl., þá finnst mér umhendis að þurfa ætíð að leita um lán til aðalaðseturs Búnaðarbankans. Á þetta legg ég þó ekki mikla áherzlu.

2. brtt. hv. landbn. er ég fyrir mitt leyti samþykkur. Er hún um að færa 14. gr. aftur í það horf, sem hún var í upphaflega frv. En ég er í nokkrum vafa um, hvort hv. Ed. fellst á þessa breyt., því að tveir flokkar í þeirri hv. deild stóðu næstum óskiptir að því að fella þetta ákvæði úr frv.

Þá eru brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 182. Ég tók samskonar brtt. frá honum vel á síðasta þingi, og var það því ekki að ástæðulausu, að hann bjóst við, að ég hefði tekið þetta atriði til athugunar. En ég skal játa það hreinskilnislega, að þegar frv. var búið undir þetta þing, mundi ég ekki eftir brtt. hv. þm. á síðasta þingi. En ég er þeim í sjálfu sér sammála, en hefi ekki haft tíma til að sinna þeim í önnunum undanfarið. Vil ég því biðja hv. þm. að taka þessar brtt. aftur til 3. umr., svo að við getum báðir átt tal við hv. landbn. um þessa rýmkun á starfssviði sveitabankanna.

Loks vil ég láta í ljós þá von, að þetta mál fái góða afgreiðslu hjá hv. deild og að hún gangi ekki of langt inn á þá braut, að þrengja starfssvið sveitabankanna.

Halldór Stefánsson: Vegna tilmæla hæstv. forsrh. um að fresta brtt. mínum til 3. umr., vil ég lýsa yfir því, að ég er fús til þessa. Hygg ég, að það muni ekki síður vænlegt til þess, að till. fái áheyrn, að ég fái tækifæri til að gera nánari grein fyrir þeim við hæstv. ráðh. og hv. landbn. — En úr því að ég stóð upp, vil ég minnast á eitt atriði, sem ég gleymdi áðan. Ég sagði, að allar brtt. mínar væru bundnar saman, en þetta var ekki allskostar rétt. 2. brtt. mín getur vel staðizt, þótt hinar falli. Hún fer í líka átt og fyrri brtt. hv. þm. Borgf., auk þess sem í minni brtt. er tekið fram, að þessi lán megi veita gegnum umboðsskrifstofur Búnaðarbankans, sem getið er í 73. gr. laganna um hann. Þar sem ekki eru aðrar stofnanir fyrir hendi, er geta verið milliliðir milli Búnaðarbankans og sveitabankanna, gæti þetta orðið til að greiða fyrir viðskiptunum. Niðurlag brtt. minnar fer í sömu átt og brtt. hv. þm. Borgf., að Búnaðarbankanum sé og heimilt að veita lán til sveitabankanna milliliðalaust undir vissum kringumstæðum.

Loks vil ég geta þess, að ég hefi hugsað mér rekstrarlánafélögin og bústofnslánafélögin algerlega aðskilin, með það eitt sameiginlegt, að hvorttveggja megi heita sveitabankar. En þó er ekki óhugsandi, að óhætt væri að reka starfsemi þeirra saman að meira eða minna leyti.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég þakka hæstv. forsrh. mjúklegar undirtektir undir brtt. landbn. Sumir nm. sáu mikið eftir að þurfa að fella burt heimild til að veita

lán til 5 ára, til að kaupa hin stærri jarðyrkjuverkfæri, en eftir viðtalinu við bankastj. Búnaðarbankans fannst n. þó réttast að miða störf sveitabankanna eingöngu við rekstrarlán til eins árs.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði nokkra aths. við 2. brtt. landbn. Hélt hann því fram, að verkafólk til sveita gæti oft orðið illa úti með að fá kaup sitt goldið, ef brtt. yrði samþ. Við þetta er í fyrsta lagi það að athuga, að til sveita er mjög fátt verkafólk, ef miðað er við kaupstaði og kauptún, og ég hefi ekki heldur heyrt þess getið, að nokkur veruleg brögð hafi orðið á vanskilum á kaupi til sveita. Og þar sem menn geta átt aðgang að búrekstrarláni í sveitabönkunum, er mjög sennilegt, að bændur myndu fremur en áður geta greitt verkafólki sínu kaupið jafnóðum, eða mánaðarlega. Frv. þetta í heild sinni ætti því að vera verkafólki til sveita meira til hagsbóta en tjóns, jafnvel þótt þetta ákvæði um veðin verði í því. Hinsvegar varðar það töluverðu fyrir bankana að fá þetta atriði inn í frv., svo að þeir geti tekið lausafjármuni sem veð fyrir rekstrarlánum. Vona ég því, að hv. deild samþ. þessa brtt. landbn., og er þess þá að vænta, að hv. Ed. láti undan í því atriði.

Þá hafði ég ætlað mér að fara fáeinum orðum um brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 182, en get leitt það hjá mér að mestu, þar sem hv. þm. hefir tekið brtt. sínar aftur til 3. umr. Það er rétt, að n. hefir ekki rætt þetta mál mikið, eða hvaða fyrirkomulag væri hentast á bústofnslánunum. Kom það fram hjá hv. 1. þm. N.-M., að hann taldi bezt að hafa tvennskonar félög, önnur til rekstrarlánastarfsemi, en hin til bústofnslána. Ég býst við, að það hljóti að verða haft þannig, því að það eru mismunandi skilyrði fyrir lánum úr bústofnslánadeild og rekstrarlánadeild Búnaðarbankans. N. áleit ekki rétt að bera fram brtt. um þessi nýju lánafélög; þótti réttara að fara hægt af stað og sjá fyrst, hvernig rekstrarlánafélögin gæfust. Eftirspurnin er ekki heldur mjög mikil eftir bústofnslánum, svo að ég held, að þetta gæti beðið nokkuð að skaðlausu. Einhver bústofnslánafélög munu þó vera til á Austurlandi, og er sagt, að þau hafi gefizt vel. Ættu þau að geta fengið lán beint úr Búnaðarbankanum. — En sem sagt, þá tel ég, að alltaf sé hægt að bæta þessari starfsemi við hjá sveitabönkunum eða öðrum slíkum stofnunum. — Auðvitað er það ekki nema gott og blessað, að hv. þm. og hæstv. ráðh. ræði þetta atriði við landbn. milli umr., og gæti það e. t. v. leitt til nýrra till. um málið.

Þá eru brtt. hv. þm. Borgf. Landbn. hefir að vísu ekki borið sig saman um þessar brtt., en þær eru þó gamlir kunningjar. Um fyrri brtt. er það að segja, að ýmsir höfðu viljað bæta einhverju þessháttar inn í frv., en vegna þess, hve 2. mgr. 7. gr. laga um Búnaðarbanka er greinileg í þessu efni, var það álitið óþarft. Bankastjórar Búnaðarbankans hafa einnig lýst yfir því, að þeir teldu sér heimilar þessar lánveitingar án nýrra ákvæða í þá átt í lögum þeim, sem hér eru til umr. En það sakar hinsvegar ekki, þótt þetta komist í lögin, og lætur landbn. brtt. því afskiptalausa. — 2. brtt. hv. þm. Borgf. er um nafnið á þessum stofnunum. Það er atriði, sem mér virðist heldur þýðingarlítið að deila um. Það komst inn í frv. í fyrra að kalla þær „lánafélög“, en hæstv. landstj. hefir tvisvar lagt til, að hitt nafnið, „sveitabankar“, væri notað. Legg ég ekki mikið upp úr þessu atriði, en hallast þó heldur að „sveitabanka“-nafninu, af því að þessar stofnanir eiga að hafa rétt til sparifjárstarfsemi. Einnig geta komið fleiri deildir til viðbótar, og er þá bankanafnið heppilegra. En það má auðvitað segja á móti, að með þessu verði nokkuð margir bankastjórar í landinu. (JS: Þeir geta orðið á sjöunda hundrað).

Vil ég vona, að þetta mál nái nú fram að ganga á þessu þingi og verði til þess gagns, sem því er ætlað.

Pétur Ottesen: Út af orðum hæstv. forsrh. um það, að brtt. mín um nafnið gengi í þá átt að þrengja starfssvið félaganna vil ég leyfa mér að benda honum á, að hún hefir ekkert slíkt í sér fólgið. Ég hefi ekki heldur látið nein orð falla um, að ég teldi það æskilegt. En vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði um það, að sparifjárdeildir „sveitabankanna“ gætu orðið til að stöðva sparifé í sveit-

unum, vil ég aðeins minna á, að úti um land er nú fjöldi sparisjóða. Þótt ýmsir þeirra eigi heima í kauptúnum, eru þó allmargir, sem hafa heimili sitt í sveitum. Tillögur hæstv. ráðh. verða því varla til mikilla breytinga í þessu efni, sízt þegar það er heimilað, að þessi félög hafi heimili og varnarþing í kauptúnum og veiti lán til þeirra, sem stunda ræktun þar. — Ég er allkunnugur starfsemi tveggja sparisjóða úti á landi, sem að vísu eiga heima í kauptúnum, en lána þó engu síður til sveitanna, eins og þeir eiga að gera. Hafa þeir orðið til mikils gagns fyrir bændur á sínum slóðum.

Mér finnst lánsfélaganafnið eiga betur við en „sveitabanka"-nafnið. Sé ég ekkert á móti því, að félögin starfi að einhverju leyti með sparifé, þótt þau heiti lánsfélög. Ég býst við, að hæstv. ráðh. og hv. þd. kannist við það, að viss þáttur í starfsemi hinna stærri banka er kallaður innlánsstarfsemi. Hitt, sem bent var á hér áðan, að hér gætu komið upp mörg hundruð bankastjórar — 700 eða fleiri —, er nú máske ekki mikið atriði. En þó má nú samt vera, að svo fari, þegar bankastjórar í kaupstöðum hafa allt að 24 þús. kr. í árslaun, að þessir smáu bankastjórar fari að teygja sig eitthvað í áttina til þessara starfsbræðra sinna í kaupstöðunum með kröfur um launagreiðslur.

Fyrri brtt. minni hefir verið vel tekið. Hv. frsm. sagði, að þetta ákvæði væri í búnaðarbankalögunum. Ég gæti því máske tekið hana aftur. En bankastjórar Búnaðarbankans óska eftir því, að þessi lög séu í sem beztu samræmi við búnaðarbankalögin. Og þar sem þetta er í samræmi við þau, þá óska ég heldur eftir því, að þetta standi líka í þessum lögum og sé því bætt inn í frv.

Héðinn Valdimarsson: Hv. frsm. vildi halda fram brtt. sinni, og færði það fram henni til varnar, að lítið væri um vanskil í sveitum, enda um litlar upphæðir að ræða þar. Enda ættu bændur hægara með að greiða skuldir sínar, ef þeir ættu greiðan aðgang að lánum, sem yrði, ef þetta stæði í frv. Ef þetta álit hv. frsm. er rétt, þá er hitt og líka auðsætt, að ekki skiptir miklu fyrir sveitabankann, þótt brtt. sé ekki samþ. Samkv. skiptalögunum, 83. gr., eiga fleiri forgangskröfur í bú en þeir, sem um er getið í brtt., en það eru þeir, sem hafa forgangskröfur samkv. 82. gr. skiptalaganna. Forgangskröfur samkv. 83. gr. eiga ríkið, kirkjur, sveitafélög, stofnanir, ómyndugir o. fl. Þá eru opinber gjöld, kaupgreiðslur, læknisgjöld og m. fl., allt samkv. 83. gr. skiptal. frá 1878. En þó þessu öllu sé haldið, þá sýnist það í fæstum tilfellum geta skaðað þessa bankastarfsemi, því bæði er, að venjulega er hér um lítið að ræða, og tæpast sett á fremsta hlunn um útlán til manna. — Þessi forréttindi bönkunum til handa eru því tæplega nauðsynleg, og brtt. því óþörf.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Vegna orða hv. þm. Borgf. vil ég taka það fram, að það voru ekki mín orð, að nafnbreyting á frv. þessu í þá átt, sem hv. þm. gerir till. um, mundi valda þessum stofnunum þrenginga. Að nafninu var breytt í hv. Nd. í fyrra, var afleiðing af því, að þá var verksvið þessara stofnana þrengt allmikið frá því, sem lagt var til í stjórnarfrv. Nú hefir frv. aftur verið breytt í líkt horf og hið upprunalega var. Nafn það, sem hv. þm. Borgf. vill velja þessum stofnunum, er því orðið í ósamræmi við frv. eins og það er nú. Auk þess tel ég það verra. Það setur daufari og ófullkomnari svip á frv. og þær stofnanir, sem ætlazt er til, að rísi upp samkv. því. Og ef þessar stofnanir eiga fyrir sér að eflast, sem ég vil fastlega vona, þá verður það enn síður sannnefni.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði um laun bankastjóra hér, þá vil ég geta þess, að enginn þeirra bankastjóra, sem starfa við Búnaðarbankann, hefir slík laun sem hv. þm. nefndi. Og vegna þess að sama vitleysan hefir verið margendurtekin í blöðum, þá er rétt að geta þess, að þessir bankastjórar hafa að launum: Aðalbankastjórinn 12 þús. og hinir 4 þús. kr. hvor. Auk þess fá þeir dýrtíðaruppbót, sem enn er eigi ákveðin, en kemur aldrei til að nema neinu nálægt því, sem hv. þm. og blöðin hafa nefnt.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég varð

að víkja mér frá og heyrði því ekki alla ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hefi ég því litlu að svara. En út af þeim orðum hv. þm., að ekki skipti miklu máli fyrir Búnaðarbankann, þótt brtt. n. um forgangskröfu sveitabankanna væri ekki samþ., þá vil ég taka það fram, að bankastjórar Búnaðarbankans lögðu einmitt mjög mikla áherzlu á, að þetta ákvæði væri sett í frv. Og þeir töldu erfitt að leggja á stað með þessar stofnanir, ef þetta yrði ekki gert. Annars mun þetta ekki hafa mikla þýðingu í framkvæmdinni. Ákvæði 83. gr. skiptalaganna tekur ekki til nema um þrotabú sé að ræða og þá eru kröfur hvort sem er oftast lítils virði. En eins og ég hefi sagt, þá hefir þetta þó frá sjónarmiði aðalbankastjóra Búnaðarbankans mikið að segja, og því tel ég rétt að samþ. brtt.

Jón Auðunn Jónsson*: Ég verð að lýsa því yfir, að ég er hissa á því, ef svo á til að ganga, að sveitabönkum sé gefinn réttur, er gangi fyrir rétti ómyndugra. Þær einu kröfur, sem samkv. brtt. eiga að ganga fyrir kröfum sveitabankanna, eru þær, sem taldar eru í 82. gr. skiptalaganna, en þær eru: útfararkostnaður, skiptakostnaður og skiptalaun. En allar þær kröfur, sem nefndar eru í 83. gr. sömu l., eiga að víkja fyrir rétti sveitabankanna. En í þeirri grein er, meðal annars, fé landsins, sveita, kirkna, ómyndugra o. m. fl. Ég skil varla í því, að neinn vilji ganga svo langt að láta fé ómyndugra víkja fyrir almennum veðum. Sé þetta sett í frv., hlýtur það að leiða til þess, að strangar gætur verður að hafa á þeim, sem eitthvert slíkt fé hefir undir höndum, sem um getur í 83. gr. skiptalaganna. Hjá slíkum mönnum þyrfti næstum að endurskoða mánaðarlega. Þetta kemur vitanlega til framkvæmda aðeins þar, sem um þrotabú er að ræða. Og því eru ákvæði 83. gr. sett, að fé þess opinbera og ómyndugra sé tryggt, þótt aðrar skuldir tapist. Ég veit naumast, hvar muni lenda, ef sá siður er upp tekinn að láta slíkar kröfur víkja. Ég vil því fastlega mælast til þess, að brtt. sé felld.

Viðvíkjandi lánastarfsemi sveitabankanna, þá tel ég, að engin meining sé í því að veita svo há lán gegn lausafé, að nemi verði þess að fullu eða meira. Ef það er gert, þá er ég hræddur um, að sveitabankarnir tapi fé sínu, og vanséð má telja, til hve mikils hagnaðar slík útlánsstarfsemi væri fyrir bændur.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég get gengið inn á það með hv. þm. N.-Ísf., að varlega beri að lána gegn lausafjárveði. En með aðhaldi því, sem er í frv., býst ég við, að svo muni verða gert. En viðvíkjandi ummælum hv. þm. um, að það sé hart, að kröfur þær, sem taldar eru í 83. gr. skiptalaganna, víki fyrir kröfum sveitabankanna, vil ég benda honum á það, að frv. þetta er upphaflega samið af góðum lögfræðingi, Böðvari Bjarkan, og að í frv. eins og stj. lagði það fram var ekkert undan skilið. En við viljum þó nú setja takmarkið við 82. gr. Það er því linun frá upphaflega frv. Að áliti Böðvars Bjarkan hefir þetta því verið vel tiltækilegt, þar sem hann lagði til, að lengra væri gengið. — Annars vona ég, að þótt brtt. verði samþ., þá muni það litlum skakkaföllum valda. Í sveitum er lítið af því fé, er um getur í 83. gr., í höndum einstakra manna.

Jón Auðunn Jónsson*: Það verður að gera við því, sem getur orðið. Og því verður einnig að gera ráð fyrir því óvenjulega. Ég vil, að þeir, sem slíkt fé hafa undir höndum, standi í skilum með það. Svo er um opinbert fé og fé ómyndugra. Fyrir kunnuga menn, svo sem bankastjórar sveitabankanna hljóta að verða, er jafnan hægt að fylgjast með fjárhag hvers eins. En fyrir sýslumann, sem skipar fjárhaldsmenn, er það erfiðara. Hagur manna getur mikið breytzt á 2—3 árum. Svo er og um fjárhaldsmenn kirkna. (**LH**: Hafa einstakir menn almennt kirkjufé undir höndum?). Ég veit um einn, sem hefir 5000 kr. frá kirkju og gætir vel þess fjár. En það er þó sérstaklega fé ómyndugra, sem ég tel að eigi að sitja fyrir slíkum kröfum, sem hér um ræðir. Bændur hafa og ýmsa fleiri sjóði undir höndum. Svo er þar, sem brunabótafélög eru. Og þótt eigi sé um stórar fjárhæðir að ræða, þá á þó að tryggja þær sem bezt, ef illa fer.

Pétur Ottesen: Út af þeim orðum hæstv. forsrh., að stofnanir þær, sem ráðgerðar eru í frv., fengju daufari svip, ef þær væru nefndar lánsfélög, í stað sveitabanka, vil ég segja það eitt, að ég hygg, að gagnsemi þeirra verði mjög hin sama, hvort nafnið sem valið er. Nafnið sjálft skiptir vitanlega engu fyrir þá, sem eiga að njóta þeirra. Hitt er vitanlega aðalatriðið, að stofnanir þessar verði sem hagkvæmastar fyrir þá, er njóta, en þó um leið sem öruggastar. Ég hygg, að það, sem ég sagði um bankastjórana, sé ekki ofmælt. A. m. k. hafa bankastjórar Landsbankans þau laun, er ég nefndi. En viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið í blöðunum um laun bankastjóra Búnaðarbankans, þá er það að segja, að allir vita, að grunnlaunin eru 12 þús. kr. handa aðalbankastjóra og 4 þús. kr. handa hinum. En ég vænti upplýsinga um það, hve há dýrtíðaruppbót greidd hefir verið á þessi laun. Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki væri enn slegið neinu föstu um það. En ég vil þá spyrja, hvaða dýrtíðaruppbót hefir verið greidd af launum þeirra síðan á nýári.

Lárus Helgason: Ég held, að of mikill gustur hafi verið gerður um brtt. n. Það hefir verið talað eins og hér væri stór hætta á ferðum, hvernig fara mundi um opinbert fé, fé kirkna, fé ómyndugra o. fl. Ég held, að það sé ekki mjög almennt, að slíkar fjárhæðir standi inni hjá bændum. Um fé kirkna er það víst afar sjaldgæft. Og ef svo er, þá mun það vera helzt hjá vel stæðum bændum. Yfirleitt eru þessi lán til svo stutts tíma, eins árs, að hættan er ekki sérlega mikil. Og það verður að hafa það hugfast, að ekki má gera lánskjörin of þröng og erfið, því þá minnkar líka það gagn, sem þessar stofnanir gera.

Það er ekkert annað en gryla, að hér sé um mikla hættu að ræða, þótt brtt. sé samþ. N. tók þetta atriði til rækilegrar athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Og ég vænti þess, að hv. d. komist að svipaðri niðurstöðu og samþykki brtt. n.

ATKVGR.
Brtt. 182 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 242,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 242,2 felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO.
nei: BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, IngB, JörB, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
BÁ, HV, SÁÓ, BSv greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (ÁÁ, MJ, SE) fjarstaddir.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226, 1. (ný 7. gr.) samþ. með 14:3 atkv.
8.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226,2. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JÓl, JS, JörB, LH, MG, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ.
nei: HK, HV, JJós, JAJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, GunnS, HG, BSv.
Þrír þm. (MJ, SE, ÁÁ) fjarstaddir.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.
15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 226,3 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 50. og 54. fundi í Nd., 11. og 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 256, 268, 292).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og menn sjá, flytur landbn. allumfangsmiklar brtt. við frv. um sveitabanka. Leyfi ég mér að fara nokkrum orðum um málið almennt og í einstökum atriðum.

Við 2. umr. flutti hv. 1. þm. N.-M. nokkrar brtt. við frv., þar sem lagt er til, að sveitabankar taki einnig að sér að lána til bústofnskaupa. N. þótti þetta ekki vel geta samrýmzt þeim sérstaka tilgangi, sem sveitabankar hafa, nefnilega að veita stutt lán til búrekstrar. Varð samt að samkomulagi, að n. athugaði málið milli

umr., ef hv. 1. þm. N.-M. tæki aftur sínar brtt. í bili, sem hann og gerði. N. hefir nú haft málið um hríð til athugunar. Hefir hún m. a. rætt málið við hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. N.-M. Að því loknu var skipuð undirnefnd í málið til að semja tillögur o. s. frv. Árangurinn af öllu þessu er þá brtt. þær, sem n. leyfir sér að bera fram við hv. deild á þskj. 292.

Þótt nefndin gæti ekki fallizt á að tvinna saman í sveitabönkunum stutt rekstrarlán og lengri lán til bústofnskaupa, þá viðurkenndi hún fyllilega, að nauðsyn væri á, að bændur gætu átt kost á lánum til að auka bústofn sinn og til að kaupa hin dýrari jarðyrkju- og heyskaparverkfæri. Og því ber n. fram sjálfstæðan kafla um bústofnslánafélög.

Kafli þessi kemur á eftir 14. gr. og er í 9 greinum. Er hann að miklu leyti sniðinn eftir ákvæðunum um bústofnslánadeild í lögum um Búnaðarbanka Íslands. Vil ég í fám orðum minnast á einstök atriði í þessum kafla.

Í staflið a, sem verður 15. gr. frv., eru ákvæði um, að bústofnslánadeild Búnaðarbankans veiti bústofnslánafélögunum í sveitunum lán. Í lögum um Búnaðarbanka er gert ráð fyrir, að bústofnslánadeildin veiti einstaklingum slík lán, en þægilegra er, bæði fyrir bankann að geta skipt við félög í sveitunum, og fyrir lántakendur að geta fengið lánið heima fyrir. Þá er og svo fyrir mælt, að lánafélög þessi geti fengið lán hjá umboðsskrifstofum, sem bankinn kann að setja á fót.

Í b.-lið, sem verður 16. gr., er ákveðið, að bústofnslánafélögin verði starfrækt sem samvinnufélög, og að öðru leyti skulu gilda reglur 4. gr., eða þeir stafliðir þeirrar gr., sem geta samrýmzt þessum nýja kafla.

Í staflið c, sem verður 17. gr., er það tekið fram, að fela megi stjórn sveitabankanna að fara með mál bústofnslánafélaga, en fjárhagur og reikningar séu hafðir aðskildir. N. lítur svo á, að það geti létt undir með félögunum að fela sveitabönkum einnig reikningsfærslu lánsfélaga, þar sem sveitabanki starfar annars.

Í d.-lið, sem verður 18. gr., er ákveðið nokkuð starfssvið bústofnslánafélaga. Um hámark lána, 2000 kr., skal játað, að n. setti það nokkuð af handahófi. Henni kom saman um, að ekki mætti fara hærra að svo vöxnu máli. Fyrir þá upphæð mætti fá t. d. 50 ær, ef ærin væri um 40 kr., 5—6 kýr o. s. frv.

Hvað lengd lánstímans snertir, sneið n. það eftir því, sem ákveðið er í búnaðardeildinni. Og er meiningin, að lánin megi standa allt að 10 árum, en megi auðvitað greiðast á skemmri tíma, ef óskað er.

Um tryggingu fyrir lánum eru lík ákvæði og í bústofnslánadeild Búnaðarbankans. Ákvæði eru sett um það í g-lið, að stjórn bústofnslánafélags beri ábyrgð á því gagnvart búnaðarlánadeild, að lánsfé sé eingöngu notað eftir 47. gr. laga um Búnaðarbanka, en þar er svo ákveðið, að þeim megi ekki verja til annars en kaupa á bústofni og til verkfærakaupa.

Þá eru ákvæði um það, að sá, sem búferlum flytur, verði að standa skil á sinni skuld, en auðvitað er það, að ef hann flytur þangað, sem bústofnslánadeild er fyrir, þá getur hann fengið upplöku í þá deild, og yrði þá aðeins reikningaskipti, en hvernig sem það er, þá er ekki nema eðlilegt, að félagsmaður verði að greiða skuld sína til þeirrar stofnunar, sem hann er bundinn við, þegar hann flytur.

Svo eru ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands; þau gilda einnig um bústofnslánafélög, eins og vitnað er til.

Ég hef þá lítillega minnzt á þær brtt., sem hér liggja fyrir, eða þessar viðaukatillögur. Vænti ég, að ekki þurfi að skýra þetta meira. Það er ljóst, hvað fyrir n. vakir; hér er tekin upp ný deild til sveita, sem skipti við Búnaðarbankann. Ég skal geta þess, að þessi viðauki, sem við komum með, hefir verið borinn undir stjórn Búnaðarbankans, og hefir hún fallizt algerlega á þetta fyrirkomulag og telur, að það væri mjög hentugt að samþykkja það á þá leið, sem í þessum greinum segir.

Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessar till. og að þær verði samþ. við þessa umr., svo að frv. fái að fara með þessum breyt. til hv. Ed., svo að málið geti fengið afgreiðslu nú á þinginu. Því ég vænti þess, að ekki verði fyrirstaða í hv. Ed. um það, sem þessi hv. d. hefir samþ. í því efni.

Jón Auðunn Jónsson:* Það er hér brtt.,

sem við höfum flutt, hv. 2. þm. Árn., hv. 2. þm. Reykv. og ég, um veðkröfur þær, sem þetta frv. fer fram á að fá. Þessi brtt. er á þskj. 268, og höfum við mælt nokkuð fyrir henni við 2. umr. og væntum þess, að hv. d. geti fallizt á hana. Skal ég svo ekki lengja umr. um þetta frekar, en aðeins benda á það, sem öllum hv. þdm. mun vera kunnugt um, að farið er fram á í þessu frv., að fé ómyndugra og aðrir opinberir sjóðir skuli víkja með kröfur sínar fyrir kröfum sveitabanka. Þetta teljum við ótækt, og vænti ég þess vegna, að þessi brtt. okkar verði samþ.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég hafði ekki athugað þessa brtt. og hafði þess vegna ekki neitt talað um hana, en verð að lýsa yfir því, eins og um daginn, fyrir n. hönd, að hún heldur fast við ákvæðin í frv., en það er vegna þess, að stj. Búnaðarbanka Íslands hefir lagt mikla áherzlu á, að þeim sé haldið. Þessi brtt. fer að vísu ekki eins langt og hv. Ed. gerði, þar sem hún felldi þessi ákvæði burt, því að þótt þessi brtt. yrði samþ., yrði svo næst á eftir ákvæðum 84. gr. við sveitabankanna, það myndi verða fyrsta við, sem gengi á eftir því, sem 84. gr. segir. En yfir höfuð vil ég lýsa yfir því, að n. er því mótfallin, að þessu sé breytt, vegna þess að stj. Búnaðarbankans hefir lagt mikla áherzlu á, að þessi ákvæði haldizt óbreytt.

Magnús Torfason: Hv. þdm. munu kannast við það, að fyrir nokkrum árum flutti ég frv. þess efnis, að lausafé og þá sérstaklega bústofn, sem fylgdi jörðum, gæti haft sama rétt og fasteignaveð. Þetta frv. fann nú ekki náð fyrir hv. d., og taldi ég það miður fara. Það frv. fór þó ekki líkt því eins langt eins og þetta frv. fer nú; mér hefði aldrei komið til hugar, að með því frv. mætti skerða rétt ómyndugra og mér hefði heldur aldrei komið til hugar, að með því mætti skerða rétt hins opinbera til gjalda. Það frv. var almennt, átti að gilda gagnvart öllum stofnunum og öllum einstökum mönnum, en þessi till., sem hér er um að ræða, hún á aðeins að gilda fyrir sérstaka stofnun. Nú má segja, að þessi till. sé ekki eins skaðvænleg fyrir það, að hér er um sérstaka stofnun að ræða, sem á að njóta þessara réttinda, en annars verð ég að líta svo á, að það hæfi alls ekki að fara að breyta löggjöf á öðrum merkum sviðum fyrir einstakar stofnanir. Það er með þessu móti verið að rýra þau réttindi, sem hið opinbera hefir, og það er með þessu móti verið að gera þessi lán réttlhærri heldur en fasteignalán. Ég held, að það geti ekki komið til neinna mála, að slík lán séu þó gerð réttlhærri en fasteignalán.

Nú hygg ég það, að þeir, sem standa að Búnaðarbankanum, leggi afarmikla áherzlu á þetta, en af hvaða ástæðu það er, get ég ekki hugsað mér. Fyrir mitt leyti finnst mér, að það væri alveg nóg, að þessi lán hefðu rétt fram yfir venjuleg lausafjárlán og að þeim reglum væri fylgt, sem þyrfti til að gera slík lán lögleg, svo og að þau væru veðfelld og engum sérlegum annmörkum bundin, eins og lausafjárlánin almennt eru. Ég hefi a. m. k. ekki af n. hálfu heyrt, hver nauðsyn það er að brjóta svo í bág við allar almennar lagareglur, sem hingað til hefir verið litið svo á, að ekki næði nokkurri átt að breyta. Líka vil ég geta þess, að ég er sannfærður um það, að nái þessi brtt. okkar ekki fram að ganga, þá verður frv. breytt í hv. Ed., og þess vegna yrði það aðeins til að tefja fyrir málinu að neita nú hér að samþykkja þessa brtt., sem við höfum borið fram.

Halldór Stefánsson: Ég er hv. landbn. þakklátur fyrir undirtektir hennar á tillögum mínum við 2. umr. Mér dettur ekki í hug að gera það að neinu aðalatriði eða kappsmáli, í hvaða formi tillögurnar eru settar fram í frv., þótt ég hugsaði þær í nokkuð öðru formi en þær eru nú bornar fram, en það var fyrst og fremst vegna þess, að ég hugsaði þær við það form, sem á frv. var, og setti þær því ekki fram í sérstakri deild eða sérstökum kafla.

Hinsvegar vil ég leiðrétta það, sem hv. frsm. sagði, að með till. mínum hefðu bústofnslánin verið tvinnuð saman við rekstrarlánin, eins og hann orðaði það. Þær voru alls ekki þannig hugsaðar eða fram settar, heldur sem tvennskonar stofnanir, er þó mættu hvorartveggja

heita sveitabankar, en hefðu aðgreind verkefni.

Ég fellst einnig mjög vel á það hjá hv. n., að hún leyfir bústofnslánafélögum að skipta alveg milliliðalaust við Landbúnaðarbankann, því að satt að segja hefir mér alltaf þótt það dálítið undarlegt, að þyrfti þessar mörgu milliliðastofnanir, sem frv. hugsar sér um rekstrarlánin, og ég vona, þegar reynsla kemur um þetta, að lánafélög eins og þessi geti skipt milliliðalaust við Búnaðarbankann, að það geti orðið samkomulag um það að fella niður þessa milliliði um rekstrarlán. — En þótt ég mæli þetta, er það ekki af því, að ég hugsi til að gera nokkrar till. til breyt. að þessu sinni, en vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að mér finnst hv. n. krefjast óþarflega mikilla trygginga fyrir bústofnslánum, þar sem fyrst og fremst er ætlazt til, að félagsmenn séu allir í sameiginlegri ábyrgð og lánin þá til stutts tíma. Það virðist vera nokkuð mikil trygging, ef tryggt er með lausafé, og að þá þurfi það að vera helmingi hærra að verði, eftir verðlagsskrárverði, heldur en lánið er, og svo þurfi að hafa baktryggingu þar að auki. Slík trygging myndi í flestum tilfellum verða sveitarábyrgð, því að búast má við, að allur fjöldinn af þeim, sem þurfa þessara lána, hafi ekki fasteignir til tryggingar, og þá kæmist það upp í venju, að sveitarfélögin þyrftu alltaf að ábyrgjast bústofnslán.

Ef í upphafi væri sett lausafjárveð, helmingi hærri að virðing en lánið er, og lánið afborgast svo á tíu árum, þá er þetta mjög mikið veð, þegar búið væri t. d. að afborga í 3—4 ár.

Ég segi þetta ekki af því, að ég vilji ganga nokkuð ótryggilega frá þessum lánum fyrir fram, en ég tel þetta aðeins vera óskynsamlega mikið og gæti vel orðið til þess; að menn fengju ekki þau lán, sem þeir þyrftu og væri óhætt að lána þeim.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Hv. 2. þm. Árn. talaði nokkuð um brtt. þá, sem fyrir liggur, um það, að undanskilja ákvæði 83. gr. skiptalaganna, þegar rætt væri um veðhæfi þessara stofnana.

Ég hefi eiginlega ekki öðru til að svara en því, sem áður hefir verið svarað fyrir n. hönd, að þetta er sett með tilliti til þess, að stj. Búnaðarbankans myndi verða mjög treg að lána gegn lausafjárveði, ef þessi ákvæði verða felld niður, og svo má geta þess, að n. vonar, að þetta muni ekki þurfa að verða neinni stofnun til skaða, því að viðvíkjandi fé ómyndugra er það að segja, að ekki er almennt, að menn í sveitum hafi mikið af því, nema þá þeir, sem geta sett eitthvert veð fyrir því. Ég held, að það hafi sjaldan komið fyrir, að slíkt hafi tapazt til sveita. En ég sé ekki ástæðu til að vera að þrátta um þetta; ég álít rétt, að hv. d. skeri úr um það, og mun þá verða að sæta því, sem henni þykir rétt vera í þessu máli.

En út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, er það, að ég vildi gera örlitla aths. Það getur vel verið, að ég hafi komizt eitthvað klaufalega að orði, ef hv. þm. hefir fundið einhverja áreitni viðvíkjandi brtt. hans. En það var alls ekki. Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að þetta væri tvinnað saman við sveitabankana. Ég held, að ekki sé hægt að neita því, að það hafi samkv. till. hans átt að vera sama stofnun, sem annaðist bæði lánin. (**HStef:** Nei, nei). Ef það er ekki, þá skal ég falla frá því, enda er það heldur ekki það atriði, sem um þarf að þrátta.

Þá sagði hv. þm., að n. ætlaðist til nokkuð mikilla trygginga, og því er ekki að neita, að n. sjálfri virðist þetta nokkuð hörð ákvæði, en hún sá sér ekki annað fært en að fylgja þeim ákvæðum, sem eru í lögum bankans um bústofnslánadeildir, og þessi ákvæði okkar eru alveg sniðin eftir 45. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands; þar stendur einmitt — með leyfi hæstv. forseta:

„Lán deildarinnar skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í búfé lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagskrá".

Þessi ákvæði og önnur, um að ekki megi veita lán nema með þeim skilyrðum, sem þar segir, eru alveg tekin upp úr fyrirmælum í lögum um bústofnslánadeildir, og á meðan þetta er í lögum, getur hver deild heimtað þetta af þeim, sem við hana skipta. Ég held, að það verði ekki komizt hjá því að setja þessi ákvæði

inn, úr því að þau standa í l. um Búnaðarbankann. Ég skal játa, að þetta geta verið nokkuð hörð ákvæði, einkum þegar búið er að borga nokkuð mikið af láninu, þá er þetta gríðarmikil trygging fyrir því, sem eftir stendur. En n. þótti ekki fært að breyta þessu, og við hugðum, að stj. Búnaðarbankans myndi ekki hafa gengið inn á annað.

Jón Auðunn Jónsson:* Ég get vel skilið það, að landbn. hafi ekki viljað fara skemmra um tryggingar heldur en tiltekið er í lögum um Búnaðarbankann. En það er eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði, að þá eru heimtaðar allmiklar tryggingar fyrir þessum lánum, enda má kannske segja, að þau séu allmikil áhættulán, ef illa tekst til, t. d. ef pest geysar í búfé eða fóðurskortur steðjar að.

Hinsvegar finnst mér, að vel hefði mátt bæta inn í till. hv. n., að handveð skyldi geta komið sem trygging. Það er nefnil. oft svo, að mönnum er hægra að setja handveð, því að það hafa ekki allir fasteignarveð að bjóða, og hreppsnefndarábyrgð er nokkuð varasöm. En menn hafa oft handveð, annaðhvort lífsábyrgðarskírteini eða veð frá öðrum í fasteignum. Ég vildi þess vegna bera fram brtt. um, að á eftir hreppsábyrgð komi handveð, og hygg ég, að það geti á engan hátt rýrt það, sem stj. Búnaðarbankans vill halda föstu. En eins og ég hefi áður getið um, er mönnum oft auðveldara að setja handveð heldur en fasteignarveð.

Ég vona, að það þurfi ekki að draga neitt úr þeirri ábyrgð, sem hv. n. vill hafa um þessi lán.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. N.-Ísf., við brtt. á þskj. 292, svo hljóðandi:

„Við 1. f. Eftir „hreppsábyrgð“ komi: handveð“.

Till. þessi getur því aðeins komið til umr. og atkv., að veitt verði afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 311) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Halldór Stefánsson: Ég ætla mér engum deilum að halda uppi um þessi atriði, sem ég gerði að umtalsefni, um tryggingar fyrir bústofnslánum, þar sem þetta er 3. umr. En ég vildi aðeins leyfa mér að benda á það, að það er allt annað, ábyrgð bústofnslánafélags gagnvart Búnaðarbankanum, eða ábyrgð einstaklinga gagnvart félagi sínu. Ég hefi átt tal um það við bankastjóra Búnaðarbankans, að þetta líti dálítið öðruvísi út fyrir bankann, þegar búið væri að skjóta inn ábyrgð á milli lántakanda og bankans, sem sé bústofnslánafélaginu sjálfu. En hitt er allt annað, ábyrgð sú eða trygging, sem hver einstakur félagsmaður setur svo gagnvart sínu félagi. Það er líka miklu auðveldara að komast hjá því að krefjast óþarflega mikillar tryggingar, þegar hægt er að hafa stöðugt eftirlit með hverjum einstökum lántakanda, en það getur Búnaðarbankinn ekki haft. Ég vildi aðeins benda á þennan mun, sem orðinn er eftir þessum till., eða ef bankinn hefði orðið að lána beint til hvers einstaks lántakanda.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess að benda hv. d. á, að hv. frsm. n. hefir ekki getað bent á, að það sé nein þörf fyrir Búnaðarbankann að halda þessu ákvæði um hinn harða og óbilgjarna veðrétt. Hv. frsm. hefir aðeins lýst yfir því, að stj. Búnaðarbankans leggi áherzlu á þetta, en ég get ekki lagt svo ákaflega mikið upp úr því, vegna þess að það er frá því að segja, að stjórnir slíkra stofnana hafa ætíð krafizt sem mestra og beztra trygginga fyrir sínum lánum. Ég segi þetta ekki neinum til lasts, því að þetta er ekki nema eðlilegt.

En það er víst, að almenningur mundi hafa gagn en ekki skaða af þessari ríku tryggingu, sem krafizt hefir verið. Ég býst því við, að sama muni verða um stj. Búnaðarbankans sem stjórnir annara banka, að þeir sem trúir verkamenn sinnar stofnunar vilji tryggja lánin sem bezt.

ATKVGR.

Brtt. 268 samþ. með 16:1 atkv.
— 256, svo breytt, samþ. með 15:8 atkv.
— 311 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 292,1, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 292,2, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 292,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 292,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um sveitabanka og bústofnslánafélög.

Á 55. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 312).

Á 63. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 312, 358, 364).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 364. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er aftur hingað komið frá Nd. og hefir tekið þar allmiklum breyt. Aðalkaflinn, kaflinn um sveitabankana, hefir ekki tekið miklum breyt., en þó nokkrum. En svo hefir verið bætt inn í frv. nýjum kafla, 2. kafla, um bústofnslánafélög. Hann gerir ráð fyrir, að menn geti stofnað og starfrækt bústofnslánafélög í sambandi við sveitabankana. Tilgangurinn er sá, að menn geti notað betur en annars væri hægt bústofnslánadeild Búnaðarbankans. Landbn. þessarar d. telur þetta út af fyrir sig ekki nema æskilegt, en hefir samt leyft sér að koma með tvær brtt. við frv., á þskj. 358. Fyrri brtt. er við 7. gr. frv., sem var breytt allmikið í Nd. Breyt. þær, sem Nd. gerði við þá gr., voru aðallega í því fólgnar, að meðlimir sveitabankafélaganna skyldu vera skuldlausir á ákveðnum gjalddaga einu sinni á ári, eða m. ö. o., að þann dag skyldi sveitabankinn ekkert eiga útistandandi, en ef menn sýndu vanskil, þá skyldi þeim vikið úr félaginu, en þó mætti félagsstjórnin veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stæði á.

Meiri hl. n. í þessari deild þótti óheppilegt að hafa gjalddaga þannig á einhverjum ákveðnum degi. Það getur staðið misjafnt á fyrir mönnum, hvenær þeir þurfa helzt að fá lán og hvenær þeir eiga hægast með að greiða skuldir sínar. Þess vegna er óheppilegt, að öll lán skuli eiga að greiða á einum og sama degi. Þessu vill n. breyta. Það er engin ástæða að víkja frá venjum samvinnufélaga um, að aðalfundur félaganna úrskurði brottrekstur. N. álítur, að þessu ákvæði, eins og það er í frv. nú, megi mjög misbeita. Eftir till. Nd. átti brottrekstur að vera aðalreglan, aðeins undanþágur í einstöku tilfelli. Meiri hl. vill ekki hætta á að hafa þetta ákvæði í lögunum, vegna þess, hve mikið hægt væri að misnota það. Þess vegna flytur hann brtt., sem miðar að því að færa gr. í sama horf og áður var. Það er ekki svo að skilja, að við viljum ekki fallast á, að lána megi til lengri tíma en eins árs, en eins og gr. er orðuð, getur það falizt í henni.

Þá er 2. brtt., við 20. gr. í II. kafla frv., sem er um bústofnslánafélögin. Í 2. málsgr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lán félagsmanna skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í búfé lántakenda og mega ekki hærri vera en helmingur hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Sé veðið í öðru búfé en kúm, setji félagsmaður auk þess hreppsábyrgð, handveð eða fasteignaveð sem viðbótartryggingu".

Þetta álítur meiri hl. of hörð skilyrði fyrir því, að félagsmaður geti fengið lán. Þessi ákvæði eru harðari en hliðstæð ákvæði í búnaðarbankalögunum. Þar er það ekki heimtað, að setja skuli fasteignatryggingu auk búfjárveðs, heldur aðeins einhverja þá tryggingu, sem stj. Búnaðarbankans tekur gilda. Meiri hl. vill breyta 20. gr. í svipað horf og þetta ákvæði er. Hann sá, að fátækir bændur mundu oft enga tryggingu hafa að bjóða nema lausafé og ekki víst, að þeir gætu fengið ábyrgð hreppsfélagsins og þar að auki óheppilegt, að sveitafélögin væru að vasast í slíku. Félagsstj. verður að meta í hverju einstöku tilfelli, hvort óhætt sé að veita þeim lán, sem um það biður. Fátækir bændur hafa sjaldan fasteignaveð eða handveð; því vill meiri hl., að stj. bústofnslánafélagsins ráði slíkum lánum og meti, hvort trygging sú, sem lántakandi hefir að bjóða, skuli tekin gild. Það þýðir ekkert að setja svona lánsstofnanir á fót, ef á að ganga svo frá þeim, að þeir, sem helzt þyrftu að fá þar lán, gætu ekki fengið þau, en það eru einmitt fátækari bændurnir, en eins og gr. er í frv. nú, er það ekki hægt fyrir þá.

Ég vona, að deildin geti fallizt á þessar brtt. Ég sé ekki ástæðu til að minnast á brtt. þá, sem einn hv. þdm. hefir borið hér fram, fyrr en hann hefir sjálfur gert grein fyrir henni.

Guðmundur Ólafsson: Ég skal ekki vera fjölorður um brtt. þá, sem ég hefi borið hér fram. Hv. síðasti ræðumaður talaði ekki um hana, svo að hann hefir a. m. k. ekki verið ráðinn í því að mæla á móti henni. Brtt. fer fram á það, að fyrirsögn frv. sé breytt og verði eins og hún var áður. Þó að þær breyt., sem Nd. gerði á frv. verði samþ., má fyrirsögn frv. vera eins og hún var í upphafi. Ég býst við, að allir viðurkenni, að nafnið er óviðkunnanlegt eins og það er nú. Þó að frv. sé bæði um sveitabanka og bústofnslánafélög, er engin ástæða til að breyta nafninu. T. d. í lögum Búnaðarbankans, sem voru samin í fyrra, er gert ráð fyrir, að hann starfi í 6 deildum, en ekki er nafn á öllum deildunum í fyrirsögninni. Mun enginn telja það ókost á þeim lögum. Lögin verða á engan hátt verri eða óskiljanlegri, þó að nafnið grípi ekki yfir allt innihald þeirra.

Það mætti nú segja, að þessi brtt. út af fyrir sig sé svo lítil, að ekki taki að gera hana, en það er ekki einskisvert atriði, að nöfnin á lögunum séu ekki afkáraleg. Ég geri ráð fyrir, að allir muni eftir þeirri nákvæmni, sem höfð var með nafnið á búnaðarbankalögunum í fyrra. Fyrst var það frv. til laga um landbúnaðarbanka, en það nafn þótti of langt, svo að því var breytt í búnaðarbanka, og ég vona, að tilfinning hv. dm. fyrir fögru máli hafi ekki minnkað frá því í fyrra hvað þetta snertir.

Ég skal svo ekki tala meira um þessa brtt., a. m. k. á meðan enginn andmælir henni.

Jónas Kristjánsson: Ég var ekki fyllilega sammála meðnm. mínum um brtt. á þskj. 358. Ég álít, að með þeim sé fyrst og fremst opnuð leið til að framlengja lán lengur en meiningin ætti að vera með þessu frv., og í öðru lagi séu þær til að draga úr því veði, sem sett er fyrir lánum. Í fyrri brtt. er sagt, að lán skuli venjulega ekki framlengd lengur en svo, að lánstíminn verði eitt ár, en í frv. er ákveðið, að þau skuli venjulega ekki framlengd lengur en svo, að fullu greidd á gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Með þessari undanþágu, sem þarna er gerð, er að mínu áliti að óþörfu opnuð leið til dráttar á greiðslu og byrjandi vanskilum, sem mér finnst ætti að forðast.

Ég hygg, að ei þessar brtt. verða samþ. sé stigið óheppilegt spor, sem getur orðið til þess, að menn standa ekki í skilum, sem verður að telja nauðsynlegt. Menn eiga að taka lánin með þeirri forsjálni, að þeir verði að standa skil á þeim á réttum gjalddaga. Það þarf oft lítið til að opna leið til skuldasöfnunar.

Það var ekki heldur ætlazt til þess, að menn kæmist í skuldir við kaupfélögin, en samt hefir sú raun orðið á, og það miklu meira en þörf er á. Skuldirnar, þegar þær eru orðnar miklar, valda ekki einungis erfiðleikum á greiðslu, heldur gera þær menn einnig kærulausa um eiginn hag og afkomu. Ég hefi átt tal um þetta við einn af bankastjórum Búnaðarbankans, og hann taldi þessa breytingu, sem hv. meiri hl. vill gera á 7. gr., mjög óheppilega.

Hv. meiri hl. vill fella það úr frv., að félagsstjórn hafi leyfi til að víkja manni úr félaginu fyrir vanskil. Ég er ekki hræddur um, að þessu yrði beitt við aðra en þá, sem gert hafa sig bera að vanskilum um þörf fram og kæra sig ekki um að standa í skilum. Ef sérstaklega stendur á, má gera undantekningu frá brottrekstri. Menn verða ekki reknir úr félaginu nema fyrir ber vanskil. Það er því bæði ástæðulaust og óheppilegt að fara að breyta 7. gr. frv. Ég legg því til, að fyrri brtt. á þskj. 358 verði ekki samþ.

Frsm. (Jón Jónsson): Mér virðist, að andmæli hv. 5. landsk. séu byggð á misskilningi. Hann talaði fyrst um fyrri brtt. okkar og að þau ákvæði, sem við vildum taka upp í frv., yrðu til þess, að menn borguðu ekki á réttum gjalddaga og vendust því á vanskil. En ég get ekki séð, að það verði til að koma vanskilum á, þó að gjalddaginn sé ekki ákveðinn sá sami fyrir alla, heldur eftir því, sem um semst um hvert einstakt lán. Ef 7. gr. verður

samþ. óbreytt, verður gjalddaginn ákveðinn einhvern vissan dag ársins, t. d. 1. des. Þá verða allir að borga. En ef okkar till. verður samþ., þá er það ekki annað en það, að lán og skuldir eru ekki greidd alltaf á sama degi ársins, heldur á mismunandi tíma. Hvort lánið á að greiðast á þessum gjalddaga eða hinum, t. d. 1. des. eða 1. jan. skiptir engu máli. Það, sem máli skiptir, er, að stj. sveitabankans haldi fast við það, að lánin séu greidd á upphaflega tilsettum tíma. Það er því líka tilætlun okkar, að lánstíminn verði ekki nema 1 ár, en við viljum ekki, að öllum lánum sé lokað á einum og sama gjalddaga.

Þá var það brottrekstrarákvæði frv. Þetta þurftu þm. að laga í hendi sér. Það var ekki hægt að taka við þessu eins og það stóð í frv., að menn væru skilmálalaust reknir úr félagsskapnum, ef þeir sýndu hin minnstu vanskil. Hv. þm. sagði að vísu, að þeir yrðu aðeins reknir, ef þeir gerðu sig bera að svikum. Að vísu er stj. veitt heimild til að undanþiggja menn þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. En menn eiga það þá líka eingöngu undir geðþótta stj. Réttara er, að aðalfundur ákveði þetta, eins og venja er til í öðrum samvinnufélögum, í hverju einst. tilfelli. Ákvæði frv. er alltof harkalegt.

Þá kom hv. þm. að annari brtt. okkar, sem er við 20. gr. Vildi hann halda því fram, að eins og hún væri orðuð í frv., væri hún í samræmi við búnaðarbankalögin. Ég held, að hv. þm. hafi ekki lesið þau lög nógu vel. Í 20. gr. þessa frv. stendur: „Sé veðið í öðru búfé en kúm, setji félagsmenn auk þess hreppsábyrgð, handveð eða fasteignarveð sem viðbótartryggingu". En í 45. gr. laga Búnaðarbankans stendur: „Ekkert lán má veita gegn veði í búfé, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórnin tekur gilda". — Þarna er það því komið undir mati bankastjórnar í hvert sinn, en er ekki einskorðað við handveð, fasteignarveð eða hreppsábyrgð. Með brtt. okkar er því þetta fært í sama horf og ákveðið er í lögum Búnaðarbankans. Er það meira til samræmis og þægilegra fyrir lántakendur. Ég vil halda því fram, að þessi ákvæði okkar séu mjög gætileg. Það er gert ráð fyrir því, að mest skuli lánað út á helming af verði búfjárins samkv. verðlagsskrá. — Ég vil nú segja, að hefðu bankarnir aldrei lánað gegn lélegri tryggingum en þetta, þá væru töp þeirra ekki eins mikil og raun er orðin á. Hv. þm. var að segja tröllasögur að norðan um fénaðardauða. Þetta getur auðvitað komið fyrir, en sem betur fer, er það þó mjög sjaldgæft. Og þó svo hrottalega tækist til, að helmingur fénaðarins dræpist á einum bæ, þá er þó lánið tryggt eftir sem áður, og meira en það, þar sem aðeins er lánað út á ½ verðlagsskrárverð, en það er ávallt nokkru lægra en söluverð. Ég held því ekki, að þetta þurfi að óttast.

Ég get út af brtt. hv. þm. A.-Húnv. getið þess, að meiri hl. n. fellst á hana.

Jónas Kristjánsson: Ég ætla ekki að tala mikið um þetta; það þýðir ekkert. En þetta er þó til skemmda á frv. og fjarlægir tilgang þess. Því er ekki hægt að neita, að með því að hafa marga gjalddaga verður erfiðara um eftirlit með því, að staðið sé í skilum. Skil ég ekki í því, hvað hv. þm. gengur til með að vera að breyta þessu, því að þó um fátæka menn sé að ræða, þá er þó bezt, að þeir standi í skilum. Þetta á ekki að verða nein góðgerðastofnun, heldur venjuleg verzlun með peninga. Menn eiga að standa í skilum, en skilin verða erfiðari og reikningsfærslan erfiðari, ef gjalddagar eru margir. (**JónJ:** Má spyrja, hvort hv. þm. ætlast til, að einungis einn gjalddagi sé hafður?). Hvort heldur hafðir verða einn eða tveir gjalddagar, þá vita menn þó, að hverju þeir hafa að ganga.

Þá var hitt atriðið með brottvikninguna. Mér virðist frv. bera það með sér, að því aðeins skuli víkja manni úr félaginu, að hann hafi gert sig sekan um vísvitandi svik við það. Í stjórnina munu að öllum jafnaði verða valdir góðir og sanngjarnir menn. Er því engin hætta á, að hún bruki nokkur þrælatök á félagsmenn, ef þeir hafa sýnilegan vilja á að standa í skilum.

Hv. 6. landsk. las upp gr. úr búnaðarbankalögunum. Mér virtist sú gr. einmitt vera hér um bil samhljóða því, sem stendur í frv. En brtt. meiri hl. gerir eiginlega

miklu meiri breyt. á frv. en hv. flm. hennar vilja láta bera á. Hér er ekkert talað um, ef lánað er gegn veði í öðru en kúm. Ég hugsa, að ef brtt. verður samþ., þá eigi hún erfitt með að komast gegnum Nd. Gæti það orðið til þess, að frv. yrði ekki að lögum á þessu þingi, og er það verr farið.

Jón Þorláksson: Mér finnst leiðinlegt, að upp hefir komið ósamkomulag um brtt. á þskj. 358, því sumt, sem menn greinir á um þar, er þess eðlis, að enginn ágreiningur ætti að þurfa að vera um það. Ég hefi það sérstaklega á móti fyrri brtt. n., að það er ótækt ákvæði að ekki megi veita lán til lengri tíma en 6 mánaða. Það ákvæði á aðeins við um víxillán og er alveg eðlilegt hvað þau snertir. En í síðari málsgr. brtt. er gert ráð fyrir því líka, að lánin skuli veitt gegn skuldabréfum og í reikningslánsviðskiptum. En það er alveg óvenjulegt um slík lán, að þau séu veitt með sama gjaldfresti og víxillán. Ég veit ekki, hvort heldur hugsað er, að þessi lán séu greidd upp að fullu eftir 6 mánuði, eða að þau séu endurnýjuð tvisvar á ári. Ég held, að þetta stafi af ónógri athugun á hreinum bankatekniskum atriðum. Í frvgr. er þetta hugsað á alveg eðlilegan og venjulegan hátt, þannig, að víxillánin veitist til 6 mánaða, en reikningslánin til eins árs. En það er hætt við því, að ákvæði eins og í brtt. leiði til þess, að trassað verði formið á þessum lánum. Endurnýjun slíkra lána á miðju starfsári leiðir af sér óþægindi og kostnað, þar sem stimpla verður þau skjöl að nýju, sem stimpilgjaldslögin komast að. Ég get hugsað mér, að starfsemin lendi fremur í klúðri, ef þetta verður samþ. Og ég finn enga skynsamlega ástæðu til að koma fram með þetta.

Hitt atriðið, hvernig koma á fram gagnvart vanskilamönnum, er frekar tilfinningamál. Ég fyrir mitt leyti legg nú ekki svo sérstaklega mikla áherzlu á það, að ákvæði laganna verði ströng um þetta. Ég hygg, að vel verði upp á það passað í félögunum og að vanskilamenn fái varla að vera áfram í félagsskapnum. Þótt ekkert væri um þetta í lögunum, verður þó alltaf álitin heimild til að víkja þeim úr félagsskap, sem ekki standa við skuldbindingar sínar. Mér finnst því ómögulegt annað en greiða atkv. móti fyrri brtt. á þskj. 358 og ráða hv. d. til að vera á móti henni af þessum ástæðum.

Brtt. við 20. gr. skiptir ekki miklu máli. En mér hefði fundizt eðlilegast og réttast að taka upp í hana orðrétt ákvæði búnaðarbankalaganna. En ég get gengið inn á það, að eftir 20. gr. frv. er þetta orðað fullstrangt.

Um fyrirsögn frv. skiptir ekki miklu máli. En mér finnst þó, þar sem það hefir tvo alveg hliðstæða kafla í lögunum, dálítið hjákátlegt að láta heiti laganna aðeins minna á annan kaflann.

Jón Baldvinsson: Út af aths. hv. 3. landsk. við brtt. á þskj. 358 get ég fallizt á, að orðalag brtt. sé ekki nógu skýrt. En ég hygg, að úr því mætti bæta með því að flytja seinni málsgr. 1. brtt. fram fyrir þá fyrri. Ég gæti gengið inn á þá breyt. Ég hygg líka, að meiri hl. n. meini það, að þó víxillán séu greidd upp á 6 mán. þá sé þó heimilt að veita reikningslánin til eins árs.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég skildi ekki hv. 5. landsk., er hann var að tala um, að það yki reikningshald að hafa gjalddaga fleiri en einn. Ég veit ekki, hvort hv. þm. átti við það, að allir ættu að borga upp lán sín á sama degi, þannig að ef maður fær lán í janúar, sem hann þarf til tveggja mánaða, þá megi hann ekki borga það upp fyrr en t. d. 10. des., ef það væri gjalddagi félagsins. Slíkt kemur vitanlega ekki til mála. Það, sem til er ætlazt, er það, að allir félagsmenn séu skuldlausir einu sinni á ári.

Um brtt. okkar er það að segja, að þær gera frv. mjög á sömu lund og það fór frá þessari d., ef þær verða samþ.

Þá gerði hv. 3. landsk. enga aths. við frv. En ég sé nú við athugun, að í prentun hefir fallið niður úr brtt. við 7. gr. Þetta þarf að laga. Ég held því, að ágreiningurinn sé í raun og veru lítill. Vildi ég því leyfa mér að mælast til, að málið verði tekið af dagskrá að sinni. Er gott að fá þetta sem skýrast orðað, og má vinna svo fljótt að því, að málið geti komið til afgreiðslu á morgun.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 31. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 312, 358, 364, 376).

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins segja það um brtt. á þskj. 376, sem e. t. v. er fram komin að einhverju leyti vegna minna ummæla við fyrri hl. þessarar umr., að ég tel hana til bóta, það sem hún nær. En þó hún væri samþ., nægir það ekki til þess, að ég geti greitt atkv. með brtt. á þskj. 358 þannig breyttum. Ég tel ekki mega fella niður úr frv. öll þau varúðarákvæði, sem þær brtt. gera ráð fyrir að falli burt.

ATKVGR.

Brtt. 376 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 358,1, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 358,2 samþ. með 7:6 atkv.
— 364 samþ. með 7:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um sveitabanka.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 383).

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Þetta frv. hefir tekið dálitlum breyt. frá því það fór héðan. Hefir hv. Ed. breytt því í tveimur atriðum. Aðalbreyt. er við 7. gr., að felldar hafa verið burt tvær síðustu málsgr., sem hér voru samþ. í þessari hv. d. Þær greinar kváðu svo á, að hver félagsmaður skyldi vera skuldlaus við félagið a. m. k. einu sinni á ári, en vera rækur að öðrum kosti, og að svipta mætti það félag rekstrarláni, sem ekki stæði í skilum. Þessi ákvæði voru til öryggis og sett inn í frv. samkv. till. landbn. hér í Nd. N. álítur það mjög óviturlegt af hv. Ed. að fella þessi ákvæði burt úr frv., því að með þeim er numin burt úr því aðaltryggingin til að varna skuldasöfnun frá ári til árs. En á hinn bóginn ber að athuga það, að nú er orðið svo áliðið þings, að málinu er hætta búin, ef farið verður að breyta frv. enn. Treystir n. sér því ekki til þess að leggja það til.

Önnur breytingin, sem hv. Ed. hefir gert á frv., er við 20. gr., og er að mínu áliti ekki eins þýðingarmikil og hin fyrri. Er það lagt á vald hlutaðeigandi stjórnar bústofnslánafélags, hverjar tryggingar aðrar en fasteignir hún tekur gildar fyrir lánum.

Að lokum hefir hv. Ed. breytt nafni frv. og fært það í upprunalegt horf, og mun mega telja þá breytingu litlu máli skipta.

Þótt n. virðist breyt. hv. Ed. á 7. gr. vera fremur til spillis, þá vill hún þó ekki stofna málinu í voða með því að bera fram brtt. við frv. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. óbreytt, svo að þetta mál megi nú ná afgreiðslu á þessu þingi.

Vil ég svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, en vænti þess, að deildin samþ. frv., eftir atvikum, eins og það er komið frá hv. Ed.

Jón Sigurðsson: Ég vil aðeins bæta örfáum orðum við það, sem hv. frsm. hefir sagt um þetta mál. Eins og hann drap á, hefir hv. Ed. gert talsverðar breyt. á frv., og allar miða þær í þá átt, að rýra þær tryggingar, sem við höfum sett fyrir vexti og viðgangi þessa félagsskapar. Hv. Ed. hefir numið burt úr frv. þau ákvæði, sem áttu að koma í veg fyrir það, að það söfnuðust fastar skuldir frá ári til árs, fastur skuldahöfuðstóll, sem svo stæði félögunum og félagsmönnum fyrir þrifum. Ef engar slíkar tryggingar eru settar, þá er mjög ósennilegt, að þessi félagsskapur komi að tilætluðum notum. Það, sem fyrir forgöngumönnum þessa máls vakti, og öðrum, sem að þessu frv. standa, er að útvega bændum fé til búrekstrar, en ekki til skuldasöfnunar, og hin eina vörn gegn því er að setja ákvæði um, að félagsmenn skuli vera a. m. k. einu sinni á ári skuldlausir við félagið. Þessi ákvæði höfum við sett inn í frv. samkv. till. stj. Búnaðarbankans, en nú hefir hv. Ed., illu heilli, haft þessar till. að engu. Ég vil því leyfa mér að skjóta til hæstv. stj., hvort hún vilji ekki hafa þetta í huga, þegar samin verður reglugerð fyrir Búnaðarbankann, því að ég álít, að þótt svo slysalega hafi nú til tekizt, þá megi nokkuð úr bæta,

með því að setja þessi ákvæði inn í reglugerðina. Ef hæstv. atvmrh. vildi taka þetta til greina, gæti ég eftir atvikum verið ánægður, þótt frv. verði samþ. óbreytt eins og hv. Ed. hefir gengið frá því. En hitt er alveg víst, að ef engin slík öryggisákvæði eru sett, en allt látið reka á reiðanum í þeim efnum, þá getur vel farið svo um þessar stofnanir, að þá verði á ýmsum stöðum verr farið en heima setið, því lánstraustið má misbrúka, ekki síður en önnur gæði, eins og reynslan hefir oft sýnt, ef ekki hefir verið beitt nægilegri varúð.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið um þetta mál, skal ég taka það fram, að við samning reglugerðarinnar mun ég hafa stjórn Búnaðarbankans með í ráðum og taka þær bendingar til greina, sem hér hafa komið fram. Að öðru leyti óska ég, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 419).

8. Menntaskóli á Akureyri.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um Menntaskóla á Akureyri (stjfrv., A. 14).

Á 3. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er hluti af stærra bálki, sem stj. bar fram á síðasta þingi og þessi hv. d. hafði þá til meðferðar. Var mikið unnið að þessu máli í fyrravetur og komst það í gegnum 3. umr. í þessari hv. d. með litlum breytingum, en dagaði svo uppi, enda komið undir þinglok, er það fór úr deildinni.

Nú er þessum bálki, sem borinn var fram í fyrra í einu lagi, skipt í þrennt. Eru tvö frv. þegar fram komin og bæði á dagskrá hér í dag, en þriðja frv. er aðeins ókomið fram, og er vikið lítilsháttar að því í grg. þessa frv.

Á þessu stigi málsins er ekki þörf að tala ítarlega um frv., enda er það að mestu shlj. því, sem endanlega var samþ. í þessari hv. deild í fyrra. Þó vil ég nefna lítilfjörlega breyt., sem gerð er samkv. ósk skólameistarans á Akureyri, en hún er sú, að fella niður úr frv. í fyrra ákvæðið um skólaráð. Ákvæði þetta fékk daufar undirtektir í fyrra, en hélzt þó eins og gengið var frá frv. þá, En síðan hefir komið á daginn, að kennarar við menntaskólana hér og á Akureyri eru mótfallnir þessu ákvæði, og þykir ekki ástæða til að halda því til streitu að þessu sinni.

Stærsta breyt., sem gerð er á frv. frá í fyrra, er sú, að engin latína verði kennd í Menntaskólanum á Akureyri, en aðaláherzlan lögð á kennslu nýju málanna. Að því er vikið í aths., að í nágrannalöndunum er nú minni áherzla lögð á að kenna mönnum latínu, en aðaláherzlan lögð á kennslu nýju málanna. Virðist sú stefna einnig vera að ryðja sér til rúms hér á landi. Latínan hefir því aðalgildi nú sem stuðningur undir nám nýju málanna, en ekki eins og fyrr, á meðan hún var aðalþjálfmeðal og aðalmenntamál hinna lærðu skóla.

Þá er ein smábreyt. enn frá frv. í fyrra, um að jafna kennslutímann í skólanum hér og á Akureyri. Eins og kunnugt er, þá er kennslutími Menntaskólans hér mánuði lengri en í Akureyrarskólanum. Er með breyt. þessari lagt til að stytta skólatímann hér í fyrstu tveimur bekkjunum til maíloka, en lengja hann á Akureyri lítið eitt fram í júnímánuð tvö síðari námsárin. Er þetta gert með tilliti til þess, að auðveldara er að koma við ýmsum útiíþróttum og ferðalögum á vorin, og þykir þá rétt, að þetta gangi jafnt yfir báða skólana. Að vísu eykur þetta lítilsháttar námskostnað á Akureyri, en þar sem ódýrara er að lifa á Akureyri en hér, þá ætti þetta ekki að valda neinum erfiðleikum fyrir nemendur.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Málið var þrautrætt í þessari hv. deild í fyrra. Óska ég því, að frv. fái að ganga til 2. umr. og geri að till. minni, að því verði vísað til hv. menntmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 14, n. 130, 149).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Það stendur í nál. menntmn., að n. hafi orðið sammála um þær breyt., sem hún leggur hér fyrir hv. d. á þskj. 130. En síðan störfum hennar lauk, hefi ég leyft mér að gerast flm. að brtt. á þskj. 149, sem felur í sér dálítið aðra meðferð á a.-liðnum í brtt. 2 á þskj. 130. Það er þó ekki fyrir það, að það sé ekki rétt til tekið í þessu nál., að menntmn. hafi orðið sammála um þær brtt., sem hún leggur hér fyrir hv. d., að ég flyt þessar brtt. með öðrum hv. þdm., heldur er ástæðan til þess annarsstaðar frá, sem ég mun víkja að síðar.

Þessar brtt., sem n. flytur, eru flestar gerðar með tilliti til þess að samræma þetta frv. til laga um menntaskóla á Akureyri við það frv., sem afgr. hefir verið héðan úr d. um menntaskóla í Reykjavík. Það voru, eins og hv. þdm. sennilega muna, gerðar dálitlar breyt. á því af menntmn., og þessar breyt., sem hér liggja fyrir, eru mjög í sömu átt eins og hinar fyrri við frv. til laga um menntaskóla í Reykjavík. Þó hefir þurft að gera hér nokkrar leiðréttingar á frv. eins og það var lagt fyrir upphaflega, sem að sumu leyti liggja í því, að það var lagt fyrir þingið í fyrra frv. um þessa menntastofnun, og í sambandi við það frv. um gagnfræðaskóla í kaupstöðum. Nú hefir frv. um gagnfræðaskóla verið tekið út úr og lagt fyrir þingið sem sérstakt frv., algerlega fráskilið frv. báðum um menntaskólana.

Það, sem ég vildi sérstaklega minnast á þessar leiðréttingar við þetta frv., er það, að í 6. gr. frv. leggur n. til, að fellt sé niður orðið menntadeild, og að í staðinn fyrir það komi menntaskóli, af því að frv. er aðeins um annað, en ekki hvorttveggja, og þess vegna getur ekki verið rétt að tala um menntadeild, þar sem átt er við sérskilinn menntaskóla; er þetta því meira leiðréttíng á máli heldur en breyt. að efni til.

Hinar aðrar breyt., sem hér eru taldar á undan, eru, eins og ég gat um áðan, gerðar í samræmi við það, sem n. hefir áður flutt. Sama er að segja um brtt. við 8. gr. Það er orðabreyt., sem leiðir af því sama og áður, að þetta er frv. um sérstæðan skóla, en ekki um leið frv. fyrir gagnfræðaskóla, eins og það var í fyrra.

Þá hefir n. talið eðlilegt að bæta inn í 10. gr. námi í þýzku og einnig, að í stað orðanna „og sænsku" komi: eða sænsku. Munurinn á þessu er skiljanlega sá, að ef þetta stæði óbreytt í frv., að talað væri um dönsku og sænsku, þá væri gert ráð fyrir, að bæði málin verði kennd, en það er ekki, heldur að annaðhvort málið sé kennt í skólanum, og því verður að breyta þessu orði „og" í „eða".

Þá hafa verið gerðar hér nokkrar breyt. á 16. gr., og liggur aðalbreyt. í því, að gert er ráð fyrir, að stundakennarar mæti á kennarafundum, ef skólameistari sérstaklega kveður þá til eða þeir óska eftir því, en það er ekki gert ráð fyrir að þeir hafi atkvæðisrétt.

Þá hefir fallið niður úr frv. ein gr., sem virðist vera nauðsynleg, en það er að ákveða með lögum, að menntaskólinn heyri undir kennslumálaráðuneytið, en það hafði einhvern veginn láðzt að setja það í frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir.

Þá komst n. að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að fella niður úr þessu frv. það, sem talað er um skólagjöld fyrir gagnfræðadeild, því að um þess háttar ætti að vera ákvæði í lögum um gagnfræðaskóla, en rétt að taka þetta út úr frv. um menntaskóla. Þessi setning hefir lent á tveim stöðum í sömu gr. Tillaga n. er, að þetta verði fellt niður úr frv., en verði aftur á móti tekið upp í lögin um gagnfræðaskólana. Þá virðist oss og, sem algerlega vanti í frv. grein um það, að heimild sé til að skipa að öðru leyti fyrir með reglugerð um starf skólans, og í frv. um menntaskólann í Reykjavík er alveg sérstök grein um skólaleyfi og þess háttar. N. gerir ráð fyrir, að með reglugerð verði skipað fyrir um skólaleyfi m. a. og ann-

að það, sem þörf þykir á að skipa fyrir um í reglugerð og ekki er nægilega tekið fram í þessu frv.

Þetta eru þær aðalbreyt., sem n. flytur, og af þessum breyt. leiðir dálítið aðra röðun á gr. í frv., og er gert ráð fyrir því í brtt., að röðin á gr. í frv. breytist eftir því, sem með þarf.

Ég ætla þá örlítið að víkja að brtt. á þskj. 149, sem við flytjum, hv. 6. landsk. og ég. Er fyrri brtt. fólgin í því, að í stað þess, að gert er ráð fyrir því í 1. gr. frv., að menntaskólanum á Akureyri sé heimilað að starfrækja gagnfræðadeild með þremur óskiptum bekkjum, þá sé ákveðið, að honum sé skylt að starfrækja gagnfræðadeild með þremur bekkjum, og einum þeirra skiptanlegum.

Önnur brtt. er það, að í staðinn fyrir það, að n. hefir lagt til sem breyt. við 4. gr., að inn í hana sé bætt fyrirskipun um það, að latína sé kennd í skólanum, þá komi aftan við gr. heimild um það, að kenna þeim nemendum latínu, sem óska eftir því, en að það megi þá samhliða draga úr kennslunni í frönsku hjá þeim nemendum, sem stunda latínunám. — Breytingarnar virðast ekki vera mjög miklar og sennilegt, að hv. d. geti fallizt á þetta, því að það orkar fyrst og fremst nokkuð tvímælis, hvort ástæða sé til að leggja mikla stund á latínukennslu í svona löguðum skóla, og a. m. k. ef hún er á annað borð, þá virðist það vel til fallið, að nemendur sjálfir geti ráðið, hvort þeir leggja stund á nám í latínu eða ekki.

Ég hefi svo ekki fleira um þetta frv. að segja að svo komnu.

Jón Þorláksson: Ég bjóst ekki við að þurfa að taka til máls um þennan skóla, því að það var alveg fullt samkomulag í n. um breytingar við frv., og það ekki aðeins milli nm. sjálfra, heldur líka hæstv. kennslumálaráðh., sem mætti á nefndarfundum og tók þar þátt í umr. um höfuðbrtt. og taldi sig þeim samþykkan, þar á meðal tveim brtt., sem standa í sambandi hvor við aðra. Það er 1. brtt., við 2. gr., að taka það upp, sem ekki stóð í stjfrv., að tilgangur skólans sé m. a. að gera nemendur sína hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir. Í frv. stj. stóð einungis: að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum. Í sambandi við þetta var latínan ekki tekin upp sem skyldunámsgrein í stjfrv., en ráðh. lét svo um mælt, að hann hefði eiginlega frekar sleppt að setja þetta í frv. til þess að fá það undir umr., heldur en að hann óskaði því haldið fram, að kennslu í þessari námsgrein væri sleppt við skólann á Akureyri, og hann féllst á það að bæta þessu hvorutveggja inn í frv., í 2. gr., orðunum um að gera nemendur hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir, og þar af leiðandi latínunámi við skólann, því að ráðh. bjóst við, að það mundi gera stúdentum frá Akureyri erfiðara um inngöngu í margar háskóladeildir, ef þeir hefðu ekki notið kennslu í latínu, og er þetta alveg rétt. En svo er nú ástatt við þann skóla, að þeir eiga í hálfgerðu basli með kennslukrafta, og svo hringdi skólameistari upp til mín og fór að biðja um ýmsar breyt., og þar þykir mér hv. frsm. n. hafa verið helzti fljótur á sér að bera fram brtt. um að fella niður latínukennsluna, eftir að hafa skrifað undir nál., án þess að bera sig saman við meðnm. sína. Það getur vel verið, að burtfelling latínunáms verði stúdentum ekki eins mikil hindrun og nú lítur út fyrir, en það er þó svo, að í fjölda háskólanámsgreina er heimtað í öllum háskólum, sem ég þekki til, að stúdentar hafi undirbúningsþekkingu í latínu, og það hefir jafnvel verið farið svo langt, að þeir, sem ekki hafa meiri latínukennslu heldur en nú er í stærðfræðideild lærðu skólanna í Danmörku, verða að bæta við sig til þess að geta fengið upptöku í sumar deildir háskólans í Kaupmannahöfn. Ég held, að það sé bezt að hafa þetta hreint, annaðhvort eins og var í stjfrv., þar sem skólanum er ekki ætlað að búa nemendur sína undir háskólanám, og þá að hafa ekki latínu, eða þá að hafa þetta eins og n. leggur til. En þó má náttúrlega gera miðlun, sem ekki bindur hendur manna í framtíðinni of mikið, t. d. með því að taka upp aftan við þessa 4. gr., sem telur upp kennslugreinar við Akureyrarskólann, samhljóða ákvæði og eru í lögunum um Reykjavíkurskólann.

Ég hygg, að þetta mál sé ekki nægilega athugað og vil skora á hv. flm. brtt. á

þskj. 149 að taka þær aftur til 3. umr., svo að hægt sé að athuga þær betur, því að ég er alls ekki viss um, að það gefi stúdentum frá Akureyri nægilegan stimpil, þótt þeir stundi þar nám, og að þeir nemendur, sem þess hafa óskað, geti fengið kennslu í latínu, og hinsvegar er ég sannfærður um, að það er mjög óheppilegt að einskorða latínukennsluna við það, að frönskukennslan verði minnkuð, því að þeir, sem sérstaklega óska að læra latínu, gera það máske flestir vegna þess, að þeir vilja njóta latínukunnáttu við nám í öðrum tungumálum, og þá er franska næst, og því vafasamt, hvort rétt er að draga af þeim frönskukennslu í staðinn fyrir latínuna.

Ég læt þetta nægja. Fyrri brtt. skal ég ekki hafa neitt á móti; hún er engin efnisbreyt., ekki annað en það, að heimila að skipta einum bekk í tvær deildir, og ef húsrúm leyfir, er sjálfsagt að samþykkja það. En ég vil endurtaka það, sem ég fór fram á við hv. flm. áður, að þeir taki aftur brtt. sínar til 3. umr., svo að hægt sé að athuga þær.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég skil það á hv. 3. landsk., að hann er ekki á móti fyrri brtt. á þskj. 149. Er því ekki ástæða til að ræða frekar um það. En aftur á móti viðvíkjandi latínukennslu í Menntaskólanum á Akureyri, virðist mér svo, sem hv. þm. álíti, að þessi brtt. sé fram komin vegna aðstöðu skólans nú með kennslu í þessari námsgrein, að skólameistari óski eftir að hafa dálítið lausari ákvæði um kennslu í latínu heldur en gert er í till. n. Ég álít, að ástæðan geti ekki verið sú, því að ef það er á annað borð skylda að kenna þeim latínu, sem óska þess, þá þarf jafnt kennslukrafta til þess, þótt það væri skyldunámsgrein. Ég geri ráð fyrir, að ástæðan sé frekar sú, að skólameistarinn álíti, að latína sé engan veginn nauðsynleg öllum þeim, sem útskrifast úr skólanum. Hitt get ég skilið, að hún sé sumum nauðsynleg, t. d. læknaefnum, eins og mig minnir að hv. 3. landsk. hafi tekið sérstaklega fram, en allir þeir, sem ganga í gegnum menntaskóla, ætla sér eðlilega ekki að nema læknisfræði, og því virðist mér óhætt að ályktа, að þeir, sem ekki þurfa á latínu að halda, megi vera lausir við að læra hana. Ég hefi ekkert á móti því, að rétt sé að athuga málið nánar til 3. umr., ef hv. meðflm. minn er því samþykkur. Ég vil þó geta þess, að það, sem hv. 3. landsk. benti á til athugunar, virðist mér ekki bezta lausnin, ef hann ætlar að bæta við 4. gr. því ákvæði, að kennslumálaráðuneytinu skuli heimilt að fjölga eða fækka námsgreinunum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

Þetta ákvæði er miklu víðtækara en við till.menn höfðum hugsað okkur. Því að það gefur leyfi til að fækka fleiri námsgreinum en latínunni, en svo langt höfum við flm. þessarar brtt. ekki kært okkur um að ganga. Samkv. því mætti einnig taka frönsku út úr, ef skólameistari mælir með því og kennslumrh. væri því samþykkur. Ég hygg, að með því að bæta þessu ákvæði við, gæti svo farið, að ekki einungis latínan, sem hv. 3. landsk. vill svo eindregið halda í, heldur einnig aðrar námsgreinar, yrðu lagðar niður við skólann.

Jón Jónsson: Ég hefi leyft mér að flytja hér tvær brtt., og hefir mér skilizt á hv. 3. landsk., að enginn ágreiningur væri um þá fyrri. Hvað hinni síðari viðvíkur, þá er það að segja, að n. hefir viljað bæta latínunni í 4. gr. á eftir frönsku, og hefir þar gengið lengra en ég, með því að vilja lögbjóða þá námsgrein. Mér er það ekki ljóst, að nauðsyn sé á því, að menn eyði miklum tíma til latínunáms, jafnmikið og heimtað er í öðrum greinum af menntuðum manni, og því gladdi það mig, að í frv. var ekki gert ráð fyrir latínu sem skyldunámsgrein á Akureyri. Ástæðan til þess, að ég vil þó gera ráð fyrir, að unnt sé að fá kennslu í latínu, er sú, að skólastjóranum barst skeyti frá háskólaráðinu, og tók það ekki dýpra í árinni en það, að latínunám væri nauðsynlegt þeim mönnum, sem ætluðu sér að nema læknisfræði.

Þeir munu nú tiltölulega fáir, sem koma að norðan til að nema læknisfræði, og því get ég ekki séð, að nokkur ástæða sé til að þröngva öllum hinum, sem enga þörf hafa á latínukunnáttu, til að eyða miklum tíma í það nám. Það er því sönnu nær að gefa þeim einum, er þess óska,

kost á kennslu í latínu, og þá jafnframt einhverja undanþágu frá frönskunámi, en láta aftur hina vera lausa við latínunám.

Hinsvegar get ég fallizt á að geyma þessa till. til 3. umr., ef n. getur fallizt á að geyma öll ákvæði um latínunám þangað til, en annars ekki.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég býst við, að flestar aðrar till. n. séu frekar til bóta, en þá vildi ég aðeins víkja að brtt. 5, b-lið, þar sem það ákvæði er sett inn í 10. gr., að þýzku skuli menn hafa numið til þess að fá inntöku í lærdómsdeild skólans. Því er svo farið, að skólann sækja margir menn utan af landi og þeir eiga mjög óhægt með að afla sér kennslu í þeirri grein. Þeir kennarar, sem útskrifast héðan frá kennaraskólanum, hafa ekki numið það mál, og ekki er heldur ætlazt til, að það sé kennt í gagnfræðaskólum. Úti um sveitirnar munu þeir sárafáir, sem geta kennt þá tungu, og virðist því eðlilegra, að hert væri á kröfunum í öðrum málum, eins og t. d. ensku, sem ungir menn eiga mun hægra með að fá kennslu í. Þetta er líka í fullu samræmi við álit skólameistarans á Akureyri, en eins og kunnugt er, má í þessu efni sem öðru, sem tekur til skólans, leggja sérstaka áherzlu á orð hans. Hvað öðrum brtt. n. viðvíkur, þá get ég gjarnan fallizt á þær.

Páll Hermannsson: Ég þarf ekki að minnast neitt á till. menntmn., sem er að finna á þskj. 130. Um þær var bezta samkomulag í n., eins og hv. frsm. hefir skýrt frá, og hefi ég þar engu við að bæta, en ég stóð upp til þess að taka undir það með hv. 3. landsk., að hv. 6. landsk. ætti að geyma sína brtt. til 3. umr. Virðist mér þá ekki nema sanngjarnt, að n. geymi einnig sínar till., svo að báðar sæti þar að þessu sinni sömu örlögum.

Það var rétt hjá hv. 3. landsk., að bezta samkomulag var innan n. sjálfrar, og eins við þann hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, og sáum við engar ástæður til að koma með aðrar breyt. en þær, sem n. ber fram. Þó að það gæti komið til mála við nánari íhugun að breyta latínunáminu eitthvað, álít ég ekki rétt að koma fram með ákvæði um það án þess að ráðfæra sig við menntmn. og kennslumrh. Vil ég því mælast til þess, að hv. 6. landsk. taki sína till. aftur, en ef hún kemur hér til atkv., mun ég greiða atkv. gegn henni.

Jón Þorláksson: Ég hafði ekki heyrt um skeytið, sem skólastjóri hefir fengið í hendur frá háskólanum, en það verð ég að segja, að mér kemur það mjög á óvart, ef háskólaráðið hefir lýst yfir því, að latínukunnátta væri aðeins nauðsynleg í læknadeild. Ég vil benda á það, að hér er einnig svokölluð heimspekideild, en aðalnámið er þar norræn fræði, og fæ ég ekki skilið, hvernig nemendur ættu að geta numið þau fræði til fulls án þess að geta farið út í og kynnt sér samanburðarmálfræði, og þá verður ekki komizt framhjá kunnáttu í latínu. Ég hefi líka ímyndað mér, að guðfræðideildin óskaði eftir, að piltar geti lesið lærifeðurna og kirkjufeðurna, sem eins og kunnugt er hafa ritað eingöngu á latneskri tungu, og merkustu guðfræðingar hafa einnig ritað á latínu allt fram á vora daga.

Svipað hygg ég, að mætti segja um lögfræðina, enda þætti mér þeir lögfræðingar undarlegir, sem ekki skildu tilvitnanir í Rómarétt eða kynnu almennustu lögfræðileg hugtök á latínu, sem nú eru á hvers manns vörum. Hinsvegar segja lögin ekkert um, hve miklar kröfur eigi að gera í þessu efni, og fæ ég þá ekki annað séð en að vel mætti samræma námið og þörfina á kunnáttunni, þannig að ekki kæmi að sök.

Ekki er ég hræddur við það, að ákvæði 4. gr. verði misbrúkað eða að nokkurri kennslumálastjórn detti í hug að fækka námsgreinum fram yfir það, sem þörf gerist.

Annars finn ég það, að ég er kominn hér í ófuga aðstöðu við hv. þm. Ak., því að ég, sem hefi verið talinn andstæðingur skólans, vil gera hann betri en hv. þm. virðist hafa tilhneigingu til, en það mun orsakast af því, að mér er illa við allt kák og fæ ekki séð, hvaða ástæða hefir verið til að gefa skólanum sama nafn og réttindi og skólanum í Reykjavík, en heimta þó ekki sama nám.

Vilji menn gera skólann að almennum unglingaskóla, er auðvitað ekkert við

því að segja, en eigi hann að útskrifa stúdenta og gera þá hæfa til háskólanáms, verður hann að uppfylla þau skilyrði, sem þarf til að hann standi jafnfætis skólanum í Reykjavík.

Jón Jónsson: Það er nú svona með okkur hv. 3. landsk., að við erum á skiptri skoðun um það, hvað þurfi til að gera skólann fullkominn. Hv. þm. virðist álíta, að það geti hann ekki orðið, nema latína sé þar kennd öllum nemendum, en ég lít svo á, að fleiri námsgreinir geti verið öllu hentugri til þess, einkum þar sem aðrir hafi ekki beina þörf fyrir latínukunnáttu en læknar. En um þetta skeyti, sem hér hefir verið talað um, er það að segja, að skólameistari leitaði umsagnar háskólans, og eftir því að dæma virðist það bara vera læknadeildin, sem krefst latínukunnáttu, og við viljum gefa nemendum, er hana ætla að sækja, kost á þeirri kunnáttu.

Þótt nemendum, sem ekki þurfa latínunnar með, sé hlíft við henni, fæ ég ekki séð, að skólinn verði ófullkomnari fyrir það, enda veit ég ekki betur en allir háskólar nágrannalandanna taki hiklaust við ólatínulærðum mönnum.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég þykist sjá, að það muni verða samkomulag um að bíða 3. umr. með báðar brtt., sem ágreiningur hefir orðið um; í það minnsta hefir mér skilizt það á n., að hún myndi geta sætt sig við það, og þá hefi ég ekkert við það að athuga, að brtt. mín og meðflm. míns sæti sömu meðferð. Ég vildi aðeins minnast lítið eitt frekar á latínuna, og vil ég þá taka það fram, að ég hefi að nokkru mína vizku úr hv. 3. landsk. um nauðsyn latínukennslu í menntaskólum. Mig minnir, að hann hafi sagt, er við ræddum málið í n., að það væru einkanlega læknanemendur, sem þyrftu latínu með. (JÞ: Það sagði ég ekki). Ég skil ekki í, að mig misminni það, en hinsvegar sé ég ekkert við það að athuga, þótt hann geti núna komið fram með ýmislegt, sem mælir með frekari latínukennslu.

Með þessari till. vakir það engan veginn fyrir okkur flm. að útiloka menn frá því að geta numið málið, heldur hitt, að þeir, sem það vilja, eigi þess kost, en hinir, sem ekkert kæra sig um latínunámið, geti verið lausir við það.

Hv. 3. landsk. var eitthvað að sneiða að mér sem þm. Ak. fyrir það, að ég vildi ekki gera menntaskólann þar jafnfullkominn og hann þóttist vilja gera hann með að skylda nemendur til latínunáms. Ég lít þannig á, að mestri fullkomnun verði ekki náð með því að skylda nemendur til þess að læra það, sem þeir sjálfir álíta sér gagnslaust að læra. Umhyggja hans fyrir kjördæmi mínu þar norður frá verður því ekki tekin alvarlega, og ummælum hans um fyrirhyggjuleysi mitt vísað heim til hv. 3. landsk.

ATKVGR.

Brtt. 149,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 130,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 130,2.a. tekin aftur.

— 149,2 tekin aftur.

— 130,2.b. samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 130,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 130,4 samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 130,5.a. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 130,5.b. samþ. með 10:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

11.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 130,6 (ný 16. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 130,7 (ný gr., verður 18. gr) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 130,8 samþ. með 9 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 130,9 samþ. án atkvgr.

19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 130,10 (ný 20. gr., verður 21. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 130,11 (ný gr., verður 22. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
— 130,12 samþ. án atkvgr.
21. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 163, 168, 175).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 168 og 175. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þegar mál þetta var til 2. umr., voru teknar aftur tvær smábrtt., og út af því flytur n. brtt. sínar á þskj. 168. Fara þær fram á það, að bæta latínu við sem námsgrein, en jafnframt skal kennslumálaráðuneytinu heimilt að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

Í frv. um Menntaskólann í Reykjavík er þetta líka heimilað, þó að það sé þar í 6. gr., en ekki í 4. gr. eins og gert er ráð fyrir hér, og n. leit þannig á, að rétt væri að láta þessa heimild gilda einnig fyrir skólann á Akureyri, og með því væri þá líka gengið að nokkru leyti inn á hugmynd þeirra þm. tveggja, sem fluttu brtt. um þetta á þskj. 149 við 2. umr., en tóku þá aftur.

Ég hefi svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira og vona, að deildin taki þessari brtt. vel og fallist á, að hún sé til bóta á frv.

Jón Jónsson: Ég hefi ekki séð mér fært að halda til streitu till., sem ég flutti ásamt hv. þm. Ak. við 2. umr. málsins, um að latína væri ekki skyldunámsgrein í Akureyrarskólanum, af því að mér virtist hún hafa of lítið fylgi í deildinni. En það var alls ekki af því, að ég hafi breytt skoðun um, að það sé mjög óheppilegt, að þess sé hvergi kostur hér á landi að fá fullan undirbúning undir háskólanám án þess að hafa lært latínu. Ég tel þeim tíma illa varið, sem til hennar fer, hjá flestum nemendum a. m. k. Ég sé ekki, að okkar háskóla sé vandara um en öðrum að taka við mönnum til háskólanáms ólatínulærðum. Því tel ég það miður farið, að hún verði skyldunámsgrein. En eina brtt. hefir hv. menntmn. flutt, þar sem lagt er til að heimila kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum. Þá er ekki ómögulegt, að þetta mundi verða tekið upp, og latínan yrði að víkja.

Ég hefi aftur leyft mér að flytja eina örlitla brtt. við frv. Það er svo ákveðið í 9. gr., að það skuli alltaf vera inntökuskilyrði í skólann, að unglingar verði a. m. k. 16 ára það ár, sem þeir ganga inn í 1. bekk. Þetta tel ég fullhart að orði kveðið. Í raun og veru er heppilegt, að þetta sé aðalreglan, en í einstökum tilfellum finnst mér réttmætt að veita undanþágu, ef menn eru sérstaklega þroskaðir. Í Reykjavík á aðalreglan að gilda um 15 ár, en þó má kennslumálaráðuneytið veita undanþágu, ef þroski er nægur, allt niður að 14 ára aldri. Ég vil, að þetta sé fært til samræmis um Akureyrarskólann.

ATKVGR.
Brtt. 168,a. samþ. með 8:2 atkv.
— 168,b. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 175 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 178).

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég vildi helzt leggja til, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá. Að vísu var því lýst yfir í gærkvöldi, að það myndi verða núna til umr., en þar sem ég bjóst ekki við því, hefi ég ekki búið mig undir framsögu, enda svo fáir hv. þdm. mættir, að tæpast er gerlegt að tala að svo stöddu fyrir máli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég legg einnig til, að málinu verði frestað til morguns.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 178, 271, n. 308 og 314).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Eins og nál. á þskj. 308 ber með sér, leggur meiri hl. menntmn. til, að frv. þetta verði samþ., með einni lítilli breyt. Þetta nál. hafa undirritað 4 af 5 nm. Einn af þeim hefir þó nokkra sérstöðu, af því að hann flytur sérstaklega eina brtt. Minni hl. n., hv. 1. þm. Reykv., virðist a. m. k. ekki leggja á móti frv. Það, sem n. hefir klofnað um, er því ekki það, hvort málið eigi að ganga fram eða ekki, heldur vill hv. 1. þm. Reykv. gera á frv. víðtækari breyt. en við hinir höfum viljað fallast á, einkum í þá átt, að slá öllum ákvæðum um menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri saman í eitt frv.

Eins og hv. þdm. vita, er þetta mál komið frá Ed., og hefir þar haft fylgi allra flokka, bæði á þinginu í fyrra og nú. Hv. Ed. hefir tvisvar sinnum fallizt á að lögfesta menntaskóla á Akureyri, og þar sem málið hefir fengið svo góðar viðtökur í menntmn. þessarar hv. d., verður ekki annað sagt en að mjög góðar horfur séu á því, að málið nái fram að ganga. Sem gamall flm. málsins hlýt ég að láta í ljós gleði mína yfir velgengni þess.

Þetta mál, að breyta gagnfræðaskólanum á Akureyri í lærðan skóla, er sem sé ekki nýtt hér á Alþingi, en þegar ég flutti það hér fyrst — þó að í öðru formi væri —, fékk það mun kaldari viðtökur en nú. Ég skal og geta þess, að það væri alveg sérstaklega ánægjulegt, að geta afgr. þetta frv. sem lög á þessu þingi, af því að svo stendur á, að á næsta vori er 50 ára afmæli norðlenzka skólans, sem fyrst var á Möðruvöllum, síðan á Akureyri, svo að það væri mjög skemmtilegt fyrir skólann að fá þá afmælisgjöf frá ríkinu, að hann yrði lögfestur sem lærður skóli.

Um efni frv., að því er fyrirkomulagsatriði skólans snertir, hefir ekki orðið neinn ágreiningur í Ed., og eiginlega má segja það sama um meðferð málsins í n. hér. Þar hefir ekki, a. m. k. í verulegum atriðum, orðið neinn slíkur ágreiningur. Eins og hv. dm. vita, hefir þetta frv. inni að halda þá breyt. frá núv. fyrirkomulagi menntaskólans í Reykv., að í stað þess, að honum er nú skipt í 2 deildir, gagnfræðad. og lærdómsd., sem hvor um sig starfar í 3 ár, er ætlazt til, að Menntaskólinn á Akureyri verði óskiptur fjögurra ára skóli, með sérstöku inntökuprófi. Það má líta svo á, að þetta sé í framkvæmdinni það sama og að lengja lærdómsdeildina um 1 ár, þ. e. a. s. láta hana byrja einu ári fyrr en hún gerir nú. Og allir, sem um málið hafa fjallað í fyrra og nú, eru sammála um þetta atriði, enda engar till. komnar fram til að breyta því. Aðeins er ágreiningur um, hvort kennsla í tveimur neðri bekkjum gagnfræðadeildar þeirrar, sem ráðgert er að ákveðið í frv., að inntökupróf skuli vera þannig, að þar sé beinlínis stefnt að undirbúningi undir menntaskólann eða að gagnfræðadeildin hafi sitt sjálfstæða takmark. Um þetta hefir orðið nokkur ágreiningur, og það spursmál er opið eftir frv. og till. meiri hl. n. Að vísu er svo ákveðið í frv., að inntökupróf skuli vera og settar reglur um það, en með því er ekkert ákveðið um gagnfræðadeildina.

Þessi eina brtt. meiri hl. á þskj. 308 er þess efnis, að í stað þess, að ákveðið er í 21. gr. frv., að um gagnfræðadeild Menntaskólans skuli fara eftir lögum um gagnfræðaskóla, vill n. leggja til, að farið verði eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setji. Ástæður fyrir þessu eru í fyrsta lagi sú, að þar sem ákveða á í þessum lögum, að þarna skuli starfa gagnfræðadeild, virðist óeðlilegt að fara að vísa til annara laga um það, hvernig hún skuli starfa.

Í öðru lagi verð ég að líta svo á, að

gagnfræðadeildin á Akureyri hafi og eigi að hafa þá sérstöðu, að sömu lög eða ákvæði geti ekki átt við um hana sem um gagnfræðaskóla í öðrum kaupstöðum.

Þessi gagnfræðadeild verður í sambandi við menntaskóla, en gagnfræðaskólinn á Ísafirði og aðrir gagnfræðaskólar verða ekki í slíku sambandi. Því þótt próf frá 2. bekk gagnfræðadeildar heimili ekki inngöngu í 1. bekk Menntaskólans, verður þar þó nokkurt samband á milli, t. d. sömu kennarar. Þess vegna álít ég ekki rétt að rígbinda þennan skóla sömu ákvæðum sem aðra gagnfræðaskóla.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri hefir aldrei verið neinn héraðsskóli. Þegar Möðruvallaskólinn var stofnaður, mun hafa verið litið svo á, að hann væri menntastofnun fyrir land allt, eða a. m. k. fyrir allt Norðurland. Það má líka gera ráð fyrir því, að á Akureyri verði kennslukraftar betri en við aðra gagnfræðaskóla, og þar af leiðandi verði hann sóttur víðar að en af Akureyri og Eyjafirði. Þykir mér líklegt, að sótt verði að skólanum víðsvegar að, eins og verið hefir. Menn, sem lokið hafa námi við héraðsskóla, geta t. d. stundað einskonar framhaldsnám í 3. bekk gagnfræðadeildarinnar. Ég skal gjarnan kannast við, að þessar ástæður, sem ég hefi fært fram hér um sérstöðu gagnfræðadeildarinnar á Akureyri, eru frá mér persónulega. En ég get sagt það fyrir hönd n., að hún álítur, að það sé rangt að ákveða um gagnfræðadeild skólans í öðrum lögum, úr því sérstök lög eru sett um hann.

Um brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 271 og brtt. frá hv. minni hl. á þskj. 314 skal ég ekki ræða að svo stöddu.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):* Það er nú öllum hv. þm. kunnugt, að ég hefi verið andvígur þessu menntaskólamáli á Akureyri, og ég verð að segja, að mín skoðun á því er almennt óbreytt ennþá. Mér hefir alltaf fundizt, að eins og okkar skólamálum er nú komið, sé það æðihart að vanrækja að setja upp og fjölga skólum, sem aðkallandi nauðsyn er að fá, en vera jafnframt að seilast eftir því að setja upp skóla, sem engin þörf er á og er jafnvel verra en ekkert að fá. Það vantar gagnfræðaskóla fyrir Reykjavík, þarf að fjölga héraðsskólum, háskólann vantar hús. Í skólamálunum eru ótæmandi verkefni. Það er aðeins eitt, sem er of mikið af, það er stúdentaframleiðsla.

Menn hafa ekki efni á því að leggja á sig langt nám til stúdentsprófs nema þeir ætli sér að stunda háskólanám á eftir. Hví er þá verið að ganga framhjá gagnfræðaskólunum, en stofna menntaskóla norður á Akureyri eftir kröfum manna þar?

Það hefir reyndar verið settur upp menntaskóli á Akureyri í laga- og heimildarleysi. En á hinn bóginn stendur nú svo á, að þessi skóli, sem talinn er sami skóli og Möðruvallaskólinn gamli, á nú 50 ára afmæli. Það væri því ekki nema fallega gert að leyfa honum hér eftir að starfa á lagalegum grundvelli fyrst hann hingað til hefir starfað í heimildarleysi. Þess vegna hefi ég ekki viljað setja mig á móti því, að þetta frv. verði samþ. Hinsvegar finnst mér langt gengið, að um leið og Akureyri fær 6 ára skóla, sé gamli menntaskólinn styttur í 4 ára skóla. Þótt menn vilji gera allt fyrir Norðlendinga — og ég sem gamall Norðlendingur geti verið því hlynntur —, finnst mér þeir vel geti fengið 6 ára skóla, þótt skólinn hér í Reykjavík sé ekki styttur um leið. Ég þykist reyndar vita, að meðmælendur þessa frv., og þá sérstaklega hæstv. kennslumálaráðh., muni svara því, að á báðum stöðunum séu 4 ára menntaskólar. Og þótt í þessu frv., um Menntaskóla á Akureyri, sé gert ráð fyrir gagnfræðadeild, eigi hún í raun og veru að vera óháð menntaskólanum. Þetta sé aðeins gert til að nota húsrúmið fyrir alþýðuskóla Eyjafjarðar meðan það er nóg.

Við þetta er ekkert að athuga. Hefir svipuð tilraun verið gerð við Menntaskólann hér í Reykjavík, þar sem honum hefir verið skipt í gagnfræðadeild og menntadeild. En svo fór um það, að þeir, sem höfðu lokið námi í gagnfræðadeildinni, gátu haldið áfram námi í menntadeildinni til stúdentsprófs. Úr þessu varð því óskiptur skóli, og hefir það nú á síðustu árum færzt fullkomlega í það horf og má telja, að úr því hafi verið skorið, að það væri 6 ára óskiptur skóli, þegar hæstv. ráðh. lét loka 1. bekk skólans, svo sem kunnugt er. Það verður til þess, að

ekki ganga aðrir í 1. bekk skólans en þeir, sem ætla sér að halda áfram til stúdentsprófs.

Hvað sem menn annars segja um menntaskóla á Akureyri, finnst mér það ekki þolandi, að Menntaskólinn í Reykjavík sé gerður réttminni en sá skóli. Ég hefi því borið fram nokkrar brtt., sem eru afleiðing af þessari hugsun. Ég vil láta Reykjavíkurskólann ganga undir sömu lög og skólann fyrir norðan, og ég er sannfærður um, að skólinn fyrir norðan verður 6 ára óskiptur skóli. Námið í undirbúningsdeildinni verður þá sniðið eftir því, hvað þarf til þess að ganga inn í 3. bekk skólans, og mér virðist brtt. meiri hl. gera ráð fyrir þessu. Þetta skildist mér einnig af þeim orðum, sem hv. frsm. meiri hl. mælti fyrir henni. Annars skal ég geta þess um þessa brtt., að hún mun vera fram komin eftir að ég vék úr n., og vissi ég því ekki um hana. Ef um þessa undirbúningsdeild giltu sömu lög og um gagnfræðaskóla almennt, þá væri hæpið, að hægt væri að ná þeim undirbúningi, sem þarf undir menntaskóla, en ef náminu er stjórnað af reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur, þá hefir það það í hendi sér að sníða námið í 1. og 2. bekk eftir náminu í menntaskólanum, og er hann þá þar með orðinn 6 ára skóli. Þess vegna fannst mér rétt að setja samskonar löggjöf um báða þessa skóla og kem þess vegna fram með þessar brtt. mínar, að í sambandi við þá séu starfræktar undirbúningsdeildir, og fari kennslan þar eftir því, sem ákveðið sé í reglugerð. Það má því bera fram frv. um báða skólana í einu, þar sem dregin eru fram sameiginleg ákvæði þeirra og síðan settur stuttur kafli um hvorn skóla fyrir sig. Þetta sýnist mér langeðlilegast.

Ég verð að segja það, að ég legg enga áherzlu á það, að þessar brtt. mínar verði samþ., en það er þó með því móti, að frv. það, sem hér liggur fyrir um Menntaskólann í Reykjavík, verði ekki tekið til meðferðar, heldur verði skólinn látinn eiga sig eins og hann er nú, 6 ára óskiptur skóli. Ég hefi aðeins borið þetta frv. fram til að sýna, að ég vildi annaðhvort afgreiða þessi frv. saman eða afgreiða ekki frv. um skólann í Reykjavík. Mér hefir líka heyrzt á hæstv. kennslumálaráðh., að þetta frv. um Menntaskólann í Reykjavík muni enga afgreiðslu fá.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að ræða almennt um málið við 2. umr., en ég vil þó minnast á það, að mér hefir alltaf virzt vaka fyrir hæstv. dómsmrh. að hafa hér engan lærðan skóla, menntaskóla. Það hefir verið gagnfræðaskóli, sem hefir orðið ofan á.

Ég hefi á hverju þingi reynt að standa á móti þessu, því mér finnst þessar 2 tegundir, menntaskóli og gagnfræðaskóli, vera svo gerólíkar, að þeir báði — og þá sérstaklega gagnfræðaskólinn — mikið tjón af því, að samband er í milli.

Mín hugmynd um gagnfræðaskóla og slíka skóla er sú, að þeir eigi að vera með samskólasniði. Þeir verði álíka byrjendaskólar, sem gefa mönnum fagrar endurminningar og þá þekkingu, sem kemur þeim að gagni í lífinu. Ég álít, að það sé gott, að þeir læri þar fyrstu árin, sem ætla að vera lengi við nám. Fyrir þá, sem halda áfram, byrjar strangur agi og þungt nám, en þeir geta þó snúið aftur í tæka tíð, ef þeir reynast ekki færir til þess að halda áfram. Það geta þeir, ef gagnfræðadeildin er ekki í sambandi við lærdómsdeild.

Ef á að sameina gagnfræðaskóla og menntaskóla, þá yrðu 2 fyrstu bekkirnir allþungir og miðaðir við framhaldsnám. Svo tæki við 3. bekkur, sem útskrifaði gagnfræðinga. En þeir, sem ætluðu að halda áfram, yrðu að ganga undir erfitt próf, sem þeir einir gætu staðizt, sem svo þroskaðir væru, að þeir geti haldið áfram til háskólanáms. Þá mundu flestir snúa aftur, en færri halda áfram.

Ég skal svo ekki vera að ræða frekar um þetta. Ég þarf ekki að ræða um aðrar brtt. mínar. Þær eru allar afleiðing af því, að ég geri ráð fyrir, að báðir skólarnir verði settir saman í eitt frv., og það, sem nú stendur aðeins um annan skólann, verði látið gilda um þá báða. Og ef 1. brtt. verður felld, mun ég taka hinar aftur.

Þá ætlast ég til þess, að það komi 2 greinar fyrir hvorn skóla, á Akureyri og í Reykjavík. Þar er skólatíminn ákveðinn nokkuð styttri á Akureyri en í Reykjavík og kennarar færri. Annars mun ég koma með brtt. við 3. umr., ef þessar brtt. mínar verða nú samþ.

Mér hefði þótt gott að fá upplýsingar um það, hvort hæstv. stj. hugsar sér að halda áfram frv. um Menntaskólann í Reykjavík. Annars treysti ég því, ef þetta frv. verður afgr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta mál, sem hér hefir verið til umr., hefir nú verið tvisvar hér á þingi, aðallega í hv. Ed. Það var samþ. þar í fyrra í mjög líkri mynd og það nú er í. Og þegar það nú hefir verið athugað í n., ættu að vera litlar umr. um það. En það, sem er mergurinn málsins, er það, að í Ed. voru allir 3 flokkar þingsins sammála um þetta frv. í aðalatriðunum, að varla eru dæmi til þess, að svo þýðingarmikið mál hafi verið afgr. jafneinróma sem þetta mál í fyrra og nú í vetur.

Það er þessi aðferð, sem hv. 1. þm. Reykv. var að mæla með, sem svo gott samkomulag var um í hv. Ed. að vera á móti. Hún þarf þó vitanlega ekki að vera rétt, þótt hv. Ed. sé með henni. En ég ætla að útskýra hér, hvað vakti fyrir hv. Ed., þegar hún gerði þessa breyt.

Fyrsta breyt. er sú, að það skuli vera lögbundið menntaskólanám á Akureyri. Ég vil ekki segja, að það hafi verið neinn eldmóður fyrir þessu í hv. Ed. frá hálfu íhaldsmanna, en það var látið hlutlaust eins og komið var, og ég vona, að hv. 1. þm. Reykv. geti sætt sig við þetta mál.

En það, sem bezt var samkomulag um í hv. Ed., var það, að aðskilja gagnfræðaskólanám og menntaskólanám, og að því leyti er eg í raun og veru samþykkur hv. 1. þm. Reykv., eins og hann getur séð af afskiptum mínum af máli þessu, þó nokkur kunni að vera skoðanamunur. Hv. 1. þm. Reykv. og nokkrir aðrir hv. þm. í þessari deild líta svo á, að það sé bezt að hafa 2 menntaskóla, sem væru í raun og veru óskiptir 6 ára menntaskólar. Og skoðanamunurinn er um þessa skiptingu.

Það, sem skiptir máli fyrir till. hv. 1. þm. Reykv., er það, hvort Nd. vill hallast að því, að menntaskólinn skuli vera 4 vetur og mönnum sé gert mögulegt að komast inn í 1. bekk frá öllum stöðum landsins, eða hvort það eigi að vera 2 menntaskólar og menn séu 12—13 ára þegar þeir fara í 1. bekk á Akureyri.

Ég skal útskýra mína skoðun. Ég álít það, eins og hv. 1. þm. Reykv., óheppilegt fyrirkomulag, sem tekið var upp 1903, þegar tekinn var upp gagnfræðaskóli, sem átti að vera almennur skóli og byggja ofan á hann þriggja ára menntaskóla. Þetta var ekki aðeins óheppilegt fyrir Menntaskólann, heldur var það óheppilegt fyrir Norðlendinga, því þessi tegund náms er ekki heppileg fyrir þá, sem verða að hætta við gagnfræðapróf. Það er of mikið bóknám, en of lítið praktiskt nám fyrir daglega lífið.

Ég veit um eina konu, sem var í Akureyrarskóla. Hún var mest gefin fyrir bókmenntir. Hún fékk lítið í stærðfræði, því hún var óhneigð fyrir þá námsgrein, en í henni virðast vera gerðar töluvert miklar kröfur á Akureyri, a. m. k. meiri en gerðar eru við alþýðuskóla. Hún gat því ekki lokið námi í skólanum þar. Hún passaði ekki í umgerðina.

Hér í Reykjavík var þetta framkvæmt þannig, að efri hluti skólans, 3 síðustu bekkirnir, voru hlaðnir ofan á gagnfræðadeildina. Þeir, sem byrjuðu ungir nám hér í Reykjavík, héldu svo áfram til stúdentsprófs og dálítil viðbót, sem kom norðan af Akureyri.

Við þetta fékk viss hluti af Reykvíkingum óeðlilega mikinn aðgang að háskólanum. Af hverjum 100 nemendum í Reykjavíkurskóla voru 10 úr sveitum, 11 úr kaupstöðum og kauptúnum utan Rvíkur, og 79% úr Reykjavíkurbæ. Tiltölulega lítill hluti af þessum 79% var frá hinum fátækari stéttum höfuðstaðarins, en langmestur hluti frá hinum helmingi bæjarbúa, sem eru efnaðir. Og þó hefir þeim fátækari alls ekki verið meinaður aðgangur að skólanum. En nemendur frá efnaða fólkinu komast alstaðar inn í skólana á undan hinum. Þetta er því samt sem áður ekki réttlátt, og þó að ekki sé hægt að búast við, að það verði algerlega réttlátt, þannig að af 100 nemendum í menntaskólanum verði jafnmargir t. d. úr Norður-Þingeyjarsýslu, miðað við fólksfjölda þar, eins og frá sömu íbúatölu í Reykjavík, þá verður að reyna að koma jafnvægi á sóknina að skólanum. Reykjavíkurbúar hafa alltaf meiri not af skólanum en aðrir landshlutar, en það er ekki unandi við, að þeir sitji nær því eingöngu fyrir öðrum. Á þessum forsendum er

þetta frv. byggt, að gagnfræðadeildin í Reykjavík sé skilin frá Menntaskólanum, og aðalástæðan fyrir því er sú, að hér í bænum er svo mikil þörf fyrir alþýðufræðslu og engin tök á að láta hana fara fram í Menntaskólanum sökum rúmleysis. Hér í bænum eru fermd ca. 400 börn á hverju ári. Þess vegna er æskilegt að hafa hér almennan gagnfræðaskóla, sem miðaður er við þarfir fjöldans, og sérstaklega sniðinn handa þeim nemendum, sem ekki hugsa sér lengra skólanám. — Í alþýðuskóla, sem tæki á móti 150 nýjum nemendum árlega í Reykjavík, kynnu sumir að vilja halda áfram, og mundu þeir, sem færari eru, þá geta fengið sér aukakennslu til þess að geta keppt um upptöku í 1. bekk Menntaskólans. Ég hugsa mér, að þetta verði eins úti um land við héraðsskólana og kaupstaðaskólana. Nú eru héraðsskólarnir 5—6 og bráðlega bætist einn nýr skóli við þá tölu. Ennfremur hefir nú verið samþ. frv. í Ed., sem gerir ráð fyrir 6—7 alþýðuskólum í kaupstöðunum, og má vænta, að það verði einnig samþ. hér í Nd. Ef þetta verður að lögum, þá er búið að gerbreyta því skipulagi, sem hingað til hefir verið á gagnfræðamenntuninni í landinu. Áður áttu menn kost á gagnfræðanámi aðeins í þremur fyrstu bekkjum Menntaskólans í Rvík og í gagnfræðaskólanum á Akureyri, og í Flensborgarskóla eftir að honum var breytt úr 2 deildum í þriggja ára skóla. Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. og fræðslumálastjóranum, að óheppilegt sé að byggja alþýðuskólana til þess að vera fyrst og fremst undirbúningströppur undir menntaskólana. En verði ég einhvers ráðandi um þetta eftir nokkur ár, þegar reynslan er búin að sýna, hvernig þetta gefst, og ef það kynni að reynast illa, þá mundi ég verða því samþykkur að stofna 6 ára óskiptan menntaskóla. — Á hinn bóginn er það að líkindum hverjum manni ljóst, að það er ekki æskilegt, að þeir, sem stunda háskólanám, væru aðallega úr 2 kaupstöðum, Reykjavík og Akureyri. Ég álít, að það eigi að búa þannig um hnútana, að greindir menn, hvaðan sem þeir eru af landinu, geti komizt í menntaskóla og til háskólanáms. En það er sú nýja brú, sem hv. 1. þm. Reykv. er mótfallinn, að nemendur, sem byrja í einhverjum kaupstaðaskóla, í Hafnarfirði, Ísafirði, Norðfirði, Vestmannaeyjum o. fl., eða í hinum 5 nýlegu héraðsskólum í sveitunum, geti, ef þeir eru greindir, prófað sig og notað þau ár með viðbótarnámi til þess að búa sig undir að stökkva inn í menntaskóla í Reykjavík eða á Akureyri. Þetta er mín stefna í málinu og ég held, að hún sé rétt.

Verði brtt. hv. 1. þm. Reykv. samþ. og lögð til grundvallar, að gera menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri að óskiptum 6 ára skólum, þannig að nemendur verði aðeins teknir inn í 1. bekk þeirra, þá yrðu þeir aðeins sniðnir fyrir hlutaðeigandi kaupstaði. Og það er auðvitað ómögulegt fyrir mig að fylgja því, sem hefi trú á, að rétt sé að gefa greindum alþýðumönnum alstaðar af landinu tækifæri til þess að komast í menntaskóla. Það er að vísu ómögulegt fyrir mig að afsanna það, að hv. 1. þm. Reykv. hafi rétt fyrir sér. Það er reynslan ein, sem úr því getur skorið.

Ég hefi nú sýnt fram á, að það er ekki rétt að hafa nema 4 bekki í menntaskólahúsinu í Reykjavík. Samkv. till. frá hv. 3. landsk. var rýmkað til um upptöku nemenda í 4. bekk Menntaskólans, og var það gert til samkomulags við hann í Ed. Hann hélt því fram, sem líklega er rétt, að það mundu aldrei verða eins margir nemendur í stærðfræðideild eins og í máladeild, þannig, að þó að 25 nemendur kæmu árlega í máladeildina, eins og nú er heimilað, þá mundu til jafnaðar ekki koma nema 12 í stærðfræðideildina, og þá mætti bæta 13 nemendum við í máladeildina, og yrði hún þá að vera tvískipt. Þá gæti svo farið, að þessum 4 bekkjum Menntaskólans yrði skipt í 12 deildir til kennslu. Með þessu móti verður fullerfitt að koma þessum fjórum bekkjum fyrir í húsinu, þó að sumar deildirnar verði litlar, hvað þá ef bæta ætti þar fyrir neðan tveimur bekkjum tvískiptum. Það mesta rúm, sem skólahúsið leyfir, er fyrir 10—12 deildir, og verði þetta frv. að lögum, þá er ekki viðlit að koma meiru fyrir í húsinu. Þess vegna eru þeir 2 undirbúningsbekkir, sem hv. 1. þm. Reykv. vill koma þar fyrir, alveg útilokaðir.

Ég kem þá að því, hvers vegna er gert ráð fyrir öðru fyrirkomulagi við skólann

á Akureyri. Að vísu hefði mér þótt það langtum betra, ef hægt hefði verið að leysa skólamálið á Akureyri á sama hátt og hér í Reykjavík, að aðgreina alþýðufræðsludeildina frá menntaskólanum og hafa hana á öðrum stað. En þessi alþýðuskóli er nú búinn að starfa á Möðruvöllum og Akureyri í 50 ár, fyrst og fremst fyrir Norður- og Austurland, og nú síðari árin aðallega fyrir Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað. Af því að Alþingi hefir gengið inn á það, að láta Austfirðingafjórðung fá Eiðaskólann, sem ríkið kostar að öllu leyti, þá fannst mér ekki sanngjarnt að svipta Eyfirðinga og Akureyrarkaupstað þessum gamla og merka alþýðuskóla, fyrri en aðstaðan breytist frá því, sem nú er, og þeir hafa komið skólamálum sínum í annað horf. Nú mun vera talsverð hreyfing fyrir því í Eyjafirði, að flytja alþýðuskólann frá Akureyri upp í sveit. Ég álít, að Eyfirðingar eigi að hafa sinn alþýðuskóla eins og önnur héruð, og í bili má ganga út frá því, að hann verði í sama húsinu og Menntaskólinn á Akureyri, en að öðru leyti aðskilinn frá honum. En síðar, þegar búið verður að breyta skipun þessara skóla, eiga Eyfirðingar og Akureyrarbúar ekki að hafa nein sérréttindi til undirbúningsnáms undir menntaskóla, fremur en Reykvíkingar og aðrir landsbúar, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók réttilega fram. Það, sem kom mér til að bera þetta fram um skólann á Akureyri, var annarsvegar sú „tradition", sem bundin er við gagnfræðaskólann nú á 50 ára afmæli hans, og hinsvegar vöntun Eyfirðinga á alþýðuskóla. Auk þess er skólinn fyrir fleiri en þá á Norður- og Austurlandi.

Ég hefi þá skýrt í stuttu máli, hvað fyrir mér vakir með því að gera ráð fyrir glöggum aðskilnaði á milli alþýðuskólanna og menntaskólanna, og að þeir hvorir fyrir sig byggju nemendur undir sín ákveðnu verkefni. En hinsvegar hefi ég haft það á bak við eyrað, að á milli þeirra gæti verið sú brú, að greindir nemendur frá alþýðuskólunum þurfi ekki miklu við sig að bæta til þess að komast inn í menntaskólana. Þá myndu dugandi námsmenn, eins og t. d. hv. 1. þm. Reykv. var á sínum skólaárum, geta leikið sér að því að undirbúa sig í öðrum skólum og ná svo próf upp í menntaskóla. Ég nefni hv. þm. sem dæmi, af því að ég á nú orðastað við hann.

Ég skal geta þess, að flestir nemendur frá alþýðuskólanum á Laugum hafa notað nám sitt til þess að búa sig undir lífið og ýmsa sérfræðiskóla, en sárfáir hafa reynt að keppa inn í Akureyrarskólann. En það er heldur ekki hægt að neita því, að eins og formi Akureyrarskóla er nú háttað, þá er talsvert erfiðara að ná prófi inn í hann heldur en það yrði eftir að þetta frv. er orðið að lögum.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvort stj. mundi leggja kapp á að koma fram á þessu þingi frv. því, sem nú liggur fyrir hv. Ed. um Menntaskólann í Reykjavík. Ég sé ekki ástæðu til að lýsa neinu yfir um það að svo stöddu, en henni er það meira áhugamál, að þetta frv. verði að lögum, vegna þess að gagnfræðaskólinn á Akureyri á nú 50 ára afmæli í vor, og á vel við, að honum sé ákveðið með lögum framtíðarskipulag.

Hinsvegar lít ég einnig svo á, að opnun Menntaskólans í Reykjavík fyrir nemendur úr alþýðuskólum af Suður- og Vesturlandi, Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Laugarvatni, Borgarfirði og Ísafirði verði til ánægju fyrir skólann, þar sem nemendur úr fjarlægari héruðum hefðu miklu betri aðstöðu til þess að sækja hann og nota en nú á sér stað. En ég skal hreinskilnislega játa, að mér er það meira áhugamál, að frv. um Akureyrarskólann verði að lögum á þessu þingi. Þess vegna bar ég fram sérstakt frv. um hvorn menntaskólann fyrir sig, til þess að tryggja það betur, að annaðhvort þeirra gengi fram á þinginu.

Ég álít, að þeir hv. þdm., sem vilja, að alþýðuskólarnir og menntaskólarnir séu aðgreindir, eins og ákveðið er í þeim frv. um þá, sem liggja fyrir Ed., en þó tengdir saman með þeirri hjálparbrú, sem ég hefi lýst, eigi að ganga á móti brtt. hv. 1. þm. Reykv. Þær eru byggðar á allt öðrum grundvelli og yrðu til þess að einangra menntaskólana aðallega fyrir Reykjavík og Akureyri. Ég mun fylgja till. hv. meiri hl. n., enda þótt ég bindi mig ekki við það, að Akureyrarbúum sé tryggð sérstaða til þess í framtíðinni að hafa beina brú fyrir nemendur þaðan inn í menntaskólann.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):* Ég get játað, að það er falleg hugsun í þessu hjá hæstv. dómsmrh., að vilja gera öllum, fátækum sem ríkum, og hvaðan sem þeir eru af landinu, mögulegt að ganga inn í menntaskólana og stunda þar nám En ég er bara hræddur um, að forsendur hans fyrir þessum áformum séu skakkar. Ég held, að hann leggi of einstrengingslega áherzlu á það og geri of mikið úr því, að börn efnamannanna í Reykjavík noti sérstaklega Menntaskólann, öðrum fremur. Að vísu hefi ég ekki við hendina skýrslur, sem gætu upplýst þetta. En viðvíkjandi efnahag þeirra manna, sem skólann nota, má benda á þá reynslu, að í síðastl. 13 ár hefi ég verið viðriðinn úthlutun á stúdentastyrk í einum af deildum háskólans, og ennfremur hefi ég spurzt fyrir um úthlutun á samskonar styrk í hinum háskóladeildunum, og alstaðar hefir það komið í ljós, að stúdentar eru yfirleitt svo fátækir, að það er aðeins undantekning, ef hægt hefir verið að draga af nemanda fyrir það, að hann ætti við efni að styðjast. Það sýnast því ekki vera efnamennirnir í Reykjavík, sem halda börnum sínum til framhaldsnáms í Menntaskólanum.

Gagnvart öðru atriðinu, sem hæstv. dómsmrh. notaði máli sínu til stuðnings, má benda á það, að unglingar, sem nú stunda nám hjá einstökum kennurum eða við alþýðuskóla, geta með nokkurri áreynslu og ástundun komizt inn í ýmsa bekki Menntaskólans við ársprófin, svo að þetta myndi ekki breytast mikið frá því, sem nú er.

Mér finnst hæstv. dómsmrh. vera að halda áfram á sömu braut með þessum frv. sínum hér. Hafi afleiðingar sameiningarinnar verið skaðlegar, þá geta menn séð, hvert stefnir, því að hér er verið að fullkomna hana með þessu frv. hæstv. ráðh.

Það þarf ekki að bíða eftir að reyna þetta; það þarf ekki annað en almenna reynslu og heilbrigða hugsun til að sjá, að þessir gagnfræðaskólar yrðu alstaðar einskonar undirbúningsbekkir fyrir menntaskólanám. Sú krafa kemur von bráðar fram, að menn geti án frekara náms gengið inn í menntaskóla. Dæmið frá Akureyri er ákaflega sláandi. Um leið og gagnfræðaskólanum þar er gefin von um samband við efri bekki Menntaskólans í Reykjavík, þá rís krafan um þrjá efri bekki þar fyrir norðan líka. Eins mundi fara með skólana í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og fleiri, sem hæstv. dómsmrh. talaði um. Það mundu koma kröfur um að gera þá alla að menntaskólum. Og er ég ekki viss um, að þægilegra yrði að standa á móti heldur en raun varð á um Akureyrarskólann. Þess vegna er það alveg auðsætt, að þessi fallega hugsun, að gera mönnum alstaðar fært að ná til stúdentsprófs, mundi leiða til þess, að þeir, sem vildu menntast í gagnfræðaskólum tvö eða þrjú ár, yrðu að fylgjast með hinum, sem vildu byrja menntaskólanám.

Það getur þótt hart, að þeir, sem næstir búa og bezta eiga aðstöðu, njóti hennar svo, að börn þeirra verði meiri hluti nemenda í menntaskólanum. En hjá því er ekki gott að komast alveg. Ég veit ekki einu sinni, hvort það er rétt að laða fátækt fólk til þess að reyna að koma börnum sínum til stúdentsprófs og láta þau síðan stunda embættisnám í háskóla. Eftir tveggja ára nám í gagnfræðaskóla koma fjórir vetur í menntaskóla og 4—5, kannske 6, ár í háskóla, áður en von er um, að börn þessara manna komizt að sæmdarbrauði ríkissjóðs. Ég er ekki viss um, að það sé rétt að stuðla svo mikið að því.

Hæstv. dómsmrh. vildi ekki láta sömu reglur gilda um skólana í Reykjavík og á Akureyri og bar fyrir húsnæðisleysi. Ef menn komast að raun um, að réttara sé að hafa 6 ára skóla í Reykjavík, en ekki 4 ára, þá verður að auka við húsnæðið. Hitt, að sníða stærð skólans eftir húsinu, nær ekki nokkurri átt. Það minnir á það, sem sagt er, að kristindómsfræðslan sé nú afnumin af því, að ekki sé til nógu stór tafla í skólanum. Ég er hræddur um, að hæstv. dómsmrh. muni reka sig á það, að skóla, sem búið er að breyta úr gagnfræðaskóla í menntaskóla, muni ekki ganga illa að fá að verða samfelldur 6 ára skóli. Einkum þó ef brtt. meiri hl. nú verða samþ., því að þá má alltaf breyta þessu með nýrri reglugerð og færa í það horf, sem Akureyringar vilja. Hæstv. dómsmrh. var að tala um

„opnun skólans“ hér fyrir mönnum annarsstaðar frá. Ég sé ekki betur en að þessar þekkingarkröfur til inntöku í 1. bekk Menntaskólans séu svipaðar og nú til inntöku í fjórða bekk. Ég held þá, að menn úr Vestmannaeyjum og frá Ísafirði gætu eins vel tekið próf upp í 4. bekk. Hér er því ekki um neina opnun að ræða.

Ef ég fengi yfirlýsingu frá hæstv. dómsmrh. um það, að honum væri það ekki kappsmál, að frv. gengi fram á þessu þingi, þá tæki ég brtt. mínar aftur. Það er bæði skoðun mín og fræðslumálastjórans, hv. þm. V.-Ísf., sem er sú rétta í þessu máli. Hann sagði, að ákaflega fáir úr alþýðuskólunum hefðu leitað upptöku í Menntaskólann. Þessu líkt ætti að verða um gagnfræðaskólana. Þeir eiga ekki að vera undirbúningsdeildir menntaskóla fremur en t. d. Flensborgarskóli hefir verið það. Það er náttúrlega mjög gott, að hæstv. dómsmrh. skuli lofa að vera með til að breyta þessu, ef það reynist ekki vel.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég er mjög glaður að vísu yfir því, að Laugaskóli hefir lukkast þannig, að nemendur hans ganga inn í lífsbaráttuna án þess að þeir álíti nauðsynlegt að ganga í aðra skóla. En þegar þess er gætt, að hér er að ræða um allt að 10 skólum, þá sést, að ekki þarf nema 2—3 nemendur úr hverjum til að fylla heilan bekk. Upp úr þessu ætla ég, að fáist möguleiki til að dreifa meira en áður tækifærunum til náms, án þess að höfuðborgin sé svipt nema því, sem hún hafði of mikið af á undanförnum árum.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Mér kom ræða hv. frsm. minni hl. dálítið á óvart, þegar ég bar hana saman við nál. hans. Hv. frsm. byrjaði ræðu sína með að tala móti málinu, það væri engin þörf á þessum skóla, jafnvel verra að fá hann en ekki. En hann endaði með að mæla með því, að frv. yrði samþ. Það væri búið að stofna skólann í heimildarleysi, og þá væri betra, að hann héldi áfram á lögmætan hátt. Ég mótmæli því, að skólinn hafi verið stofnaður í heimildarleysi. Á Alþingi fyrir 6 árum var heimilað, að þetta framhaldsnám færi fram, og seinna sá þingið ástæðu til að veita fé til þess.

Þá vil ég leyfa mér að leiðrétta misskilning á ræðu minni. Hv. frsm. skildist ég gera ráð fyrir, að 2 neðri bekkir gagnfræðadeildarinnar yrðu beinn undirbúningsskóli undir Menntaskólann. Um þetta var nokkur ágreiningur, og það er einmitt hv. 1. þm. Reykv., sem hefir haldið þessu fram, en ekki ég. Ég vildi samþykkja frv. með þessari einu breyt., sem meiri hl. gerði till. um, og með því ákvæði, að sérstakt inntökupróf verði í þennan 4 ára skóla, en að próf úr 2. bekk nægi ekki til inngöngu í Menntaskólann.

En þar sem ég talaði um sérstöðu Akureyrarskólans, átti ég einkum við þann sögulega rétt, sem það veitir, að þarna hefir gagnfræðaskóli starfað hálfa öld. Og hann hefir ekki verið eingöngu fyrir Akureyri eða héraðið. Hann hefir verið sóttur af mönnum víðsvegar að, og svo mun enn verða. Það má gera ráð fyrir, að þar verði betri kennslukraftar en annarsstaðar, svo að skólinn ætti að geta veitt betri alþýðumenntun en aðrir gagnfræðaskólar. Því fellst ég ekki á orð hæstv. ráðh., að þetta væri aðallega gert fyrir Eyfirðinga. Þó að fáir nemendur úr Laugaskóla leiti til annara æðri skóla, verða þó til menn, sem fara þaðan í 3. bekk á Akureyri. Það hafa nokkrir gert og síðan hætt námi. Þeir hafa ekki verið að hugsa um að ná stúdentsprófi, heldur að leita sér frekari framhaldsmenntunar. Annars er óþarfi að ræða um þetta hér, með hvaða skilningi eigi að samþykkja ákveðin lagafyrirmæli. Það, sem fyrir liggur, eru greinir frv. og brtt., sem við þær eru gerðar.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að eðlilegra væri að hafa ein lög um báða menntaskólana, vil ég benda á, að eins og hv. Ed. hefir frá málinu gengið nú og eins langt og liðið er á þingtímann, tel ég hættu á, að málið dagi uppi, ef farið er að breyta frv. eins mikið og ætlazt er til með brtt. hv. þm. Ekki er annað líklegra en að hv. Ed. mundi þá færa frv. aftur í svipað horf og var, þegar hún gekk frá því. — Ég get ekki séð, að þetta sé neitt aðalatriði í

málinu. Honum fannst vera misrétti milli Reykjavíkur og Akureyrar, ef bæði frv. yrðu samþ., þar sem gagnfræðaskóli ætti að fylgja Menntaskóla Akureyrar, en tveir neðstu bekkirnir væru teknir neðan af Reykjavíkurskólanum. Ég sé ekki betur en að hér sé stofnaður sérstakur gagnfræðaskóli með lögum frá Alþingi, og annar, sem nýtur styrks af ríkisfé. Auðvitað væri það misrétti, ef gagnfræðabekkirnir á Akureyri skiluðu mönnum beinlínis inn í Menntaskólann. En til þess er ekki ætlazt.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):* Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ég hefði talað nokkuð öðruvísi en í nál. En þó kemst hann loksins að þeirri niðurstöðu, að ég hefði haldið fram hinu sama og ég hélt fram í nefndinni og í nál. minni hl. Ég er ekki mótmæltur því, að lögleitt sé það fyrirkomulag, sem á er komið. Ég beygi mig fyrir kringumstæðunum eins og þær eru nú. Vitanlega var Menntaskólinn á Akureyri stofnaður þvert ofan í gildandi lög, sem ákváðu, að þar skyldi vera gagnfræðaskóli, án þess að nokkur lagastafur væri fyrir því að stuðla að stúdentsprófi þar. (**BSt:** Eru ekki fjárlögin lög?). Það var allt annað en stjórnin sagði. Hún skipar: Hér skal vera menntaskóli. Í nál. sagði ég ekkert um það, að ég væri á móti málinu, einungis að ég teldi eðlilegra að hafa ein lög um báða skólana.

Þá vildi hv. frsm. ekki kannast við, að neðri bekkirnir tveir yrðu undirbúningsbekkir fyrir menntaskólann sérstaklega. Það er rétt, að skólinn er ekki óskiptur 6 ára skóli, meðan inntökupróf þarf upp í efri bekkina, þó að menn séu búnir að ljúka prófi upp úr neðri bekkjunum. En þetta er í rauninni ekki annað en lævísi. Þegar sömu kennarar eiga að prófa í sömu námsgreinum og lærðar hafa verið í gagnfræðadeildinni, þá verður þetta bara endurtekið próf.

Hv. frsm. talaði um sérstöðu Akureyrar áðan. Þá er þó meira samræmi í skoðunum hæstv. dómsmrh. Hann vill hafa 4 ára menntaskóla alveg eins og í Reykjavík. Því er ég með. En ég vil þá benda hæstv. ráðh. á, að í þessum brtt. gægist fram fyrsta krafan um, að farið verði að sníða gagnfræðaskólana eftir því, sem þarf til þess, að nemendur hans komist upp í menntaskólann. Ef menntaskólinn er byggður ofan á gagnfræðaskólann, þá koma frá skólum alstaðar á landinu kröfur um, að nemendur þeirra fái að komast inn í menntaskólann.

Hv. frsm. sagði, að hér væru tveir gagnfræðaskólar. Annar hefir verið stofnaður með lögum frá Alþingi, en hann er húsnæðislaus, og kennaralaus má víst segja. Hinn skólinn er í raun og veru húsnæðislaus líka og er haldið uppi af einstökum mönnum. Það er víst ætlazt til, að hér í Reykjavík verði bara gagnfræðaskólar. Og ég ætla að vinna móti því, að þeir verði seldir undir sömu lög og aðrir gagnfræðaskólar, því að hér í bænum er svo margt ólíkt því, sem annarsstaðar er á landinu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi leiðrétta misskilning, sem þó er eðlilegur. Það má færa rök fyrir því, að í skólanum nyrðra má gera breyt. með nýrri reglugerð, og það vakir fyrir hv. 1. þm. Reykv. En við nána athugun málsins í nefndum kom mönnum saman um, að ekki væri rétt að útiloka þetta. Og þá var alveg sérstaklega hugsað um hagsmuni sveitanna og áhugamál. Gamli sögulegi rétturinn kemur þar til greina. Persónulega get ég sagt, að sú hugmynd lokkar mig, að einhverntíma í framtíðinni verði skólinn fluttur upp í sveit, að Möðruvöllum, Munkaþverá eða að einhverjum laugum þar frammi í Eyjafirði. En þar til það verður framkvæmt, þarf alþýðuskólinn á Akureyri að vera fyrst og fremst fyrir bændabörn úr Eyjafirði, vera einskonar Möðruvalla- og Laugaskóli í einu.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): *Ég ætla aðeins að benda hv. 1. þm.* Reykv. á það, að frv. gerir ráð fyrir, að í gagnfræðadeildinni verði 3 bekkir, en ekki 2, og það er enginn stafur um það í frv., að gagnfræðadeildin eigi að vera undirbúningskóli undir Menntaskólann. Gagnfræðadeildin á að hafa sitt sjálfstæða takmark. Hitt er annað mál, að líkur eru til þess, að skilyrði verði þar fyrir víðtækari menntun en í öðrum

gagnfræðaskólum og að deildin verði því sótt víðar að en úr héraðinu. Gæti ég og vel unnað skólanum þess, vegna fortíðar hans, að hann hefði nokkra sérstöðu meðal gagnfræðaskóla í landinu.

Að gagnfræðadeildin á ekki samkv. frv. að vera undirbúningsskóli undir Menntaskólann, eins og hv. þm. heldur fram, sést t. d. á því, að þýzka er heimtuð við inntökupróf í Menntaskólann, en ég býst ekki við, að sú námsgrein verði kennd í gagnfræðaskólanum. Það er því augljóst, að menn verða að bæta við sig námi til að geta komizt úr gagnfræðaskólanum upp í Menntaskólann.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):* Einmitt vegna þess, að ekki er gert ráð fyrir þýzku í gagnfræðaskólanum, er það augljós að bezt er fyrir þá, að ákveðið sé með reglugerð, hvernig honum skuli fyrir komið, því að þá er hægt að ákveða hvað, sem mönnum þykir bezt henta. Þá er hægt fyrir þá að setja þær reglur um námið, að það verði undirbúningur undir Menntaskólann. Brtt. opnar þá möguleika, en eftir frv. er það ekki hægt. En sé svo 3. bekk bætt við, þá er það í samræmi við það, að ekki sé óheppilegt, að 3. bekkur taki við af 2. bekk og leiðirnar skiptist, þegar komið er upp úr 2. bekk, sumir fari í 3 bekk, en aðrir í Menntaskólann.

ATKVGR.

Brtt. 314,I felld með 15:4 atkv.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 314,II—XIII teknar aftur.

2.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv

Brtt. 271 felld með 14:7 atkv.

13. gr. samþ. með 14:1 atkv.

14.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV[1]), IngB, JÓl, LH, MT, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, ÞJ, GunnS, JörB.

nei: HStef, JAJ, JS, MJ, ÓTh[2]), PO[3]), SÁÓ[4]), TrÞ.

HG greiddi ekki atkv.

Sex þm. (HJ, HK, JJós, MG, SE, BSv) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 308 (ný 21. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

22.—23 gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 69. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 385, 391).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 391. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson:* Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessar brtt. minar, sem í raun og veru eru ekki nema tvær.

Fyrri brtt. fer fram á það að fella niður undirbúningsdeild þá við skólann, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. eins og það er nú. Í 1. gr. frv. segir, að starfrækja skuli gagnfræðadeild með 3 bekkjum fyrir neðan fjóra bekki menntaskólans, sem á að vera óskiptur. Þessi undirbúningsdeild er í raun og veru gagnfræðaskóli, því að hún kemur að sömu notum.

Mér finnst því eðlilegt, að þessi deild verði felld niður og legg því til, að þetta ákvæði sé fellt aftan af 1. gr. og frv. síðan breytt eftir því.

Ég álít heppilegasta fyrirkomulagið, að sambandsleysi milli menntaskóla og alþýðuskóla sé það sama um allt land. Frá hvaða skóla sem er þarf þá að ganga undir sama inntökuprófið í menntaskólann. En eftir því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hægt sé að komast próflaust inn í menntaskólann. (BSt: Þetta er ekki rétt). Ég skil þá ekki mælt mál. Vil ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 8. gr. frv.:

---

1) Með svofelldri grg.: Ég er á móti skólagjöldum í ríkissjóð, en get verið með skólagjöldum í skólasjóð, og segi því já.

2) Með svofelldri grg.: Ég er algerlega andvígur skólagjöldum og lít svo á, að hér sé farið út á þá braut að smeygja skólagjöldum inn fyrir fullt og allt, og segi því nei.

3) Með svofelldri grg.: Ég er á móti skólagjöldum og segi því nei.

4) Með svofelldri grg.: Ég er á móti skólagjöldum í hverri mynd sem er og segi því nei.

„Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemenda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum". (Dómsmrh.: Það er átt við menntaskólann, en ekki gagnfræðaskólann). Það er þá einkennilega orðað. Þarf ekki að taka það fram með gagnfræðadeild. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Meginatriði málsins er, að ríkissjóður kostar gagnfræðaskóla, sem vinnur sömu störf og aðrir gagnfræðaskólar, eftir því frv., sem rætt var hér næst á undan.

Ég legg því til, að ákvæði 1. gr. um undirbúningsdeild verði felld niður og frv. síðan breytt eftir því. Ég skal taka það fram um 8. gr., að ef það er upplýst og prentað í Alþingistíðindunum, að frsm. og flm. lýsa því yfir, að hér sé átt við menntaskólann, þá get ég tekið þessa brtt. aftur.

Þá hefi ég þá brtt. við 19. gr., að hún skuli falla niður. Ég er á móti öllum skólagjöldum, og vona ég, að hv. þdm. sé það atriði ljóst.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að segja hér fáein orð um till. hv. þm. Ísaf.

Ég skal játa, að ég vildi gjarnan vera með till. hans og hafa ekki tvískiptingu við skólann á Akureyri. Þetta tók ég fram við 2. umr. þessa máls. Þetta hérað, Eyjafjörður, hefir haft sinn alþýðuskóla á Möðruvöllum og Akureyri nú um 50 ára skeið. Í stað þess eiga þeir nú að fá stofnun, sem verður fyrir allt landið.

Ég skal játa, að það er hugsanrétt hjá hv. þm., en það hefði líka verið hugsanrétt að innlima Eiðaskóla í héraðaskólalögin, en það var ekki hægt, þar sem hann byggist á eldra skipulagi, nema með samþykki aðilja.

Ég skal skýra það fyrir hv. þm. Ísaf., að þegar þetta frv. var gert af okkur hv. þm. V.-Ísf., gerðum við ráð fyrir, að þessi gagnfræðadeild yrði í samræmi við aðra gagnfræðaskóla, en nú hefir orðið sú breyt. á í meðferð málsins, að felld hefir verið niður grein, sem laut að þessu. Akureyringar kæra sig ekki um venjulegan gagnfræðaskóla, en héraðið, Eyjafjörður, þarf héraðsskóla, og ef þetta nær fram að ganga í minni stjórnartíð, svo að ég verði við að gera reglugerð fyrir þann skóla, mun ég miða við þarfir sveitanna, því ég álít, að sveitin hafi mesta þörf fyrir skólann og hann megi ekki af henni taka. Þess vegna neyðist ég til að leggja til, að deildin felli þessa till.

Það má vel vera, að „kritik" hv. þm. Ísaf. á 8. gr. sé rétt frá hans sjónarmiði, en hún byggist á misskilningi. Þegar talað er um „skólann" í þessu frv., er ávallt átt við Menntaskólann (fjóra bekki), með því að svo er litið á, að gagnfræðaskólinn starfi aðeins til bráðabirgða í sambandi við hann. Held ég, að þetta orðalag geti ekki valdið misskilningi, þegar að er gætt.

Þá vill hv. þm. Ísaf. fella 19. gr. niður, og svo munu fleiri vilja, af ólíkum ástæðum þó. Sumir, og þar á meðal hv. þm. Ísaf., vilja fella hana niður af því, að þeir eru á móti skólagjöldum, en aðrir vilja fella hana af því, að þeir eru með slíkum gjöldum og skoða þau sem venjulegar ríkissjóðstekjur, sem þeir vilja ekki missa. Ég vil því vara hv. þm. Ísaf. við því að beita sér fast fyrir því, að gr. verði felld niður, því að það verður aðeins til þess, að kennslugjöldum verður haldið í fjárlögum áfram. Meiri hl. þingsins hefir sýnt, að hann vill hafa skólagjöld. 19. gr. gengur í þá átt, að láta skólann hafa nokkur sérfjárráð, og held ég, að engum blandist hugur um, að slíkt sé mikils virði fyrir hvern skóla. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru skólarnir nú farnir að njóta fjárframlaga úr Thorkelliisjóðnum. Það er augljóst, að skólar með slíkri aðstöðu hljóta að komast fram úr öðrum skólum. Þeir, sem eru á móti kennslugjöldum, eiga því að vinna sína sigra í fjárlögunum sjálfum, en ekki bregða fæti fyrir ákvæði 19. gr.

Magnús Guðmundsson: Það er leitt að fá þessar brtt. inn á fundinn, þegar eng-

inn tími er til að athuga þær. En um það tjáir ekki að sakast.

Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort ætlazt er til þess, að greidd verði skólagjöld í ríkissjóð að auki, þó að 19. gr. verði látin halda sér. (**Dómsmrh.**: Nei). Þá er hér verið að fella burt gjöld, sem ella renna í ríkissjóð. (**Forsrh.**: 30 þúsundir). Já, þau nema að vísu ekki 30 þús. kr. úr þessum eina skóla, en munu vera það samtals. Fyrst þessu er svo farið, mun ég greiða atkv. með brtt. hv. þm. Ísaf., en með öðrum forsendum en hann. Ég finn ekki ástæðu til að taka þessi gjöld af ríkissjóði, þegar hann á að halda uppi skólanum eftir sem áður.

Haraldur Guðmundsson:* Hv 1. þm. Skagf. hefir sýnt fram á það, sem ég vildi segja, að ákvæðin um skólagjöld í 19. gr. eru ríkissjóði óviðkomandi, þar sem kennslugjöld við Menntaskólann á Akureyri eiga að renna í skólasjóð. Ég er þessu sérstaklega mótfallinn, því að með þessu eru skólagjöld lögfest í fyrsta sinn. Áður hefir þeim verið laumað inn í fjárlögin, en engin sérstök lög verið samþ. um þau. Ég játa það, að brtt. mín við 8. gr. hafi verið byggð á misskilningi, og tek hana því hér með aftur.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að undirbúningsdeildinni yrði haldið af því, að ella væru Eyfirðingar sviptir héraðsskóla sínum, er þeir hefðu haft í 50 ár. Mér finnst nú undarlegt, af undirbúningsdeildin á að vera héraðsskóli. Og sé ekki, að erfiðara sé fyrir Eyfirðinga en önnur héruð að sækja gagnfræðaskóla til kaupstaðanna. Hér hefir ekki annað gerzt en að Eyfirðingar hafa fengið menntaskóla í viðbót við gagnfræðaskólann, sem fyrir var, og svo fær Akureyri gagnfræðaskóla, eins og aðrir kaupstaðir, samkv. l. um gagnfræðaskóla. Ég sé enga ástæðu til þess að hafa tvo gagnfræðaskóla í Eyjafirði, sízt þar sem einn héraðsskóli er austan Vaðlaheiðar, á Laugum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil endurtaka það, að eins og alþýðuskóli á að koma á Norðfirði, en skóli fyrir sveitirnar á hinsvegar að vera á Eiðum, svo á og að koma á Akureyri gagnfræðaskóli, sem sé léttari og með lægri aldurstakmarki en héraðsskólarnir, ef Akureyrarbær vill leggja fram til slíks skóla það, sem tilskilið er. En í menntaskólahúsinu yrði skóli, mjög svipaður Möðruvallaskóla, fyrir sveitirnar, þar til Eyfirðingar kynnu að vilja flytja skólann upp í sveit, en alls engin undirbúningsdeild undir menntaskólann. (**HG**: Er það meiningin, að þeir, sem ganga í þann skóla, þurfi sérstakt próf til að komast inn í menntaskólann?). Já, auðvitað. Allar röksemdir fyrir þessu máli hníga í þá átt. Að vísu myndi Sigurður Guðmundsson skólameistari kjósa, að nemendur gætu gengið próflaust upp í Menntaskólann, en sú er ekki tilætlunin í frv.

Magnús Guðmundsson: Út af ummælum hæstv. dómsmrh. um það, að nemendur gagnfræðaskólans eigi að taka sérstakt próf til að geta komizt inn í Menntaskólann, vil ég spyrja hann að því, hvort haga eigi kennslunni þannig, að nemendur hafi þá menntun, sem þarf til slíks prófs, eða ekki. Ef þeir eiga að læra svo mikið, sem þarf til prófsins, er þýðingarlaust að láta þá ganga undir próf aftur. Mér finnst undarlegt, ef þessum málum er ekki eins skipað þar eins og hér, að þeir, sem hafa fengið vist lágmark þekkingar, geti gengið inn í lærdómsdeild.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ef frv. yrði samþ. eins og það er nú og ég semdi reglugerðina, myndu gagnfræðabekkirnir í menntaskólahúsinu á Akureyri verða sem líkastir Lauga-, Eiða- og Núpsskólanum og miðaðir við þarfir sveitanna eins og þeir. Væri þá ekki heppilegra fyrir þá pilta, sem ætla í Menntaskólann, að vera þar heldur en í öðrum samskonar skólum. Að því leyti sem ég get haft áhrif á þetta mál, vil ég ekkert síður en að neðri bekkirnir í menntaskólanum á Akureyri verði undirbúningsdeild fyrir Menntaskólann. Eyfirðingar munu heldur ekki óska þess, að nemendur úr gagnfræðaskólanum séu á þann hátt teygðir í Menntaskólann, að afloknu tveggja vetra námi.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi feng-

ið þá skýringu hjá hæstv. dómsmrh., að þetta sé reglugerðaratriði, og ber þá aðeins á milli, hvað á að standa í reglugerðinni. Mér finnst vera hér um lítilsverða löggjöf að ræða, ef stj. á að ráða öllu um þessi mál engu að síður og hringla með þau eftir vild. Svo var að heyra, sem hæstv. dómsmrh. vildi draga úr stúdentafjöldanum á Akureyri. Ég efast um, að það takist, og er líka í vafa um, hvort rétt sé að takmarka hann. Stúdentsmenntun er hin bezta menntun, sem hægt er að fá. Og mótsögn er það hjá hæstv. ráðh. að vilja draga úr stúdentafjöldanum og setja þó upp nýjan menntaskóla á Norðurlandi, sem svo er settur skör lægra en skólinn hér.

ATKVGR.

Brtt. 391,1 felld með 10:8 atkv.

— 391,2 tekin aftur.

— 391,3 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SÁÓ, EJ, HG, HV.

nei: IngB, LH, MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, JörB.

Sjö þm. (JJós, MJ, BSv, ÁÁ, BÁ, GunnS, HK) fjarstaddir.

Brtt. 391,4 samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, HG, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, EJ, HStef, JörB.

nei: HV, IngB, LH, MT, ÞorlJ, BSt.

Sjö þm. (HK, JJós, MJ, BSv, ÁÁ, BÁ, GunnS) fjarstaddir.

Brtt. 391,5 tekin aftur.

— 391,6 tekin aftur.

Frv. svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og endursent Ed.

Á 68. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 397).

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. er komið aftur frá hv. Nd. og hefir það tekið þar lítilsháttar breytingum. Sú deild hefir fellt niður 19. gr. frv., eins og það var þegar það fór héðan. Í þeirri gr. var ákvæði um kennslugjald og hversu því skyldi varið. Við burtfellingu gr. hefir því kennslugjald nemenda verið fellt niður og meðferð þess.

Menntmn. þessarar deildar hefir nú athugað þessa breyt., og hún lítur svo á, að þrátt fyrir það, að þetta hefir verið fellt niður, þá sé þó mikil spurning, hvort ekki sé skylt að greiða skólagjald eins og áður var gert og að það renni í ríkissjóð. N. sá enga ástæðu til að flytja brtt. við frv. um þetta. Telur, að rétt sé að sjá, hvernig ríkisstj. framkvæmir þetta, er til kemur.

Hv. Nd. hefir líka breytt 21. gr. frv., sem áður var, en nú er 20. gr., á þann hátt, að í stað þess, að í þeirri gr. var ákvæði um, að gagnfræðadeildin á Akureyri skuli starfa eftir l. um gagnfræðaskóla, hefir Nd. ákveðið að komi: „Um gagnfræðadeild Akureyrar fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur". Þessi breyt. er gerð með það fyrir augum að taka öll ákvæði þau, sem snerta gagnfræðadeildina á Akureyri. Er þetta gert með samkomulagi við þá, er fluttu hér brtt. við 2. umr. frv.

Meiri hl. menntmn. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. Mér er ekki kunnugt um, hvað minni hl. n. gerir. En ég býst við, að hann geri grein fyrir sínu atkv., ef hann telur sig þurfa þess.

Hefi ég svo ekki fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði samþ.

Jón Þorláksson: Það varð samkomulag í n., að skýrt væri frá breyt. þeim, er gerðar voru á frv. í hv. Nd., en n. hefir óbundnar hendur um atkv. sín.

Ég lít svo á, og hygg að því verði naumast mótmælt, að með þessari breyt. er búið að taka Akureyrarskólann út úr því skólakerfi, sem hér lá fyrir þinginu um gagnfræðaskóla og menntaskóla, og gerð sérákvæði um hann, einkum að því er snertir gagnfræðakennsluna. Sú ástæða, sem færð hefir verið fram af þeim, er beitt hafa sér fyrir málinu, bæði utan þings og innan, og á að réttlæta þessa breyt., er, að söguleg rök réttlæti þessa sérstöðu, sem skólanum er ætlað

að hafa. Um leið og ég læt það hlutlaust, hvort frv. gengur fram eða ekki, vil ég benda á, að eftir samþykkt þessa frv. getur ekki komið til mála, að sama verði látið ganga yfir Reykjavík um gagnfræðakennslu og hina kaupstaðina. Fyrst látið er eftir kröfum Akureyringa af sögulegum ástæðum, þá getur Alþingi ekki heldur skotið sér undan kröfum Reykvíkinga, bæði af sögulegum og raunverulegum ástæðum. Ég hefi áður gert grein fyrir því, að hér eru margfalt fleiri nemendur en nokkursstaðar annarsstaðar. Ég vildi láta þessi orð fylgja, ef þau yrðu tekin til greina, þegar rætt verður um úrlausn á gagnfræðaskólamáli Reykjavíkur.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil segja nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. sagði. Við höfum áður átt samleið um úrlausn þessara mála. En í augum hv. þm. er þetta brot á formi þess kerfis, sem hugsað var. En þetta er ekki alveg sambærilegt, því svo stendur á, að Eyfirðingar hafa haft ungmennaskóla kostaðan af ríkinu í 50 ár, og því ekki þótt hæfilegt að taka hann af þeim.

Það hefði verið einfaldara og mörgum kærara, hefði mátt sníða burt alþýðuskólann á Akureyri. En eins og Nd. hefir breytt þessu, þá á að vera reglugerðarákvæði um það, hvernig skólinn er starfræktur. Verði það hlutskipti mitt að eiga þátt í að ákveða þá reglugerð, þá mun ég miða fyrirkomulagið sem mest við hinn gamla Möðruvallaskóla og sníða það eftir þörfum Eyjafjarðarhéraðs og í fullu samræmi við það, sem verið hefir tilætlun Ed. Ég tel það sanngjarnt, að Eyfirðingar, sem engan héraðsskóla hafa, fái skóla, er sé hliðstæður Laugaskóla, Eiðaskóla og öðrum alþýðuskólum, og sem á engan hátt er miðaður við það að vera undirbúningsskóli fyrir menntaskóla.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

9. Fræðslumálastjórn.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um fræðslumálastjórn (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Í þessu frv. er farið fram á nokkrar breyt. frá því, sem áður var, og vildi ég í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

Þessar breyt. eru tvennskonar. Fyrst og fremst ganga þær í þá átt, að aukið sé valdsvið fræðslumálastjóra og nokkur umbót ger á eftirliti með barnaskólum landsins. Því er svo farið með alþýðufræðslu okkar, að hún hefir þróazt án þess, að nokkur veruleg rækt hafi verið lögð við yfirstjórn slíkra mála, enda hefir aldrei verið að ræða um fast kerfi í uppeldismálum vorum. Fyrirkomulag þeirra hefir allt verið á ringulreið; einstakar hliðar hafa verið teknar til meðferðar, og síðan hefir kennslumálaráðuneytið haft stjórn þeirra með höndum. Það hefir aldrei átt til lengdar manni á að skipa, sem hefir haft sérþekkingu í þessum málum, heldur hafa lögfræðingar annazt störfin, en samkv. námi sínu og lífsstöðu hafa þeir ekki haft nein sérstök skilyrði til þess.

Það verður ekki komizt hjá því, að höfð verði sérstök yfirstjórn skólamála vorra, því að þau eru æðiyfirgripsmikil og vandasöm. Undir yfirráð þessarar stj. kæmu þá fyrst og fremst barnaskólar, unglingaskólar, sem fræðslumálastjóri hefir ekki haft eftirlit með að lögum, og svo æðri skólar, sem njóta styrks af ríkinu.

Því er svo farið með þessa svokölluðu æðri skóla, sem ríkið á að sjálfsögðu að styrkja, að þeir standa beint undir eftirliti stjórnarráðsins og forstöðumenn þeirra snúa sér eingöngu til þess. Þessir forstöðumenn hafa að jafnaði verið valdir þannig, að þeir hafa haft sérþekkingu í þessum málum, enda er það eðlilegt fyrirkomulag. Ef við athugum fræðslumálin nánar, sjáum við, að undanfarið hafa einstakar hliðar þeirra smáþokazt áfram án þess að þau væru tekin í heild, og þá

er það auðsætt, að það er ekki rétt að láta þessi mál vera eins forstöðulítil að sérfræði til og verið hefir. Ástandið er nú nokkuð svipað því, ef vegamálastjóri hefði aðeins eftirlit með vegum á Suðurlandi, en vegirnir fyrir norðan og austan stæðu beint undir atvinnumálaráðuneytinu.

Hér í Reykjavík eru nú t. d. 10 skólar ríkisreknir eða styrktir af ríkinu, en þrátt fyrir það hefir aldrei verið haft eftirlit með þeim nema af skrifstofum í stjórnarráðinu og þeim mönnum, sem starfa að skólunum fyrir fræðslumálastjórnina. Þessi hluti frv. miðar að því, að kennslumálin fái sérfróða yfirstjórn, sem nái til allra barnaskóla, unglingaskóla og æðri skóla, að háskólanum einum undanteknum. Það kann vel að vera, að þetta hafi lítið eitt aukin útgjöld í för með sér, en þó vil ég benda á það, að aukning útgjalda til kennslumála er mikil frá ári til árs, og síðar skal ég benda mönnum á, hvað það hefir kostað landið að hafa ekki vakandi húsbóndaaugu með þessum málum.

Viðvíkjandi þeim útgjöldum, sem af þessu kynnu að leiða, er það að segja, að gert er ráð fyrir launahækkun handa fræðslumálastjóra. Það er alkunnugt, að ríkið borgar starfsmönnum sínum svo illa, að t. d. biskup og landlæknir eru ekki hálfdrættingar við venjulega fróða verzlunarmenn. Ég get í þessu sambandi getið þess, að við, sem erum í alþingishátíðarnefndinni, höfum fengið ágætan mann til að hafa umsjón með undirbúningnum fyrir okkur, en það var engin leið að fá hann fyrir minna kaup en tvöföld biskupslaun. Við erum hinsvegar ánægðir með þetta, sökum þess, að við treystum manninum vel. Ef fræðslumálastjóri ætti ekki að fá nema ⅓ af því, sem verzlunarmönnum er venjulega borgað, þá er þess engin von, að þeir kraftar fáist lengur í embættið, sem ríkið hefir æskt eftir. Laun hans eru því hækkuð í samræmi við laun annara embættismanna, sem svipað eru settir, t. d. landlæknis, vegamálastjóra og póstmeistara.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að síðara atriðinu, sem miðar að breyt. á eftirliti með barnafræðslu úti um landið. Hingað til hefir það verið siður, síðan fræðslulögin gengu í gildi, að skipaðir hafa verið prófdómendur við barnaskóla á ári hverju. Mjög oft verða sömu mennirnir fyrir valinu, en oft er breytt til og þess vegna lítil festa í því atriði. Nú er hinsvegar meiningin, að prófdómendum verði fækkað, þ. e. a. s. að einn verði hafður í hverri sýslu. Þessir föstu prófdómendur eiga svo að vera hjálparmenn kennaranna, ekki aðeins við próf, heldur einnig um ýmislegt við kennsluna. Barnaprófin hafa allt til þessa ekki gefið fullkomlega góðan árangur, en þessi breyt. verður áreiðanlega til mikilla bóta, og kostnaðurinn, sem leiðir af henni, ekki meiri en hann var áður, meðan gamla fyrirkomulagið var.

Að endingu legg ég til, að frv. verði vísað til menntmn.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, að það eru ekki til lög, sem ákveða starfssvið fræðslumálastjóra, en það hefir til þessa verið litið svo á, að hann væri skyldur til að inna þau verk af hendi, sem kennslumrh. legði fyrir hann. Um þetta hefir aldrei verið neinn ágreiningur, en hinsvegar mælir ekkert á móti því, að starfssvið hans sé ákveðið með lögum.

Ég vil nú nota mér tækifærið og gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort tilhæfa sé í því, að hann hafi skipað mann í nýtilbúið embætti, sem á að vera nokkurskonar fræðslumálastjóraembætti. Vil ég þá fá að vita, hverskonar sýslan þetta er, hver launin eru og hversu lengi þetta embætti skuli haldast. Í frv. er gert ráð fyrir, að skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra verði greiddur eftir reikningi. Því er mér spurn, hvort þessi maður, sem ég gat um, á að vera í skrifstofunni og meiningin sé, að hann létti undir með fræðslumálastjóra við skriftir.

Ég verð að segja, að það var einkennilegt að fara að skipa þennan mann í sumar eða haust, eða hvenær það var nú, sem hann var skipaður, ef starfið getur fallið niður eftir stuttan tíma, og því dettur mér í hug, að þessi maður eigi að vera væntanlegur skrifstofustjóri hjá fræðslumálastjóranum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég álít,

að nokkur hluti fyrirspurnar hv. 1. þm. Skagf. geti beðið þess dags, sem venja er að nota til að skattyrðast við stj., en að því leyti, sem þessi hv. þm. spurði í alvöru, skal ég líka svara í alvöru.

Það kom greinilega fram í ræðu hv. þm., að hann talaði af ókunnugleika um þessi mál, og er það að vísu afsakanlegt, með því að hann hefir lítið sinnt þeim, en hitt síður, að hann skuli hlaupa eftir Morgunblaðinu með það, að stj. hafi skipað svonefndan „yfir-fræðslumálastjóra". Hv. þm. veit ósköp vel, að stj. getur ekki búið til embætti af sjálfri sér, og að hér er því rangt að orði kveðið. Hitt er annað mál, þó að stj. ráði menn um skamman tíma, ef verkin hafa aukizt svo, að þeir menn, sem fyrir eru, geta ekki afkastað þeim. Og til þess að auka ekki umr. að óþörfu, skal ég skýra frá því, að vegamálastjóri hefir nú fjóra verkfræðinga, og vitamálastjóri þrjá, að ég held, sér til aðstoðar. Enginn þessara manna er skipaður, nema ef til vill einn þeirra, sem eru hjá vegamálastjóra, enda verða þeir strax látnir fara, þegar harðnar í ári og þar af leiðandi minnkar um opinberar framkvæmdir. Ef aftur kemur ár eins og 1924, þegar svo að segja engar opinberar framkvæmdir fóru fram, hverfa allir þessir lausamenn af sjálfu sér. Þá er ekki þörf á þeim framar.

Þetta held ég, að hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki athugað. Í góðærinu, sem verið hefir undanfarið, hafa bæði verklegar og skólamála framkvæmdir verið meiri en nokkru sinni áður í sögu þessa lands, og það er ekki annað en heimska og vitleysa að vilja halda því fram, að hægt sé að auka framkvæmdirnar án þess jafnframt að auka starfskraftana til eftirlits með framkvæmdunum. Það ætti að vera hverjum manni augljóst, að margir menn þurfa þar að að vinna, þegar verið er að skipulagsbinda heil svæði, sem áður hafa verið eftirlitslaus, eins og er um kennslumálin.

Þessi almenna skýring hygg ég, að ætti að nægja hv. 1. þm. Skagf., en ég vil þó, honum til frekari úrlausnar, benda á hlut, sem er þess eðlis, að hann ætti að geta sannfærzt um það, þó að hann bresti sérþekkingu á þessu sviði, hve eftirlitsleysið með skólum landsins er ríkinu dýrt.

Bæði Stýramanna- og Vélstjóraskólanum er haldið uppi af ríkinu, og er það ekki nema sjálfsögð og nauðsynleg hjálp frá ríkisins hálfu gagnvart sjávarútveginum, til þess að sjá fyrir sérmenntuðum mönnum á þessu sviði. Hvortveggja þessi skóli hefir staðið undir deild í stjórnarráðinu, sem hv. 1. þm. Skagf. á sínum tíma var fyrir og ég er nú, en starfskraftarnir í þessari deild hafa verið af svo skornum skammti, að ekki hefir verið hægt að rækja nægilegt eftirlit með rekstri þessara skóla. Því var það, að hv. 1. þm. Skagf. borgaði, á meðan hann var ráðh., hvert þúsundið á fætur öðru í húsaleigu fyrir Vélstjóraskólann til einkafirma hér í bænum, þó að í Stýrimannaskólanum væri auð stofa, sem hægt var að nota í þessu skyni. Ég vissi ekkert um þetta, fyrr en sá maður, sem nú hefir eftirlit með þessu fyrir mína hönd í vetur, sagði mér frá því. Eftirlitsleysið með þessum tveim skólum hefir þannig kostað ríkissjóð yfir 2000 kr. á ári í óþarfa húsaleigu. Ég tek þetta dæmi af því, að það fellur inn á fjármálasviðið, og því meiri von til, að hv. 1. þm. Skagf. átti sig á því.

Þetta, sem ég nú nefndi, kom fræðslumálastjóra ekkert við. Honum hafa ekki verið lagðar neinar skyldur á herðar gagnvart þessum skólum. Það má segja, að bæði ég og hv. fyrirrennari minn, hv. 1. þm. Skagf., höfum staðið illa í stöðunni hvað þetta snertir, en það er engu nema hinu illa fyrirkomulagi að kenna, því, að vantað hefir starfskrafta til að sinna þessum málum. Fræðslumálastjóra er illa borgað; hann hefir enga skrifstofu og enga hjálp, en er þó ætluð meiri vinna en hann kemst yfir. Þetta vænti ég, að hv. 1. þm. Skagf. skilji.

Hv. 1. þm. Skagf. var hræddur við hinn mikla skrifstofukostnað fræðslumálastjóra. Ég býst nú ekki við því, að hann verði svo mikill fyrst um sinn, en í framtíðinni verður hann áreiðanlega mikill, vegna hins aukna eftirlits með fræðslumálunum. En til þess að gleðja hv. 1. þm. Skagf. skal ég segja honum það, að bæði fræðslumálastjóra og landlækni eru ætlaðar skrifstofur á Arnarhvoli, en báðir tveir hafa þeir verið svo sanngjarnir að láta sér nægja eina skrifstofu alls, sem

þó ekki verður stærri en forstjórar margra ríkisfyrirtækja heimta handa sjálfum sér einum. Ég býst við, að fræðslumálastjóri hafi ekki meira um sig þetta kjörtímabil út, og hver veit nema hv. 1. þm. Skagf. hafi þá sætaskipti við mig aftur og fái þannig tækifæri til að hjálpa fræðslumálastjóranum ennþá meira.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst hæstv. dómsmrh. vera farinn að örvænta um sitt pólitíska líf nú í seinni tíð, og að hann sé að verða sturlaður út af því. (**Dómsmrh.:** Ég er að örva hv. þm.).

Hæstv. ráðh. sagði, að spurningar mínar gætu beðið eldhúsdags. Ég hélt, að þá væri um nóg annað að tala, þó að þetta bættist ekki við. Eldhúsdagurinn stóð svo lengi í fyrra, að flestum ofbauð. Nú er um helmingi meiri eldivið að gera en þá, svo að ekki væri nema gott, ef hægt væri að grynna eitthvað á hlaðanum. Og úr því að hæstv. dómsmrh. fór að myndast við að svara á annað borð, hefði hann átt að geta gefið bein svör við spurningum mínum. Ég spurði, hversu mikil laun þessi maður hefði og hversu lengi hann ætti að hafa þennan starfa. Hæstv. ráðh. svaraði hvorugu, heldur hneig ræða hans svo að segja eingöngu að því að sýna fram á, að fræðslumálastjóri þyrfti að hafa svo og svo marga menn sér til aðstoðar. Vitamálastjóri hefði nú þegar þrjá aðstoðarmenn og vegamálastjóri fjóra. Stafi þetta af því, hve mikið sé um verklegar og skólalegar framkvæmdir að ræða vegna góðærisins. Ég hélt nú satt að segja, að það væri ekki þau ósköp aðhafzt, að nýjan mann þyrfti með hverju tungli. Og varla mun fræðslumálastjórinn haft þurft að fá aðstoðarmann, þó að Laugarvatnsskólinn bættist við, því að hæstv. dómsmrh. er búinn að taka sér a. m. k. 20 ferðir þangað til eftirlits.

Ég var ekki með neinar getsakir, þegar ég spurði um það, hvernig hæstv. ráðh. hefði hugsað sér, að skrifstofuhaldi fræðslumálastjórans yrði hagað, en hæstv. ráðh. skoðar allt sem áreitni við sig, jafnvel þó að spurt sé í mesta sakleysi. Hann segir, að það sé rangt, að hann hafi skipað þennan mann, sem kallaður er yfirfræðslumálastjóri, í nokkurt nýtt embætti. Það er nú svo. Ég hélt í einfeldni minni, að hæstv. ráðh. hefði skipað þennan mann til að gegna ákveðnu starfi, og ég veit, að svo er.

Ég gat ekki að mér gert að brosa, þegar hæstv. ráðh. var að skýra frá því, að þessi aðstoðar-fræðslumálastjóri hefði uppgötvað auða stofu í Stýrimannaskólanum. Ég hélt, að ekki hefði þurft á starfskröftum heils manns að halda til að gera þá uppgötvun. Annars veit ég, að þessi stofa hefir ekki staðið auð, heldur verið kennt í henni á sama tíma og kennsla hefir farið fram í Vélstjóraskólanum.

Hæstv. dómsmrh. vill ekki svara spurningum mínum nú, og ég hygg, að hann geri það ekki heldur, þó að ég beri þær fram aftur á eldhúsdaginn. Og ég get líka ósköp vel beðið eftir landsreikningunum með svarið við þessum spurningum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mér þykir leiðinlegt, að hv. 1. þm. Skagf. skyldi ekki gleðjast yfir því, að ég væri að reyna að vekja honum vonir um meiri framgang en meðferð flokks hans á honum gefur tilefni til.

Um það, hvað þessi aðstoðarmaður hafi mikið kaup, get ég upplýst það, að hann hefir minna kaup en þeir aðstoðarmenn, sem eru hjá vegamálastjóra og vitamálastjóra. Ég man ekki, hvað það er mikið í tölum, en vona, að þetta fullnægi hv. 1. þm. Skagf.

Það leiðir af sjálfu sér, að þetta starf fellur niður, ef þetta frv. verður samþ., því að með því er fræðslumálastjóra séð fyrir þeirri aðstoð, sem hann þarf á að halda, en hefir ekki fengið til þessa. Og ég vil benda hv. 1. þm. Skagf. á það, að ef hann vill losna við þennan eftirlitsmann, sem reyndar hefir nú fengið góða „kritik“ í Morgunblaðinu, svo að ekki þarf að efa, að hann sé góðum hæfileikum búinn, gerir hann bezt í því að fylgja þessu frv., því að með því er komið skipulagsbundnu eftirliti á fræðslumálin. Það hefir verið vanrækt til þessa og fræðslumálastjórinn ekki getað afkastað öllum þeim málum, sem hann hefði þurft að sinna. Á þessu er ráðin bót með þessu frv., og mér finnst, að hv. 1. þm. Skagf.

ætti að vera þakklátur eftirmanni sínum fyrir það, sem gert hefir verið í þessum málum, sem hann skildist við í megnasta ólagi.

Magnús Jónsson: Mér finnst einmitt slík fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Skagf. kom fram með, þurfa að koma fram í sambandi við þetta frv., en ekki veit ég, hvað ég á að segja um svar hæstv. dómsmrh. Nógu langt var það þó. Tvær ræður, drjúglangar. Í fyrri ræðunni svaraði ráðh. engu. Sú seinni var dálítið í áttina til þess að geta heitið svar.

Þetta minnir mig á það, sem maður heyrir sumstaðar til sveita, þegar bóndinn spyr gest, sem að garði ber, hvaðan hann komi. Að vestan, svarar gesturinn. Hvaðan að vestan? Frá Vestfjörðum. Hvaðan helzt? Frá Ísafirði. Það verður að toga og toga, þangað til hæstv. dómsmrh. loksins svarar svo, að svar geti heitið. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að bæta ekki gráu ofan á svart með því að neita að segja þinginu, hvað þessi aðstoðarmaður fær í laun.

Hæstv. dómsmrh. talaði vítt og breitt um það, hvað gera þyrfti í skólamálunum. Það er svo sem víðar en þar, sem þörf er á handtaki. Það er sama, á hvaða sviði það er; það þarf alstaðar að gera meira eða minna. Og þó að jafnduglegur maður og hæstv. dómsmrh. er sæti við völd í landinu í 20 ár, yrði jafnmikið að gera eftir sem áður fyrir því. En það dugir ekki, þó að þarfirnar séu margar og miklar, að afsaka bruðlunarsemi sína með því, að það hafi verið svo mikið góðæri, að þurft hafi að koma peningunum í lóg.

Hæstv. dómsmrh. gaf það í skyn í síðari ræðu sinni, hvað þessi aðstoðarmaður fræðslumálastjóra fengi í laun, en hinsvegar kom það nokkuð skýrt fram, hve lengi hann á að hafa þetta aðstoðandi starf með höndum. Hann á sem sé að láta af starfinu, þegar fræðslumálastjóri hefir fengið þá aðstoð, sem hann þarf. Þó það nú væri!

Ég hefi annars heyrt, að hæstv. dómsmrh. hafi skipað fleiri aðstoðarmenn en þennan svokallaða yfirfræðslumálastjóra, t. d. mann til að hafa eftirlit með söngkennslu og annan með lestri. Ég veit ekki, hvað hæft er í þessu, en vænti þess, að hæstv. ráðh. upplýsi það. Og mér finnst sem hæstv. dómsmrh. ætti að vera okkur hv. 1. þm. Skagf. þakklátur fyrir það, að við með spurningum okkar gefum honum ástæðu til að skýra frá því, sem hann gerir landinu til sóma.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að fara að karpa við hæstv. dómsmrh. Hann fæst ekki til að gefa ákveðið svar við annari spurningu minni, en fór að tala um það, hve fræðslumálin hefðu verið illa rækt undanfarið, og að ekki væri hægt að koma lagi á þau, nema með því að bæta mönnum við. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort þessi aðstoðarmaður sé skipaður eftir ósk fræðslumálastjórans og hann hafi farið fram á að fá þessa aðstoð.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að svara hv. 1. þm. Skagf. fyrst, af því að hann ber fram fyrirspurn til mín. Ég hafði nú haldið, að hann vissi það betur en raun ber vitni, hvernig verkaskipting er háttað í þeirri deild stjórnarráðsins, sem hann veitti forstöðu á undan mér. Fræðslumálastjóri starfar svo að segja eingöngu við barnaskólana og auk þess dálítið við unglingaskólana, og ég hygg, að hann hafi haft meira að gera upp á síðkastið en nokkru sinni áður, vegna þess hve mikið hefir verið byggt af skólahúsum. Þegar því hv. 1. þm. Skagf. spyr, hvort þessi umræddi aðstoðarmaður hafi verið skipaður eftir ósk fræðslumálastjóra, þá er því til að svara, að slíkt kom ekki til greina. Ég hefði heldur ekki lastað né talið illa farið, þó að fyrirrennari minn í embættinu hefði gert þetta.

Og það er ekki hægt að áfella fræðslumálastjóra; eins og starfað var áður, hvílir engin skylda á honum um þetta. Ef heimta á af honum meiri vinnu, þá er það ekki rétt, og það af þeirri einföldu ástæðu, að kunnugt er, að hann vinnur meira starf að öllu samanlögðu, en fær þó minni aðstoð en aðrir sambærilegir starfsmenn ríkisins.

Ég vil aðeins svara fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. með annari spurningu: Hvaða laun hafa aðstoðarmenn hjá vegamálastjóra og vitamálastjóra? Þessi marg-

umræddi aðstoðarmaður í fræðslumálum er ekki ráðinn fastara eða með hærri launum, heldur þvert á móti hefir hann mun lægra kaup en þessir menn, sem ég nefndi.

Ef hv. 1. þm. Reykv. er ekki ánægður með þetta svar, þá hann um það. Og ef hann vill segja, að nauðsynlegt sé fyrir vegi, brýr og vita að hafa slíka aðstoðarmenn, en óþarft að því leyti er viðkemur andlegu málunum, þá segi ég nei og aftur nei við því.

Magnús Jónsson: Ég bjóst nú ekki við neinu svari hjá hæstv. dómsmrh. Við þm. eigum því ekki að venjast, að þessi ráðh. svari rökstuddum fyrirspurnum um hluti, sem alþjóð varðar. Hitt er einnig kunnugt, að þessi hæstv. ráðh. telur sig því síður skyldan til að fara eftir till. réttra aðila um embættisveitingar. (**Dómsmrh.:** Um eitt embætti þó). Ráðh. er víst að minna á, að hann reyndi að þverskallast við í lengstu lög að fara eftir till. háskólaráðs um skipun ákveðins manns í prófessorsstöðu. (**Dómsmrh.:** En ég gerði það þó!). Já, að hálfu leyti mætti kannske segja það, þar sem hann setti í embættið þann mann, sem háskólaráðið lagði til að fengi veitingu fyrir embættinu. En hafi hann álitið mann þennan ófæran til embættisins, átti hann að bægja honum frá embættinu alveg. (**Dómsmrh.:** Það er hægt enn). Já, það er hægt enn og sjálfsagt fyrir ráðh. að gera það, ef hann álítur það rétt.

Út af þessari fyrirspurn, sem beint var til ráðh., hefir þó fengizt það, sem nú er vitað með vissu, að þessi margumræddi aðstoðarmaður, „yfirfræðslumálastjórinn", er ekki skipaður eftir beiðni eða till. fræðslumálastjóra, en kaup og ráðningartími er eftir sem áður fullkomið leyndarmál.

Hinsvegar vildi ég skjóta því til hæstv. dómsmrh. út af fyrirspurn, sem hann beindi til mín úr ráðherrastóli um laun aðstoðarmanna hjá vega- og vitamálastjóra, að hann hljóti að geta fengið greið svör hjá embættisbróður sínum hæstv. atvmrh., sem er yfirmaður beggja þessara stofnana. En dómsmrh. man kannske varla eftir, að sá ráðh. er til?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 188, 189).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Við 1. umr. þessa máls var gerð næg grein fyrir efni frv., og sé ég því ekki ástæðu til að fara út í málið almennt nú. Eins og sést á nál. á þskj. 188, hefir menntmn. orðið sammála um að mæla með frv. með smávægilegum brtt., sem aðeins geta talizt orðabreyt. Fyrri brtt. er um það, að í staðinn fyrir „Fræðslumálaráðuneytið" í 1. gr. komi: Kennslumálaráðuneytið, og b.-liður 2. brtt. er sama efnis. Hin brtt. er fram borin til þess, að það komi skýrt fram, að Háskóli Íslands sé undanþeginn ákvæðum laganna. Þar er ekki heldur um efnisbreyt. að ræða, því að eftir frv. mun ekki vera til þess ætlazt, að það taki til háskólans.

Magnús Jónsson: Ég átti ekki von á, að málið kæmi á dagskrá svo snögglega, sem nú er raun á orðin, og er því varla við því búinn að ræða það. Ég hefi ritað undir nál. með fyrirvara og borið fram brtt. á þskj. 189. Er ágreiningur minn við aðra nm. aðallega í því fólginn, ef um ágreining er að tala, að ég sé ekki ástæðu til að láta þetta eftirlit ná til kaupstaðaskólanna. Yfirleitt má gera ráð fyrir, að við þá skóla starfi margir færir menn, sem geti haldið lagi á skólum sínum í samráði við fræðslumálastjórnina án annara milliliða. Enda yrði það mjög óviðfeldið í framkvæmd, ef lögin ættu að taka til kaupstaðaskólanna, því að þá yrði að jafnaði einn af kennurum hvers skóla að vera einskonar eftirlitsmaður hinna, þ. á. m. skólastjórans, sem annars er yfir hann settur. — Ég get ekki sagt, að verulegt ósamkomulag væri um þessa brtt. í menntmn., þótt ekki næðist samkomulag um, að n. bæri hana fram í heild. — Síðari tölul. brtt. minnar er um það, að orðin í 7. gr. frv.: „Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- og bæjarsjóði, enda skulu skólanefndir skipa próf-

dómendur", falli niður. — Þetta eru próf þau, er nú fara fram á hverju vori á kostnað ríkissjóðs, en í frv. er gert ráð fyrir, að kostnaður flytjist yfir á sveitar- og bæjarsjóðina. Er ég hræddur um, að þessi breyt. gæti orðið til þess, að prófin féllu niður með öllu í sumum fræðsluhéruðum, og teldi ég það illa farið. Ég held, að það væri bezt að láta þessa eftirlitsmenn, sem frv. talar um að skipa, sjálfa framkvæma prófin. Þau yrðu þá ekki endilega á vorin, enda er það ekkert aðalatriði.

Ásgeir Ásgeirsson: Eins og umr. og nál. bera með sér, er allgott samkomulag um þetta frv. í menntmn. Sé ég því ekki ástæðu til að fara almennum orðum um málið. Aðeins langar mig til að drepa á brtt. hv. 1. þm. Reykv. Það var ekki rétt hjá hv. þm., að gott samkomulag væri í menntmn. um brtt. hans. Samkomulagið er ekki betra en svo, að aðrir nefndarmenn leggja mikla áherzlu á, að kennslueftirlitið sé þegar upp tekið um land allt. Er það sýnilegt, hversu óviðfelldið það er að undanskilja vissan hluta landsins, þegar þetta eftirlit er upp tekið annarsstaðar. Er ég að vísu þakklátur hv. 1. þm. Reykv. fyrir að vilja fallast á kennslueftirlitið til sveita, en ég get ekki komið auga á nein skynsamleg rök fyrir því, að láta það frestast í nokkur ár, að það taki einnig til kaupstaðanna. Því að vitanlega getur þess ekki orðið langt að bíða, að ein lög verði látin gilda um allt land að þessu leyti, ef inn á þá braut verður gengið, sem hér er farið fram á. Því vil ég fara þess á leit við hv. deild, að hún felli 1. brtt. hv. þm.

Einnig vil ég leggja til, að síðari till. hv. þm. verði felld. Hún hefir allmikinn aukinn kostnað í för með sér, en lítið, sem vinnst við hana. Í frv. er farið fram á að breyta eftirliti ríkisins með kennslunni á þann hátt, að í stað prófdómendanna, sem stjórnarráðið skipar nú, komi kennslueftirlit það, er frv. talar um. Eins og frv. er úr garði gert, leggur það engar nýjar fjárhagsbyrðar á ríkissjóð, heldur er farið fram á breytta skipun á notkun peninganna. Eftirlitsmennirnir samkv. frv. eiga að framkvæma þau próf, sem fræðslumálastjórinn fyrirskipar.

Það er einnig tilgangurinn með þessu frv. að draga úr þeim prófum, sem nú eru haldin, einkum prófum yngri barna. Í þá átt er stefnt víða um lönd. Og ef þetta frv. gengur í gegn, þá munu vorpróf breytast með ýmsum hætti á ýmsum stöðum og verða leyfð allmikil frábrigði frá því, sem er. Þrátt fyrir þetta er alls ekki tilætlunin, að lokapróf barnafræðslunnar hverfi. Þau verða haldin með sama hætti og er.

Sá kostnaður, sem kæmi til að leggjast á sveitarsjóði og bæjarsjóði vegna þeirra vorprófa, sem haldast mundu, yrði töluvert minni en verið hefir undanfarið af þeim prófdómarastörfum, sem framkvæmd hafa verið. Ég hygg þess vegna, að það sé sjálfsagður hlutur, fyrst ríkið breytir eftirliti sínu, að þá flytji það sína greiðslu yfir til hins nýja eftirlits. Og þar sem vorprófin verða hér eftir aðallega haldin fyrir skólahéruðin, liggur næst, að héruðin greiði sjálf fyrir þau próf. Þau munu þá líka reyna að sjá um, að sá kostnaður verði ekki ýkjamikill.

Ég skal geta þess, að það má enginn skilja mig svo, að þær till., sem fluttar hafa verið til breytinga, séu slík höfuðatriði, að allt standi og falli með þeim. Ég mælist aðeins til, að þær verði felldar, þó að mér detti ekki í hug að segja, að allt málið sé ónýtt, ef þær verða samþ.

Magnús Jónsson: Þetta mál er nú svo einfalt, að ekki er ástæða til að ræða lengi um það fram og aftur. En mér virtist það ekki alveg rétt hjá hv. þm. V.-Ísf., að spá því, að þetta eftirlit, sem hér er farið fram á, hljóti endilega að komast á í kaupstöðum og sveitum um allt land, þó að minar till. verði samþ. Því að það er alveg rétt, eins og hann sagði, að þessir eftirlitsmenn eru í raun og veru hliðstæðir skólastjórum í kaupstöðum. Þeir eru, eins og hann orðaði það, nokkurskonar skólastjórar fyrir þessa smáskóla, þar sem aðeins starfar einn kennari á hverjum stað. En þar, sem skólastjóri er til í kaupstað, er mér ómögulegt að skilja, að heppilegra sé, að einn af kennurum úr þessum skólum yrði skipaður til að hafa eftirlit með honum. Ég skil ekki, að það yrði neitt fullkomnara eftirlit en að láta skólastjóra gefa sína skýrslu til fræðslu-

málastjóra. Till. mínar stefna alls ekki að því að draga úr eftirliti eða gera það ófullkomnara. Það er ekki farið fram á annað en að spara sér gersamlega óþarft starf, þar sem þetta yrði ekki betur af hendi leyst hjá eftirlitskennurum en skólastjórum. Þetta er þess vegna ekki að þumbast á móti því, að einhver umbót sé gerð. Ég er að vísu ekki svo sannfærður um, að þetta frv. sé brýn nauðsyn. En ég get samþ., að það stefni sennilega í rétta átt, og skal því fallast á, að rétt sé að samþykkja frv. En ég vil ekki stíga þau skref, sem sýnast óþörf, og þess vegna mæltist ég eindregið til, að hv. d. samþykkti fyrri brtt. mína.

Ég skal fúslega kannast við, að síðari brtt. getur orkað tvímælis. Hún er um það, að fella niður ákvæðið, að kostnað við vorpróf skuli greiða úr sveitarsjóði. Ég hefi meira að segja borið þessa brtt. fram bara til þess að sýna enn einu sinni, hvað ég tel það fánýtan sparnað að spara gjöld úr ríkissjóði og leggja þau á sömu gjaldendur aftur í öðru formi. En hitt get ég miklu frekar skilið, þegar hv. þm. V.-Ísf. lætur þá skýringu fylgja, að hann sé með þessu að brugga prófunum hálfgerð banaráð. Þá verðum við sammála. Því að það mun fara svo, að þessi próf verða ekki framkvæmd nema á nokkrum stöðum.

Annars vildi ég, að hér eftir yrði reynt að haga svo til, að þessir eftirlitsmenn væru látnir framkvæma próf, sem halda þarf, svo að þessi aukakostnaður gengi að nokkru leyti til að standa straum af prófunum eins og áður. Af því að þetta er svo einfalt mál, skal ég ekki þreyta hv. d. á lengri ræðu.

Pétur Ottesen: Ég hefi því miður ekki haft tíma til að athuga þetta frv. sem skyldi. En út af ákvæðunum í 6. og 7. gr. um að skipa sérstaka eftirlitsmenn með barnaskólum, bæði í kaupstöðum og sveitum, verð ég að segja, að mér finnst geta orkað tvímælis, hvort þetta er heppilegasta leiðin. Mér fyndist t. d. vel mega komast af með það í sveitum, ef nauðsyn þykir á annað borð að setja fullkomnara eftirlit með fræðslu en nú er, að fela það viðkomandi sóknarpresti. Ef sú skýrsla, sem barnakennarar senda fræðslumálastjóra til álits og athugunar, dugir ekki og nauðsyn þykir að herða eftirlitið með þessum hlutum, fyndist mér það vel samrýmanlegt við önnur störf sveitapresta að fela þeim þessa umsjón. Eins og menn kannast við, hafa þeir átt drjúgan og góðan þátt áður fyrr í fræðslu barna í sveitum, og það er jafnframt kunnugt, að þeim ber skylda til að fara tvær húsvitjunarferðir á ári um sóknir sínar, til þess m. a. að líta eftir fræðslu barna. Ætla má, að þeir inni þessa skyldu af hendi svo sem lög standa til. Eftirlit með barnafræðslunni, að öðru leyti en því að búa börn undir fermingu, fer nú meira og minna fyrir ofan garð og neðan hjá þeim nú orðið, og stafar það sjálfsagt mikið af því, að þeir álíta, að fræðslu barna sé nú svo fyrir komið, að sér beri ekki skylda til að grípa fram í þau mál. Mér finnst vel samrýmanlegt við störf sveitapresta að fela þeim þetta eftirlit og láta þá gefa fræðslumálastjóra skýrslu um fræðslu og kennslu á hverjum stað. Með þessu mætti spara ríkissjóði nokkurn hluta af þeim kostnaði, sem hér er gert ráð fyrir. Hann er reiknaður 15 þús. kr. á ári samkv. þessu frv. Og þegar fram líða stundir, má gera ráð fyrir, að hann fari nokkuð fram úr þessu í samræmi við það, sem annars er venjulegt um kostnað við ýmsa starfsemi í þarfir þess opinbera.

Og ef þetta eftirlit í kaupstöðum verður fellt niður úr frv., eins og hv. 1. þm. Reykv. hefir fært rök fyrir, að rétt sé að gera, þá finnst mér hægt að framkvæma eftirlitið í sveitum nokkurn veginn vel án þess að stofna til sérstaks kostnaðar.

Þá er um kostnað út af prófum. Ég mun fyrir mitt leyti greiða þeim till. atkv. mitt, sem fram hafa komið frá hv. 1. þm. Reykv. Ég sé ekki, að það sé rétt að láta þetta koma á sveitarsjóði. Það hvílir ærinn kostnaður á sveitarsjóðunum vegna þessara mála, og allir vita, að því harðar sem gengið er að borgurum landsins um skattgreiðslur til ríkissjóðs, því erfiðara eiga þeir með að greiða til bæjar- og sveitarsjóða. Og ég hygg, að allir séu sammála um, að töluvert hart sé gengið eftir sköttum til ríkissjóðs, þegar þeir nema eins og nú 15 millj. króna.

Það er ekki tími til að koma með brtt. um þessi efni nú við 2. umr., en þá er að hugsa til þess fyrir hina þriðju.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Önnur brtt. hv. 1. þm. Reykv. er um það, að niðurlag 7. gr. falli niður, en það hljóðar svo: „Kostnaður, sem að prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur". Með því að fella niður þessi orð ætlast flm. till. til, að ríkissjóður greiði hér eftir sem hingað til kostnað af vorprófum. Út af þessu vildi ég benda á, að ef frv. verður að lögum, þá mun það sjálfsagt fara svo, að kostnaðurinn við vorpróf lækkar talsvert mikið, þar sem svo er ákveðið, að skólanefnd skuli skipa prófdómara. Hingað til hafa prófdómarar verið skipaðir fyrir allstórt svæði og ferðakostnaður þeirra því orðið talsverður, en hann mun nú að sjálfsögðu mikið minnka. Ég held, að hér sé um fremur lítilfjörlegt atriði að ræða. En svo nær þessi till. ekki tilgangi sínum, þó samþ. yrði, því þá stendur eftir sem áður í gr., að launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda skuli falla niður. Og hver á þá að greiða þeim? Till. er því tæplega frambærileg.

Hv. þm. Borgf. minntist á, að réttara væri að fela prestunum þetta eftirlit. Um það geta náttúrlega verið skiptar skoðanir. En þá er á að líta, að verk prestanna er töluvert annað, og þeir hafa ekki neina sérstaka aðstöðu til þessa starfs né hvöt til að kynna sér framfarir í kennslumálum. Og ég álít, að starf þeirra eftirlitsmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, eigi ekki einungis að vera að líta eftir í skólum og prófa, heldur eigi þeir engu síður að vera til að leiðbeina hinum einstöku kennurum. Og það er alveg víst, að ef færustu kennarar í hverju héraði eru til þess settir að hafa þetta eftirlit, getur af þeirri leiðbeiningu orðið feikimikið gagn, einkum þó ef þeim kennurum er gefin aðstaða til þess að kynna sér nýjungar í fræðslumálum og kennsluaðferðum, eins og vitanlega er nauðsynlegt. Því að á það er að líta, að kennarar úti um sveitir, oft í afskekktum byggðum, verða að vinna þar fyrir mjög lágu kaupi og þurfa auðvitað að nota sumarið til að vinna fyrir sér, og þeir hafa því mjög lítinn tíma til að fylgjast með því, sem er að gerast í þeirra starfi. Þeim veitir sannarlega ekki af, þó að til séu menn, sem heimsækja þá annað slagið, gefa þeim heppileg ráð, örva áhuga þeirra og geta leyst úr einhverjum spurningum þeirra. Þó að svo væri áður og fram á okkar daga, að prestarnir hefðu aðalumsjón með fræðslu barna, held ég, að sá tími sé liðinn nú, að það sé heppilegt. Það má benda á í þessu sambandi, að sú stefna er uppi nú að fækka prestum frekar en orðið er, og ég tel víst, að það verði niðurstaðan. Við það eykst vitanlega starf hvers einstaks prests svo, að ekki er fært að ætla þeim að bæta við sig nýju starfi.

Um það, hvort ákvæði þessa frv. um eftirlitskennara eigi aðeins að vera fyrir sveitirnar, eða kaupstaði líka, skal ég ekkert segja, því að hv. þm. V.-Ísf. hefir algerlega tekið af mér ómakið hvað það snertir.

Hannes Jónsson: Það var hv. 2. þm. Eyf., sem talaði um þessa barnaskólakennara, sem væru svo illa launaðir, að þeim mundi ekki veita af að fá einhverja eftirlitsmenn til þess að fræða þá á því, hvernig þeir ættu að haga kennslu sinni. Ég hefði nú haldið, að þeir þyrftu ekki að barma sér lengur um laun barnakennaranna. A. m. k. skildist mér, að hv. þm. V.-Ísf. gæfi nokkurskonar allsherjar loforð fyrir þeirra hönd, að slíkar kvartanir mundu ekki koma fram á næstunni. Þá kemur mér það einkennilega fyrir sjónir, að í sama þingi er farið að kvarta um, að launin séu svo afskaplega lág, að þeim veiti ekki af að fá kennara heim til sín til að kenna þeim sjálfum, svo að þeir séu færir um að halda áfram barnakennslu. Nú er það svo, að þeir eiga ekki að þurfa að nota sumartímann til að vinna aðallega fyrir sér; launin eiga helzt að vera svo há. Það er annars skemmtilegur skollaleikur, sem barnaskólapostularnir leika hér í deildinni. Þeir kunna vel að taka aftur með annari hendinni það, sem gefið var með hinni. Þegar talað var um launahækkun barnakennara, átti að bjarga sveitunum með henni. Nú á að bæta á kostnaðinn hjá þeim aftur með þessu frv. Mér finnst þegar komið nokk-

urn veginn nóg af slíku, svo að réttast væri að bíða nú með það dálítinn tíma. Ég sé annars ekki betur en að hv. 2. þm. Eyf. haldi, að þetta séu einhverjir óskaplegir fáráðlingar og fávitar, þessir kennarar í sveitunum, þeir þurfi að fá einhverja fræðslu. Hann sýnist halda, að þessir menn, sem eru nýkomnir frá prófi í Reykjavík og ættu að vera fyllilega færir um að inna þetta starf af hendi, þeir séu svo mikil börn, að þeir viti ekki, hvaða starf þeir eru að taka að sér. Þeir ættu þó að vera búnir að fá sæmilega undirstöðumenntun. En ég býst við, að ekki líði á löngu, áður en nauðsynlegt þykir, að þeir séu 5.—10. hvert ár í Reykjavík til þess að taka við öllum þeim nýjungum, sem forkólfar barnafræðslunnar láta sér í hug detta. Ég er að reyna að bera fram brtt. í þessu máli. En mér virtist allt of langt gengið í því að auka kostnað, sem áreiðanlega er hægt að komast af án. Ég held, að prófdómarastarf presta hafi tekizt vel og sé alls ekkert út á það að setja. Vitanlega má segja, að ástæðulaust sé að hlaða þessu á prestana. En hér kemur það sama til greina og oft áður, að það er réttara að láta starfsmenn ríkisins hafa nóg að gera og taka þá heldur tillit til þess í launum þeirra. Ég skil ekki þá ósamkvæmni, sem ríkjandi er hjá þingmönnum, þegar verið er að tala um launagreiðslur. Þá virðast mér allir vera sammála um það, að sameina í einn stað sem mest af skyldum störfum og launa þá heldur betur. En þess á milli er verið að pota inn nýjum starfsmönnum hjá þjóðinni, vitanlega með lágum launum fyrst. En brátt dregur til hins sama, að þau verða hækkuð, svo að blessaðir mennirnir geti lifað á þeim.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég þarf litlu að bæta við það, sem hv. frsm. meiri hl. hefir sagt, og ræðu síðasta ræðumanns ætla ég ekki að svara nema örfáum orðum. Fyrst því, að ég hafi gefið allsherjar loforð um, að kennaralaun skyldu ekki hækka frá því, sem samþ. hafi verið á þessu þingi. Þetta er gamall útúrsnúningur, sem ekki þyrfti að endurtaka nú. Ég hefi aðeins sagt, að ef afgr. yrði frv., sem ég bar fram hér í d., og nú er í Ed., þá byggist ég við, að kjör barnakennara yrðu þannig, að hv. þm. V.-Húnv. verði miklu hægara að standa á móti frekari hækkun. Og ég spái, að honum takist það um töluverðan tíma.

Um það, að kennarar séu einhverjir óskaplegir fáráðlingar, svo að það þurfi að kenna þeim að kenna, mönnum, sem nýkomnir eru frá prófborðinu, skal ég segja hv. þm., að meiri hluti af farkennurum í sveit hefir ekkert kennarapróf. Svo hafa launakjör verið, að ekki hafa fengizt menn, sem hafa viljað leggja í nokkurn kostnað til undirbúnings þessa starfs. Meiri hluti sveita hefir orðið að notast við menn, sem eitthvað hafa lært í unglingaskólum, stúlkur úr kvennaskólum, og jafnvel menn, sem hafa ekki tekið annað en fullnaðarpróf barna á sínum tíma.

Svona hafa launakjörin verið. Jafnvel þó að allir farkennarar hefðu ekki tekið kennarapróf, þá er þetta algerlega óþörf skapharka og illska hjá hv. þm. V.-Húnv. í garð kennaranna, að tala um þá sem fáráðlinga, er alltaf þurfi að uppfræða í starfi sínu. — Ég get upplýst hv. þm. um það, að í öðrum menningarlöndum eru eftirlitsmenn, sem hafa ekkert annað hlutverk en að líta eftir og leiðbeina kennurum, sem eru menntaðri og fullkomnari en hægt er að gera sér vonir um, að kennarar séu hér á landi. Það er ekki af því, að hv. þm. hafi nein rök fram að bera í þessum efnum, heldur stafar þessi framkoma aðeins af þörf hans til þess að hreyta ónotum til kennarastéttarinnar. Ég mun svo ekki svara honum aftur, og þó að hann taki til máls aftur, þá má hann mín vegna hafa síðasta orðið.

Um hitt atriðið, að prestarnir séu látnir hafa þetta eftirlit á hendi samhliða prófdómarastarfinu, endurgjaldslaust, er það að segja, að þetta er gömul till. og úr gildi gengin, því að samkv. lögum, sem Jón Magnússon bar fram 1926, var þessari kvöð létt af prestunum og á nú að greiða prófdómurum laun úr ríkissjóði. Ýmsir prestar mundu verða stirðir til þessara starfa, og kostnaðurinn jafnmikill og áður. Ég mun ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, ef ekki koma fram fleiri brtt. við frv., en held mér við þá ósk, að þær brtt., sem fram eru komnar á þskj. 189, verði felldar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég hefi litlu að svara hv. þm. V.-Húnv., vegna þess að hv. þm. V.-Ísf. tók af mér ómakið og sýndi greinilega fram á það, að kennarar þurfa ekki að vera fáráðlingar, eins og hv. þm. gaf í skyn, þó að þeir hefðu þörf fyrir leiðbeiningar um kennsluaðferðir og nýjungar á þeim sviðum. Hv. þm. V.-Húnv. talaði um kennara, sem væru nýkomnir frá prófborðinu. Það er eins og hann haldi, að alltaf séu til nýir kennarar með prófi, en það er kunnugt, að margir af þeim, sem fást við barnakennslu, eru búnir að starfa að kennslu í mörg ár, og sumir hafa aldrei tekið kennarapróf.

Í kennslumálunum koma fram breytingar með hverju ári, sem líður, og á sumum sviðum eru teknar upp áður óþekktar kennsluaðferðir. Þó að í þessari hv. þd. hafi nýlega verið samþ. frv. um nokkra launahækkun til farkennara, þá þarf enginn að láta sér koma til hugar að halda því fram, að kennararnir geti varið sumrinu til þess að auðga anda sinn og læra til viðbótar sínum fræðum. Þeir verða að nota sumrin, eftir sem áður, til þess að vinna fyrir sér og skylduliði sínu. Farkennaralaunin verða, eftir því sem til er ætlazt, ekki hærri en það, sem bændur, a. m. k. hér á Suðurlandi, verða að greiða fjármönnum í vetrarkaup. Og þeir menn, sem gegna fjárhirðingu að vetrinum fyrir þau kjör, munu telja sér þörf á að vinna líka yfir sumarið.

Annars fór hv. þm. V.-Húnv. með ýmsar fjarstæður, sem ekki eru svaraverðar. Meðan það ástand helzt, sem nú er í þessum efnum, þá kemur það ekki til mála, að við höfum efni á að launa kennarastöður í sveitum svo, að launin fullnægi kennurunum til lífsuppeldis. Og meira að segja, þó að launauppbót sú, sem liggur fyrir þinginu, verði samþ., þá getur kennslan ekki orðið aðalstarf þess manns, sem hefir fyrir fjölskyldu að sjá. Það er svo margt, sem getur komið til greina með breyttum kennsluaðferðum og fleiri nýjungum í fræðslumálum, að það er ekki ástæða til að hneykslast á því, þó að eftirlitsmaður komi til kennara einu sinni á ári, og það jafnvel þó að gengið sé út frá því, að kennararnir séu ekki „fáráðlingar", heldur vel skynsamir menn. Og í þessu frv. er einmitt á því byggt, að kennarastéttina skipi áhugasamir og nýtir menn, en ekki „fáráðlingar".

ATKVGR.

Brtt. 188,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 188,2.a. samþ. með 17 shlj. atkv.

— 188,2.b. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 189,I.a.—b. felldar með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, PO, HK.

nei: IngB, JörB, LH, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HV.

EJ[1]), BSv greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (MT, ÓTh, BÁ, HG) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 189,II samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SÁÓ, ÞorlJ, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JS, JörB, MG, MJ, PO, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, GunnS, HV, JÓl, LH.

EJ greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (BÁ, HG, MT, ÓTh) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

1) Með svofelldri grg.: Það er ekki skemmtilegt, að fundir séu háðir án dagskrár, og þar eð engin dagskrá liggur fyrir þessum fundi, þá vil ég vera laus við að greiða atkv. um mál, sem ég þekki ekki til, og efast ég um, að slíkt fundahald sé löglegt. Ég greiði því ekki atkv.

Forseti (BSv): Það var skýrt frá því á næsta fundi á undan þessum, að það mundi liggja lítið eftir þessa d. í dag, ef fleiri mál yrðu ekki tekin fyrir, þar sem aðalmál fyrri fundarins var tekið af dagskrá. En tími vannst ekki til að prenta dagskrá fyrir þennan fund.

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 209).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, EJ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB, BSv.

nei: PO.

Níu þm. (ÓTh, SE, BSt, BÁ, HJ, HK, JJós, JAJ, JÓl) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 4. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 209).

Á 46. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. í e. hlj.

Á 61. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 209, n. 339).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd., var borið þar fram og samþ. með litlum breyt. Það má segja, að í því felist þrennskonar efni. Í fyrsta lagi fjallar það um fyrirkomulagið á fræðslumálastjórastarfinu og um laun þess embættismanns. Þetta er einkum að finna í 2. og 3. gr. frv. Það er ekki um mjög miklar breyt. að ræða frá því, sem er, en þó samt nokkrar. Verksvið þessa embættismanns er sett hér nokkuð rýmra heldur en það hefir verið áður, og sömuleiðis eru launin dálítið hækkuð. Ég skal geta þess í sambandi við 3. gr. frv., að þeir embættismenn, sem fræðslumálastjóri á að vera jafn að launum, eru vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Þessir menn hafa nú lögum samkv. að byrjunarlaunum 5000 kr., sem hækka á níu árum upp í 6000 kr.

Í öðru lagi fjallar frv. um væntanleg skólaráð fyrir héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Þetta er svo ljóst í 4. og 5. gr., að ég sé ekki ástæðu til að tala neitt um það. Það er sem sé ætlazt til, að með fræðslumálastjóra verði tveir menn til ráðleggingar um störf þessara skóla, en aftur á móti er ætlazt til þess, að skólaráð, sem hugsað er til, að verði líka með fræðslumálastjóra í sambandi við barnaskólana, fari eftir lögum frá 1928 um fræðslumálanefndir.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því í þessu frv., að komið verði á fót eftirliti með kennslu í barnaskólum, svo kölluðu kennslueftirliti. Um það atriði er sérstaklega talað í 6. gr. frv.; þar er gengið út frá því, að hæfustu barnakennurum á vissum svæðum á landinu sé falið eftirlit með öðrum kennurum. Það verða sett upp einskonar umdæmi, þar sem einum hæfum kennara er falin aðstoð og leiðbeining með öðrum kennurum.

Í nál. frá menntmn. á þskj. 339 kemur í ljós, hvernig afstaða n. er til frv. Einn nm., hv. 3. landsk., vill samþykkja þau atriði, er snerta fræðslumálastjórastarfið, en fella burt miðkaflann, og er í sjálfu sér vel unnt að hafa þessa aðferð. Við hinir tveir nm. leggjum til, að frv. verði samþ. í heild, þó með einni smábreyt. á 7. gr. Í stjfrv. var 7. gr. eins og gert er ráð fyrir að hún verði, ef samþ. er brtt. á þskj. 339, en þennan hluta gr. felldi hv. Nd. niður. Eins og hv. þdm. geta séð, ef þeir virða fyrir sér frv., gerir 7. gr. þess ráð fyrir að fella niður þá skyldu, sem ríkissjóður hefir samkv. l. um fræðslu barna frá 1926 til að greiða prófdómendum við vorpróf laun fyrir starfa sinn. En í núverandi mynd sinni segir 7. gr. ekkert um það, hver þarna eigi að koma í stað ríkissjóðs. — Hér er ekki um mikinn kostnað að ræða fyrir ríkissjóð. Greiðslan til prófdómenda er aðeins 6 króna dagkaup með dýrtíðaruppbót. Þar sem barnafræðslan er nú kostuð að nokkru leyti af ríkinu og að nokkru leyti af héruðunum, fannst menntmn. eðlilegt að taka upp aftur þá hugmynd hæstv. landsstj., að láta sveitar- og bæjarfélögin bera kostnaðinn og ráða prófdómendum við vorprófin. Raunar er hér um mjög smávægilegt atriði að ræða, en hv. Nd. hefir ekki breytt 7. gr. svo, að hún geti staðizt, svo

að óhjákvæmilegt er að senda henni frv. aftur til meðferðar. Sakar þá ekki, þótt reynt sé, hvort hún vill fallast á þessa breytingu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég er mjög þakklátur hv. menntmn. í heild fyrir meðferð þessa frv., og vil ég geta þess, að brtt. hennar um kostnað af próf-dómendum tel ég vera til bóta. Ég þykist þurfa að skýra lítillega, hvað fyrir stj. vakti, þegar hún setti inn í frv. þau ákvæði, sem hv. 3. landsk. vill nú nema burt. Það er meiningin, að í allstórum héruðum úti um landið, og eins hér í bænum, verði einn kennari, sem færi á milli skólanna í umdæmi sínu og samræmi kennsluna. Eiginlega hefði fræðslumálastjóri þurft að geta ferðazt um milli skólanna, en það hefir þó aldrei getað orðið. Það var vitanlega alveg óhugsandi fyrir jafngamlan mann og Jón heitinn Þórarinsson, meðan hann gegndi þessu embætti, en væri þó sök sér nú, er yngri maður hefir tekið við. En samgöngurnar eru þannig hér innanlands, að enginn maður fengist til að taka að sér fræðslumálastjóraembættið með þessari kvöð, að vera hvern vetur á sífelldu ferðalagi. Því hefir verið tekið upp þetta ráð, sem er í miðkafla frv., til að skapa eftirlit með kennslunni, og á að eyða peningunum, sem farið hafa til að kosta prótdómendurna, til þessa eftirlits. En kostnaðurinn við prófin mundi þá leggjast á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, og þessi kostnaður er ekki svo mikill, að hann yrði þeim verulegur baggi. — Nú er hið mesta ósamræmi innbyrðis milli fræðslunnar á ýmsum stöðum í landinu. Jafnvel er það svo hér í Reykjavík, að kennslan í ýmsum bekkjum með börn á sama aldri er mjög mismunandi. En það stendur til bóta, þegar hinn nýi barnaskóli tekur til starfa. Það, að þetta skuli eiga sér stað hér í Reykjavík, er þó gott dæmi um skipulagsleysið í þessum málum. — Það er sem sagt tilætlunin, að eftirlitsmenn hverrar sýslu heimsæki skólana þar og komi samræmi á kennsluna. En fræðslumálastjórnin yrði aftur að hafa námskeið hér öðru hverju, t. d. einu sinni á 5 árum, til að samræma hjá eftirlitsmönnunum. Þetta er svipað eins og t. d. á sér stað með kjötmatsmennina. Gegnum þessa eftirlitsmenn er ætlazt til, að fáist meira líf og samræmi í kennsluna úti um land. Því álít ég vera eyðilagt hálft frv. og vel það, ef gengið er inn á brtt. hv. 3. landsk.

Jón Þorláksson: Ég er á móti þeim kafla frv., sem tveir síðustu hv. ræðumenn hafa gert að umtalsefni, sakir þess, að þetta verður æðikostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, en gagnið af því mjög vafasamt. Ég veit, að þetta verður ósköp viðkunnanlegt fyrir kennarana, sem valdir verða til þess að ríða eða aka í bifreið milli skólanna í héraði sínu, og eitthvað kann e. t. v. að vinnast fyrir skólana, sem þeir heimsækja. En á móti þessum kostum vegur það fyllilega, að meira los hlýtur að komast á kennsluna í þeirra eigin skólum, meðan þeir eru í burtu. Vil ég í þessu sambandi geta þess, að ég og fleiri í menntmn. höfum skilið frv. svo, sem eftirlitskennarinn eigi áfram að hafa kennslu í skóla sínum eða að sjá sjálfur fyrir manni í sinn stað, meðan hann er í eftirlitsferðunum. Annað en þetta verður ekki lesið út úr orðum frv., hver sem tilætlunin kann að vera hjá hæstv. stjórn.

Yfirleitt finnst mér skriffinnskan og eftirlitsbáknin vera farin að keyra mjög úr hófi hjá hæstv. núv. landsstj., og þó einkum hjá hæstv. dómsmrh. Mér hefir talizt, að nú myndu vera orðin eitthvað 6 eða 7 stig frá barnakennaranum til ráðherrans í kennslumálum, ef frv. nær fram að ganga. En sakir þess, hversu mikið fámenni er hér, álít ég, að spara megi a. m. k. suma þá milliliði, sem nauðsynlegir kunna að vera í fjölmennari löndum.

Af þessum ástæðum er það, að ég tel nóg að samþykkja þau atriði frv., sem lúta að lagasetningu um starfssvið fræðslumálastjóra, en um það vantar enn lög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 339 samþ. með 8 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, GÓ.
nei: JKr, BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ.
8.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Jónsson: Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið út af dagskrá, því að ég hefi í hyggju að bera fram brtt. við það. Ég hefi síðan dagskráin kom verið upptekinn við nefndarstörf og því ekki getað komið með brtt. nú.

Forseti (GÓ): Ég verð við tilmælum hv. þm. og tek málið út af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 357, 437).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 437. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Ég hefi leyft mér að flytja lítilsháttar brtt. við frv. Má vera, að hv. þdm. hafi ekki haft tíma til að kynna sér hana ennþá.

Eins og menn sjá, er samkv. þessu frv. breytt nokkru til um starfsvið fræðslumálastjóra og aukið allmikið. Er honum ætlað að hafa eftirlit með fleiri skólum en áður, þ. e. öllum nema háskólanum. En um launin orkar nokkuð tvímælis, hvort þau séu í samræmi við þessa breyt., eins og þau eru ákveðin í 3. gr. Er þar gert ráð fyrir, að þau skuli vera jöfn launum þeirra embættismanna, sem taldir eru í 17. gr. launalaganna. Þar eru nefndir nokkrir stjórar, vegamálastjóri, vitamálastjóri o. s. frv. Launalögin eru orðin nokkuð gömul, og hafa laun flestra þessara manna verið hækkuð síðan með fjárlagaákvæðum. Í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, hefir Nd. ákveðið landssímastjóra allmikla launaviðbót, vitamálastjóra sömuleiðis nokkra. Laun fræðslumálastjóra koma þá til með að verða lægri en slíkra hliðstæðra embættismanna, með þessari aukningu á embætti hans, sem á er orðin.

Auk þess vil ég benda á sem aðalástæðu fyrir till. minni, að það virðist dálítið óviðfelldið, þegar fræðslumálastjóri á að vera yfirmaður ýmissa æðri skóla, þar á meðal Menntaskólans í Reykjavík og Gagnfræðaskólans á Akureyri, þá skuli hann fá lægri laun en þessir undirmenn hans. Enda er það algerlega gagnstætt venju. Nú hafa skólastjórar við þessa skóla, sem ég nefndi, 4 þús. kr. í byrjunarlaun og leigulausan bústað, ljós og hita, sem varla er hægt að meta minna en 2—3 þús. kr. Byrjunarlaunin eru því ca. 7 þús. kr. Er því ekki hægt annað að segja en brtt. minni sé mjög í hóf stillt, þar sem gert er ráð fyrir, að byrjunarlaun fræðslumálastjóra séu 6 þús. kr. Það er lægra en laun annara hliðstæðra starfsmanna eru nú orðin, svo sem landssímastjóra og vitamálastjóra. Í raun og veru má líta svo á, að þetta sé fyrsta hækkunin, sem farið er fram á á launum fræðslumálastjóra. Launin eru ákveðin 1000 kr. hærri en upphaflega, en þá var líka ákveðinn skrifstofukostnaður 1200 kr. En skrifstofukostnaður var þá lítill, sem nú eykst stórum við stækkun embættisins. Getur hann því ekki talizt nein launabót, enda á ekki að greiða fyrir annað en útlagðan kostnað.

Ég sé svo ekki ástæðu til að mæla frekar fyrir brtt. að sinni.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þar sem verið var að útbýta þessari brtt. nú eftir að fundur var settur, þá hefir menntmn. eðlilega ekki haft ástæðu til að taka hana til íhugunar eða taka afstöðu til hennar. Ég get því ekki gefið hv. deild neina bendingu um það, hvað n. mundi vilja leggja til, annað en það, sem ráða mætti af því, að því var ekki hreyft í n., svo að ég muni, að breyta neitt ákvæðum frv. um launauppbót.

Ég ætla það sé samt rétt, sem hv. flm. brtt. tók fram, að þeim embættismönnum, sem teknir eru til samanburðar, sé sum-

part ætluð bein launabót. T. d. er það svo um landssímastjóra, en öðrum eru ætluð aukastörf, er gefa nokkrar launabætur. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að fræðslumálastjórastarfið verði það umfangsmikið, að ekki verði um aukastörf veruleg að ræða.

En, sem sagt, ég get ekkert lagt til þessa atriðis fyrir n. hönd; úr þessu verður hv. deild að skera upp á sitt eindæmi.

Jón Þorláksson: Mér þykir hálfóviðkunnanlegt, að báðir hv. þm., sem hafa talað, hafa blandað inn í óskyldu efni, nefnilega launum þeirra embættismanna, sem ekki er vísað til í þeirri frvgr., sem hér er farið fram á að breyta. Í frv. er ekki farið fram á, að launakjör fræðslumálastjóra verði jöfn launakjörum landssímastjóra, eins og báðir þessir hv. þm. hafa þó orðað. (**JónJ:** Það er þá misminni). Já, því að það er vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari, sem launin eru miðuð við.

Ég er nú þeirrar skoðunar, að í sjálfu sér séu þau laun, sem stungið er upp á í brtt., alls ekki of há fyrir fræðslumálastjóra. En hinsvegar get ég ekki í mínum huga fundið rök fyrir því, að það embætti eigi að vera hærra launað en embætti vegamálastjóra og vitamálastjóra, og raunar ekki húsameistara heldur, ef hægt væri að skoða það embætti hliðstætt öðrum slíkum embættum. En það mun hafa verið svo fram til þessa tíma a. m. k., að húsameistari hefir haft jafnframt embættinu svo mikil önnur störf á sinni skrifstofu fyrir eiginn reikning, að hans staða er kannske ekki sambærileg við hinna. Þetta hefir verið tekið til greina m. a. í því, að hann sjálfur er látinn bera kostnað af skrifstofuhaldinu, vitanlega með hliðsjón af þeim tekjum, sem hann hefir af starfinu í skrifstofunni. Ég get því ekki talið þetta sambærilegt, ef samskonar tilhögun er þar enn.

Um vegamálastjóra og vitamálastjóra gaf hv. flm. það í skyn, að þeir hefðu launahækkun í fjárlögum. En mér er alveg ókunnugt um það og verð að draga það í efa, meðan ekki er færð fram nein sönnun fyrir því. En ég er ánægður með að samþykkja þessa brtt., ef í henni mætti felast, að vegamálastjóri og vitamálastjóri skuli njóta sömu launakjara og þeirra, sem brtt. fer fram á handa fræðslumálastjóra. Það er vitanlegt, að launalögin eru orðin úrelt að mörgu leyti og mjög nauðsynlegt að endurskoða þau. Þingið virðist hafa kveinkað sér við að framkvæma endurskoðun, vegna þess, að það er ekki vinsælt mál fyrir kjósendum. En þörfin sést glöggt í því, að þegar stofnuð hafa verið ný embætti á síðustu árum, þá eru launin alltaf hærri en svarar til launalaganna frá 1919. Og það eru komnar svo margar viðurkenningar frá þeim þingmeirihluta, sem nú ríkir, fyrir því, að það sé ekki á neinn hátt gerlegt lengur að samræma laun hinna eldri embætta við þau launakjör, sem ný embætti krefjast.

Mér heyrðist á hv. flm. brtt., að hann hefði athugað þetta eitthvað sérstaklega; og ég vil fyrir mitt leyti, áður en ég tek afstöðu endanlega til brtt., heyra það, sem hv. flm. hefir fyrir sér í því, að vegamálastjóri og vitamálastjóri hafi launauppbót í fjárlögum umfram það, sem 17. gr. launalaga ákveður þeim.

Jón Jónsson: Hv. 3. landsk. var að segja, að hann kynni illa við að vitna í landssímastjóra ásamt hinum embættismönnunum. Það er satt að vísu, að hann er ekki talinn með hinum öðrum stjórunum í 17. gr. launalaganna, en hann hefir þó sömu byrjunarlaun og þeir; en í brtt. er gengið út frá hækkun á sama grundvelli og í 17. gr. En það er augljóst, að landssímastjóri hefir fengið uppbót, og það held ég hv. 3. landsk. viðurkenni. Nú er gert ráð fyrir 2 þús. kr. persónuviðbót, og þó er hann nýr í embætti. Ég hygg óhætt að fullyrða, að vitam.stj. fái uppbót eftir fjárlögum. Líklega ekki vegamálastjóri, sem mun vera með hliðsjón af því, að hann hefir auk embættisins ýms störf fyrir ríkið, sem hann fær allmikið fyrir og eru fastur förunautur hans embættis.

En þeir, sem ég vildi aðallega taka til samanburðar, eru skólastjórarnir, sem ég nefndi. Mér þykir ótilhlýðilegt að sá, sem settur er yfir þá til eftirlits, hafi lægri laun en þeir, en laun yfirmannsins eru sjáanlega miklu lægri eins og er, og jafnvel þótt mín brtt. verði samþ. Og hv. 3. landsk. viðurkenndi, að þau væru sízt of há. En um laun annara embættismanna

komum við til með að tala síðar, og finnst mér það ekki nauðsynlegt í sambandi við þessa brtt. Því að laun þessa starfsmanns ríkisins verða ekki hærri en hliðstæðra starfsmanna, þrátt fyrir mína brtt.

Jón Þorláksson: Ég verð að segja, að mér nægir það nú ekki, þótt vitnað sé í það, að t. d. vegamálastjóri hafi einhverjar tekjur af öðrum störfum í þágu hins opinbera heldur en vegamálastjórninni. Það getur vel farið svo um fræðslumálastjóra líka, að hann hafi aukatekjur utan embættis, en það er launaákvörðun um fræðslumálastjóraembættið algerlega óviðkomandi.

Það getur vel verið, að hv. 6. landsk., sem er formaður fjvn. og þess vegna betur inni í þessum plöggum en ég, hafi einhverja stoð fyrir þeim ummælum, að vitamálastjóri núverandi hafi líka einhverja persónulega launauppbót. Hann er líka búinn að vera á þriðja tug ára í embætti, og mætti líta nokkuð á það.

Ég er ekki að hafa á móti brtt. af því, að mér þyki launin of há, en ég get ekki látið vera að minnast á, að hér rek ég mig á það ósamræmi, sem orðið er í öllum nýrri launaákvörðunum gagnvart launalögunum frá 1919.

Ég skal ekki leggjast á móti þessu, en verði það samþ., má skoða það sem viðurkenningu þess af hálfu stj. og Framsóknarflokksins, að ekki tjái lengur að halda sér við launalögin frá 1919, heldur verði að breyta þessu bráðlega í hækkunaráttina, sérstaklega þegar um er að ræða svo umsvifamikil störf, sem fræðslumálastjóraembættið.

ATKVGR.

Brtt. 437 samþ. með 8:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 439).

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 474).

---

10. Yfirsetukvennalög.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyt. á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (stjfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Frv. til l. um breyt. á l. um launakjör yfirsetukvenna er ekki nýr gestur hér á þinginu. Slík frv. hafa legið fyrir 4—5 undanförnum þingum, en þó engin lausn fengizt á málinu. Öll þau frv., sem fram hafa verið borin, hafa sætt meiri eða minni mótspyrnu.

Ég skal ekki dyljast við því, að ég hefi verið einn í tölu þeirra þm., sem ekki hafa getað gengið inn á þær till., sem fram hafa komið til breytinga á launakjörum ljósmæðra. Ekki af því, að ég hafi ekki viljað gera neitt til að bæta laun þeirra, heldur af því, að mér hefir fundizt kröfurnar vera ósanngjarnlega háar. Mér hefir fundizt frv. ganga of langt í því að heimta hlutfallslega hærri laun til handa ljósmæðrunum en ýmsir aðrir starfsmenn þess opinbera hafa, og þar sem þau öll hafa haft í för með sér óhæfilegan útgjaldaauka fyrir sýslur og ríkissjóð, og auk þess hafa verið í ósamræmi við aðra launalöggjöf, hefi ég ekki getað fylgt þeim.

Því hefir verið haldið fram hér í þinginu í umr. um þessi ljósmæðrafrv., að tilfinnanlegur skortur væri á ljósmæðrum úti um land, vegna þess, hve þær væru illa launaðar. Því hefir verið slegið föstu, eins og lesa má í Þingtíðindunum, að það vantaði 30 ljósmæður, án þess þó að neinar sönnur hafi verið á þetta færðar. Ég lét því athuga það í fjármálaráðuneytinu, hvernig það væri með útborganir á launum ljósmæðra, og kom þá allt annað í ljós. Það virtist enginn hörgull á

ljósmæðrum; a. m. k. höfðu þær allar gætt þess vendilega að hirða laun sín.

Til þess nú að komast fyrir um það með vissu, hvað væri satt og hvað rangt í þessu máli, leitaði ég til sýslumanna úti um land eftir upplýsingum um það, hvernig ástatt væri með ljósmæður í sýslum þeirra hvers um sig. Niðurstaðan hefir orðið sú, að í 10—14 umdæmum eru engar fastar ljósmæður. Í 4—5 af þessum umdæmum er talin aðkallandi þörf á nýjum ljósmæðrum, og í öðrum umdæmum eru engar skipaðar yfirsetukonur, en þeim þjónað af öðrum ljósmæðrum í góðu samkomulagi við alla hlutaðeigendur, svo góðu, að umrædd umdæmi óska ekki eftir nýjum ljósmæðrum.

Sé það nú rétt, sem haldið var fram hér í þinginu í fyrra, að vantað hafi ljósmæður í 30 umdæmum á landinu, hlýtur þetta að hafa lagazt síðan. En ef svo er, þá er það rangt, að ljósmæður hafi vantað í þessi umdæmi vegna þess, hve launin voru lág. Enda hefir satt að segja lítið borið á því, að auglýst væri eftir ljósmæðrum.

Ég spurðist einnig fyrir um annað atriði hjá sýslumönnunum, vegna þess, að það var gengið út frá því í umr. um þetta mál hér í þinginu í fyrra, að ljósmæður fengju greidda dýrtíðaruppbót á öll laun sín. Ég fékk þær upplýsingar, að aðeins 4—5 sýslur greiða ljósmæðrunum dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna. Sýnir þetta einnig, að ekki virðist vera mikill hörgull á ljósmæðrum vegna of lágra launa, því að annars mundu sýslurnar bæta upp launin með því að greiða dýrtíðaruppbót.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja sögu þessa launamáls yfirsetukvenna. Sagan er raunasaga, bæði fyrir þá, sem barizt hafa fyrir bættum launakjörum ljósmæðra, en ekkert unnið á, og eins fyrir þingið í heild sinni, að þurfa ár eftir ár að fjalla um þetta mál, án þess að nokkur niðurstaða fáist í því.

Á síðasta þingi fengu ljósmæður meiri byr undir launakröfur sínar en nokkru sinni áður. Er því ástæða til að ætla, að þingið sé nú farið að snúast á þá sveif að bæta kjör þeirra. Vona ég, að hægt verði að leysa þetta mál nú á grundvelli þessa frv., en það er í öllum aðalatriðum byggt á þeim miðlunartill., sem fram komu hér í málinu í fyrra, en féllu með jöfnum atkv. í þessari hv. deild.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., enda er grg. þess það ítarleg, að þetta ætti að nægja. Ég vil aðeins að síðustu leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn., þegar umr. er lokið.

Halldór Steinsson: Ég hefði sízt búizt við því, að hæstv. fjmrh. yrði til þess að flytja frv. um breytingar á launakjörum yfirsetukvenna. Mér hefir virzt svo á undarförnum þingum, að heldur hafi andað kalt frá honum til þessa máls, enda ber bæði grg. frv. og ræða hæstv. ráðh. nú því vitni, að honum hefir ekki snúizt hugur í málinu. Meðal annars segir svo í grg.: „Stj. verður að álíta, að yfirsetukonur hafi sambærileg laun við aðra starfsmenn ríkisins". Stj. lítur með öðrum orðum svo á, að ekki sé ástæða til að bæta launakjör þeirra. En því er stj. þá að flytja þetta frv., ef það er hennar skoðun, að ljósmæðurnar séu nógu vel launaðar? Þeirri spurningu er líka svarað í grg.: „Þar sem yfirsetukonum virðist heldur hafa aukizt fylgi á síðustu þingum, hefir stj. þótt réttast að leggja fyrir Alþingi frv. um launakjör yfirsetukvenna". Þetta er þá ástæðan.

Mig furðar nú satt að segja á því, að hæstv. fjmrh. skyldi fara að flytja þetta frv. eingöngu vegna þingviljans. Og mig furðar líka á því, að hæstv. ráðh. skyldi þá ekki hafa frv. í samræmi við þingviljann, úr því að hann fór að flytja það af þessari ástæðu einni. Því að launabæturnar í þessu frv. eru minni en í frv. síðasta þings, sem hafði stuðning meiri hl. þm. í báðum deildum. Frv. er að efni til shlj. þeim brtt., sem hæstv. fjmrh. flutti hér í Ed. í fyrra og felldar voru með jöfnum atkv. Hverjum dettur nú í hug, að þm. fari að greiða atkv. öfugt við það, sem þeir gerðu í fyrra, að kringumstæðunum óbreyttum?

Það orkaði tvímælis, hvort vilji þessarar hv. deildar kæmi fram í úrslitum þessa máls á þinginu í fyrra. Ég vil því skora á hæstv. fjmrh. að leggja málið nú fyrir

deildina eins og það þá lá fyrir, svo að það megi koma í ljós, hver vilji deildarinnar er.

Ég skal ekki fara út í það nú, hverjar ástæður liggja til þess, að brýn þörf er að bæta launakjör ljósmæðra, heldur geyma mér það, þar til málið kemur úr nefnd.

Hæstv. fjmrh. sagði, að engar sannanir hafi verið færðar fyrir því í fyrra, að ljósmæður vantaði í 30 umdæmum. Þetta er ekki rétt. Samkv. upplýsingum Ljósmæðrafélags Íslands vantaði 30 ljósmæður í fyrra, og því félagi ætti að vera kunnugt um þetta, því að það sér um útvegun á ljósmæðrum í þau umdæmi, sem laus eru. Og þó að nú vanti ekki nema 15 ljósmæður — ef skýrsla hæstv. ráðh. er þá rétt —, gat vantað 30 í fyrra fyrir því. Annars er það nú neyðarúrræði, ef grípa þarf til þess, vegna skorts á ljósmæðrum, að láta þær þjóna fleiri umdæmum en sínu eigin, þó að hæstv. ráðh. virtist ekkert hafa við það að athuga. Slíkt getur að vísu gengið í kaupstöðum, en mjög óvíða til sveita.

Hæstv. fjmrh. sagði, að saga þessa máls væri raunasaga. Það má vera, að **honum** þyki það raunasaga, að málinu hefir aukizt fylgi, en **mér** finnst það ekkert sérlega raunalegt.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. mun eiga að fara til fjhn., en þar sem ég á sæti í þeirri n., þarf ég ekki að fara ítarlega út í frv. að þessu sinni. Ég greiði því atkv. mitt til 2. umr. í þeirri von, að hægt verði að lagfæra það, eins og nauðsyn ber til.

Eins og hv. þm. Snæf. sagði, er það ekki komið til af góðu, að hæstv. fjmrh. flytur nú þetta frv. Ráðh. er hræddur um, að ljósmæðurnar fái of há laun, og vill því reyna að fá þingið til að fallast á miðlunartill. sínar. Það er annars dálítið einkennilegt, hve stj. á í miklu stríði við þá, sem heilbrigðismálanna eiga að gæta. Hæstv. dómsmrh. við læknana — hæstv. fjmrh. við ljósmæðurnar.

Mér þótti þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf um það, hve margar ljósmæður vantaði úti um land, harla einkennilegar. Hann sagði, að ekki væru nema 9—10 umdæmi laus; að 4—5 umdæmum væri þjónað af öðrum ljósmæðrum, og að í enn öðrum 4—5 umdæmum væru engar skipaðar yfirsetukonur, heldur væri umdæmunum þjónað af öðrum, en nú í góðu samkomulagi við alla hlutaðeigendur. Hví þá að vera með þessa flokkun?

Hæstv. fjmrh. sagði, að yfirsetukonur hefðu hærri laun en aðrir starfsmenn ríkisins, hlutfallslega. (**Fjmrh.:** Ég sagði, að þær hefðu sambærileg laun við aðra starfsmenn). Ég verð að mótmæla því, að svo sé. Lægst launuðu ljósmæðurnar munu ekki hafa nema eitthvað á annað hundrað króna árslaun. Ég hygg, að fáir starfsmenn ríkisins hafi lægri laun. (**Fjmrh.:** Hvaða ljósmæður hafa lægri laun en 200 kr. á ári? Þær eru ekki til).

Því hefir jafnan verið borið við, er rætt hefir verið um launahækkun ljósmæðra, að afleiðingin myndi verða sú, að hreppstjórar og oddvitar myndu einnig gera kröfur um aukin laun. En hvað sýnir reynslan? Hér eru sem stendur 15 ljósmæðraumdæmi laus, en ég hefi ekki heyrt þess getið, að hreppstjóra eða oddvita vantaði neinsstaðar, enda sækjast heldri bændur eftir þessum stöðum. Virðist því ekki ástæða til að óttast, að hækkuð laun yfirsetukvenna hafi hækkuð laun hreppstjóra og oddvita í för með sér. Þó má vel vera, að nauðsyn geti borið til að hækka laun oddvita, þar sem fólki fjölgar, eins og í kauptúnum. Till. hæstv. fjmrh. væru virðingarverðar, ef ekki skini út úr þeim, að þær eru bornar fram af ótta við það, að þingið myndi elli hækka laun ljósmæðranna meira en þar er gert ráð fyrir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég sé ekki mikla þörf á að fara að rökræða þetta mál út af þeim ástæðum, sem fram hafa verið bornar af andstæðingum frv. Þeir hafa ekki komið fram með nein ný gögn í málinu, heldur aðeins endurtekið það, sem þeir hafa margsagt áður, og bætt við nokkrum hnútum til mín. Þegar komið er með skýrslur frá hlutaðeigandi yfirvöldum, þá segja andstæðingarnir aðeins, að ekkert sé að marka þær. Þrátt fyrir það, þó að til séu opinberar skýrslur um laun ljósmæðra, leyfir hv. 4. landsk. sér að efast um, að þær séu réttar. Þetta get ég ekki kallað annað en blátt áfram ósæmilegt.

Mér finnst líka undarlegt, að hv. þm. Snæf. skuli áfella mig fyrir að hafa borið

fram frv. um endurbætur á launakjörum ljósmæðra. (JBald: Það vantar það rétta hugarfar). Hv. þm. finnur að því, að ég skuli bera fram þetta frv. nú, af því að ég hafi verið andvígur frv. um þetta efni í fyrra. En í frv. mínu felast einmitt hinar sömu miðlunartill. og ég bar fram í fyrra og taldi þá sanngjarnar og réttar.

Hv. 4. landsk. segir, að ég fylgi frv. þessu vegna þess, að ég vilji koma í veg fyrir, að ljósmæður fái svo há laun, sem þær ella myndu hafa fengið. Það er rétt, að ég vil koma í veg fyrir, að þær fái hlutfallslega mikið hærri laun en aðrir fá fyrir svipuð störf, og að ég vil gæta samræmis í launagreiðslum, eftir því sem unnt er.

Eins og ég hefi þegar sagt og sýnt fram á, eru rök andstæðinga frv. einskis virði. Þau eru aðallega fólgin í því að bera brigður á opinberar skýrslur. Það, sem sagt var hér um ljósmæðraskort í fyrra, er algerlega ósannað mál, enda virðist hafa gengið vel að bæta úr honum, þar sem andstæðingar frv. telja nú, að ekki vanti nema 15 ljósmæður, sem þó er of há tala. Annars tel ég vafasamt, að þeir hafi fengið upplýsingar sínar úr réttri átt. Ég skal geta þess, að ég gat m. a. ekki fengið upplýsingar um það hjá heilbrigðisstjórninni hér, hvort sýslusjóðirnir gyldu ljósmæðrum dýrtíðaruppbót eða ekki.

Ég tel illa farið, ef hv. þm. vilja ekki samkomulag í þessu máli. Það gæti jafnvel farið svo, að ljósmæðurnar græddu ekki á þeirri framkomu. (JBald: Er þetta hótun?). Nei, þetta er engin hótun, en ef málið á fram að ganga, verður að fara miðlunarleið í því. Ég þykist hafa stigið stórt spor til miðlunar með þessu frv. og bjóst við því, að hv. þm. gætu fallizt á það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Jón Baldvinsson: Ég ætla aðeins að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá að þessu sinni, og ég vil taka það fram, að ég ber þessa ósk fram í samráði við hæstv. fjmrh., sem getur ekki verið viðstaddur umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 25. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 11, n. 88).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Sjálfsagt þarf engan að undra afstöðu fjhn. þessarar deildar í yfirsetukvennamálinu. Þessir þrír menn, sem hana skipa, hafa á undanförnum tveim þingum, 1928 og 1929, eindregið lagt með svipuðum og jafnvel orði til orðs hinum sömu till. og nál. þeirra nú hljóðar um.

Það er ekki fyrir það, að ekki hafi verið á öllum þessum þingum frammi till., sem gengu skemmra, eða til samkomulags, eins og það hefir stundum verið orðað, en fjhn. hefir ekki séð ástæðu til þess að ganga inn á þær, því að frá kröfum þeim, sem upphaflega voru gerðar í þessu til Alþingis, hefir þegar verið talsvert hvikað, eins og sjá má, ef borið er saman við erindi frá Ljósmæðrafélagi Íslands viðvíkjandi kjörum ljósmæðra í landinu. Í fljótu máli að segja, þá hefir fjhn. tekið upp sínar till. frá í fyrra og ber þær nú fram sem breyt. við frv., sem stj. hefir borið fram til breyt. á yfirsetukvennalögunum. Sá munur, sem yrði á launum yfirsetukvenna eftir frv. stj. og eftir till. n., er talsverður. Það, sem sérstaklega skiptir miklu máli, eru lágmarkslaunin í hinum fámennu héruðum, því að þau verða lífvænlegri eftir till. fjhn. en frv. stj.

Eins og nú er gerir frv. stj. ráð fyrir 300 kr. lágmarkslaunum, og á það á síðan að koma dýrtíðaruppbót, en hækkanirnar, sem eiga að fara fram eftir því frv., eru aðeins tvennar, eiga að fara fram eftir fimm ár og tíu ár og eru þá aðeins 50 kr. í hvort sinn. Með öðrum orðum, þar sem stjfrv. gerir ráð fyrir 400 kr. launum handa ljósmæðrum, gera till. fjhn. ráð fyrir 500 kr. launum, þegar þær eru búnar að þjóna svo lengi, að þær ná hækkun

eftir starfsaldri. Til þess að ná þeirri 100 kr. hækkun, sem stjfrv. vill veita, þurfa ljósmæður að starfa í 10 ár, en í 12 ár til þess að ná hámarkinu samkv. till. n., sem gerir ráð fyrir 50 kr. hækkun 3. hvert ár.

Sameiginlegar breyt. eru það í báðum þessum frv., að nú skuli sýslunefndir skyldar til að greiða dýrtíðaruppbót á launin, og sömuleiðis skuli þær ljósmæður, er skipaðar hafa verið áður en lögin ganga í gildi, njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Það er ekki hægt að neita því, að eftir till. stj. eru þetta launabætur, en það er eiginlega ekkert bætt þar, sem mest er þörfin. Erfiðlegast virðist ganga að fá ljósmæður í fámennustu sveitaumdæmin, og jafnvel ómögulegt eins og stendur. Hér á þingi hefir mikið verið deilt um, hve margar ljósmæður vanti í raun og veru í umdæmi í landinu. Hæstv. fjmrh. kom inn á þetta atriði við 1. umr. málsins, en það var nú dálítið loðið, sem hann vildi draga út úr skýrslum, sem hann hafði fengið; hann skipti í tvennt, þar sem algerlega vantaði ljósmæður, og þar sem að vísu vantaði, en væri þjónað af ljósmæðrum úr öðrum umdæmum. En í raun og veru stendur ennþá óhrakið það, sem fullyrt hefir verið, að ljósmæður vanti í a. m. k. 30 umdæmi.

Annað, sem er mismunandi eftir till. n. og stjfrv., er það, að í kaupstöðum geta hámarkslaunin náð 1500 kr. eftir till. fjhn., en ekki nema 1100 eftir till. stj. Við nánari athugun hefi ég séð, að þar sem talað er um, að launin án dýrtíðaruppbótar megi ekki fara fram úr 1500 kr., þá er það alveg utan garna við frv. sjálft, og kemur aldrei til framkvæmda, að þau nái 1500 kr. í kaupstöðum eins og frv. er orðað. Í 3. tölul. 1. gr. stjfrv. stendur, að byrjunarlaun megi aldrei komast yfir 1000 kr., svo stendur í næstu málsgr.: Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr., og eftir önnur 5 ár um 50 kr". Þarna skilst mér, að í raun og veru séu launin orðin 1100 kr., en hvernig á svo að koma því heim, að launin geti farið upp í 1500 kr., eins og segir í stjfrv.? Þarna er því verulegur munur á hámarkslaununum. En það er satt, að stjfrv. gerir eiginlega ráð fyrir þrennskonar launastigum, í fámennum umdæmum, þar sem launin eru lægst, í kaupstöðum með 300 og upp undir 1000 íbúa, og þar getur verið að fari nokkuð nærri um till. stjfrv. og n., en aftur á móti í kaupstöðum verða launin, eins og ég hefi bent á, lægri hjá ljósmæðrum heldur en eftir till. okkar.

Það hefir verið efast um, að þessar kröfur frá ljósmæðrum væru annað en bara frá nokkrum konum í Reykjavík eða stjórn Ljósmæðrafélags Íslands. En ég hefi fengið í hendur fjölda bréfa, sem sýna það og sanna, að það eru ekki einungis ljósmæður hér í Reykjavík, sem að þessu standa, heldur fylgja ljósmæður úti um allt land fram kröfum sínum og æskja þess fastlega af Alþingi, að það gangi inn á þær kröfur um launabætur, sem áður hafa verið fram bornar. Það er því óhætt að fullyrða, að bak við þessar kröfur frá Ljósmæðrafélagi Íslands standa ljósmæður úti um allt land alveg einhuga. Það getur vel verið, að ég láti síðar í umr. heyra eitthvað af þessum bréfum. Ég vil líka skýra frá því, að ég hefi fengið í hendur skjöl, þar sem hreppsnefndir og oddvitar kvarta sáran út af því, hvað gangi illa að fá ljósmæður í umdæmin, og það sé vegna launakjaranna. Jafnvel þótt fylgt sé heimild í lögum frá 1919, að sýslunefndir megi greiða dýrtíðaruppbót á launin, þá sé samt ómögulegt að fá ljósmæður í umdæmin. Ég hefi og bréf í höndum, sem sýna, að það eru bændur úti um sveitir landsins, sem vilja láta hækka launin. (Fjmrh.: Vilja láta hækka launin?). Já, það hefir komið ljós, að það er ekki allt af almenningsálit, sem bændur á Alþingi halda fram um skoðanir stéttarbræðra sinna úti um land.

Ég þykist ekki að svo stöddu þurfa að færa fram frekari ástæður fyrir till. fjhn., en vænti þess, að þær verði samþ. Þær voru samþ. í Nd. Alþingis á síðasta þingi, og fyrir hálfgerða slysni voru þær ekki afgr. sem lög frá Alþingi. Það eru a. m. k. tvennar skoðanir um, hvort deildin hafi ekki í raun og veru gengið frá frv., sem fyrir lá í fyrra, til fullnustu, þótt úrskurður félli á annan veg.

Að lokum vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvað hann eigi við

með því að setja hámarkið 1500 kr., því að ég sé ekki, að það hafi neina stoð í því, sem á undan er gengið, heldur aðeins til að „punta“ upp á, án þess að það hafi nokkurt gildi fyrir ljósmæður.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég verð að segja það, að mér finnst afstaða sú, sem hv. fjhn. hefir tekið í þessu máli, ekki vera á þann veg, að hún sé sérstaklega friðvænleg til sátta í þessu máli. Ég hafði gert mér nokkrar vonir um, að hægt myndi að fá samkomulag milli þeirra manna, sem hafa staðið dálítið á öndverðum meið undanfarið, með því að flytja samkomulagsleið, sem að áliti okkar, sem höfum viljað gæta hófs í þessu máli, gengur svo langt í samkomulagsáttina, að maður gæti búizt við, að tekið yrði vel á móti. En nú sé ég, að hv. fjhn. slær í e. hlj. á þá framréttu hönd okkar í þessu máli, og þá er fyrst séð, að það verður að skeika að sköpuðu.

Það þarf ekki nú að ræða sérstaklega einstök atriði þessa máls eða flytja margar tölur og útreikninga um það. Það er búið að því á undanförnum þingum og hér liggur í raun og veru ekkert annað fyrir en það, sem áður hefir legið fyrir þinginu, og engar nýjar tölur geta komið fram og skýrt málið.

Hv. frsm. n. hóf ræðu sína með því að segja, að engan mundi undra sú afstaða, sem fjhn. hefði tekið í þessu máli. Það er nú einmitt það, að mig undrar afstaða hennar í málinu, þar sem hún vill ekkert beygja af, heldur halda fram fyllstu kröfum í þessu efni, ekkert tillit taka til þess, sem áður hefir verið talið rétt og sanngjarnt í málinu, og þá finnst mér þýðingarlaust að skipta lengi orðum um það.

Því hefir verið haldið fram, alltaf þegar þetta mál hefir verið til umr., að það væri aðallega flutt vegna þeirra ljósmæðra, sem lökust launakjör hefðu úti um land, vegna þeirra, sem hefðu lítil umdæmi og lág laun. Nú hefir hv. frsm. n. játað í sinni ræðu, að það munaði litlu eða léti mjög nærri um till. stjfrv. og till. n. hvað snertir einmitt þessar ljósmæður. Þá er með þessu viðurkennt, að launabætur ljósmæðra eru eftir frv. mestar þar, sem launin voru lægst, enda tel ég það sanngjarnt.

Hinsvegar var hann að tala um það, að eftir frv. kæmust ljósmæður í stærri kaupstöðum aldrei hærra en í 1100 kr., en eftir till. n. kæmust þær upp í 1500 kr. Um þetta er í raun og veru engin deila, öllum er ljóst, að það ber á milli, og þetta er því engin röksemd. í málinu.

Hv. frsm. kvaðst hafa í höndum mikið af bréfum utan af landi, bæði frá ljósmæðrum og fleiri mönnum, um þetta mál. Það má vel vera, ég efast ekkert um það, og ég veit, að það hafa verið pöntuð bréf utan af landi. Og hverjum skyldi líka detta í hug að halda því fram, að ljósmæður vildu ekki eins og aðrir fá laun sín hækkuð? Hv. frsm. er alltaf að tala um, að verkafólkið vilji fá hærri laun, og það er ekkert undarlegt, því að það vilja allir. Þetta út af fyrir sig er ekki sterk röksemd. Það verður alltaf að miða launin við getuna til þess að greiða þau, og í annan stað verður dálítið að gæta þess, að samræmi sé í launakjörum yfirleitt hjá starfsfólkinu. Ég veit ekki annað en að flest atvinnufyrirtæki reyni yfir höfuð að launa starfsfólki sínu þannig, að sem mest samræmi sé á milli þess.

Hv. frsm. fullyrti, að ljósmæður vantaði í meira en 30 ljósmóðurumdæmi. Ég vil alls ekki taka þetta gott og gilt, nema hann sanni það.

Ég verð að taka það fram, að það eru ekki einungis útborganir fjármálaráðuneytisins til ljósmæðra, sem sýna, að ekki ber sérstaklega mikið á ljósmæðravöntun. Ég hefi í höndum símskeyti frá öllum sýslumönnum á landinu um, hvað margar yfirsetukonur vantar í umdæmi hvers um sig. Á þessum skeytum ætti að mega byggja, og ég efa alls ekki, að þau skýra rétt frá ástandinu eins og það var, er ég leitaði þessara upplýsinga. Ég ætla ekki að lesa símskeytin upp að svo stöddu, en það getur vel rekið að því, að ég geri það. Ég ætla að bíða og lofa hv. frsm. að leggja fram þau gögn, sem hann hefir í þessu máli. Það, sem fram kom í framsöguræðu hans, fannst mér raunar ekki sérstaklega veigamikið.

Annars hefi ég ekki ástæðu til að fara

langt út í þetta mál; ég býst við, að þessar umr. leiði ekkert nýtt í ljós, og er ég því tilbúinn að láta þær niður falla, ef næsta ræða hv. frsm. gefur mér ekki tilefni til andsvara.

Halldór Steinsson: Ég verð að segja það, að mér finnst gleðilegt, að hv. fjhn. hefir ekki hvikað frá fyrri skoðunum sínum í þessu máli og hefir samkv. því borið fram brtt., sem færa frv. í svipað horf og frv. það, sem lá fyrir síðasta þingi. Ein aðalástæðan, sem á undanfarandi þingum hefir verið borin fram fyrir þessu máli, er ljósmæðraeklan. Í fyrra benti ég á, að yfirsetukonur vantaði í 30 umdæmi. Það var vefengt þá, sérstaklega af hæstv. fjmrh. Nú hefir þessi hæstv. ráðh. sýnt viðleitni til að færa sönnur á orð sín, með því að leita upplýsinga hjá sýslumönnunum um þetta mál. Samkv. þeim upplýsingum gaf hann þá skýrslu við 1. umr. þessa frv., að það vantaði ljósmæður í 15 umdæmi á landinu. Ég tek það skýrt fram, að ég tel mig hafa meiri rétt til að telja þessa skýrslu hæstv. ráðh. ranga heldur en hann hafði til að telja mína ranga í fyrra.

Það var óskipað í 30 umdæmi þá, og þeim hefir fremur fjölgað en fækkað síðan. Ég ætla að reyna ofurlítið á þolinmæði hæstv. ráðh. og gefa ekki nánari upplýsingar nú, en lofa hv. frsm. að leiða hann í allan sannleika, svo hann sjái, að hann fór áður villur vegar.

Þó þetta sé aðalástæðan til þess, að launahækkun ljósmæðra er nauðsynleg, þá eru margar fleiri ástæður til þess. Á þær hefir verið minnzt áður, og ætla ég ekki að rifja upp nema tvö atriði.

Það er öllum kunnugt, að hjúkrunarstarfsemi er mjög ófullkomin hér á landi. Lærðar hjúkrunarkonur eru ekki nema í Reykjavík og stærri kaupstöðunum, en þyrftu að vera í hverjum hreppi.

Þó alstaðar væru góðir læknar, kæmu þeir ekki að notum, þegar enga góða hjúkrun er að fá á heimilunum. Við erum í þessum efnum mjög á eftir öðrum menningarþjóðum, og það er alls ekki forsvaranlegt.

Ég hefi áður haldið því fram, að ljósmæðraefnin gætu tekið þátt í hjúkrunarnámskeiði jafnframt ljósmæðranáminu, og síðan stundað hjúkrun í umdæmum sínum. Með þessu móti fengjust auðvitað ekki hálærðar hjúkrunarkonur; hjúkrunarnámið er langt og lærðar hjúkrunarkonur dýrar, svo það er varla kleift fyrir fátæka hreppa að njóta þeirra. En þetta væri sæmileg úrlausn á hjúkrunarmáli sveitanna, sem una mætti við í bili, þangað til kostur er á lærðum hjúkrunarkonum.

Ef nú horfið væri að þessu ráði, mundi nám ljósmæðranna auðvitað lengjast og starf þeirra aukast. Rökrétt afleiðing þess yrði hærra kaup, og má búast við, að launahækkunin, sem till. n. gera ráð fyrir, yrði ekki nægileg.

Þá er hitt atriðið, sem snertir þetta mál. Nú er verið að byggja landsspítalann og er hann bráðum fullgerður. Þar mun verða sérstök ljósmæðradeild og þar eiga ljósmæðraefnin að njóta kennslu í framtíðinni. Það hefi ég fyrir satt, að þegar ljósmæðrakennslan verður flutt í landsspítalann, þá muni námstíminn verða lengdur. Hann er nú styttri hjá okkur en öðrum þjóðum, sem menntaðar eru taldar og nokkrar kröfur gera til ljósmæðra sinna, t. d. hinum Norðurlandaþjóðunum. En ef námstíminn er lengdur, ber enn að sama brunni og áður: aðsóknin minnkar, ef ljósmæðraefni eiga ekki von á að fá betri kjör við að búa að loknu námi heldur en nú er.

Það bendir því allt á það, að ekki sé hægt að komast hjá að bæta til muna kjör þessara starfsmanna.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég átti von á, að það gætu orðið friðsamlegar umr. um þetta mál nú, þar sem það hefir verið svo oft áður rætt hér í deildinni. En mér fannst hæstv. ráðh. vera í hálfgerðum ófriðarhug, þegar hann var að tala um, að við nm. hefðum slegið á þá framréttu hönd, sem hann hafði rétt til sátta í þessu máli. En eins og ég sýndi fram á í framsöguræðu minni, höfum við klipið allmikið af hinum upphaflegu kröfum. Og þó fram komi einhver samkomulagstill., eru alltaf einhver takmörk fyrir því, hvað mikið hægt er að slá af kröfunum.

Það er ekki við því að búast, að konur vilji eyða tímanum í ljósmæðranám

og binda sig svo við að vera alltaf til taks, nema þær fái það sæmilega launað. Og þess vegna vantar nú ljósmæður svo víða. En hæstv. ráðh. vill ekkert sjá, nema sínar eigin till. Mér finnst við hafa farið svo vægilega í sakirnar í okkar till., að hann megi sjálfum sér um kenna, ef umr. verða ekki friðsamlegar.

Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að ég hafi kannazt við, að lítill munur væri á frv. hans og till. n. gagnvart lægst launuðu ljósmæðrunum. Hann gleymir því, að eftir hans frv. eru launaflokkarnir þrír: einn í umdæmum með innan við 300 íbúa, annar í umdæmum, sem hafa yfir 300 íbúa, og þriðji í kaupstöðum. Ég sagði, að litlu munaði á launum miðflokksins eftir frv. ráðh. og till. okkar, en hjá lægst launaða flokknum munar það talsvert miklu, og sá flokkur er stærstur og hefir mesta þörf fyrir launahækkun.

Hæstv. ráðh. sagði ekki tiltökumál, þó aðrar tölur væru í frv. sínu en till. okkar, úr því á annað borð væri ágreiningur um málið. En það, sem ég vildi fá að vita, var það, hvers vegna hann setti í frv. orðin: „þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 kr“. Mér finnst þetta ákvæði alls ekki hafa neina þýðingu. Ég vil ekki gera þær getsakir, að það sé sett í blekkingarskyni, svo launin sýnist geta orðið hærri en þau nokkurntíma verða. En þetta hlýtur þá líka að vera einhver villa; það er líkast því, að einhversstaðar vantaði í orð, sem gerðu það mögulegt, að launin kæmust svona hátt.

Hæstv. ráðh. er enn með þær fullyrðingar, að umkvartanir ljósmæðra utan af landi séu þagnaðar. Þessu má auðvitað slá fram, en það er í meira lagi léleg röksemd, einkum þegar hægt er að leggja fram skjöl, sem benda í gagnstæða átt, þó vitanlega sé aldrei hægt að sanna fullkomlega, hvort þetta eða hitt sé skrifað algerlega af eigin hvötum bréfritaranna.

Ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bréf frá ljósmæðrum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Það hljóðar svo:

„Vér undirritaðar ljósmæður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu leyfum oss hér með að skora á háttvirta stjórn „Ljósmæðrafélags Íslands“, að hún sjái um, að lagt verði fyrir næsta Alþingi frumvarp það til l. um launakjör ljósmæðra, sem lá fyrir síðasta Alþingi, að því þó breyttu, að sýslusjóði sé gert að skyldu að greiða dýrtíðaruppbót á hálf launin.

Í septembermánuði 1929.

Virðingarfyllst“.

(Undirskriftir 9 ljósmæðra).

Ég hefi annað svipað bréf úr Barðastrandarsýslu; ég nenni ekki að vera að lesa það upp, en það sýnir, að þessar kröfur koma víðar fram.

Ég ætla að lesa bréf frá oddvita vestan úr Ísafjarðarsýslu, sem ég hefi undir höndum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir fulla viðleitni og margítrekaðar tilraunir hreppsnefndar Ögurhrepps til þess að útvega ljósmóður í umdæmi hreppsins, sem hefir verið laust til umsóknar síðastliðin þrjú ár og auglýst, hefir nefndinni ekki tekizt að fá ljósmóður til að gegna þessu starfi. Hinsvegar hefir nefndin og hreppsbúar orðið að hlíta því vandræða ástandi, að verða að semja við ljósmæður tveggja næstliggjandi hreppa um að gegna starfi þessu fyrir sérstaka borgun úr hreppssjóði, og hafa þær annazt störf þessi, sín í hvorum helming Ögurhrepps Nú á síðastliðnu hausti flutti ljósmóðirin úr Reykjarfjarðarhreppi burt þaðan úr hreppnum, en það er annar næsti hreppur við Ögurhrepp, svo báðir þessir hreppar eru nú ljósmóðurlausir; en ljósmóðir Súðavíkurhrepps hefir fyrir beiðni hreppsnefndar Ögurhrepps tekið að sér að gegna ljósmóðurstörfum hér í hreppnum, að svo miklu leyti, sem henni væri mögulegt.

Ástand þetta í þessu efni má fyllilega telja vandræða ástand, þegar tillit er tekið til þeirra vegalengda, sem hér er um að ræða fyrir hlutaðeigendur, sem á ljósmóður þurfa að halda, og sem eru oft ófærar bæði á sjó og landi að vetrinum til. Eins og það líka oft getur komið fyrir, að ljósmóðir þessi, anna vegna, geti ekki farið úr umdæmi sínu hingað í hrepp, enda þó veður hamli ekki. ....

Ennfremur skal ég í sambandi við þetta erindi til félagsins taka það fram, að hreppsnefnd Ögurhrepps myndi greiða þeirri ljósmóður, er félagið kynni að geta útvegað, einhver viðbótarlaun úr hreppssjóði, þar til kjör ljósmæðra frá hálfu

þess opinbera verða bælt frekar hvað föst laun snertir, sem hlýtur að eiga sérstað von bráðar.

Vænti svars frá heiðruðu félagi yðar þessu viðvíkjandi hið fyrsta".

Ég las ekki bréfið allt. Oddvitinn snýr sér til Ljósmæðrafélagsins og spyr, hvort það sjái enga leið til að útvega ljósmóður. Þetta sýnir, hvílíka örðugleika hlutaðeigendur hafa við að stríða vegna þeirra kjara, sem ljósmæður hafa nú, og að þeir telja sjálfsagt, að þau séu bætt hið fyrsta.

Hæstv. ráðh. er alltaf að staglast á samræmi í launakjörum. Ég veit svo sem, hvað þetta samræmi þýðir. Það eru hreppstjórar og aftur hreppstjórar, sem bera á saman við. Laun ljósmæðra eru ekki sambærileg við laun neinna annara af föstum starfsmönnum ríkisins. Ég veit, að t. d. póst- og símamönnum er illa launað, en kjör þeirra eru þó skárri. Ljósmæðurnar í sveitum fá eiginlega engin laun; þetta er bara dálítil þóknun fyrir að vera alltaf viðbúin, hvenær sem kallað er.

Hæstv. ráðh. minnist á sannanir í þessu máli. Ég held betra hefði nú verið fyrir hann að vera ekki að lýsa eftir þeim. (**Fjmrh.**: Eru ekki sannanir alltaf góðar?). Þær eru góðar fyrir þann, sem ber þær fram, til að staðfesta orð sín.

Það hefir mikið verið deilt um, hvað margar ljósmæður vantaði á landinu. (**JÞ**: Það hefir aldrei vantað neina til að taka á móti launanum). Hafi verið greidd yfirsetukonulaun í þau umdæmi, sem enga ljósmóður hafa, er víst ástæða til að rannsaka þá embættisfærslu. Kannske það sé haft eins og í Frakklandi, þar sem einu sinni kom í ljós, að greidd höfðu verið eftirlaun manns nokkurs í 300 ár eftir dauða hans, og alltaf var tekið á móti þeim. (**PH**: Þetta eru getsakir til yfirsetukvenna).

Fjhn. sendi öllum héraðslæknum á landinu símskeyti og spurði þá, hvort vantaði ljósmæður í umdæmi þeirra. Til þess að öll gögn sjáist, skal ég lesa eftirrit af skeytinu, með leyfi hæstv. forseta.

„Vantar ljósmæður í hérað yðar, símsvar hve margar. — Fjárhagsnefnd Ed.".

Þessu skeyti hafa þeir allir svarað, og ætla ég að lesa upp svörin. Byrja ég þá á svari fyrrv. héraðslæknis í Flateyjarhéraði, sem fyrir hinar vísu ráðstafanir stj. situr nú suður í Grindavík.

„Vantar 1 ljósmóður Flateyjarhérað. — Kaldalóns".

Frá Hafnarfirði kom svo hljóðandi svar:

„Vantar eina ljósmóður í Garða Bessastaðahreppi. — Héraðslæknir".

Frá Stykkishólmi:

„Vantar 2 ljósmæður í héraðið. — Héraðslæknir".

Frá Húsavík:

„Vantar eina ljósmóður í vor. — Héraðslæknir".

Frá Ísafirði:

„Vantar yfirsetukonu þann hluta héraðs míns, sem er í Ögurhreppi. Súðavíkur-yfirsetukona gegnir Ögurhreppi; fyrir því Súðavíkurhreppur tímum saman yfirsetukonulaus. — Héraðslæknir".

Frá Hjaltastað:

„Vantar 2 ljósmæður í héraðið. — Héraðslæknir".

Frá Fáskrúðsfirði:

„Héraðið tvö umdæmi, annað vantar yfirsetukonu. — Héraðslæknir".

Frá Hofsósi:

„Vantar eina ljósmóður, ólærð sett. — Héraðslæknir".

Frá Blönduósi:

„Vantar 2 ljósmæður. — Héraðslæknir".

Frá Dalvík:

„Eitt umdæmi af fjórum vantað ljósmóður mörg ár, öðru sagt lausu fyrsta júlí næstkomandi, engin fengizt í staðinn. — Héraðslæknir Svarfdælahéraðs".

Frá Akureyri:

„Þrjár ljósmæður vantar. — Héraðslæknir".

Frá Hesteyri:

„Sem stendur vantar eina. — Héraðslæknir".

Frá Eyrarbakka:

„Vantar eina ljósmóður. — Gísli Pétursson".

Frá Seyðisfirði:

„Vantar eina ljósmóður í Loðmundarfjörð. — Héraðslæknir".

Frá Breiðabólsstað:

„Ljósmóður vantar í eitt umdæmi. — Héraðslæknir Síðuhéraðs".

Frá Hvammstanga:
„Vantar ljósmóður eitt umdæmi Bæjarhreppi Strandasýslu. — Héraðslæknir Hvammstanga“.
Frá Flateyri:
„Vantar eina ljósmóður, ófáanleg. — Héraðslæknir“.
Frá Bíldudal:
„Vantar eina ljósmóður. — Læknir“.
Frá Mosfelli:
Tvær ljósmæður vantar. — Héraðslæknir Grímsneshéraðs“.
Frá Arngerðareyri:
„Vantar eina. — Héraðslæknir“.
Frá Brekku í Fljótsdal:
„Hér vantar 2 yfirsetukonur. — Héraðslæknir Fljótsdalshéraðs“.
Frá Vík í Mýrdal:
„Vantar eina ljósmóður í héraðið“. — Héraðslæknir“.
Héraðslæknir Ólafsvíkurhéraðs svarar þannig:
„Út af fyrirspurn yðar viðvíkjandi því, hvort öll yfirsetukvennaumdæmi í Ólafsvíkurhéraði séu skipuð ljósmæðrum, skal yður hér með tjáð, að sem stendur er eitt óskipað, og líklegt að annað losni á komandi vori. — p. t. Alþingi, 29. jan. 1930. H. Steinsson“.
Frá Brekku á Barðaströnd er svarað:
„Eina ljósmóður vantar í Reykhólahérað. — Héraðslæknirinn“.
Frá Kópaskeri:
„Ef núverandi lærlingar koma úr skóla, nógar ljósmæður“. — Héraðslæknir“.
Héraðslæknir Sauðárkrókshéraðs svarar þannig:
„Eins og stendur er ekkert ljósmóðurumdæmi óskipað í Sauðárkrókshéraði. En í einu ljósmóðurumdæmi héraðsins gegnir ennþá ljósmóðir, sem strangt tekið ekki er til þess fær, vegna aldurs og lasleika. Má telja til þess þær orsakir, að þessi aldraða ljósmóðir nýtur trausts og að ekki hefir hin síðustu 2 árin fengizt nein álitleg kona til að læra ljósmóðurfræði og setjast þar að. — Alþingi, 30. jan. 1930. Jónas Kristjánsson“.

Þetta eru nú plöggin, sem fjhn. hefir fram að leggja, og ég verð að telja þau sterkar sannanir fyrir okkar málsstað. Engir vita betur um þetta en héraðslæknarnir, en samkv. skýrslu þeirra vantar 31 ljósmóður. Þó er það ekki talið með, að í vor verða nokkur umdæmi laus og vandkvæði talin á að fá yfirsetukonur í þau. Þessar sannanir eru svo sterkar, að þær hljóta að taka af allan vafa um, að það er rétt, sem haldið hefir verið fram á undanförnum þingum, að 30 ljósmæður vantar í landinu. Það er býsna undarlegt, að einmitt í kjördæmi hæstv. ráðh. skuli ljósmæðraskorturinn gera mest vart við sig. En hæstv. ráðh. fullyrðir engu að síður, að ekki vanti margar ljósmæður.

Ég ætla að lesa upp skeytið frá héraðslæknunum á Siglufirði, af því að það er sérstaklega eftirtektarvert fyrir hæstv. ráðh. og hans flokk. Það hljóðar svona:
„Síðastliðnu ári fæddust hér samtals 55 börn, tala fæddra hér í Siglufirði hefir aldrei náð 60 stop Að vísu mjög erfið ferðalög á úlfsdali og í Héðinsfjörð stop en sú venja mun vera að komast á að vanfærar konur láti flytja sig af þessum útkjálkum til kaupstaðarins þá er þeim þykir hæfilegt og næst í góð veður og ala svo börn sín hér þar sem hægurinn er hjá að ná í flýti bæði yfirsetukonu og lækni stop Hér eru 2 vinnandi læknar og hefir það eitt sinn komið fyrir að yfirsetukonur og læknarnir báðir hvert um sig hafa orðið að sitja yfir fæðingu sömu nóttina stop en slíkt er undantekning stop Álít því í bili óþarft að bæta við annari ljósmóður“. — (**Fjmrh.**: Hvað kemur þetta laununum við?). Það kemur afstöðu hæstv. ráðh. við. Konurnar í sveitinni verða að flytja á mölina og fæða börn sín innan um kaupstaðarlýðinn. Það gæti farið svo, að þau ílengdust þar, og það hélt ég að hæstv. ráðh. og hans flokkur vildi fyrirbyggja. Það má því segja, að laun ljósmæðranna fari að hafa meiri þýðingu en maður bjóst við í fyrstu, þar sem þau eru eitt af þeim atriðum, sem verða til þess, að fólkinu fjölgar í kaupstöðum, en fækkar að sama skapi í sveitunum. Þetta ætti hæstv. ráðh. að athuga og hverfa frá villu síns vegar í þessu máli, fylgja till. fjhn., en draga til baka frv. það, sem hann flytur sjálfur.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það var hv. þm. Snæf., sem leiddi þetta mál út af þeirri braut, sem það var á. Hann talaði um, að nauðsynlegt væri, að ljósmæður

væru jafnframt hjúkrunarkonur. Hér fer hv. þm. út í allt annað mál. Launauppbótin er ekki miðuð við annað starf en ljósmóðurstarfið, svo að það yrði að bæta því inn í frv., að þær væru jafnframt skyldugar til að vera hjúkrunarkonur. Það er áreiðanlega þess vert, að því sé sinnt, að hjúkrunarkonur séu til í sveitum, en ég er ekki viss um, að hentugt sé, að ljósmæðurnar séu hjúkrunarkonur um leið. Það kemur ekki til mála, ef það er rétt, sem hv. þm. heldur fram, að ljósmæðrastarfið sé svo mjög erfitt og umfangsmikið. Auk þess er reynsla fyrir því, að giftar konur í sveit geta verið ljósmæður, en þær gætu ómögulega verið hvorttveggja. Þetta atriði liggur því fyrir utan það mál, sem við erum nú að ræða.

Þá talaði hv. þm. um, að það mundi verða lengdur námstími ljósmæðra, þegar landsspítalinn væri tekinn til starfa. Ég býst við, að þetta sé rétt. En hv. þm. talaði um þetta alveg eins og það væri fastur ásetningur okkar hinna að vilja alls ekkert gera fyrir ljósmæðurnar. Hv. þm. veit, að við viljum hækka laun þeirra, og það til muna.

Hv. frsm. n. sagði, að það væru takmörk fyrir því, hvað mikið þeir gætu fallizt á, að væri klipið af þeirra kröfum. En ég veit ekki til, að þeir hafi nokkurntíma gefið afslátt af kröfum sínum. Aftur á móti höfum við hinir gengið töluvert lengra til samkomulags en við töldum upphaflega rétt. En þeir hafa aldrei viljað taka sönsum í þessu máli.

Hv. frsm. þótti ákvæðið um hámark ljósmæðra í kaupstöðum vera meinloka. Hv. frsm. ætti þá að lagfæra þá meinloku, en eins og þetta er í frv., gerir það hvorki til né frá um launahámarkið. Ljósmæðurnar fá hvorki meiri né minni laun, þó að ákvæðið verði að lögum. Hv. frsm. talaði um, að fyrir lægju kröfur frá oddvitum um að hækka ljósmæðralaunin, og einnig frá bændum og auðvitað ljósmæðrunum sjálfum. Í sambandi við þetta las hv. frsm. upp undirskriftaskjal úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og bréf frá oddvita í Norður-Ísafjarðarsýslu. En Norður-Ísfirðingar vilja ekki einu sinni leggja það á sig að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót á þann hluta launanna, sem sýslusjóður greiðir, svo að þeim ferst ekki að tala. Þeir heimta og heimta af öðrum, en vilja sjálfir ekkert á sig leggja. Það er sannað, að aðeins mjög fáar sýslur landsins greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót. Það ber ekki vott um, að þeir telji þörf á launahækkun, til að geta yfirleitt fengið konu til að gegna því starfi.

Hv. frsm. gerði gys að því, að ég taldi rétt að hafa sem mest samræmi í launakjörum embættismanna. Í því sambandi nefndi hv. frsm. hreppstjóra og laun þeirra. Ég hefi ekki haldið hreppstjórunum neitt sérstaklega fram; það hefir hv. frsm. sjálfur gert. En ég vil benda á barnakennarana. Þeir fá minni laun en ljósmæðurnar. Þó kosta þeir miklu meiru til náms síns en þær, og starf þeirra tekur samfleytt hálft ár, en starf ljósmæðranna tekur mjög lítinn tíma, eins og ég hefi áður sagt hér í þinginu og ekki hefir verið hrakið.

Hv. frsm. virtist ætla að bjarga sínum málstað með því að gefa í skyn, að ríkissjóður mundi greiða mörgum dauðum ljósmæðrum laun. En hv. frsm. getur verið óhræddur. Í því efni er áreiðanlega ekkert að óttast.

Það var töluvert broslegt, sem hv. frsm. sagði um börnin, sem fæddust á mölinni. Tilefnið var það, að símskeyti kom frá héraðslækninum á Siglufirði, þar sem talað er um, að konur frá þeim bæjum, sem afskekktastir eru, flytji sig til Siglufjarðar og ali börn sín þar. Mér dettur ekki í hug að rengja þetta. En hv. þm. er líklega ekki kunnugur þarna norður frá og veit sennilega ekki, hvernig umdæminu er varið. Héðinsfjörður heyrir til umdæmisins. Á veturna er ekki hægt að hafa neinar samgöngur við Héðinsfjörð, nema þegar gott er í sjó. Heldur nú hv. þm. því fram í alvöru, að ef laun ljósmæðranna verða hækkuð, þá séu þessir erfiðleikar burtu numdir? Ef hv. þm. gerir það ekki, er skeytið frá héraðslækninum á Siglufirði engin röksemd í þessu máli. Ég veit, að það á sér alloft stað, að konur flytja frá heimilum sínum til að vera í nánd við lækni, þegar þær ala barn, en það stendur ekki í neinu sambandi við það, hvort yfirsetukona er í héraðinu eða ekki, eða hvort hún hefir mikil eða lítil laun. Ég mundi aldrei vilja draga úr því,

að kona flytti þangað, sem hún er í meira öryggi, ef um barnsburð er að ræða.

Hv. frsm. las upp mikinn sæg af símskeytum til þess að sanna þá fullyrðingu sína á undanförnum þingum, að yfir 30 ljósmóðurumdæmi væru laus og að ekki væri hægt að fá ljósmæður í þau. Það er þakkarvert, að hv. þm. skyldi gera ofurlitla tilraun til þess að færa fram eitthvað máli sínu til sönnunar. En hv. þm. vaknaði ekki til meðvitundar um þá skyldu sína fyrr en ég bryndi hann til þess við 1. umr. þessa máls hér í hv. d.

En ég verð nú að telja, að réttir aðilar til að gefa skýrslur um þetta mál séu sýslumenn landsins, sem greiða út ljósmóðurlaunin. Efast ég ekki um, að þeir fari með rétt mál í skýrslum sínum. Í janúarmánuði síðastl. sendi ég sýslumönnum landsins svo hljóðandi skeyti:

„Vantar ljósmæður í umdæmi yðar ef svo er hve margar stop er ástæðan að ekki sé hægt að fá þær eða telja hlutaðeigendur þörfina ekki aðkallandi stop Greiðir sýslusjóður dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna símsvar“.

Eins og menn sjá, er hér spurt miklu nánar en gert er í skeyti hv. n. til héraðslæknanna; og þar sem hv. frsm. hefir nú lesið upp allt sitt skeytasafn, þá ætla ég einnig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp svör sýslumanna, og byrja á Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þau hljóða svo:

„Ljósmóður vantar eigi sem stendur í neitt yfirsetukonuumdæmi lögsagnarumdæmi stop dýrtíðaruppbót greidd af launum en ekki af eftirlaunum“.

Frá Borgarnesi:

„Hér vantar hvergi ljósmóður sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót“.

Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu:

„Ljósmæður vantar í tvö umdæmi sýslunnar, Miklaholtshrepp og Fróðárhrepp ljósmæður nágrannaumdæmi gegnt síðustu árin enda umdæmin fremur smá og mannfá og ljósmæður ekki fengizt þriðja umdæmið Eyrarsveit losnar júní sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót“.

Frá Dalasýslu:

„Vantar ekki ljósmæður sýslusjóður greiðir enga dýrtíðaruppbót“.

Frá Barðastrandarsýslu:

„Í vestursýslunni óskipað í 2 ljósmóðurstöður en gamlar ljósmæður settar báðum stöðum öðrum staðnum dó ljósmóðirin en hin fór frá vegna ósamkomulags við lækni geri ekki ráð fyrir erfiðleikum á að fá ljósmæður áfram austursýslunni vantar ljósmæður í minnsta hreppinn er þjónað af ljósmóður næsta hrepps með fullum launum hreppurinn óskar eftir sérstakri ljósmóður en geri ráð fyrir að ekki verði unnt að fá hana nema með því að láta innanhreppsstúlku læra stop sýslusjóður greiðir dýrtíðaruppbót að sínum hluta“.

Frá Ísafjarðarsýslu:

„Þrjár ljósmæður vantar umdæminu stop stöðurnar auglýstar engin sótt um stop Sýslusjóðirnir hafa ekki greitt dýrtíðaruppbót nema norðursýslan aðeins fardagaárið 1928—1929“.

Frá Strandasýslu:

„Ljósmóður vantar í 1 umdæmi jafnvel 2 stop þörfin aðkallandi í fyrra fallinu sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót að sínum hluta launa“.

Frá Blönduósi:

„Vantar ljósmæður 2 umdæmi ekki fáanlegar en þörf sýslusjóður greiðir ljósmæðrum enga dýrtíðaruppbót“.

Frá Skagafjarðarsýslu:

„Yfirsetukonur eru í öllum yfirsetukonuumdæmum sýslunnar nýbakaðar í þremur þeirra sýslusjóður greiðir enga dýrtíðaruppbót“.

Frá Eyjafjarðarsýslu:

„Ljósmæður vantar í 2 umdæmi af 12 auk þess 3 sagt upp frá 1 júlí stop Líklega erfitt fá ljósmæður í öll umdæmin, má láta næstu ljósmæður þjóna nokkru leyti. Teldi heppilegast skipta sýslunni upp fækka ljósmæðraumdæmum vegna stórkostlega bættra samgangna en bæta launakjör að sama skapi stop sýslusjóður greiðir dýrtíðaruppbót sinn hluta launanna“.

Frá Þingeyjarsýslu:

„Veit ekki til að ljósmæður vanti hér í sýslu sem stendur en aðaldalur losnar í vor stop sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót“.

Frá Norður-Múlasýslu:

„Í öllum ljósmóðurumdæmum Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar eru ljósmæður sumar gamlar engin beiðni komið til mín um útvegun ljós-

móður úr sýslunni eða kaupstaðnum sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna".

Frá Suður-Múlasýslu:

„Yfirsetukonur vantar sem stendur í tvö umdæmi hér í sýslunni annað umdæmið veitt frá næstu fardögum erfitt fá yfirsetukonur í hin fámennari umdæmi borið við launin séu of lág sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót á þeim hluta launanna".

Frá Skaftafellssýslum:

„Hér hefir ekki vantað ljósmæður fyrr en frá næstu fardögum vantar í einn hrepp verður væntanlega auglýst stop Sýslusjóðir Skaftafellssýslna greiða ekki dýrtíðaruppbót".

Úr Rangárvallasýslu:

„Ljósmæður vantar engar umdæminu Sýslusjóður greiðir ekki dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna".

Úr Árnessýslu:

„Ljósmæður vantar Þingvallahreppi og Villingaholt, fæst ekki fyrra, en námsstúlka síðara; dýrtíðaruppbót greidd".

Ég sé svo ekki ástæðu til að gera neinar sérstakar ályktanir út af þessum símskeytum. Þau eru alveg greinileg. Og ég held fast við það, að sýslumennirnir hafi skýrt alveg rétt frá ástandinu.

Guðmundur Ólafsson: Ég verð að segja, að mér finnst lítið hægt að setja út á lestur hvorki hæstv. fjmrh. né hv. frsm. — Þeir lesa vel, að mínu áliti. En gallinn er, að þeim ber heldur illa saman í því, sem þeir lesa. Hæstv. ráðh. hefir fengið það út með því að spyrja sýslumennina, að það vanti yfirsetukonur í 14 umdæmi. En hv. frsm. las bréf frá læknunum, og samkv. hans lestri skildist mér vanta í 29 umdæmi. Síðan bætti hann við, að ekki væru tekin með þau umdæmi, þar sem yfirsetukonu mundi vanta í sumar eða einhverntíma seinna. Ekki sagðist hann heldur taka með stúlkur, sem eru nú að læra ljósmóðurfræði fyrir einstök héruð. Að þessu leyti var mun loðnari lesturinn hjá hv. frsm. en hæstv. fjmrh.

Hv. frsm. er manna lagnastur á að gera að gamni sínu í ræðum, og hirðir ekki um það, þótt hann segi meira en málinu kemur við. En ég verð að segja, að hann hefir sjaldan verið skemmtilegri en nú; ég býst við, að hv. þdm. hafi helzt fengið það út úr ræðu hans, að aðalinnflutningur fólks í kaupstaði fælist í því, að konur flyttu á mölina til þess að fæða börnin. Vöxtur Siglufjarðar væri a. m. k. þannig til kominn. Hv. þm. sagði, að hvorki barn né kona færi til baka. Mér þykir nú ekki ólíklegt, að ástæður verði teknar til greina frá þeim mönnum, sem hafa vit og hugkvæmni til að bera fram sem rök annað eins og þetta!

Ég slæ því föstu, að hv. frsm. hafi hreint ekki lesið upp fleiri en 29—30 umdæmi, sem vantar í yfirsetukonur. En það ber hvorki saman við það, sem hæstv. ráðh. las upp frá sýslumönnunum, og ekki heldur það, sem hv. þm. Snæf. sagði. Ég skrifaði hjá mér þau orð hans, að í fyrra hefði vantað 30. (**HSteins:** Rétt). En nú vantaði miklu fleiri. (**HSteins:** Sízt færri, sagði ég). En svo kórónaði hv. frsm. það, þegar hann fór að fræða hv. deild um það, hvað læknarnir segðu. Hann las sem sé upp bréf frá læknunum í hv. deild, sem allir vita hvort eru sæmilega óhlutdrægir í þessu máli. Annar þeirra hefir nú draslast með þessa launahækkun yfirsetukvenna í 4—5 þing. (**HSteins:** Af eintómri hlutdrægni!). Ekki hefi ég nú sagt það; en því dettur hv. þm. þetta í hug? En ég hygg, að allir geti séð, hvort er meira virði, að fá bréf frá læknunum í hv. deild, sem allir vita, hvaða skoðun hafa á málinu, eða frá ýmsum öðrum læknum úti í frá. Hv. n. hefir þótt hæg heimatökin, en hinsvegar hafði hún kappnógan tíma til að leita fyrir sér víðar á sama hátt.

Hv. frsm. var að sneiða að mér og öðrum bændum í hv. deild, og kvað lítið að marka, hvað við segðum um skoðun stéttarbræðra okkar. Sé þetta nú svo, þá má a. m. k. slá því föstu, að minna sé að marka það, sem hann segir um það stundum, hvernig hagar til í sveit. Annars var þetta eitt af því skemmtilega í ræðu hv. þm., sem enginn lifandi maður tók alvarlega.

Þá sagði hv. þm., að því hefði verið haldið fram, að þessi krafa frá yfirsetukonum hefði komið samkv. bréflegri pöntun, en vildi bera það til baka. Ég held ég verði þá að segja sögu af yfirsetukonu þeirri, sem næst mér er, enda

þótt ég hefi sagt fyrri hluta hennar fyrr. Til að byrja með var hún mjög ánægð með sín laun. En nú er hún orðin það svæsin og hörð í launakröfum, að hún gæti hvað það snertir vel átt heima hér í Reykjavík! Nú þykja henni launin allt of lítil. Ég held þetta bendi fremur á það, að einhversstaðar að hafi hún fengið hvatningu.

Það er nú naumast að furða, þótt erfitt sé að upplýsa flókin mál, þegar ekki er hægt að vita, hvað margar yfirsetukonur starfa á landinu. Um það hefir ekkert upplýstst til fullnustu. En þó er komið svo langt, að það er það harðasta að segja, að nú vanti mikið yfir 30.

Ég býst við, að sumir vilji líta svo á, að við séum á móti þessu máli af einhverri stífni í garð yfirsetukvenna. En ég get fullvissað hvern sem er um það, að mér er alveg eins vel við yfirsetukonur og annað fólk, en álít bara, að þeirra laun séu ekki lakari en ýmissa annara starfsmanna, — og til muna betri, ef frv. hæstv. fjmrh. verður samþ. En það er ekki vafasamt, að ef brtt. hv. n. ganga fram, dregur það ýmsa á eftir. Þeir eru reyndar á hælunum á yfirsetukonunum, barnakennararnir; og ég álít þeirra kröfur á mun meiri rökum byggðar.

Hv. þm. Snæf. stakk upp á því, að láta yfirsetukonur hafa á hendi hjúkrunarstarfsemi. Á móti því er ekkert sérstakt að segja nema það, sem hæstv. fjmrh. tók réttilega fram, að vel getur staðið svo á, að einhver sé veikur og þurfi hjúkrunar við, þegar kona þarf að ala barn. Hv. þm. virtist þykja verkahringur yfirsetukvenna helzt til þröngur, þegar launin verða bætt. Og hann tók fram um leið, að námstiminn gæti orðið dýrari og lengri, þegar landsspítalinn tæki til starfa. En af hverju þarf að hækka launin fyrr en kostnaður við námið hefir aukizt? Liggur nokkuð á því fyrr?

Ég verð að segja, að hér væri mikið nauðsynjamál á ferðinni, ef maður mætti beinlínis miða það við áhuga þeirra manna, sem berjast fyrir því þing eftir þing. Ég hygg, að í engu máli hafi menn verið eins þrautseigir; og ég samgleðst þeim, sem hafa fylgt því svona dyggilega, ef þeir hafa ekki fengið einhverja hvatningu frá öðrum. Því að það hygg ég, að þeir geti ekki réttlætt, að ljósmæður séu sá flokkur starfsmanna, sem hefir mesta þörf fyrir launahækkun. Og þeir, sem vilja af brjóstgæðum leggja þeim lið, sem eru minni máttar, þeir ættu sannarlega að sjá fleiri starfsmenn en yfirsetukonurnar. Hv. frsm. er enginn jafnaðarmaður hvað þetta snertir.

Mér þótti rétt að segja þessi fáu orð hér í hv. deild, af því að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur; en skoðanir okkar fara saman að öðru leyti en því, að hann er líklega eitthvað betri maður en ég. Því að ég hefði verið óskaplega rólegur, þó að ekkert frv. um launahækkun hjá yfirsetukonum hefði komið fram á þessu þingi.

Halldór Steinsson: Hæstv. fjmrh. byrjað sína fyrri ræðu með því að segja, að hann hefði nú komið ósköp vel fram í þessu máli, þar sem hann hefði viljað fara samkomulagsleiðina með því að flytja frv., sem hér liggur fyrir. En það samkomulag, að bjóða hv. d. upp á þær till., sem felldar voru á síðasta þingi! Sér er nú hver viðleitnin til samkomulags! Það er síður en svo, að hæstv. fjmrh. hafi verið mjúkur í þessu máli. Ég get ekki betur séð en að hann hefi verið aðalmótstöðumaður þess í hv. deild.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að hjúkrunarstarfsemi kæmi ekki þessu máli við, af því að þetta frv. gerði ekki ráð fyrir þeirri starfsemi. Mikið rétt. Það stendur ekki enn sem komið er í þessu frv., að ljósmæður skuli hafa hjúkrunarstarfsemi með höndum; en öðru eins mætti breyta í nefnd, og er þá það atriði vissulega launamálinu viðkomandi.

Þá þótti hæstv. ráðh. ekki hentugt, að ljósmæður hefðu hjúkrunarstarfsemi jafnhliða. Ég álít það gagnstæða, — að sú hjúkrunarstarfsemi gæti farið fram víðast samhliða. Auðvitað ekki í kaupstöðum eða stórum kauptúnum, því að þar hafa ljósmæður venjulega nægilegt að gera. Og þó að svo kunni að fara, að ljósmóðirin verði stundum forfölluð frá hjúkrunarstörfum, þegar þörf er á hjúkrun, mundi yfir höfuð verða mikið gagn að henni eigi að síður. Ég tók það fram, að héruðin mundu þó ekki með þessu fá fullkomna hjúkrunarstarfsemi,

en hjúkrunarstarfsemi, sem væri til bóta þangað til betur yrði úr bætt. Þessu gekk hæstv. ráðh. alveg framhjá. Ennfremur sagði hann, að þá mundu giftar konur ekki geta orðið ljósmæður. Ég skal ekki segja um það. Þær gætu það ef til vill í fámennustu umdæmunum, en ekki þeim fjölmennari. En annars álít ég, að ekki sé skaði skeður, þótt ljósmæður séu yfirleitt ekki giftar.

Hæstv. ráðh. fór að tala um kjör annara starfsmanna þjóðfélagsins í sambandi við ljósmæðurnar, og kvað hann margar stéttir verr launaðar, t. d. barnakennara. En hvílík fjarstæða! Hér liggur fyrir frv. frá hv. Nd. um laun barnakennara. Þar er farið fram á 500 kr. laun, auk þess sem þeir hafa fæði, húsnæði, ljós og hita í 6 mánuði, og hefir verið reiknað 450 kr. eða rúmlega það. Eru þá laun barnakennara um 1 þús. kr. hálft árið, og aðgætandi er, að þeir hafa svo betri helming ársins frjálsan til annarar atvinnu. Hafi þeir jafnmikið kaup þann tímann eins og yfir veturinn, er kaupið þá um 2 þús. kr. yfir árið? Hvaða ljósmóðir á landinu hefir þau laun? Samanburður á þessu nær ekki nokkurri átt.

Þegar hæstv. ráðh. fór að tala um skýrslur og símskeyti, sagði hann, að sér dytti ekki í hug að véfengja skýrslur læknanna. (**Fjmrh**: Ég hefi aldrei sagt það um skýrslur læknanna). Jú, hæstv. ráðh. sagði það í byrjun, en svo endaði hann með því að segja, að hann yrði að taka frekar gild vottorð sýslumannanna; m. ö. o.: hann slær föstu, að leggja ekkert upp úr símskeytum læknanna. Ég ætla ekki að þrátta við hæstv. ráðh. um þetta, en ég vona, að hv. þdm. skilji yfirleitt, að héraðslæknar eru kunnugri hver sínu læknishéraði heldur en sýslumenn í allri sýslunni. (**Fjmrh.**: Borga þeir ekki launin?). Ég véfengi ekki skýrslurnar, en þeir eru yfirleitt ekki eins kunnugir þessu eins og héraðslæknarnir. (**Fjmrh.**: Þeir borga launin). Það getur verið, að margar konur hafi sagt upp eftir að launin voru borguð.

Þá kem ég að hv. þm. A.-Húnv. Ég er satt að segja óvanur, að hann reiðist yfir sig, eins og hann virtist nú gera í hv. deild. Hann kvað það einkennilegt, að þessi n. hefði farið að óska eftir bréfi frá læknum þessarar hv. deildar — læknum þingsins, sem vitanlega væru hlutdrægir í málinu. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur látið sér þessi orð um munn fara. Fyrst og fremst hefir hann engan rétt til að segja, hvorki að ég né nokkur annar læknir þingsins sýni hlutdrægni. (**GÓ**: Ég sagði það ekki). Hv. þm. sagði það, en hann hefir máske ekki ætlað að segja svo mikið. Hvað lá nær, þegar n. sendi öllum héraðslæknum landsins símskeyti og bað um svör við spurningum, heldur en að taka með þessa tvo lækna á þingi? Varðaði hana ekkert um álit þeirra? Ég skil ekki hugsanagang hv. þm. A.-Húnv. Og ég held hv. þm. ætti ekki að tala um hlutdrægni í þessu máli, en minnast þess úrskurðar, sem gefinn var hér á síðasta þingi. Það er bezt að láta alla hlutdrægni hvíla.

Hv. sami þm. fór að minnast á hjúkrunarstarfsemina í sambandi við þetta mál. Ég læt nægja að vísa í svar mitt um þetta til hæstv. ráðh. Annars er svo að sjá, að forsvarsmenn andstæðinga þessa máls séu komnir í rökþrot og hafi ekki annað á borð að bera en hártoganir og útúrsnúninga.

Guðmundur Ólafsson: Ég hélt ég þyrfti ekki að ómaka mig úr forsetastól aftur við þessa umr., en hæstv. þm. Snæf. — (**HSteins**: Bara háttvirtur). Jæja, hann hefir þá áður verið hæstvirtur. Hann sagði, að ég hefði verið yfir mig reiður, þegar ég talaði hér áðan. Mér þykir það ekki undarlegt, þó að leikmenn séu glámskyggnir á það, í hvaða hugarástandi menn eru, þegar hann, læknirinn, telur mig hafa verið yfir mig reiðan hér í dag. Ég vitna aðeins til hv. deildar um það, hvort hún yfirleitt sá nokkur reiðimerki á mér. Svo vitnaði hann í það, að ég vildi ekki láta leita til lækna í hv. deild, af því að þeir væru hlutdrægir. Ég held, að ég hafi ekki sagt það; en ég sagði, að okkur væri kunn þeirra skoðun. En hvað úrskurði snertir, efast ég um, að hans hafi staðizt betur en mínir. Og úrskurð minn í þessu máli í fyrra býst ég við, að flestir, sem vita hafa á, telji réttan. Nú heldur víst þessi hv. þm., að ég sé reiður, er ekki svo? (**HSteins**: Nei, nei). Ég held þá, að það hafi aldrei

sézt á á mér reiðimerki í dag fyrr en ef það væri nú. Ég verð að segja, að hv. þm. stendur ekki hátt sem læknir í því að sjá, í hvaða sálarástandi maðurinn er, sem talar við hann. Ég ímynda mér, að hann hafi lakara vit á, hvað okkur karlmönnunum líður heldur en yfirsetukonunum.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er tvennt, sem ég vil svara hæstv. ráðh. Hann las upp símskeyti frá sýslumönnunum. Þar á móti hafði ég símskeyti læknanna, og eftir þeim vantar 31 ljósmóður nú eða í vor, en ekki 29. Samkv. skeytum sýslumanna vantar 9—10 algerlega, en í hinum 4—5 umdæmunum vantar ljósmæður að vísu, en þeim er þjónað af öðrum. Svo að skýrslur þessar stangast mjög greinilega. En það verður maður að ímynda sér, að læknarnir geti betur sagt frá; umdæmi þeirra eru minni og þeir hljóta að vera kunnugri þessu máli en sýslumennirnir.

Annað viðvíkjandi skeytum sýslumanna er dýrtíðaruppbótin. Í Norður-Ísafjarðarsýslu kvað hæstv. ráðh. enga dýrtíðaruppbót greidda og fór þar eftir skeyti sýslumanns. En ég hefi hér í höndum bréf frá sýslunefndarmanni í þeirri sýslu, dags. 14. des. 1929. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skal geta þess, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir notað sér heimildarlög þau, er fyrirskipa að greiða ljósmæðrum sýslunnar dýrtíðaruppbót af fastalaunum þeirra".

Þar sem þetta bréf er skrifað síðast á árinu, þá lítur svo út, að greidd sé dýrtíðaruppbót, þvert á móti því, sem sýslumaður segir. Svo að það berast úr ýmsum áttum talsverðar brigður á það, sem sýslumenn halda fram.

Ég held, að nokkuð svipað megi segja úr kjördæmi hæstv. ráðh. um vöntun á ljósmæðrum. Því til sönnunar vil ég lesa kafla úr bréfi frá ljósmóður í Eyjafjarðarsýslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Eyjafjarðarsýslu eru fyrir víst þessi umdæmi laus: Svarfaðardalur allur — hann er tvö umdæmi — og Saurbæjarhreppur í Eyjafirði. — Ljósmóðirin í Saurbæjarhreppi er nýlega dáin, en ljósmæðurnar í Svarfaðardal hafa fyrir nokkru sagt af sér, líklega vegna þess, að þær treystu sér ekki til að halda áfram, er þær giftu sig; launin eru ekki svo há, að hægt sé að fæða og gjalda kaup með þeim handa almennilegri stúlku; en það er þó hverri giftri ljósmóður nauðsynlegt að hafa.

Umdæmi Arnarneshrepps er laust í vor, engin að læra fyrir hann".

Þarna er þá eitt sönnunargagnið enn um nauðsynina á að bæta launakjör ljósmæðra, því að ekki er það meining hæstv. stj. að banna ljósmæðrum að gifta sig.

Þá er því bætt við sem aths. á bréfsröndina, að í vor verði ljósmóðurstarfið í Arnarneshreppi laust, og engin að læra. Lítur því út fyrir, að þeim umdæmum fjölgi enn, sem vantar ljósmæður.

Svo var það þetta, sem hæstv. fjmrh. sagði, að launin væru alstaðar greidd, og þykir mér sú staðhæfing koma kynlega fyrir sjónir. Þegar sannanlegt er, að nú sem stendur vantar ljósmæður í 31 umdæmi, hvernig getur þá staðið á því, að ríkisstj. greiðir laun vegna þeirra héraða eða umdæma, sem enga ljósmóður hafa? Þetta finnst mér, að hæstv. fjmrh. ætti að rannsaka betur í gegnum sýslumennina.

Hæstv. fjmrh. sneri út úr umsögn þeirri, er ég las upp úr símskeytinu frá Siglufirði. Hann fór að lýsa landslaginu þar norður frá, sem ég efast ekki um, að hann er kunnugur, og þeim erfiðleikum, sem það er bundið að ferðast frá Héðinsfirði til Siglufjarðar, og spurði, hvort landslagið eða veðuráttan mundi breytast til hins betra, ef brtt. n. yrðu samþ. Nei, veðurátta og landslag munu ekki breytast. Fjöllin verða hin sömu og snjóþyngslin eins á þessum slóðum. En með bættum launakjörum mætti gera ráð fyrir, að ljósmæður settist að í Héðinsfirði, og yrði þá útlitið annað að því leyti, að konur úr sveit þyrftu þá ekki að flytja til kaupstaðanna til þess að ala börn sín. Ef fólkið flykkist til kaupstaðanna, sama af hvaða ástæðum það er, þá verða færri til þess að vinna að ræktun sveitanna. En það, sem gert er til þess að tryggja fólkið í sveitunum, má segja um, að það breyti útliti landsins, þó það leggi ekki vegi yfir fjöll eða breyti veðráttu.

Hæstv. fjmrh. var í klípu út af sím-

skeytum læknanna, sem ég las upp, þó að hann vildi ekki beinlínis véfengja þau. En hann sagði, að sú hlið, sem að sér vissi, væru launakjörin, og skaut sér undir símskeyti sýslumannanna, af því að þeir greiddu launin. En eins og ég hefi margsinnis bent á, er hér ekki síður um heilbrigðismál að ræða, og frá því sjónarmiði líta læknarnir á það. Hæstv. fjmrh. hefði því átt að svara fyrir embættisbróður sinn, hæstv. dómsmrh., sem er æðsti maður í heilbrigðismálum þjóðarinnar, en getur ekki mætt í þingi sem stendur.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hæstv. forseta. Flestu, sem nokkru máli skipti í ræðu hans, var svarað af hv. þm. Snæf., enda beindi hæstv. forseti skeytum sínum aðallega til þm. Snæf., þó að hann reyndi að láta mig njóta góðs af því um leið. Hæstv. forseta hefir stundum tekizt betur, þegar hann hefir verið að skemmta þdm. Að þessu sinni var ræða hans að vísu skemmtileg á köflum, en minna fannst mér um rökin.

Það þýðir eflaust ekki að halda uppi frekari umr. um þetta mál. Hv. þdm. munu þegar ákveðnir að greiða atkv. um málið. Þó mun ég ekki skorast undan að rökræða málið enn um stund, ef þess verður óskað.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. þm. Snæf. endaði sína síðustu ræðu með þeim orðum, að við, sem fylgdum frv. óbreyttu, hefðum ekki nema hártoganir og útúrsnúninga fram að bera. Þegar menn komast í rakaþrot, þá er jafnan gripið til slíkra slagorða. Ræða hv. þm. Snæf. var í mesta máta ósanngjörn. Hann segir, að ég hafi verið aðalmótstöðumaður þess, að bæta launakjör yfirsetukvenna, og þetta leyfir hann sér að segja um leið og verið er að ræða frv., sem ég hefi borið fram til þess að bæta þessi launakjör til stórra muna. Og þetta segir sá maður, sem í þessu máli hefir aldrei viljað sveigja neitt til samvinnu, en jafnan sett kröfurnar svo hátt, að þær náðu engri átt. Hv. þm. drap enn á þessa firru sína, að yfirsetukonur ættu jafnhliða starfi sínu að hafa hjúkrunarstörf með höndum í umdæmum sínum, Hann heldur, að hann geti úr flokki talað um þetta efni, þar sem hann er læknir. En hvers vegna hefir hann ekki tekið þetta upp í þau frv., sem hann hefir borið fram til þess að bæta launakjör yfirsetukvenna? Hann hefir talað um það áður, að starf ljósmæðra í sveitum væri svo mikið, að þær mættu ekki öðru sinna, en nú vill hann bæta þessu við, sem telja verður, að geti orðið umfangsmikið starf í sumum tilfellum. En þó að læknir segi þetta, mundi ég ekki vilja sækja þá ljósmóður til sængurkonu, sem vitað væri um, að er að stunda sjúkling, sem haldinn er af mjög næmri veiki og smitandi. Og ég geri ráð fyrir, að það yrðu fleiri en ég, sem skoða mundu huga sinn um það.

Við höfum ekki viljað banna ljósmæðrum að giftast, en það vill hv. þm. Snæf. gera með því að leggja á þær hjúkrunarstörf jafnhliða. Þá var hann að bera saman laun barnakennara og yfirsetukvenna og fannst mikið ósamræmi þar á milli. En það veit hv. þm., að þegar talað er um mismunandi laun hinna ýmsu stétta, sem ríkið greiðir, þá verður að athuga, af hverju sá mismunur stafar. Það vita t. d. allir, að núv. hv. þm. Snæf. hefir margfalt hærri laun sem héraðslæknir en ljósmæðurnar í héraði hans, en það getur verið spursmál, hvort það sé hlutfallslega jafnt, miðað við þá vinnu, sem starfinu fylgir. Þarna verður líka að reikna með þann undirbúning og þann tíma, sem til þess fer að gera menn hæfa til starfsins. Það er því engin sönnun, þó að hv. þm. Snæf. segi, að 1000 kr. laun barnakennara séu of há á móts við þau laun, sem yfirsetukonum eru goldin.

Það var heldur ekki rétt hjá honum, að ég vildi ekkert gera úr skeytum læknanna, þó að ég segðist fara eftir því, sem sýslumennirnir segja. En þegar hv. frsm. fullyrðir, að það sé sannað, að það vanti svona margar yfirsetukonur, eins og skeyti héraðslæknanna bera með sér, þá lýsir hann jafnframt yfir því, að allir sýslumenn landsins gefi rangar skýrslur. Á annan veg verða ummæli hans ekki skilin.

Þá var hv. frsm. að gefa í skyn, að líklega mundu allar ljósmæður deyja með tímanum, og fæ ég ekki skilið, að brtt. hans og n. hamli slíku. Það er eins og hann hafi ekki hugmynd um það, að hér

taki við ein kynslóð af annari. Hér er þó starfandi ljósmæðraskóli, og geri ég ráð fyrir, að margar af þeim stúlkum, sem í hann ganga, fari að námi loknu út í þau umdæmi, sem losna. Hitt má vel vera, að þær verði ekki allar starfandi ljósmæður, eða snúi sér að einhverju öðru starfi. Það verða heldur ekki allir prestar, sem læra guðfræði.

Þá vildi hv. frsm. gefa í skyn, að eitthvað mundi bogið við greiðslur til yfirsetukvenna úti um land. Lítur út fyrir, að hann hafi enga hugmynd um, hvernig þær greiðslur fara fram, og mun því ekki af veita að fræða hann þar um. Sýslumennirnir greiða yfirsetukonum launin á manntalsþingum og taka kvittun fyrir. Þær kvittanir eru svo sendar stjórnarráðinu, sem aldrei greiðir neina upphæð nema formlegar kvittanir fylgi.

Þá kom hv. frsm. að þessu spaugilega atriði um Héðinsfjörð, að nú ætti að setja þar yfirsetukonu, en þó er ekki að þessu vikið í frv. eða brtt. hans.

Þá las hann upp glefsur úr bréfi frá ljósmóður í Eyjafjarðarsýslu. Bréf þetta hefi ég ekki séð, en hefi þó ýmislegt við það að athuga og vildi því mælast til, að hv. frsm. lánaði mér það snöggvast. (**JBald**: Guðvelkomið).

Mér skilst, að það sé fært sem ástæða fyrir launahækkuninni, að ein yfirsetukona hefir dáið í Eyjafjarðarsýslu. En ég fæ ekki séð, að brtt. hv. fjhn. komi í veg fyrir það, að yfirsetukonur deyi.

Nú verður ekki séð af þessu bréfi, hver yfirsetukonan er, eða hve lengi hún hefir þjónað. En hv. frsm. hefir hætt lestrinum fullsnemma, og ætla ég því að byrja þar, sem hann hætti:

„Aðeins ein fæðing hefir komið fyrir í mínu umdæmi síðan ég tók við, og auðvitað hafði ég hana". Og svo bætir hún við: „Eina fæðingu hafði ég í Aðalheiðar umdæmi. Tveimur fæðingum tapaði ég". En því miður endar nú bréfið þarna, svo að maður fær ekki frekari skýringar á þessu. En svo er ritað með annari hendi utan á bréfsröndina, að umdæmi Arnarneshrepps muni losna í vor.

Þetta bréf getur verið gott út af fyrir sig, en ég fæ ekki skilið, að það sé þungt á metunum í því máli, sem um er deilt. Þakka ég svo fyrir lánið og skila bréfinu hér með. (**JBald**: Ég skal lána hæstv. ráðh. fleiri gögn. Nóg er til!) Það gæti kannske lífgað upp að lesa fleira af slíku tægi. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í ræðu hv. frsm.

Halldór Steinsson: Ég get verið þakklátur hæstv. forseta, að hann hefir nú tekið aftur þær ásakanir, er mér virtust liggja í orðum hans til læknanna, og læt því úttalað um það.

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hæstv. fjmrh. Hann var að tala um, að ég væri kominn í rökþrot, en hið sama henti hæstv. ráðh. litlu síðar, er hann fór að tala um hjúkrunarstarfsemi ljósmæðra. Ég hefi alltaf sagt, að ég ætlaðist ekki til, að yfirsetukonur hefðu aukastarfsemi þann tíma, sem þær eru hjá sængurkonum. En hitt hefi ég sagt, að á öðrum tíma mundi hjúkrunarstarfsemi þeirra geta komið sér vel víða um land.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég hefði aldrei viljað sveigja til samkomulags í þessu máli. Þegar ég bar frv. fram í upphafi, fór ég fram á talsvert hærri launakröfur. Af þeim kröfum hefi ég smám saman slegið og get nú sætt mig við þær brtt., sem hv. fjhn. hefir borið fram. Þetta kalla ég að sveigja til samkomulags. En hitt er ekki leiðin til samkomulags, að bera nú fram sömu till., sem hv. deild drap í fyrra.

Hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka, að hann vildi ekki sækja þá ljósmóður til sængurkonu, er væri að stunda sjúkling. En ég sé ekkert hættulegt við það. Því vitanlega mundi ljósmóðirin sótthreinsa sig áður en hún færi að hjúkra sængurkonunni.

Hæstv. ráðh. talaði um, að starfstími barnakennara væri ekki sambærilegur við yfirsetukonur. En ég lít svo á, að barnakennararnir, sem fá 1000 kr. laun fyrir 6 mánaða starf, séu margfalt betur settir en ljósmæðurnar, er ekki fá nema 5—600 kr. kaup yfir allt árið.

Annars færði hæstv. fjmrh. engin rök fyrir máli sínu, og sé ég því ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. fjmrh. er ódauðlegur í þessu máli sem öðrum, svo að við hann er ekki hægt að eiga fyrir okkur hina, sem verðum að hætta að tala þegar þingsköp þrjóta.

Ég þarf ekki mörgu að svara síðustu ræðu hans. Hann kom ekki með nein ný rök, heldur þetta sama, sem hann hefir jafnan haldið fram og margbúið er að hrekja fyrir honum.

Hann sagði, að við hv. þm. Snæf. sæjum ekki nema ljósmæður og aftur ljósmæður. En er þetta nokkuð undarlegt? Hér er verið að ræða um ljósmæður, og hæstv. ráðh. sér þær víst engu miður en við.

Þegar hæstv. ráðh. segir, að ég hafi sagt, að skýrslur sýslumannanna væru rangar, þá er að athuga, hvernig ég hefi sagt það. Ef ég hefði sagt, að þær væru vísvitandi rangar, þá væri öðru máli að gegna. Ef sýslumennirnir hafa gefið skýrslurnar í góðri trú, þá er ekkert athugavert við það. En þó geta þær verið rangar, en ekki vísvitandi. Hinu hefi ég haldið fram, að héraðslæknarnir hljóti að vita betur, enda hefir mér fundizt, að enginn hv. þdm. vilji neita því, að læknarnir standi nær að vita um þetta og því sé meira leggjandi upp úr þeirra skýrslum en sýslumannana, auk þess sem skýrslur læknanna eru yngri.

Hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka, að yfirsetukonur mundu deyja, þó að brtt. okkar yrðu samþ. Við þurftum nú ekki að láta hann segja okkur það. En brtt. stuðla að því, að auðveldara verði að fá ljósmæður í stað þeirra, sem falla frá, og það er mergurinn málsins.

Eiginlega einu rökin, sem hæstv. fjmrh. hafði fram að færa, var þetta bréf, sem ég lánaði honum. En ég get lánað honum mörg fleiri skilríki, sem hann hefði eflaust gott af að kynna sér. En viðvíkjandi því, að hann þóttist ekki geta ráðið í það af bréfinu, hvort yfirsetukonan hefði þjónað lengi eða ekki, þá leiðir það af sjálfu sér, að um stuttan starfstíma er að ræða, þar sem bréfritarinn tekur það fram, að ein fæðing hafi komið fyrir í umdæminu síðan hún tók við. Væri aftur á móti um gamla yfirsetukonu að ræða, sem á mörgum árum hefði aðeins haft eina fæðingu í kjördæmi hæstv. ráðh., þá bendir það til, að kjósendum hans mundi fækka, því að eflaust eru þeir sama lögmáli háðir og aðrir menn, að þeir týna tölunni og deyja.

Erlingur Friðjónsson: Hv. þdm. hafa skipzt í tvo andstæða flokka um þetta mál, að mér undanteknum, sem ekki hefi verið talinn ákveðinn. Mætti því ætla, að umr. þær, sem nú hafa orðið hér um málið, hafi einkum átt að hafa áhrif á mig og sannfæra mig. Ef þetta hefir verið hugmyndin, þá vil ég lýsa yfir því, að hvorugur flokkurinn hefir fært fram þau rök, að þau hafi haft áhrif á aðstöðu mína. En fjhn. hefir tekizt að koma fram með till., sem sýna, að hún lítur öðruvísi á málið heldur en ég. Ég get ekki fallizt á þá skoðun, að ljósmæður í umdæmum með 300 íbúa fái jöfn laun og ljósmæður í umdæmum með 1000 íbúa. N. gerir engan greinarmun á þessu, eins og sést á brtt. hennar. Hinsvegar er gert ráð fyrir því í frv., að greitt sé aukalega fyrir hverja 50 menn, sem eru fram yfir 300. Það er ljóst, eigi að greiða launin með tilliti til vinnunnar, að hærri laun á að greiða í 1000 manna umdæmi en 300 manna, því að vitanlega er starfið erfiðara í stærri umdæmum, ef staðhættir eru svipaðir. En þeir geta að vísu verið ólíkir. Það er oft þéttbýlla í fjölmennari héruðunum og ferðalög því hægari. En á þessu er þó ekki hægt að byggja, því að strjálbýli getur verið innan hinna fjölmennu umdæma, og er það líka oft.

Það hefir ekki verið tekið fram, hvorki í frv. né brtt. n., hvað hverri ljósmóður er ætlað. En ég vil láta sjást í Alþt., hver munur er á till. stj. og fjhn.

Stj. leggur til, að launin séu 300 kr. á ári fyrir 300 manna umdæmi, og 140 kr. í viðbót fyrir þá 700 menn, sem þarf til þess að 1000 íbúar séu í umdæminu. Á tíu árum fær ljósmóðirin 100 kr. aldursuppbót. Með dýrtíðaruppbót verða launin þá 756 kr., ef gengið er út frá 40%, eins og hún er nú. Fjhn. gerir ráð fyrir 300 kr. í byrjunarlaun, að viðbættri 200 kr. aldursuppbót á 12 árum + 200 kr. dýrtíðaruppbót. Þetta verða alls 700 kr. En n. gerir engan mun á því, hvort héruðin eru stór eða lítil. Lágmarkslaun eru samkv. till. stj. 300 kr. + 100 kr. aldursuppbót + 100 kr. dýrtíðaruppbót, eða alls 560 kr. Mismunurinn á launum þeim, er n. leggur til, og lægstu launum, sem stungið er upp á í stjfrv., er því 140

kr. Mér virðist stj. hafi valið hyggilegri leið, og mun því fylgja frv. hennar. Ég vil að launin séu í samræmi við stærð og fjölmenni héraðanna. Enda hefir n. að nokkru leyti fallizt á þetta, því að úr því að íbúatalan fer yfir 1000 menn, eiga launin að hækka fyrir hverja 50 íbúa.

Ég læt liggja á milli hluta, hvort þetta séu sæmileg laun eða ekki. Ég er þessum málum ókunnugur, en eftir því, sem borgað er yfirleitt, þykir mér sennilegt, að á 6. hundrað kr. fyrir 300 manna umdæmi sé sæmileg borgun. Ég held, að launakjörin ráði ekki svo miklu um það, hvort ljósmæður fást eða ekki, a. m. k. ekki, þegar ekki ber nema 140 kr. á milli á árslaununum. Héruðin eru mörg, og það hefir hingað til ekki þótt svo óeðlilegt, þótt ljósmóður hafi vantað um tíma í stöku umdæmi. Ég held að ein ástæðan sé sú, að fólk telji ekki svo mikla nauðsyn á lærðum ljósmæðrum. Fram að síðustu 20 árum var víða engin lærð ljósmóðir, og þótt þær væru til, voru þær ekki ætíð sóttar. Þess þótti ekki þörf, og sumstaðar var jafnvel ekki sóttur kvenmaður út af bænum, þótt kona ætti barn. Ég vil því ekki ganga út frá þessari afturför hjá kvenþjóðinni, að þörf sé á í öllum tilfellum að hafa lærðar ljósmæður í afskekktum héruðum, þar sem enn ríkir sá gamli hugsunarháttur, að ólærðu ljósmæðurnar standi þeim lærðu jafnfætis.

Þá vil ég bera saman kjör ljósmæðra og barnakennara, því til stuðnings, að ég greiði hér atkv. með lægri upphæðinni. Það hefir verið minnzt á, að ef frv. um hækkuð laun farkennara verði samþ., muni kennararnir hafa 1000 kr. fyrir 6 mánuði. En í fámennum ljósmæðrahéruðum verður starf ljósmæðra e. t. v. ekki nema sex vikna vinna, og fyrir hana fá þær 560 kr. eftir frv. stj. Ég get ekki verið í neinum vafa um, að launakjör ljósmæðra verða mun betri en launakjör farkennara. Ég vil benda á það, að í fyrra greiddi ég atkv. með till., sem fóru í líka átt og þetta frv., og þótt ég rökstyddi ekki afstöðu mína þá, þykist ég hafa gert það nú. Þótt ég vildi ekki greiða atkv. um frv. í fyrra, sem gekk í aðra átt en till., sem ég hafði greitt atkv. með áður, og forseti hafði fengið hnútur fyrir afstöðu sína í því máli, þá vil ég mæla á móti því, að hnýtt sé í hann fyrir þær sakir. Það var eðlilegt, að ég greiddi ekki atkv. með frv., þar sem ég hafði áður greitt atkv. með öðrum till., og því var það ekki ástæðulaust hjá forseta, þótt hann skoðaði mig sem andstæðing þess við atkvgr. í fyrra.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég hefi heyrt fátt nýtt koma fram í þessu máli, enda er þetta fimmta þingið, sem málið er rætt á. Ég hafði því ætlað mér að sitja hjá að þessu sinni. En eitt gleður mig þó, og það er, að undir öllum umr. um þetta mál skuli ekki hafa fallið niðrandi orð um ljósmæðurnar eða starfsemi þeirra, fyrr en hjá hv. þm. Ak., því að slíkt hefir komið fyrir á undanförnum þingum. Hér hefir aðeins verið deilt um réttmæti launakrafnanna. „Verður er verkamaðurinn launanna", stendur þar, og því er ég fyllilega samþykk. En ef verið er að berjast fyrir bættum kjörum verkamanna, þá skýtur skökku við hjá hv. þm. Ak. með undirtektir hans í þessu máli. Hann segir, að ekki sé þörf á lærðum ljósmæðrum. Ég hafði ekki búizt við slíkri firru hér á þingi, og einna sízt frá hv. þm. Ak. (EF: Hann getur nú verið skrítinn líka). Ég hélt, að hann vildi ræða málið með alvöru. Kona, sem fæðir barn, á heimtingu á lærðri ljósmóður og lækni, ef þörf er á. Þetta veit ég, að hver hv. þm. tekur undir, nema hv. þm. Ak. Ég veit ekki til þess, að fyrir 20 árum hafi ekki verið farið út af bæ, þó að kona ætti barn — eða sagði hv. þm. Ak. það ekki? (EF: Eitthvað nálægt því). Ég mótmæli þessu, því að sem betur fer er lengra síðan þetta þótti sæmilegt. Hvers vegna heldur ríkið uppi ljósmæðraskóla, sem stendur undir umsjón landlæknis, ef ljósmæður eru ekki taldar nauðsynlegar? Ljósmæður hafa fengið námstíma sinn lengdan og vilja fá hann lengdan enn, og þær þurfa þess.

Ljósmæður í fámennum umdæmum gætu ef til vill sinnt hjúkrun að einhverju leyti, þótt ég álíti, að ekki eigi að fara að blanda almennri hjúkrunarstarfsemi inn í þetta mál. En ég veit, að margar ljósmæður tekur sárt að geta ekki fylgzt með framförum í sinni grein, en

hin lágu launakjör þeirra gera þeim ekki kleift að afla sér frekari menntunar en þær fá á ljósmæðraskólanum.

Það hefir verið deilt um, hvort launin væru nóg í hlutfalli við starfið og kjör barnakennara og ljósmæðra borin saman. En ég álít, að þar sé ólíku saman að jafna. Barnakennarar vinna hálft árið fyrir launum sínum, þann tíma árs, sem lítið er um aðra atvinnu, en geta haft mikið upp úr sér hinn tíma ársins, ef þeir eru duglegir menn. En ljósmæður eru bundnar við starf sitt allt árið og mega ekki fara út úr umdæmi sínu nema með leyfi héraðslæknis, og mundu heldur ekki gera, ef þær vissu, að sín gæti verið þörf.

Þess má og gæta, að því minna sem umdæmið er, því minni tekjur gefur það af sér. Það er því ekki nema helber heimska að miða laun ljósmæðra við stærð umdæmisins og að bjóða megi ljósmæðrum því meiri smánarbætur, sem umdæmi þeirra er fámennara og „praksis" þeirra þar af leiðandi minni.

Ég held, að ef hv. þm. hugsa um þetta mál í alvöru, þá hljóti þeir að sjá, hve réttmætar kröfur ljósmæðranna eru. Það er ekki nein hótun, heldur spá mín, að þeir, sem standa á móti þessum kröfum nú, muni sjá það eftir nokkur ár, að það var ekki vel yfirvegað, þegar þeir börðust á móti þessum sjálfsögðu launabótum ljósmæðranna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, þar sem einn af fjhnm. er ekki á fundi. Málinu hefir svo oft verið frestað áður, að 1 dagur í viðbót gerir hvorki til né frá.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér hafði skilizt svo, að ýmsir hv. þm. rækju á eftir þessu frv., og hélt því, að það yrði vel þegið, að málið fengi að ganga áfram. Ég óska því eftir, að atkvgr. fari fram.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það hefir verið venja hæstv. forseta í þessu máli að taka tillit til óska hæstv. fjmrh., þegar hann hefir viljað fresta málinu. Mér finnst því ekki nema sanngjarnt, að hæstv. forseti taki nú í þetta skipti tillit til óska frsm. fjhn. um að fresta málinu, eins og nú stendur á.

Forseti (GÓ): Það er gleymsku minni að kenna, að ég gat þess ekki, er ég setti fundinn, að hv. 1. þm. G.-K. hefir tilkynnt forföll.

Annars vil ég leyfa mér að benda hv. frsm. fjhn. á það, að þegar svo roskinn maður sem hv. 1. þm. G.-K. á hlut að máli, má búast við, að fresta þurfi málinu meira en einn dag, ef bíða á eftir því, að hann geti mætt, verði lengur en 1 dag lasinn.

Halldór Steinsson: Hæstv. forseti hefir nú dregið þetta mál á langinn í viku, vegna veikinda hæstv. dómsmrh., svo að mér þykir það hart, ef hann fæst ekki til að fresta málinu um einn dag í viðbót, þar sem svo stendur á, að einn af meðhaldsmönnum þess er veikur.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég vil taka það fram, að ég ætlast til þess, að málinu verði frestað áfram, ef ekki skyldi reynast nóg að fresta því til morguns.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mér skilst, að það sé æskilegt, að einhver gefi sig fram, til þess að vega salt á móti hv. 1. þm. G.-K., og er því tilleiðanlegur til að vera lasinn í nokkrar mínútur.

Forseti (GÓ): Mér þótti undarlegt, að hv. þm. Snæf. skyldi ganga út frá því sem vísu, að ég vildi ekki verða við þeirri ósk, sem fram hefði komið, um að fresta málinu, þar sem ég hefi ekki lýst yfir neinu í þá átt. Ég legg ekki það kapp á þetta mál, að ég láti mér ekki í léttu rúmi liggja, þó að því sé frestað enn einu sinni. Hinsvegar vildi ég heyra, hvort hv. frsm. n. hefir ekki snúizt hugur við það, að hæstv. dómsmrh. hefir nú boðizt til að vera einnig fjarstaddur atkvgr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. dómsmrh. er á næstu grösum, svo að ég

held enn fast við það, að málinu verði frestað.

Forseti (GÓ): Ég mun þá verða við tilmælum hv. frsm. n. um að taka málið út af dagskrá, en vil jafnframt geta þess, að ég tek ekki málið á dagskrá aftur, fyrr en ég tel líkur fyrir, að hv. þdm. flestir séu þess fýsandi.

Á 45. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 88 felld með 6:6 atkv.
1. gr. samþ. með 7:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 7:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 7:2 atkv.

Á 47. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 11).
Á 51. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv. er komið hingað frá hv. Ed. eftir að hafa gengið í gegnum hana óbreytt eins og það var lagt fyrir þá hv. deild. Ég býst ekki við, að nein þörf sé að skýra þetta frv. hér í þessari hv. deild, því það er svo kunnugt frá fyrri árum. Ég vil því aðeins leggja það til, að því verði vísað til fjhn.

Sigurður Eggerz: Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi samþ. hér í þessari hv. d. frv. um launabætur yfirsetukvenna. Þessi launabót, sem farið var fram á í því frv., var þannig, að yfirsetukvennastéttin í landinu var ánægð með hana.

Svo sem lög gera ráð fyrir, fór þetta frv. til Ed. og var þar í raun og veru meiri hl. því fylgjandi líka, því atkvgr. um frv. fór þannig, að 7 þm. greiddu atkv. með frv., 6 þm. greiddu atkv. móti frv., en 1 þm. greiddi ekki atkv. En þrátt fyrir þennan raunverulega meiri hl. í Ed. féll frv. samt á úrskurði hæstv. forseta. Þar sem hæstv. forseti, sem þennan úrskurð felldi, er ekki í þessari hv. deild, skal ég ekki gera þetta hér að umræðuefni. Þó vil ég benda á það, að svo fremi sem þessi úrskurður er réttur, er sannarlega þörf á að breyta þingsköpunum. Það má ekki koma fyrir aftur, að frv., sem 7 greiða atkv. með en 6 á móti, strandi á þingsköpum. Ég vil því mjög alvarlega skjóta því til hæstv. stj., að hún láti sem fyrst breyta þingsköpunum svo, að slík ósköp sem þessi komi aldrei fyrir oftar. Því ef verulega stór mál geta strandað á öðru eins og þessu, ef úrskurður hæstv. forseta er réttur — en inn á það skal ég ekki fara hér —, þá geta allir séð, að þörf er að breyta þingsköpunum. En þessu verður ekki breytt nema með lögum.

Þessi tilraun til að bæta kjör yfirsetukvenna hefir haft allmikið bergmál hér á Alþingi. Þó hafa steinar sem þessir hvað eftir annað verið lagðir í götu þessa máls, og nú byrjar hæstv. fjmrh. nýja herferð móti yfirsetukonunum með þessu frv., því hér er dregið verulega úr þeim bættu launakjörum, sem voru í frv. í fyrra. Í hv. Ed. kom líka fram brtt. við þetta frv., sem var samskonar og var í frv. í fyrra, en hún var felld með 6:6 atkv.

Nú skyldi maður ætla, að þetta þýddi það, að þessi skoðun væri í minni hl. í Ed., en það er ekki rétt, því einn þm., sem var þessari brtt. fylgjandi, var veikur, af hverju, veit ég ekki. (**Fjmrh.:** Þetta er víst misskilningur). Nei, ég held að þetta sé rétt.

Ef maður lítur á sögu málsins, sem hæstv. stj. hefir rakið í frv., sem komið hefir fyrir Ed., þá sér maður kannske af þeirri sögu betur en af nokkru öðru, hve illa hefir verið farið með þessa stétt. En það er beinlínis ill meðferð, þegar hver yfirsetukona hafði ekki nema 3 kr. árlega. Þessi saga sýnir ennfremur, að þessi stétt, sem ég verð að líta svo á, að sé einhver þarfasta stétt þjóðfélagsins, hefir alltaf verið olnbogabarn löggjafar-

innar. Loksins þegar málið er komið svo langt á síðasta þingi, að í raun og veru var fenginn meiri hl. í báðum deildum, kemur hæstv. fjmrh. — ég vil ekki segja hæstv. stj., því hæstv. forsrh. mun hafa verið með því — með frv. til þess að eyðileggja þær raunverulegu bætur, sem bornar voru hér fram í fyrra.

Ég ætla alls ekki að vekja upp allt það, sem ég sagði um þetta mál á síðasta þingi. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á það, að ein af höfuðástæðunum, sem ég færði fyrir bættum kjörum yfirsetukvenna, var það, að það vantaði yfirsetukonur í 31 umdæmi. Þessu var margneitað í þessari hv. d. En hvað er nú komið á daginn? Það hafa komið svarskeyti frá 46 héraðslæknum um það, hvort ljósmæður vanti, og samkv. þeim fyrirspurnum vantar 31 ljósmóður. Ég verð ennþá að spyrja: Hvernig stendur á því, að það vantar svo margar ljósmæður? Það er af því, að launakjörin eru svo ill, að engin fæst til að sinna þessum starfa. Sérstaklega kemur þetta fram í afskekktum héruðum, þar sem langt er til læknis. En þar mega menn allra sízt án þeirra vera. Launakjörin mega ekki vera svo lág, að engin fáist í þau umdæmi sem vantar þær.

Annað atriði, sem deilt var um á síðasta þingi, var það, hverjum þessi bættu launakjör kæmu aðallega að gagni. Sumir héldu því fram, að það væru þær lægst launuðu. Rannsókn í málinu hefir líka staðfest þetta.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en mér sýnist, að allt, sem haldið var fram fyrir þessu máli á síðasta ári, sé nú staðfest. Ég verð að segja það, að mér finnst það skrítið hjá hæstv. fjmrh. að koma nú með þessar till., þegar hann veit, að meiri hl. þings samþ. í fyrra það frv., sem þá var hér í þessari hv. d., og aðeins var fellt vegna þess, hve þingsköpin eru mikill vanskapnaður. Ef þau hefðu verið réttlát, hefði það frv. nú verið orðið að lögum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. þm. Dal. virðist bera ákaflega mikla umhyggju fyrir atkvgr. í hv. Ed. Og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo, að til þess að koma fram breyt. á lögum um laun ljósmæðra verði að breyta þingsköpum. Ég verð að segja það, að mér finnst nú vera farið að seilast nokkuð langt eftir ástæðum í þessu máli, ef leita þarf þeirra úræða til að koma fram þeirri launahækkun, sem hv. þm. Dal. stendur svo fast á.

Annars þykir mér það ómaklega mælt af hv. þm., að telja mig vera að fara í herferð á hendur ljósmæðrum og níðast á þeim í launamálum. Í þessu frv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir talsvert mikilli hækkun á launum yfirsetukvenna, einkum þeirra, sem lægst eru launaðar áður; það er aðeins ekki gengið eins langt í því eins og þeir vilja, sem lengst vilja fara í hækkunaráttina. En ég vil benda hv. þm. Dal. á það, að ef honum er í raun og veru áhugamál, að ljósmæður fái launahækkun, þá sé réttara fyrir hann að fara varlega nú.

Það var misskilningur hjá hv. þm. Dal., að brtt., sem fram kom í Ed., hefði verið samþ., ef hv. 2. þm. S.-M. hefði verið viðstaddur atkvgr. Það vantaði annan mann í deildina, sem ekki var brtt. fylgjandi, svo það hefði farið eins, þó deildin hefði verið fullskipuð.

Þá sló hv. þm. Dal. því föstu, að það vantaði ljósmæður í 31 umdæmi á landinu. En ég hefi nú í höndum símskeyti þessu viðvíkjandi frá öllum sýslumönnum á landinu, og samkv. þeim eru það ekki nema 14—15 umdæmi, sem ekki hafa fasta yfirsetukonu, og þar af aðeins 4—5, sem aðkallandi þörf hafa á að fá yfirsetukonu; hinum er þjónað af nágrannaljósmæðrum, með samþykki hlutaðeigenda. Ég vil benda hv. þm. á, að ekki liggur fyrir nein almenn beiðni um það frá héruðum úti á landi, að laun ljósmæðra séu hækkuð vegna þess að skortur sé á þeim. Og það eru ekki nema 4 sýslur á landinu, sem nota heimildina til að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna. Sýnir það, að héruðin telja engin vandræði stafa af, hvað ljósmæðralaunin eru lág. Og þó er nú í þessu frv. gert ráð fyrir allverulegri hækkun á þeim, svo mikilli, að ég þykist fullviss um, að ef aðrir embættismenn ríkisins fengju aðra eins launabót, þá yrðu þeir mjög ánægðir. Enda er ég viss um, að ljósmæður úti um land verða ánægðar með þá launahækkun, sem frv. gerir ráð fyrir.

Annars finnst mér ekki ástæða til að vera langorður um þetta nú við 1. umr. Ég býst við, að n. sú, sem fær frv. þetta til meðferðar, komi fram með sínar till., og er þá hægt að ræða málið frekar.

Sigurður Eggerz: Ég verð að segja, að ég varð dálítið hissa á, að hæstv. fjmrh. skyldi ekki geta tekið í sama streng og ég um það, að ástæða væri til að breyta þingsköpunum, ef úrskurður hæstv. forseta Ed.. sem ég minntist á áðan, hefir verið réttur. Hann veit þó, að ég fer hér með rétt mál. Ég er viss um, að alstaðar í heiminum væri meiri hluti talinn með því máli, sem 14 menn eiga að greiða atkvæði um, ef 7 greiða atkv. með því, 6 á móti því og 1 greiðir ekki atkv. Það er víst enginn sá félagsskapur til, sem ekki teldi slíkt mál samþ. (**Fjmrh.:** Þetta liggur ekki fyrir til umr. hér nú). Þetta er þáttur úr sögu þess máls, sem fyrir liggur. Í fyrra hafði frv. um hækkuð laun handa ljósmæðrum meirihl.fylgi í báðum deildum þingsins, en féll á úrskurði forseta; og sé sá úrskurður réttur, þá **verður að breyta þingsköpunum.** (**Fjmrh.:** Hver á að skera úr um það?). Ég er ekki að dæma um, hvort úrskurður þessi hafi verið réttur eftir þingsköpunum, en hafi hann verið eftir réttum skilningi á þeim, þá eru slík þingsköp þingi og þjóð til stórskammar. Þau gætu orðið mikilsverðari málum en þessu að fótakefli. Mér finnst, að stj. sé skyldug til að bera fram breyt. á þingsköpunum strax á næsta þingi eftir að upp er kveðinn þannig úrskurður sem þessi.

Hæstv. fjmrh. segir, að ljósmæður vanti ekki nema í 14—15 umdæmi. En ég hefi hér í höndum svör frá 46 héraðslæknum um það, hvort yfirsetukonur vanti í þeirra umdæmum. Samkvæmt þeim vantar 31 ljósmóður á landinu. Álítur hæstv. ráðh., að læknarnir gefi rangar skýrslur? (**Fjmrh.:** Heldur hv. þm. Dal., að sýslumennirnir hafi gefið ranga skýrslu?). Ég er ekki að halda því fram, en þeir eru ekki eins kunnugir þessum efnum eins og héraðslæknarnir. Mismunurinn á skýrslunum stafar eflaust af ókunnugleika sýslumannanna; það snertir mest læknana, ef yfirsetukonur vantar, og svör þeirra get ég lesið upp, ef hv. þm. vilja það.

Það er því óhætt að slá því föstu, að það vantar 31 ljósmóður, og það stafar af því, hvað kjör þeirra eru bág. Og þessu verður að ráða bót á.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að varlegra væri fyrir mig að fara gætilega í þessu máli.

En ég þekki nú ekki aðra leið til að taka þátt í umr. heldur en að halda fram því, sem maður álítur sannast og réttast í hverju máli.

Það getur vel verið, að það sé yfirleitt „varlegra“ fyrir hvern og einn að vera eins og stj. vill í ýmsum málum; en ég tala nú á móti henni, hvort sem það er varlegt eða ekki. Ég álít, að þingmönnum sé skylt að segja stj. sannleikann, hvort sem hún vill hlusta á hann eða ekki. Ég get látið hæstv. fjmrh. vita það, að það, sem við andstæðingar hans höldum fram í þessu máli, er í fullu samræmi við kröfur fulltrúa ljósmæðranna.

Ég hygg, að þau ummæli mín hafi verið rétt, að brtt., sem fram kom við þetta frv. í Ed., hefði verið samþ., ef hv. 2. þm. S.-M. hefði ekki verið fjarstaddur atkvgr. Þá hefðu verið greidd 7 atkv. með henni en 6 á móti, og 1 mann vantað í deildina; það hefði hæstv. forseti aldrei getað úrskurðað svo, að till. væri felld.

Að öðru leyti get ég vísað til þess, sem ég hefi áður sagt um þetta mál. Þeir, sem lesa frv. það, sem nú liggur fyrir, og bera það saman við frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra, sjá, að kjör ljósmæðra eftir stjfrv. eru miklu verri en eftir hinu. Þess vegna var það, að ég taldi hæstv. fjmrh. vera að fara herferð gegn ljósmæðrunum, þar sem hann með þessu frv., ef honum tekst að hamra það gegnum þingið, dregur nokkuð af þeirri launabót, sem meiri hl. beggja deilda var sammála um í fyrra að veita þeim.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér finnst óþarfi fyrir okkur hv. þm. Dal. að vera að deila um þingsköp nú; það er ekki svo aðkallandi í sambandi við þetta mál. Hafi hann fundið til ranglætis í þingsköpunum, þegar umræddur forsetaúrskurður var kveðinn upp eftir þeim, þá var hon-

um sjálfum innan handar að bera fram till. um breyt. á þeim.

Hv. þm. Dal. sló því föstu, að sannað væri, að ljósmæður vantaði í 31 umdæmi, og hampaði símskeytum læknanna sem sönnunargagni. En ég get þá alveg eins talið sannað það gagnstæða.

Ég hefi líka nóg símskeyti, þó ég hafi ekki veifað þeim eins mikið og hv. þm. Dal. sínum. Það eru fullskýr svör frá öllum sýslumönnum á landinu um þetta sama efni. Hv. þm. Dal. vildi bera brigður á símskeyti sýslumannanna, af því þeir væru ekki þessu máli nógu kunnugir. En ég vil þá benda honum á, að fyrst og fremst eru það nú sýslumennirnir, sem úthluta launanum til ljósmæðranna, og svo hafa þeir með höndum að auglýsa þau umdæmi, sem losna. Og yfir höfuð efa ég ekki, að þeir skýri rétt frá. (MG: Eru hvortveggja símskeytin frá sama tíma?). Símskeytin frá sýslumönnunum eru öll dagsett í janúar, svo það getur engu munað á tímanum. Ég álít því, að hv. þm. Dal. geti ekki staðið hér upp og slegið því föstu, að ljósmæður vanti í 31 umdæmi, nema segja um leið, að sýslumennirnir hafi gefið ranga skýrslu. Ég held mér við það, að skýrslur þeirra séu réttar, enda benda útborganir fjármálaráðuneytisins ekki á, að það vanti yfirsetukonur í mörg umdæmi.

Hv. þm. Dal. segir, að ljósmæðraskorturinn — sem ég viðurkenni ekki að sé mikill — stafi af því, að launin séu of lág. Ég skal ekkert um það segja; það má vel vera, að það sé að einhverju leyti rétt. En er ekki einmitt verið að hækka launin með þessu frv? Hv. þm. talar alltaf eins og það væri ekki. Hefir hann gert sér grein fyrir, hvað laun ljósmæðra hækka um mörg % eftir þessu frv. frá því, sem nú er? (SE: Já, já!). Það væri þá gott, að hann skýrði frá því, til þess það kæmi fram, hvað hann telur hér um mikla breyt. að ræða. Það er líkast því, að hann telji launahækkun einskis virði fyrir ljósmæðurnar, nema hún sé nákvæmlega eins mikil og hann vill hafa hana.

Hv. þm. Dal. var enn að tala um atkvgr. um brtt. við þetta frv. í Ed. um daginn. Það er auðvitað rétt, að ef 7 hefðu greitt atkv. með henni en 6 á móti, þá hefði hún verið samþ. En um það var ekki að ræða. Frv. hefði ekki komið til atkv. fyrr en deildin var fullskipuð, hefði ekki staðið svo á, að sinn manninn vantaði frá hvorum málsparti, og því allt komið í sama stað niður.

Það, sem ég sagði áðan um það, að ef hv. þm. Dal. vildi ljósmæðrum vel, þá skyldi hann ekki fara of geist nú, stafaði ekki af því, að ég væri að hugsa um hv. þm. sjálfan. Ég var að hugsa um hag ljósmæðranna og vildi ekki, að hv. þm. spillti fyrir því, að þær fengju þá sanngjörnu launahækkun, sem gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur nú.

Sigurður Eggerz: Ég tók það fram áðan, að mér dettur ekki í hug að bera á móti, að sýslumennirnir hafi svarað hæstv. fjmrh. eftir sinni beztu vitund. En læknarnir hljóta að vera kunnugri, hvar vantar ljósmæður, og þess vegna getur hæstv. ráðh. ekki haldið áfram að staðhæfa, að skýrslur sýslumannanna séu réttar. Út úr þessu er ekki nema ein leið, og hún er sú, að hæstv. stj. verður nú að láta rannsaka þegar, af hverju stafar þessi mikli munur, sem er á skýrslum læknanna og sýslumannanna. Óska ég þess fastlega, að hæstv. ráðh. sjái þannig um, að það sanna komi í ljós um þetta atriði.

Þetta átti nú að vera aðeins stutt aths., svo ég læt mér nægja að undirstrika það enn einu sinni, að ég er alveg viss um það, að ef ljósmóðurstarfið væri vel launað, þá mundi ekki skorta ljósmæður. Það byggist á almennu lögmáli. Og þegar litið er á, hvað yfirleitt er sótzt mikið eftir föstum stöðum, og svo á hitt, að hér er um að ræða 31 lausa stöðu, sem engin vill sækja um, þá er auðséð, að þær hljóta að vera mikið verr launaðar tiltölulega en aðrar stöður.

Hæstv. ráðh. var að tala um, hvort ég hefði veitt því nokkra eftirtekt, að stjfrv. færi í þá átt að hækka ljósmóðurlaunin. Ég hefi aldrei neitað því, en ég sagði, og segi enn, að það gerir ekki ráð fyrir eins mikilli hækkun og meiri hl. beggja deilda var samþykkur að veita yfirsetukonunum í fyrra, og þó var sú hækkun ekki hærri en það, að þó hún hefði komizt í gegn, hefðu margar ljósmæður ekki

haft meiri laun en algengar vinnukonur. Það voru nú öll ósköpin, sem farið var fram á.

Þá var hæstv. fjmrh. að benda mér á, að ég skyldi ekki fara of geist, til að spilla ekki fyrir ljósmæðrunum. Ég skal þá lofa honum því, að steinþegja og segja ekki eitt orð um þetta mál framar, ef hann vill fallast á mínar till.

Hákon Kristófersson: Ég ætla nú ekki að fara langt út í þetta mál. Ég vildi aðeins leiðrétta dálítinn misskilning hjá hæstv. fjmrh., sem ef til vill stafar af ókunnugleika. Hann sagði, að þar sem yfirsetukonu vantar í umdæmi, en þeim þjónað af nágrannaljósmæðrum, þá væri það gert með samþykki hlutaðeigenda. A. m. k. að því er snertir slíkt tilfelli í Barðastrandarsýslu er þetta alls ekki rétt.

Mér er kunnugt um, að yfirsetukonu vantar í einn ef ekki tvo hreppa í Barðastrandarsýslu, og yfirsetukonur í næstu hreppum eru þar þjónandi, jafnframt sínu umdæmi. Hlutaðeigendur telja þetta óviðunandi fyrirkomulag, en þeim hefir ekki tekizt að fá úr því bætt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og umkvartanir. En ljósmóðir Reykhólahrepps fær ljósmóðurlaun beggja umdæmanna, þ. e. Geiradals- og Reykhólahrepps, og því dettur mér í hug, hvort ósamræmið milli skýrslna læknanna og sýslumannanna muni ekki stafa af því, að sýslumennirnir miði sínar skýrslur við það, í hvað mörg umdæmi þeir greiða ljósmæðralaun. En eins og ég nefndi dæmi um, gegnir sumstaðar sama ljósmóðirin fleiri en einu umdæmi. (**Fjmrh.:** Sýslumennirnir vita það). Því er þá ekki samræmi í svörum læknanna og sýslumannanna? Mér finnst ekki hægt að gera upp á milli þessara tveggja stétta þannig, að önnur skýri rétt frá, en hin rangt. Ég vil slá því föstu, að þær séu báðar trúverðugar. Þess vegna hlýtur mismunurinn að stafa af einhverskonar misskilningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 68., 71. og 73. fundi í Nd., 1., 4. og 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 11, n. 287 og 321).

Frsm. 1. minni hl. (Sigurður Eggerz): Þetta mál hefir verið lengi á ferðinni. Það kom til n. 12. marz og var afgr. af þeim minni hl., sem ég tilheyri, 15. marz, en af öðrum minni hl. n. 20. marz. Nú er kominn 9. apríl, svo að ekki er hægt að segja, að málinu hafi verið hraðað.

Þetta mál er ekki með öllu ókunnugt hér í þessari hv. deild, og vil ég taka það fram, að brtt. þess minni hl., sem ég er frsm. fyrir, eru shlj. þeim till., sem samþykktar voru í fyrra í þessari hv. deild. Skal ég nú gera nokkurn samanburð á þessum brtt. og stjfrv.

Stjfrv. gerir ráð fyrir, að ljósmæður í umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, fái 300 kr. í árslaun, og samkv. 3. lið 1. gr. geta þessi laun hækkað um 100 kr. á 10 árum, þannig að launin verða alls 400 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Samkv. brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv., en hann skipar 1. minni hl. fjhn. með mér í þessu máli, eru byrjunarlaun yfirsetukvenna 300 kr., en hækka 3. hvert ár um 50 kr., upp í 500 kr. Er þar ótalin dýrtíðaruppbótin. Sést á þessu, að okkar till. skapa mun betri aðstöðu fyrir ljósmæðurnar, og þessi launahækkun nær til þeirra flestra, því að flestar ljósmæður eru í þessum launaflokki.

Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, eru árslaun ljósmæðra samkv. stjfrv. 300 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300. Auk þessa njóta þær sömu launahækkunar sem ljósmæður í þeim umdæmum, þar sem íbúatalan er 300 eða minni. Samkv. okkar till. eru grunnlaun þeirra ljósmæðra, sem í þessum launaflokki eru, 300 kr., að viðbættum 30 kr. fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri ljósmæður, ætlast stjfrv. til, að íbúatölunni sé deilt jafnt á milli þeirra og þeim svo reiknuð laun á sama hátt og öðrum ljósmæðrum, þó svo, að byrjunarlaunin fari aldrei fram úr 1000 kr. Samkv. till. okkar á 30 kr. ákvæðið einn-

ig við um launaákvörðun þessara yfirsetukvenna, með þeirri takmörkun, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari aldrei fram yfir 1500 kr.

Ég vil í þessu sambandi gera eina aths. við stjfrv. Þar er svo ákveðið, að laun ljósmæðra, auk dýrtíðaruppbótar, megi aldrei fara fram úr 1500 kr. Nú eru byrjunarlaunin samkv. stjfrv. hæst 1000 kr., og eiga þau að hækka um 100 kr. á 10 árum, þannig að launin geta mest orðið 1100 kr. Ég fæ því ekki skilið, hvað þetta hámarksákvæði hefir að þýða. Það er að visu hægt að hugsa sér, að laun ljósmæðra í umdæmum, þar sem eru 300 eða færri íbúar, geti farið fram úr 1500 kr., en það er „praktiskt" ómögulegt. Mér þætti því vænt um að fá skýringu á þessu ákvæði stjfrv.

Eins og ég drap á áðan, eru brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. shlj. þeim till., sem samþykktar voru í fyrra í þessari hv. d. með allmiklum meiri hl. atkv., og einnig í hv. Ed., þó að hæstv. forseti þeirrar deildar úrskurðaði annað. En inn á það skal ég ekki koma nánar hér.

Þessar till. þingsins í fyrra um bætt launakjör ljósmæðra vöktu mikla ánægju meðal stéttarinnar, og þó að ég búist ekki við, að þessi hv. d. fari nú að fella það, sem hún samþ. í fyrra, verð ég að færa fram nokkuð af þeim rökum, sem færð hafa verið á fyrri stigum þessa máls fyrir þessum till., vegna hinnar miklu andstöðu hæstv. stj. gegn þeim.

Er þá fyrst það að telja, að vegna þessara lágu launa ljósmæðra standa mörg umdæmi laus. Er ágreiningur um það, hve mörg þau eru. Læknarnir segja 30, sýslumennirnir 14. Beindi ég þeirri ósk til hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, að hann upplýsti, í hverju þessi mismunur lægi, og vænti ég, að hann geri það nú við þessa umr. En þótt ekki vantaði yfirsetukonur nema í 16 umdæmi, væri það eitt ærin ástæða til þess að hækka launin, svo að ljósmæður fengjust þangað, auk þess sem tími er til kominn að bæta úr því ranglæti, sem þessi þýðingarmikla stétt hefir átt við að búa til þessa, eins og bezt sést á stjfrv. En það eru fleiri ástæður fyrir launahækkun við ljósmæður en eiginhagsmunir þeirra sjálfra. Þjóðin krefst þess, að kjör þeirra séu bætt. Almenningur fær ekki skilið, af hverju afskekkt héruð, sem eiga langt til læknis, eiga að vera yfirsetukonulaus, enda er slíkt svo mikil harðýðgi, að ekki getur átt sér stað á þessum mannúðartímum. Mig hryllir við að hugsa til þess, að kona, sem er að ala barn, skuli þurfa að fara á mis við nauðsynlega hjálp, vegna þess að hún býr í afskekktri, ljósmóðurlausri sveit. Það er sízt verjandi á þessum tíma, þegar verið er að fara gegnum fjárlög og fjáraukalög, þar sem milljónirnar velta, að þá skuli þurfa að sýna svona mikla harðýðgi við þessa stétt, yfirsetukonurnar, að ekki megi veita þeim einu sinni eins mikil laun og vinnukonur hafa hér í Reykjavík, og þrátt fyrir það, þótt vanti yfirsetukonur í svona mörg héruð. Það er að gefa sveitunum, sem margir þykjast bera fyrir brjósti sér, olnbogaskot, að veita þeim ekki kost á að hafa jafnnauðsynlegar konur í héraðinu eins og yfirsetukonurnar eru.

Það er verið að segja, að sú hækkun, sem yrði á þessum launum, sé svo há, að ef ætti að hækka laun embættismanna á sama hátt, gæti það ekki náð nokkurri átt. Það er rétt, en þess verður að gæta, að þessi stétt hefir sama sem engin laun haft áður.

Mér skilst eftir grg. stjfrv., að mismunurinn á þeirri hækkun, sem ég fer fram á, og frv. hæstv. stj. verði ekki nema 20 þús. kr. Það verður leiðrétt, ef ég fer rangt með. Það er erfitt að reikna þetta út, launin eru mismunandi í þeim ýmsu flokkum, en ekkert yfirlit yfir það, hvað margar yfirsetukonur eru í hverjum flokki.

Ég endurtek það, að það er dálítið broslegt, að þetta mál skuli þurfa að sækja svo fast. Ég veit ekki, hvort það er gert með vilja að draga það fram undir þinglok, og hvort á að skapa því líkan endi og á síðasta þingi, sem var hvorki meira né minna en þinginu til háðungar. Það er hart, að þingsköpin skuli vera útbúin þannig, að mál, sem fær meiri hl. í báðum hv. deildum, skuli falla. En sú réttlætistilfinning, sem maður verður oft var við, þegar þeir, sem eiga erfitt, leita til þingsins, ætti nú að vera svo sterk eftir endalok málsins í fyrra, að það yrði nú samþ. í þeirri mynd, sem það var raunverulega samþ. í á síðasta þingi.

Ef haldið verður áfram að berjast gegn þessu máli, þá hlýtur maður að spyrja: Hvernig stendur á því? Og þá hlýtur að vakna sú spurning, hvort þetta sé áframhald af því misrétti, sem hér hefir verið milli kvenmanna og karlmanna í þessu landi. Ég veit ósköp vel, að réttarlega aðstaðan er sú sama, en það er ekki hægt að neita því, að ennþá eimir eftir af hinum gamla kúgunarhugsunarhætti, sem skapar konunum lægra sess en karlmönnum. Þetta kemur hér fram, og þetta kemur víðar fram. Kona, sem starfar eins vel og karlmaður, fær lægra kaup. Og það versta er, að konurnar eru ekki ennþá sjálfar búnar að átta sig á þessu.

Þegar ég fór fyrst að fást við stjórnmál, höfðu konur ekki þá sömu réttarlegu aðstöðu og þær hafa nú. En mér var það ljóst, að þetta var blettur á þjóðinni. Og hvenær sem ég gat, reyndi ég að berjast fyrir þessu réttlætismáli kvennanna. En þegar maður sér slíka herferð á móti slíku réttlætismáli sem þessu, þá verður maður að spyrja: Er þetta af því, að hv. þm. vilja, að konan faktiskt skipi lægri sess heldur en karlmaðurinn? Og þá er sannarlega kominn tími fyrir konurnar til þess að nota sinn rétt og senda fleiri fulltrúa inn á Alþingi. Ég er ekkert að mæla út, hvað stór sá skerfur er, sem ég hefi lagt til þessara mála, en viljinn hefir verið nægur. En mér hefir verið raun að því, hvað konurnar sjálfar hafa verið daufar í þessu, og ég vildi óska, að augu þeirra opnuðust og þær sendu nýja fulltrúa hingað inn.

Þó að segja megi, að á ýmsum sviðum sé mikil, jafnvel stórfelld framför í landi voru, þá held ég ekki, að sagt verði, að framför sé í stjórnmálalífi voru. Þvert á móti. Ýmsir atburðir gerast hjá oss, sem benda mjög fast í afturhaldsáttina. Ég veit, að oss vantar nýja, sterka strauma, til þess að rífa rotnunina burt úr stjórnmálalífi voru. En hvaðan eiga þeir að koma? Er ekki eðlilegt að vænta þess, þegar kvenþjóðin vaknar, að hún veiti inn á Alþingi einhverjum af þessum nýju, sterku straumum, sem þjóðin þarfnast? Ég er viss um, að það þarf meiri hreinleika inn í stjórnmálalíf vort. Umfram allt meiri hreinleika. Þetta er ekki einungis mín rödd, heldur bergmálar þetta sama um allt land. En væri ekki hugsanlegt, að þetta kæmi með því, að kvenþjóðin vaknaði og legði fram sinn skerf.

Ég hefi oft veitt því eftirtekt, að ranglætið — og það er alltaf nóg af því bæði utan þings og innan — getur orðið til þess að vekja menn til andstöðu. Ég vona, að það ranglæti, sem beitt er í þessu máli, geti orðið til þess að vekja kvenkjósendur í þessu landi, svo að þeir rísi upp og rétti landinu hjálpandi hönd, og á þeirri hönd þarf nú að halda.

Frsm. 2. minni hl. (Hannes Jónsson): Úr því að hæstv. forseti gefur mér orðið, má ég til með að skemmta hv. þm. Dal. með því að taka upp umr. um þetta mál, þó að mér virðist, að honum hafi tekizt sinn málaflutningur ágætlega, því að þótt deildin væri vel skipuð, þegar hann byrjaði að tala, þá er hún nær tóm orðin. Þetta er nokkurskonar vitnisburður um það, hve mikið hv. þdm. leggja upp úr öllu þessu fjasi um, hvað laun yfirsetukvenna séu svívirðilega lág og þar fram eftir götunum.

Ég vil benda hv. þm. á það, að ef hann vill gera yfirsetukonunum vel til, þá ætti hann að gera sitt til þess, að þetta frv. gengi í gegnum þessa hv. d. óbreytt. Því að með því einu móti eru líkur til, að yfirsetukonurnar fái bættan sinn hag á þessu þingi.

Þær brtt., sem hv. þm. Dal. flytur, eru nákvæmlega shlj. þeim brtt., sem bornar voru fram í Ed. og felldar þar. Ef þær verða teknar upp hér, þá eru litlar líkur til þess, að frv. nái fram að ganga í Ed., og hinsvegar er það víst, að frv. verður ekki afgreitt héðan úr deildinni, fyrr en alveg á síðustu stundu.

Ef hv. þm. meinar nokkuð með því að vilja bæta hag yfirsetukvennanna, á hann að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, því að í því er um 75% launahækkun að ræða, og það er ekki svo lítið, að ekki sé hægt að taka við því. Ég verð að halda, að hv. þm. Dal. sé ekki eins einlægur í garð yfirsetukvennanna og hann þykist vera, ef hann vill ekki ganga að þessu.

Allt fjas hans um, að kvenfólkið sé svo illa sett, er allmikið utangarna, því að hann hefir sjálfur fylgt þessari reglu við

að úthluta kvenfólki borgun fyrir vinnu sína. Hv. þm. hefði þá átt að byrja á því að sýna í verkinu, að hann vildi ráða bót á þessu.

Á undanförnum þingum hefir oft verið talað um, að vantaði a. m. k. 30 yfirsetukonur í landinu; en samkv. því, sem sýslumenn hafa gefið upp, eru það ekki nema 14 umdæmi. Þessir embættismenn, sýslumennirnir, ættu þó að vera þessu kunnugastir, af því að þeir greiða út launin. Ef þessi kenning hv. þm. Dal. væri rétt, að vantaði svona margar, þá ættu að vera a. m. k. 16 yfirsetukonur, sem hirtu launin, en gerðu svo ekkert meira.

Ég vil ekki ætla, að svo sé, því að sýslumönnum er sjálfsagt kunnugt um það í sínum sýslum, hvort yfirsetukonur rækja störf sín eða ekki. Og það mundi áreiðanlega ekki viðgangast neinsstaðar, að yfirsetukonum væru borguð áfram launin án þess að þær ynnu störf sín. Það er því ekki um að villast, að miklu færri umdæmi eru án yfirsetukvenna en hv. þm. hélt fram.

Annars hefir svo margt verið um þetta mál fjallað á undanförnum þingum, að ekki þýðir að fjölyrða um það nú. Og allra sízt held ég, að ég fari að tala um hluti, sem liggja svo langt fyrir utan málefnið, sem margt í ræðu hv. þm. Dal. En það verður að virða honum þetta til vorkunnar, af því að hans orðgnótt er svo mikil, að hann hefir ekkert vald á að tempra það, þótt það liggi langt fyrir utan það, sem til umr. er.

Ég vil leggja áherzlu á það, sem ég gat um áður, að ef hv. þm. vill bæta kjör yfirsetukvenna, þá er langheppilegast að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Það dugir ekki að berja höfðinu við steininn og vilja ekkert annað en það, sem hann hefir einu sinni flutt hér á Alþingi. Hann verður að sætta sig við miðlunartill., jafnvel þótt honum finnist þær ganga skemmra en hann hefði helzt kosið. Hann má ekki, ef hann heldur, að yfirsetukonurnar séu allt of lágt launaðar, taka frá þeim þá launahækkun, sem farið er fram á í frv.

Ég vil benda hv. þm. á, að það er ríkjandi skoðun úti um land, að laun yfirsetukvenna séu nógu há, því að sýslunefndir hafa ekki notað þá heimild, sem þær hafa að lögum til þess að greiða uppbót. Það eru aðeins einar fjórar sýslunefndir, sem hafa gert það, og ein þeirra aðeins einu sinni, en svo ekki oftar. En úr því að þessi er hin almenna skoðun, þá þýðir ekki að segja, að almennt sé álitið, að launin séu of lág og verði að hækka.

Ég tel það mikla réttarbót í frv., að sýslunefndum er gert að skyldu að borga þessa uppbót, sem þær hafa trassað að borga. En sýslunefndir hafa ekki viljað leggja á sig að borga þessa litlu upphæð, og sýnir það, að ekki er hörgull á yfirsetukonum.

Vill hv. þm. Dal. virkilega bera sýslunefndarmönnum á brýn, að fyrir að spara þessar krónur séu þeir að stofna konum sinnar sveitar í stórkostlega hættu? Ég býst ekki við, að hann vilji bera sakir á alla þessa sýslunefndarmenn, 200 völdustu menn í landinu, því að það eru stórar sakir, ef þeir hafa trassað að borga út þessa litlu uppbót á launin, ef þeir máttu samkv. skoðun hv. þm. Dal. álíta, að flestum konum væri þar með stofnað í mikinn lífsháska.

Ég veit, að viljað hefir til, þó að læknir væri við hendina, að dauðsföll hafa átt sér stað af barnsförum. En þó að einstök slík dæmi komi fyrir, þá er ekki sjálfsagt að hækka laun yfirsetukvennanna. Ekki mundi það bæta úr þessu að hækka laun læknisins. Þessi dauðsföll eru nokkuð, sem ekki er hægt að gera við, þótt læknirinn hefði haft tvöföld eða þreföld laun.

Ég tel fulla ástæðu til þess að gera sig ánægðan með þá uppbót, sem farið er fram á í frv. Því að annað getur varla gengið fram, og í öðru lagi er almennt álitið, að launin séu ekki of lág, því að annars hefði sýslunefndunum ekki haldizt uppi að veita ekki hina heimiluðu uppbót. (HK: Sýslunefndirnar álíta, að ríkissjóður eigi að borga þessum starfsmönnum). Þeim ber nú einu sinni skylda til þess að standa straum af þessu, og þær borga út launin, nema dýrtíðaruppbótina. Og þær mundu alveg eins hafa borgað út dýrtíðaruppbótina eins og sjálf launin, ef þeim hefði fundizt þeim bera skylda til þess. Ég vil ekki taka við neinum aðdróttunum að þessum sýslunefnd-

armönnum, eins og mér virtist felast í ræðu hv. þm. Dal. og hljóta að skiljast á þann veg, ef maður á að ganga út frá, að launin séu of lág.

Ég hefi frekar mælt með því, að þetta frv. verði samþ., til samkomulags, heldur en að ég telji það beinlínis nauðsynlegt. Og ég er þó það velviljaður yfirsetukonunum, að ég hefi viljað, að frá þessu þingi fengju þær einhverja leiðréttingu þessa máls. En hv. þm. Dal. vill, að ef þær fá ekki allt, þá fái þær ekki neitt. En það er áreiðanlega ekki neinn velgerningur, og ég býst ekki við, að hv. þm. Dal. fái þakkir fyrir að hafa staðið í vegi fyrir þessu.

Frsm. 1. minni hl. (Sigurður Eggerz): Það er nú svo um hv. þm. V.-Húnv., að honum hættir til að tala í þeim tón, sem ekki á við hér á Alþingi. Hann var að tala um fjas hjá mér. En heldur hv. þm. virkilega, að fulltrúar þjóðarinnar séu svo hrifnir af litlu pólitísku kvörninni úr Vestur-Húnavatnssýslu, að þeim þyki skemmtilegt að heyra hann vera að mala sundur þjóðþrifamálin á þinginu.

Hv. þm. var svo djarfur að bregða mér um, að ég sé að reyna að bregða fæti fyrir áhugamál yfirsetukvennanna, maðurinn, sem játaði síðast í ræðu sinni, að hann vildi helzt ekki, að þær fengju neina launabót. Menn vita, að hann er á móti öllum launabótum; hann vill aðeins vera með þessu frv. í þeirri von, að hann geti með því móti komið í veg fyrir, að ljósmæðurnar fái verulega launabót. Það virðist hlutverk þessa hv. þm. að vera á móti hagsmunum þeirra, sem við verst kjör eiga að búa í þjóðfélaginu. Við munum, hvernig hann tók í launahækkun barnakennara. Í hverju máli stendur þessi hv. þm. upp og malar og malar, alltaf það sama. Það er undarlegt, ef hann heldur, að nokkrum sé unun að öllu þessu endalausa mali. (HK: Malar skítug kjaftakvörn). Það er hálfleiðinlegt, að þessir pólitísku litlukallar skuli setja ofan í við þm., þegar þeir vilja fylgja fram áhugamálum sínum með festu og einurð. (HJ: Þessa pólitísku stórlaxa).

Í fyrra stóð meiri hl. þessarar hv. d. einhuga með þeim till., sem ég flyt nú. Hví skyldi vera orðin breyting á aðstöðu hv. d. síðan í fyrra?

Það sjá allir, sem um það hugsa, hvað hér er um alvarlegt mál að ræða, þar sem yfirsetukonur vantar í 30 umdæmi, eftir því sem læknarnir segja. Það er lítil umhyggja fyrir hinum afskekktu sveitum, ef ekki er reynt að ráða bót á þessu. Og jafnvel þó ekki hefði vantað nema í 15 umdæmi, eins og sýslumennirnir segja, þá væri það ákaflega tilfinnanlegt. Það virðist ekki mikil alvara hjá þeim mönnum, sem þykjast bera hag sveitanna fyrir brjósti, ef þeir vilja ekki einu sinni sinna jafnsjálfsagðri kröfu og þeirri, að þær geti fengið yfirsetukonur.

Hv. þm. talaði um, að margar sýslunefndir greiddu ekki ljósmæðrum dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna, og var að brýna mig á því, að ég hefði ekkert ámælt sýslunefnd míns kjördæmis fyrir það. Ég get lýst því yfir, að ég get hiklaust ámælt hverri þeirri sýslunefnd og hvar sem er, sem ekki notar heimildina til að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót. En hvaða rök eru það gegn þessu máli, þó að sýslunefndirnar séu líka ósanngjarnar gagnvart ljósmæðrunum? Er ekki enn meiri ástæða til, að ríkið bæti kjör þeirra, þegar þær fá ekki dýrtíðaruppbótina?

Ég skal ekki þreyta hv. d. lengi, en vísa til þess, sem ég hefi sagt um þetta mál, bæði við fyrri umr. þess nú og á þinginu í fyrra. Treysti ég hv. d. til að meta réttilega kröfur þessarar þýðingarmiklu stéttar þjóðfélagsins, sem jafnframt hefir orðið harðast úti.

Að síðustu vil ég benda hv. þm. V.-Húnv. á það, að það er ekkert þjóðþrifaverk að standa upp til að andmæla í hvert skipti þegar rétta á hlut lítilmagnanna. Það verður enginn stór af því. Ég hefi raunar ekki búizt við, að þessi hv. þm. stækkaði mikið á þeim málum, sem hann fjallar um hér, en allra sízt stækkar hann af þessu, og ekki þolir hann að minnka.

Frsm. 2. minni hl. (Hannes Jónsson): Hv. þm. Dal. talaði mikið um, hvað ég malaði mikið. Ég hefi alls ekki ætlað mér að mala hv. þm.; ég ætlaði einmitt að fara mjúkum höndum um hann, svo

hann yrði óskaddaður, þegar hann fer næst að biðla eftir atkvæðum. Enda held ég hann malaðist illa, því hann er allt of mjúkur fyrir.

Út af öllu þessu kvarnarhjóði í hv. þm. Dal. fór ég að hugsa um það, að einmitt hann sjálfur hefir malað meira og betur en nokkur annar stjórnmálamaður þessa lands.

Eitt sinn hafði þessi maður um sig stóran flokk. En hann malaði og malaði, þangað til allur flokkurinn var sundraður. Á sömu stundu og hann varð var við, að allt var að hverfa úr kvörninni, fór hann að svipast eftir einhverju öðru til að mala. Jú, hann kom auga á einhverja sterkustu peningastofnun landsins, Íslandsbanka. Hann skipaði sjálfan sig bankastjóra, og hélt svo áfram að mala, þangað til minna var eftir af bankanum en ekki neitt. Áður en Íslandsbanki var búinn, fór hv. þm. enn að svipast eftir einhverju öðru í kvörnina. Og hann fann hvorki meira né minna en annan stærsta stjórnmálaflokk landsins. Tryggði hann sér þar hina beztu aðstöðu og tók svo til að mala. Enginn veit enn, hve langt líður, þangað til hann er búinn að hreinsa eins rækilega til þar, sem hann er nú, eins og hann gerði þar, sem áður var gamli Sjálfstæðisflokkurinn og Íslandsbanki. En vegna hans margreynda dugnaðar á þessu sviði má gera ráð fyrir, að honum endist aldur til þess. E. t. v. finnur hann að því loknu enn verkefni við sitt hæfi, ef honum auðnast fleiri lífdagar, því hann er fæddur dugnaðarmaður. Þó er það efamál, nema því aðeins, að hann fái svipaða aðstöðu eins og í gamla daga, þegar hann skipaði sjálfan sig bankastjóra.

Hv. þm. Dal. kvaðst reiðubúinn að ámæla hvaða sýslunefnd sem væri, sem léti það undir höfuð leggjast að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót. Hann ætti þá held ég að byrja á að kristna sýslunefndina í sínu kjördæmi. Sýslumaðurinn þar sendi svo hljóðandi svar við spurningu hæstv. fjmrh.: „Vantar ekki ljósmæður sýslusjóður greiðir enga dýrtíðaruppbót". — Svona eru nú sýslunm. í Dalasýslu óguðlegir. Hv. þm. ætti nú að taka saman það allra hjartnæmasta úr yfirsetukvennaræðum sínum, búa til úr því gómsætan graut og senda til sýslun. kjördæmis síns, til að vita, hvort hún hætti þá ekki að níðast á þessum þarfasta þjóni þjóðfélagsins, sem mér skildist hv. þm. telja ljósmæðurnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta við hv. þm. Ég býst við að verða aldrei eins stór og hann, a. m. k. ef hann á við líkamlega vöxtinn. Á þverveginn verð ég það a. m. k. ekki, og ekki á hinn heldur nema því aðeins, að hv. þm. eigi eftir að bogna svo af raunum sínum, að hann verði ekki hærri í loftinu en ég, þótt smár sé.

Hákon Kristófersson: Ég hafði hugsað mér að láta þetta mál afskiptalaust nú. Þó stend ég ekki upp nú vegna þess, að ég telji þörf á að hjálpa hv. þm. Dal., því hann mun maður á móti hv. þm. V.-Húnv.

Þegar talað var um mölun, datt mér í hug gamall vísupartur:

„Malar skítug kjaftakvörn
klækjagjörn á Fúlutjörn".

Ég held hv. þm. V.-Húnv. rísi upp í hverju máli hér og mali, þó ekkert komi undan kvörninni. Ferst honum því eigi að brígzla öðrum um malverk.

Hann brígzlaði hv. þm. Dal. um illa meðferð á Íslandsbanka. Af því það mál er hv. þm. Dal. svo nákomið, tel ég rétt að taka svari hans að því er það snertir.

Ég vil þá benda á það, að hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að ekki beri að saka núv. bankastjórn Íslandsbanka um það, hvernig komið er. Það er því ekki annað en frumhlaup hins ógætna manns, að vera að saka hv. þm. Dal. um mistök á bankastjórn hans. Þó hann sé ekki talinn verðugur að vera bankastjóri áfram, verður það sýnilega ekki talin hans sök. En það endurtekur sig hér gamla sagan, að þegar menn eru komnir í algert rökþrot, fara þeir að fálma eftir persónulegum brigzlyrðum, sem æfinlega koma harðast niður á þeim sjálfum.

Hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að hv. þm. Dal. mundi mala þangað til ekkert yrði eftir af Sjálfstæðisflokknum. Ég býst nú ekki við, að hann taki sér þau ummæli nærri. Það skiptir alltaf mestu, hver það er, sem segir hvað eina. Ef einhver merkur maður hefði látið sér þetta um munn fara, hefði verið erfitt að sitja

undir því, en þegar vill nú svo vel til, að það er bara hv. þm. V.-Húnv., þá auðvitað tekur enginn mark á því. Um orð hans fer eins og um sæðið, sem féll í hina grýttu jörð.

Ég sé, að hv. þm. Mýr. er að hvísla einhverju hnyttiyrði að flokksbróður sínum, hv. þm. V.-Húnv. Honum sýnist hann sennilega vera að verða mun minni en hann áður hefir verið, og þykir ekki vanþörf á að rétta honum hjálparhönd.

Hv. þm. talaði um það, að flestar sýslur á landinu létu undir höfuð leggjast að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna. Finnst honum það eftirbreytnisvert? Til þessa geta legið ýmsar ástæður, t. d. of mikil sparnaðarhvöt. Þannig hefir það verið í Barðastrandarsýslu fram á allra síðustu tíð. Þetta fer alveg eftir því, hvað sýslunefndirnar eru sanngjarnar, alveg eins og afdrif mála hér á Alþingi fara eftir því, hvað hv. þm. V.-Húnv. og flokksbræður hans, sem skipa meiri hl. nú, eru sanngjarnir.

Því hefir verið slegið fram, að launagreiðslur til yfirsetukvenna sýndu, að ekki væri eins mikil vöntun á ljósmæðrum og haldið hefir verið fram. En launagreiðslan er alls ekki einhlítur mælikvarði á það, hvað víða vantar yfirsetukonur, því sumstaðar mun sömu konunni vera greitt fyrir tvo hreppa. Svo er það í einum stað í Barðastrandarsýslu. Eins og ég hefi áður vikið að, vantar yfirsetukonu í Geiradalshrepp, þrátt fyrir endurteknar áskoranir til landlæknis. — Látið þið nú eitthvað verða eftir af hv. þm. V.-Húnv.! Þið megið ekki safnast svo í kringum hann, að hann hverfi alveg. — Hv. þm. sagðist vilja ganga að þeim umbótum á kjörum ljósmæðra, sem felast í því frv., er fyrir liggur. Það er rétt, að í því eru dálitlar umbætur. En þó hv. þm. Dal. vilji ekki fallast á það frv., sem honum finnst ganga allt of skammt, þó hann vilji ekki falla frá þeim till., sem hann er sannfærður um, að séu réttmætar, þá finnst mér síður en svo, að hann sé ámælisverður fyrir það.

Nú þykja mér hvíslingarnar ganga nokkuð langt, þegar hv. þm. V.-Húnv. er farinn að hvísla að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh: Ég banna, að þetta sé látið sjást í Alþt.!). Hv. þm. V.-Húnv. er líklega í liðsbón. Þar hefði hann nú fengið liðtækan mann, ef honum hefði tekizt að fá hv. 2. þm. G.-K. í lið með sér; en hann er nú geðslegri en svo, að hann gangi undir merki hv. þm. V.-Húnv.

Ég lái hv. þm. ekki, þó hann fari í liðsbón. En ég vildi sem eldri og reyndari maður ráðleggja honum að draga nú netin í land. (ÓTh: Full af yfirsetukonum). Nei, full af hans eigin heimsku, svo ég segi ekki annað verra.

En ef ég vildi draga inn í umr. óskyld mál, eins og hv. þm. V.-Húnv., þegar hann var að brígzla hv. þm. Dal. um Íslandsbanka, þá gæti ég brigzlað honum um framkomu hans gagnvart mér í sambandi við meðferð vegalaganna, á meðan ég var fjarstaddur, um alla sviksemi og undirferli hans. (Forseti hringir). Mér er raun að því, þegar jafnágætur maður og hæstv. forsetinn okkar er að hringja á mig. Ég held hann sé bara að minna hv. þm. V.-Húnv. á að tala ekki af sér næst þegar hann talar, með því að hringja fyrirfram. Ég a. m. k. legg þannig út hringingar hæstv. forseta, því það getur ekki verið, að hann álíti neitt ofmælt hjá mér, svo einstaklega hógværum og orðblíðum manni.

Þegar ég lít yfir till. hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Reykv., finnst mér engin ástæða til að mæla á móti þeim. Að vísu virðast umbæturnar, sem í þeim felast, e. t. v. koma mest niður þar, sem þröfin er minnst. Það hefir hv. þm. V.-Húnv. ekki minnzt á. (HJ: Ég ætlaði hv. þm. Barð. að gera það). Það er gott, að ég hefi þá fengið tækifæri til að hjálpa hv. þm.

Það eru svolitlar umbætur í frv. því, sem hér liggur fyrir. En þar sem launabæturnar, sem brtt. fara fram á, eru þær minnstu, sem hv. flm. þeirra telja viðunandi, þá er ekki nema sjálfsagt og rétt af þeim að halda þeim til streitu, þó þeir verði e. t. v. að sætta sig við, að þingmeirihl. felli þær. Það er vitanlega álitamál, hvað rétt er að hækka launin mikið. Hvað víða vantar yfirsetukonur, getur verið af ýmsum ástæðum, en þó er sýnu nær, að það takist að fá ljósmæður í þau umdæmi, sem laus eru, ef boðin eru sæmileg kjör. Ljósmæðurnar eru stað-

bundnar í þeirri sveit, sem þær starfa í, svo að þær þurfa að fá meira kaup heldur en sæmilegar kaupakonur.

Ég vona, að minn ágæti vinur, hv. þm. V.-Húnv., fallist nú á, að það er varhugavert að vera á móti jafnsanngjörnum till. og hv. þm. Dal. Sé ríkissjóði um megn að greiða þessa launahækkun, þá eru honum ekki síður um megn ýmsar aðrar greiðslur, sem hv. þm. V.-Húnv. hefir greitt atkv. með. Það kemur lítið þessu máli við, þó hreppstjórar og oddvitar hafi lítil laun. Það bætir ekkert úr skák fyrir ljósmæðurnar, þó fleiri en þær verði e. t. v. fyrir ranglæti.

Ég ætla að enda mál mitt með því að fullvissa hv. þm. V.-Húnv. um það, að uggur hans út af því, að hv. þm. Dal. geri eitthvað, sem sundri Sjálfstæðisflokknum — hann nefndi það nú að mala, af því hann kann svo vel við það orð — er alveg ástæðulaus. Hv. þm. og flestir hans samherjar eru svo ákaflega sorgbitnir yfir því, að Íhaldsflokkurinn skuli hafa skipt um nafn og nefnt sig Sjálfstæðisflokk, vegna þess að þeir óttast, að fylgi hans muni minnka við það! En þau heilindi!

Frsm. 1. minni hl. (Sigurður Eggerz): Ber er hver að baki, nema sér bróður eigi. Ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir það, hve fast hann hefir staðið við hlið mér í þessari baráttu. (**HK:** Hv. þm. mátti vita það).

Hv. þm. V.-Húnv. vildi kenna mér um stöðvun Íslandsbanka. Ég hefi engan tíma til að fara út í það mál nú, vísa til þess, sem ég hefi áður sagt, en vil aðeins segja við hv. þm.: „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er", og þá er ég hræddur um, að fyrir þeim geiri muni einhver verða, sem hv. þm. allra helzt vildi hlífa fyrir spjótslögum.

Hv. þm. sagði, að ég hefði verið að tryggja mér aðstöðu í Sjálfstæðisflokknum og að ég hefði malað gamla Sjálfstæðisflokkinn sundur. Fyrst vil ég nú segja það, að það er eitthvað alveg nýtt, að þingmenn reyni að tryggja sér aðstöðu í andstöðuflokkum stjórna; vanalega leita þeir í stjórnarflokk, sem vilja tryggja aðstöðu fyrir sig, en um það verð ég ekki sakaður. Annars lít ég öðruvísi á flokka en hann. Ég lít svo á, að það geri ekki svo mikið til, þó að flokkar falli, ef þau mál, sem þeir hafa barizt fyrir, komast fram, standa eins og klettur úr hafinu. Og það stærsta mál, sem var á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins og ég barðist fyrir, er ennþá uppi og fylgt fast fram af Sjálfstæðisflokknum nú. Þess vegna er ég í honum. Annars veit hv. þm. vel, að eftir að sambandslögin voru samþ., þá riðluðust flokkarnir hér í landinu. En hv. þm. V.-Húnv. lítur öðruvísi á flokka en ég; það er auðséð. Í hverjum flokki er flokksskoðun, þ. e. skoðun forráðamanna og meiri hl. flokksins, og þar að auki hafa margir menn í flokknum sína sérskoðun. Þá vill oft fara svo, að sérskoðun þeirra og sannfæring verði að víkja fyrir flokksskoðuninni, svo að þeir verða eins og verkfæri í hendi flokksins. Þannig held ég, að það sé nú með hv. þm. V.-Húnv. Hann er ekki að halda hér fram sinni sérskoðun, heldur er það flokksskoðunin. Það, sem hann ber mér á brýn, er alveg það sama og ég hefi verið ásakaður um í Tímanum, aðalblaði þess flokks, sem hv. þm. er í. Það er ekki andi hv. þm., sem kemur fram í ræðum hans, heldur er það andi hins mikla læriföður hans og hans flokksbræðra.

Hv. þm. sagði. að ég hefði alltaf verið að mala eitthvað. Frumleikinn er nú ekki meiri en það, að hann er nú að taka upp líkinguna, sem ég viðhafði um litlu kvörnina á Hvammstanga. En sleppum nú því; hann sagði, að ég hefði malað allt mögulegt í sundur, en hver veit nema ég geti þá haldið áfram að mala í sundur allar framsóknarvitleysurnar, sem hvíla nú eins og mara á þjóðinni. En svo ég víki að flokkunum, þá er flokkstilbeiðslan í landinu orðin svo mikil, að menn oft gleyma landsheildinni. Í kringum Framsóknarflokkinn er byggður kínverskur múr. Fyrir innan þann múr ræður aðallega flokksskoðunin eða skoðun lærimeistarans, sem ég minntist á áðan. Ég veit, að það ber alltaf minna og minna á sérskoðunum. Við og við heyrist einskonar útburðarýlfur fyrir innan múrana; það eru pólitískt fordæmdar sálir, sem eru að reyna að lyfta sér upp fyrir múrana, en reka sig á hina háu fangelsismúra og brjóta vængina. Hver veit nema

hv. þm. V.-Húnv. hafi einhverntíma langað til að fljúga; en framsóknarmúrarnir eru nú orðnir svo háir, að ég held það sé vonlaust, að hann nokkurntíma komist upp yfir þá. Hve sorglegt!

Einar Jónsson: Það er nú búið að þrátta svo mikið um þetta mál, að ég held að ég megi láta þar við sitja og bíða eftir atkvgr.; hennar verður víst ekki svo langt að bíða. En ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á það, sem farið hefir hér fram undanfarna daga.

Ég tók engan þátt í eldhúsdagsumr., þó að þær væru langar. Ég finn ekkert að því í sjálfu sér, þó að mikill tími fari í eldhúsdagsumr., en ég tók eftir því, að gegn því álasi, sem hæstv. stj. varð fyrir af mörgum skýrum mönnum, var ekkert frá henni að heyra nema sjálfshól og að hún hefði alltaf gert það bezta, sem hægt var að gera. Ég skal ekki fara út í það, en þegar hæstv. stj. var búin að ganga gegnum þessa þraut, þá lítur út fyrir, að hún hafi fengið hv. þm. V.-Húnv. til að standa fyrir svörum fyrir sína hönd á móti okkur sjálfstæðism. Af því mér er vel við hv. þm. V.-Húnv., vil ég vara hann við að haga sér eins og hann hefir gert og láta aðra hafa sig til að koma svona fram. Það er óvíst, að það verði honum neitt til góðs að vera að reka hornin svona í aðra á báða bóga. Hann gerir þetta að vísu fyrir orð hæstv. stj., og gerir það vel, en af því ég er vinur hans, vil ég ráða honum til að gera það ekki. Honum er sigað á sjálfstæðismenn af stj., ég vil ekki segja eins og hvolpi, en eins og seppa. Það er ekki heldur rétt af stj. að nota sér það svona, að þessi hv. þm. er þægari en aðrir. Hann á það ekki skilið, því að hann er góður drengur og þm. alveg eins og hinir.

Ég mun ljá þessu máli atkv. mitt, en þó ekki fylgi mitt. Ég vil gjarnan, að hægt verði að afgreiða málið sem fyrst, því að mér leiðist þetta langa málþóf.

Frsm. 2. minni hl. (Hannes Jónsson): Það eru sérstaklega tveir hv. þm., sem hafa nú sótt að mér, þeir hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Barð. Það liggur eitthvað svo hræðilega illa á þeim, og þó veit ég ekki til, að neitt hafi komið fyrir þá nú síðustu dagana nema að þeir fóru báðir heim til sín. Það virðist einkennilegt, að það skyldi hafa svona áhrif á þá; mér finnst, að það hefði miklu fremur átt að spekja þá heldur en hitt. Ég veit að vísu, að það er sauðnautskálfur í námunda við heimili hv. 1. þm. Rang., sem hefir víst stangað hann í þessari ferð, svo að hann hefir lært að haga sér eins og hann gerir nú, þegar ég er að reka í hann hnflana, eins og hann orðaði það.

Það er ekki rétt, að ég hafi ráðizt á Íhaldið við þessar umr., og mér hefir ekki verið otað fram af neinum nema öðrum minni hl. n., því að ég hefi framsögu fyrir hann. Þess vegna verð ég að tala hér, enda þótt það sé ekki skemmtilegt að vera að deila við hv. þm. Dal. Hv. 1. þm. Rang. er að mestu leyti sömu skoðunar og ég, og hv. þm. Barð. að nokkru leyti líka. Hann hefir sýnt það, að hann hefir tekið eftir umr. frá því í fyrra um þetta mál og vill ekki veita þeim launauppbót, sem sízt þurfa hennar með, eins og kom fram á síðasta þingi. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., og ætti það að verða til þess, að hann greiddi atkv. á móti brtt.

Ég held, að ég verði að sleppa að mestu leyti að minnast á hv. þm. Dal. Hann var að minnast á flug. Það er eðlilegt; hann er svo mikill flugfálki. Þegar hann er að tala, ber hann sig til eins og hann ætli að hefja sig til flugs fram yfir borðið og fljúga eftir öllum listarinnar reglum.

Hann er samt ekki farinn að hefja sig til flugs ennþá, en fer vist bráðum til þess, en það væri bara betra fyrir hann, ef hann gæti grennt sig lítið eitt áður, því að eins og hann er nú, verður hann varla háfleygur. Honum hefir ekki tekizt ennþá að vera háfleygur, nema þegar hann er að tala um þá miklu áþján, sem yfirsetukonurnar verði að þola.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Þessir hv. þm. eru eitthvað svo illir á stallinum, sérstaklega hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Barð., og er það undarlegt, þar sem þeir eru nýkomnir heiman frá sér.

Einar Jónsson: Ég skal ekki eyða löngum tíma til að karpa við hv. þm. V.-Húnv., en þar sem hann var að reka hnflana í mig, þá held ég, að ég verði að reka þá í hann aftur.

Hv. þm. gaf í skyn, að ég hefði orðið fyrir áhrifum frá sauðnautinu. Ég skammast mín ekkert fyrir að hafa komið í námunda við þá skepnu. Hv. þm. var víst ekki með, þegar landbn. fór austur til að sjá sauðnautskálfinn, enda býst ég við, að hann hefði ekki orðið neitt glaður yfir að sjá slíka fígúru sem hv. þm. Landbn. gat ekki komizt nærri sauðnautinu, það er hrætt, þar sem það er þarna eitt síns liðs, en við því er ekki gott að gera, þar sem ekki er nema þessi eina kvíga til á landinu, svo að enginn er til að vera þar hjá henni, nema ef það væri hv. þm. V.-Húnv.

Hann var að tala um það, hv. þm., að við hv. þm. Barð. værum eitthvað svo gramir síðan við komum heiman frá okkur og hitt, að eitthvað sérstakt hefði komið fyrir okkur, sem hann skildi ekkert í. Ég veit ekki til, að það geti verið neitt nema við uggðum það, að eitthvað illt kæmi fyrir í þinginu. T. d. hefi ég heyrt, hvernig hv. þm. V.-Húnv. hefir hagað sér, meðan ég var í burtu. Hann vill gera vel, það má hann eiga, en honum tekst það ekki, því að hann vill gera allt, sem hann er beðinn. Því er hann stundum afvegaleiddur, en það þýðir ekki að reyna slíkt við mig og ekki við þm. Barð. heldur. (**HJ**: Ef ef til vill ekki hægt að leiða þá afvega?). Hv. þm. getur komið og reynt það, og séð, hvort það ber mikinn árangur.

Forseti (BSv): Fyrst þegar þetta mál var hér til umr., voru aðeins haldnar hér ræður, sem einhverju máli skiptu, en síðan fækkaði svo í deildinni, að um tíma voru þar aðeins 5 menn. Það er því varla von, að menn viti, hvaða mál er hér á dagskrá. Ég vil því, þessum mönnum til leiðbeiningar, taka það fram, að hér eru til umr. breytingar á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Hákon Kristófersson: Ég get verið stuttorður. Hv. þm. V.-Húnv. var að beina því til mín, að ég væri illur á stalli, síðan ég kom heiman frá mér. Ég veit ekki til, að ég hafi staðið við sama stall og hann. Ég held, að hingað til hafi hann getað etið óáreittur úr sinni jötu fyrir mér, og býst við, að svo verði hér eftir. Ég hefi aldrei tekið neina tuggu frá munninum á honum og mun ekki gera, og vísa því þeim ummælum með öllu á bug. Svona löguð orð eru aðeins orð rökþrota manna, ekkert annað.

Hv. þm. virðist álíta, að hann hafi komið sérstaklega kurteislega fram við þessar umr. Heyr á endemi! Hvenær hefir maður heyrt þennan hv. þm. koma fram kurteislega? Ég vil mótmæla öllum þessum óþinglegu orðum hans, sem sýna aðeins, hve mikið lítilmenni hann er, svo að maður segi nú sannleikann. Hann er að tala um það í þingræðum, hvort menn séu vel eða illa skapi farnir. Þar með sýnir hann, að hann er á hátindi sinnar lítilmennsku. Hæstv. forseti þessarar deildar sagði, að þessar ræður mínar kæmu ekki málinu við. Við höfum ágætan forseta, og þetta getur verið alveg satt, sem hann segir, en ég vil taka það fram, að það er ómögulegt að komast hjá því að fara út fyrir dagskrá, þegar önnur eins vesalmenni hafa framsögu og hér er og eru með þá illkvittni, sem ómögulegt er að ganga framhjá.

Ef svo skyldi vera, að ég hafi verið eitthvað skapverri en ég á vanda til eftir að ég kom heiman aftur, þá þurfti það ekki að vera af öðru en heilagri vandlætingu yfir allri sviksemi hv. þm. V.-Húnv., er hann hefir sýnt í þeim málum, þar sem við höfum unnið saman.

Ég sé, að hv. 1. þm. Rang. er farinn, en ég bið hv. þingbræður mína að skila því til hans, að ég veit engin dæmi þess, að nokkrum manni hafi dugað að skipa mér eftir sínu höfði, þótt hann ætlaði að gera það í sinni ræðu. En til hv. þm. V.-Húnv. vil ég mæla það að lokum, að hafa skal holl ráð. en hafna ekki, og vona ég, að hann taki nú til einhverra annara raka en þeirrar illkvittni, að bregða mönnum um skapbresti, þótt þeir fari heim í héruð sín í þeim erindum, sem ég fór. Slíkt og annað eins gera ekki nema hin verstu lítilmenni.

Forseti (BSv.): Málið hlýtur að vera orðið þrautrætt, þar sem menn eru fyrir löngu hættir að koma nálægt því. Finnst mér, að menn hafi nú þegar fengið að skemmta sér nóg við annað, og tel vænlegast, að atkvgr. fari fram.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki tekið þátt í umr., en vil gera grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég hefi undanfarið verið þessari launahækkun mótfallinn. Stafar það þó ekki af því, að ég hafi eigi séð, að hér var þörf á hækkun, heldur af því, að ég hefi viljað halda fast á fjármálum ríkissjóðs. En nú er þvílík stjórn eða óstjórn á fjármálum ríkissjóðs, að óverjandi er að standa á móti slíkum launabótum, þegar stj. eys bitlingum á báða bóga til gæðinga sinna, og því mun ég greiða till. hv. þm. Dal. atkv. mitt.

Frsm. 2. minni hl. (Hannes Jónsson): Það voru aðeins örfá orð til þeirra hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Rang. Þeir sögðu, að verið væri að ota mér fram. Mér þykir nú auðvitað ekki nema virðing að því, ef íhaldsmenn ætla að fara að hefja sérstakan eldhúsdag á mig. Þó mun ég ekki hirða um að svara gífuryrðum þeirra. Mun það mála sannast, að þeim hafi verið sigað af stað, því að nú eru þeir farnir að hanga í skottinu hvor á öðrum, svo að þeir ganga bitnir og blóðrisa.

Hákon Kristófersson: Hér er engan eldhúsdag verið að hefja á hv. þm. V.-Húnv. Hann er sama prúðmennið og vitmaðurinn og hann er vanur, svo að slíks þarf ekki með. Ég hafði engin gífuryrði um hann, en hann viðhafði lítilmennskuorð um mig, sem ekki geta komið nema frá dæmafáum smámennum, sem varla standa upp úr skítnum. **(Forseti hringir).** Ég held, að af þessu framferði hv. þm. megi draga, að sálin sé engu stærri en líkaminn.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi hingað til verið á móti breyt. á launalögunum, af því að svo er ákveðið í þeim, að þau skuli verða endurskoðuð. Stj. hefir svikizt um að framkvæma þessa endurskoðun, og því get ég ekki lengur staðið á móti því, að svo lágt launaðir starfsmenn sem ljósmæður fái launakjör sín bætt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil gera nokkra grein fyrir atkv. mínu. Ég hefi áður fylgt þeim, sem lengst hafa viljað ganga í þessu máli. En vegna þess, hve stutt er eftir þings, og útlit er fyrir, að frv. nái ekki fram að ganga, ef brtt. hv. þm. Dal. verða samþ., en hinsvegar allmikil réttarbót fólgin í frv. frá því, sem nú er, mun ég greiða atkv. með því, en á móti brtt.

ATKVGR.
Brtt. 287 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, BSv.
nei: HStef, HJ, IngB, JS, JörB, LH, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ.
Einn þm. (MJ) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

11. Siglingalög.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914 (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 239).

Forseti (BSv): Sjútvn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Eins og hæstv. forseti hefir skýrt frá, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. Ég vil aðeins bæta því við, að þetta frv. er afleiðing af því frv., sem hér er næst á dagskrá (frv. til sjómannalaga). Eins og skýrt er frá í grg. þess frv., er sá kafli, um réttarfarslega aðstöðu skipshafnar, tekinn út úr siglingalögunum. Við þessa röskun þurfti að kerfa siglingalögin, og er það, sem þá verður eftir af gömlu siglingalögunum, allstór bálkur. Þetta frv. er gert í samræmi við það. Ef annað frv. nær fram að ganga, verður hitt líka að gera það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JJós, JÓl, JS, BSv.

Átta þm. (MJ, PO, TrÞ, BSt, BÁ, HV, JAJ, JörB) fjarstaddir.

2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 4).

Á 66. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 473).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og tók þar engum breyt. frá því, sem það var lagt fyrir þingið.

Í sambandi við þetta frv. er næsta mál á dagskránni, frv. til sjómannalaga, og tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um þau bæði nú, þegar þetta mál er til umr.

Sjómannalagafrv. er tekið út úr siglingalögunum og er nú gert að sérstökum lögum. Auk þess er það breytt allmikið, en af því leiðir það, að þar sem það er tekið út úr siglingalögunum, þá falla niður allmargar greinar þeirra laga, ef þetta frv. verður samþ. Að öðru leyti eru þær breyt., sem gerðar eru á siglingalögunum með þessu frv., fremur smávægilegar, og hefir n. ekkert við þær að athuga. En þar sem svona stendur á, þá leiðir af því, ef bæði þessi frv. verða samþ., að siglingalögin verða fremur óaðgengileg til notkunar, en eru þó þess eðlis, að þau þurfa að vera aðgengileg, vegna þess að fjöldi manns þarf að nota þau; t. d. er skipstjórum gert að skyldu að hafa nægan fjölda eintaka á hverju skipi, til þess að skipshafnir hafi greiðan aðgang að þeim. Það er nokkuð annað með þau lög, sem ætluð eru dómurum og lögreglustjórum landsins. Af þessu leiðir það, að n. taldi rétt að bera fram brtt. við frv. þetta, þess efnis, að meginmál þessara laga skyldi fellt inn í siglingalögin og þær breyt. á siglingalögunum, sem leiðir af sjómannalögunum, teknar til greina, og lögin þannig gefin út.

Nú kom hæstv. atvmrh. til mín í gær og óskaði þess, að þessi brtt. n. kæmi ekki til atkv. nú við 2. umr., vegna þess að hann taldi, að það gæti komið fyrir, ef breyt. yrði sett inn, að það kynni að verða málinu að strandi, af því að nú er orðið áliðið þings. Ég hefi borið mig saman við annan meðnm. minn um þetta, að verða við tilmælum ráðherrans um það, að láta þessa brtt. ekki koma undir atkv. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að honum myndi kannske vinnast tími til að rannsaka í Nd., hvort nokkur hætta yrði á því, að frv. yrði ekki samþ. við eina umr.,

því ef svo yrði, þá vildi hann heldur, að frv. gengi fram eins og það er nú, þótt seinna þyrfti að fella það inn í siglingalögin.

Að öðru leyti hefir n. ekkert við frv. að athuga og leggur til, að það verði samþ., með þeim fyrirvara, að n. geymir sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 473 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 527).

---

12. Sjómannalög.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til sjómannalaga (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 298, 322).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er samið af sömu mönnum og ráðuneytið skipaði til þess að gera till. um breyt. á siglingalögunum. N. hefir haft hina sömu aðferð og tíðkazt hefir hér á landi um siglingalöggjöf, að taka til fyrirmyndar nýjustu löggjöf Norðurlanda og víkja í fáu þar frá. Það vill svo vel til, að Norðurlandalöggjöfin hefir nýlega verið endurskoðuð með tilliti til siglingalöggjafar annara þjóða, svo þetta má telja traustan grundvöll — enda ávallt nauðsynlegt að siglinga- og sjómannalög séu áþekk í nálægum löndum og höfum.

Þessi hv. d. samþ. 1928 að skora á stj. að breyta íslenzku siglingalögunum í samræmi við þessa nýju norðurlandalöggjöf. Nefndin hefir haft þá aðferð að skipta lögunum í tvo bálka, sjómannalög og siglingalög. Eru því tekin út úr siglingalögunum öll ákvæði, sem varða stöðu sjómanna á skipi.

Þetta frv., sem hér er borið fram, er um ráðningarsamning skipstjóra og skipverja, um rétt skipstjóra yfir öðrum skipsmönnum o. s. frv. Aftur eru önnur ákvæði um skipverja, sem helzt kunna að valda ágreiningi, ekki tekin upp í þessi lög, t. d. um hvíldartíma þeirra.

Sjútvn. hefir farið rækilega yfir frv. og borið það saman við núgildandi siglingalöggjöf á Íslandi og Norðurlöndum og hvernig breytt hefir verið til með tilliti til íslenzkra staðhátta. Skoðun sjútvn. er sú, að frv. sé vel og sanngjarnlega samið, og leggur til, að það verði samþ. með tveimur smábreyt., og er hvorug efnisbreyting. Brtt. n. eru á þskj. 298. Auk þess hefir hv. 2. þm. G.-K. borið fram nokkrar sértill., sem ekki komu fram fyrr en n. hafði skilað áliti sínu. N. hefir farið yfir þessar till. og tekið afstöðu til þeirra, og mun ég lýsa henni, þegar þm. hefir gert grein fyrir máli sínu.

Ólafur Thors: Ég hefi leyft mér að koma hér fram með nokkrar brtt. við þetta frv. og ætla að leyfa mér að gera örstutta grein fyrir þeim. Sjútvn. hefir tekið þær til athugunar og hefir orðið þeim að ýmsu leyti sammála, þó með nokkrum undantekningum.

Þessar brtt. mínar eru á þskj. 322. 1. brtt. er við 1. gr. frv., og ætla ég ekki að ræða hana hér. Ég álít hana til bóta, en skipta ekki verulegu máli og tek hana því aftur. Hún hefir ekki fengið undirtektir í n. og mun því ekki ná fram að ganga.

2. brtt. er við 6. gr. Hún miðar að því, að ráðningartíma skipstjóra sé slitið, ef skipið verður fyrir sjótjóni, ef það er

dæmt óbætandi eða ef skipið af öðrum óviðráðanlegum ástæðum ekki verður starfshæft eða tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma. Greinin sjálf tekur fram, að ráðningarsamningi skipstjóra skuli slitið, ef skipið verði fyrir sjótjóni eða það er dæmt óbætandi, en mér finnst sanngjarnt að bæta því við, að sama skuli gilda, ef skipið af óviðráðanlegum ástæðum er tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég held, að n. sé mér sammála um þessa breyt.

3. brtt., við 8. gr., má eiginlega kalla leiðréttingu eða skýringu. Breyt. er í því fólgin, að það er tekið fram, að um ráðningarkjör skipstjóra gildi það einu, hvort hann hafi vissan hlut af farmgjaldi, eins og er í gr., eða af afla. Ég held, að n. sé mér sammála um þetta.

B-liður brtt. leiðir af hinni og þarf því ekki frekari skýringar.

4. brtt. er við 9. gr. Þar er mælt svo fyrir, að skipstjóri ráði stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja. Ég legg til, að hann segi þeim einnig upp. N. mun vera mér sammála um þetta. „Segja upp" er í raun inni leiðinlegt orðalag, en ég hefi ekki getað fundið neitt fallegra orð um þá athöfn.

5. brtt. er við 13. gr. Eftir frv. má segja upp ráðningarsamningi í höfn, er ferma skal skipið eða afferma. Ég legg til, að það megi einnig á ráðningarstað, þótt ekki eigi þar að ferma skip né afferma. Ég held, að n. sé mér sammála um þetta.

Þá er b.-liður. Hann miðar að því, að uppsagnarfrestur á íslenzkum fiskiskipum sé ekki fastákveðinn. Þetta hefir þýðingu að því er snertir hásetana, en eftir frv. eiga þeir að hafa 7 vikna uppsagnarfrest. Ég held, að frá sjónarmiði útgerðarmanna sé þeim sama. En hásetum er þetta óheppilegt. Sjómönnum er þetta fremur til baga en útgerðarmönnum. Ég held, að n. sé mér sammála um þetta. Þó hefir hv. 4. þm. Reykv. ekki sagt álit sitt um það. — Ég bið hv. frsm. n. að fyrirgefa, að ég skýri hér frá því, hvernig n. hefir litið á þetta mál.

6. brtt. er við 20. gr. 1. mgr. Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að skipverji geti krafizt þess, að ⅔ hlutar af kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni hér á landi eftir ávísun, eða að þessi hluti kaupsins sé lagður inn í banka eða sparisjóð hér á landi. Ég geri hér þá brtt., annarsvegar að greiðsla fáist ekki nema framvísað sé viðskiptabók sjómannsins, og hinsvegar að ganga ekki inn á þá kvöð, sem leggja á á útgerðarmenn, að leggja féð inn í banka eða sparisjóð, ef þess er óskað. Ég held, að n. sé mér sammála um að fella þessa kröfu niður.

7. brtt. er við 27. gr. Hún er um það, hvað lagt skuli á útgerðarmann eða skipstjóra, ef skipverji veikist eða slasist. Eins og gr. er nú, leggur hún kvöð á hendur skipstjóra, ef einhver skipverja veikist eða slasast, en mér þykir sanngjarnt, að þessi kvöð falli fyrst á útgerðarmann eða skipstjóra, ef skipverji veikist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm. Um þessa till. er n. mér sammála.

Þá er önnur smábreyt. á því, að skipverjar fá greiðslu fyrir húsnæði meðan á sjúkdómi stendur. Ég álít ekki sanngjarnt, að útgerðarmaður þurfi að greiða fyrir húsnæði, ef maður liggur á sínu heimili. Ég held, að n. sé mér sammála um þetta, nema hv. 4. þm. Reykv., sem ég veit ekki um.

Þá er 8. brtt., við 28. gr. Ég tel hana að sumu leyti sanngjarna og til bóta. En eftir samkomulagi við n. tek ég þessa brtt. aftur. Að vísu er þetta peningaatriði og hefði mátt þrengja þessa kvöð, en hún stríðir á móti heilbrigðri skynsemi, og tek ég hana því aftur.

Þá kem ég að 9. brtt., við 30. gr. Sumir nefndarmenn vilja svo vera láta, að sú brtt. sé engin efnisbreyt., heldur bara tilfærsla til betra máls. En sú tilfærsla hefir ekki farið betur en svo, að n. hefir sjálf orðið að bera fram brtt. við þessa brtt., um að í stað orðsins „greftrun" komi: útför. Fyrir mér vakti það, að ef 8. brtt., við 28. gr., yrði samþ., væri þetta alger efnisbreyt.

Næst kemur 10. brtt., við 34. gr. Hún er eiginlega afleiðing af brtt. við 13. gr., um að hafa uppsagnarfrestinn 1 dag. En ef brtt. við 13. gr. verður ekki samþ., mun ég taka þessa aftur.

Ég vil leiða athygli hv. nm. að því, að í frv. stendur „26. gr." þar sem á að standa 36. gr. Og þó að mér sé það sízt í skapi að

vera meinlegur, get ég ekki stillt mig um að stinga því að formanni n., að mér finnst broslegt, að einmitt ég skuli rekast á þessa prentvillu, ég, sem hefi fengið þessar óskapa skammir bæði í blöðunum og hér á þingi fyrir að mæta aldrei á nefndarfundi. En hinir miklu starfsmenn í nefndinni gátu ekki fundið prentvilluna.

11. brtt. er við 37. gr. Hún fjallar um það, hvern rétt skipverjar hafi, sem fara af skipinu, af því að ferðaáætlun hefir breytzt frá því að þeir réðu sig. Okkur þótti sanngjarnt, að í slíku tilfelli hefði skipverji rétt til að fara, og hafi þá kaup frá því hann fer og þangað til hann kemst á ráðningarstaðinn. N. var sammála um þessa brtt., nema kannske hv. 4. þm. Reykv.

Næsta brtt. er við 40. gr. Ég ætla ekki að fjölyrða um hana. Hún er mjög meinlaus, en óþörf, og n. er sammála um hana.

13. brtt. er við 41. gr. Hún leiðir af 2. brtt., við 6. gr. Ef sú till. verður samþ., má samþ. þessa án atkvgr., þ. e. a. s. a-liðinn. b-liður sömu till. fer fram á litla og sanngjarna leiðrétting til handa sjómönnum af skipi, sem hefir farizt eða strandað. Gr. mælir svo fyrir, að ef sjómenn taki þátt í björguninni þann tíma, sem þeir þurfa að bíða þess vegna, skuli þeir hafa kaup. En n. þótti sanngjarnt, að við þetta bættist, að sjómennirnir hafi og kaup, meðan þeir þurfa að bíða eftir ferð frá strandstaðnum.

Loks kemur c-liðurinn um að 3. gr. falli niður. Það er aðalbrtt. við lögin. Sannleikurinn er sá, að í þessu frv. hefir verið falið gamalt deilumál hér úr hv. d., án þess að menn hafi eiginlega tekið eftir því. Samkv. frv. er svo ráð fyrir gert, að ef skip ferst og munir skipverja týnast, eigi útgerðarmenn að borga skaðann. Menn mun reka minni til þess, að hvað eftir annað hefir hér verið borið fram frv. sama efnis, en það hefir æfinlega verið fellt. Frv. hefir lagt á herðar útgerðarmannsins þá skyldu, að vátryggja muni sjómanna. En það virðist engin ástæða vera til þessa, nema sjómennirnir sjálfir greiði iðgjöld af vátryggingarupphæðinni, en það hafa flm. ekki viljað. Nú er búið eða smeygja þessu ákvæði inn í löggjöfina, og ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að ef þeir samþ. þessa gr., fallast þeir um leið á þetta gamla deilumál. Þetta er að vísu ekkert mikilvægt atriði, en hinsvegar er engin ástæða til þess, að sjómenn greiði ekki sjálfir iðgjald af vátryggingarupphæðinni.

14. brtt. a og b er tekin aftur, og af því leiðir, að 1. brtt. er tekin aftur.

Að lokum ætla ég aðeins, í tilefni af ræðu hv. frsm., að segja það, að ég er honum ekki sammála um, að þessi lagabálkur sé til sérstakra bóta, í fyrsta lagi vegna þess, að siglingalögunum er skipt í skýra kafla, sem eru aðgreindir, og væri því eðlilegt að reyna fyrst að lagfæra einstaka kafla siglingalaganna, og í öðru lagi af því að þessi nýju lög ná hvergi nærri yfir öll málefni sjómanna. Mikið er skilið eftir í siglingalögunum, og veldur þetta óeðlilegum ruglingi.

Þessi lög virðast vera samin eftir norrænu sjómannalögunum, enda hafa þau fengið mikinn svip af þeim; en norrænu sjómannalögin eru enginn sameiginlegur lagabálkur fyrir Norðurlönd, nema að forminu til, af því að sitt á við í hverju landi, og gildir það auðvitað einna helzt hjá okkur, fyrst og fremst vegna okkar sérstöðu í fiskiveiðamálunum. Ég álít, og ég hefi um það umsögn mér fróðari manna, að sérstöðu okkar Íslendinga sé ekki nægilega gætt við samning þessa lagabálks. Þessa aths. hefi ég viljað gera almennt, til þess að leiðrétta það, sem hv. frsm. sagði um, að n. væri öll sammála um, að lögin væru til mikilla bóta. Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en legg þó til, að frv. verði samþ. Ég álít hinsvegar, að n. hefði með eins góðum — og betri — árangri getað beint starfi sínu í þá átt, að breyta siglingalögunum, með hliðsjón af sérstöðu okkar Íslendinga í fiskiveiðamálunum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. G.-K., er n. sammála um till. á þskj. 322, að undanteknum 2, sem hv. þm. hefir tekið aftur, og 2. brtt. b, sem stendur í nánu sambandi við aðaltill. hv. þm., sem sé 13. till. c-lið. Sú till. er hin eina verulega till. hv. þm. Ég vil nú fyrir hönd n. bera fram þær skriflegu brtt., sem hv. 2. þm. G.-K. gat um. Önnur er við 6. gr., en hin við 9. gr.

Þær hafa báðar lítilvægar breyt. inni að halda, og a. m. k. þá síðari má samþykkja án atkvgr.

Ég skal víkja nokkru nánar að 13. till. c. Hv. þm. sagði, að gamalt deilumál væri falið í frv., og gaf í skyn, að það mundi hafa leynzt fyrir hinum starfsömu nefndarmönnum, sem sátu úttaugaðir nótt og dag við afgreiðslu frv. En ég hygg ekki, að þetta ákvæði hafi farið framhjá nefndarmönnum. Ég hefi t. d. alltaf verið því fylgjandi, að útgerðarmenn bæru ábyrgð á farangri sjómanna. Starf n. var einkum í því fólgið að bera réttarbætur íslenzkra sjómanna í þessum lögum saman við réttarstöðu sjómanna annarsstaðar á Norðurlöndum. Í konunglegri sænskri tilskipun, útgefinni 22. des. 1922 samkv. 6., 41. og 70. grein sænsku sjómannalaganna, segir svo: „För förlust av effekter vid fartygs förolyckande skola de å fartyget anställda personer, vilka äro antagna av redaren eller befälhavaren, av redaren erhålla ersättning, som, där ej överenskommelse träffats om högre ersättning eller nyanskaffningsvärdet av förlorade effekter visas vara mindre, skall utgå med följande belopp“ .... o. s. frv.

Sama er að segja um norsku og dönsku lögin, og þessar Norðurlandareglur eigum við að taka okkur til fyrirmyndar. Hér þýðir ekki til lengdar að spyrna á móti þeim réttindum, sem aðrir sjómenn á Norðurlöndum hafa þegar aflað sér. Hér er ekki um að ræða að „smeygja“ einhverju ákvæði inn í lögin, sem ekki á þar að vera, heldur er farið beinlínis eftir Norðurlandalöggjöfinni. Við þetta bætist, að sú n., sem skipuð var samkv. þál. á þingi 1928, fékk það verkefni, að gera till. um breyt. á siglingalögunum með tilliti til gildandi laga á Norðurlöndum, svo að í raun og veru liggur þegar fyrir þál. um þetta atriði.

Ég skal ekki segja margt um hinar almennu hugleiðingar hv. þm. um frv. Hann er mér ekki sammála um, að það sé til bóta, og færði fyrir því 2 ástæður. Önnur var sú, að rétt væri að hafa einn lagabálk um þessi mál, en mér finnst rétt að hafa í þessu efni sömu skipting og annarsstaðar á Norðurlöndum. Það, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa komið sér saman um, er á engan hátt minnkun fyrir okkur að taka upp. Það er bara leitt, að við skulum vera heilum 10 árum á eftir þeim. Við hefðum sannarlega átt að eiga okkar mann í þeirri nefnd, sem að þessum málum starfaði á árunum 1918—21.

Hv. þm. gat um, að sérstaða okkar Íslendinga væri meiri en hinna þjóðanna. En þeir, sem athuga frv. gaumgæfilega, munu sjá, að það er einmitt tekið sérstakt tillit til okkar sérstöðu. Hv. þm. hefði átt að bera fram brtt., fyrst hann er svona óánægður. En einmitt brtt. hans sanna, að frv. er til bóta, því að þó að leitað sé með logandi ljósi, eru þær allar mjög smávægilegar, nema þessi eina, við 41. gr. Meðan hv. þm. ber ekki fram sterkari rök eða veigameiri brtt., leyfi ég mér að endurtaka, að frv. sé vel samið og til bóta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla bara að láta í ljós ánægju mína yfir afgreiðslu þessa máls og taka undir það með hv. frsm., að það er ljóst af afgreiðslu þess frá n., að frv. er myndarlega undirbúið.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar brtt. Það hefir hv. frsm. gert vel og rækilega. Ég vil aðeins minna á, að það er almennt viðurkennt, að okkar sjómenn sómi sér sérstaklega prýðilega í samanburði við sjómenn annara þjóða. Af því má það vera ljóst, að löggjöf okkar má ekki gefa þeim minni rétt en stéttarbræður þeirra njóta í öðrum löndum. Og er það aðalsvipurinn yfir þessum lagabálki.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefir verið lýst brtt. og m. a. tekið fram, að ég hafi fallizt á þær flestar. Þó eru örfáar brtt., sem ég get ekki fellt mig við og hefi því sérstöðu um. Sú fyrsta er b-liður 5. till., við 13. gr. Ég er á þeirri skoðun, að heppilegast sé að hafa uppsagnarfrestinn eins og við höfum lagt til í frv. — 1 mánuð fyrir yfirmenn, og 1 viku fyrir undirmenn. Ég hygg, að þegar allt kemur til alls, þá muni menn fella sig bezt við, að einhver frestur sé fastákveðinn, og ekki mjög stuttur. Ég játa, að þetta kemur misjafnlega niður á ýmsum tímum. Þegar ekla er á fólki og mikið að gera, eru menn fúsari til skipta. En aftur á móti ef mikið er framboð og menn vilja gjarnan fá

sitt fasta pláss, þá vilja þeir hafa einhvern uppsagnarfrest. Ég veit, að þetta gengur sitt á hvað. En ég held, að þegar maður gerir þetta upp, þá sé fyrir báða aðilja heppilegast, að uppsagnarfrestur sé nokkur, til þess að menn geti með nokkrum fyrirvara vitað, hvað í vændum er. En um nokkurt skeið hefir það verið svo, að mönnum er sagt upp, ekki með sólarhrings fyrirvara, þó að gert sé ráð fyrir svo löngum fresti í eldri lögum. Stundum hefir fyrirvarinn ekki verið nema einn klukkutími. Allir eru sammála um, að það sé óheppilegt. Hinsvegar kemur sér illa fyrir útgerðina, ef sjómaður segir upp starfi á sömu stundu og skip skal leggja af stað.

Ég held þess vegna alveg fast við þá brtt., sem við höfum borið fram, að uppsagnarfrestur sé ein vika. Hitt er minna atriði, sem 7. brtt. fer fram á. Um þennan ágreining milli útgerðarmanna og sjómanna út af því, hvað greiða skuli fyrir legudaga, hefir fallið dómur, sem grundvallaður var á því, sem áður gilti í dönskum lögum. En yfirleitt eru menn þeirrar skoðunar, að útgerðarmanni beri að annast húsnæði sjómanna í veikindatilfellum, hvort heldur þeir liggja heima hjá sér eða á spítala. Venjulega tapa þeir líka kaupi í sínum veikindum, svo að þeir eru ekki ofhaldnir af þessu. Um langt skeið hafa verið greiddir dagpeningar í þessum tilfellum, 3 kr., en ekki lyf né læknishjálp. Útgerðarmönnum þótti þetta heldur mikið og spannst þref út af því. Dómarinn komst að þeirri niðurstöðu, að þessi upphæð mætti teljast sæmileg. Það kemur fullilega í ljós í Norðurlandalöggjöfinni, að farmenn eru tryggðir í heimahúsum fyrir öllum kostnaði, sem leiðir af veikindum. Ég verð því að lýsa yfir því, að ég er á móti þessari 7. brtt., enda þótt ég játi, að hún sé ekki sérlega stórvægileg.

Um brtt., sem ég tek aftur, er ekkert að segja. En um 9. brtt., sem hv. 2. þm. G.-K. flytur, má eiginlega segja, að hún sé orðabreyt. En ég hefði viljað fá eitt skýrt hjá honum í sambandi við þessa brtt. Ef t. d. maður drukknaði af skipi og lík hans næðist, myndi þá ekki að sjálfsögðu útgerðarmaður eiga að annast útförina, eins og þótt maðurinn dæi af sjúkdómi eða meiðslum? (**ÓTh**: Jú, alveg tvímælalaust. Það bið ég þingskrifara að bóka). Með slíkum fyrirvara get ég gengið inn á þetta orðalag.

Hv. frsm. hefir nú gert aðalatriðum þessa máls svo skýr skil, að ég tel óþarft að fjölyrða um þau á þessu stigi málsins. Við hljótum líka að ganga inn á þá reglu, sem er algild um öll Norðurlönd, og þótt víðar sé leitað, að útgerðarmenn tryggi fatnað og muni skipverja gegn eyðileggingu af óviðráðanlegum orsökum. Ég fjölyrði ekki heldur um það, en álít, að við getum varla verið þekktir fyrir að haga okkur öðruvísi í þessu efni en aðrar þjóðir, sem ég hefi nefnt. Á brezkum siglingaskipum gilda þessi ákvæði einnig.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði nokkuð um það, að bagi væri að uppsagnarfrestinum, og fleiri ummæli hefi ég skrifað hjá mér, sem ekki er þörf að svara frekar.

Því hefir verið haldið fram, að þetta frv. sé ekki til bóta. En ég hygg, að reynslan sýni, að þegar farið verður að framkvæma þessi lög, muni þau þykja til mikilla bóta. Það yrði of langt mál að skýra í öllum atriðum, í hverju réttarbæturnar felast; til þess er ekki tími nú. En til að svara fyrirspurn skal ég geta þess, að þessi löggjöf hjá okkur gildir um öll skip yfir 12 smál., nákvæmlega það sama og hjá nágrönnum okkar austan megin hafsins.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri tekið tillit til okkar sérstöku staðhátta. Um þetta má lengi þræta. En ég er ekki sammála um það, að við höfum neina sérstöðu. Við miðum við okkar nágranna. Við höfum togaraútgerð eins og Bretar, og við höfum fiskiveiðar með allskonar öðrum tækjum eins og nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum. Og ég finn ekki neina sérstöðu hjá okkur. Við höfum síðan 1914 búið við norræna sjólöggjöf, og þetta er stæling á þeirri löggjöf, eins og hún er nú. Á það hefir verið bent af hv. frsm., að ef nokkuð á að vera sameiginlegt með þjóðum, þá skal það vera siglingalöggjöfin. Þess vegna er ekki rétt að deila á okkur, þótt við höfum ekki þrætt neinar nýjar götur. Allt miðar að því að sameina þessa löggjöf sérstaklega meðal þjóðanna.

Forseti (BSv): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá sjútvn. við brtt. á þskj. 322. Til

þess að brtt. þessi geti komið til umr. og atkvgr., verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 365) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem leggur til, að þetta frv. verði samþ.

Ég veit ekki, hvort orð mín hafa fallið óskýrt í fyrri ræðu minni, en mér finnst bæði hv. frsm. og hv. 4. þm. Reykv. hafa dálítið misskilið mig. Ég sagði nefnilega ekki, að það hefði ekki verið tekið tillit til ísl. staðhátta, heldur, að það hefði ekki verði tekið nægilegt tillit til ísl. staðhátta.

Ég hefði kosið, að þessi lög væru afgr. í nokkuð öðru formi — með öðrum svip — heldur en liggur fyrir. En fyrir því get ég samþ. þau að vísu, að ég álít þau til bóta frá því, sem er.

Í tilefni af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, þá er í sjálfu sér nóg að vísa til fyrri ræðu minnar. Ég skal aðeins geta þess út af þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. varpaði fram, og ég svaraði þá samstundis, að skyldur útgerðarmanna ná alveg jafnt til að standast útfararkostnað manna, sem drukkna af skipum, ef líkið næst, eins og ef þeir deyja á sóttarsæng.

Mér þykir ekki rétt að láta alveg óandmælt þeirri fullyrðingu hv. 4. þm. Reykv. — sem mér skildist einnig koma fram hjá hv. frsm., — að við Íslendingar höfum enga sérstöðu í þessu máli. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér væru togaraveiðar eins og á Bretlandi, og yfirleitt aðrar veiðar eins og þar og með öðrum nágrannaþjóðum. Það er nú svo, að þessi sjómannalöggjöf er — eins og hann sjálfur sagði — stæling af Norðurlandalöggjöfinni, en ekki löggjöf Breta, en þar skilur einmitt nokkuð á milli. Það er af því, að það hagar að ýmsu leyti öðruvísi til hjá þeim en hjá okkur. Og ég leyfi mér að benda einnig á það, að Norðurlandalöggjöfin er alls ekki eins í öllum löndunum, af því að löggjafarnir hafa fundið, að ekki dygði að stæla um of löggjöf annars lands í þessu efni, heldur yrði að hafa hugfast, hvað ætti sérstaklega við það land, sem lögin áttu að gilda fyrir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara ummælum hv. 4. þm. Reykv.

Um það, sem hv. frsm. sagði, get ég verið stuttorður, enda hefi ég sumpart svarað honum með því, sem ég beindi til hv. 4. þm. Reykv.

Hv. þm. vildi telja mig hafa afsakað þau ummæli mín, að ég áliti, að lögin tækju ekki nægilega tillit til ísl. staðhátta með því að hafa borið fram brtt. við frv., en þó ekki borið fram fleiri brtt. Þetta gæti náttúrlega verið rétt, en það þarf ekki að vera rétt. Ég vil segja hv. þm. það, að eftir því sem ég hefi kynnt mér lög um þetta efni og eftir upplýsingum frá fróðum mönnum, þá hefði talsvert víðtækar breyt. orðið að gera, hefði verið farið eindregið inn á þá braut, og ég treysti mér ekki til að láta vinna það verk. Það væri starf milliþinganefndar, sem fengi talsverða greiðslu fyrir sitt starf. Og þá er þess ekki að vænta, að einstakir þm. megi við að leggja þann tíma og þá vinnu í málið, sem þyrfti til þess að koma með gagngerðar breyt., sem vel eiga við. Ég hefi þess vegna reynt að leiðrétta einstök atriði, þar sem gott var að koma leiðréttingu við.

Um 41. gr. vil ég segja, að það eru náttúrlega engin rök, sem hv. frsm. hefir fært fram og hæstv. atvmrh. tekið undir með nokkrum fögrum og lofsamlegum orðum um sjómannastéttina —, að við séum skyldir til að fara eftir öðrum þjóðum í því efni. Til þess þurfum við að athuga, hvernig afstaða þessara tveggja stétta, sjómanna og útgerðarmanna, er hvorrar til annarar, hvaða hlunnindi og skyldur þær hafa hvor gagnvart annari. Ef það væri svo, að ísl. sjómenn byggju við lík kjör og sjómenn nágrannaþjóða, nema í þessu eina atriði, þar sem ísl. sjómenn eru verr settir, þá væri þetta vitaskuld alveg sjálfsagt. En það hefir ekki verið framkvæmd nein rannsókn í þessu efni, og það þarf ekki, því að okkar sjómenn eiga yfirleitt við betri launakjör að búa, miklu betri en sjómenn margra nágrannaþjóða. Og reyndar verðskulda þeir það, því að þeir hafa meira erfiði, þeir eru miklu duglegri en allir aðrir sjómenn, sem Íslendingar hafa sögur af.

Ég verð að segja alveg eins og er, að þetta deilumál er ekki frá mínu sjónar-

miði til þess fallið að vera kappsmál, því að þetta er lítilfjörlegt atriði. Þessar brtt. hefi ég borið fram fyrst og fremst af því, að ég hefi viljað gera þá skyldu mína að vekja athygli hv. þm. á því, að þetta gamla deilumál er innifalið í þessari löggjöf.

Ég skal taka það fram, að ég hefi talað við þá af mínum flokksmönnum, sem eru fulltrúar fyrir sjávarútveginn, og teljum við þetta raunar til hagsbóta að því er snertir togaraútgerðina, enda hygg ég, að fáir togaraútgerðarmenn borgi sínum sjómönnum ekki skaða, sem þeir bíða við það, að togari ferst. En ef þeim er lögð þessi skylda á herðar, verður það til þess, að þeir vátryggja eignir sjómanna. Ef til vill mætti búast við, að útgerðarmenn smábáta gleymdu því að vátryggja, og yrðu því hart úti, ef þeir þyrftu að greiða skaðabætur. En ég hefi nú talað við þá úr mínum flokki, sem eru umboðsmenn þessara manna, — og það er ég líka að því er snertir smábátaútgerð á Suðurnesjum —, og okkur kom saman um það, að það megi gera ráðstafanir til að afstýra því, að þetta valdi nokkru stórtjóni, enda er farangur á þessum smábátum tiltölulega minni.

Ég held þess vegna, með samþykki þessara manna, að ég taki aftur þessa till. til samkomulags, og get ég með því gefið hv. 1. þm. S.-M. tilefni til að halda fast við sína aðstöðu og taka hana upp. (SvÓ: Þetta nær ekki til báta undir 12 smálestum). Nei, en það eru ákaflega margir bátar yfir þessari stærð, sem þetta gæti komið fremur illa niður á. En ég býst samt við, að þeir útgerðarmenn, sem ég er fulltrúi fyrir, muni ekki taka þessu þunglega.

Nú vona ég, að hv. formaður (SvÓ) álíti ekki, að ég sé að svíkja sig, þó að ég taki till. aftur, því að raunar hefi ég ekki borið mig saman við hann. Mér er þetta ekki meira kappsmál en það, að ég tek aftur till. nr. 13. c, við 41. gr., og þar af leiðandi b-lið 2. till. við 6. gr.

Sveinn Ólafsson: Ég vil ekki tefja umr. að óþörfu, en verð að víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. G.-K. Mér fannst honum ekki farast karlmannlega, þegar hann í ræðulok gafst upp við sitt áhuga- og stefnumál. Mér fannst það ófyrirsynju gert af honum að gefa þessa yfirlýsingu, því að ekki datt mér í hug að hvarfla frá þeirri skoðun, sem ég áður hafði lýst um þessa hluti, né heldur, að hann mundi gera það. Hinsvegar ætla ég ekki í trássi við hann — þegar svona stendur á — að taka upp till. af nýju.

Ég skal kannast við það, að þegar ég lagði fram brtt. á þskj. 298 og óskaði þegar nál. var samið, að þær yrðu teknar upp, þá sást mér yfir þetta ákvæði um ábyrgð útgerðarmanns á farangri skipverja, sem í sjálfu sér er mjög óeðlileg; — ella hefði ég lagt til breyting á því. Ég er ekki óhræddur um, að þetta ákvæði, að skylda útgerðarmenn fortakslaust til að vátryggja eða greiða bætur fyrir muni sjómanna, sem glatast, megi misnota. Og þess vegna hefi ég á undanförnum tveimur þingum verið á móti að lögbjóða slíka tryggingu. Ég held, að það sé ekki rétt hjá hv. þm., að þetta frv., um tryggingu á fatnaði sjómanna, hafi verið fellt. (ÓTh: Því var vísað til stj.). — Það getur verið; en ég hygg þó helzt, að það hafi dagað uppi. Þetta tryggingarákvæði fyrir skipverja má misnota á þann hátt, að skjóta undir það þeim verðmætum, sem aldrei hafa verið til, þegar skipreika ber að höndum og krefjast bóta fyrir þau. Að öðru leyti er ekki ástæða til að deila um þetta. Ég get unað við frv. með þeim brtt., sem eru á þskj. 298 og 322, þótt ekki sé mér grunlaust um misnotkun þessa tryggingarákvæðis.

Ólafur Thors: Ég verð að segja það við okkar gamla og góða form. sjútvn., að ég sé ekki ástæðu til að fara að rjúka upp og taka á móti hanzkanum, þó hann segi, að ég gefist upp. En ég vil spyrja, hvers vegna hann hefir ekki viljað taka upp till. Er það ekki af því, að hann telur þetta skipta svo litlu máli? Ég hefi áður haldið því fram, að réttast væri að tryggja þessa muni á kostnað sjómannanna sjálfra. (SvÓ: Ég hefi viljað það líka). En þess er nú enginn kostur, og það liggur hér ekkert fyrir um það. Ef á að leggja kapp á þetta atriði, verður að taka upp till. um það.

Annars vil ég benda næstv. atvmrh. á, að samkv. reglugerð hinna norsku sjó-

mannalaga er þess krafizt, að menn geti sannað, að þeir munir, sem vátryggðir eru og tapast, hafi verið til. Vil ég nú skora á hæstv. ráðh. að hafa þá reglugerð til fyrirmyndar í þessum efnum hjá okkur. Ennfremur vænti ég, að hann gæti þess, að beitt verði fyllstu sanngirni gagnvart bátaútveginum að því er snertir vátryggingarskyldu á munum og gjaldtaxta.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Út af ummælum hv. 2. þm. G.-K. vil ég taka fram, að þessi lög eru samin með hliðsjón af samskonar löggjöf á Norðurlöndum, og tel ég því sjálfsagt, að þau verði framkvæmd á sama hátt og reglugerðir sniðnar eftir hliðstæðum fyrirmyndum hjá Norðurlandaþjóðunum.

Það liggur í augum uppi, að meiri muni er um að ræða á stórum togurum til langrar útivistar, sem þörf er á að vátryggja, heldur en á smáskipum og mótorbátum, og verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess.

ATKVGR.

Brtt. 322,1 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 322,2.a. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 322,2.b. tekin aftur.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 322,3.a.—b. samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 322,4. samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 322,5.a. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 322,5.b. samþ. með 19:4 atkv.
— 322,5.c. samþ. með 15:4 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 365,1. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 322,6., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—26. gr. samþ. með 22 shlj atkv.
Brtt. 322,7.a. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 322,7.b. samþ. með 18:3 atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 322,8. tekin aftur.
28.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 365,2. samþ. án atkvgr.
— 322,9. svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 322,10. samþ. með 17:3 atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 322,11. samþ. með 18:2 atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 298,1. samþ. án atkvgr.
39. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 322,12. samþ. með 18:2 atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 322,13.a. samþ. með 21 shlj. atkv.
— 322,13.b. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 322,13.c. tekin aftur.
41. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
42.—56. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 298,2. samþ. með 21 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 322,14.a.—b. tekin aftur.
58.—93. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 368).

Sigurjón Á. Ólafsson: Það liggur hér fyrir smávegis brtt. Ég held ég megi skila því til deildarinnar frá hv. 2. þm. G.-K., að hann sé þeirri brtt. algerlega sammála. Breytingin er í því fólgin, að aftan við orðin „Deyi skipverji af sjúkdómi“ komi: slysum eða meiðslum. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á þessa litlu brtt., sem er aðeins til að fyrirbyggja misskilning.

ATKVGR.
Brtt. 368 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 377).
Á 67. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 472).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd n. hefi ég ekki mikið að segja um þetta frv. Það er allmikill lagabálkur, sem hefir verið allvandlega athugaður í hv. Nd., en það skal játað, að sjútvn. þessarar d. vannst ekki tími til að athuga frv. eins nákvæmlega og þörf hefði verið á með jafnmikinn lagabálk. En þar sem n. var kunnugt um, að sjútvn. Nd. hafði málið til meðferðar næstum allan þingtímann og lagði mikla vinnu í það, þótti henni tryggt, að n. myndi hafa athugað frv. það vel, að óhætt væri að samþykkja það. Þó las n. frv. yfir og bar þá staði saman við gildandi lög, sem henni þótti ástæða til. Ég hefi líka átt tal við sjútvn. Nd. um þetta mál, og skýrði hún mér frá því, að eins og frv. væri nú, hefði n. öll staðið saman um það. Það voru gerðar nokkrar breytingar á því í hv. Nd.; voru þær gerðar til samkomulags, og með því að mikil vinna hefir verið lögð í þetta mál, sér n. ekki ástæðu til annars en að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.
N. telur töluverða bót að því að hafa þessi lög í sérstökum bálki, þegar búið er að framkvæma það, sem við bendum á, sem sé að samræma siglingalögin við þessi sjómannalög.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið og hefi fyrir n. hönd ekki fleira að segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
9.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
31.—37. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
44.—48. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
51.—54. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
55.—58. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
59. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
60.—61. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
62.—69. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
70.—72. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn V. kafla samþ. án atkvgr.
73.—79. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
80.—91. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn VI. kafla samþ. án atkvgr.
92.—93. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og VII. kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

13. Skeiðaáveitan.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (stjfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Skeiðaáveitan er gamall og nýr gestur hér á Alþingi. Nú síðustu árin hafa 5 þing haft um það að fjalla, að létta undir með greiðslur, en síðasta Alþingi veitti stj. heimild til að skipa n. og gera frekari ráðstafanir í þessu máli. Landsstj. skipaði síðan þessa n., og hefir hún að mínu áliti leyst verk sitt mjög vel af hendi, og samið þetta frv. og ítarlega grg. þess. N. þessi hefir unnið í samráði við landsstj., en mál þetta hefir margar hliðar og krefst ítarlegrar athugunar, og ég hygg, að n. hafi farið rétta leið til að sigla fyrir öll þau sker, sem voru á vegi hennar. Og nú verður þetta mál að fá endanlega afgreiðslu.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka liði, því að það yrði ekki annað en endurtekning grg. Ég vil aðeins geta þess, að mönnum kann að virðast sem landbn. eigi að hafa mál þetta til meðferðar, en ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu eftir nákvæma íhugun, að fjvn. á að fjalla um þetta mál, þar sem aðalatriði málsins er till. um fjárframlög úr ríkissjóði. Það mælir og með því, að mál þetta verði sent til fjvn., að einn þeirra manna, sem hefir átt sæti í milliþinganefndinni, á þar einnig sæti, og svo hv. 1. þm. Árn., þannig að búast má við, að málið fái þar góða afgreiðslu.

Ingólfur Bjarnarson: Ég er ekki við því búinn að svara fyrir n. hönd, en mér hefði fundizt, að mál þetta heyrði frekar undir fjhn. Þótt þetta mál yrði borið undir fjvn., þá er nú svo ástatt hjá henni, að enginn tími verður til að afgreiða málið fyrr en seint á þingi, því að framan af verður hún hlaðin störfum.

Pétur Ottesen: Mér virðist sem þetta mál heyri undir landbn., því að hún þarf að athuga, hvernig tekizt hefir til með þetta mál. Hitt er að vísu rétt, að hér er um útgjöld að ræða, en það hefir verið vani hér á þingi, að þegar ýmsar n. hafa fjallað um slík mál, hafa þær borið fjárhagsatriði þeirra undir fjvn., og nú er engin ástæða til, að þessu verði breytt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Fyrir mér er það ekkert aðalatriði í þessu máli, hvaða n. skuli fjalla um það. Én eins og ég gat um áðan, liggur það beinast við, af fleiri ástæðum en einni, að það verði fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjvn. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, HJ, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, BSv.
nei: HG, HV, IngB, JÓl, JS, JörB, MG, PO, BÁ.
Átta þm. (HK, JJós, JAJ, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, ÞorlJ) fjarstaddir.

Á 55. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 267 og 289).

Frsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Ég tel ekki þörf á að fara mjög mörgum orðum um frv. þetta, þar sem allítarleg grg. fylgir því frá n. þeirri, sem skipuð var samkv. 23. gr. fjárl. 1930. Sú n. átti að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsafkomu bænda á áveitusvæðinu, til að standa straum af áveitukostnaðinum. Till. og athuganir þeirrar n. fylgja frv., og er þar flest það fram tekið, sem þörf er að ræða í sambandi við þetta mál. En þar sem engin umr. hefir enn orðið um málið, þá vil ég þó víkja að nokkrum atriðum.

Það er nú orðið alllangt síðan nokkur áhugi fór að vakna hér sunnanlands fyrir áveitum. Á þeim tímum voru jarðræktaraðferðir allar nær því ókunnar, enda vantaði öll nauðsynleg verkfæri til að framkvæma þær, svo nokkru munaði. Áveitur voru þá hinar einu jarðræktarframkvæmdir, er um gat munað, sem menn komu auga á og hægt var að koma í framkvæmd. Safamýri var fyrir-

myndin. Þar hafði náttúran sjálf án aðstoðar mannanna gert stórfellda áveitu. Kringum 1870 ritaði Sveinn búfræðingur Sveinsson um þessi mál. Mun það hafa verið hið fyrsta, sem ritað var um slík efni. En lítill kraftur var þá til framkvæmda, enda vantaði alla fjárhagsaðstöðu til að ráðast í stærri framkvæmdir. Áhugi um þessar framkvæmdir helzt þó við, en það er fyrst þegar kemur fram yfir aldamót, að til framkvæmda fer að draga. Þá rætist líka nokkuð úr með peningamarkaðinn. Menn fóru líka að líta öðrum augum en áður á stærri fjárhæðir og hræðslan við að nota peninga minnkar. Áhuginn helzt enn vakandi og til framkvæmda í stærri stíl dregur bráðlega. Fyrsta af hinum stærri áveitum var gerð 1910. Það var Miklavatnsmýráraveitan. Eftir þeirri reynslu, er fékkst fyrstu árin, virtist hún gefa hinar beztu vonir. Kostnaður varð lítill, en góðar tekjur og bætt grasspretta í aðra hönd. Þessi reynsla, sem þarna fékkst, varð m. a. til þess, að Skeiðamenn fóru af alvöru að hugsa um áveitu hjá sér, á Skeiðin. Þeir áttu ötula og duglega forgöngumenn. sem lyftu undir málið, og 1916 var fyrst gerð áætlun um þessa áveitu. Nú var ástandið á Skeiðunum þannig og hafði verið svo, að stundum var þar mjög mikið grasleysi. Svo var það jafnan eftir þurrkavor; jörðin varð þá svo þurr, að gras spratt ekki og heyskapur varð enginn. Eftir votviðravor og í votviðrasumrum var þar á móti nóg gras, en þá urðu Skeiðin svo blaut, að ómögulegt var að ná því grasi. Skeiðamenn voru því næstum því jafnilla settir, hvort sem þurrkar eða votviðri voru, um heyskap sinn. Þessar voru þær ástæður, sem knúðu þá til að leggja út í þetta fyrirtæki, sem eftir því sem síðar hefir komið fram, hefir reynzt kröftum þeirra ofvaxið. En nú ber þess að gæta, að 1916 var aðstaðan nokkuð óvenjuleg. Þá var áhrifa ófriðarins farið að gæta talsvert um hærri afurðasölu út úr landinu. Hinsvegar var innlenda dýrtíðin nokkuð á eftir og fór fyrst að gæta fyrir alvöru á árunum 1918—1920. Gerir þetta skiljanlegra, að þeir lögðu út í þetta stóra mannvirki.

Sú áætlun, sem gerð var 1916, nam 103 þús. kr. Af þeirri upphæð átti ríkissjóður að greiða ¼ hluta, svo ekki voru nema 77 þús. kr., sem leggjast áttu á bak Skeiðabænda samkv. þeirri áætlun. Á þessum grundvelli var svo lagt út í fyrirtækið. Allt hefði líka farið sæmilega, hefði ekki allt farið fram úr áætlun. Allt verðlag breyttist þegar farið var að vinna verkið og varð miklu hærra en það hafði verið áætlað og búizt hafði verið við. Fram yfir hina upphaflegu áætlun var bætt vegna breyt. og viðauka 22 þús. kr., og fram yfir upphafsáætlun varð svo verkið tæpum 10 þús. dýrara. Allur annar kostnaður, þar með vextir af lánum meðan verkið stóð yfir og „óbilgjarna klöppin“ o. fl., nam hátt á þriðja hundrað þúsund kr. Allur kostnaður við áveituna er því talinn að vera kr. 422845.00. Það hefir nú verið nokkuð deilt um það, af hverju þessi hækkun stafaði. En í nál. er nú sýnt, í hverju hún liggur. Þó má geta þess, að um klöppina eru skiptar skoðanir. Einn verkfræðingur telur, að hún hafi kostað 78 þús. kr., annar, sem athugað hefir þetta, telur hann vera minni. En um það atriði er ekki hægt að deila, að kostnaðurinn hefir orðið miklu meiri en áætlað var, og það að mestu leyti af ófyrirséðum orsökum, sem Skeiðamenn eiga enga sök á. Um hitt mætti frekar deila, hvort Skeiðamenn hafa fylgt þeirri samþykkt um áveituna, sem gerð var 1917. Það má deila um það, hvort þeim bar ekki að jafna niður þegar í stað kostnaði við lántökur og vöxtum af lánum meðan á verki stóð, í stað þess að telja það allt til stofnkostnaðar, eins og þeir hafa gert. En eins og komið er, þá skiptir það ekki máli, því þetta verður ekki aftur tekið.

Áveitan tók til starfa 1923. En þá kom í ljós, að mistök höfðu orðið um upptöku vatnsins úr Þjórsá. Þegar áin var lítil, náðist ekki nóg vatn í aðfærsluskurðinn. Úr þessu var bætt á síðastliðnu vori. Er nú talið, að upptaka vatnsins sé alveg örugg í hvaða ári sem er. Sumarið 1924 var nóg vatn. Var þá gerð nokkur athugun um það, hvaða grasauka vænta mætti af áveitunni. Sú rannsókn sýndi, að vænta mætti æðimikillar aukningar. Þegar lagt var til grundvallar vatnslaust land, þá var tvöfalt gras við það, sem verið hafði undanfarið. Þetta sýnir það, að góðar

vonir má gera sér um áveituna, þegar hún er komin í fullt horf. Allt það land, sem áveitan nær yfir, eru 2890 ha. Og þegar áveitukostnaðinum er skipt niður á þetta land, þá verða það um 146 kr., sem kemur á hvern ha. Ég verð að segja í sambandi við þetta, að mér ægir ekki sá kostnaður, ef borið er saman við aðra grasrækt. Ef áveitulandið kemst langt í því að gefa af sér eins mikið og fæst af þurrrækt, sem styrkt er úr ríkissjóði með um 200 kr. hver ha., þá verð ég að segja það, að mér ægir ekki svo mjög, þótt ríkissjóður styrki áveituna með 146 kr. á hvern ha. Það eru a. m. k. engar öfgar, þó að það sé gert.

En það er margt fleira, sem þarf að athuga í sambandi við áveituna. Flóðgarðahleðsla hefir orðið mjög mikil og hafa bændur orðið að leggja mikla vinnu í þá. Er nú búið að hlaða flóðgarða, sem nema 36 þús. teningsmetrum, en eftir er að hlaða sem nemur 5000 ten.m. Þetta mikla verk hefir vitanlega kostað mikið og átt sinn þátt í því að rýra efnahag bænda. Auk þess hafa bændur orðið að byggja hlöður til geymslu á þeim aukna heyfeng, sem stafar frá áveitunni. Einnig fjós og aðrar byggingar vegna aukins bústofns. Nautgripum hefir fjölgað mikið síðan áveitan kom til framkvæmda. Allt þetta hefir í bili orðið til þess að þrengja efni bænda á áveitusvæðinu. En það er fleira, sem að því hefir stuðlað, að efni þeirra hafa rýrnað. Að nokkru leyti mun það hafa stafað af þeirri bjartsýni, sem kom fram á þeim tíma, sem peningar okkar féllu í verði. En einmitt um sömu mundir var banki settur á stofn í héraðinu, sem gerði aðgang að lánum mjög greiðan. En af þessu öllu saman hafa skuldir þessara bænda á öllu áveitusvæðinu orðið svo miklar, að þær nema nærri 7000 kr. að meðaltali á hvern mann. Þegar þar við bætist áveituskuldin, ef þeir ættu að greiða hana, sem er þá hátt á 11. þúsund, þá eru samtals meðaltalsskuldir á hvern bónda um 17 þús. kr., og geta allir séð, að það eru skuldir, sem ekki nær nokkurri átt, að menn geti almennt risið undir.

Það má líka geta þess, að meðallandsverð er 3300 kr., eftir jarðamatinu 1921, og húsakynni öll á sömu jörðum eru metin á 3200 kr. að meðaltali, svo að það eru 6500 kr. meðaltalsverð fasteigna í héraðinu. Ef litið er á þetta, sér maður, hve mikil fjarstæða það væri að ætlast til, að þessir menn standi straum af þeim skuldum, sem ég hefi nú nefnt.

Eins og tekið er fram í frv., þá gerir n. ekki ráð fyrir, að þessir menn geti, a. m. k. sumir hverjir, þrátt fyrir það, þótt farið sé mjög liðlega í sakirnar, staðið straum af skuldum sínum, og þó að svo og svo mikið sé gefið eftir af áveitukostnaðinum. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sumir af þessum mönnum verði áður að leita nauðasamninga; því að það er álit n., að ekki sé viðlit fyrir ríkissjóð að sinna þessu, nema um leið sé gengið svo frá, að þessum mönnum sé gert kleift að halda áfram búskap sínum og starfsemi.

Hér eru taldar tvær jarðir, sem eru eign hlutafélagsins Titan, en þess má geta, að frv. gerir ráð fyrir, að þessir jarðeigendur greiði allan kostnað, sem þeim ber að réttu hlutfalli, svo að ekki sé þörf á að taka þessar jarðir með í áveitukostnaðinum, því að greiðslur þeirra munu sennilega fást að mestu leyti með því að taka þær upp í skuldirnar. En n. er ekki alveg ljóst, enda er það sjálfsagt lögfræðispurning, hvort hægt sé að skilja þessa jarðeigendur eftir og gera þeim önnur skil en Skeiðabændum. En n. telur sjálfsagt, ef það er hægt, að láta þá greiða að fullu sinn áveituskaða.

Skuldir Skeiðaáveitunnar eru í árslok 1929 267 þús. kr. í veðdeild, og 19½ þús. eða rúmlega það í viðlagasjóði. Þetta gerir allt saman 287 þús. kr. skuld, sem þeir eiga að standa straum af, og ef skuldir þessara jarða Titans, Þjótanda og Skálmholtshrauns, sem eru 22400 kr., dragast frá, verða eftir 264878 kr., sem hvíla á 25 jörðum á Skeiðum. Af þessum skuldum eru árlegar greiðslur í veðdeild 15976 kr. og í viðlagasjóð 3280 kr., og verður þetta 19256 kr. á ári. Nú gerir frv. ráð fyrir, að Skeiðamenn verði látnir greiða 2% af skuldaupphæðinni, m. ö. o. greiða skuldina upp á 50 árum án vaxta. Þetta gerir í árlega greiðslu frá Skeiðamönnum 5297,58 kr., og á þá ríkissjóður að taka á sig um 14 þús. kr. á ári. Þessi greiðsla stendur þannig til 1943, en þá er viðlagasjóðslánið greitt upp, og frá 1944 til 1962

eru þá greiðslurnar sem hér segir: 1944—1956 10679 kr., eftir það í 6 ár 8 þús. kr., og hefir þá ríkissjóður greitt alls með vöxtum 368294 kr., eða hér um bil þessa upphæð. En svo er það, sem upp í þetta kemur. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að jarðirnar Þjótandi og Skálmholtshraun greiði 22400 kr., og það, sem Skeiðamenn greiða 1962—80, kemur líka hér til frádráttar. Það verða 95 þús. kr. Það verður þá ¼ millj. kr., sem ríkissjóður hefir greitt, þegar öllum greiðslum frá Skeiðamönnum er lokið. En upp í það hafði n. hugsað sér, að nokkuð kæmi þó.

5. gr. frv. gerir ráð fyrir verðhækkunarskatti á landverði. Hann á ekki að koma til fyrr en 1940, en sé þó miðaður við árið 1921. Er það gert með fullum vilja nefndarmanna, því að þeim er það ljóst, að viðkomandi menn munu eiga fullerfitt með að rétta sig svo við, að hagur þeirra verði sæmilegur, þó að þeim sé veitt þessi hvíld, að vera lausir við verðhækkunarskattinn til 1940. En 1940 kemur til greina sú hækkun, sem orðið hefir frá 1920 samkv. fasteignamati, og kemur þá til útborgunar á næstu 10 árum, og síðan tug af tug til 1990. Hvers megi vænta af þessu, er ómögulegt að segja. En eftir því, sem menn gera sér vonir um þetta áveitufyrirtæki, þá eru það engar öfgar, að landeignir þessar fimmfölduðust eða meira, með aukinni ræktun, sem mundi stafa af áveitunni á þessu tímabili, með tilliti til þess að meðalverð þessara jarða, sem eru taldar í meðallagi stórar, er rúmar 3 þús. kr. Það er því full ástæða til þess að halda, að þetta gefi töluverðar tekjur, en við höfum ekki getað gert okkur neina grein fyrir, hvað það mundi gefa ríkisjóði á sínum tíma, því að allt fer eftir því, hvernig áveitan reynist. Ef hún reynist illa, verður þessi skattur enginn eða lítill, en aftur getur hann orðið mjög mikill, ef menn virkilega hafa hag af þessari áveitu. Hitt má vitanlega deila um, hvort á að hallast að þessari skoðun, að leggja slíkan skatt á; en það sýnist ekki vera nein fjarstæða í þessu efni, þar sem hann á að taka enda eftir 50 ár, en hinsvegar sýnist ríkissjóður verða hér fyrir nokkrum halla, sem hann ætti að fá eitthvað upp í, ef þeim mönnum gengur vel, sem verið er að greiða fyrir.

En um þetta vil ég ekki þrátta. Það er stefnuatriði, sem getur komið til greina hér sem í öðru. En til þess að fá heilbrigða lausn á þessu, úr því þá ekki var gefið eftir alfarið, virðast ekki aðrar leiðir betri.

Til þess ennfremur að fá eitthvað upp í þetta, gerir 6. gr. frv. ráð fyrir, að 20% söluskattur verði á lagður.

Þessi atriði bæði hafa verið rædd við viðkomandi héraðsmenn. Þeir hafa talað um, að söluskattinn sé þeim frekar vel við, vegna þess að þeir vilja helzt ekki, að jarðir þeirra seljist yfirleitt út úr héraðinu. En svo er ráð fyrir gert í frv., að ef erfingjaskipti verða, kemur þessi skattur ekki til greina, svo að þeir eru tryggðir, sem vilja á þessum jörðum búa mann fram af manni.

Þessi skattur miðast við það sama og hinn, að því leyti að hann miðast við það fasteignamat, sem síðast fór fram. En sá munur er þó á honum, að hann á að greiðast nærri samtímis og salan fer fram til viðkomandi sýslumanns.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, sé ég ekki ástæðu til þess að tala mjög langt mál um þetta, og ekki til þess að minnast að neinu verulegu leyti á nál. minni hl. Það er eitt um það nál. að segja, að það skín algerlega það sama, ef ekki frekar, út úr því, að hér sé nauðsynlegt og sjálfsagt að hlaupa undir bagga. Og það kemur fram hjá hv. minni hl., að hann vill jafnvel taka þetta enn ríflegar en frv. ætlast til. Mér telst svo til, að eftir till. minni hl. eigi þessir bændur ekki að greiða meira en 65 þús. kr. af því, sem hvílir á áveitunni, og þar með falla niður allar aðrar kvaðir, sem lagðar eru á með frv. stj. En sá galli er á brtt., að minni hl. ætlast til, að ríkisstj. fái veðdeild Landsbankans til að gefa eftir ¼ af láninu, ríkissjóður greiði helming og áveitumenn ¼.

Þessu er þá fyrst og fremst til að svara, að þegar hverjum flokki fyrir sig í veðdeildinni er lokið, á ríkissjóður allan afgang, sem verður af hverjum einstökum flokki, svo að þetta er aðeins að taka úr sama vasanum. En það er og önnur hlið á þessu máli, sem minni hl. hefir líklega ekki athugað, að það er viðsjárvert að breyta svo um starfssvið veðdeildarinn-

ar, að láta hana fara að gefa eftir skuldir. Það er hætt við, að slíkt veiki afarmikið lánstraust hennar, eða það traust, sem hún þarf að njóta til þess að geta selt bréf sín, ef þeim grundvelli er kippt undan að safna í sjóð til öryggis. Þetta mætti að mínu áliti ekki koma fyrir, vegna þess að ég er hræddur um, að veðdeildin líði við þetta lánstraustsspjöll, svo að hún eigi erfiðara með að selja bréf sín. Og það er óhæfilegt af löggjafarvaldinu að ganga inn á þá braut að rýra álit hennar.

Að öðru leyti má benda á það, að þessir menn skulda æðimikið Landsbankanum og öðrum stofnunum, og gæti hugsazt, að við nauðasamninga við þessa menn yrði komið allnálægt bankanum sjálfum.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Eins og menn sjá af nál. á þskj. 289, þá gat ég ekki orðið samnm. mínum samferða um afgreiðslu þessa máls. En eins og ennfremur er getið um í þessu nál., var það ekki af því, að ég áliti ekki eins og þeir, að úr því sem komið er hag þessa hreppsfélags, Skeiðahrepps, þá verði ekki hjá því komizt, til þess að tryggja framtíð manna á þessu svæði, að ríkissjóður hlaupi undir bagga og rétti nokkra hjálparhönd. Og það er ekkert nýtt, að þetta sé gert, því að það er búið 3 undanfarin ár að borga upp í vexti og afborganir af þessu áveituláni úr ríkissjóði 6000 kr. á ári. Á síðasta þingi var svo samþ. heimild fyrir stj. til þess að greiða það af þessari áveituskuld, sem nauðsynlegt væri, eða það, sem bændum á þessu áveitusvæði væri ókleift að greiða sjálfum. Svo að Alþingi er búið að samþ. á 4 undanförnum þingum heimildir fyrir stj. til þess að taka þátt í greiðslu skulda manna á þessu svæði. Og sú samþykkt, sem gerð var um þetta á síðasta þingi, gengur það langt, að landsstj. hefir það nú í sinni hendi og getur óátalið af meiri hl. Alþingis, sem samþ. þessa heimild í fyrra, greitt það af skuldum þessara bænda, sem þeir, að áliti nefndar þeirrar, sem fjallað hefir um ástæður manna austur þar, eru ekki færir um að greiða. Stj. hefir ekki viljað nota þessa heimild og skotið málinu á ný til úrslita hér á Alþingi. Hefir hún í því efni tekið upp þær till, sem þessi n. hefir gert, og byggt frv. sitt algerlega á þeim. Þess vegna er aðeins um það að ræða á þessu þingi, þegar litið er til þess, hvað búið er að samþ. áður, og þá sérstaklega á síðasta þingi, hvaða leiðir eigi að fara til þess að létta þessari skuldabyrði af Skeiðamönnum. Og það er um leiðir, sem skoðanirnar skiptust í fjvn.

Meiri hl. hefir fallizt á að leggja til, að ríkisstj. taki að sér greiðslu á öllum áveituskuldunum, sem eru, eftir því sem n. gefur hér upp, 264878,84 kr., þegar frá eru dregnar skuldir, sem hvíla á tveimur utanhreppsjörðum, sem félag eitt, Titan, á. Í þessu frv. er farið fram á, að stj. sé gefin heimild til þess að taka að sér greiðslu þessara skulda, að því tilskildu, að sett skilyrði séu uppfyllt; og þessi skilyrði eru í tveimur, eða öllu heldur þremur liðum, þar sem í þriðja liðnum er gert ráð fyrir, hvernig ríkissjóður eigi að ná nokkrum hluta af þessum útgjöldum aftur af þeim Skeiðamönnum.

Í fyrsta lagi er það gert að skilyrði, að skipuð verði þriggja manna n. af atvmrh., til þess að leita nauðasamninga fyrir hönd Skeiðamanna við þá lánardrottna, sem eiga hjá þeim annað fé heldur en það, sem tekið hefir verið að láni til Skeiðaáveitunnar.

Ég verð að benda á það, að síðasta þing samþ. fyrir sitt leyti, að létta mætti að verulegum mun á bændunum austur þar. Ég sé því enga ástæðu fyrir þingið að fara að grípa inn í fjárráð þeirra manna, sem áveituskuldin hvílir á og eru skuldugir ýmsum stofnunum.

Þegar athugað er skattaframtal búenda í Skeiðahreppi 1928, kemur í ljós, að þeir eiga 148354 kr. eign umfram skuldir. Þar er áveituskuldin ekki talin með. Það hlýtur því öllum að vera ljóst, að ef horfið er að því ráði, sem ég legg til, að áveituskuldunum sé létt af þeim að ¾ hlutum, svo að ¼ hvíli á þeim, verður skuldlaus eign þeirra 82 þús. kr. að minnsta kosti. Ég ætla, að ef athugaðar væru skattskrár allra hreppsfélaga á landinu, myndu fyrir finnast mörg hreppsfélög, sem eiga minni eign skuldlausa en hreppsfélag Skeiðamanna. Afleiðingin af því að ganga inn á skuldagreiðslur þessara manna af

kostnaði áveitunnar að öllu leyti væri sú, að þau hreppsfélög, sem enga skuldlausa eign ættu eða aðeins litlar eignir fram yfir skuldir, færu að leita á náðir Alþingis um styrk, gegn því að aðrir lánardrottnar þeirra afskrifuðu svo og svo mikið af skuldum þeirra. Þetta getur verið að fara út á hættulega braut fyrir ríkissjóð, hvað þá ef gengið er svo langt, sem hæstv. stj. gerir ráð fyrir í þessu frv., að láta semja við einstaka menn og stofnanir um allar skuldir og greiðslur þeirra. Ég vil vekja athygli á þessu og vænti, að hv. þdm. geti ekki fallizt á þessi ákvæði frv.

Annað skilyrði, sem sett er, er það, að þeir greiði á árunum 1930—1980, eða í 50 ár, 2% af höfuðstól lánanna. Hefi ég áður getið um, hver þau eru.

Það er náttúrlega ekkert við þessu að segja og því síður hefi ég neitt út á það að setja, þar sem ég í mínum till. geri líka ráð fyrir, að þeir greiði nokkuð af þessum kostnaði. En mér skildist það vera nokkuð meira, sem þeir greiða samkv. þessu en ég geri ráð fyrir í mínum till., þrátt fyrir það, þótt árlegar greiðslur eftir þeim séu nokkuð hærri en eftir frv. Í þess stað verða þær færri.

Þá er 3. atriðið, sem í raun og veru má telja skilyrði fyrir því, að Skeiðamenn fái þær ívilnanir, sem ég nú hefi nefnt. Það er um það, hvernig ríkissjóður eigi að vinna upp það tap, sem hann líður við þessar till. Ef ég skil hv. frsm. meiri hl. rétt, þá er það tap um ¼ millj. kr. (JÓl: Já). Og leiðin til þess að vinna upp þennan halla er sú, að leggja á svokallaðan verðhækkunarskatt. Það hefir töluvert verið ritað hér á landi um verðhækkunarskatt yfirleitt. Það er alkunnugt, að það er einn liður á stefnuskrá þeirra manna, sem hallast að þjóðnýtingu eða sósíalisma. Þeir hafa það á stefnuskrá sinni til þess að gera fasteignir einstakra manna að eign ríkissjóðs. Það eru mismunandi leiðir, sem menn vilja fara til að koma þessu fram, og er þessi verðhækkunarskattur ein þeirra. Um þetta hefir verið allmikið ritað í tímarit eitt, sem nefnist Réttur og gefið er út á Norðurlandi. Þessi stefna hefir fengið litlar undirtektir hér á landi og mætt mestri andúð í sveitum. Hér á nú að fara að innleiða þessa stefnu með því að láta þá Skeiðamenn greiða þann halla, sem ríkissjóður bíður við það að hlaupa undir bagga með þeim, með verðhækkunarskatti.

Þessi verðhækkunarskattur er eftir þessu frv. tvennskonar. Fyrst og fremst þannig, að bændur þar austur frá borgi skatt af þeim mismun (hækkun), sem verður á fasteignamati 1921 og 1940, og eftir það af þeirri hækkun, sem verður á matinu á 10 ára fresti við endurtekið fasteignamat til 1980.

Ég býst við, að á tímabilinu 1940—1950 verði hægt að fá nokkurn skatt á þennan hátt. Þetta kemur af því, að fyrsta fasteignamatið, sem gert var á árunum 1916—1920 og staðfest var árið 1922, var að miklu leyti miðað við verðlag fyrir stríð, og þess vegna verður mikill munur á fasteignamatinu 1922 og söluverði á þessu tímabili. Hinsvegar er víst, að um fasteignamat, sem fer fram á þessum árum, verður mjög stefnt að því að miða við raunverulegt verðmæti fasteignarinnar eins og það er á hverjum tíma og gefnar fastar reglur um, hvernig miða skuli við gildi peninga, hvert sem það nú er. Það er því ekki vafa undirorpið, að þegar fram líða stundir, verður lítill munur á fasteignamati og söluverði jarða.

Mér virðist því, að þessi aðferð til að leita ríkissjóði tekna njóti sín ekki nema á árunum 1940—1950, því þá kemur fram munurinn á fasteignamatinu 1922 og söluverði á þessum tíma. Hinsvegar álít ég, að hér sé aðeins um óverulega tekjugrein fyrir ríkissjóð að ræða, en stefna sú, sem hér kemur fram, er sú sama fyrir því.

Í öðru lagi á að taka söluskatt af jörðum á þessu svæði. Á hann að vera 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið á sama tíma. En séu gerðar jarðabætur eða húsabætur á þessu tímabili, má draga það frá, sem þær umbætur eru metnar, svo að skatturinn nái ekki til þeirra.

Um þetta er það sama að segja og hitt. Ég geri ráð fyrir því, að af þessu fáist nokkrar tekjur á tímabilinu 1940—50, því þá er miðað við fasteignamatið 1922. En svo mun þessi tekjustofn sæta sömu forlögum og hinn skatturinn og gefa lítið af sér. Álít ég þetta ennþá óvissara en

hitt. Það eru ótal leiðir til þess að fela raunverulegan mismun á fasteignamati og söluverði. Ég ætla aðeins að benda á eitt dæmi þessu til sönnunar.

Hér í Reykjavík giltu einu sinni svokölluð húsaleigulög. Mátti eftir þeim ekki leigja húsnæði nema fyrir ákveðið gjald. En þá var farið þannig að, að samið var um lögmæta greiðslu, en raunveruleg greiðsla varð allt önnur og gerð bak við tjöldin. Ég geri ráð fyrir, að svipað fari um kaup og sölu á jörðum þar austur frá. Vænti ég því, að af þessu verði aðeins örlítill hagur fyrir ríkissjóð og þess vegna álít ég ekki áhorfsmál að láta slíkt falla niður og vera um leið laus við að innleiða þessa skattastefnu, sem kemur fram í frv.

Í 7. gr. frv. er eitt atriði, sem ég vil minnast á, þótt það sé ekkert stefnuatriði. Þar segir svo:

„Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkv. lögum þessum".

Ég vil nú spyrja: Er það meiningin, að maður, sem eftir 11—15 ár greiðir allar skuldir, sem hvíla á eign hans, eigi að sæta þessari kvöð framvegis? Það er ekki hægt að sjá það af frv., að þessari kvöð verði þá létt af. Þrátt fyrir það, þótt skuldin verði greidd að fullu, hvílir þessi kvöð því á jörðinni eftir sem áður.

Þá er eitt atriði enn, sem ég vil benda á, þegar er að ræða um aðstoð ríkissjóðs til Skeiðaáveitunnar, og það er, að ég býst við, að atvmrh. setji reglur um eftirlit með framkvæmd Skeiðaáveitunnar, eða svo að ég noti þau orð, sem standa í grg. frv., bls. 16, „fullkomin afskipti ríkisins um viðhald og starfrækslu áveitunnar framvegis". Þetta er líka tekið upp í frv. sjálft (11. gr.), þar sem talað er um viðhald og starfrækslu.

Ég lít svo á, að með þessu fullkomna eftirliti með Skeiðaáveitunni framvegis taki ríkissjóður á sig svo miklar skyldur, að hann verði að leggja fram fé til áveitunnar í framtíðinni. Það, sem stendur í skýrslu n., styður ennfremur mál mitt. Not áveitunnar eru eigi svo mikil nú, sem ætla mætti, og orsakast það m. a. af vatnsskorti og ónógri framræslu. Það er enn mikil vinna eftir við áveituna, og þegar ríkissjóður tekur að sér fullkomin afskipti, virðist leiða af því, að ríkissjóður verður líka að taka á sig einhverjar skyldur.

Skeiðabúum kemur það vitanlega bezt, að fljótt greiðist úr um lán þeirra, og þá á þann hátt, að ríkissjóður leggi þetta fé fram, og það er mikils virði fyrir þá, að það sé gert fljótt. En auk þessa er það mikils virði fyrir ríkissjóð, að hér sé um hrein skipti að ræða.

Þær till., sem ég ber hér fram, eru viðurkenndar af hv. frsm. meiri hl. fyrir það, að það skíni út úr þeim fullkomin velvild og samúð með þeim erfiðu ástæðum, sem menn á þessu svæði eiga við að búa. Mínar till. gera ráð fyrir því, að hér sé um hrein skipti að ræða milli ríkissjóðs annarsvegar og Skeiðamanna hinsvegar.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að brtt. mínum og efni þeirra. Ég ætla, að það, sem ég meina með mínum brtt., sé svo skýrt framsett, að allir, sem það lesa, geti fyllilega áttað sig á því. Ég ætla aðeins í stuttu máli að taka fram örfá atriði.

Það er þá fyrst, að atvmrh. sé heimilt, með þeim skilyrðum, sem þar eru sett, að greiða úr ríkissjóði að hálfu leyti þau lán, sem á Skeiðabændum hvíla vegna áveitunnar. Þar frá dragast þau lán, sem hvíla á býlum utan Skeiðahrepps.

Þá er það skilyrði fyrir því, að þetta verði gert, að ríkisstj. nái samkomulagi um eftirgjöf á ¼ hluta af eftirstöðvum lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarðanna, og jafnframt er sett ákvæði um það, að stjórnum veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans sé heimilað, hvað ríkissjóð snertir, að gera þetta. Þetta er beint tekið fram, svo enginn misskilji það, að ef samkomulag næst, er jafnframt fengið samþykki Alþingis til að gera þetta.

Þá er ¼ hluti eftir og er ætlazt til, að Skeiðamenn greiði hann samkv. þeim samningi, sem nú gildir um alla lánsupphæðina, eða á því tímabili, sem í samningnum stendur um þetta. Vextir og afborganir af þessu verða 5 þús. kr. árlega, og eftir því, sem Skeiðaáveitunefndin á-

leit um gjaldþol þessara manna, er þeim fært að greiða 5—6 þús. kr. árlega, og í mínum till. var byggt á því, hvað Skeiðamenn gætu árlega innt af hendi.

Þá er haldið óbreyttu ákvæði, sem er til enn frekari tryggingar því, að veðdeild Landsbankans og viðlagasjóður fái sitt greitt. Þá kemur ábyrgð hreppsnefndar, svo málið þurfi ekki að stranda á því, að ekki sé örugg trygging fyrir því, sem eftirstendur af skuldinni.

Þá er eitt viðbótarákvæði í brtt. mínum um það, að fé það, sem þegar hefir verið greitt úr ríkissjóði upp í skuldir bænda í Skeiðahreppi vegna áveitunnar, skuli ekki endurkræft. Í frv. stj. er ekkert um það, hvernig um það fé skuli fara. Eins og tekið hefir verið fram, hafa verið greiddar úr ríkissjóði í þessum tilgangi 6000 kr. í 3 ár, eða alls 18000 kr.

Hv. frsm. meiri hl. vék lítillega að brtt. mínum, og það, sem hann taldi þeim aðallega til foráttu, var það, að ríkisstj. mundi ekki takast að ná samkomulagi við stjórnir Landsbankans og Búnaðarbankans um eftirgjöfina af þessum hluta lánsins. Ég held þetta sé ástæðulaust, og það því fremur, sem í frv. felst fullkomin heimild til að gera það, svo ekki þarf að óttast átölur Alþingis, þótt slíkt sé gert.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl. á, að lagt væri inn á hættulega braut, ef samþ. væru brtt. mínar, að því leyti, sem þar er farið fram á, að veðdeildin gefi eftir sinn hluta af skuld Skeiðamanna. Það mundi veikja tiltrú manna á veðdeildinni, svo erfiðara yrði að afla henni fjár með bréfasölu. En ég held það sé alveg ástæðulaus ótti. Hann getur a. m. k. ekki byggzt á öðrum möguleika en þeim, að Alþ. fari gálauslega með vald sitt í þessu efni, þar sem það getur alveg haft ráð á veðdeildinni.

Ég hefi leitað mér upplýsinga um, hvað mikið fé liggur í varasjóðum 1., 2., 3. og 4. flokks veðdeildarinnar. En þegar einn flokkurinn er útseldur, erfir næsti flokkur varasjóð hans, og svo koll af kolli. (Forsrh.: Varasjóður 1. flokks rennur til Ræktunarsjóðsins). Þessi ákvæði gilda eingöngu um varasjóð 1. fl. veðdeildarinnar, en um varasjóð hinna flokkanna fer svo sem ég hefi sagt. Varasjóðir þessir nema nú 282 þús kr., svo þó til kæmi, að veðdeildin gæfi eftir 66 þús. kr., væri ekki hægt að líta svo á, að um neina hættu væri að ræða. Enda er það svo, að málum veðdeildarinnar er skipað að öllu leyti eftir ákvörðunum Alþ. á hverjum tíma, svo ekki þarf að vera um neina hættu að ræða. Eiginlega er varasjóðurinn eign ríkissjóðs, svo það liggur í hlutarins eðli, að Alþingi hefir fulla heimild til að gera þar á þá skipan, er því sýnist. Ég held því, að þetta sé í sjálfu sér engin ástæða til að ekki megi fara þá leið í þessu máli, sem ég hefi lagt til, að farin yrði.

Það er nú svo, að ekki einungis bankarnir tveir, heldur einnig sparisjóðirnir, hafa tapað miklu fé á undanförnum árum, með eftirgjöfum og á annan hátt. En það er alveg að hverfandi litlum hluta, sem þau töp hafa stafað af örðugum kringumstæðum og gjaldbresti í sveitum landsins. Mér finnst því undarlegt, ef ekki má orða það, að lánsstofnanir gefi ofurlítið af skuldum eins sveitahrepps eftir, þegar það er talið nauðsynlegt, að létta skuldabyrði hlutaðeigandi bænda. Ég sé ekki annað en það sé vel forsvaranleg tilhögun, að skipta niður á milli lánsstofnananna og ríkissj. þeim skuldum Skeiðabænda, sem óhjákvæmilegt er að létta af þeim, til þess þeir geti komið fyrir sig fótunum og notfært þau jarðargæði, sem þar eru, og þær umbætur, sem þar hafa verið gerðar.

Ég þarf svo ekki að fara mikið fleiri orðum um þetta. Sjálfum virðist mér vitanlega mínar till. heppilegasta úrlausn þessa máls fyrir mennina, sem eiga við þær erfiðu kringumstæður að búa, sem lýst hefir verið. Og ég held, að það sé bezt fyrir ríkissjóð líka, að gera þetta allt hreint upp strax í byrjun, eins og mínar till. gera ráð fyrir.

Að lokum eru það aðeins eitt eða tvö atriði í nál. Skeiðaáveitunefndarinnar, sem ég ætla að minnast á með örfáum orðum. Er það sérstaklega það, sem hún segir um ástæðurnar til þess, að komið er fyrir bændunum á þessu svæði eins og komið er. Ég er nú ekki nógu kunnugur þarna austur frá til að dæma um þær ástæður. En undarlegt þykir mér, eftir þeirri kynningu, sem ég hefi á bændum í mínu héraði og annarsstaðar, ef það er aðalorsökin til ófarnaðar Skeiðabænda í

fjármálum, að þeir hafi haft of greiðan aðgang að lánum. Það væri harður dómur, ef slíkt væri sagt um bændur þessa lands yfirleitt, enda er hann svo langt sem mín þekking nær allsendis rangur. Ég get ekki, vegna ókunnugleika, dæmt um, hvort hann er réttur um þessa bændur. En það vakti athygli mína, að í nál. er það talið aukaatriði, hvað kostnaðurinn við áveituna fór gífurlega fram úr áætlun, vegna aukinnar dýrtíðar og annara orsaka. Og hin geysilegu útgjöld, sem menn urðu fyrir vegna fóðurbætiskaupa í harðindunum 1920 og komu illa við fjárhag margra bænda, — þarna eru þau líka talin aukaatriði. Þó ég geti ekki dæmt um orsakirnar til skulda Skeiðabænda, þá býst ég við, að í dómi n. séu nokkrar öfgar. Að svo miklu leyti sem það eru áveituskuldirnar, sem eru að vaxa bændum yfir höfuð, finnst mér aðalástæðan hljóta að vera sú, auk þess hvað kostnaðurinn var mikill, að áveitan hefir ekki gefið nógan arð til að svara þeim kostnaði, sem í hana er búið að leggja. En ef ekki hefði verið um áveituskuldirnar að ræða, hefði áreiðanlega ekki verið farið að bera þessa bændur á bænarörmum fram fyrir þingið nú.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, bæði fyrir það, hvað hún hefir afgr. það fljótt eftir að hafa lokið afgreiðslu fjárl., sem vitanlega varð að sitja fyrir, og einnig er ástæða til að þakka það, að 6 nm. af 7 hafa getað orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu. Einnig vil ég beina sérstöku þakklæti til hv. frsm. meiri hl. fyrir það mikla og góða starf, sem hann hefir unnið í þágu þessa máls, bæði nú og áður í Flóa- og Skeiðaáveitunefndinni.

Ég sé ekki neina ástæðu til að fara mikið út í einstök atriði frv., því hv. frsm. meiri hl. hefir gert það mjög rækilega, og ég er alveg samþykkur hans framsetningu á málinu. Ég vil aðeins drepa á eitt atriði í sambandi við brtt. hv. minni hl.

Ég skal kannast við, að ég hafði við undirbúning þessa máls tilhneigingu til að ganga að nokkru leyti inn á þær brautir, sem brtt. hv. þm. Borgf. gera ráð fyrir, tilhneigingu til að halda fram þeirri kröfu, að veðdeildin gæfi einnig eftir eitthvað af skuldunum, jafnframt því, sem ríkissjóður tekur á sig nokkurn hluta þeirra. En ég hafði þá ekki athugað nægilega gaumgæfilega þær ástæður gegn þessum brtt., sem hv. frsm. meiri hl. kom dálítið inn á, en einmitt þær sannfærðu mig um, að ekki mundi svara kostnaði að fara þessa leið, sem hv. þm. Borgf. bendir nú á. Álit veðdeildarinnar út á við krefst þess, að Alþ. noti ekki vald sitt til að grípa fram fyrir hendur á stj. hennar og skylda hana til að gefa eftir skuldir. Ég tel ekki um svo mikið fé að ræða hér, að það réttlæti, að gengið sé inn á þá braut, ef það gæti orðið til þess, eins og hv. frsm. meiri hl. benti á, að fella veðdeildarbréfin í verði. Því lét ég sannfærast, og beini nú þeim tilmælum til hv. þd., að hún fallist á þá till. hv. meiri hl. að samþykkja frv. óbreytt.

Það er rétt, sem ég skaut inn í ræðu hv. frsm. minni hl., að það er búið að ráðstafa varasjóði 1. flokks veðdeildarinnar á ákveðinn hátt. Í 2. gr. laga um Ræktunarsjóðinn er ákveðið, að 1. flokkur veðdeildarinnar renni inn í höfuðstól Ræktunarsjóðsins. Þó ekki hafi enn verið ráðstafað á sérstakan hátt hinum flokkum veðdeildarinnar, þá bendir ráðstöfun 1. flokksins á það, að á líkan hátt gæti orðið farið með þá.

Viðvíkjandi n. þeirri, sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir að atvmrh. skipi, vil ég aðeins geta þess, að ef ég ætti að fara með það vald, mundi ég skipa í þá n. þá sömu þrjá menn, sem áður hafa starfað að þessu máli; þeir hafa þegar sett sig svo vel inn í kringumstæður Skeiðabændanna, að ég álít þá bezt fallna til að láta uppi álit sitt um, að hvað miklu leyti þeir geta staðið við skuldbindingar sínar.

Þá vík ég að ræðu hv. frsm. minni hl. Það eru aðeins örfá atriði í henni, sem ég ætla að minnast á, því hv. frsm. meiri hl. talar sennilega á eftir mér og svarar þá því, er honum þykir ástæða til.

Í nál. minni hl., eða hv. þm. Borgf., er sagt, að stj. hafi þegar verið heimilað að greiða úr ríkissjóði þann hluta af áveitukostnaðinum, sem Flóa- og Skeiðaáveitunefndin teldi bændum ofvaxið að

standa straum af. Þetta er rétt. En ég vil benda hv. þm. á, að þessi n. hefir aldrei komið og sagt, að ríkissjóður þyrfti að greiða þetta eða þetta. Heldur kom hún og sagði: Þetta mál er nú ekki svo einfalt, að það sé nægilegt að segja, að ríkissjóður eigi að greiða þetta og bændurnir hitt, heldur þarf að gera þær víðtækari ráðstafanir, sem í þessu frv. felast. Ég var henni sammála um þetta; því voru till. hennar lagðar fyrir þingið, og nú hefir mikill meiri hluti fjvn. einnig fallizt á þær.

En ég vil benda á, að það er mjög óvanalegt, að ríkisstj. skuli fá hálfgerðar snuprur fyrir að bera mál undir Alþ., en ráðstafa því ekki á sitt eindæmi. (PO: Er nokkur að snupra hana?). Ég sagði hálfgerðar snuprur, og ég álít það rétt, að telja megi ummælin í nál. hv. minni hl. liggja nærri því að vera snuprur.

Þá minntist hv. frsm. minni hl. á verðhækkunarskatt; sagði, að hann væri eitt af stefnuskráratriðum jafnaðarmanna, og væri því verið að stíga eitt sporið í áttina til þeirra með þessu frv. Jafnframt lagði hann mikla áherzlu á, að frv. væri stjfrv. Þó hann beindi þessu einkum til mín, vil ég minna hann á, að hv. 3. þm. Reykv. leggur einnig til að leggja þennan skatt á. (PO: Ég segi nefnilega mína meiningu við hvern sem er). Hv. 3. þm. Reykv. er ágætur skjöldur fyrir mig og hv. meiri hl. fjvn. í þessu máli, og ætti hv. frsm. minni hl. fyrst og fremst að beina andmælum til hans. Því þá má nú fara að gruna flesta um græsku, ef hv. 3. þm. Reykv. er farinn að vinna að því að koma stefnuskrármálum jafnaðarmanna í framkvæmd, og fær meðal annara hv. 2. þm. Skagf. til að mæla með því.

Þá minntist hv. frsm. minni hl. á skyldur ríkisins gagnvart áveitunum í framtíðinni. Talaði hann um vatnsskort áveitunnar og áleit, að áveitan þyrfti miklar aðgerðir og viðbætur í framtíðinni. En hv. frsm. meiri hl. hefir nú upplýst, að svo var gengið frá í sumar á þeim stað, þar sem áveituvatnið er tekið úr Þjórsá, að varla mun þurfa að óttast vatnsskort lengur. Hinsvegar lít ég svo á, að almennar skyldur ríkisins gagnvart áveitunni séu töluvert miklar, eins og gagnvart öðrum fyrirtækjum, sem ríkið og Búnaðarfélagið hafa haft með höndum framkvæmd á. En ég held, að hv. frsm. minni hl. hafi enga ástæðu til að óttast frekar um skyldur ríkissjóðs við þessa áveitu heldur en við önnur mannvirki, sem ríkið og Búnaðarfélagið hafa haft afskipti af á undanförnum árum.

Hefi ég svo ekki fleira að segja út af framsöguræðunum, en geri mér hinar beztu vonir um afgreiðslu þingsins á þessu máli. Ég get tekið undir þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að öll n. er að miklu leyti sammála um þetta mál, þar sem báðir nefndarhlutarnir sjá nauðsynina á því að létta skuldabyrðinni að miklu leyti af Skeiðabændum, þó að minni hl. hafi sérstöðu að því er snertir fyrirkomulag á framkvæmd þess.

Að síðustu vildi ég segja nokkur orð almennt í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Það er alltaf sorglegt, þegar þannig fer um stór mannvirki, að gera þarf vegna þeirra slíkar ráðstafanir sem þessar, byggðar á því, að fyrirtækið hafi á einhvern hátt að sumu leyti misheppnazt. Sérstaklega er þetta sorglegt nú, þar sem hér er um að ræða eina af fyrstu stórfelldu framkvæmdunum á sviði landbúnaðarins á Íslandi. Ég vil benda á það, að Árnessýsla hefir orðið til þess að ganga á undan öðrum héruðum landsins í ýmsum stærri framkvæmdum, sem misjafnlega hafa reynzt. Og þar sem slíkar leiðinda ráðstafanir, sem hér er um að ræða, geta fljótt á litið sýnzt bera vott um verri fjárhagsafkomu yfirleitt í því héraði, sem þeirra þarfnast, heldur en annarsstaðar, þá þykir mér mjög gleðilegt að geta einmitt nú lagt fram plagg, sem bendir í alveg gagnstæða átt að því er Árnessýslu snertir. Bregður það allt öðrum svip yfir þetta hérað en það mál, sem hv. þd. hefir nú til meðferðar. Undanfarna daga hefir nefnil. verið unnið að því að gera upp styrkgreiðslur samkvæmt jarðræktarlögunum síðastl. ár. Við það kom í ljós, að Árnessýsla er fyrst í röðinni af öllum sýslum landsins að því er ræktunarframkvæmdir snertir. Er það mjög ánægjulegt, að þrátt fyrir mistökin, sem orðið hafa á

þessu svæði hvað áveiturnar snertir, skuli þó framkvæmdahugur og dugnaður manna þar vera í svona miklum blóma.

Frsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Ég þarf ekki að svara hv. frsm. minni hl. miklu. Það, sem hann sagði, bar yfirleitt vott um velvilja til þessa máls og fullan vilja á að leysa úr því á þann hátt, sem hann álítur beztan. Það eru því aðeins smáatriði, sem á milli ber um.

Hann var að tala um, að við hefðum í upphafi átt að bera fram þær till., sem hann flytur nú. En ég vil benda honum á, að við áttum að meta, hvað Skeiðabændunum væri fært að borga af skuldum sínum. Þess vegna urðum við að miða till. okkar við það, að ríkið fengi sem mest upp í þær skuldir, sem það þarf að taka á sig vegna áveitunnar, en þó ekki svo mikið, að búskapnum á áveitusvæðinu verði hætta búin í framtíðinni.

Við athuguðum margar leiðir, sem til greina gátu komið; þar á meðal kom okkur til hugar, að ýmsir bændanna gætu borgað eitthvað af skuldum sínum með því að láta af hendi land. En þar sem landið er ekki metið nema á 16 kr. hektarinn, var ljóst, að aldrei yrði mikið greitt á þann hátt. Fáar jarðir þarna geta eins og nú stendur misst svo mikið af landi sínu, að hægt sé að reisa þar önnur býli. En bændur álíta, og ég er sannfærður um, að það er rétt, að þegar frá líður og jarðræktin eykst, auk þess sem áveitan gefur meiri uppskeru, muni löndunum skipt af bændunum sjálfum, svo býlin muni verða miklu fleiri en nú. Þetta hygg ég, að sé rétt stefna. Hv. þm. Borgf. sagði, að nauðasamningar mundu gefa vont fordæmi, sem gæti orðið slæmt fyrir seinni tímann. En hér er nú einmitt sérstakt tækifæri fyrir ríkisvaldið að grípa inn í fjárhagsmál bændanna á þennan hátt. Þessa væri máske víðar þörf. En það er einungis þarna, sem ríkisvaldið hefir afskipti af þeim málum. Nú er það svo, að þarna eru bændur, sem ekki eru færir um að bjarga sér sjálfir framvegis. Þeir hafa veðsett jarðir sínar veðdeild og Landsbanka. Annaðhvort fer þá svo, að þessir lánveitendur taka jörðina, sem við viljum ekki að verði gert, eða að svo og svo mikið af þeirri hjálp, sem ríkið veitir þessum mönnum, rennur til þessara skuldheimtumanna. Það viljum við ekki heldur. Við viljum láta skuldheimtumennina taka sinn þátt í þessu viðreisnarstarfi. Í þessu liggur engin hætta. Ástæðurnar þarna eru of sérstakar til þess, að svo sé. Þá var hv. þm. Borgf. hræddur um, að söluskatturinn, 20%, verði erfiður í framkvæmd og að farið myndi verða í kringum hann. Ég skal nú engu um það spá, hvernig þetta kynni að verða. Það er satt, að þessi möguleiki er til. Og það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að allillt getur verið að komast framhjá honum. En í þessu tilfelli er þó á það að líta, að sveitarfélögin eiga forkaupsrétt að þeim jörðum, sem seldar verða. Ef því um óeðlilega lágt verð er að ræða, þá getur sveitarstjórnin notað sér það og keypt þær jarðir, sem seldar eru, til hagsmuna fyrir sveitina eða þá sveitunga sína, sem þurfa jarðnæði. Ég er því ekki hræddur um, að mikið yrði að þessu gert. Í flestum tilfellum mundi verða um algerlega hreina sölu að ræða. Hv. þm. bar þetta saman við húsaleigulögin. Það er rétt, að eitthvað var farið í kringum þau lög, en þó undarlega lítið.

Þá var hv. þm. Borgf. hræddur um afskipti ríkisins af Skeiðaáveitunni. En það er alveg ómögulegt að hugsa sér þessi afskipti ríkissjóðs, nema um þetta séu settar reglur, sem bændum sé skylt að fylgja árlega og litið er eftir að gert sé. Þetta er í raun og veru hið sama og gildir um aðrar framkvæmdir í landinu, og sem hefir gefizt vel. Hvers vegna er þá ekki líka sjálfsagt, að vel sé litið eftir þessu meðan það er á gróðrarstigi? Hér eiga þó margir hlut að máli. Og því fleiri, sem eiga að sjá um viðhaldið, því meiri hætta er á, að það verði vanrækt af einhverjum. Slíkt viðhald er oft lítið verk, ef árlega er við gert það, sem bilar. En þegar farið er að trassa hlutina, þá getur svo farið, að viðhaldið verði mikið og til óþrifa fyrir fyrirtækið. Það er rétt hermt í skýrslu n., að enn er ógert allmikið af flóðgörðum, eða um ⅛. Ennfremur er þarna mikið ógert af

ýmsu öðru, sem nauðsynlega þarf að gera, en bændur hafa enn ekki efni á að gera. Þannig þyrfti að girða öll slægjulönd af. Þau eru þarna bæði mikil og góð, en liggja innan um beitilöndin. Fénaður gengur því á þeim á vorin. Sauðféð dregur þarna upp rótina á vorin og stórskaðar slægjulöndin. Það er því nauðsynlegt vegna sprettunnar að girða af og friða slægjulöndin.

Þarna er líka um fleiri sameiginleg verk að ræða, sem sjá þarf um, að séu unnin. Eitt, sem þarf að gera, er að slétta áveitulöndin. Það gerist með haustáveitum. Vatnið er látið standa á yfir veturinn. Við þetta sléttast löndin. Þessu þarf að stjórna, annars er hætt við, að það geti farizt fyrir. Ég býst við, að hv. þm. Borgf. þekki útúrboringsháttsumra manna, sem geta stórspillt góðu fyrirtæki. Það er því varla of mikið, þó á áveitubændurna sé lögð þessi kvöð, þegar jafnmikið er fyrir þá gert. (PO: Sú skylda hvílir þegar á þeim með samþykkt um áveituna!). Það er aðeins innanhrepps samþykkt, en ekki utanaðkomandi skipun, sem er tryggari. Mér heyrðist hv. þm. Borgf. taka það illa upp fyrir n., að hún segir í áliti sínu, að „aðalorsökin liggur í mjög greiðum aðgangi að lánum" fyrir skuldum bænda á þessu svæði. Þar er líka bent á, að skuldirnar stafi að nokkru leyti af fóðurbætiskaupum veturinn 1919—1920. En hin greiðu lán eru þó aðalorsökin. Sumstaðar sést naumast, til hvers lánunum hefir verið varið. Sum hafa verið notuð til of dýrra ábýliskaupa, sem svo er ekki hægt að standa í skilum með. Svo er a. m. k. um 4 jarðir. Annars þarf þetta varla meiri sönnunar við. Hið sama hefir gilt þarna og yfirleitt var um aðra atvinnuvegi á þessum lággengistímum og sem áttu greiðan aðgang að lánum. Bændur þarna hefðu orðið að vera miklu hyggnari en menn voru almennt þá, ef þeir hefðu siglt klaklaust framhjá þeim skerjum. Ég hefi áður borið þessa áveitu saman við túnrækt, og miðað við túnrækt er þarna ekki um mjög gífurlegan kostnað að ræða. Samkv. jarðræktarlögunum eru greiddar á þriðja hundrað kr. fyrir hvern fullræktaðan ha. En þarna hefir áveitukostnaðurinn orðið 140 kr. á ha. Og af því hefir aðeins ¼ hluti verið greiddur. Er því ekki um gífurlegt framlag að ræða, ef áveitan gefur þá raun. sem von er um.

Ég hefi svo enga ástæðu til að taka fleira fram um þetta. Hv. þm. Borgf. hefir komið fram með sínar brtt. af því hann vill losa bændur þarna undan öllum kvöðum vegna áveitunnar. Ég er sammála honum um, að það væri bezt. En það er annað, sem líka þarf að gefa gætur að. Það er annað fyrirtæki, sem líkt er ástatt með. Það er Flóaáveitan. Hún kemur á eftir. Og þegar um svo mikið er að ræða, þá er full ástæða til að fara varlega og gæta hófs og leysa málið þannig, að báðir megi vel við una. Annars fer allt út í öfgar. Samkv. till. hv. þm. Borgf. eiga þeir að borga 65 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll. En hvers vegna mega þeir ekki greiða meira, ef jarðirnar hækka í verði vegna áveitunnar og fólkinu fjölgar um helming? Þá skapast líka verðmæti. Þessar kvaðir eru heldur ekki lagðar á nema til 50 ára. Að þeim tíma liðnum eru bændur lausir við þær. Bændur áveitusvæðisins hafa tekið þessari úrlausn vel og tjáð sig reiðubúna til að greiða skatt af þeirri hækkun, sem verður.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það eru aðeins örfá orð til að svara hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Reykv. Hæstv. forsrh. tók undir með hv. 3. þm. Reykv., að það væri til að skaða veðdeildina, ef lánið samkv. till. minni yrði gefið eftir. En sami hæstv. ráðh. sagði þó, að gerð hefði verið ráðstöfun til þess, að varasjóður 1. fl. veðdeildar rynni til Ræktunarsjóðs. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh.: Ef það skerðir traust á veðdeildinni, að gefnar séu eftir samkv. till. minni 65—66 þús. kr., mun það þá ekki enn frekar skerða traustið, ef varasjóðurinn, sem nema mun 122 þús. kr., er látinn renna til óskyldrar stofnunar? Mér finnst sama, hvort Alþ. heldur gerir ráðstafanir til að veðdeildin gefi eftir af skuld, eða að varasjóður sé látinn hverfa til annara. Það er þá sjálfsagt hætta í báðum tilfellum, og hún þeim mun meiri, sem um hærri

upphæð er að ræða. Hér er heldur ekki gengið inn á nýja braut, því Alþ. er búið að ráðstafa varasjóðnum áður.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að stj. hefði heimild til að gefa bændum eftir af áveitukostnaðinum, og hann taldi, að í nál. mínu fælist ávítun til sín fyrir að hafa ekki gert þetta. En það er ekki rétt. Ég skýrði bara frá því í nál., að stj. hefði þessa heimild. Og þótt Skeiðaáveitun. bæri fram till. um að gera það á þennan sérstaka hátt, þá var stj. alls ekki bundin við að fara eftir því. Hún gat farið þá leið, er hún vildi, án þess að bera það á ný undir Alþ.

Hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi vatnsskorti áveitunnar, að úr því hefði verið bætt á síðastl. sumri. En ég vil benda á það, að álit n. er undirskrifað 2. jan. síðastl., og eru því þau ummæli, er hún hefir um vatnsskortinn þarna, miðuð við núverandi ástand.

Ég skal svara bæði hæstv. atvmrh. og hv. frsm. meiri hl. viðvíkjandi því, er ég sagði um, að ríkið tæki á sig nokkurn kostnað vegna þessa eftirlits, að þá tel ég engan vafa á, að þetta álit mitt sé rétt. Mér finnst líka óþarft að taka þetta í frv., því vitanlega eiga Skeiðamenn sem aðrir bændur aðgang að leiðbeiningum trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að n. hefði verið uppálagt að gera till. um, hvað bændum teldist fært að bera af áveitukostnaðinum. Mínar brtt. byggjast einmitt á áliti n. að þessu leyti og eru því ekki í neinu ósamræmi við till. hennar.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að þetta myndi ekki vekja neitt fordæmi, þó bændum væri gert að skyldu að leita nauðasamninga um skuldir sínar, því það væri gert undir þeim alveg sérstöku kringumstæðum, að verið væri að létta af þeim skuldum vegna áveitunnar. En ég vil benda hv. þm. á, að ekki þarf að leita eftir slíkum tækifærum sem þessu, því slík tækifæri eru nóg til. Það var náttúrlega alveg rétt, að þetta stafar af sérstökum óhöppum. En það er nú yfirleitt svo, að erfiðleikar og þrengingar, sem borgarar þjóðfélagsins komast í, stafa af ýmiskonar óhöppum.

Viðvíkjandi því, sem ég sagði um verðhækkunarskatt, að það væri ekki mikið að hafa upp úr honum að því leyti, sem hann kæmi fram sem söluskattur á jarðirnar, þá sagði hv. þm., að hreppsn. hefðu alltaf forkaupsréttinn og gætu því gripið inn í, ef jarðarverð virtist vera óeðlilega lágt. En hv. þm. gleymir því, að hér eiga allir hreppsbúar óskilið mál. Verðhækkunarskatturinn hvílir á flestum jörðum, og þá hreppsnefndarmanna og oddvita líka. Það er því sameiginlegt hagsmunamál allra hreppsbúa að komast undan verðhækkunarskatti. Er því í þessu falli engin minnsta trygging í forkaupsrétti hreppsnefnda.

Hvað eftirlit með Skeiðaáveitunni snertir vil ég enn minna á það, að ég tel ástæðulaust að efast um, að bændur á þessum slóðum eins og annarsstaðar kunni að meta sína hagsmuni, og muni, svo sem þeir hafa getu til, halda við og endurbæta þessi mannvirki án þess að ríkissjóður standi með reidda svipu yfir höfðum þeirra. Ég álít hitt ætti að nægja, að bændur fengju í þessu efni nauðsynlegar upplýsingar hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Hv. þm. fékkst nokkuð um það, að ríkissjóður heimti nokkuð af sínu, með því að bændur greiddu skatt af verðhækkun eigna þeirra. En ég hefi bent á, að þær leiðir, sem hv. meiri hl. fer til þess að ná þessum skatti, eru ólíklegar til nokkurra verulegra tekna fyrir ríkissjóð. En hinsvegar er með þessu gengið inn á skattstefnu, sem ég tel óheppilega. Og þegar þetta hvorttveggja leggst saman, þá byggi ég vitanlega þar á þá ályktun, að þetta beri að fella niður.

Hv. þm. minntist á Flóaáveituna og kvað nokkrar líkur til, að það myndu verða forlög þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, að leita á náðir ríkissjóðs á líkan hátt og Skeiðamenn. Ég vona, að það fari ekki svo. En ég vil þó benda á, að ef svo fer, þá stendur allt öðruvísi á um Flóaáveitusvæðið, því að þar hefir ríkissjóður — að því er ég held — haft veð fyrir því, sem hann lagði fram fram yfir það, sem honum bar samkv. þeim lögum, er þar um gilda.

Ég hefi þá gert grein fyrir, hvað fyrir mér vakir, og læt þetta nægja að sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er sérstaklega eitt atriði, sem þm. þm. Borgf. beindi til mín í síðari ræðu sinni, sem ég vil víkja að.

Það er vitanlega alveg rétt, sem hv. þm. sagði viðvíkjandi eftirgjöf veðdeildarinnar af Skeiðaáveituskuldum, að það sé ekkert hættulegt, þótt gefin sé eftir þessi tiltölulega litla upphæð, eins og hann orðaði það. Það er ekki það eitt, sem við hv. frsm. meiri hl. álítum hættulegt. Það er hitt, að ef farið er inn á þessa braut á annað borð, hvað er þá því til fyrirstöðu, að þetta verði gert í mörgum tilfellum hliðstæðum? Þeir menn, sem við þurfum að leita til um markað á veðdeildarbréfum, munu að sjálfsögðu tortryggja nokkuð verðmæti þeirra pappíra, ef þeir sjá, að þessari lánstofnun er þannig stjórnað, að Alþingi gefur henni heimild til eða sumpart leggur fyrir hana að innheimta ekki skuldir. Og ríkið gefur í skyn með þessu, að svona telji það leyfilegt að hegða sér síðar, ef svipað stendur á.

Aftur á móti er eitt atriði, sem hv. þm. Borgf. talaði um, allt annars eðlis. Í ræktunarsjóðslögunum stendur um það, hvernig á að ráðstafa varasjóði 1. flokks. Hann rennur inn í veðdeildina, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks. Hvað getur þeim mönnum, sem kaupa veðdeildarbréfin, þótt athugavert við það, þótt ráðstafað sé þeim peningum, sem eru afgangs, þegar búið er að borga allar skuldbindingar, sem hvíla á þeim flokki? Við verðum að athuga, hvernig þetta stendur gagnvart þeim, sem kaupa veðdeildarbréfin, ef annað vald en yfirstjórn veðdeildarinnar getur komið og sagt: Þú átt að gefa þessum manni og þessari stofnun eftir þetta og þetta. Hv. þm. Borgf. vill opna möguleikana til þessa. Allt annað er það, að ráðstafa peningum, sem eftir verða, þegar búið er að fullnægja öllum skuldbindingum.

Hv. þm. Borgf. vildi vekja nokkra tortryggni um eitt atriði viðvíkjandi þessari áveitu. Hann kvað áhættu geta orðið töluverða út af væntanlegum vatnsskorti, og vitnaði í álit Skeiðaáveitunefndar. Ég verð að segja, að ég finn ekki, að n. tali um hættulegan vatnsskort nema í fortíðinni. En í áliti sínu kemur hún inn á það, sem hv. frsm. kom rækilega með og ég vitnaði í, — að sú umbót, sem gerð var í sumar og haust, er búin að lagfæra þetta, svo að hættan á vatnsskorti heyrir algerlega fortíðinni til. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr nál.:

„Á þessu“ — nefnilega vatnsskortinum — „er nú verið að ráða bót með því að taka kvísl úr Þjórsá töluvert ofar með bakkanum og veita inn í flóðgáttina. Er með þessu móti mögulegt að hafa ætíð nægilegt vatnsmagn í skurðinum, og er þá meiri von um betri árangur af áveitunni“.

Nú má því telja nokkurn veginn víst, að þessi hætta verði alveg útilokuð framvegis.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess fyrir hönd þingmanna Árn. að þakka bæði hv. n. og hæstv. stj. fyrir till. þeirra í þessu máli. Og ég get líka verið þakklátur hv. minni hl. fyrir það, hvað hann hefir tekið vel í þetta mál, því að það er sýnilegt af hans till., að þar greinir eiginlega ekki á um aðalatriðið, nefnilega að það þurfi að rétta þessum mönnum hjálparhönd, heldur aðeins um aðferðina.

En úr því að ég stóð upp, vil ég leyfa mér að benda á það, að fyrir utan löggjafann er um annan aðila að ræða, þar sem eru Skeiðaáveitubændur og Skeiðahreppur. Þessar till., sem eru fram komnar, eru gerðar með samþykki þeirra. En hinsvegar er alls ekki víst, að þeir mundu treysta sér til þess að samþ. till. hv. minni hl., enda þótt ég engan veginn vilji segja, að þær séu neitt ósanngjarnar. En ástæðan til, að ég er hræddur um, að þeir geti ekki samþ. þær, er einmitt það, að frv. og till. hæstv. stj. eru þannig lagaðar, að þær eiga fyrst og fremst að sjá um, að ekki verði kippt úr framkvæmdum á þessu svæði. Hér kemur það til greina, að einmitt þessi aukning á notagildi landsins krefst allmikils tilkostnaðar hjá bændum, ef þeir eiga að geta notað sér hana. Líka er þess að gæta, að þessar till. eru byggðar á því, að veðdeild Landsbankans fyrir sitt leyti vilji gefa eftir. En ég býst við, að hæstv. stj. muni aldrei ganga inn á slíkt. En því aðeins

fengist samþykki þeirra, sem hér eiga um að fjalla, til þess, að farið væri ekki á neinn hátt að skylda veðdeildina.

Úr því að ég stóð upp, vildi ég aðeins benda á það, að þessi nauðasamningaumleitun er alveg nauðsynleg. Hún er gerð af nefnd eftir að búið er að leita upplýsinga um skuldir manna og það varð þá sýnilegt, að sumir af þessum mönnum þurfa að leita nauðasamninga. Annars skilst mér, að slíkt verði aðeins til þess, að aðrir en ríkissjóður taki þátt í því tjóni, sem hefir nú orðið af þessu fyrirtæki. Og ég sé ekki annað en það sé rétt.

Það hefir verið talað um það, að eiginlega hefði ekki þurft að koma til Alþingis. En ég vil líta svo á, að það hafi verið alveg nauðsynlegt, — þegar af þeirri ástæðu, að Skeiðaáveitusamþykktin er svo ófullkomin, að við hana er alls ekki hægt að hlíta. Ég get skýrt hv. deild frá því, að ég á í fórum mínum uppkast af frv. til laga um viðhald Skeiðaáveitunnar. Það uppkast var gert vegna þess, að það var ekki hægt eftir þeim grundvelli, sem núverandi samþykkt byggðist á, að koma á fullkomnu eftirliti. Líka er mér kunnugt um það, að ætlunin er sú, að þetta eftirlit atvmrh. eigi ekki aðeins við Skeiðaáveituna, heldur líka við Flóaáveituna í sínum tíma.

Flóaáveitan var nefnd í þessu sambandi og þess getið til, að ríkissjóður mundi þar hlaupa undir bagga. Ég skal ekki segja um það, hvorki af né á, en aðeins geta þess, að þar stendur allt öðruvísi á og að stjórn þess fyrirtækis hefir farið fram með allt öðrum hætti. Ég býst sem sé ekki við, að nokkrár slíkar afleiðingar geti orðið af henni eins og þarna á Skeiðunum.

Þá var minnzt á verðhækkunarskattinn. Ég get blátt áfram skýrt frá, að Skeiðamönnum er alls ekki vel við þennan skatt, og vildu vitanlega helzt vera lausir við hann. En þetta var eitt atriði í samningnum og þeir aðhylltust það, töldu sig knúða til þess eftir því sem atvik lágu til. Sumir hafa litið svo á, að ríkissjóður mundi fá lítið í aðra hönd fyrir þennan skatt. Slíkt er náttúrlega ekki annað en spádómur langt fram í tímann. Hvernig menn líta á þetta, fer fullkomlega eftir því, hve bjart menn líta á framtíð landbúnaðarins yfirleitt. Fyrir mitt leyti er ég í engum efa um, að jarðir þarna koma til þess að hækka mjög í verði eftir því sem fram í sækir. Eins og við vitum, þá hafa Árnesingar átt afarerfitt uppdráttar, en þó hafa jarðirnar þar hækkað í verði ár frá ári. Síðastl. vor átti að selja kot nokkurt, vitaskuld þægilegt, en fremur lítið, á 6 þús. kr., og var talið áður þess virði. En í haust voru eiganda boðnar 12 þús. fyrir það áður en hann veit af. Ég er því ekki í neinum vafa um það, að þessi verðhækkunarskattur verður ríkissjóði talsvert drjúg tekjubót á sínum tíma, enda er það þetta, sem Skeiðamenn óttast.

Ég endurtek að lokum þakkir mínar fyrir það, hversu vel þessu máli hefir verið tekið.

Magnús Jónsson:* Ég skal ekki tefja lengi, en ég hefi samt ástæðu til að gera grein fyrir minni afstöðu til málsins.

Það vill svo til, að ég get hvorugum hluta n. fylgt alveg. Um það er í raun og veru ekki að ræða, hvort menn vilja gera eitthvað til þess að létta byrði Skeiðamanna vegna áveitunnar. Ég lít svo á, að þegar sé slegið föstu, að svo skuli gert, en að hæstv. stj. hafi viljað bera undir þingið sína skoðun á því, hvernig það skuli gert. Mér þykir vænt um, að hæstv. stj. sýnir í þessu frv., hvernig hún hugsar sér fyrirkomulagið.

En ég get á engan hátt verið því samþykkur að fara þá leið, sem stungið er upp á. Að mjög miklu leyti get ég vísað til þess, sem hv. minni hl. sagði um þetta mál. Ég álít, að með því að leggja verðhækkunarskatt á eignir sé gengið inn á alveg nýja braut, sem ekki sé ráðlegt né heldur leyfilegt. Það er venjulega hugsunarvilla í því fólgin, þegar menn eru að brjóta meginreglur, sem þeir annars vilja fylgja, fyrir eitthvert sérstakt tilfelli. Það er miklu réttara að gera engar undantekningar og halda sínu striki, en láta ekki ástæður, sem virðast vel í svipinn, brjóta sínar meginreglur.

Þetta er ekki annað en partur af „Georgismanum“, sem þingið hefir ekki ennþá viljað ganga inn á. Og ég fyrir mitt leyti vil á engan hátt ganga inn á þá

braut hér. Þar að auki er bent á það með rökum, sem mér finnst ómögulegt að hrekja, að þetta er fjarska erfið og óþægileg leið. Það verður erfitt að ná þessum verðhækkunarskatti inn. Og þó að ríkissjóður ætti ef til vill í réttu lagi að fá svo og svo mikla upphæð með þessu móti, þá hygg ég, að alltaf verði til fjöldi af leiðum til þess að komast í kringum skattinn. Ég verð líka að segja, að mér finnst ákaflega óviðkunnanlegt að fara að binda þessa aðstoð skilyrðum, sem eiga að grípa yfir svo langan tíma, að eftir að ríkissjóður er búinn að ljúka öllum sínum skuldbindingum, þá séu hjálpþegar undir ýmiskonar fordæmingu. Þeir þurfa að vera að greiða þessa lágu vexti, sem eru kallaðir partur af höfuðstólnum, og sömuleiðis hvílir þessi vonda kvöð á þeirra eignum. Ég er þess vegna sammála hv. minni hl. um það, að ríkissjóður eigi að gera þetta upp í eitt skipti fyrir öll, — taka á sig þann part af skuldbindingum, sem nauðsynlegur þykir, en skilja eftir það, sem Skeiðamönnum er talið fært að inna af hendi og rétt þykir að láta þá greiða, með nokkru tilliti til þess, að þeir hafa fengið skilyrði til aukins afrakstrar af búum sínum. Fr mundi því geta fallizt á till. hv. minni hl. fjvn., ef ekki fylgdi þetta skilyrði, að eftirgjöf komi til úr viðlagasjóði, og þó sérstaklega úr veðdeild Landsbankans. Ég get fallizt á rök þeirra, sem telja þetta mjög varhugavert. Og þótt bent hafi verið á, að ráðstafað hafi verið varasjóði 1. flokks veðdeildarinnar, þá finnst mér það ekki fullkomlega hliðstætt þessu. Því að þótt svo kunni að vera ákveðið, að varasjóður fyrri flokka skuli renna til tryggingar bréfum seinni flokka, þegar skuldbindingum hvers um sig er lokið, þá er það ekki hliðstætt því, sem hér er um að ræða. Því að við búum þannig um hvern flokk fyrir sig með lögum, að bréf þess flokks þykja vera trygg. Ég hygg, að enginn telji þau ekki fullkomlega trygg, svo lengi sem ríkissjóður grípur ekki inn í ráðstafanir hvers flokks sérstaklega. En hér er beinlínis verið að því. Og það er alveg fullkomlega víst, að það er ekkert, sem fjármálamenn óttast í þessu efni eins og ef löggjöfin fer að nota þann rétt, sem hún hefir, til þess að veita fé úr ríkisstofnunum, í stað þessa að veita það beint úr ríkissjóði. Ég get þess vegna ekki greitt atkv. með a-lið 2. brtt., sem gengur út á þetta.

Ég vil benda í þessu sambandi á annað, sem ekki hefir komið hér fram. Það er sem sé ekkert líklegra en að allt málið mundi stranda á þessu atriði, ef það er sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði. En hinsvegar er stjórn veðdeildarinnar alls ekki skyldug til að ganga að skilyrðunum; og ef hún gerir það ekki, þá er þessi bjargráðaráðstöfun frá hálfu ríkissjóðs úr sögunni.

Ég hefði álitið, að það væri heppilegasta lausnin á þessu máli, að ríkissjóður greiddi ⅔ hluta af áveituskuldunum, en að hlutaðeigendur bæru sjálfir ⅓ hluta, en losnuðu svo undan þeirri fordæmingu að greiða verðhækkunarskattinn. Ég ætla þó ekki í þetta sinn að koma með skriflega brtt. í þá átt við till. hv. þm. Borgf.; ég vil fyrst sjá, hvort þær till. hans sem minni hl. nefndarinnar ná samþykki þessarar deildar, og get ég þá flutt brtt. við 3. umr. En hallist deildin ekki að till. hv. minni hl., þá þarf ég ekki að koma fram með slíka brtt.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að það myndi skerðast varasjóður veðdeildarflokksins, ef till. minum yrði framfylgt. Og hinsvegar lét hann þess líka getið, að öllum varasjóði 1. flokks veðdeildarinnar væri ráðstafað til annarar stofnunar, sem er Ræktunarsjóðurinn. Sú skerðing á varasjóði veðdeildarinnar, sem af þessu leiðir, hlýtur því samkv. hans skoðun engu síður, heldur miklu frekar, að draga úr öryggi hennar og valda álitsrýrnun á stofnuninni í augum þeirra, sem mundu kaupa veðdeildarbréfin. Hæstv. forsrh. var ekkert hræddur við það á sínum tíma að taka varasjóð 1. fl. veðdeildarinnar af veðdeildinni og láta hann renna inn í aðra stofnun. Það virðist því vera í fullu ósamræmi við fyrri skoðun hans í þessu efni, þegar hann nú er að tala um hættu af því að gefa eftir þessa upphæð af Skeiðaáveituláninu.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði,

að þessir samningar gætu strandað á því, að ekki næðist samkomulag við stjórn veðdeildarinnar, þá vil ég svara því, að þetta er mjög ósennilegt, þar sem frv. gefur stjórn veðdeildarinnar beina heimild til þess. Ég held því, að það sé engin ástæða til að óttast um málið frá því sjónarmiði, hvor leiðin sem farin verður.

Hæstv. atvmrh. var að bera mér á brýn, að ég miðaði einkum við fortíð þessa máls, en þóttist sjálfur líta á ástæðurnar eins og það lægi nú fyrir. — Hann hefir nú lesið upp af 6. bls. í nál., en ég af 16. bls., svo að því leyti stend ég nær nútíðinni en hann.

Nefndinni höfðu dottið í hug 4 leiðir til úrlausnar þessu máli, og skal ég í sambandi við þetta benda á það, sem n. segir í áliti sínu um fyrstu leiðina, en hún var sú, að ríkissjóður tæki landeignir á Skeiðaáveitusvæðinu upp í eftirgjöfina. Um þá aðferð talar n. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það virðist í fljótu bragði geta verið mjög æskilegt, að bændur gætu látið land upp í áveitukostnað, en við nánari athugun eru ýmsir annmarkar á því, að þetta geti komið að verulegum eða hagfelldum notum. Sem ástæður eru nú, eru not áveitunnar eigi svo mikil, sem ætla mætti. Þetta stafar af orsökum, sem áður hafa verið greindar, vatnsskorti, ónógri framræslu, vöntun á girðingum o. fl. Flestar jarðir hafa því nú þörf fyrir það land, sem þær nú ráða yfir".

Þetta er vitanlega miðað við ástandið í sumar og haust, þegar n. athugaði áveitusvæðið. Það er miðað við núverandi ástand, en á ekki rætur í fortíðinni.

Skal ég svo ekki fara lengra út í málið að öðru leyti, en vil aðeins að lokum láta þess getið út af ræðu hv. 2. þm. Árn., þar sem hann gat þess, að ef Skeiðamenn ættu sjálfir um að velja, þá mundu þeir hafna mínum till., en kjósa till. hv. meiri hl. n., þá verð ég að segja það, að þeir kunna ekki að meta það, sem vel er gert fyrir þá.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR

Brtt. 289,1 felld með 15:5 atkv.
1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 289,2.a felld með 15:3 atkv.
— 289,2.b felld með 14:5 atkv.
— 289,2.c felld með 14:4 atkv.
3. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 289,3 felld með 14:3 atkv.
— 289,4 felld með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, MJ, PO.
nei: BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, LH, MG, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, JörB.
HK greiddi ekki atkv.
Fimm þm. (EJ, GunnS, JS, ÓTh, BSv) fjarstaddir.
4.—9. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 289,5 sjálffallin.
— 289,6 felld með 15:6 atkv.
10.—12. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Brtt. 289,7—8 sjálffallnar.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 13).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 13).

Á 59. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 482).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Fyrir rúmum áratug gerðu menn sér mjög álitlegar vonir um árangur af því að veita stóránum á engin þarna á Skeiðunum, og var leitað til Alþingis um fjárframlög. Áður hafði farið fram áætlun um kostnað, og samkv. henni gerðu menn sér vonir um, að fást mundi nóg vatn á svæðið fyrir 103 þús. kr. Þingið mun hafa lofað að leggja fram ¼ kostnaðar við verkið og auk þess allan kostnað fyrir Ólafsvelli og kot þar í kring, en það eru kirkjujarðir í eigu ríkisins. Því miður hefir reynslan orðið hörmuleg. Það hefir komið í ljós, að þrátt fyrir það mikla verk, sem unnið var á árunum 1917—1923, hefir ekki tekizt að ná valdi á vatninu eins og þurfti, og varð því að leggja í allmikinn nýjan kostnað til að ráða bætur á því. Niðurstaðan er, að fyrsta áætlunarupphæðin hefir ferfaldast, orðið yfir 422 þús. kr. Ég býst við, að margar orsakir hafi verið þarna að verki. Mest sú, að verkið var unnið á þeim tíma, sem dýrastur hefir verið í okkar sögu. En nokkuð má því um kenna, að málið var ekki svo undirbúið frá verkfræðinganna hálfu sem skyldi. En ég skal ekki fjölyrða um það nú. Hitt, sem við okkur blasir, er sú grálega reynsla, að notin hafa ekki orðið þau, sem til var ætlazt, en kostnaður margfaldur og alveg óbærilegur fyrir Skeiðamenn. Í stað þess, að áveitan átti að verða öflug lyftistöng fyrir sveitina, hefir hún orðið henni til fjárhagslegrar tortímingar.

Skeiðamenn gerðu árið 1917 samþykkt með sér um niðurjöfnun kostnaðar og tóku lán, sumpart úr viðlagasjóði, en þó aðallega í veðdeild Landsbankans. Nú í árslok 1929 hvílir á þeim 287 þús. kr. skuld vegna áveitunnar. En auk þess hefir þessi sveit safnað öðrum skuldum svo afskaplega, að ótrúlegt þykir. Á þessu svæði, sem ekki er stórt — þar búa 29 bændur — eru þessar aukaskuldir yfir 190 þús. kr. Líklega stafa þær mest af harðindunum og dýrtíðinni kringum 1920. Alls hvíla þess vegna um 480 þús. kr. skuldir á sveitinni. Eignir virðast ekki vera miklar á þessu svæði. Samkv. skattskrá 1928 eru þær 341 þús. kr., og virðast þá um 140 þús. kr. vera af skuldum fram yfir eignir í þessari litlu sveit. Afleiðingin af þessu er sú, að þeir hafa ekki einu sinni getað greitt vexti af þessum lánum nú um nokkurn tíma, og ástandið virðist vera mjög bágt. Það er ekki sjáanlegt, að þeir gætu nokkurn tíma greitt þessar skuldir, og eru þá engin önnur úrræði en að ríkið neyðist til að taka þær að sér. Það er að vísu nokkuð hart, því að ríkissjóður hefir tekið þátt í öllum kostnaðaraukanum að sínum lofaða fjórðungi og er búinn að leggja fram 135 þús. kr. alls. En milliþinganefndin, sem sett var til að rannsaka þetta mál, hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að helzta tilraunin til þess, að bændur á svæðinu geti eitthvað bjargað þessu máli sjálfir, sé, að ríkið létti alveg af þeim þessum skuldum í bili. En hún hugsar aftur til þess, að eftir 1940 verði lagður á þá verðhækkunarskattur af jörðunum og söluskattur, ef söluverð fer fram yfir fasteignamat við eigendaskipti. Og auk þess eiga þeir að greiða á árunum 1940—80 2% á ári af höfuðstóli þeirra lána, sem nú hvíla á þeim. Verðhækkunarskatturinn á að nema 10% af verðauka jarðanna frá því verði, sem þær eru metnar með í jarðabókinni frá 1921, og kemur fyrst til greina að loknu jarðamati 1940, en síðan við hvert nýtt fasteignamat við hver tíu ára skipti fram yfir 1980. Söluskatturinn nemur 20% af gróða við sölu, og gilda þau ákvæði til ársloka 1980. Það er ekki gott að segja, hvað ríkið getur fengið aftur með þessu. En önnur leið er ekki líklegri, eins og nú stendur, til þess að gera hvorttveggja, að bjarga sveitinni frá tortímingu og skapa einhverja von um, að ríkið kunni að fá eitthvað af þessu aftur. Af þessum ástæðum sá fjvn. ekki annað liggja fyrir en að samþykkja frv., þó að hún sæi, að þetta væri hreinasti neyðarkostur fyrir ríkið.

Jón Þorláksson: Eins og menn muna, útvegaði landsstjórnin sér með ákvæði í fjárl., sem samþ. voru á síðasta þingi, leyfi til að ákveða upp á sitt eigið eindæmi, hvern þátt ríkissjóður tæki í kostnaði af Skeiðaáveitunni. Ég mót-

mælti því þá, að þetta væri dregið úr höndum Alþingis og áskilið landsstj. einni. Víst er það góðra gjalda vert, að hæstv. stj. hefir tekið þær aðfinnslur til greina og ekki notað sér leyfið, heldur lagt málið fyrir þingið eins og henni bar. Um efni málsins hefi ég ekki mikið að segja. Það er auðséð, að Skeiðahreppur á í erfiðleikum út af þessu, ekki svo mjög af því, að áveitan hafi brugðizt réttmætum vonum. Að vísu þurfti nokkrar endurbætur til þess að tryggja nóg vatn. En kostnaður af því varð ekki mjög mikill. Hitt var höfuðóhappið, að verkið var unnið á dýrasta tíma, svo að það varð fram undir þrefalt dýrara. (**JónJ**: Ferfalt). Það varð nærri þrefalt dýrara en áætlað var. Ég vil taka tækifærið til að sýna, að í þeirri sundurliðun kostnaðar af áveitunni, sem gerð er í aths. við frv., þar sem skýrt er frá framkvæmd áveitunnar, eru upphæðir, sem öllum kemur saman um, að séu óviðkomandi því, sem samkv. venju er tekið með í áætlanir verkfræðinga. Það eru sex fyrstu liðirnir í því, sem kallað er ófyrirséð útgjöld, og eru það afföll af verðbréfum, annar kostnaður við lántökur, forvextir af víxlum, vextir frá lánadegi til júní 1923, afborganir af lánum á sama tíma, og loks annar kostnaður við afborganir og lánagreiðslur. Þessir liðir nema samtals 92 þús. kr., og sé það dregið frá 422 þús. verða eftir 330 þús. kr. Það er ekki alveg þreföld áætlunarupphæðin, ef seinni viðaukar eru teknir með, eins og hv. frsm. réttilega gerði. Þó að þessi kostnaðaráætlun hafi aðeins fylgzt nokkurn veginn með almennu verðhækkuninni, er samt auðséð, að þetta er of þungbært fyrir Skeiðahrepp.

Ekki er annars kostur fyrir mig en að greiða atkv. með þessu frv., þó að ég sé ekki ánægður. Því að mér finnst milliþinganefndin hafa gert þetta spursmál allt of flókið og vafstursmikið með sínum víðtæku till. til að ná inn einhverri smáupphæð upp í þetta, sem ríkissjóður þarf nú að kosta til. Það er tvennskonar verðaukaskattur, sem ákveðið er, að borga skuli ein 50—60 ár fram í tímann, og þar fyrir utan nokkur árleg greiðsla. Mér finnst það stinga ákaflega mikið í stúf, hve þetta er vafstursmikið, þegar litið er til þess, hve léttúðarlega hefir verið farið á öðrum sviðum með stærri greiðslur úr ríkissjóði. Mér er ekki grunlaust um, að sumir muni líta svo á, að þegar kemur að framkvæmd þessarar lagasetningar, þá þyki hún of flókin og verði að breyta henni.

Ég get vel greitt atkv. með frv. nú eins og það er, enda er enginn kostur á að koma með svo margar brtt., sem þörf væri á til þess að koma málinu í sæmilega einfalt og óbreytt horf.

Þá vildi ég benda á, að ef landbúnaður á Suðurlandi annars á nokkra framtíð, þá er það hreint ekki útilokað — og meira að segja líklegt —, að raunveruleg útgjöld ríkissjóðs af þessu verði engin, þau fáist öll endurgreidd með vöxtum, ef þessum lögum á annað borð verður hlýtt eins lengi og þau gera ráð fyrir. Því að ekki þarf mikinn verðauka á jörðum til þess, að hann vinni upp á móti kostnaðinum og skattur af honum vegi á móti árlegum afborgunum ríkissjóðs. (**JónJ**: Það þarf mikið til). Þetta er mikið land að flatarmáli. Ef menn hafa annars trú á, að landið byggist með býlum, sem nytji mest eða eingöngu ræktað land, er ekki hægt að segja, að það sé ólíklegt, að verðhækkunarskatturinn nægi til að inna af hendi greiðslur þessara lána. En hitt er aftur annað mál, að ef verðhækkunargjöldin fara að nema verulega miklum upphæðum, þá er ekki víst, að menn uni því, að þau séu látin standa óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 530).

14. Refaveiðar og refarækt.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðing refa og refarækt (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það verður ekki um það deilt, að núv. löggjöf og fyrirmæli um eyðing refa og refarækt eru mjög úrelt og ófullkomin og að nauðsynlegt er að breyta þeim í samræmi við breyttar ástæður í þessum efnum.

Frv. um þetta efni, sem flutt var á síðasta þingi, var þá mikið rætt, en komst ekki út úr Nd., enda hafði það ekki fengið nægilegan undirbúning. En til þess að bæta úr því, snéri ég mér til mþn. í landbúnaðarmálum og óskaði eftir, að hún tæki málið til meðferðar og undirbúnings. Nú hefir n. samið myndarlegt frv., sem stj. leggur fyrir þessa hv. þd., og rökstutt það rækilega.

Ég sé ekki ástæðu til að bæta við þær aths. á þessu stigi málsins, en óska þess, að hv. landbn. láti það fá svo fljóta afgreiðslu, að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég skal geta þess, að ég hefi ennfremur fengið ítarlegt álit um þetta mál frá sérstaklega kunnugum manni, sem ég mun sýna landbn. Vil ég svo aðeins leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til landbn

Pétur Ottesen: Ég er því fullkomlega samþykkur, að ástæða sé til að setja löggjöf um þetta efni, sérstaklega grenjavinnslu. En ég get ekki séð, að í þessu frv. séu ný ákvæði, sem taki núv. löggjöf fram. Núgildandi ákvæði eru í reglugerðum og sýslusamþykktum, sem stjórnarráðið hefir staðfest og gilda sem lög.

Síðan refaskinn og yrðlingar urðu svo verðmikil, sem raun er á orðin, hefir mikið verið sótt eftir refaveiðum. Og þó að gengið sé út frá, að hreppsnefndir ráði menn til þess að vinna greni, þá hafa einstakir menn gefið sig við því utan allra samninga. Ég tel sjálfsagt, að hreppsnefndir og aðrir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, ráði um grenjavinnsluna, en sé ekki, að það sé tryggt í þessu frv. eða fyrirbyggt, að öðrum sé fyrirmunað að blanda sér inn í þær sakir en þeim, sem um þau eiga að sjá. Mér finnst vanta ákvæði í frv., er skeri úr um þetta, og vil skjóta því til þeirrar n., sem um það á að fjalla, að athuga þessa hlið málsins.

Þó það eigi ekki við að ræða um einstakar gr. frv. við þessa umr., þá vil ég benda á akvæði í 5. og 6. gr. frv. um borgun til þeirra manna, sem vinna grenin. Ég sé ekki ástæðu til, að verið sé að binda hendur hreppsnefnda um það, hvort borgun til refaskyttu skuli vera dagpeningar eða hluti af veiðinni. Ég vildi aðeins skjóta þessu til n., að hún taki þetta til athugunar.

Þá eru nokkur atriði í síðari kafla frv., sem ég hygg, að þörf væri á að taka til nánari athugunar, en ég hefi ekki haft tíma til að taka þann kafla til nákvæmrar yfirvegunar, og er því ekki viðbúinn að ræða hann nú.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi aðeins farið lauslega yfir frv. og er því ekki viðbúinn að ræða það nákvæmlega. En í II. kafla þess finnst mér þó vanta ákvæði, er ég vildi benda á.

Þegar refir eru seldir erlendis, er jafnan látið fylgja vottorð, er sýni hér um bil, hversu gamlir þeir eru, t. d. 3 mánaða, missirisgamli., eins árs, tveggja ára o. s. frv. Vottorð um þetta er nauðsynlegt vegna sölunnar, og ætti því að standa ákvæði um það í frv. Þó mun ekki nauðsynlegt að tilgreina annað um aldur dýranna héðan en hvort þau eru á 1. ári eða eldri. Þá þarf einnig vottorð um það, hvort dýrið er fætt í fangelsi eða hefir fæðzt villt.

Þá sé ég heldur eigi, hvaða ástæða er til að banna útflutning á fallegum hvítum yrðlingum. Hér er aðeins leyfður útflutningur á mórauðum. Ég veit ekki, hvaða ástæða er til þess að banna útflutning á þeim hvítu, og ég held, að ekki sé rétt að gera það, en séu ástæður fyrir þessu, þá vænti ég að heyra þær.

Ég vildi aðeins beina þessum atriðum til hv. landbn., í því trausti, að hún taki þau til athugunar.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Borgf.

hefir nú drepið á margt af því, er ég vildi sagt hafa um I. kafla frv. þessa, svo ég hefi litlu við að bæta.

Hæstv. fors.- og atvmrh. tók það réttilega fram, að frv. um þetta hafi verið hér á ferðinni í fyrra, en ekki náð fram að ganga. En svo sagði hæstv. ráðh., að nú kæmi það aftur fram ágætlega undirbúið. Að vísu er það nú satt, að mál þetta hefir verið falið hinni svokölluðu landbn., sem starfað hefir milli þinga, enda eru fingraför hennar sjáanleg á því. Nú snýst nokkur hluti frv. um annað en það, sem var hér til umr. í fyrra. Og þótt megnið af því muni nú vera í ákvæðum reglugerða sýslunefnda um refaveiðar, þá má þó máske segja, að frv. sé fyllra nú að sumu leyti. Þó hygg ég, að ýmsir annmarkar séu á því nú. T. d. finnst mér nokkuð langt gengið að taka valdið af hreppsnefndum um frjálsa samninga við skotmennina, enda hygg ég, að erfitt verði að fylgja einni og sömu reglu um það, vegna mismunandi staðhátta.

Þá vil ég skjóta því til athugunar þeirrar hv. n., sem nú tekur við frv., hvort ekki sé með því gengið helzt til langt inn á rétt þeirra manna, sem lönd eiga þar, sem refir halda til. Ég sé ekki, að rétt sé að gefa sveitum meiri rétt um þetta en landeigendum. Hér er um tekjugrein að ræða, sem vafi getur leikið á, hvort landeiganda ekki ber. (BSt: Hver er réttur landeiganda nú?). Ég býst við, að hv. þm., sem spurði, sé kunnugri þessu en ég, því hann á sæti í þessari virðulegu n., sem smíðaði frv., því í nál. stendur, að n. hafi leitað upplýsinga víðsvegar að!! Ég þekki aðeins til í mínu umhverfi. Þar hygg ég, að þetta sé nokkuð óbundið, enda mun nálega enginn kostnaður leggjast á hreppana nú orðið vegna grenjavinnslunnar. Nú er orðið mjög auðvelt að fá skotmann, sem áður fyrr var oft mjög erfitt.

Í einni gr. frv. er kveðið svo að orði, að sýslusjóðir skuli greiða 10 kr. fyrir hvert hlaupadýr, sem vinnst á öðrum tíma en þeim, sem grenjaleit fer fram. Er meining n. með þessu að fá samþykki Alþ. til þess að skylda sýslusjóði til að greiða þessa upphæð, eins þótt skotmanni hafi verið stórhagnaður að því að vinna dýrið? — Nú er það svo eftirsótt að ná í hvít og mórauð skinn að vetrarlagi, að ég sé ekki, að verðlauna þurfi neinn til að reyna það.

Ég býst nú við, að n. meini hér aðeins dýr, sem unnin eru að sumri, en hér vantar alla skilgreining á því, og vona ég, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, taki þetta til athugunar, og ennfremur aðrar misfellur á frv., er hún kynni að verða vör við.

Þá get ég ekki verið sammála um það ákvæði frv., að eyjar geti ekki verið trygg varzla fyrir dýrin. Margar eyjar liggja svo langt frá landi, að þær verða ekki samfara við land, nema þá í fádæma hörðum vetrum. Hitt er vitanlega rétt, að til eru margar eyjar, þar sem varzla er ekki trygg.

Ég hygg, að kjör þau, sem frv. þetta býr grenjaskyttum, séu svo þröng, að ef það verður gert að lögum óbreytt, þá sæki fljótt í sama horf og áður var, að erfitt verði að fá grenjaskyttur. Að það sé til, að skotmenn hlífi fullorðnum dýrum, má kannske hugsast, en hreint ekki segjast, enda er hreppsnefndum það í sjálfsvald gefið að velja þá menn eina til starfans, sem þær treysta til samvizkusemi í þessu. Ég þekki ekki dæmi um neina óráðvendni frá hálfu grenjaskyttna um þetta. En hv. mþn. veit máske af mörgu í sambandi við þetta mál, sem ég veit og þekki ekki.

Mér þótti fara vel á till. hæstv. forsrh., að máli þessu verði vísað til landbn. þessarar d. Mér fannst það benda í þá átt, að hæstv. ráðh. telji þörf á, að ákvæði frv. verði tekin til rækilegrar yfirvegunar á ný.

Jörundur Brynjólfsson: Okkur nm., sem um þetta mál áttum að fjalla, kom víst aldrei til hugar, að við mundum þekkja til hlítar öll þau atriði, sem snert geta þetta mál. En við reyndum að taka tillit til þeirrar vitneskju, sem við höfðum um málið, og ég vona, að okkur hafi tekizt sæmilega með þau atriði, sem þekking okkar náði til. Hv. þm. hafa nú þegar drepið á ýms atriði frv., og jafnvel látið það álit sitt í ljós, að I. kafli þess tæki í engu fram þeim reglugerðum, sem nú eru til um refaveiðar. Ég hygg þó, að þetta muni vera ofmælt. Reglugerðarákvæðin munu víða vera ófullkomin og erfið til

framkvæmda. Er því tvímælalaust betra að setja almenn lög um þetta efni, og þá um leið um refaeldi. Hitt má vera, að frv. þessu sé ábótavant, og er þá hlutverk landbn. að færa það í betra horf eftir till. þeirra hv. þm., er betur vita.

Hv. þm. Borgf. drap á það atriði, sem mþn. var allsendis ókunnugt um, er hún samdi frv. þetta, að til væru menn, sem í algerðu heimildarleysi færu inn á annara manna lönd og gerðust þar grenjaþjófar. Um þetta heyrði ég fyrst fyrir fáum dögum. Ef okkur nm. hefði verið þetta kunnugt, er við sömdum frv., þá hefðum við eflaust látið 3. gr. frv. kveða nánar á um þetta. Að vísu held ég, að enda þótt frv. verði gert að lögum í núverandi búningi, þá nái þó ákvæði 3. gr. til þessa, og sektarákvæði 15. gr., þar sem slíkt yrði vafalaust talið undir ólöglega meðferð á grenjum. En vitanlega hefi ég ekkert á móti því, að þetta sé nákvæmar orðað.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um II. kafla frv. Út af því vil ég benda á, að ákvæði 12. gr., að aðeins megi flytja út mórauða yrðlinga af beztu tegund, eru sett af því, að mþn. var kunnugt um, að Norðmenn hafa keypt hér misjafna yrðlinga og selt þá síðan, þannig að betri yrðlingana hafa þeir talið grænlenzka, en þá verri íslenzka. Þótti því rétt að leyfa ekki útflutning á yrðlingum nema af beztu gerð. En öll fullorðin dýr má flytja út eftir sem áður, ef þau eru heilbrigð.

Hv. þm. Barð. talaði einna flest aðfinnsluorð um frv. En ég saknaði þess þó, að hann drap á fá atriði máli sínu til sönnunar. Hv. þm. taldi, að frv. tæki í engu fram reglugerðum um refaveiðar eða refaeldi. Ég vil þó benda honum á það, að í einni sýslu sluppu yrðlingar úr gæzlu. Var yfir því kært. En sýslumaður þar kvaðst ekkert geta í því gert, því engin refsiákvæði væru til í lögum, sem hægt væri að beita gegn því. Heildarlög um þetta efni eru því nauðsynleg. Þá þótti hv. þm. óþarfi að verðlauna dráp á hlaupadýri, og kvaðst ekki kannast við merkingu þess orðs. Ég held nú samt, að það sé landskunnugt og gamalt í málinu, og þýði aldrei nema hið sama: dýr, sem ekki er við greni. Venjulega hér sunnanlands eru dýr þessi unnin á þeim tíma, sem skinnin eru lítils virði, og þó stundum haft mikið fyrir þeim. Ég held því varla, að þessi litlu verðlaun séu teljandi eftir.

Þá taldi sami hv. þm. ákvæði 9. gr. fullströng. Játaði þó, að fyrir gæti komið í aftaka vetrum, að samísa yrði við land. Þetta hefir einmitt komið fyrir og valdið skaða. En það má aldrei koma fyrir, og því er það ekki talin örugg gæzla í frv., nema girðing sé líka. Ég bjóst satt að segja ekki við því, að neinn hefði við það að athuga, þótt gæzla refa sé gerð alveg örugg.

Eins og allir vita, er hér um útrýmingu á skaðræðisdýri að ræða. Eiga allir sauðfjáreigendur því of mikið í húfi, ef einstaklingar eru látnir sjálfráðir um það mál. Verður efalaust tryggilegast um þetta búið með allsherjarlögum. Er auðvitað sjálfsagt að vanda sem bezt til þeirra, og er ég þakklátur fyrir allar bendingar, sem miða í þá átt að gera lögin sem bezt úr garði.

Bjarni Ásgeirsson: Það virtist koma fram hjá tveim hv. þm., að þeir teldu ekki þörf á lögum um þetta efni, vegna þess að sýslunefndum væri heimilt að gefa út reglugerðir um þetta, hverri í sínu héraði. En þetta er ekki rétt. Til þess að þær reglugerðir verði að gagni, þá þurfa þær að hafa stoð í lögum. Lagagerðin verður því að vera grundvöllur sýslusamþykktanna. En þau lög, sem sýslurnar hafa nú á að byggja í þessum málum, eru orðin mjög á eftir tímanum.

Þá kem ég að öðru atriði, sem valdið hefir ágreiningi, nefnilega hver hafi rétt til grenja, sem finnast á einstakra manna löndum. Það þarf því að kveða skýrt á um það í lögum, hvort landeigendur eigi þann rétt eða hrepparnir. En ég sé á frv., að það gengur út frá rétti landeigandans, þar sem það ákveður honum hálfan arð af grenjavinnslunni. Ég álít vel farið, að þessu er slegið föstu, þar sem ég get ekki séð, að hægt sé að taka af landeigendum þessi hlunnindi á jörðum þeirra fremur en önnur. Hitt er ekki ósanngjarnt, að hreppunum, sem skyldan hvílir á að hafa umsjón með grenjaleitunum, og vitanlega bera af því kostnað um leið, sé áskilinn nokkur arður af vinnslu grenjanna, þegar hann verður. Má því vel ræða um þá

skiptingu, sem frv. gerir ráð fyrir á milli þessara aðila.

En að fara að ákveða laun grenjaskyttnanna með lögum, álít ég ekki ná neinni átt. Verðlag það, sem nú er á tófuyrðlingum, getur breytzt svo, t. d. lækkað, að óhugsandi sé að fá grenjaskyttur með þeim kjörum, sem lögin ákveða, og er þá í óefni komið, ef lagabreyt. þarf til, að sveitirnar geti samið um grenjaleitir.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að n. sú, sem þetta frv. fær til meðferðar, taki þær bendingar til greina og athugunar, sem þegar hafa komið fram við þessa umr.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins út frá því, sem hv. þm. Mýr. sagði, að minna hann á, að það er skýrt og greinilega tekið fram í gildandi lögum um refaeyðing, að sýslunefndir hafa rétt til þess að setja reglugerðir um eyðing grenja. Hitt er allt annað atriði, að nokkrir hreppar kunni að hafa neitað að fara eftir settum reglum. Í sjálfu sér er eðlilegt, að sett séu lög um þetta efni, en rétt finnst mér hinsvegar að ætla sýslunefndum nokkurt svið til umráða í þessum efnum. Ber og á það að líta, að áður var grenjavinnsla kostnaðarsöm, en er nú orðin tekjugrein allmikil. Að mínu áliti er réttast, að lögin séu einskonar rammi, en sýslunefndum sé ætlað að fylla út í hann með nánari ákvæðum. Mér virðist hv. mþn., sem samið hefir frv., varla hafa verið inni á þessu spursmáli. Hinsvegar vil ég vænta þess, að hv. landbn. þessarar d. athugi málið frá þeirri hlið sérstaklega, sem ég hefi bent á. Ég tel ekki rétt að svipta sýslunefndirnar íhlutunarrétti um þessi mál, eins og frv. þetta nánast gerir ráð fyrir. Ég sé, að einn nm. bendir á 1. gr., þar sem sýslunefndum er falið eftirlit með hreppsnefndum um eyðing refa. En þetta ákvæði nægir enganveginn. Það hefir n. að líkindum haft einhvern grun um, og þess vegna lagt til, að atvmrn. setti reglugerð um eyðing refa og grenja. En ég er hræddur um, að erfitt myndi veitast að semja reglugerð, er alstaðar ætti við. Hinsvegar stæðu sýslunefndirnar ólíkt betur að vígi í þeim efnum heldur en stjórnarráðið. Óska ég, að hv. landbn. þessarar d. taki þetta til rækilegrar athugunar. Um þessi mál eins og svo mörg önnur gildir það, að sitt á við á hverjum stað. Sýslunefndir eru miklu líklegri til að geta tekið tillit til þessa en atvmrn., sem jafnan hlýtur að vera ókunnugt á stórum svæðum á landinu.

Bernharð Stefánsson: Ég skal ekki að svo stöddu lengja umr. um þetta mál, enda finnst mér margt af því, sem sagt hefir verið um það, eiga betur við við 2. umr. Auk þess hefir hv. 1. þm. Árn. svarað rækilega flestum þeim aths., sem fram hafa komið gegn frv. Eitt atriði er þó, sem hv. þm. láðist að svara, nefnilega, að tekinn væri réttur af landeigendum með þessu frv., eins og hv. þm. Barð. vildi halda fram. Þetta er hinn mesti misskilningur. Með frv. þessu er í fyrsta sinni verið að gefa landeigendum rétt í þessu efni. Mér er ekki kunnugt um, að landeigendur hafi hingað til haft nokkur hlunnindi af því, þótt gerðar hafi verið opinberar ráðstafanir til þess að vinna refi. Ég veit heldur ekki til þess, að nokkur jörð hér á landi hafi nokkru sinni verið seld dýrara vegna slíkrar veiði. Það kemur því til engra mála, að landeigendur tapi nokkrum rétti, þótt frv. þetta verði að lögum. Hinsvegar er þeim gefinn réttur samkv. 4. gr. frv., svo að aths. hv. þm. Barð. er á engum rökum reist.

Ég man svo ekki eftir fleiru, sem ég hefi ástæðu til að minnast á viðvíkjandi þessu máli að svo stöddu. Aðeins skal ég taka það fram, að mér kemur ekki á óvart, þótt hv. þm. Barð. láti sér lítt um frv. þetta finnast, af því að mþn. í landbúnaðarmálum hefir um það fjallað. Það er nú svo um þennan hv. þm., að hann virðist aldrei geta litið þá n. réttu auga, né neitt það, er hún leggur til mála. Hinsvegar verð ég að treysta því, að landbn. þessarar d. líti sanngjarnari augum á frv. og meti það að verðleikum.

Bjarni Ásgeirsson: Það kann að þykja furðu djarft af mér, ólöglærðum manni, að hefja lagadeilur við hv. 1. þm. Skagf. En ég verð að gera það eigi að síður. Hv. þm. sagði nefnilega aðeins hálfan sannleika. Að vísu hafa sýslunefndir vald til að setja reglugerðir um þessa hluti, en ég vil þá spyrja hv. þm., hvernig fari ef

samþykktir sýslunefnda ríða í bág við gildandi lög. Slík tilfelli eru hugsanleg, og hafa reyndar komið fyrir, eins og bent hefir verið á. Gilda reglugerðirnar þá, eða lögin? (MG: Ég minntist á þetta áðan). Hvað þessa umræddu reglugerð snertir, þá hefir skrifstofustjórinn í atvmrn. úrskurðað, að hún bryti í bág við núgildandi lög. Á hinn bóginn halda sýslubúar því fram, að reglugerðin þurfi að vera eins og sýslunefnd hefir gert hana úr garði, en til þess að það geti orðið, þarf að breyta lögunum frá því, sem nú er.

Ég skal svo ekki hafa þessa aths. lengri. Gefst kostur á að ræða málið frekar við 2. umr.

Pétur Ottesen: Ég vil byrja með því að spyrja hv. þm. Mýr., hvort hann hafi skilið það svo, að ég sé því mótfallinn, að sett séu heildarlög um þetta efni, eða teldi það ástæðulaust. (BÁ: Já, en það kann að vera misskilningur). Ég sagði einungis, að lagafrv. það, sem hér er um að ræða, tæki í engu fram núgildandi lögum um þetta efni, en það er allt annað. Veit ég að hv. þm. er fús til að taka þessa leiðréttingu til greina.

Hv. 1. þm. Árn. hélt því fram, að í 3. gr. væru ákvæði, er kæmu í veg fyrir að slíkt gæti komið fyrir, sem ég nefndi dæmi til. En við nánari athugun dylst engum, að ráðstafanir þær, er 2. gr. gerir ráð fyrir, eru enganveginn svo einhlítar sem skyldi. Hv. þm. hefir sjálfur viðurkennt það við mig. Skortir því mikið á, að dæmi mitt sé fyrirbyggt með ákvæðum þessa frv.

Hv. þm. kvað sér ekki kunnugt um, að menn hefðu nokkru sinni „stolið" yrðlingum. Ég vil nú efa, að þetta orðalag eigi allskostar við, því tæplega myndi sá maður teljast þjófur eftir núgildandi lögum, sem ynni gren og tæki þar yrðlinga. Hér er nefnilega um skaðræðisskepnur að ræða og lagt fé til höfuðs þeirra. Sá maður getur því varla þjófur talizt, sem tileinkar sér þessi ófriðhelgu dýr. Ég held, að hv. þm. hefði ekki átt að nota svona stór orð.

Úr því að farið er að ræða þetta mál strax við fyrstu umr., þykir mér rétt að drepa á nokkra annmarka á frv., enda þótt það eigi betur við við 2. umr. M. a. vantar skýrt og afdráttarlaust ákvæði í frv. um, að engir aðrir en ákveðnir aðilar megi ráðstafa grenjavinnslu. Ennfremur vantar ákvæði, er taki yfir það tilfelli, er t. d. tveir hreppar eða fleiri eiga afréttir saman eða fleiri hreppar hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er ber kostnað af grenjavinnslunni. Vitanlega verður einn og ákveðinn aðili að hafa framkvæmd grenjavinnslunnar í hverju einstöku tilfelli. Ef það er tilætlunin með þessu frv. að skapa heilsteypt lög um þessi efni, þá er öldungis einsætt, að kveða verður á um þetta atriði. Ákvæði 1. gr. lúta nánast að framkvæmd laganna, en í greininni felst engin lausn á þessu spursmáli.

Í 4. gr. er skorið úr rétti einstakra manna til grenja, og er hann viðurkenndur, eins og rétt er. En álitamál er það þó, hvort rétt er að viðurkenna hann á þennan hátt, enda bera hrepparnir mjög skarðan hlut frá borði samkv. frv. Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að landeigandi hljóti helming hagnaðar af greni hverju, og samkv. 5. gr. rennur hálft andvirði veiðinnar til skotmanns, ef hann vinnur gren að fullu. M. ö. o.: Hrepparnir borga allan kostnað af grenjavinnslu, en bera á hinn bóginn lítið eða ekkert úr býtum. Kostnaður hreppanna er margskonar og oft töluvert mikill, t. d. verður að greiða vökumönnum kaup o. s. frv. (JörB: Það er hálfur hagnaðurinn, sem landeigandi fær, en ekki hálft andvirði dýranna). Veit ég vel. Einnig verður að greiða þeim, er gren finnur, aukaþóknun samkv. 3. gr. Það sýnist því sízt ósanngjarnt, að þeir, sem sjá um grenjavinnslu og bera þunga af henni, hafi meiri hagnaðarhluta, ef hagnaður er nokkur, heldur en frv. ætlast til.

Að lokum skal ég drepa á það, er segir í 2. gr. síðast, að skotmaður skuli ráða vökumann. Þetta er vafalaust mjög viðsjárvert, enda hefir sá kvittur komið upp á síðustu árum, að skotmenn leggi gjarnan aðaláherzlu á að vinna yrðlinga, en sleppa fullorðnu dýrunum. Þarf hér að búa svo um hnútana, að slíkt sé fyrirbyggt. Væri öruggara, að viðkomandi hreppsnefnd réði einnig vökumann, enda verður ekki séð, að neitt mæli gegn því sérstaklega. Ætti hv. n. að taka þetta til yfirvegunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vil

skora á hv. n. að ganga svo frá réttarákvæðum frv., að viðunandi megi teljast.

Hákon Kristófersson: Það gerast nú furðulegir hlutir í þessari hv. d. Virðulegir þdm. risa úr sætum sínum, hver eftir annan, og átelja af heilagri vandlætingu, að drepið hefir verið lítillega á nokkur efnisatriði frv. við þessa umr. Mér virðist á hinn bóginn ráðlegt að ræða málið til nokkurrar hlítar við 1. umr., hv. n. til bendingar og athugunar, ef það gengur fyrir sig með vinsamlegum hætti.

Hv. 1. þm. Árn. talaði af hógværð og lítillæti hjartans, sem og vænta mátti úr þeirri átt. Hann vildi telja hv. þdm. trú um, að ég skildi ekki orðið hlaupadýr. Ég hefi alltaf heyrt það notað í alveg sérstakri merkingu, nefnilega um bíti, sem hlaupa á milli sveita, eða við verður vart á ýmsum stöðum, en alls ekki tófu í greni. Hv. þm. talaði ekkert um, hvenær ætti að slátra þessum kvikindum, en það hefði hann þó átt að gera, úr því hann virðist halda, að hlaupatófa sé einnig á vetrum.

Hv. 2. þm. Eyf. kvað mig ekki hafa farið sanngjörnum orðum um þetta frv. og misskilið það í verulegum atriðum. Hv. þm. hélt því fram, að með frv. þessu væri eigendum jarða í fyrsta skipti gefinn ákveðinn réttur til grenja í landi þeirra. En ég vil halda fast við það, er ég tók fram í fyrri ræðu minni, að hér er um engan rétt að ræða, sem landeigendur hafa ekki átt áður. Einungis er með frv. þessu skorið úr því, hver er réttur landeiganda, þó ekki séu nú samt eins ákveðin fyrirmæli um þau atriði og æskilegt væri að mínu áliti. Ég tel meira að segja ekki með öllu óhugsandi, að ýms ákvæði frv. kunni í mörgum tilfellum að baka landeigendum tjón.

Ég vil því spyrja: Ef landeigendur hafa engan forgangsrétt til veiða í sínu landi, hafa þá óviðkomandi menn heimild til að fara í lönd annara manna til veiðiskapar án allrar heimildar? Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum efa um það, að gildandi stjskr. gerir ráð fyrir þeirri friðhelgi eignarréttarins, að óviðkomandi mönnum er algerlega óheimilt að fara á tófu- eða refaveiðar í annara lönd án leyfis eiganda.

Það er að vísu rétt, að enn munu greni í einstaklingslöndum ekki hafa haft áhrif á söluverð jarðanna, enda svo nýtilkomið með arð af þeim. En það er þó enginn vafi á því, að slíkt myndi hafa áhrif á komandi árum, ef gren væru í landi, sem jafnan legði tófa í. — Hinsvegar vil ég ekki mæla landeigendur undan því að bera réttlátan kostnað af vinnslunni, ef þeir að dómi hreppsnefndar eru ekki færir um eða þeim trúandi til að vinna dýrin sjálfir. Allt öðru máli er að gegna með sameiginleg lönd, svo sem afréttarlönd. En hitt þekki ég, að menn hafa ekki talið sér leyfilegt að veiða dýr eða fugla í löndum einstaklinga, nema þá að fá leyfi þeirra til þess. Ég hefi alls ekki sagt það, að löggjöf væri óþörf um þetta efni, en hitt sagði ég, að ákvæði 1.—3. gr. myndu vera í reglugerðum flestra sýslna.

Annars var það ekki ætlun mín með þessum orðum að koma neinni ólgu í umr.; slíkt er ekki vani minn. En mér þótti leiðinlegt að heyra jafnmætan mann og hv. 2. þm. Eyf. er segja það, að ég væri móti mþn. í landbúnaðarmálum. Slíkt hefir enginn getað heyrt né ályktað af mínum orðum, ef sanngjarnlega er á þau litið. Ég veit ekki til, að ég hafi sagt eitt einasta orð um þetta frv. fyrr en hér við umr., og því ekki verið ráðinn í því fyrirfram að vera á móti frv. þessu né öðrum frv., er frá þessari hv. n. hafa komið. Það er leiðinlegt fyrir mig að fá svona harðan dóm, ef sannur væri. en hann er sem betur fer ómaklegur, og því verstur fyrir hv. þm. sjálfan.

Benedikt Sveinsson: Umr. þær, sem fram hafa farið um þetta frv., benda til þess, að mikil þörf sé að setja l. um þetta efni. Enda eru nú tímamót í viðskiptum manna og refa. Áður var eingöngu um kostnað að ræða, en nú hafa þessi dýr á síðustu árum gefið landsmönnum talsverðan arð. Er því vert, að vel og skynsamlega sé til þessa máls vandað, og rétt að sú n., er um frv. á að fjalla, fái sem gleggstar bendingar nú þegar við 1. umr. Frv. þetta ber nafnið „frv. um eyðing refa og refarækt", en aðalatriði þess mun þó vera það, sem fyrri hluti nafnsins bendir til: að eyða refum. Hér er þó eingöngu talað um grenjavinnslu og verðlaun fyrir að skjóta hlaupatófur. Á eitrun og véla-

vinnslu er alls ekki minnzt. Má vera, að því sé hætt að eitra fyrir refi, síðan belgir þeirra hækkuðu svo mjög í verði. En sú eyðingaraðferð er svo grimm og siðuðum mönnum hvergi samboðin, að hún ætti ekki að þekkjast né vera leyfð. Það getur og komið til greina um ýmsar fleiri aðferðir, hvort leyfa skuli. Um það þyrfti að standa ákvæði í frv. ásamt því, að eitrun væri með öllu bönnuð.

Þá þykir mér ákvæðin um hagnaðarhlut landeiganda varla tekin nógu skýrt fram. Veit ég og eigi heldur, hversu nauðsynlegt er, að hreppsnefndir velji skotmann. Getur t. d. verið, að landeigandi sé sjálfur skytta, og væri þá efamál, hvort hann ætti ekki að hafa rétt til þess að vinna grenið sjálfur, ef honum mætti til þess treysta.

Þá veit ég enn ekki, hvort allar hreppsnefndir vilja fallast á, að rétt sé að borga skyttu þeim mun hærra kaup, sem hún drepur fleiri dýr. Ef til vill getur það verið hagnaður fyrir almenning, að fullorðnu dýrin séu ekki drepin. (**PO**: Að því getur aldrei verið hagur). Ég ætlast ekki til, að hér verði um friðunarlög að ræða, heldur að vissum landshlutum verði heimilað að gera samþykkt um að sleppa fullorðnu dýrunum.

Ég skal víkja aftur að því ákvæði frv., að landeigandi eigi að fá hálfan hagnað af yrðlingatöku í landi sínu. Hvernig á að finna þann hagnað? Hver á að selja yrðlingana? Nú vill landeigandi máske sjálfur ala þá upp, og þá kemur hagnaðurinn ekki í ljós fyrr en þeir eru seldir næsta vetur eða síðar. Hvernig á þá að finna og skipta hagnaðinum? Ég held, að ekki veiti af, að ákvæði frv. væru töluvert gleggri um þetta atriði og ýms önnur.

Ég hefi ekki bent á þessi atriði til þess að hnekkja frv., heldur til þess, að það verði sem gaumgæfilegast athugað frá ýmsum hliðum, áður en það verður gert að lögum.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af því, sem hv. þm. Mýr. sagði í síðara skiptið. Hv. þm. hélt því fram, að ég hefði ekki sagt allan sannleikann í þessu máli. Ég tók það aðeins fram, að eins og nú stæði væri sýslunefndum heimilt að semja reglugerðir um grenjavinnslu innan vébanda laganna. Ég sagði þetta, og ekkert annað en þetta. Og þetta kalla ég einmitt að segja allan sannleikann. En hafi það komið fyrir, að reglugerð hafi verið samþ., sem fer að einhverju leyti í bága við lögin, þá er reglugerðin vitanlega ógild. Og þótt þetta frv. verði gert að lögum, þá hygg ég, að ekki verði loku fyrir það skotið, að einhverjar sýslunefndir kynnu að heimta eitthvað, sem ekki væri löglegt. En þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, að hverju leyti þessi reglugerð, sem hv. þm. talaði um, hefir farið út fyrir valdsviðið, þá mun ég ekki ræða það mál meira fyrr en þær upplýsingar koma fram frá hv. þm.

Jörundur Brynjólfsson: Það er síður en svo, að ég lasti það, þótt frv. þetta sé brotið til mergjar við þessa umr. Mér þykir einmitt gott, að drepið sé á sem allra flest þau atriði, sem málinu geta orðið til upplýsingar, áður en það er sett til n.

Hv. þm. Borgf. þótti það helzt til fast að orði komizt, er ég kallaði það stuld að fara á afrétti óviðkomandi manna og hrammsa þar yrðlinga úr grenjum án þess að fullvinna grenin, skilja eftir nokkuð af yrðlingum, og láta fullorðnu dýrin óáreitt. Ég skal ekki segja, hvað á að kalla þetta athæfi. En hér er þó verið þannig að verki, eins og um þjófnað sé að ræða; farið með hinni mestu leynd og tekið í stórum stíl verðmæti, sem öðrum ber. Auk þess er eyðslu dýranna spillt. En aðalatriðið með grenjavinnslunni er þó vitanlega að eyða dýrunum. Annars skal ég ekki karpa um það, hvaða nafn slíkum aðförum er gefið.

Það er alveg rétt hjá sama hv. þm., að hann talaði um þetta atriði við mig fyrir fáum dögum, en þá hafði ég ekki frv. við hendina, og gat því ekki vel sagt um þetta atriði, sem okkur kom naumast til hugar, þegar við sömdum frv., því þá höfðum við ekki hugmynd um þessi dæmi. Ég var því ekki eins viss um, hvort ákvæði frv. væru nógu skýr um þetta. Ég held nú reyndar, að þau séu það. 3. og 4. gr., ásamt sektarákvæðum 15. gr. frv., ættu að taka af allan vafa um þetta. Hins-

vegar hefi ég þó ekkert á móti því, að þetta sé skýrar orðað.

Þá drap hv. þm. á það, að nánari ákvæði þyrfti en í frv. stæðu um grenjavinnslu, þar sem afréttarlönd margra hreppa liggja saman. Ég held nú, að það verði aðallega sýslnanna sjálfra að gera ákvæði um það. Ég sé þó ekkert því til fyrirstöðu, að sett séu inn ákvæði um það, ef heppilegra þykir.

Þá vék sami þm. enn að því, að heppilegra myndi, að hreppsnefndir réðu vökumann með skotmanni, heldur en að grenjaskyttan réði hann sjálf. Ég er nú ekki allskostar viss um, að þetta sé rétt hjá hv. þm. Ég held, að skyttan sjálf sé færari um að velja sér heppilegan og sér samhentan mann, sem m. a. gæti farið með byssu í forföllum skyttunnar. Efast ég um, að hreppsnefndir sæju eins vel fyrir þessu atriði. Að nokkur hætta sé á því, að skotmaður geri ekki sitt til að fullvinna gren, virðist mér ekki vera. Fyrst og fremst mundu hreppsnefndir velja þann mann til grenjavinnslu, sem þær treystu sæmilega. Og svo veitir 5. gr. frv. skyttunum fullkomið aðhald, þar sem hagnaður þeirra á jafnan að fara eftir því, hversu vel þeim tekst með vinnsluna.

Hv. þm. Barð. er engu að svara. Hann styrkti aðeins mál mitt, er hann sagði, að á Vesturlandi teldu menn sér óheimilt að veiða refi í löndum einstakra manna nema að fengnu leyfi. (HK: Ég þekki ekkert dæmi þess, að menn hafi tekið yrðlinga úr greni í leyfisleysi!).

Þá var það hv. þm. N.-Þ., sem vék nokkrum orðum að þessu frv. Á ræðu hans sást glöggt, hversu misjöfnum augum menn líta á þetta mál. Hv. þm. taldi jafnvel, að til greina gæti komið að sleppa dýrunum, þeim fullorðnu, en hirða aðeins yrðlingana. Ég get að vísu skilið þá hugsun frá sjónarmiði þeirra manna, sem eiga alla sína arðsvon undir yrðlingatökunni. En frá sjónarmiði þeirra, er sauðfjárrækt stunda, horfir það öðruvísi við. Sú stefna er vitanlega óþolandi frá þeirra sjónarmiði séð. Tófur eru hinir mestu skaðræðisgripir og geta gert sauðfjáreigendum stórtjón. Einmitt fyrir þá sök þarf að vanda sem bezt til útrýmingar á henni. Og einmitt nú, þegar hagnaður af uppeldi mórauðra yrðlinga er orðinn svo geysihár sem hann er, þá þarf með löggjöf að tryggja vinnsluna sem bezt.

Hagnaður af eldi yrðlinga, ef vel heppnast, getur orðið máske um 1000 kr. af hverju pari, þó ekki sé nú minnzt á silfurrefina, sem dæmi eru til að seldir hafa verið á 60—100 þús. kr. parið. Fyrir mórauða yrðlinga fallega, sem fæddir eru í dýragörðum, mun mega fá 2—3 þús. kr. fyrir parið. Einmitt hugsunarháttur þeirra manna, sem mestan geta hagnaðinn haft af yrðlingatökunni, kom fram í ræðu hv. þm. N.-Þ. Ég er því ekki viss um það, að rétt sé að fela sýslunefndunum meðferð þessara mála að miklu leyti. Hitt tel ég tryggara, að almenn lög séu um það sett, er hafi það aðalmarkmið að tryggja vinnsluna sem bezt. Hitt er vitanlega sjálfsagt, að sýslunefndir hafi eftirlit með vinnslu í hreppunum. Annars er hreppunum vitanlega sjálfum kunnugast, hvað bezt hentar um tilhögun á vinnslunni.

Ég held naumast, að það geti komið til mála, að einstökum mönnum verði leyft að sjá um grenjavinnslu í landi sínu. Slíkt væri allt of mikil áhætta fyrir allan almenning, sem á svo mjög mikið í húfi um það, hvernig vinnslan tekst. Einstakir menn, sem ekki ættu því meira á hættu sjálfir af völdum refanna, gætu freistazt til að sleppa fullorðnu dýrunum, hirt aðeins yrðlingana.

Þá talaði hv. þm. um það hver selja ætti yrðlingana. Það verður auðvitað hlutaðeigandi hreppsnefnd, í samráði við skotmann, sem selur þá hæstbjóðanda. Og þar sem þeir aðilar hafa aðalhagsmuna að gæta um söluna í flestum tilfellum, þá er engin hætta á því, að þeir reyni ekki að selja þá fyrir bezta fáanlegt verð.

Um hitt atriðið, hvernig skipta beri, þegar gren er í einstaks manns landi, skil ég ekki í, að neinn misskilningur geti átt sér stað. Það er auðvitað, að þegar frá er dreginn allur kostnaður, sem af vinnslu grensins hefir hlotizt, þá er afganginum skipt milli landeiganda og hlutaðeigandi hreppsfélags. Þetta hélt ég, að lægi alveg ljóst fyrir. Hér er líka aðeins um fá greni að ræða. Flest eru þau í afréttarlöndum.

Að síðustu talaði hv. þm. N.-Þ. um það, að sjálfsagt væri að hætta að eitra

fyrir refi. Hér er ég alveg á sama máli og hv. þm., og einnig fyrir þá sök, að flestir munu nú orðið sammála um, að eitrun sé orðin gagnslaus aðferð til að eyða refum. Sama er og að segja um not dýraboga; það er með ráðnum huga gert að minnast ekkert á þessi atriði í frv. Við töldum þess ekki þörf.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins láta það koma fram, að heyrzt hafi tvær mismunandi raddir um það, hvort rétt sé að hætta við að eitra fyrir refi. Ég vil, áður en farið er að bera fram till. um að banna það, að menn hugsi vel um það, hvaða dauðdaga sauðkindin fær, sem verður þessum vargi að bráð. Áður en hún lætur lífið, verður hún oft að þola hinar mestu hörmungar. Vargur þessi hefir oft þá aðferð, að hann bryður snoppuna á sauðkindinni, sýgur úr henni fylli sína af blóði og skilur hana eftir þannig á sig komna, að hún getur ekki dregið sig að mat, né svalað þorsta sínum. Þannig lagað dregst hún upp. Ég hygg, að sá dauðdagi sé ekki kvalaminni heldur en þótt tófan sé drepin á eitri.

Út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um það, að launakjör skotmanns, þau er frv. gerir ráð fyrir, væru næg hvöt fyrir hann að fullvinna grenin, vildi ég aðeins skjóta því til hans, að sá möguleiki er til, að yrðlingar lækki í verði, svo arðurinn verði lítill, eða borgi jafnvel ekki sanngjarnan kostnað við vinnslu. Hvernig á þá að fara að? Á þá að leggja vinnsluna niður, ef enginn fæst til að framkvæma hana fyrir þau kjör, sem frv. gerir ráð fyrir? Finnst mér full ástæða til að hafa þetta óbundið og get ekki séð, að það þurfi að koma að klandri fyrir því.

Benedikt Sveinsson: Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál, en vil þó koma fram með örfáar aths.

Hv. 1. þm. Árn., sem er nokkurskonar flm. þessa máls, vildi ekki kannast við, að það væri loðið og óákveðið, þar sem talað er um þennan helming, sem landeigandi ætti að fá. Hann sagði, að það væri augljóst, en sannleikurinn er nú sá, að maðurinn fær aðeins ¼, því að hér stendur í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Skotmaður, sem fullvinnur gren, nær báðum dýrum og öllum yrðlingum, skal hafa hálft verð dýra og yrðlinga".

Þetta á þá að dragast frá, en það, sem eftir er, kemur til skipta, og rennur því ¼ til landeiganda og ¼ í sveitarsjóð. Þetta er því æðióljóst, þótt hægt sé að skilja það með skýringu hv. þm.

Þá sagði hv. þm., að hreppsnefnd skyldi sjá um sölu yrðlinga, en ég hefði satt að segja haldið, að hreppsnefndum væri margt betur lagið en kaupmennska, enda hefðu þær nógu öðru að sinna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil benda á það, að flm. allra brtt. eru fjarstaddir. Í öðru lagi hefir landbn. ekki gefizt tími til að athuga rækilega þær brtt., sem komið hafa fram við frv. Þess vegna verð ég að æskja þess, að málið verði tekið út af dagskrá. **(Forsrh.:** Engin ástæða til þess). Til þess er því meiri ástæða, sem brtt. eru mjög margar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. og 43. fundi í Nd., 27. febr. og 4. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 7, n. 147, 173, 176).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og nál. á þskj. 147 ber með sér, hefir landbn. orðið sammála um að mæla með frv. þessu, en með allmörgum breyt. þó.

Um brtt. er það að segja, að það eru ekki nema sumar þeirra efnisbreyt., en hinar orðabreyt. og margar smávægilegar. Það verða því ekki mörg orð, sem ég þarf að segja fram yfir það, sem í nál. stendur.

Ég ætla þá að byrja á 2. brtt. n., því að sú fyrsta er aðeins orðabreyt.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að þegar svo stendur á, að hreppur á upprekstrarland utan sýslunnar, þá telur n. rétt að

kveða skýrt á um það, að hann sjái um grenjaleitir og grenjavinnslu í því landi.

Í 2. málsgr. sömu brtt. eru sett ákvæði um það, að þegar fleiri hreppar eiga saman afréttarland, þá kjósi þeir sér trúnaðarmenn til þess að annast þessar framkvæmdir, og að þeir hafi sama verkefni í þessum efnum fyrir upprekstrarfélagið eins og ákveðið er um hreppsnefndir í einstökum hreppum.

Einnig þótti n. rétt að gera till. um það, að þegar fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, þá sé sýslunefnd heimilt að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum. Það stendur sumstaðar svo á, að engin gren geta verið þar, og er þá ekki ástæða til að íþyngja mönnum að óþörfu. Ég get t. d. í þessu sambandi nefnt Landeyjar, sem vitað er með vissu um, að aldrei hafa gren fundizt í.

Þriðja brtt. fer fram á að bæta 2 nýjum gr. aftan við 2. gr. frv., en í raun og veru er þar ekki um miklar efnisbreyt. að ræða.

Um a-liðinn er það að segja, að eftir frv. var ætlazt til, að skotmaður réði sér vökumann, en samkv. brtt. á hreppsnefnd eða þeir, sem upprekstrarfélag felur að sjá um grenjavinnslu, að gera það. Þó er skilyrði fyrir slíkri ráðningu, að skotmaður taki hann gildan. Um b-liðinn er það að segja, að þær raddir komu fram, og virðast á nokkrum rökum byggðar, að ákvæði frv. væri ekki nógu strangt. Dæmi þess voru nefnd, að aðrir en þeir, sem hreppsn. hefði ráðið til grenjavinnslu, hafi ótilkvaddir og upp á eigin spýtur leitað uppi gren og tekið yrðlingana og selt þá. Þetta þótti n. sjálfsagt að reyna að fyrirbyggja, og um það er seinni liður brtt.

Fjórða brtt. er eiginlega engin efnisbreyt. Í frv. er hverjum manni, er gren finnur, gert að skyldu að tilkynna það tafarlaust, en snúa síðan aftur á grenið og vera þar þangað til skotmaður kemur. N. þótti rétt að undanskilja ferðamenn þeirri kvöð að fara aftur á gren. Það gæti verið mjög bagalegt fyrir þá ferðamenn, sem brýnt erindi eiga, að hamla þeim að halda áfram för sinni, og ósanngjarnt í mesta máta að tefja þá svo að óþörfu. Enda var það aldrei ætlun þeirra manna, sem frv. orðuðu, að tefja ferðamenn að nauðsynjalausu, en n. vildi, að þetta kæmi skýrt fram, og því er brtt. flutt.

Hvað 5. brtt. snertir, þá er þar aðeins tekið skýrt fram um það, sem vera mun reglan víðast hvar um eignarrétt á yrðlingum. N. þykir rétt að ákveða það í lögunum, að hreppurinn eða þeir, sem kostnaðinn bera af grenjavinnslu, eigi yrðlinga þá, sem finnast, hvort sem er í greni eða annarsstaðar. Að vísu mun þó í sumum sveitum hafa verið dálítið óljóst um þetta atriði, en hér er aðeins um að ræða staðfestingu á því, sem víðast hefir átt sér stað. Sumstaðar mun það tíðkast enn, að skyttan fái alla yrðlingana, eða einhvern hluta þeirra, en ákvæði þetta kemur ekki á neinn hátt í bág við það, að svo geti haldizt áfram, að skyttan fái yrðlingana í kaup. Það er samningsatriði milli beggja aðila.

Þá er síðari málsl. 5. brtt., hvernig fara skuli um ágóðann, þegar yrðlingar eru teknir í landi einstakra manna. N. þótti rétt að undanskilja afréttarlönd, þótt þau séu eign einstakra manna, þar sem hreppsfélagið ber allan veg og vanda af eyðingu refa. Þetta er aldrei talið til hlunninda, enda eru slík lönd hvorki keypt né seld með það fyrir augum að hafa tekjur af yrðlingatöku. Hitt þótti rétt, þegar gren finnst í heimalandi, að landeigandi og ábúandi fái þá nokkurn arð af sölu yrðlinganna. Nokkur ágreiningur varð um það, hvort landsdrottinn eða ábúandi ætti að njóta þessara hlunninda, en það varð að samkomulagi að skipta arðinum jafnt á milli þeirra. Um þetta má auðvitað deila, og geri ég ráð fyrir, að enginn algildur sannleiki verði fundinn í þessu efni, en n. þótti sanngjarnt, að landeigandi og ábúandi bæru sama úr býtum.

Eins og þm. muna, er í 5. gr. frv. ákvæði um greiðslu til skotmanns, þannig, að ef hann fullvinnur gren, fái hann hálft verð dýra og yrðlinga. Vinni hann annað dýrið og nái yrðlingunum, fái hann þriðjung ágóðans, en nái hann aðeins yrðlingunum, fái hann áttung. Var til þess ætlazt, að þessi ákvæði yrðu til þess að örva áhuga skotmanna á því að vinna grenin sem ræklegast og fyrirbyggja, að þeir slepptu dýrunum viljandi. Meiri hl. n.

hefir þó ekki viljað fallast á þessa tilhögun, heldur varð það ofan á, að borgun til skotmanns fari eftir fyrirfram gerðum samningi milli hans annarsvegar og hreppsnefndar eða trúnaðarmanna upprekstrarfélags hinsvegar. En um þetta atriði vil ég ekki fjölyrða, því ég hefi áskilið mér óbundið atkv. um það, og hefi að því leyti sérstöðu í n. Ég get að vísu fallizt á, að eitthvað hefði þurft að breyta ákvæðum frv. um þetta, en hinsvegar þykir mér of langt gengið í hina áttina eins og ákveðið er í 6. brtt.

Hvað 7. og 8. brtt. snertir, þá má skoða þær sem skýringar á því, sem í frv. stendur. Í 7. brtt. er það tekið fram, að hreppar, sem kosta grenjavinnslu, skuli njóta arðsins, ef nokkur verður, og í 8. brtt. er gert að skyldu að halda reikning yfir tekjur og gjöld, sem af grenjavinnslunni kann að leiða. Þó að ekki séu skýr ákvæði um þetta í frv., fólst það þó, að minu áliti, í því, en auðvitað spillir það ekki að taka þetta skýrt fram, eins og n. leggur til.

Í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að atvmrh. semji reglugerð, sem eigi að gilda um land allt um grenjavinnslu, þá hefir n. álitið betra, að sett yrði reglugerð fyrir hverja einstaka sýslu, eftir því sem þörf gerist. En vitanlega verða slíkar reglugerðir að vera innan ramma laganna. Um þetta er 9. brtt. n. Ástæðan til þessa er sú, að ólíkir staðhættir eru víða á landinu og erfitt að binda það í einni og sömu reglugerð, sem alstaðar getur átt við. N. vildi því heimila hverri sýslu að geta tekið tillit til sinna staðhátta í þessu efni.

Tíunda brtt. er um það, að bæta við nýrri gr., sem verði upphaf II. kafla frv., og í henni ákveðið, að leyfi sýslunefnda skuli þurfa til þess að setja á stofn refabú. Þetta getur að vísu orðið ágreiningsatriði, en n. leit svo á, að almenningur ætti svo mikið undir því, að refavarzlan væri örugg, að hún vildi tryggja það sem bezt, að þeir einir veldust til þess að setja upp búið, sem sýslunefnd tryði til þess.

Þá vil ég ennfremur nefna brtt. n. um að setja sektarákvæði fyrir hvert dýr, sem sleppur úr vörzlu, sem er nýmæli í brtt. n. N. taldi rétt að ákveða sektaruppháðina 200 kr. fyrir hvert dýr. Að vísu er svo ákveðið í frv., að hafa skuli nákvæmt eftirlit með refagirðingum. en þrátt fyrir það getur komið fyrir, að refir sleppi. Refagirðingar eru að nokkru leyti niðri í jörð, og er ekki gott fyrir eftirlitsmanninn að vita, nema einhverjar skemmdir hafi orðið neðanjarðar. Ef refir sleppa, eru hagsmunir almennings í hættu, og því er rétt að láta eigendur refabúa eiga nokkuð á hættu, ef refur sleppur, svo að þeir hafi vakandi auga á girðingunum. Sektin er ekki há, þegar hún er borin saman við það tjón, er af getur hlotizt, ef refur sleppur úr vörzlu.

Ég sleppi því að minnast á nokkrar af brtt. n., sem eru aðeins orðabreyt. eða skýringar. Hinsvegar vil ég minnast á síðustu málsgr. 14. brtt., við 12. gr., sem er þess efnis, að bannað skuli að flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Samkv. frv. átti að banna að flytja út hvíta yrðlinga, en látið óbundið um aðra. N. vill breyta þessu. Í fyrsta lagi er upplýst, að arðsmunur vor og haust er meiri en nemur fóðri og gæzlu yfir sumarið, og því er ekki vafi á, að þetta ákvæði er rétt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, því að á þennan hátt koma meiri peningar inn í landið. Líka eru fleiri ástæður fyrir því, að n. leggur þetta til. Þess var getið í fyrra, að Norðmenn hefðu það til að segja ekki rétt til um refi héðan, svo að jafnvel beztu refir héðan væru taldir frá Grænlandi, en hinir lélegu frá Íslandi. Ef einhver brögð eru að þessu, hlýtur þetta að spilla fyrir sölu á íslenzkum refum. En Norðmenn eiga miklu hægara um vik um slíkar blekkingar, ef þeir fá yrðlingana unga héðan. Ég fullyrði ekki, að þetta hafi átt sér stað, en víst er það, að ef útlendir menn fá marga yrðlinga héðan og setja þá í búr, þá eiga þeir margfalt hægara með að segja um beztu refina: Þetta er frá mér, en úrkastið er íslenzkt. Ef hið bezta, sem við framleiðum, gengur ekki undir íslenzku nafni, hlýtur það auðvitað að spilla fyrir verzlun okkar.

Því hefir verið haldið fram, að öll ákvæði í þá átt að takmarka sölu á yrðlingum yrði til að lækka á þeim verðið og til tekna og eflingar fyrir refabúin. En ég tel ekki mikla hættu á þessu. Refabúin eru orðin mörg, og hafa víst engin sambönd sín á milli um kaup á yrðlingum, en

frémur að samkeppni sé á milli þeirra um að fá yrðlinga. Svo er ekkert því til fyrirstöðu, að menn setji upp refabú eða refaeldi, og ef þeim líkar ekki verð á yrðlingum innanlands að vorinu, geta þeir geymt söluna til hausts, eða slátrað yrðlingunum heima um áramót og selt af þeim skinnin.

Ég held því, að þetta ákvæði geti ekki talizt ranglátt, heldur miði það að því að tryggja þennan atvinnuveg, svo að þjóðin sem heild hafi meira upp úr honum en ella. Hér er litið meira á framtíðarhag þjóðarinnar en vafasaman stundarhagnað einstakra manna.

Ég held, að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þetta að sinni, enda er málið talsvert rætt áður.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 6. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Halldór Stefánsson: Enda þótt brtt. mínar á þskj. 173 séu að vísu nokkuð fyrirferðarmiklir, ætla ég ekki að tala um þær langt mál, því þær eru að nokkru leyti sama efnis og brtt. n. og settar fram í sömu röð. Það er víða aðeins orðamunur, er mér þótti betur mega fara, þótt sumpart séu þar nokkrar breyt. að efni til. Skal ég nú stuttlega víkja að efni þeirra, án þess að rekja hverja einstaka brtt.

Mér virðist það óljóst eftir frv. og till. n., hvort refir eigi að teljast fullkomlega ófriðhelgir eða ekki. Ég tel, að villtir refir hafi verið ófriðhelgir og eigi að vera það áfram. En þar sem hreppsnefndum er ætluð á grenjavinnslutímanum öll framkvæmd að eyðingu refa, þykir mér nauðsynlegt að gera þau skil á þessu, að á grenjavinnslutímanum hafi hreppsnefndir einskonar einkarétt til refaveiða, er þær svo láta af hendi til skotmanna, eftir því sem þær skipa til um veiðina, en á öðrum tímum séu þeir ófriðhelgir fyrir öllum, hvernig sem á stendur. Ef álit mitt um ófriðhelgi refa er rétt, þykir mér ekki geta komið til mála, að landeigandi og ábúandi fái landshlut af ágóðanum af refaveiðum, svo sem n. leggur til.

Það er fyrst og fremst alveg rangt að ætla landeigendum nokkurn veiðihlut, nema þá óbeint að því leyti, sem þeir gætu byggt jörðina hærra en ella, eða þeir séu jafnframt ábúendur, því ef maður hefir skilyrðislausa ábúð á jörð með öllum gögnum og gæðum, á hann vitanlega landshlut fyrir veiði, sem aðrar landsnytjar. Landeiganda kæmi það til nytja, ef þessi hlunnindi væru svo mikil, að hann fyrir þau geti byggt jörðina hærra en annars myndi.

Það er líka svo sumstaðar hér á landi, a. m. k. á Austurlandi, að hreppar hafa stór útgjöld af eyðingu refa. Skiptir það jafnvel þúsundum króna. Svo hefir það verið a. m. k. fram á síðustu ár. Útgjöld hreppanna munu þó hafa minnkað nokkuð á síðustu árum, vegna þess hve hátt verð hefir verið á yrðlingum, en eru þó allhá ennþá.

Þá sakna ég þess í frv. og till. n., að þar eru engin ákvæði um meðferð grenja. Þess vegna hefi ég leyft mér með 9. brtt. að setja fram stuttar reglur um það, hvaða meðferð skuli hafa á grenjum og hvað beri að varast.

Þá er í heiti frv. mótsögn — eyðing og rækt — og fyrirsögn fyrri kafla er ekki nógu yfirgripsmikil, þar sem hann tekur til fleira en grenjavinnslu. Það, sem hér er nefnt eyðing refa, hefir jafnan áður verið nefnt refaveiðar.

Frekar skal ég ekki ræða um þessar till. Ég legg það undir dóm hv. þdm., hvernig þeir velja milli till. minna og annara till., sem fyrir liggja í þessu máli.

Pétur Ottesen: Það er nú þegar komið í ljós, sem bent var á við 1. umr. þessa máls, að frv., sem mþn. í landbúnaðarmálum samdi um eyðing refa og refarækt, er að ýmsu leyti mjög ábótavant. Meðferð n., sem fékk frv. til meðferðar, sýnir þetta mjög vel, því hún leggur til, að svo margar breyt. verði gerðar á því, að ekki stendur steinn yfir steini, ef svo má að orði kveða, í hinu upphaflega frv., ef þær verða allar samþ. Í fyrri kaflanum er næstum því ekkert atriði óbreytt eftir till. n. og við síðari kaflann er einnig mörgu breytt. Enda var það strax augljóst, að í frv. vantaði skýr ákvæði um ýms framkvæmdaratriði þessa máls, sem nauðsynlegt er að hafa í lögunum. Þó gert sé ráð fyrir, að reglugerð, byggð á lög-

unum, sé gefin út, þarf óhjákvæmilega að taka ýmislegt nánar fram heldur en gert var í þessu stjfrv. Ég er hv. landbn. þakklátur fyrir þá miklu viðleitni, sem hún hefir sýnt til þess að ganga svo frá þessu máli, að við það megi hlíta. Þannig hefir hún t. d. gert nánari skilgreining á því, hverjir það eru, sem standa eiga fyrir framkvæmdum refavinnslunnar. Stjfrv. gerir aðeins ráð fyrir, að hreppsnefndir annist framkvæmdirnar undir yfirstjórn sýslunefnda. En hliðstætt verksvið þessu er umsjón smalamennskunnar á haustin. Og í brtt. n. er það tekið fram, að þar sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, skuli sá félagsskapur setja menn til að annast framkvæmdirnar. En n. hefir gleymt einum aðila, nefnilega þeim hreppum, sem eiga sameiginlegan fjallskilasjóð, en ekki sameiginlegar afréttir. Ég hefi því gert þá eðlilegu brtt. við brtt. n., að þessum aðila sé bætt inn í frv. og að þar, sem svo stendur á, skuli sameiginlegur fjallskilafundur ráðstafa framkvæmdum. Margar af brtt. mínum miða einungis að því að samræma orðalag frv. á öðrum stöðum við þessa leiðréttingu, og býst ég við, að hv. landbn. geti fyllilega fallizt á að taka þær til greina. Að hún tók þetta ekki upp sjálf, hlýtur að stafa af því, að henni hafi ekki verið kunnugt um neina slíka staðhætti, sem þessar brtt. mínar byggjast á.

Þá er gert ráð fyrir í brtt. n., að þegar greni vinnast í heimahögum einhverrar jarðar, þá skuli landeigandi og ábúandi jarðarinnar í félagi njóta nokkurs hagnaðar af því, ef annars um nokkurn hagnað af grenjavinnslunni er að ræða. Nú tók hv. frsm. fram í gær, að þetta næði ekki til þeirra heimalanda, sem notuð væru sem afréttir. Mér finnst því vanta skilgreiningu á því í frv., hvaða heimalönd njóta þessa hagnaðar og hver eiga að teljast afréttir. Ég hefi gert þá brtt., að um þetta efni fari eftir skilgreiningu fjallskilareglugerðar í hverri sýslu; eru þá þau lönd, sem menn smala sameiginlega, talin afrétt, en þau, sem eigandi á einn að sjá um smölun á, eigi. Það er auðvitað nauðsynlegt að fyrirbyggja, að nokkur misskilningur verði á lögunum, þegar til framkvæmda kemur. Mér hefir verið bent á, að brtt. mín væri einu sinni ekki nógu skýr, og getur það vel verið; en það má þá athuga betur fyrir 3. umr.

Þarf ég svo ekki fleira að taka fram viðvíkjandi brtt. mínum við fyrri kafla frv.

Þá er brtt. mín við 9. brtt. n., sem er við 8. gr. frv. Í brtt. n. er mælt svo fyrir, að sýslunefndum sé heimilt að setja með reglugerð, sem atvmrn. staðfestir, nánari reglur um „grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna o. fl.“. Ég hefi lagt til, að í staðinn fyrir „o. fl.“ komi: „og annað, er lýtur að eyðingu refa“. Mér finnst það skýrara heldur en að hafa aðeins þessa skammstöfun á eftir upptalningunni.

Í 10. brtt. n. er gert svo ráð fyrir, að hver, sem ætlar að setja upp refaræktarbú, verði fyrst að fá samþykki sýslunefndar. Það er nú raunar vafasamt, hvort þetta verður heppilegt í framkvæmdinni. Þar sem sýslunefndir hafa aðeins einn fund á ári, getur orðið vandkvæðum bundið fyrir þá, sem eru að brjótast í að koma upp rafaræktarbúi, að fá samþykki hennar. Nema þetta yrði þá svo í framkvæmdinni, að sýslumennirnir veittu þetta leyfi fyrir hönd n., eða upp á væntanlegt samþykki hennar síðar, eins og stundum er gert undir svipuðum kringumstæðum.

Í sambandi við þetta ákvæði er gerð skilgreining á, hvað telja skuli refaræktarbú, með svo hljóðandi orðum: „Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, hvort sem fleiri eru eða færri“. Þarna legg ég til, að bætt verði við: „en hitt refaeldi, þar sem refir eru aldir skemmri tíma“. Er það aðeins til skýringar.

Ég býst við, að það akvæði í sömu brtt. n. að sá, sem sækir um leyfi til að koma upp refaræktarbúi, skuli láta fylgja umsókninni vottorð um, að hann hafi þá þekkingu, sem til starfrækslu búsins þarf, sé fremur þýðingarlítið.

Má gera ráð fyrir, að sýslunefndarmenn hafi yfirleitt litla aðstöðu til að dæma um gildi slíkra vottorða. Þó skaðar þetta ákvæði svo sem ekkert.

Í 13. brtt. n. er gert ráð fyrir, að atvmrn. setji reglugerð um öryggi refagirðinga. En um önnur atriði frv. er sýslunefndum ætlað að setja reglugerð. Mér

finnst þetta óþarfa tvískipting; ég held, að ekkert betur sé gengið frá öryggishlið þessa máls, þó atvmrn. sé falið að gera reglugerð um þetta atriði heldur en að sýslunefndirnar gerðu það, enda hafa þær fremur aðstöðu til að sjá um að reglunum sé fylgt. En þetta skiptir auðvitað ekki miklu máli.

Ég hefi hlaupið yfir að geta um 11. brtt. n. og ætla því að drepa á hana nú. Hún mælir svo fyrir, að öll refaræktarbú og einnig annað refaeldi skuli háð eftirliti dýralæknis. Ég hefi gert þá brtt. við þetta, að refaeldi skuli undanskilið dýralækniseftirlitinu. Þar sem ekki er talið til refaeldis annað en það, þegar refir eru aldir mjög stuttan tíma í einu, þá finnst mér óþarflega strangt að leggja þar á þann mikla kostnað, sem dýralækniseftirlit hefir í för með sér víða á landi, sökum þess hvað dýralæknar eru óvíða. Aftur á móti tel ég sjálfsagt, að þar, sem refaræktarbú er starfrækt árið um kring, sé dýralækniseftirlitið gert að skyldu, enda er þar oftast að ræða um svo mikla fjárveltu, að minna munar um kostnaðinn af því.

Þá er komið að síðustu brtt. minni, sem er þess efnis, að fella skuli burt ákvæði 14. brtt. n. um það, að ekki megi flytja út yrðlinga fyrr en 20. september. Ég get ekki fallizt á, að það ákvæði sé nauðsynlegt, eða það hafi neina þjóðhagslega þýðingu, eins og hv. frsm. vildi halda fram. En það mundi vitanlega útiloka þá samkeppni, sem verið hefir nú síðustu árin um kaup á yrðlingum, því refaræktarbú eru fá hér innanlands og því ekki hægt að gera ráð fyrir mikilli samkeppni milli þeirra. En einmitt vegna samkeppninnar og sölu yrðlinganna til útlanda er nú grenjavinnslan orðin eftirsóttur gróðavegur. Þess vegna má ekki útiloka þessa samkeppni.

Hv. frsm. hélt því fram, og n. gerir það líka í nál. sínu, að meira muni á verði yrðlinganna, hvort þeir eru seldir á vorin eða haustin, heldur en sem svarar kostnaði við eldi þeirra og að þess vegna eigi ekki að selja þá fyrr en á haustin. Ég veit nú ekki, hvaðan hún hefir upplýsingar um þetta, eða á hverju hún byggir álit sitt. Hún hefir e. t. v. heyrt eigendur refaræktarbúanna hér, sem róa að því öllum árum að útiloka samkeppnina um yrðlingakaupin, halda þessu fram. Verður þá ekki mikið úr sannanagildi þess, ef hún byggir eingöngu á umsögn þeirra. Eða kannske hún geti sýnt fram á þetta reikningslega? Ef hún getur lagt sannanir fyrir þessum ummælum sínum á borðið, verður auðvitað að taka það til athugunar, en komi ekki í ljós annar grundvöllur fyrir þeim en „agitation" refaræktarmanna, þá verður að beita þau fyllstu gagnrýni. (EJ: Slík „agitation" hafði enginn áhrif á n.). Ég vil benda á það, að meiri kostnaður er við yrðlingana til hausts en það, sem eldið sjálft kostar; það þarf eftir kröfum þessa frv. að koma upp dýrum girðingum. Ég byggi brtt. mína á þeirri reynslu undanfarandi ára, að samkeppnin hefir skapað mjög hátt verð á yrðlingum, og ég vil ekki útiloka áhrif hennar á verðið, í óvissu um, hvað við tekur.

Hv. frsm. var að tala um það í gær, að gæði dýranna, sem út eru flutt, væru mjög misjöfn og að Norðmenn misnotuðu það þannig, að þeir teldu betri dýrin af grænlenzkum stofni, en hin af íslenzkum. En nú hefir hv. n. tekið upp í brtt. sínar það ákvæði, að ekki megi flytja út neina refi nema eftir nákvæma dýralæknisskoðun. Og það hefir maður, sem er nákunnugur þessum efnum, sagt mér, að það mætti sjá það á yrðlingum mjög ungum, hvort þeir muni gefa af sér góð skinn eða ekki. Svo framarlega að dýralæknisvottorð hafi nokkra þýðingu — og n. gengur út frá því —, má þess vegna jafnt byggja á þeim, hvort sem um eldri eða yngri dýr er að ræða. Ég vil því skora á hv. þd. að samþ. brtt. mína um að fella niður úr brtt. n. þetta ákvæði, að ekki megi flytja út yrðlinga fyrr en eftir 20. september; það er mikið hagsmunaatriði fyrir þá, sem vinna að grenjavinnslu, hvort þeir geta selt yrðlingana í frjálsri samkeppni eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til, fyrr en útséð er um afdrif þessarar brtt. minnar, að benda rækilega á það ósamræmi, sem er á milli 8. og 14. brtt. hv. n., eins og hún hefir gengið frá þeim.

Í 8. brtt. er ákveðið, að hreppsnefndir og aðrir, sem sjá eiga um framkvæmdir við refaeyðingar, skuli leggja sundur-

liðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðinguna fyrir fjallskilafund, sem haldinn er í september á haustin. En aftur á móti ef 14. brtt. er samþ. óbreytt, munu margir neyðast til að koma upp refagirðingu og geyma yrðlingana sjálfir fram yfir 20. september, en þá er vitanlega ómögulegt fyrir þá að gera reikningsskil á fjallskilafundi, sem oftast er fyrr heldur en hægt yrði þá að selja refina.

Annars hefir, þar sem mér er kunnugt um, verið venja, að refareikningar hafa verið lagðir fram með fjallskilasjóðsreikningum á sýslufundum, og þeim, sem hefir verið falið að endurskoða hreppareikningana og fjallskilasjóðsreikningana, hefir líka verið falið að endurskoða refaveiðakostnað, og ég sé enga ástæðu til að víkja frá því. En verði till. min samþ. og þessi liður falli niður, er þetta vitanlega framkvæmanlegt hjá þeim, sem selja yrðlinga skömmu eftir að grenin eru unnin. Að öðru leyti stangast þetta í till. nefndarinnar.

Ég ætla ekki að tala meira um brtt. minar. Ég vænti þess, að hv. d., eða þeir af hv. dm., sem annars fallast á brtt. n., geti líka greitt mínum brtt. atkv., þar sem þær eru aðeins tilraun til að færa í betra horf og taka upp nauðsynleg ákvæði í frv., sem hv. n. hefir sézt yfir.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þessir tveir hv. þm., sem talað hafa, hafa verið mjög vinveittir afgreiðslu n. á þessu máli og fáar aths. gert. Ég skal taka það fram, að n. hefir ákveðið að taka aftur til 3. umr. 10. brtt. sína.

Út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði um brtt. sínar á þskj. 173, hefi ég lítið að segja. Hv. þm. tók það sjálfur fram, að þær hefðu nær eingöngu inni að halda orðabreyt., og það er alveg rétt. En slíkt er alltaf álitamál og smekkatriði, og n. getur t. d. ekki verið að deila um það, hvort réttara sé að setja sýslunefnd framan við hreppsnefnd eða öfugt, þegar nákvæmlega sama meining er í till.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki ljóst af frv., hvort refir ættu að vera fullkomlega ófriðhelgir eða ekki, og þetta atriði gerir hv. þm. brtt. um. Ég hygg, að ákvæði frv. geti ekki orkað tvímælis. Yrðlinga á grenjum er ekki leyft að taka, nema af þeim, sem til þess eru kvaddir, en utan grenjavinnslutíma eru refir fullkomlega ófriðhelgir, þar sem beinlínis er heitið verðlaunum fyrir að vinna þá.

Hv. þm. saknaði þess, að ekki væru nein ákvæði í frv. eða till. n. um meðferð grenja. N. leit svo á, að nánari ákvæði um þetta ættu betur heima í reglugerðum sýslnanna en beinlínis í lögunum.

Um nafn frv. skal ég ekkert segja. Mér finnst það litlu máli skipta og gott það nafn, sem er. En þar sem till. hv. þm. á þskj. 173 eru að áliti n. gagnslausar, en gætu á hinn bóginn valdið ruglingi, ef farið væri að samþ. einhverjar af þeim, og orsakað ósamræmi í orðalagi, leggur n. til, að þær verði felldar.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það hefði sannazt, að frv. hefði verið illa úr garði gert af mþn., þar sem heita mætti, að þegar það kemur nú frá landbn., standi ekki steinn yfir steini í því. Þetta er rangt. Fljótt á litið eru brtt. landbn. að vísu margar, en þegar að er gætt, sést, að það er ekki nema í örfáum efnisatriðum, sem nokkru er breytt, svo að það er æðifreklega að orði komizt, að ekki standi steinn yfir steini í frv. mþn.

Hv. þm. Borgf. gat um það, að landbn. hefði þótt nauðsyn til bera að taka fram, hvernig að á að fara, þegar fleiri hreppar eiga afrétti saman, og féllst hann í því efni á till. n., en sagði, að n. hefði gleymt þeim möguleika, að fjallskilasjóður væri sameiginlegur, en afréttir ekki. N. lítur svo á, að þegar svona stendur á, geti það heyrt undir ákvæði frv. eins og það verður með brtt. n. Svæði, sem hefir sameiginlegan fjallskilasjóð, og þar með sameiginlega stj. fjárskilamála, getur heyrt undir hugtakið upprekstrarfélag. Þess vegna telur n., að ekki þurfi að samþ. þessa brtt. hv. þm., þó að hún leggi hinsvegar ekki á móti henni.

Um 4. brtt. hv. þm. (b-lið) er það að segja, að hún virðist takmarka rétt landeigenda eða ábúenda til ágóða af þessum hlunnindum. Hér í hv. d. hafa komið fram raddir um, að takmarkanirnar í frv. væru of miklar. N. hefir samt viljað takmarka þetta við heimaland, en ekki vill hún ganga lengra og leggur því á móti þessari brtt.

Hv. þm. Borgf. er okkur sammála um,

að réttara sé, að hver einstök sýslunefnd setji reglugerð fyrir sig, heldur en að ein og sama reglugerð gildi fyrir land allt. Hv. þm. finnst meira að segja eiga að ganga lengra, svo að í hverri reglugerð væri ákvæði um refagirðingar. Þó eðlilegt sé, vegna ólíkra staðhátta, að hver sýsla hafi sína sérstöku reglugerð um grenjaleitir og grenjavinnslu, þá kemur þetta ekki til greina þegar um refagirðingar er að ræða. Verður ekki annað séð en að sömu ákvæði geti gilt fyrir land allt um það, hvað telja skuli öruggar refagirðingar.

Hv. þm. Borgf. vill fella niður dýralækniseftirlit með refum utan refabúa. Það er auðvitað mál, að ef um mjög lítilfjörlegan rekstur er að ræða, yrði það tiltölulega mjög kostnaðarsamt. En á hitt ber að líta, að um alveg eins mikla sýkingarhættu er að ræða á dýrum utan refabúa. Það getur því verið mjög mikið í húfi, ef ekkert eftirlit er haft. Það má búast við, að verzlun geti átt sér stað á milli þeirra, sem ala refi stuttan tíma, og þeirra, sem reka refabú.

Þá kem ég að aðalágreiningsefninu, sem sé till. n. um, að ekki megi flytja yrðlinga út fyrir 20. sept. Hv. þm. Borgf., sem leggur eindregið á móti þessari till., segir, að það útiloki alla samkeppni. Ég skil ekki, að svo þurfi að vera. Ég veit, að þeir, sem stunda refarækt, eru svo margir, að ástæða er til að ætla, að samkeppni eigi sér stað á milli þeirra. Og þar sem þessi atvinnuvegur virðist vera álitlegur, má telja víst, að refaræktarbúum fjölgi í framtíðinni. Hitt kann að vera, enda drap ég á það í framsöguræðu minni, að þetta verði til að draga eitthvað úr samkeppninni, en með tilliti til þjóðarhags er ekki í það horfandi. Hv. þm. Borgf. sagði, að refaræktin væri eftirsóttur atvinnuvegur. Það er rétt, en hér er um tvennt að ræða: atvinnu þeirra, sem vinna grenin, og refaræktina. Annað er rányrkja, en hitt er framtíðaratvinnuvegur, sem bundinn er föstu skipulagi. Ég veit, að þeir, sem leggja það á sig að fara upp um fjöll og firnindi, hvernig sem viðrar, og eiga þar illa æfi, eiga það skilið, að hafa eitthvað upp úr því. En því má ekki gleyma, að refabúin eru álitleg byrjun að atvinnuvegi, sem ekki er rétt að hindra.

Hv. þm. talaði um, að þessir menn, sem stunduðu refarækt, væru að „agitera" í þessu máli, og frá þeim væri komin sú till., að takmarka útflutninginn við 20. sept. Ég man, að í fyrra, þegar þetta var til umr., var hann mjög svæsinn í orðum um þá menn, sem væru að „agitera" í þm. í þessu máli. Ég mótmæli því að því er snertir landbn., að hún hafi orðið fyrir nokkrum utanaðkomandi áhrifum í þessu máli. Hinsvegar hefir n. leitað álits kunnugra manna og haft einn slíkan mann á fundi með sér. Nm. eru yfirleitt ófróðir um þetta mál, og hafa því aflað sér upplýsinga hjá kunnugum mönnum.

Út af þessu sama atriði, um takmörkun útflutningsins, vildi hv. þm. Borgf. halda því fram, að dýralæknisvottorð hefði sama gildi, hvort heldur dýrin væru eldri eða yngri. Hv. þm. hlýtur sjálfur að sjá, að þetta er ekki rétt. Með öllum dýrum geta vitanlega leynzt sjúkdómar, sem ekki eru komnir í ljós, þegar dýrin eru nýfædd. Ég færði rök að því í framsöguræðu minni, hve miklu hægra það er fyrir útlendinga, sem kaupa yrðlinga, að telja, að þeir séu hjá sér fæddir og uppaldir, ef þeir fá þá mjög unga. Þetta gat hv. þm. Borgf. ekki hrakið.

Hv. þm. vildi fá sannanir fyrir því, að það fengist meira fyrir dýrin með því að takmarka útflutninginn við 20. sept. Ég hefi ekki í höndunum beina reikninga um þetta, en bæði ég og aðrir nm. hafa séð fullkomin gögn fyrir því, og mun ég geta lagt þau fram síðar, ef hv. þm. óskar.

Að lokum drap hv. þm. Borgf. á það, að það gætti ósamræmis í till. n., þar sem n. ætlast til, að reikningar yfir kostnað og tekjur af grenjaleitum og refaveiðum skuli leggjast fram á fjallskilafundi, en hinsvegar bannað að flytja út refi fyrir 20. sept. Ég skal játa, að í fljótu bragði lítur svo úr, að um ósamræmi sé að ræða. En þó er því ekki til að dreifa. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir, að hreppsnefnd selji yrðlingana annaðhvort til refaræktarbúa eða til einstaklinga, sem vildu verzla með þá. En þó að hreppsnefndir hefðu yrðlinga undir höndum yfir sumarið, sé ég ekki, að neitt sé í veginum. Þá eru yrðlingarnir bara taldir sem eign á þeim tíma, sem reikningarnir eru

lagðir fram. Svo kemur söluverð þeirra á næsta árs reikning. Ég sé ekki, að þetta sé svo ógurlegt. Samt gæti þetta e. t. v. farið betur á annan hátt, og n. getur tekið það til athugunar til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Ég sé raunar ekki hv. frsm. landbn. En ég sný mér þá að formanni n., og af því að ég þarf að gera fyrirspurnir til n. um skilning á ýmsum ákvæðum, jafnframt því sem ég geri grein fyrir till. mínum, þá vildi ég biðja hann að skrifa hjá sér það helzta og færa frsm. Það er annars svo um þetta mál, eins og önnur, að hv. þdm. verða að greiða atkv. um það, og það er ekki alveg sama, hvernig menn greiða atkv., svo að ég vildi mælast til þess, að ef þeir vilja ekki lesa, þá vilji þeir hlusta. Því að ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. álíti sig hingað komna til að kynna sér mál, sem lögð eru fram til umr.

Hv. frsm. landbn. vildi ekki við það kannast, að það væri verulegur munur á þessum brtt., sem n. hefir flutt hér, og því frv., sem mþn. í landbúnaðarmálum flytur. Það þýðir náttúrlega ekki að vera að gera lítið úr þessum mismun. Því að það sjá allir, sem bera saman frv. og brtt., að það er enginn smáræðis mismunur á þessu tvennu. Það er nefnil. svo, að upp í þetta frv. eru tekin ýms nauðsynleg ákvæði um það, hvernig framkvæma skuli grenjavinnslu og hverjir skuli gera það. En um það vantaði nauðsynlega skilgreiningu, eins og bent var á við 1. umr., í frv. mþn. Í brtt. er kveðið skýrt á um það, að engir nema þeir, sem til þess eru ráðnir af réttum aðilum, megi fást við grenjavinnslu. Ákvæði um þetta vantar algerlega í frv. mþn.

Þá er heimilað í brtt. að láta falla niður grenjaleit, þar sem engin gren eru og ekki hefir orðið vart við dýr í tug ára. En það er skylt eftir frv. að láta líka fara fram grenjaleit á slíkum stöðum. Það er alveg óþarfur kostnaður.

Samkv. brtt. verða þeir, sem ætla að setja upp refaræktarbú, að fá leyfi til þess. Þess þurfti ekki samkv. frv. Þetta eru aðeins fá dæmi af mörgum um það, hvað brtt. eru skýrari og greinilegri en frv.

Hv. frsm. sagði, að með brtt. væri í engu breytt til um stefnu frv. mþn. Jú, það er breytt um stefnu; það er fullkomin stefnubreyting. Ég skal benda á nokkur dæmi. Fyrst má nefna greiðslu fyrir grenjavinnslu. Í frv. eru hreppsnefndir rígbundnar við að semja um greiðslu fyrir grenjavinnslu á þann hátt, að skotmaður fái hluta af verði dýranna. Samkv. brtt. eru hreppsnefndir og aðrir hliðstæðir aðilar óbundnir og sjálfráðir um, hvernig borgun fyrir þetta skuli hagað.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skotmaður ráði vökumann. Samkv. brtt. á hreppsnefnd að ráða hann.

Í frv. er mælt svo fyrir, að stjórnarráðið setji reglugerð um refavinnslu. En það er miklu hagkvæmara, að sýslunefndir geri þetta, eins og lagt er til í brtt. eftir bendingu hv. 1. þm. Skagf.

Í frv. er svo fyrir mælt, að finnist gren í landareign einhvers manns, þá á landeigandi alltaf að fá hálfan hagnað af greninu. Í brtt. segir skýlaust, að allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, séu eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, sem annast grenjavinnsluna á því svæði.

En í þeim tilfellum, þar sem til greina kemur skipting á ágóða af sölu yrðlinga, þá á að skipta þeim hluta ágóðans, er helgast af landinu, jafnt á milli landeiganda og ábúanda. Þetta eru allt saman stefnubreytingar, og svo mætti lengi telja.

Þá ætla ég að víkja að brtt. mínum og þeim viðtökum, sem þær hafa fengið. Hv. frsm. n. er ekki kominn enn, svo að ég verð að biðja hv. form. að flytja honum orð mín. Hann benti á, að brtt. mín um að bæta þarna við sérstökum aðila, sem á að standa fyrir grenjavinnslu, þar sem svo stendur á, að fleiri hreppar en einn hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er á að kosta algerlega grenjavinnsluna, þá séu

þeir, sem standa fyrir honum, hliðstæðir við hreppsfélög, þar sem þeir í þessu falli eru fyrir sameiginlegu upprekstrarfélögin, — hann benti á, að hægt væri að setja reglugerðarákvæði í hennar stað. Því skyldi þá ekki vera nægilegt að hafa það í reglugerðum, að hreppsnefndir skuli sjá um vinnsluna, eða, þar sem svo stendur á, að upprekstrarfélagið sjái um þetta. Trúnaðarmaður sameiginlegs fjallskilasjóðs fleiri hreppa er alveg hliðstæður aðili í þessu falli við hreppsnefndir og upprekstrarfélagið. Eigi að taka það upp í lögin sjálf, að hreppsnefndir og upprekstrarfélögin sjái um þetta, þá á líka að taka það upp í lögin, að sá maður eða þeir menn, sem hafa á hendi stjórn hins sameiginlega fjallskilasjóðs fleiri hreppa, sjái einnig um þetta, þar sem svo hagar til. Ég skil ekki, hvers vegna n. vill ekki taka þetta inn í frv., en hefir önnur alveg hliðstæð ákvæði í lögunum. Ef hún vill vera sjálfri sér samkvæm, þá sé ég ekki, að hún geti haft neitt á móti þessu.

Viðvíkjandi því ákvæði í þessu frv., að einstakir menn eigi að fá hlutdeild í ágóða af refum, verð ég að segja, að mér skildist á hv. frsm. í fyrri ræðu hans, að réttur þessara einstaklinga til þessarar hlutdeildar næði til heimalanda, sem leituð eru á kostnað hreppsfélagsins. En í síðari ræðu sinni sagði hv. frsm., að þetta ætti við öll heimalönd. Mér sýnist hv. þdm. viðurkenna þetta með þögninni.

Nú getur vel farið svo, og mun einnig fara svo, að ekkert verði upp úr þessu að hafa, nema kostnaðinn einn saman, nefnilega þegar engin gren finnast. Verði hinsvegar hagnaður af þessu, á landeigandi eða ábúandi að njóta hans að hálfu, án þess að nokkrar skyldur séu lagðar á hann á móti. Getur því svo farið, að landeigandi hafi drjúgan skilding upp úr þessu, þó að um engan raunverulegan hagnað sé að ræða fyrir hlutaðeigandi hreppsfélag, heldur jafnvel þvert á móti tap, peningalega séð. Grenjavinnslan getur gengið svo t. d. þrjú ár í röð, að um engan raunverulegan beinan hagnað fyrir hin hlutaðeigandi hreppsfélög eða upprekstrarfélög sé að ræða, og þó að þetta kunni að gefa eitthvað af sér fjórða árið, getur vel farið svo, að það fái ekki vegið salt á móti þeim kostnaði, sem af grenjavinnslunni spratt þau þrjú árin, sem hún gaf hreppsfélaginu eða upprekstrarfélaginu ekkert í aðra hönd. Þó að landeiganda eða ábúanda séu nú engar skyldur á herðar lagðar í þessa átt, á hann engu að síður að fá í sinn vasa helming hagnaðarins. Þetta brýtur í bág við þá reglu, að skyldur og réttindi eigi að haldast í hendur, en þeirri reglu tel ég, að fylgja eigi í þessu máli sem öðrum. Mínar till. hníga í þá átt, að þessu verði breytt þannig, að jafnvægi verði með skyldum og réttindum, og tel ég það hina beztu lausn á þessu máli að þessu leyti, ef þær næðu fram að ganga.

Ég vil ennfremur benda á það, að orðalagið á brtt. n., þar sem talað er um rétt landeiganda til hlutdeildar í ágóða af grenjavinnslu, orkar mjög tvímælis, frá mínum bæjardyrum séð. Þar segir svo:

„Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi eða ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða af sölu þeirra yrðlinga, er skiptist jafnt á milli þeirra".

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm. n., hvort hann lítur svo á, að hreppsnefnd og þeim öðrum aðiljum, sem til greina geta komið í þessu sambandi, sé heimilt að semja við skotmann um grenjavinnslu í heimalandi einstaks manns, þannig að skotmaður fái alla þá yrðlinga, sem nást kunna, fyrir starf sitt. Hefi ég því meiri ástæðu til þess að spyrjast fyrir um þetta, þar sem þetta er nú algengur greiðslumáti fyrir grenjavinnslu. Eftir ákvæðum frv. virðist svo, sem hreppsnefndum og upprekstrarfélögum sé þetta heimilt, en ég vil leyfa mér að benda á það, að ef svo til tækist, að skotmaður, sem ráðinn væri með þessum kjörum, yrði fyrir sérstökum höppum, næði óvenju mörgum yrðlingum og hefði mikinn ágóða af grenjavinnslunni, er hætt við því, að landeigandinn, sem á að fá hálfan hagnað, en fær ekkert, færi að líta í kringum sig og athuga, hvað ákvæðið um ágóðahlut honum til handa í frv. þýddi.

Hv. frsm. gekk inn á það, að rétt mundi að fella niður dýralækniseftirlit í þessum efnum, þar sem um væri að ræða eftirlit um skamman tíma, en þótti þó nauðsynlegt að fyrirskipa það, ef um veika yrðlinga væri að ræða.

Yrðlingar eru svo dýr hlutur, að ég held, að það sé með öllu óþarft að vera að lögskipa mönnum að leita læknis, ef þeir eru veikir. Ég held, að menn geri þetta af sjálfsdáðum og ótilkvaddir. Eins held ég, að ef bú kaupir yrðlinga, muni það láta lækni skoða þá áður en þeim er hleypt inn fyrir girðingarnar. Mér virðist sem það sé óþarfi að setja l. um það, að menn gæti hagsmuna sinna.

Út af þeirri brtt. n., að ekki megi flytja út refi fyrr en eftir 20. sept., verð ég að segja það, að verði sú till. samþ., er sú samkeppni, sem verið hefir um sölu yrðlinga 2—3 síðustu ár, ómótmælanlega skert, ef þá ekki útilokuð með öllu. Frsm. n. benti á það, að refabúunum mundi fjölga, en ég vil benda á það, að þegar um stór refabú er að ræða, sem ráða yfir miklu fé, er erfitt fyrir einstaka menn að keppa við þau. Hefi ég að vísu ekkert á móti því, heldur tel þvert á móti gott, að refabúin dafni, en ég fæ ekki séð, að þau geti ekki gert það í frjálsri samkeppni. Ég er algerlega á móti því að leggja skatt á einstaka menn, sem leggja á sig vökur og erfiði á fjöllum úti við illan aðbúnað yfir lengri tíma, til þess að draga úr dýrbítum og þeim voða, sem búfénaði stafar af þeim. Ég geng aldrei inn á brtt., sem ganga í þá átt, að þessir menn fái minna fyrir feng sinn en í frjálsri samkeppni. (LH: Það er verið að hlynna að hækkuðu verði á yrðlingum). Ef verið er að hlynna að nokkru með þessu, þá er verið að hlynna að refabúunum, draga úr samkeppninni og áhuga manna fyrir grenjavinnslu.

Hvað dýralækniseftirlitið snertir er það að segja, að ekki eru miklar líkur til, að það sé einhlítt. Hefi ég fengið upplýsingar um það hjá kunnugum mönnum, að dýr geta verið fædd með ýmsum erfðasjúkdómum, sem ekki þurfa fremur að koma fram fyrir 20. sept. en eftir þann tíma. Eru engar líkur til þess, að því er mér er tjáð, að dýralæknar lesi vanheilsumerkin á dýrunum fremur þótt þau séu nokkuð þroskuð. Þó að dýralækniseftirlitið sé sjálfsagt út af fyrir sig og komi í mörgum tilfellum að notum, er ekki þar fyrir nein ástæða til að lögákveða, að ekki megi flytja út refi fyrr en eftir 20. sept. Það fór sem mig grunaði, að það var aðeins byggt á lauslegum umsögnum, að dýr myndu hækka meira í verði en sem svaraði þeim kostnaði, sem hlytist af að geyma þau. Hefir ekkert komið fram þessu til sönnunar, því að þó að slíkar upplýsingar kunni að hafa komið frá mönnum, sem að refabúunum standa, verður ekkert á því byggt vegna þess, að það hefir engan stofnkostnað í för með sér, að yrðlingum sé bætt við í búin, en hinsvegar hefir þetta mikinn kostnað í för með sér fyrir menn, sem þurfa að koma sér upp girðingum til þess að geta geymt yrðlingana.

Um reikningsskilin þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Ákvæði 8. liðar á þskj. 147 rekast á síðari málsgr. 14. gr. Í nál. er talað um það, að hreppsnefndir eða upprekstrarfélög skuli fyrir gangnaniðurjöfnunarfund, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- og heimalöndum þeirra. Slíku er ekki hægt að koma við þar, sem á þeim tíma er ekki búið að selja yrðlingana, og þótt áætlað sé, hvað mikið þeir muni seljast fyrir, verður aldrei um glögg reikningsskil að ræða. Verður því að geyma þessi reikningsskil til næsta árs, því að eðlilegast er, að reikningar þessir séu lagðir fram og endurskoðaðir af sömu mönnum og endurskoða reikninga sveitarfélaganna fyrir næsta ár. Er heldur engin ástæða til að heimta þessi reikningsskil fyrr, enda ekki hægt að koma þeim við í mörgum tilfellum.

Ég hefi þá svarað hv. frsm. n., og vænti ég þess, að þeir hv. þdm., sem fylgzt hafa með í máli mínu, sjái, að till. n. eru til bóta á frv. og mínar till. til bóta á till. n., og ljái þeim því fylgi sitt. Læt ég svo útrætt um málið að sinni, þó að ýmislegt í frv. þurfi athugunar við til 3. umr., enda þótt það sé nú orðið tiltölulega fátt.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta er 3. dagurinn, sem þetta mál er til 2. umr., og vil ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að umr. mætti ljúka sem fyrst, því að ég fæ ekki séð, að þetta mál sé þess vert, að tefja þingið með því dag eftir dag. Af þessum ástæðum mun ég svara hv. þm. Borgf. færru en ef nægur tími hefði verið

til stefnu. Auk þess gat ég, vegna þess að ég þurfti nauðsynlega að bregða mér frá, ekki fylgzt með allri ræðu hv. þm. Borgf. Mun ég því aðeins gera aths. við þann hluta ræðu hans, er ég hlýddi á.

Hv. þm. taldi mikinn mun á frv. og brtt. n. Taldi hann ýmislegt fram, er átti að vera þessu til sönnunar, en þau atriði, sem hann nefndi, voru þannig vaxin, að þau komu að vísu skýrar fram í brtt. n., en fólust hinsvegar í frv., eins og ég tók fram í minni fyrstu ræðu. En að sumu leyti mátti líka taka þessi atriði skýrar fram í reglugerð.

Hv. þm. þótti sem brtt. n. mörkuðu stefnubreyt. frá frv. Ekki fæ ég séð, að þetta sé rétt né að hv. þm. hafi fært sannanir fyrir þessari staðhæfingu sinni. (PO: Ég minntist á 4 atriði þessu til sönnunar). Ég heyrði það, en þau snertu ekki aðalstefnu frv., heldur voru það aðeins smærri fyrirkomulagsatriði. Sú stefna, sem liggur til grundvallar frv. og brtt. n., er sú, að sem mest trygging fáist fyrir því, að villtum refum sé eytt úr landinu og að refaræktin geti orðið að góðum, arðvænlegum atvinnuvegi. Þessi er stefna frv. og brtt. n., og hefir hv. þm. Borgf. ekki heldur vikið frá þessari stefnu í brtt. sínum nema í einu atriði.

Hv. þm. Borgf. spurði sem svo, hvort heimilt væri að semja við skotmann um grenjavinnslu í heimalandi einstaks manns, þannig, að skotmaður fái alla þá yrðlinga, sem nást kunna, fyrir starf sitt. Get ég fyrir mitt leyti lýst yfir því, að ég lít svo á, að eftir till. n. sé þetta fullkomlega heimilt. Annars geta hinir nm. betur skýrt frá brtt., sem um þetta fjalla, því eins og tekið er fram í nál., hefi ég óbundið atkvæði um hana, og er hún ekki frá mér komin.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði játað, að dýralæknisefti rlit þyrfti ekki með þar, sem um refaeldi væri að ræða um stuttan tíma. Þetta er ekki rétt. Ég taldi það nauðsynlegt, en lýsti hinsvegar yfir því, að n. legði ekki neina sérstaka áherzlu á þetta atriði. Ég ætla að sleppa því að fara út í ýms smærri atriði þessa máls, enda hefi ég gert grein fyrir þeim áður, og fæ ég ekki séð, að d. sé neinn gróði í því, þótt ég fari nú að taka það upp með lítið breyttum orðum. Auk þess myndi það leiða til þess, ef farið væri nú á ný að fjölyrða um hin og þessi smáatriði, að umr. yrði ekki lokið í dag, en á það legg ég mikla áherzlu.

Ég vil þá að lokum minnast á eitt af þeim höfuðatriðum, sem deiluefni hefir orðið milli hv. þm. Borgf. og n., og er það till. n. um að banna útflutning yrðlinga fyrir 20. sept. Hv. þm. Borgf. heldur því fram, að ef þessi till. yrði samþ., myndi það lama samkeppnina, ef ekki útiloka hana með öllu. Fæ ég ekki skilið, hvernig hv. þm. fer að halda þessu fram. Í fyrsta lagi er hvorki um að ræða eitt eða tvö refaræktarbú hér á landi, heldur fleiri, og það stendur enn óhrakið, sem ég áður sagði, að það eru allar líkur fyrir því, að refabúunum muni fjölga og harðvítug samkeppni verði á milli þeirra. Sé ég ekki, að það sé ókleift einstökum mönnum að koma upp hjá sér refaeldi, þannig að þeir geti geymt yrðlinga til 20. sept. Virtist hv. þm. Borgf. viðurkenna, að þessi atvinnuvegur ætti allt gott skilið, og þótti mér vænt um að heyra það, en hinsvegar hélt hann því fram, að búin ættu að starfa í frjálsri samkeppni og án nokkurrar ívilnunar, en ég fæ ekki séð annað en að um fullkomna samkeppni geti verið að ræða, þó að þessar hömlur séu á útflutningnum.

Það er svo með fleiri atvinnuvegi, að settar eru reglur um þá með það fyrir augum, að þeir gefi sem bezta afkomu, án þess að um nokkra einokun eða útilokun samkeppni sé að ræða. Og hv. þm. er ekki svo viðkvæmur í öllum efnum, t. d. þegar um það er að ræða að vernda kartöflurækt á Akranesi. (PO: Hvað á þm. við?). Ég býst við, að flestir skilji, hvað ég á við. (PO: Það er merkilegt!). Man þm. eftir nokkru, sem heitir gin- og klaufaveiki?

Þá fæ ég ekki séð, hvernig þetta ákvæði á að geta komið niður sem skattur á þá menn, sem liggja úti á öræfum við refaveiðar. (PO: Það ber svo að skilja, að með harðari samkeppni minnkar verðið á yrðlingunum, og bera þessir menn minna frá borði en ella myndi). Nei, ekki þar sem um frjálst samkomulag er að ræða milli þeirra og hlutaðeigandi hreppsnefndar um það, hvað þeir skuli fá í kaup. Mér er kunnugt um það, að margir

hreppar borga til skotmanna akveðin laun og hafa haft stórtekjur í aðra hönd. Ennfremur er það ósannað mál, að verð yrðlinga lækki nokkuð vegna þessa, heldur er það aðeins staðhæfing, sem fellur um sjálfa sig.

Þá talaði hv. þm. um þá uppástungu sína, að dýralæknir verði látinn skoða dýrin áður en þau væru flutt út og gefa vottorð um þau, og sagðist með því vilja koma í veg fyrir, að útlendir kaupendur gætu tínt úr beztu dýrin og sagt að þau væru frá sér, en úrkastið væri íslenzkt.

Ef útlendir kaupendur gerðu þetta á annað borð, býst ég ekki við, að vottorð dýralæknis bætti nokkuð úr sliku.

Hv. þm. talaði ennþá um það, er segir í nál., að meiru muni á verði yrðlinga vor og haust en sumareldið kostar, og heimtaði sannanir fyrir því.

Ég hefi ekki beinar sannanir í höndum, en hefi talað um þetta við kunnuga menn, sem ég hefi ekki ástæðu til að rengja, og þeir hafa sagt mér, að verð á yrðlingum sé að vorinu 300—500 kr. lægra en að haustinu. Láta mun nærri, að sumareldið kosti 75 kr. fyrir dýrið, og þegar dregið er frá fyrir vanhöldum, segjum 10%, sem mun láta mjög nærri, verður hreinn ágóði af að geyma dýrið til haustsins 200—400 krónur.

Þótt ef til vill sé ekki hægt að fulltreysta þessum tölum, þá er þó af þeim augljóst, að það er rétt hjá n., að geymsla yfir sumarið borgi sig, enda verður þá ágóðinn í landinu sjálfu, en rennur ekki til útlendra félaga.

Þá er að því gætandi, að það eru fleiri en refaræktarmennirnir, sem njóta góðs af þessu, t. d. munu allmargir kjósendur hv. þm. Borgf. hafa af því drjúgar tekjur að selja fóður handa yrðlingunum. Þegar svo þess er gætt, að fleiri hundruð dýr eru seld út úr landinu, þá getur ágóðinn, sem af þessu hlýzt, numið hundruðum þús. árlega. (PO: Frá hverjum eru þau dýr?). Upplýsingarnar hefi ég frá kunnugum mönnum, en að vísu eru þeir ekki margir. (PO: Því hægra ætti að vera að nefna þá, sem þeir eru færri). Auðvitað er það hægt, en til þess er engin ástæða.

Ég hygg, að ég hafi nú lagt fram nokkrar sannanir í þessu máli, og ef hv. þm. gerir sig ekki ánægðan með það, þá hygg ég, að ekki myndi það hafa mikla þýðingu, þótt gögnin sjálf væru fengin honum í hendur. Sjálfur hefi ég séð nægileg gögn í þessu máli, en ég get ekki að því gert, þótt hv. þm. trúi mér ekki. Hv. þm. fer eins og einum manni, sem hér átti eitt sinn sæti, að eitt sinn, er hann kom á fund, þar sem rædd voru stjórnmál, þá hóf hann ræðu sína með því að taka það fram, að hann væri ekki kominn til þess að sannfærast. Hv. þm. Borgf. ætlar sér auðvitað ekki að sannfærast, hvaða rök sem færð eru í málinu.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að reikningunum.

Ég fæ ekki annað séð en að ársreikninga megi gera, þótt framleiðsluvara sé ekki seld, því að þá færist hún bara yfir á næsta ár. (PO: Það er skrítinn reikningur!). Hv. þm. veit, að þetta er algengt og að t. d. verzlanir meta vörur sínar til verðs á áramótum. Eru engin vandkvæði að hafa það eins með yrðlingana, ef þeir eru óseldir þegar reikningar eru gerðir, og því bin mesta firra, að þetta komi í bága við ákvæðið um að banna útflutning fyrir 20. sept.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál að sinni.

Hákon Kristófersson: Þegar þetta mál var hér fyrst til umræðu, þá sagði ég um það nokkur orð og benti á helztu annmarka þess. Ég verð að segja, að hv. n. hefir unnið mikið að þessu frv. og lagfært það til muna, en sá böggull virðist mér fylgja skammrifi, að ekki sé sami grundvöllur undir öllu því, sem hún hefir lagt til málanna.

Það eru nú komnar svo margar till. fram í málinu, að erfitt verður að átta sig á þeim öllum eða með hverjum menn eigi að greiða atkv., svo að ég vildi nú stinga upp á því, að hv. flm. og n. kæmu sér saman um þær brtt., sem fram ættu að ganga, eða m. ö. o. tækju frv. til nýrrar athugunar, ásamt brtt. þeim, sem nú eru fram komnar; mætti þá svo verða, að menn gætu áttað sig á málinu, og ekki yrði samþ. eitthvað, sem miður færi, af öllum þeim aragrúa af brtt., sem fyrir liggja.

Annars verð ég að segja það, að mér finnst mjög rasað fyrir ráð fram, ef lög-

gjafarvaldið ætlar að fara að setja ýms óþarfa ákvæði inn í þessi lög, og láta t. d. sýslunefndir, sem vitanlega hafa þessi mál alls ekki í hendi sinni nema að litlu leyti, hafa yfirumsjón með framkvæmdum hreppsnefndanna, sem allar framkvæmdir hvíla á í þessu efni, sem öðrum sveitarstjórnarmálum.

Ég get ekki verið hv. frsm. sammála um það, að þetta sé ekki stórmál. Nú eru aðrir tímar en fyrir 10—15 árum, því að afurðir af yrðlingum eru nú svo miklu hærri en áður. Það verður því næsta eðlilegt, að maður geri sér ljósa grein fyrir því, hverjir eigi afurðirnar af refavinnslu og grenjum í landareign manna. Sumir vilja halda því fram, að sveitarfélögin eigi að hirða ágóðann, og hv. 1. þm. N.-M. sagði m. a., að það næði ekki nokkurri átt, að þessi hlunnindi ættu að tilheyra jörðunum, því að þær væru t. d. ekki byggðar með þeim skilyrðum. Ég verð nú að segja, að mér finnst þetta nýtt að heyra, og hefði alls ekki búizt við því úr þessari átt. Það er að vísu rétt, að hreppsfélög hafa oft töluverð útgjöld sökum grenjavinnslu, en það er óþarfi fyrir hreppinn að hafa nokkurn kostnað af því. Ef svo er, þá sé ég ekki, hvaða ástæða er til þess að svipta einstaklinganna afurðunum og færa þær í hendur sveitarfélaganna, sem alls engan rétt eiga á þeim. Mig minnir, að hv. þm. Borgf. hafi bent á það ósamræmi, sem er á milli 4. gr. frv. og brtt. á þskj. 147 við hana, og ég fæ ekki betur séð en að þar komi hver grundvallarhugsunin í bága við aðra. — Annars skal ég verða við þeim tilmælum, sem mér bárust frá hæstv. forseta, um að fella niður umr. um sinn.

Forseti (BSv): Það er sökum þess, að nokkrir hv. þm. verða að vera fjarverandi umr., að ég felli þær nú niður um sinn, en hv. þm. Barð. hefir fyrstur orðið á mánudag.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Hákon Kristófersson: Það er nú svo langt um liðið, að ég man alls ekki, hvar ég var staddur í þessu merkilega máli, þegar síðast var um það rætt hér í hv. d.

Ég held, að ég hafi stungið upp á því, þegar mál þetta var hér síðast til umr., að flm. brtt. og hv. n. vildu eiga sameiginlegan fund með sér til þess að vita, hvort ekki væri hægt að koma á einhverju samkomulagi um þær brtt., er fyrir liggja. Þó að ég hinsvegar líti svo á, að engin nauðsyn sé fyrir framgangi þessa frv., þá býst ég aftur á móti við því, að það sé ætlun þeirra, sem standa að því, að það nái fram að ganga í einhverri mynd á þessu þingi. Þess vegna ber að vanda til þess sem bezt má verða, til þess að það verði ekki meðal þeirra laga, sem þyrfti að breyta á næsta þingi. En eins og ég og fleiri bentum á við 1. umr., held ég, að velflest ákvæði þessa frv. séu að finna að meira eða minna leyti í þar um hljóðandi reglugerðum. Og þó að þessi heildarlöggjöf verði samþ.. þá er ég viss um, að aðstöðumunur milli héraða gerir það að verkum, að breyt. á þessari löggjöf verða nauðsynlegar, því að eitt á við á þessum stað og annað á hinum.

Ég verð að segja fyrir mig, að eins og þessar brtt. liggja fyrir, þá er maður í miklum vanda um það, hverjar maður á að samþ., með það fyrir augum, hvernig frv. mundi líta út, ef t. d. yrði tekin þessi brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. og þessi úr brtt. hv. þm. Borgf., og í þriðja lagi úr brtt. hv. n.

Þó að þessi lög yrðu samþ., yrðu þau að meira eða minna leyti pappírslög. Ég vil t. d. beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. N.-M., sem flytur brtt. á þskj. 173, hvaða refsingar hann hugsar sér gagnvart þeim mönnum, sem ekki skyldu vera þess megnugir að láta vökumann á greni. Ég hygg, að í flestum tilfellum hafi einyrkjar engan til að láta sem vökumann. Ég held, að þessum málum sé bezt komið í höndum hreppsnefnda. Ef þeim er trúandi í öðrum málum, hygg ég, að einnig megi treysta þeim í þessu máli. Það má náttúrlega setja slíka hluti á pappírinn, að sýslunefndir skuli hafa yfirstjórn um þetta, sem maður veit fyrirfram, að kemur aldrei til framkvæmda. Eða veit nokkur hv. þm. til þess, að sýslunefndir hafi verið að átelja hreppsnefndir fyrir einhverja vanrækslu í þessum hlutum? En

úr því menn einu sinni hafa gaman af því að fylla lögin með óþörfum fyrirskipunum, þá er ég ekkert að hafa á móti því.

En það, sem ég tel athugaverðast við þetta frv., er sá rauði þráður, sem gengur í gegnum það og gerir að engu þann eignarrétt, sem fyrir hendi er. En menn þarf ekki að furða á þessari aðstöðu, því að það eru sömu fingraför á þessu frv. og öðru, sem sömu hendur hafa fjallað um, en það er frv. til ábúðarlaga. Það er sama stefna, sem þar er ráðandi.

Það er merkileg ósamkvæmni í þessum till., að í öðru tilfellinu, ef yrðlingar nást í sept. eða okt., þá á sá ekki að hafa arð af þeim, sem nær, heldur skulu skipti fram fara, en svo í öðru tilfellinu er heitið verðlaunum, sem eru algerlega óþörf. Það eina góða við þetta ákvæði, sem ég er þakklátur hv. n. og hv. 1. þm. N.-M. fyrir, er það, að aðeins er talað þar um heimild, sem vitanlega getur ekki náð nokkurri átt að komi til framkvæmda, nema í einhverjum sérstökum tilfellum, sem ekki þarf að brýna fyrir hreppsnefndum. En það er hlægilegt að ætlast til, að sýslusjóðir fari að borga 10 kr. fyrir refi, sem skotnir eru til mikils arðs fyrir þá, sem ná þeim að vetrarlagi.

Ég get fullyrt, að þótt þessi löggjöf komist á í þeim búningi, sem nú er fyrir hendi, verður ekkert eftir henni farið, a. m. k. í mörgum hreppum. En það segir sig sjálft, að það er meira áríðandi en margir halda, að löggjöfin sé þannig úr garði gerð, að ekki sé verið að neyða menn til að fara á svig við hana.

Viðkomandi ummælum hv. þm. Borgf. út af þeirri brtt. n., að ekki mætti flytja út yrðlinga fyrir 20. sept, þá held ég, að það ákvæði sé ekki svo hættulegt, þótt samþykkt yrði. Það er sjálfsagt réttilega tekið fram hjá honum, að allmikil samkeppni hefir verið af útlendum mönnum, sem vilja kaupa þessi dýr. En af hverju er hún komin? Þeir byrja fyrst á samkeppninni, þegar innlendir menn vilja fara að kaupa. En hinsvegar ber þess að gæta, að nú eru svo margir innlendir menn, sem fást við refaeldi, að ég held, að engin ástæða sé til að óttast, að eðlileg samkeppni falli niður, þó að þessi brtt. n. verði samþ. En ég hygg, að meira öryggi verði í því, að það verði falleg dýr, sem verða flutt út, þegar komið er síðla sumars, heldur en t. d. í júnímánuði. Þetta er því í rauninni ekkert hættulegt ákvæði.

Ég held, að svo geti á staðið í ýmsum sveitum, að mjög sé óheppilegt að óheimila, að nokkur megi vinna greni, hvort heldur fullorðin dýr eða yrðlinga, nema skotmaður sé frá genginn. Þetta verður eitt meðal annars, sem ekki verður farið eftir í ýmsum sveitum. Mér dettur ekki í hug, að hreppsnefnd fari að kæra sína hreppsbúa, þótt þeir hafi farið út og unnið greni, ef til vill fullt eins sæmilega og skotmaður hefði gert. Ég held, að hreppsnefndir hafi nú á seinni árum orðið svo fegnar að þurfa ekki að krjúpa fyrir mönnum til að vera skyttur á grenjum, að þær muni ekki fara að þrengja kosti þeirra manna, sem vilja taka þetta að sér, og það þótt þeir geri það í einhverjum tilfellum án óska hreppsnefndar. Ef það kemur að sömu notum, þá vil ég ekki hafa á þessu neina einokun.

Ég nenni ekki að vera að fást við þetta frekar að sinni. Ég hyggst að bíða þangað til ég sé, hvernig frv. lítur út eftir atkvgr., sem nú fer væntanlega fram, og sem ég býst við, að verði mjög undir hælinn lagt, hvernig fer, með tilliti til þeirra ýmsu breyt., sem fyrir liggja.

Ég skal að lokum viðurkenna, að hv. n. hefir lagt mikla alúð við að bæta frv., enda þótt ætið geti orðið meiningarmunur hjá mér og öðrum um þessi og þessi atriði, sem í flestum tilfellum kemur vitanlega af þeim ólíku staðháttum, sem um getur verið að tala í landinu.

Halldór Stefánsson: Ég efast um, að mikið verði greitt fyrir þessu máli með því að hafa lengri umr. um það eða einstök atriði þess. Ég held, að héðan af verði að láta það nægja, að menn velji á milli, og velji það, sem þeim gezt bezt að.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að brtt. mínar ná aðeins til fyrri kafla frv. Þar sýnist mér vera milli þrenns að velja, brtt. minna, brtt. n. og frv. sjálfs. Mínar till. fara að ýmsu leyti lengst og eru að því leyti fullkomnastar, svo að ég tel, að þær ættu að koma fyrst til atkv., en annars legg ég það á vald hæstv. forseta.

Hv. frsm. n. taldi, að sumar till. mínar væru aðeins orðabreyt. En ég vil benda á það, að þær eru nokkuð meira en orðabreyt., þótt þær séu einnig öðruvísi settar fram hjá mér. Eftir mínum till. eru það sveitarstjórnir, sem hafa framkvæmd og skyldu um að annast um útrýming refa, undir eftirliti sýslunefnda, eins og mun vera og hafa verið hér á landi. Eftir till. n. er sýslunefndum skylt að sjá um, að hreppsnefndir hafi eftirlit með eyðingu refa, en ekkert er getið um, hvar framkvæmdarvaldið og framkvæmdarskyldan sé á þessu. Það er sagt, að sýslunefndir eigi að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón með, — með hverjum? — engum. Framkvæmdarskyldan er ekki lögð neinum á herðar.

Að lokum er það þá út af fyrirspurn hv. þm. Barð. til mín um það, hvaða refsiákvæði ég hugsaði við því, ef menn gætu ekki lagt vökumann á gren. Ég veit ekki, hvers vegna hann spyr mig frekar en aðra. Ég þarf ekki annað en benda honum til 15. gr. frv. Þar eru almenn ákvæði um refsingar, sem taka til brota á lögunum.

Pétur Ottesen: Það er aðeins út af þeim útreikningum, sem hv. frsm. n. fór með til samanburðar á því, hver hagur væri að því að yrðlinga mætti flytja út þegar að vorinu, ellegar að ala þá til hausts.

Hv. frsm. komst að þeirri niðurstöðu með þessum útreikningi, að á haustin fáist 500—600 kr. fyrir hvert dýr. Þegar þetta er borið saman við það, hvað greitt er fyrir yrðlinga á vorin og kostnað þann, sem leiðir af eldi þeirra yfir sumarið, mundi hagnaðurinn vera um 200 kr. af hverju dýri. Um þennan kostnaðarreikning er þó þess að geta, að hv. frsm. byggir þessar upplýsingar sínar á áliti þess manns, sem hefir eitt stærsta refabúið hér á landi. En þessar upplýsingar hv. frsm., sem allar byggjast á áliti þessa sama manns, eru rangar. Kostnaðarreikningurinn er eingöngu miðaður við eldiskostnað. Þar er enginn kostnaður gerður fyrir refagirðingum, en auðvitað verður að telja hann með. En til athugunar á því, hvort þetta sé rétt, vil ég benda á það, að það er algengt á refabúum, að þau slátra refunum og selja síðan belgina. Eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, hefir verð belgjanna af þessum dýrum verið frá 100 og upp í 200—250 kr., og í hæsta lagi 300 kr. Og lætur nokkur maður telja sér trú um, að refabúin fari að ala refina fram á vetur, til þess að fá 100—300 kr. fyrir þá, ef hægt er að selja yrðlingana á erlendum markaði fyrir 600 kr. Og mig undrar það, að nokkur maður skuli láta sér detta í hug að leggja annað eins frv. og þetta fyrir þingið og að nokkur maður skuli flytja svo staðlausa stafi sem þessar upplýsingar, sem hvergi byggjast á staðreyndum og eru hvergi til nema á reikningum. (**BSt:** Ég tók það fram, að reiknað væri með afföllum). Ég tók tölurnar upp eftir hv. frsm. eins og þær lágu fyrir hjá honum, svo engin rangfærsla er í þeim milliburði. Það er svo augljóst mál, að þetta er aðeins gert til þess að slá einhverju fram og tilraun til þess að slá ryki í augu manna. En hvað gengur þeim til? Og hvað getur þessum refabúsforstjórum gengið til þess? Enginn hefir sett þeim reglur um það, hvenær þeir megi flytja út dýr, sem þeir ala. Þeir geta gert það þegar þeir álíta það heppilegast. Þetta er því í því augnamiði einu, að þeir, sem standa fyrir refabúum, geti fengið yrðlinga með lægra verði en ef fullkomin samkeppni væri. Það er þetta og ekkert annað, sem stendur bak við þessar till. Þeir vita sem sé, að það eru svo miklir örðugleikar fyrir almenning að setja upp refagirðingar. Kostnaðurinn, sem þetta hefir í för með sér, er svo mikill, að allur fjöldi manna getur ekki komizt undan þeim samtökum, sem búast má við að verði hjá refabúum, þegar þau eru orðin einvöld um verðið. Niðurstaðan verður því sú, að þeir, sem afla dýranna, verða neyddir til að selja þau þessum refabúaforstjórum og við því verði, sem þeim þóknast að skammta fyrir þau.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Vegna þess, sem hv. þm. Borgf. sagði áðan, skal ég taka það fram, að það er langt frá því, að ég hafi farið með staðlausa stafi á laugardaginn um verð yrðlinga á haustin. Ég hefi nú óyggjandi sannanir fyrir því, að ég fór með rétt mál. Og ef hv. þm. Borgf. trúir mér ekki, vil ég ráða honum

til þess að leita upplýsinga hjá gengisnefndinni, sem hefir öll gögn um verð á útfluttum vörum, þessum sem öðrum. Þá mun hann sjá, að munurinn, sem ég nefndi um daginn, er sízt of mikill. Verðið í fyrra sýnir þetta t. d. ljóslega. Þá var meðalverð yrðlinga í júlí 140 kr., en í nóv. 560 kr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en ætla að vona, að hv. þm. leiti sér þeirra upplýsinga, sem ég hefi bent honum á.

Jón Auðunn Jónsson:* Hv. þm. Borgf. sagði, að þetta væri til þess að skapa refabúunum betri aðstöðu, svo að þeim myndi fjölga á næstu árum. Hitt er og víst, að eigi þessi atvinnuvegur að vera til góðs, verður að kosta kapps um að flytja aðeins góð dýr út. En nú er það svo, að þeir, sem kaupa refina á vorin, flytja allt út, sem þeir fá, hversu mikið rusl sem það er. Það er einnig upplýst í þessu máli, að oft er það svo, að þeir selja betri dýrin sem grænlenzk, en úrkastið selja þeir undir íslenzku nafni. En ef dýrin verða flutt út að haustinu, sem að öllu leyti er skynsamlegt, er það víst, að framvegis verða það aðeins valin dýr, sem seld verða. Ég veit til þess, að á síðastl. vori keypti útlendur kaupmaður yrðlinga, fyrst eftir að refabúin voru hætt að kaupa þá. Hann keypti þá fyrir lægra verð en refabúin höfðu gefið fyrir þá. Þannig kom einn til Ísafjarðar og keypti þar 160—180 yrðlinga. Voru þeir mjög misjafnir að gæðum. Hann fór með þetta allt til útlanda. Ég álít, að bezt sé að vanda þessa vöru sem mest.

Pétur Ottesen: Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. verð ég að geta þess, að þau byggjast á misskilningi hv. þm. Hann virðist alls ekki hafa lesið till. í þessu máli.

Hv. þm. talaði um, að ekki mætti flytja slæm dýr út. Eftir frv. má ekki flytja nokkurt dýr út nema dýralæknir hafi skoðað það og gefið vottorð um heilbrigði þess. Það er því tilgangslaust hjá hv. þm. að vera að benda á ástandið eins og það er áður en nokkur lagaákvæði eru sett um þetta.

Hv. frsm. er nú flúinn úr því skjólinu, sem hann stóð í, með fullyrðingar sínar frá refabúsformanninum. Nú benti hann á gengisnefndina. Ég get ekki farið þangað til að leita þeirra upplýsinga, því eins og hv. frsm. á að geta séð, er enginn tími til þess að gera það áður en atkvgr. fari fram um þetta mál. Og ef gengisnefndin hefir svo mikið um þetta í sínum fórum, hví hefir hann þá ekki aflað þeirra upplýsinga. Hv. frsm. mátti þó vita, að í skjóli þeirra upplýsinga, sem hann fékk hjá refabúsforstjóranum, mundi honum ekki vera lengi vært.

Jón Auðunn Jónsson:* Það er oft erfitt að ákveða það með unga, hvort þeir verði sæmileg dýr eða ekki. (**PO:** Alveg jafngott). Það stendur hér staðhæfing móti staðhæfingu. Ég ætla, að ég hafi eins mikla reynslu í þessu efni sem hv. þm. Borgf. Það á að ala upp slæm dýr og slátra þeim að haustinu, en flytja þau ekki út. Ef farið yrði að flytja slík dýr út úr landinu, yrði það til þess að spilla fyrir markaðinum erlendis, því ekki væri að tala um að fá meira fyrir þau en 300 kr. (**PO:** Er það hámarkið innanlands?). Ég veit ekki betur en að þau hafi selzt fyrir allt að 500 kr. Það er því réttast að flytja ekki út annað en beztu dýrin, og það ekki fyrr en á haustin, því fyrr er ekki hægt að ákveða þau með vissu. (**PO:** Þetta er misskilningur). Nei. Ég vona, að hv. þdm. beri betra skyn á þetta en hv. þm. Borgf.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og ég tók fram áðan, þá hefi ég fengið staðfestingu á því hjá gengisnefnd, að það, sem ég sagði um daginn, er rétt. Ég hefi ekki áætlað verðmuninn á yrðlingum haust og vor of hátt. Samkv. þeim upplýsingum var meðalverð hvers mánaðar eins og hér segir:

Í júlí	ca.	140	kr.	pr. dýr
- ágúst	—	300	—	— —
- september	—	530	—	— —
- október	—	490	—	— —
- nóvember	—	560	—	— —

Meðalverðmunur á hverju dýri í júlí og nóv. var því 420 kr., og er það a. m. k. staðfesting á því, sem ég hefi áður sagt um þetta.

Ég hefi nú skýrt þetta fyrir hv. d. og legg það í dóm hennar, hvort ég hafi ekki

rök að mæla, að munurinn á verði yrðlinga vor og haust sé meiri en nemur tilkostnaði. Og þótt hv. þm. Borgf. rengi mig, mun hann þó ekki rengja gengisnefnd. En hv. þm. virtist efast um, að ég færi rétt með þessar tölur, og þess vegna vísaði ég honum þangað. (PO: Það er nokkuð seint). Nei, það er ekki of seint, 3. umr. er eftir.

Hv. þm. sagði áðan, að dýrin væru ekki öll flutt út, heldur væri sumum slátrað, og því fengist minna verð fyrir þau. Þetta er að vísu rétt, enda gerði ég ráð fyrir afföllum í reikningum mínum, og jafnvel þó áætlun mín um þau verði ekki tekin gild, þá geta þau aldrei orðið nándar nærri eins há og verðmunurinn. Ég gaf hv. þm. þessar tölur uppskrifaðar ásamt tilkostnaði og afföllum. Var það ekki rétt? (PO: Það stóð aðeins „kostnaður" hjá hv. þm.).

Pétur Ottesen: Ég skal ekki deila um það, hvað gengisnefnd kann að hafa sagt, en hitt væri vert að athuga, hvað þeir leggja til grundvallar hjá nefndinni. Hv. þm. sagði að það væru öll dýr, sem veiddust hér a landi og voru flutt út. Eftir því ætti að vera 200 kr. hagnaður á dýri. En þetta er af því, að út voru aðeins flutt úrvalspör, karldýr og kvendýr saman. Tölur n. sýna því aðeins, hvað slík úrvalsdýr voru seld. Þótt þessar tölur séu komnar frá n., eru þær ekki réttar að því leyti, að þær eru ekki miðaðar við það, að öll dýr væru flutt út. Heildaryfirlit hv. frsm. er því rangt, því að refabúin slátra refunum hér innanlands og selja belgina fyrir 100—300 kr., í staðinn fyrir að selja dýrin til útlanda fyrir 600 kr., eins og hv. þm. sagði. Það er því augljóst, að þetta yfirlit er rangt og villandi og gert til þess að slá ryki í augu manna.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég hefi játað, að það eru afföll af þessu, en hinsvegar eru þau ekki svo mikil, að þau vegi upp móti verðmuninum. Annars skal ég geta þess, að þessar tölur gengisnefndar eru meðalverð, en ekki verð á einstökum dýrum, eins og mér virtist hv. þm. Borgf. gruna. Það er ekki hæsta verð eða lægsta, heldur meðalverð. (PO: Já, á úrvalsdýrum). Nei, af öllum dýrum upp og ofan.

Forseti (BSv): Ég vil benda á það, hvort ekki sé rétt, að n. taki þetta mál aftur til meðferðar, til þess að vinna úr öllum þeim fjölda till., sem fyrir liggja. Veit þó ekki, hvort hv. þm. geta fallizt á þessa till.

Pétur Ottesen: Ég vil benda á það, að venjulega hefir það verið þannig, að kallað hefir verið eftir málum úr n., en þau ekki rekin í hana aftur. Þetta er því nokkuð frábrugðið venjulegum gangi málsins hér í þessari hv. d.

Ég vil benda á það ennfremur, þessu máli til skýringar, að minar brtt. eru brtt. við brtt. n., og því getur ekkert verið á móti því, að þær verði bornar upp. Aftur á móti eru brtt. hv. 1. þm. N.-M. sérstakar. Samt finnst mér bezta lausnin á þessu máli vera sú, að greiða atkv. um allar þessar brtt., og láta menn súpa seyðið af því, hversu skeytingarlausir þeir hafa verið í því að kynna sér þetta mál og hlusta á umr. um það.

Forseti (BSv): Ég vil þakka hv. þm. Borgf. fyrir að standa upp, því seinni parturinn af ræðu hans var einmitt það, sem ég vildi sagt hafa. Ég ætlaði með till. minni að leysa úr þessu vandamáli, en ef n. vill ekki taka málið aftur að sér, væri æskilegast, að hv. 1. þm. N.-M. vildi taka brtt. sínar aftur til 3. umr.

Lárus Helgason: Ég ætla, að öllum sé það vitanlegt, að landbn. hefir lagt mikla vinnu í þetta mál. Það er því ekki hægt að búast við því, að hv. dm. utan n. bæti þetta frv., þótt þeir flytji svo eða svo margar brtt. við það. Ég get því ekki betur séð en sjálfsagt sé að samþ. allar brtt. n. Hv. þdm. hafa ekki rannsakað þetta mál eins gaumgæfilega og n.

Halldór Stefánsson: Út af tilmælum hæstv. forseta o. fl. um að taka aftur brtt. mínar á þskj. 173 til 3. umr., sé ég ekki ástæðu til þess, þar sem n., eða einkum hv. form. hennar, hefir tekið þannig í málið. Hv. n. hefir haft langan tíma til að athuga brtt. mínar, og enga tilraun gert til að taka þær til athugunar. Hinsvegar fannst mér full ástæða til að flytja þær hér, því þegar ég las brtt. n., sá ég,

að sumar þeirra voru þannig, að ekki mætti teljast vansalaust, ef málið væri afgreitt þannig.

Pétur Ottesen: Ég hafði búizt við því, að hæstv. forseti, sem verndari (**Forseti:** Og velunnari) okkar og forsjón hér í þessari hv. d. hefði tekið það óstinnt upp hjá hv. form. landbn., er hann sagði, að við hefðum dirfzt að gera nokkrar athugasemdir við þetta „produkt" n. Ég veit ekki betur en allir þm., eins þeir, sem eru utan n., hafi leyfi til þess að athuga hvert mál sem þeim sýnist, þótt því hafi verið vísað til n. Þess er ekki sízt þörf nú, því hv. frsm. n. viðurkenndi í framsöguræðu sinni, að ýmsar þeirra athugasemda, sem ég hefi gert við brtt. n., væru réttmætar. Það kennir því nokkurs ósamræmis og árekstrar hjá hv. nm. (**BSt:** Það er aðeins í einu atriði). Hv. form. n. þarf ekki að rjúka svo upp, þótt einstakir þm. leyfi sér að gera aths. við till. n. (**MT:** Á að fara að byrja umr. aftur?). Ég vil benda hv. 2. þm. Árn. á, að hann er ekki forseti í þessari d. (**ÓTh:** Ekki einu sinni í Sþ.).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ef ætlazt er til þess, að n. taki allar þær brtt., sem fram hafa komið, til athugunar á ný fyrir þessa atkvgr., þá nær það ekki nokkurri átt. N. hefir þegar athugað þetta mál og skýrt það hér í þessari hv. d. N. getur ekki gert að því, þótt einstakir þm. hafi ekki fylgzt með í þessu máli. Ég vil því mótmæla því fyrir n. hönd, að hún fari að gera upp aftur það, sem hún hefir áður gert forsvaranlega. Ef hv. d. líkar það ekki, verður að kjósa sérstaka n. í málið. (**LH:** T. d. hv. þm. Borgf.).

Magnús Jónsson: Það hefir stundum tíðkazt, þegar flókin atkvgr. hefir þurft að fara fram, að skrifstofan hefir verið látin gera atkvæðaskrá til að hafa til stuðnings. Þetta hefir ekki verið gert nú, líklega af því að búizt hefir verið við, að eitthvað af brtt. yrði tekið aftur. Nú er komið í ljós, að greiða þarf atkv. um þær allar, og þó ég treysti hæstv. forseta vel til að stjórna atkvgr., þá er auðséð, að hún myndi taka mjög langan tíma, þar sem tvennar brtt. eru við frv. sjálft og svo brtt. við brtt., og víða mun vera vafasamt fljótt á litið, í hvaða röð á að bera þær upp. Ég vil því leggja til, að atkvgr. verði frestað og hún undirbúin betur fyrir hv. deild.

Forseti (BSv): Það hefir nú verið lagt til að fresta atkvgr. um þetta mál, en ef hv. þm. óska þess, er ég alveg tilbúinn að láta hana fara fram strax. (**SE:** Mér finnst mjög einfalt fyrir þá, sem fylgzt hafa með í umr. þessa máls, að greiða atkv. um brtt. — **EJ:** Sjálfsagt að atkvgr. fari fram strax). Það er ekkert baðstofuhjal leyfilegt hér. Þeir, sem vilja gera einhverjar aths., verða að kveðja sér hljóðs.

Jón Sigurðsson: Ég held, að þessi atkvgr. sé ekki eins flókin og menn halda. Ég vil t. d. benda á, að margar af brtt. hv. þm. Borgf. lúta að því sama, svo ef hv. þd. t. d. hafnaði þeirri fyrstu, væru eiginlega margar hinna þar með fallnar. Síðustu brtt. hans eru aftur á móti sjálfstæðar, svo að um þær þarf að greiða atkv. sérstaklega.

Forseti (BSv): Brtt. hv. n. og brtt. hv. þm. Borgf. valda út af fyrir sig engum erfiðleikum við atkvgr. Í brtt. hv. 1. þm. N.-M. eru mörg atriði, sem sumir munu telja til bóta, en þar sem þær ákveða alveg, hvernig skuli orðaðar þær frvgr., sem þær eru við, komast hinar brtt. ekki að, ef þær eru samþ. Eins komast ekki brtt. hv. 1. þm. N.-M. að, ef hinar eru samþ. Mér finnst því, að ráðlegt væri fyrir hv. 1. þm. N.-M. að taka sínar brtt. aftur til 3. umr., og reyna þá að koma þeim að sem leiðréttingum á frv. eins og það verður þá. (**HStef:** Mér er þá sama, hver óskapnaður frv. verður, ef þm. vilja hafna því, sem til bóta er). Jæja, hv. þm. ræður þessu auðvitað sjálfur, og verður nú gengið til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 173,I felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BÁ, HStef, HJ, HG, HK, IngB, JörB.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, ÞorlJ, BSt, EJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH.

HV, BSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÁÁ, GunnS) fjarstaddir.

Brtt. 147,I (ný 1. gr.) samþ. með 16:12 atkv.
— 173,II felld með 14:6 atkv.
— 176,I.a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 176,I.b samþ. án atkvgr.
— 147,II (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 173.III.a—c felldar með 14:6 atkv.
— 176,2.a.—b. samþ. án atkvgr.
— 176,3 samþ. með 15:1 atkv.
— 147,III.a—b (2 nýjar gr., verða 3. og 4. gr.), svo breyttar, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 173,IV felld með 13:8 atkv.
— 147,IV samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 173,V felld með 16:6 atkv.
— 176,4.a samþ. án atkvgr.
— 176,4.b felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SE, HStef.
nei: HV, IngB, JJós, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HJ.
HK. MJ, HG, BSv greiddu ekki atkv.
Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.
Brtt. 147,V (ný 4. gr., verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
— 173,VI.a tekin aftur.
— 173,VI.b felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HK, HV, IngB, JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, HStef, HJ, BSv.
nei: JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ.
MJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.
Brtt. 176,5 samþ. án atkvgr.
— 147,VI (ný 5. gr., verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, EJ, HJ, HK, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, BSv.
nei: SÁÓ, TrÞ, BSt, BÁ, HStef, HG, HV, IngB, JJós, JörB, MT.
MJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.
Brtt. 173,VII felld með 16:5 atkv.
— 176,6 samþ. án atkvgr.
— 147,VII (ný 6. gr., verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,7.a—b samþ. án atkvgr.
— 147,VIII (ný gr., verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 173,VIII felld með 15:5 atkv.
7. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 173.IX.a—b (2 nýjar gr., verða 11. og 12. gr.) samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, HStef, HJ, HG, HK, HV, IngB, JJós, JörB, BSv.
nei: MG, ÓTh, PO, SE, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, JAJ, JÓl, JS, LH.
MJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.
Brtt. 176,8 samþ. með 14:5 atkv.
— 147,IX (ný 8. gr., verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 147,X tekin aftur.
— 176,9 tekin aftur.
— 147,XII (ný 9. gr., verður 14. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 176,10 samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JJós, JS, JörB, MG, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BÁ, HStef, HJ, HG, HK, BSv.
nei: JAJ, JÓl, LH, MT, SE, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.
MJ, EJ greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (HV, GunnS) fjarstaddir.
Brtt. 147,XI (ný 10. gr., verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 147,XIII (ný 11. gr., verður 16. gr.) samþ. með 14:1 atkv.
— 176,11 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, JörB, PO, SÁÓ, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB.
nei: LH, MG, MT, ÓTh, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, HK, HV, JJós, JAJ, BSv.
MJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.
Brtt. 147,XIV (ný 12. gr., verður 17. gr.) samþ. með 14:4 atkv.
— 147,XV (13. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.
14.—15. gr. ((verða 18.—19. gr.) samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 147,XVI (ný 16. gr., verður 20. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 147,XVII samþ. án atkvgr.
— 173,XI samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, IngB, JAJ, JÓl, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSv.
nei: JJós, JS, JörB, LH, MG, PO, ÞorlJ, BÁ, EJ.

HG, HK, HV, MJ, ÓTh, BSt greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (HJ, GunnS) fjarstaddir.
Brtt. 173,X samþ. með 16:4 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um refaveiðar og refarækt.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 259, 291, 301, 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 301 og 303. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Á þskj. 291 eru 3 brtt., sem landbn. flytur. Þessar brtt. eru ekki miklar efnisbreyt. við frv., svo ekki er þörf á að fjölyrða um þær.

Í 2. gr. frv. er svo ákveðið, að fella megi niður grenjaleitir, ef ekkert dýr hefir fundizt þar í tug ára. N. vill með 1. brtt. sinni orða þetta þannig, að grenjaleitir falli niður, ef ekki hefir fundizt þar dýr síðustu árin. Þetta er nægilegt. Það er sem sé þannig sumstaðar hér á landi, a. m. k. í Vestur-Skaftafellssýslu, og ef til vill víðar, að talið er, að refum sé algerlega útrýmt, en samt er þar fjöldi gamalla grenja. Með því að láta gr. standa óbreytta, mætti kannske skilja hana svo, að af því greni sé þar til sé skyldugt að gera þar grenjaleit, þótt ekki sé þar nein dýravon. Þetta er svo einfalt mál, að ég sé enga ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Þá er 2. brtt. n. Hún er gerð vegna þess, að við 2. umr. kom fram nokkur ágreiningur um það, hvernig skilja bæri ákv. 6. gr. frv. um ágóða landeiganda og ábúanda af sölu yrðlinga, sem teknir eru í heimalandi einstakra manna. Þessi brtt. er flutt til að taka af öll tvímæli um þetta. Í raun og veru er þetta engin breyt. frá því, er var. Það er aðeins til þess að taka það svo skýrt fram, að ekki geti orkað tvímælis, við hvað sé átt. Eins og allir sjá, er hér átt við það, sem verður afgagns kostnaði (nettóverð).

3. brtt. er heldur ekki ný. Hún var flutt við 2. umr. þessa máls af n., en var þá tekin aftur. Nú er hún flutt hér aftur með nokkuð öðru orðalagi. Hún er um það, að leyfi sýslunefndar þurfi til þess að setja refaræktarbú á stofn. Við 2. umr. var hún þannig, að umsækjandi varð að sýna vottorð um, að hann væri til þessa starfa hæfur. N. fannst ekki ástæða til að halda við þetta ákvæði, þar sem búast má við, að lítið verði á þeim vottorðum að byggja. N. vill því heldur eiga það undir áliti sýslunefnda, hvort heppilegt muni vera að veita umsækjanda leyfið, og hefir því lagt þetta í þeirra vald.

Aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, hefir n. ekki tekið til sérstakrar athugunar. Hefir enginn tími verið til þess, þar sem þeim var ekki útbýtt fyrr en nú. Ég hefi því ekkert um þær að segja frá n. hendi nema það, sem hv. þdm. sjá sjálfir, að fer í bág við það, sem n. hefir áður flutt. Getur verið, að ég minnist þeirra síðar, en þá frá eigin brjósti.

Hákon Kristófersson: Ég hefi leyft mér að koma fram með nokkrar brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 303.

Eins og hv. frsm. tók réttilega fram, hefir n. ekki getað haft þessar brtt. til yfirlits, sökum þess að þeim var útbýtt nú á þessum fundi.

Ég held, að þótt svo færi, að brtt. mínar, — sem ég að vissu leyti tel til bóta —, yrðu samþ., yrði engin grundvallarbreyt. ger á frv. Það má vel vera, að þær fari í bág við brtt. n. á þskj. 291. Ég vil taka það fram, að ég hafði ekki athugað þær.

1. brtt. mín er viðauki við 3. gr. frv. Hún gengur út á það, að landeiganda sé heimilt að vinna sjálfur greni, ef hann óskar þess og hann er, að dómi hreppsnefndar, til þess fær. Ég get ekki trúað því, að hv. d. vilji ganga á móti svo sanngjörnum og frjálsmannlegum fyrirmælum. Ég trúi því ekki fyrr en búið er að fella þau hér í þessari hv. d., enda geri ég ekki ráð fyrir, að svo verði.

Þá er gert ráð fyrir því, að viðkomandi hreppur hafi engan kostnað af grenja-

vinnslunni. En þó getur svo farið, ef þessi brtt. verður samþ., með hliðsjón af brtt., sem ég hefi við 6. gr. frv., að hreppurinn hafi allmikinn gróða af því. Þessar brtt. mínar eru yfirleitt svo ljósar, að þær geta ekki fallið vegna vafaatriða í þeim. Þetta hljóta menn að sjá, ef þeir yfirvega þær. Annars er ekki vafi á, að þær verða samþ.

2. brtt. mín er við 4. gr., og er ekkert nema afleiðing af brtt. minni við 3. gr. Hún er því engin grundvallarbreyt. að öðru leyti en því, að þar er slegið föstu, hvað telja skuli grenjavinnslutíma. Hann byrjar svo snemma og endar svo seint, að ég vona, að hv. d. geti verið mér sammála um það, að hann þurfi ekki að vera lengri. Að vísu veit ég til þess, að af sérstökum ástæðum hafi gren fundizt eftir 20. júlí, en þau dæmi eru svo sjaldgæf, að þau eru eiginlega fyrir utan regluna.

3. brtt. mín er við 5. gr. frv. Hún er mjög lítils virði, en að mínu viti færir hún gr. til betra máls. Hún er um það, að í stað orðsins „aldrei“ í frv. komi: ekki. Mér finnst það óheppilega að orði komizt, að gren verði aldrei yfirgefið. (BSt: Ef þess er kostur). Ég vona, að hv. n. geti verið mér fullkomlega sammála um, að orðið „ekki“ sé eins hagkvæmt og „aldrei“.

Þá er 4. brtt. mín við 6. gr. Er hún raunverulegust af þessum brtt. mínum. 1. mgr. hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir yrðlingar, sem náðzt hafa á greni á grenjavinnslutíma, eða verið þaðan eltir uppi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði“.

Í 2. mgr. brtt. eru ákvæði um það, ef heimild hefir verið veitt eftir 3. gr. Ég vona, að hv. d. og hv. n. sjái, að hér eru svo mikil tryggingarákvæði, að trautt verði þeim betur fyrir komið. Þar segir svo:

„Nú hefir landeigandi fengið leyfi til grenjavinnslu í landi sínu, sbr. 3. gr., og skal hann þá eignast alla yrðlinga, sem hann nær í greni eða út frá því, ef hann vinnur bæði fullorðnu dýrin. Vinni hann aðeins annað dýrið, eignast hann aðeins hálft andvirði yrðlinga þeirra, sem hann nær, til jafns við sveitar- eða fjallskilasjóð, en vinni hann hvorugt fullorðnu dýranna, fellur andvirði yrðlinga óskert til sveitar- eða fjallskilasjóðs“.

Ég vona svo, að hv. d. geti verið mér sammála um, að hér sé svo rólega í sakir farið, að tæplega sé hægt að mæla á móti réttmæti þessara till.

Þá vil ég fara svo með yrðlinga sem aðrar tófur. Í niðurlagi brtt. minnar segir svo:

„Nú næst yrðlingur á víðavangi á grenjavinnslutíma og ekki er vitað um, frá hvaða greni hann er kominn, og skal þá sá eignast, er náði, að helmingi við þann, er land á eða upprekstrarrétt, ef á afrétti er. Sama gildir og, ef unnið er gren eða yrðlingur næst utan grenjavinnslutíma á svæði því, er hreppsfélag eða hreppsfélög annast grenjavinnslu á“.

Þessi brtt. er eins og hinar, að hún skýrir sig svo sjálf, að enginn vafi er á því, við hvað er átt. Ég veit þess þó nokkur dæmi, að yrðlingar hafa, af sérstökum ástæðum, náðzt í septembermánuði. Sé ég ekkert á móti, að þá sé annað látið gilda um gren þau, er hreppsfélagið hefir kostnað af að láta vinna. — 5. brtt. mín er nauðsynleg afleiðing af því, ef hinar verða samþ.

Ég er sannfærður um, að brtt. mínar verða vel séðar af þeim, sem við lögin eiga að búa, og get ég því ekki betra gert en að ráða mönnum til að samþ. þær. En geta mín til að koma þeim fram nær auðvitað ekki til nema míns eigin atkv. Mér þótti leitt, að hv. frsm. taldi líklegt, að n. sem slík yrði á móti till. mínum. Ég hefi komið með þær af því, að ég álít, að þær séu til bóta og svo sanngjarnar, að ekki verði með rökum á móti þeim mælt.

Að svo mæltu fel ég hv. landbn. og hv. þd. málið til úrskurðar.

Pétur Ottesen: Ég á hér eina litla brtt. við 17. gr. frv., en í þeirri gr. er bannað að flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. á haustin. Vil ég, að því sé bætt við, að atvmrh. geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ég hefi nú nokkuð oft í umr. um þetta mál tekið það fram, hvaðan ákvæði frv. um þetta atriði eru runnin, að hverju þau stefna og hverjar afleiðingar geti orðið af samþykkt þeirra. Fyrst ekki tókst að

fella þessi óeðlilegu þvingunarákvæði alveg úr frv., finnst mér ekki mega minna vera en að atvmrh. hafi leyfi til að veita undanþágu frá þeim. Og á það vil ég leggja áherzlu, að nái brtt. mín fram að ganga, ætlazt ég til, að atvmrh. beiti heimildinni, sem honum er fengin, ef honum eru færðar sannanir fyrir því, að það verði til að lækka verðið á yrðlingunum, að heimildin sé látin ónotuð. Ég fer ekki fleiri orðum um þessa brtt. Mér finnst sjálfsagt, að hún verði samþ. Ég sé ekki, að neinn hv. þdm. geti haft neitt á móti henni og yfirleitt enginn, nema eigendur refabúanna.

Út af brtt. hv. landbn. við 6. gr. vil ég segja nokkur orð. Hv. n. sýnist ætlast til þess, að það komi skýrt fram, að landeigandi og ábúandi geti því aðeins vænzt nokkurs ágóða af yrðlingum, sem teknir eru í landi þeirra, að hreppsnefndin eigi jafnframt rétt til slíks ágóðahlutar. Ég býst við, að margur landeigandi reki upp stór augu yfir því, að í frv. þessu er öðrum þræði viðurkenndur eignarréttur hans á yrðlingum, sem í landi hans eru teknir, en hitt veifið er sá réttur að engu metinn. Hreppsnefndum er sem sé heimilt að semja svo um við refavinnslumann, að hann fái allan gróða af refavinnslunni, og mundi landeigandi þá ekkert fá í sinn hlut. Ég býst nú við, að margur mundi freista að fara í mál, áður en hann léti hlut sinn á þann hátt, og brtt. hv. landbn. er engan veginn svo skýrt orðuð, að slíkt mál væri vonlaust.

Hv. n. hefir ekki tekið til greina þann árekstur, sem ég benti á að væri milli 9. og 17. gr. um það, hvenær fyrst má flytja út yrðlinga og hvenær reikningar hreppsnefnda um refavinnslu eigi að vera tilbúnir. Ef hreppsnefndirnar hafa refabú sjálfar, er það augljóst mál, að reikningarnir geta ekki verið tilbúnir þegar til er tekið. Ég er satt að segja alveg hissa á hv. n. að vilja halda í þetta óeðlilega ákvæði. Ástæðunnar er líklega helzt að leita í þeirri skoðun einstakra nm., að engir aðrir en n. megi segja orð um þetta frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Um brtt. hv. þm. Barð. hefi ég ekkert að segja. Ég vil aðeins taka það fram, að út frá hans eigin sjónarmiði sýnist vera lítil þörf fyrir tvær fyrstu brtt. hans. Það, sem þar er farið fram á, er heimilt eftir frv. eins og það er. Hreppsnefnd getur haft skotmann, einn eða fleiri, og getur ráðið landeiganda sjálfan til starfsins á sinni jörð, ef svo vill verkast. En þessar brtt. draga þá heldur úr þeirri meginstefnu frv., að hafa þessi mál sem mest í höndum hreppsnefndanna, og því get ég fyrir mitt leyti ekki fallizt á þær. — 3. brtt. hv. þm. er meinlaus og gagnslaus. E. t. v. er betra að hafa þetta orð eins og hv. þm. leggur til. — Um 4. brtt. vil ég segja, að ég hefi í n. haft svipaða afstöðu um þetta atriði og þar kemur fram. Eins og þegar var tekið fram í nál., hafði ég sérstöðu um það, hvernig greiða bæri skotmanninum, og ef hv. þm. Barð. hefði haft till. sína ofurlítið rýmri, býst ég við, að ég hefði getað greitt henni atkv. En aðrir hv. nm. eru alveg á móti þessari brtt.

Þá er það brtt. hv. þm. Borgf. Hann kallaði þetta litla brtt., og það er rétt, að hún er lítil að því leyti, að hún er aðeins fá orð. En hún fjallar um það atriði, sem mest var deilt um hér við 2. umr., og er ný tilraun til að fá hv. þd. til að falla frá því, sem þá var samþ., að banna útflutning yrðlinga fyrir 20. sept. Hv. þm. Borgf. gat ekki komið fram vilja sínum um þetta atriði við 2. umr. og vill nú, að atvmrh. hafi leyfi til að veita undanþágur frá þessu banni, þegar sérstaklega stendur á. En það er nokkuð hætt við, að hv. þm. Borgf. og þeir, sem sama sinnis eru og hann, mundu vilja telja, að alltaf stæði sérstaklega á, enda var það að heyra á ræðu hans. Landbn. er á móti þessari till. nú sem fyrr.

Hv. þm. fór að rifja upp, hvaðan till. um útflutningsbannið fyrir 20. sept. væri runnin, og sagði, að hún væri komin frá refaræktarmönnum. Má vel vera, að þeir séu yfirleitt með þessu ákv. En ég hefi ekki vitað það fyrr, að það væri mótmæli gegn lagafyrirmæli, að þeir, sem sérstaklega eiga við það að búa, eru ánægðir með það. Það hefir a. m. k. ekki alltaf verið talið horfa til óheilla, þótt bændur kæmu með till. í sambandi við sinn atvinnuveg.

Þá talaði sami hv. þm. einnig um það, að n. viðurkenndi öðrum þræði eignarrétt landeiganda, en hinum þræðinum

ekki. Þetta er ekki rétt. Eignarréttur landeiganda að refunum er alls eigi viðurkenndur, heldur á hann að fá landshlut af veiði í landi sínu, svo sem á sér stað um marga aðra veiði.

Loks kom hv. þm. enn með það, að ákvæðin um reikningsskilin og bannið gegn útflutningi yrðlinga fyrir 20. sept. rækjust á. En þetta er ekki rétt athugað. Því að enda þótt hreppsnefndin ætti einhverja yrðlinga á haustin, þegar reikningar eru gerðir upp, þá mætti telja þá til eignar á þeim reikningi; og tekjurnar af sölu þeirra koma þá á næsta árs reikning. Landbn. hefir ekki getað fallizt á að breyta þessu ákvæði, af því að þar sem fleiri hreppar eru eitt fjallskilafélag og hafa þetta einnig sameiginlegt, hafa þeir aðeins þennan eina fund saman á árinu til að leggja reikningana fyrir. N. sá ekki heldur, að ákvæði frv. gætu orðið til nokkurs meins.

Ég vona nú, að málið geti fengið skjóta afgreiðslu í hv. d., svo að það megi verða að lögum í ár.

Hákon Kristófersson: Hv. frsm. fór hógværum orðum um brtt. mínar, þótt hann væri heldur á móti þeim. Um tvær þær fyrstu sagði hann, að það, sem þar er gert ráð fyrir, mætti gera án þess að þær væru samþ. Það er kannske eitthvað ofurlítið til í þessu, en það er þó talsverður munur á, hvort landeigendur eiga rétt til að taka að sér skotmennskuna, nema þeir séu óhæfir til starfans, eða hvort hreppsnefnd má ganga alveg framhjá þeim eftir eigin geðþótta. Víða hagar svo til, að margar skyttur eru í sama hreppi, og ég og ýmsir fleiri góðir hreppsnefndarmenn hafa verið því hlynntir, að leyfa mönnum að skjóta sjálfir í landi sínu. En það er engin trygging fengin fyrir því, að aðrar hreppsnefndir verði ekki örðugri í þessu efni. — Ef bornar eru saman 2. brtt. hv. n. á þskj. 291 og 3. mgr. 4. brtt. minnar á þskj. 303, þá sést, að á þeim er raunverulegur munur. Þrátt fyrir bezta vilja get ég ekki séð, hvernig það á að samrýmast nokkurri sanngirni, að hreppurinn eigi að fá ágóðahlut þann, sem ráð er fyrir gert í till. n., nema það eigi að verða svo, að hreppurinn fái ágóðahlut af hverju einu, sem hreppsbúar afla sér, t. d. tófum að vetrinum. (**LH:** Hreppurinn fær andvirði óskilafjár og ómerkinga). Það er nú svo. Hreppurinn fær þetta því aðeins, að enginn geti helgað sér kindurnar. Þær hreppsnefndir, sem ég þekki til, eru ekki heldur svo þröngsýnar, að þær láti ekki þann mann fá ómerking, sem getur leitt sæmileg rök fyrir því, að hann eigi ómerkinginn, þótt ærin hafi t. d. drepizt. Enda er þetta alveg rétt, því að það er í flestum tilfellum vitanlegt, að hreppurinn á ekkert í ómerkingnum, því að engar á hann ærnar.

Mér dettur ekki í hug að taka það illa upp, þótt hv. n. sé á móti till. minum, og ég ræð ekki við það, hvort þær verða samþ. eða ekki. En ég hefi reynt að koma því lagi á þetta frv., sem mér hefir af margra ára reynslu og samvizkusamlegri athugun sýnzt heppilegast.

Ég tek undir það með hv. frsm., að frekari umr. eru þýðingarlitlar. Ef menn hafa bitið það í sig, eins og hv. landbn. sýnist hafa gert, að láta ekki af einhverri fyrirrætlun, er ekki að búast við miklum árangri af fortölum.

Pétur Ottesen: Ég heyrði ekki ræðu hv. frsm., en mér er sagt það eftir honum, að það sé mjög gott að byggja á till. þeirra, sem kunnugir eru atvinnurekstrinum. Þetta er auðvitað gott að vissu marki. En þegar þeir vilja fara að nota aðstöðu sína til að auðgast meira en rétt er á kostnað annara, er kominn tími til að taka í taumana. Það er þetta, sem hér er um að ræða. Refaræktarmennirnir vilja hafa verðið á yrðlingum alveg í hendi sér. Brtt. mín fer fram á að láta atvmrh. geta losað menn undan því fargi, er þetta getur á þá lagt. Ég skil sízt, hvernig hv. frsm. fer að því að vera á móti þessu, þegar undanþáguvaldið verður fengið í hendur þeirrar hæstv. landsstj., sem hann fylgir gegnum þykkt og þunnt.

ATKVGR.

Brtt. 291,I. samþ. með 15:1 atkv.
— 303,1 felld með 12:8 atkv.
— 303,2 tekin aftur.
— 303.3 samþ. án atkvgr.
— 303,4 felld með 13:4 atkv.
— 291,II. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 303,5 sjálffallin.
— 291,III. samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, HJ, IngB, JÓl, JS, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, BÁ, JörB.
nei: HK, JAJ, LH, MG, MT, SE, ÞorlJ, BSv, ÁÁ, BSt.

Sjö þm. (EJ, GunnS, HG, HV, JJós, ÓTh, SÁÓ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, LH, MG, MJ, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, ÁÁ. BSt, BÁ, HJ, HV, IngB, JAJ, JÓl, JörB.
nei: HStef, HK.

Fimm þm. (ÓTh EJ, GunnS, HG, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 313).

Á 57. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 400).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. um refaveiðar og refarækt er komið frá hv. Nd., og aðalbreyt., sem það gerir á núgildandi lögum, eru fram teknar í nál. á þskj. 400, að sett eru heildarlög fyrir land allt, í stað heimildarlaganna frá 1919 og þeirra reglugerða, sem einstakar sýslunefndir hafa sett.

Nýmæli er það í lögum þessum, að landeiganda og ábúanda eru tryggðar nokkrar tekjur af yrðlingum, sem nást í landi þeirra.

Annar kafli laganna er um refarækt almennt og kveður á um það, að refir skuli aðeins geymdir í tryggum girðingum og öruggi vörzlu, undir opinberu eftirliti. — Svo eru ennfremur ákvæði um það, að dýr megi ekki flytja út nema að fengnu vottorði dýralæknis o. s. frv. Þetta á náttúrlega að vera til þess, að ekki sé spillt fyrir refarækt okkar, og eins hitt, að tryggja það, að íslenzkir refir vinni sér meira álit en verið hefir, bæði með því, að þeir séu fluttir út eldri en verið hefir, og sömuleiðis til tryggingar fyrir því, að þeir séu heilbrigðir.

N. verður að fallast á, að þetta sé til bóta, en gerir þó nokkrar smávægilegar brtt., sem hér skal getið nokkru nánar.

Fyrsta brtt. n. er við 2. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að 2. málsgr. orðist nokkuð öðruvísi. Hugsunin á ekki að raskast, en okkur þótti fegra það orðalag, sem við leggjum til.

Önnur brtt. á þskj. 400 er tekin aftur. Það hefir upplýstst, að nokkuð sérstakt fyrirkomulag er hér í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um þetta fjallskilamál, og þess vegna þótti heppilegra, að breyt. kæmi ekki fram.

Þriðja brtt., við 5. gr., á að tryggja það, að þeir, sem tilkynna um gren til hreppsnefndar eða skotmanns, fái þóknun fyrir ómak sitt. En brtt. gerir ekki aðra breyt. á gr. en þetta, sem virðist vera sjálfsagt.

Þá er 4. brtt. Það er aðalbreyt., sem n. leyfir sér að gera við frv. Hún er fyrst og fremst um það, að það skuli aðeins vera ábúandi jarðar, sem hafi tekjur af yrðlingum, sem finnast í landi hans, en ekki jarðeigandi. Okkur fannst það réttara, þar sem jarðirnar eru leigðar með öllum gögnum og gæðum. Svo er þar önnur breyt., að jafnframt því, að ábúanda er áskilinn réttur til tekna af refaveiðum, þá er honum og skylt að bera tiltölulegan kostnað af grenjavinnslu í hans landi.

Ég vona, að hv. dm., sem mál mitt heyra, geti fallizt á það, að ekki sé nema rétt og sanngjarnt, að skyldur og réttindi verði að fylgjast að.

Fimmta brtt. er um það, að 8. gr. falli niður, vegna þess að það, sem í 8. gr. stendur, er með brtt. tekið upp í 6. gr. og nokkuð stendur þegar í 7. gr.

Svo er brtt. við 9. gr. um það, að ekki sé skylt að leggja fram fullnaðarreikning um grenjavinnslu „fyrir gangnaniðurjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund

þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman eða leitarsvæði", heldur fyrir 1. des. ár hvert. Eins og við vitum, fara þessir fundir oftast fram í ágúst, en samkv. fyrirmælum laga má ekki flytja út refi fyrr en í september, og því er ekki hægt að gera upp reikninginn fyrr en sala yrðlinganna má fara fram, og svo virðist ekki liggja neitt á því, að þessi reikningur sé gerður upp fyrr en sveitarreikningarnir.

Þá er brtt. við 16. gr., þar sem við leggjum til, að gr. falli niður, en hún er um það, að öll refaræktarbú skuli háð dýralækniseftirliti. Okkur þótti þetta vera fullstrangt ákvæði, er gæti valdið tiltölulega miklum kostnaði fyrir búin, segjum t. d. fyrir bú norður á Ströndum, er þyrfti að sækja lækni til Akureyrar og kosta fleirum sinnum ferð hans fram og aftur. Okkur þótti því réttara að gera þetta að reglugerðarákvæði.

8. brtt. fer fram á, að í reglugerð megi setja nánari ákvæði um allt þetta.

Ég skal loks geta þess, að um 4. brtt. og tvær hinar síðustu er n. ekki alveg óskipt.

Jón Baldvinsson: Ég hefi skrifað undir nál. landbn. með fyrirvara. Verður það að kallast gott samkomulag um annað eins mál og refamálið, að ekki skuli koma nema eitt nál. og brtt. aðeins í einu lagi. Ég ætla nú samt að hrella hv. þd. með því, sem alltaf mátti óttast, að þetta er aðeins stundarfriður, því að ég hefi nú í hyggju að koma með nokkrar sérstakar brtt. við 3. umr., ef ég hefi ekki komið þeim að áður.

Ég er hvorki sammála ákvæðum frv. né brtt. hv. meiri hl. um 6. gr. Þar er það ákveðið, eins og frv. er nú, að þegar yrðlingar eru teknir í heimalandi manna, fái landeigandi og ábúandi samanlagt hálfan ágóða, til jafns við sveitar- og fjallskilasjóð, af sölu þeirra yrðlinga. Landshlut þessum skal skipta jafnt á milli landeiganda og ábúanda. — Ég álít nú hvorki rétt né sanngjarnt, að landeigandi fái nokkurn hluta af þessum ágóða, ef hann hefir leigt jörðina. Ábúandinn á að fá hálfan ágóðann einsamall. Hann greiðir jarðarafgjaldið til landeiganda, og það verður honum að nægja. Af þessum ástæðum vil ég fella úr 2. mgr. 6. gr. allt um það, að landeigandi eigi að fá nokkurn landshlut. — Nú hefir meiri hl. landbn. gert brtt. í þessa átt, en bætt því við, að ábúandi skuli og bera hálfan kostnaðinn af grenjavinnslunni á ábýlisjörð sinni. Þessi kostnaður getur vel orðið nokkuð mikill í afdalakotum, þar sem landrými er mikið og máske mörg gren. Mundi þá stundum ekki koma tilsvarandi hagnaður á móti. Ábúendur á þessum stöðum geta vel verið fátækir menn, þótt það þurfi auðvitað ekki að vera, og sýnist mér ekki rétt að íþyngja þeim með þessum kostnaði. Það er einnig fyrst og fremst hagur sveitarfélagsins að fá refunum eytt, en ábúendurnir fá nógan skatt að gjalda, þar sem er það fé, er tófan bítur, þegar gren eru í landi þeirra.

Þá vil ég ekki láta fella niður ákvæði 16. gr. um það, að refabú skuli háð dýralækniseftirliti. Ég álít þetta ákvæði nauðsynlegt til að tryggja það, að aðeins heilbrigð dýr séu alin upp. Mér er sagt, að þegar farin sé að aukast „menningin" hjá refunum, — ef það orð má nota um refi —, sé þeim miklu hættara við ýmiskonar sjúkdómum en villtum dýrum. Því er ástæða til að hafa eftirlitið strangt. Refarækt in er sögð uppgripaatvinnuvegur, og mega refabændur því vel kosta nokkru til. Ég vil ekki heldur segja, að ákvæði 16. gr. feli það beint í sér, að t. d. þurfi alltaf að kosta för dýralæknisins í Borgarnesi vestur á Strandir til að líta eftir refabúum þar. Mér virðist, að dýralæknirinn mætti a. m. k. stundum láta aðra athuga refina fyrir sig, og að nægilegt væri, að hann sýndi sig sjálfur t. d. einu sinni á ári eða svo. — Ég nefndi refabú á Ströndum sem dæmi vegna þess, að í Grímsey á Steingrímsfirði er nú eitthvert bezta refabúið. Þar er meiri snjór og kaldara loftslag en í Breiðafjarðareyjum, og verða refabelgirnir af þeim sökum fallegri og verðmeiri.

Ég mun greiða atkv. gegn brtt. um að fella niður 16. gr., og síðar mun ég koma með aðra brtt. um 6. gr., eins og ég hefi sagt.

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og þeir hv. þdm., sem viðstaddir eru, heyrðu, eru aðeins tvö atriði, sem ber á milli meiri hl. landbn. og hv. 4. landsk.

Hið fyrra er um kostnaðinn af grenja-

vinnslu í heimalöndum jarða. Meiri hl. leit svo á, að sanngjarnt væri, að sá, sem á að njóta hagnaðarins, bæri og kostnaðinn að sama skapi. Hv. þm. talaði um afdalakot, sem hefðu stórar lendur, og verð ég að játa, að ég er óvanur að heyra talað um „kot“ af því tægi. Það getur samt kannske komið fyrir, að mörg gren séu í landi sömu jarðar, þótt það muni vera næsta fágætt. Er og mjög ósennilegt, að fyrir þessar sakir verði mikill kostnaður af grenjavinnslu, nema eftirtekjan verði þá einnig talsverð. Þótt kostnaður kynni þá að fara fram úr hagnaði eitt árið, má búast við, að það ynnist upp á næsta ári eða fáum árum. — Hv. þm. talaði um, að ábúendur jarða, þar sem gren eru, hefðu goldið sinn skatt til grenjavinnslunnar með því, að fé þeirra mundi meira bitið en annara. En það er nú svo einkennilegt, að „sjaldan bítur refur nærri greni sínu“, og því verða þessir bændur oft fyrir minni skaða af dýrbit en nábúar þeirra, sem hafa engin gren í sínu landi. Ég get því ekki fallið frá brtt. n. um þetta atriði.

Dýralækniseftirlitið er hitt atriðið, sem hv. 4. landsk. lagði svo sérstaklega mikið upp úr. Ég veit nú ekki, hversu mikils virði það er, meðan búin starfa. Vitanlega er sjálfsagt að athuga dýrin ávallt, áður en þau eru send til annara landa. Annars sýndist mér meira vit í því að láta t. d. héraðslækni líta eftir refabúunum öðru hverju, heldur en að þurfa alltaf að kosta ferð dýralæknisins, máske heilan landsfjórðung á enda. Mér virðist hætt við, að það eftirlit yrði allkostnaðarsamt, og gæti það orðið til að draga úr mönnum um að ráðast í þennan atvinnuveg, sem sýnist vera að verða allblómlegur.

Jón Baldvinsson: Það, sem mér og hv. landbn. ber á milli, er nú orðið svo ljóst, að ekki er þörf að rifja það upp. En hv. frsm. vildi gera ráð fyrir, að einhver rökvilla fælist í því að tala um „kot“ með stórar lendur. Það er nú víða svo til afdala, að þar eru smábæir með lítil eða engin tún og litlar engjar, en viðáttumikið fjalllendi, sem tilheyrir jörðinni. Þetta er algengt á Vestfjörðum, þar sem ég er alinn upp og þekki bezt til. Á þessum slóðum halda sig oft margar tófur. Því var það alveg rétt, sem ég sagði um þetta atriði.

Vel þekki ég máltækið, sem hv. frsm. var eitthvað að tæpa á, „sjaldan bítur gamall skolli nærri greni sínu“. Ef þetta væri rétt, eins og hv. frsm. virtist halda fram, ætti það að vera beinn vinningur að hafa tófur í landi sínu, til þess að gæta kindanna. Þær væru þá einskonar varðhundar og hið mesta skaðræði fyrir eigandann að fá þeim útrýmt. Ég held raunar, að þetta sé einskonar hjátrú, sem e. t. v. styðst við einstök dæmi, en yfirleitt munu tófur bíta fé í námunda við gren sín eins og fjarri því, þótt þær biti kannske ekki alveg við þau. Reynslan mun og hafa sannað það, að mest er dýrbitið af fé hjá þeim bændum, er hafa gren í landi sínu.

Hv. frsm. vildi ekki leggja kostnaðinn af dýralækniseftirlitinu á refabúin, af því að refarækt gæti orðið svo arðvænlegur atvinnuvegur. Einmitt þess vegna finnst mér nú, að ekki þurfi að horfa í þannig smákostnað við refabúin. Mér finnst ekki hafa komið fram fullkomin rök fyrir því að fella niður þetta eftirlit. Ég er ekki heldur viss um, að frv. fái eins góðar viðtökur í hv. Nd., ef þessu verður breytt.

Brtt. þá, sem ég talaði áðan um að koma með, hefi ég hér að vísu til skriflega, en ætti samt líklega að fresta því til 3. umr. að bera hana fram. En hv. þd. veit nú, hver ágreiningurinn er.

Forseti (GÓ): Mér fyndist viðfelldnara, að hv. 4. landsk., sem er einn nefndarmanna, færi ekki að bera fram skriflegar brtt. við þessa umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Mér finnst hv. 4. landsk. vera till jafnaðarmaður í þessu máli, þegar hann er alveg á móti því, að réttindi og skyldur fylgist að. Hann virðist halda, að kostnaður einstaklinga af grenjavinnslu geti orðið þeim mjög tilfinnanlegur. Ég held nú samt, að það yrði mjög sjaldan, sem farið væri að kosta til þess að leggjast á gren, án þess að tekjur af því færu fram úr kostnaðinum. En þótt kostnaður kynni að verða meiri eitt og eitt ár, þá er ekki ósanngjarnt, að ábúandi beri kostnaðinn af þessari hreinsun á jörð sinni að nokkru

leyti. Það mundi ávallt borga sig til lengdar. Ég vil vona, að hv. þdm. séu ekki svo miklir ójafnaðarmenn, að þeir fallist ekki á till. meiri hl. landbn. um þetta atriði.

Ég get ekki fallizt á skoðun hv. 4. landsk. um nauðsynina á dýralækniseftirliti. En ég vil þó benda þeim, sem eru líkrar skoðunar og hann um þetta, á það, að brtt. landbn. fer aðeins fram á, að numin sé úr lögunum fyrirskipunin um dýralækniseftirlit. Ef svo færi, að hæstv. landsstj. virtist nauðsyn á því eftir ítarlega athugun, gæti hún sett strangar reglur um það í reglugerð. Því er ekkert hundrað í hættunni að samþ. brtt. landbúnaðarnefndar.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. þykist víst hafa sterka röksemd, þegar hann segir, að réttindi og skyldur eigi að fylgjast að. En þetta getur verið alveg eftir því, hvernig á það er litið. Stundum öðlast menn réttindi án þess að nokkrar skyldur fylgi, eingöngu vegna annara manna. Þannig er það t. d. um styrk samkv. berklavarnalögunum. Hér stendur dálítið svipað á. Útrýming refa fer fram fyrst og fremst vegna heildarinnar, en ekki vegna þess einstaka ábúanda, er grenið hefir í landi sínu. Því síður er ástæða til að láta ábúandann kosta útrýmingu refanna, ef það er rétt hjá hv. frsm., að refur bíti ekki nærri greni sínu, og að bein hlunnindi séu að hafa nokkra refi í landareigninni til að gæta lambanna. — Annars virtist hv. frsm. nú vera tekinn að óttast um afgreiðslu málsins, því að hann var tekinn að nota grýlur á hv. íhaldsmenn, til að hræða þá til fylgis við sig. Hann hótaði sem sé að kalla þá ójafnaðarmenn eða kannske jafnaðarmenn, ef þeir fylgdu mér í þessu.

Út af orðum hæstv. forseta skal ég segja, að ég orðaði brtt. mína strax í landbn. og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Hér er því ekki um neinn snúning að ræða af minni hálfu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 400,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 400,2 tekin aftur.
3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 400,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 400,4 (ný 6. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 400,5 (8. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.
— 400,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—13. gr. (verða 9.—12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
14.—15. gr. (verða 13.—14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 400,7 (16. gr. falli niður) samþ. með 7:2 atkv.
— 400,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
17. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
18.—22. gr. (verða 16.—20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og II. kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 429).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fund í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 429).

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Jón Sigurðsson: Ég vil beina því til hæstv. forseta að fresta þessu mikilsverða máli til morguns, þar sem n. hefir enn ekki haft tíma til að ganga frá því. Það er nauðsynlegt að koma fram með brtt., svo ég vænti, að hæstv. forseti verði við tilmælum mínum.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja, að ef landbn. hefði viljað, þá hefði hún getað verið búin að athuga þetta mál, því að það er langt síðan það kom frá Ed. Ég vil skora á hæstv. forseta að stilla svo til, að málið verði ekki tafið, svo að ekki fari svo, að það dagi uppi. Breyt. þær, sem gerðar voru í Ed., voru ekki mikilvægar, svo að þeirra vegna ætti ekki að þurfa að fresta málinu.

Forseti (BSv): Ég vildi helzt geta haldið þessu máli áfram í dag, en þar sem einn af áhugamestu mönnum landbn. leggur til, að það verði tekið af dagskrá, mun ég gera það.

Jón Sigurðsson: Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, skal ég geta þess fyrir hönd n., að dagskráin kom mjög seint fram í morgun. Þegar hún var lesin upp af forseta, var kliður í d., svo að við nm. vissum ekki, að þetta mál hefði verið tekið á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 429, 483).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 483. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): N. flytur brtt. á þskj. 483 við 6. gr. frv.

Í hv. Ed. hafði verið sett ákvæði í frv. um það, að skylda ábúanda til að leggja fram helming kostnaðar til grenjavinnslu í hans landi, enda fái hann helming ágóðans. Þetta þykir n. hart, því oft getur farið svo, að ekkert verði nemi kostnaður við grenjavinnslu, þótt vanalega sé nokkur hagnaður af því. Það væri þá hart, ef ábúandi væri skyldur að leggja fé til þess, því fyrst og fremst er grenjavinnsla ráðstöfun til almenningsþarfa, en ekki vegna einstakra manna. Það er sagt, að sjaldan bíti refir nærri greni. Þó að gren sé unnið, er það því ekki til sérstakra hagsmuna fyrir ábúanda á landinu, heldur engu að síður aðra sveitunga hans. N. vill því breyta þessu þannig, að það sé ábúanda í sjálfsvald sett, hvort hann vill leggja fram helming kostnaðar og hafa tilsvarandi hagnað af sölu yrðlinga, ef nokkur verður. Ef ábúandi leggur ekkert fé fram, fær hann þá samkv. till. engan ágóða heldur, og rennur þá allur ágóði af sölu yrðlinganna til hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

Ég vona, að þetta þurfi ekki frekari skýringar við. Við höfum ekki viljað gera víðtækari breyt. á frv. eins og það kemur nú frá hv. Ed., en teljum víst, að hv. Ed. fari ekki að hindra framgang málsins fyrir þessa breyt.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar þetta mál var til 3. umr. hér í þessari hv. d., hafði ég ekki tækifæri til að skipta mér af afgreiðslu þess. N. gekk þá svo frá frv. hvað grenjavinnslu snertir, að ég tel það litlu bætt, þótt þessi brtt. verði samþ.

Tilgangurinn er auðvitað fyrst og fremst sá, að tryggja vinnslu dýranna. Þessari d. varð sú skyssa á að kippa þessu atriði burt. Það verður aldrei vel séð fyrir grenjavinnslu, nema maðurinn, sem vinnur grenið, fái hluta af veiðinni, og sú hlutdeild á að byggjast á því, að hann vinni dýr. Hingað til hefir hann haft mesta hagsmuni af því að láta þau lifa. Það hefir meira að segja bólað á því hér á landi, að skotmenn hafa sleppt dýrunum viljandi til þess að eiga vísar tekjur næsta ár. Í sumum sveitum er greiddur viss skothlutur fyrir hvern yrðling. Ég veit t. d., að í einni sveit er það 100 kr. fyrir yrðling. Með þessu er mönnum gefið undir fótinn að sleppa eldri dýrunum til þess að hafa fastar tekjur.

Verð yrðlinga er oftast um 100 kr., en getur orðið um 300 kr. ef mórauðir yrðlingar eru.

Það hefir tíðkazt undanfarin ár, að skotmenn hafa samið um að mega leita á vissum svæðum, gegn því að greiða 100 kr. fyrir yrðling til hlutaðeigandi sveitarfélags. Af hverju ætli þeir séu að gera þetta? Þeir vita, með hvaða lit þessi dýr eru af því að þeir slepptu þeim þar árið áður og vita, hvar þau eru nú. (**HK:** Með hvaða lit. Heyrðist mér það rétt!). Já, hv. þm. veit, að þau hafa mismunandi lit. Svo hefir sprottið af þessu ýmiskonar ágreiningur þegar til framkvæmdanna kom. Þegar þeir hafa selt yrðlinga með háa verðinu, þá hefir sveitin því ekki

fengið sín 50%, sem hún átti. Hreppsnefndin hefir þá ekki gert ráð fyrir meira verði en 200 kr. Svo hafa orðið málaferli út af þessu.

Þetta virðist Alþingi ekki vera kunnugt um. Það hirðir svo lítið um þetta atriði, sem þó er höfuðatriði I. kafla frv., um refaveiðar. Það er því ekki nema skóbótaskipti, sem landbn. flytur nú við frv., eða eina gr. þess, 6. gr., um það, með hverju móti þeir, sem eiga heimaland eða lögbýli, eigi rétt til tekna af grenjavinnslu.

Þetta kann að vera til einhverra bóta, en víst er það, að það er ekki til mikilla bóta, og spá mín er sú, að út af þessu atriði geti orðið miklar deilur. Ef hagnaðurinn er mikill, gætu ábúendur notað sér af því og heimtað sinn arð, ef ekki er formlega frá gengið.

Ég veit ekki, hve formlega hefir verið frá grenjavinnslum gengið undanfarið. En ég veit, að margar stefnur hafa um þetta gengið, hvort sem það hefir komið til dómstóla eða ekki. Það veit ég ekki.

Ég get sagt það, að um fyrri kafla frv. læt ég mér í léttu rúmi liggja, hvort það verður afgr. eins og það nú er eða lítið breytt. Þeirri hvöt, sem var fyrir þá, sem vinna annað dýrið eða bæði, hefir verið gersamlega kippt burt. Alþ. hefir oft samþ. káklöggjöf, og hér er eitt dæmi þess. (**HK**: Mikið rétt. — **HJ**: Hvernig á að vinna tvö dýr, ef ekki er nema eitt til?). Það er þá a. m. k. annað dýrið, og væri það til bóta.

N. hafði frjálsar hendur með það, hverja hún tók sér til leiðbeiningar. En með þeim breyt., sem hún hefir gert á frv., verð ég að segja, að hún hefir gersamlega brugðizt skyldu sinni í þessu efni. Það mundi þá verða framhald af því, sem verið hefir á þessu eina refabúi, sem er hér á landi, og þarf enga löggjöf um það. (**BÁ**: Það þarf lög til þess að vernda eignarréttinn). Hv. þm. virðist vilja styðja að því, að tófan sé ekki réttdræp eftir gildandi lögum.

Mér finnst þetta því lítilvæg breyt. og ekki til bóta, og mun því greiða atkv. á móti henni. (**Forseti**: Það eru nú 3 aukaþing hér í d., sem ég vil biðja að hætta störfum sínum). Það er ekkert nýtt, að það séu aukaþing í þessari d. Það væri víst bezt að greiða alltaf þegjandi atkv. í öllum stærri málum. (**PO**: Það er alltaf þegjandi atkvgr. nema þegar það er nafnakall. — **SE**: Það er þá líklega bezt að fara að leysa upp þingið, ef svo er, og fá nýjan meiri hl.). Ég get fallizt á það að fá nýjar kosningar.

Ég mun því greiða atkv. móti þessari brtt. Ef Alþ. á annað borð vill vera að samþ. þessa káklöggjöf, þá vil ég heldur, að hún verði eins og hv. Ed. skildi við frv., og mun ég þó greiða atkv. á móti því út úr þessari d.

Hákon Kristófersson: Ég finn mér skylt að þakka hv. 1. þm. Árn. fyrir ummæli hans um þetta mál. Ég verð þó að segja, að eins og frv. kom frá mþn. í landbúnaðarmálum var það sízt betra en það er nú. Af tvennu illu held ég, að þetta sé betra. Hitt vil ég taka fram, að þetta er eitthvað það bezta, sem komið hefir frá þessari n. En ef tekið er tillit til þess, hverjir í þessari n. sitja, er það einhver þverúðarfyllsta n., sem setið hefir hér á þingi. Henni er ómögulegt að ganga inn á réttmæti ýmsra till., en samt hefir hún samþ. þær.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á þær till., sem ég flutti í þessu máli. Mér til mikillar ánægju virtist hv. frsm. vera minum till. að mestu eða öllu leyti samþykkur, en hann lét taka af sér ráðin. Annars skal ég ekki vera að ræða við þá um þetta. Þeir þekkja þar ekkert til.

Nú þykir þessum hv. þm. Ed. hafa breytt 6. gr. frv. óhæfilega mikið. Vitanlega er frv. nú ekki eins og ég vil hafa það, en þó er það sízt verra en ef till. þessarar n. verður samþ.

Þá er það ein fyrirspurn, sem mig langar til að bera upp fyrir hv. frsm. n., um brtt. á þskj. 483. Það atriði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags, er annast um grenjavinnslu á því svæði skv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna“.

Ég vil nú bara spyrja hv. n.: Hvaða líkur eru fyrir því, að maður taki yrðlinga á víðavangi utan grenja? Það kemur alls ekki fyrir. (**BSt**: Það hefir komið

fyrir). Já, en það kemur ekki fyrir hér eftir. (BSt: Hvers vegna ekki?). Af því að sveitarfélagið fær andvirðið, en það hefir það ekki gert áður. Það er líklegra, að þeir láti þá lifa til vetrar og vita, hvort ekki verður þá hægt að ná þeirra dýrmætu skinnum.

Ég verð að segja það, að úr því að n. vill, að yrðlingarnir komi ábúanda til gagns, hefði hún átt að samþ. mínar till. við þessa gr. Í þeim var miklu meiri trygging en frv. eins og það kom frá mþn., því í minni brtt. var eingöngu borgað eftir því, hvort bæði dýrin eða annað hefðu náðzt. En þessari brtt. minni snérist n. á móti.

Hv. 1. þm. Árn. benti á, að skytturnar fengju nú of mikinn ágóða af grenjavinnslu, en of lítið færi til sveitarfélaganna. Þar er ég honum ósammála. (JörB: Ég sagði það ekki). Jú, hv. þm. sagði það, og það hefðu líka orðið málaferli milli skyttu og hreppsnefnda. En það, sem ég er sammála hv. þm. um, er það, að eitthvert ákvæði verði að vera í lögum, sem tryggi það, að skyttur leggi sig ekki minna eftir fullorðnum dýrum en yrðlingum.

Hv. þm. sagðist mundu greiða neikvæði við frv. Ég skal sízt lá honum það. En ég held þó, að þótt þetta frv. sé hið mesta afskræmi (MJ: Heyr!), þá sé rétt að samþ. það, í von um, að eitthvað megi síðar gera til að laga gallana.

Það má finna marga aðra galla á frv., t. d. 9. gr. Hún er óþörf. Ég mæltist til þess við n., að þetta væri fellt niður eða því breytt þannig, að bæta mætti úr því með reglugerð. En það er eins og annað. Þótt ég viðurkenni, að allir í n. séu ágætismenn, geta þeir ómögulega gengið inn á neitt í þessu máli, sem þeir geta ekki komið auga á sjálfir. En þeir eru þessu svo ókunnugir, að þá hefir brostið getu til þess að ganga sæmilega frá því. Það er líka efamál, hvort hægt sé að skylda sýslusjóð til að borga fyrir að vinna hlaupadýr. Ég vil benda hv. n. á það, að sýslusjóður Barðastrandarsýslu hefði orðið að borga 900 kr. fyrir unnar tófur í vetur, ef þetta hefði verið í lögum. (BSt: Þá veitir ekki af að drepa þær). Nei, en það þarf ekki að verðlauna það. Það er svo mikið verð í feldunum, að það er full trygging fyrir því, að menn leggi sig eftir slíkum veiðum. Þó að það sé svona mikið um tófuna, held ég, að hvergi hafi verið talað um að dýrbítur hafi fundizt.

Ég vil minna hv. þm. Mýr. á það, að hann er ekki forseti í þessari hv. d. Ég vil því ráðleggja honum að þegja um það, hverju ég held hér fram. (BÁ: Ég var ekki að tala um það). Þarna kemur heigulsháttur inn fram hjá hv. þm. Hann þorir ekki að standa við það, sem hann hefir sagt. Já, hv. þm. er óhætt að kveðja sér hljóðs. Hann má tala í allan dag fyrir mér. (BÁ: Þarf að bera af mér sakir). Það mun þá takast hönduglega.

Af því að ég vil hugga hv. þm., ætla ég að segja honum, að ég hefi næstum lokið máli mínu. Ég hefi verið að benda hér á ýmsa agnúa á þessu frv., og ég get ekki séð, að það bæti úr neinu, þó að þessi brtt. verði samþ. Ég legg heldur enga áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga, en finnst það ekki lakara nú en þegar það fór úr þessari hv. d.

Einar Jónsson: Það er mikið búið að ræða þetta mál hér í hv. d., og er því leiðinlegt við það að bæta. En ég get ekki tekið þegjandi þeim orðum, sem beint hefir verið að hv. landbn. í sambandi við þetta mál. Hún hefir verið sögð þverúðarfyllsta n. þingsins. Þau ummæli get ég ekki tekið til mín, og ekki hv. meðnm. minna heldur. Finnst mér landbn. sízt eiga þau skilið, þegar hún er búin að leggja mikið starf í að reyna að laga þetta frv. Hitt mætti fremur segja, að hún væri ekki málinu nógu kunnug. Get ég viðurkennt það að því er mig snertir. En þó ekki sé mikið um refi nú í minni sýslu, þá var mikið strit við að útrýma þeim á yngri árum mínum þar. Og svo mikið mun vera enn til af refum, að full ástæða sé til að reyna allt, sem hægt er, til að útrýma þeim. A. m. k. skilst mér á hv. þm. Barð., að hann viti af æðimörgum skollum þar vestur frá, þar sem hann álítur sýslusjóðunum ofvaxið að greiða 10 kr. fyrir hvert hlaupadýr, sem skotið er. Hann hélt fram, að sýslusjóður Barðstrendinga gæti þurft að borga 900 kr. vegna þessa ákvæðis. Það sýnir, að hv. þm. hefir 90 refi þarna í nágrenni sínu. Og þó mér detti ekki í hug að bæta honum við þá tölu,

þá er ekki hægt annað að segja en að allt of margir refir séu í Barðastrandarsýslu.

Þá hefir nm. verið borið það á brýn, að þeir hafi látið utanaðkomandi menn hafa áhrif á sig. Þetta kannast ég alls ekki við. En það var sjálfsögð skylda n. að sýna þeim, sem mesta þekkingu hafa á refarækt inni, þá kurteisi að veita þeim viðtal.

Brtt., sem n. flytur nú, jafnar þátttöku einstaklinga og hreppsfélaga í kostnaði og hagnaði við eyðing refa. Var n. einhuga um, að það væri heppilegasta leiðin. Hv. 1. þm. Árn. er illa við þessa till., og hv. þm. Barð. virðist honum að mestu sammála, þar til hann mundi allt í einu eftir, að mþn., sem hv. 1. þm. Árn. er í, var þó ennþá verri í þessu máli en landbn. þessarar d. En ég vil láta hann slá meira af og hætta að bera landbn. á brýn þverúð og að hún hafi hlaupið eftir till. utanaðkomandi og hlutdrægra manna. (**HK:** Ég hefi aldrei borið hv. n. á brýn, að hún hafi hlaupið eftir till. annara). Það má vera rétt, en þetta var samt sagt greinilega í mín eyru hér í hv. d. ekki alls fyrir löngu, og það má eflaust sjá í þingtíðindunum, hver það hefir verið.

Landbn. hefir nú gert það, sem hún áleit bezt í þessu máli, og það er nú á valdi hv. d., hvað hún fellir og hvað hún samþykkir.

Pétur Ottesen: Af því mér virðist, að verið sé að gera tilraun til að fella þetta frv. nú, þá vildi ég svara hv. 1. þm. Árn. nokkrum orðum.

Mér finnst það fremur óviðeigandi af hv. þm. að vera nú að ráðast á sitt eigið fóstur. (**JörB:** Frv. er það ekki). Jú, einmitt. Uppistaðan í því er frá mþn. í landbúnaðarmálum, sem hv. 1. þm. Árn. er í. Og því síður er hv. þm. sæmandi að leggjast á móti frv. nú, þegar þingið er búið að ganga svo frá því, að því má teljast sæmandi að láta það frá sér fara sem lög. En það hefði því ekki verið, ef frv. hefði ekkert verið breytt frá því, sem hv. 1. þm. Árn. og meðnm. hans gengu frá því. (**JörB:** Þetta eru nú bara orð hv. þm. Borgf.). Já, það eru mín orð, og ég stend við þau, auk þess sem þegar er komið á daginn, að stórmikill meiri hl. þingsins er mér sammála um þetta. Það var ekki gert ráð fyrir í frv., að aðrir en hreppsnefndir hefðu á hendi eyðingu refa, en það er vitanlegt, að það eru tveir aðilar aðrir, sem grenjavinnsluna hljóta einnig að annast um. Það var ómögulegt að samþykkja frv. í sinni upphaflegu mynd; þessum tveimur aðilum varð að bæta inn í það, annars var það óframkvæmanlegt. Hv. 1. þm. Árn. hefir viðurkennt, að frv. hafi batnað að þessu leyti, og sagði jafnframt, að sér hefði ekki verið kunnugt um neitt dæmi um þannig fyrirkomulag á fjallskilamálunum, sem gerði þessa breyt. á frv. óhjákvæmilega.

Frv. var óframbærilegt eins og hv. mþn. gekk frá því. Hv. landbn. þessarar hv. d. hefir fært það í þannig form, að það er þó frambærilegt, a. m. k. að því er þetta atriði snertir.

Það, sem hv. þm. virtist byggja á andstöðu sína við þetta fóstur sitt, sem nú hefir tekið talsverðum þroska á leið sinni gegnum þingið, var það, að breytt hefir verið ákvæðunum í 5. gr. um að þóknun skotmanns fari eftir því, hvað honum verður ágengt.

Með frv., eins og það er nú, heldur hann, að lagður væri grundvöllur þess, að allt landið verði að einu refabúi. Hann heldur, að öll fullorðnu dýrin yrðu sett á, en aðeins yrðlingarnir teknir. Ég er alveg undrandi yfir þessari skoðun. Veit hann ekki, að hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir þessa lands hafa það að sínu markmiði í þessu máli að láta einskis ófreistað til að ráða niðurlögum dýrbítsins? Heldur hann, að þær ráði skotmenn til að liggja á grenjum, sem aðeins taka yrðlingana, en setja fullorðnu dýrin á? Nei, það er síður en svo. Dýrbiturinn er ægilegri vágestur en svo í augum íslenzkra bænda, að ráðandi menn fari þannig að. Fjallskilastjórnir hafa svo mikinn áhuga á að útrýma refunum, að þær munu ekki ráða aðra skotmenn en þá, sem þær hafa vissu fyrir, að vinni öll dýrin, svo sem frekast eru föng á. Þær hafa nóg ráð til að fylgjast með í því, hvort skotmaðurinn gerir skyldu sína eða ekki. T. d. eiga þær eftir frv., eins og það er nú, að ráða vökumann. Samkv. frv. hv. 1. þm. Árn. átti skotmaðurinn sjálfur að ráða vökumann; var því þetta atriði verr tryggt heldur en nú er í frv.

Einnig geta þeir, sem um grenjavinnsluna sjá, krafizt sannanamerkis af skotmanni um það, að hann hafi unnið dýrin. Þeir munu áreiðanlega brynja sig með öllum ráðum gegn þessum ófögnuði, sem e. t. v. hefir einhversstaðar átt sér stað, þó ég þekki þess engin dæmi, að fullorðnu dýrin séu látin sleppa af ásettu ráði.

Hinsvegar voru í frv. hv. 1. þm. Árn. ákvæði svo einskorðuð um hlutfallsgreiðslu til skotmanns af veiðinni, að þar sem lítil von er um veiði, gat það útilokað, að nokkur skotmaður fengist.

Þó að reynslan sýni e. t. v. þegar frv. kemur til framkvæmda, að betur hefði mátt ganga frá einstökum atriðum í því, þá er augljóst, að það er mikið betra nú heldur en þegar hv. mþn. í landbúnaðarmálum skilaði því til þingsins; það betra, að nú er sæmilegt af þinginu að gera það að lögum. Það, sem hv. þm. var að tala um káklöggjöf, hefði því aðeins átt við, ef frv. hefði verið samþ. eins og hann gekk frá því; þá hefði verið að ræða um fullkomið kák, þar sem það átti ekki við það skipulag, sem er sumstaðar á fjallskilastjórninni, og hefði því orðið óframkvæmanlegt. Hv. þm. hefir lítið lagt til þessara mála frá því við 1. umr., og er því undarlegt, að hann skuli nú á síðustu stundu snúa við blaðinu og gera tilraun til að hefta framgang þessa nauðsynjamáls. En undirtektir hv. d. verða ekki þannig, að þessi tilraun hans heppnist.

Þegar þetta mál kom frá hv. Ed., benti ég á, að varhugavert mundi vera að breyta því hér. Nú hefir hv. landbn. komið með eina brtt., og tel ég hana fremur til bóta. Samkv. viðtali við hv. landbn. Ed. mun það ekki hefta framgang málsins, þó þessi brtt. verði samþ., og mun ég því greiða henni atkv. mitt.

Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. svari þeim ómaklegu ummælum, sem hv. 1. þm. Árn. hafði um hv. landbn., og ætla ég því ekki að fara að ræða um þau frekar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 1. þm. Rang. hefir nú raunar tekið af mér ómakið að svara hv. 1. þm. Árn. fyrir landbn. Og hvað sem annars má um þetta mál segja, þá held ég, að allir hljóti að viðurkenna, að nógu mikið sé búið að tala um það. Mun ég því segja fátt eitt að þessu sinni.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að þessar aths. hv. 1. þm. Árn. hefðu átt að koma fyrr fram.

Um greiðslu til skotmanns er það að segja, að ég hafði um það atriði sérstöðu í n., og er þar á sama máli og hv. 1. þm. Árn. En nú hafa báðar hv. d. sýnt vilja sinn hvað þetta snertir, og þýðir ekki um það að fárast nú á síðasta stigi málsins.

Þá hélt hv. þm. því fram, að ábúendur mundu fara að heimta ágóðahlut eftir á, þegar þeir sæju, hver ágóði yrði af grenjavinnslunni, þó þeir ekki í fyrstu ákvæðu að leggja fram helming kostnaðar. Þetta getur alls ekki átt sér stað. Hv. þm. ætti að lesa betur síðasta málslið till. Þar er svo ákveðið, að ef ábúandi ætli sér að nota rétt sinn til að taka þátt í kostnaði og ágóða við grenjavinnsluna, þá verði hann að senda skriflega tilkynningu um það fyrirfram. Það geta því engar deilur orðið um þetta eftir á.

Þá var hv. 1. þm. Árn. að minnast á ráðunauta, sem landbn. mundi hafa haft í þessu máli. Það hefir áður komið fram hér í hv. d., að utanaðkomandi menn mundu hafa teymt n. afvega. Eins og hv. meðnm. minn hefir þegar gert, vil ég mótmæla þessum aðdróttunum til landbn. Við töluðum að vísu við eina tvo menn, sem eru þessum málum sérstaklega kunnugir. En ég mótmæli eindregið, að við höfum látið leiðast af þeim í blindni, eða farið eftir till. þeirra meira en góðu hófi gegnir. Og allra sízt höfum við tekið tillit til ráða þeirra með persónulega hagsmuni þeirra fyrir augum.

Mér skildist hv. 1. þm. Árn. vera óánægður með þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. Og hann er þó líka á móti brtt., sem hér liggur fyrir. Ég skil ekki, hvað honum þykir betra að skylda menn til að leggja fram fé til grenjavinnslunnar og taka ágóðahlut, ef nokkur er, heldur en að láta menn sjálfráða um það. Því ekkert slíkt var í frv. upphaflega, en hv. Ed. bætti því inn í frv.

Hv. þm. Barð. var að tala um þverúð hjá landbn. Hv. 1. þm. Rang. hefir nú svarað því. Ég kannast heldur ekki við, að n. hafi sýnt neina þverúð, nema ef hv.

þm. telur það þverúð, að gera till. eftir beztu sannfæringu, en hlaupa ekki eftir öllu, sem aðrir segja. Ég kalla það ekki þverúð, heldur sjálfstæði.

Þá talaði hv. þm. um, að hér eftir mundu aldrei verða teknir yrðlingar á víðavangi, þar sem hrepparnir ættu þá. En samkv. frv. eiga þeir menn, sem yrðlinga taka á víðavangi, að fá ágóða af því.

Hv. þm. áleit, að þóknunin fyrir hlaupadýr yrði ærið þungur baggi á sýslusjóðunum sumstaðar. En ef svo mikið er af refum, að þetta verði tilfinnanleg útgjöld fyrir sýslusjóðina, þá sýnist ekki muni vera vanþörf á að ýta undir, að þeim sé eytt. Það sannar ekkert, þó að refirnir í Barðastrandarsýslu hafi ekki gert mikið illt af sér síðustu árin. Það gæti t. d. breytzt, ef harðnaði í ári. (**HK**: Nei, nei!). Það er líklegt, að refir leggist fremur á fé, þegar þeir eiga erfitt með að ná í annað æti, og a. m. k. hefir verið talið svo, að ekki væri öruggt með fé þar, sem refir eru. Hitt má vera, að þessu ákvæði hefði mátt breyta, en það þýðir ekki úr því sem komið er, enda hefir hv. þm. enga brtt. flutt.

Ég get þakkað hv. þm. Borgf. fyrir góð ummæli um landbn. nú. Kom mér það reyndar dálítið á óvart, þar sem hann hafði einna mest deilt við n. áður. (**PO**: Það var um allt önnur atriði. Vill hv. þm. e. t. v. fara að rifja það upp aftur?).

Gunnar Sigurðsson: Ég skal ekki bæta miklu við þær löngu umr., sem orðið hafa um þetta mál. Það hefir víst mikið átt að vanda til þessara laga, eftir því að dæma, hve mikið hefir verið um þau talað og margar till. hafa komið fram.

En þegar ég lít yfir frv., finnst mér ekki vera tekið nógu mikið tillit til framtíðarmöguleikanna á þessu sviði. Refaræktarbúin eru fá ennþá, allt of fá, og þeim hlýtur að fjölga. Framtíðin mun sýna nauðsyn þess, að þau dýr, sem tekin eru hér ung, séu alin upp á búunum. Nú er það öllum vitanlegt, að allmikið er flutt út af yrðlingum til Noregs, og Norðmenn hafa sýnt okkur það ódrengskaparbragð, að þeir hafa selt verstu refina sem íslenzka refi, en blárefina sem grænlenzka. Við verðum að reyna að taka fyrir þetta. Það er máske ekki tímabært nú að koma því í gegn, en því verður að breyta bráðlega. Það væri t. d. hugsanlegt að leyfa refabúum aðeins að selja refi, sem eru stálpaðir. Ungir refir þola miklu verr flutninginn en gamlir.

Ef enn verða langar umr. um þetta mál, ber ég ef til vill fram skriflega brtt. Annars læt ég till. mínar bíða næsta þings.

Lárus Helgason: Hv. 1. þm. Árn. reis hér upp og bar þungar ásakanir á landbn. Hann sagði, að n. hefði brugðizt skyldu sinni. En hv. þm. reyndi ekki með einu orði að rökstyðja þetta. Slík slagorð geta strákar sent hver í annan, en það sæmir ekki þm. í þingsal. Hv. þm. sagði, að n. hefði haft að leiðarvísi þá menn, sem hefðu hagnað af því, að dýrunum væri sleppt. Hv. þm. á eftir að færa rök að þessu, og eins hinu, að n. hafi farið meira að ráðum þessara manna en góðu hófi gegndi. Það er alltaf sjálfsagt, þegar n. eiga að fjalla um einhver mál, að leitað sé álits og umsagnar kunnugra manna.

Það má heimfæra upp á hv. 1. þm. Árn., að „hverjum þykir sinn fugl fagur". Hv. þm. sárnaði, að hans frv. var ekki tekið óbreytt. Það þyrfti auðvitað að vera, þegar mþn. hafa fjallað um eitthvert mál, að þingn. þyrftu ekki að breyta þeim svo mjög, sem við höfum orðið að gera í þessu falli. Að því leyti er von, að hv. 1. þm. Árn. hafi sárnað.

Það var að heyra á hv. þm., að ákvæðið um að fela hreppsnefndum að semja við skotmenn væri óhafandi. Hitt væri sú gullvæga regla, að skotmaður fengi part af veiðinni. En það er nú mjög gölluð aðferð, því að það er ekki rétt að hegna góðum skotmanni, þó að hann veiði ekki fullorðin dýr. Auk þess er sýnilegt, að það er á valdi hreppsnefndar að semja við skotmenn á þá leið, að þeir skuli hafa svo og svo mikið af yrðlingum. Það er í lófa lagið. Það er óskiljanlegt, að hv. þm. skuli gera svo lítið úr hreppsnefndum, að hann treysti þeim ekki til að velja skotmenn. Hv. þm. er hræddur um, að hreppsnefndirnar lendi á svikulum mönnum, sem sleppi dýrunum viljandi. Ég verð að segja, að þetta eru ljótar aðdróttanir til hreppsnefndanna og þjóðarinnar í heild. Hverskonar vitnisburð getur almenningur búizt við að fá frá hv. þm.,

þegar hreppsnefndirnar, sem sé beztu mennirnir í hverjum hreppi, fá hann slíkan?

Hv. þm. sagði, að út úr þessu mundu rísa málaferli. En ég vil spyrja hv. þm.: hvenær er hægt að semja þau lög, sem ekki rísa málaferli út af? — Hv. þm. sagðist vera á móti brtt. Honum er það guðvelkomið. Ég hugsa, að hv. d. sjái, að brtt. er til bóta, og samþ. hana. Hvort hv. 1. þm. Árn. greiðir atkv. með eða móti, get ég því látið mér í léttu rúmi liggja, einkum eftir hina ómaklegu sleggjudóma hans. N. er alveg ómeidd af árásum hans, af því að þær eru svo illa hugsaðar.

Hv. þm. Barð. taldi lögin vera mesta afskræmi, án þess þó að færa nokkur minnstu rök fyrir máli sínu. Verst þótti honum ákvæði 9. gr. En meðan hv. þm. færir engin rök fyrir staðhæfingum sínum, telur n. enga þörf á að svara þeim.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. form. landbn. virtist skilja ummæli mín á þann veg, að mér hefði sárnað, að landbn. skyldi ekki leggja til, að frv. mitt yrði samþ. óbreytt. Ef ég hefði látið orð falla, sem bent gæti á þetta, væri sök sér, þó hv. form. henti það á lofti. En þar sem ég sagði skýrt og skorinort, að málinu hefði verið vísað til landbn. til þess að hún gæti umbætt það, er leiðinlegt að heyra hv. form. núa mér því um nasir, að ég hafi engar breyt. viljað. Þess óskaði ég einmitt helzt, að breyt. yrðu gerðar á frv. á þann hátt, sem betur mætti fara.

Ég gerði að umtalsefni grenjavinnslu, en þar hefir landbn. alveg horfið frá því, sem ég lagði til og byggt er á margra ára reynslu. Ég fann ekki að öðrum breyt. hv. n., svo að hv. form. þurfti ekki að rjúka upp á nef sér eins og hann gerði.

Hv. þm. kvartaði undan því, að ég hefði sagt, að n. hefði tekið of mikið tillit til ýmissa manna, sem hafa hag af því, að dýrunum sé sleppt. Það, sem á skorti, var víst það. að ég nefndi ekki nöfn þessara manna.

Ég hefi ekkert móðgað hreppsnefndirnar. Ég veit vel, að þær vilja gjarnan búa tryggilega um þetta, en þær eru ekki einar í ráðum. Slík mál eru borin undir sveitarfundi. Það er öruggast, að skyttan fái því meiri arð, því meira sem hún vinnur af fullorðnum dýrum. Ég hefi alls ekki haldið því fram, að till. mþn. í þessu efni sé sú eina rétta. Ég get vel fallizt á, að hyggilegt sé að greiða skotmönnum enn meira en mþn. lagði til. En það er ekki til neins að mæla á móti því, að grenjaskyttur hafa sleppt fullorðnum dýrum. Hér er auðvitað ekki til að dreifa sviksemi hreppsnefnda. Hreppsnefndirnar vita engin deili á vinnubrögðum skotmannanna. Þegar þær verða varar við sviksemi hjá skotmönnum, reka þær þá frá starfinu. En ég verð að segja, að þegar skotmaður þarf að leggja mikið á sig, en hreppsnefndir skera launin mjög við neglur sér, er ekkert óeðlilegt, að hann sleppi fullorðnu dýrunum.

Ég hefi aldrei sagt, að landbn. vildi ekki þessu máli vel, þó að mér hafi fundizt hún bregðast skyldu sinni um þetta eina atriði. Hún hefir vafalaust gert það eftir beztu vitund, en henni hefir misszt.

Hv. þm. sagði, að þegar mþn. hefði starfað að einhverjum málum, ætti ekki að þurfa að breyta þeim. Það er vitanlega rétt, enda hefir n. ekki breytt neinu mikilvægu, nema þessu eina atriði.

Hv. þm. Borgf. var að tala um leitarsvæði og afrétti. Ég hefi ekki sagt eitt orð um, að ekki mætti tiltaka menn á leitarsvæði.

Að síðustu vil ég segja hv. form. landbn., að þó að mál hafi verið borin undir þingið frá mþn., prýðilega undirbúin, hefir þingið breytt þeim og fært úr lagi.

Hv. þm. Borgf. taldi ósæmandi fyrir þingið að samþ. frv. eins og það kom frá mþn. Þetta mál er nú orðið svo þrautrætt og leiðinlegt, að ég nenni ekki að vera að elta ólar við hv. þm. Reynslan er búin að sýna, að skotmenn hafa verið svikulir.

Hákon Kristófersson: Ég verð að segja, að það er undarlegt, ef á að samþ. þannig till., að málfrelsið sé tekið af mönnum. Slík atkvgr. yrði engum til sóma.

Ég hefi í hyggju að bera fram brtt., sem að vísu verður skrifleg. Hún er við 9. gr. og hljóðar þannig, að á eftir orðunum „að hann hafi unnið", komi: „þó getur sýslunefnd hækkað gjald þetta".

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði ver-

ið með sleggjudóma, sem væru ekki svaraverðir, og því bezt að þegja við. Hvers vegna tók hann þá ekki það bezta ráð? Ég held, að ég hafi rökstutt orð mín sæmilega vel. Frv. ber það með sér, að annarsvegar er verið að verðlauna og hinsvegar verið að sekta í sama tilfelli. Ef það er ekki ósamræmi, þá veit ég ekki, hvað ósamræmi er.

Annars ætla ég ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál. Ég býst við, að hv. þm. V.-Sk. þykist ekki vera kominn hingað til að sannfærast. (LH: A. m. k. ekki af hv. þm. Barð.). Ég ætla líka að sleppa því, og læt hv. 1. þm. Árn. um þær rökfærslur.

Forseti (BSv): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð., og þarf leyfi dm. til að hún komist að við þessa umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 490) leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Jón Sigurðsson: Það er nokkuð langt síðan ég kvaddi mér hljóðs, og hefir því ýmislegt komið fram síðan, en ég skal fara fljótt yfir sögu.

Hv. 1. þm. Árn. var að bera saman frv. eins og það er nú og frv. það, sem kom frá mþn., sérstaklega þó 5. gr. Hann þóttist hafa úr mikilli reynslu og þekkingu að moða viðvíkjandi því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv. mþn. En ég vil benda á það, að það er líka reynsla fengin fyrir því fyrirkomulagi, sem n. bendir til. N. er kunnugt um, að þetta var reynsla a. m. k. í einni sýslu. Það var tekið upp í fjallskilareglugerð, og eftir 2 eða 3 ár sá sýslunefndin ekki annað fært en að nema það úr gildi, og það var af því, að skotmenn fengust ekki með þessum kjörum, enda veit hver, sem þekkir þetta, að það getur þráfaldlega komið fyrir, að ómögulegt sé að ná dýrunum. Það kemur og iðulega fyrir, að annað dýrið er skotið á hlaupum, og þá á skotmaðurinn að gjalda þess, að dýrið hefir verið drepið af einhverjum og einhverjum, eða við skulum segja, ef annað dýrið drepst, sem vel getur komið fyrir. Það þarf ekki annað en að hundur hlaupi á grenið, eða óvarlega sé farið að við það á einhvern hátt, svo að skotmaður hefir aldrei tækifæri til að ná dýrunum. Ég tala nú ekki um, ef það kemur fyrir, að annaðhvort dýrið kemst burt með yrðling, því að þá er með öllu ómögulegt að komast í skotfæri við þau. Sem sagt, það geta ótal atvik komið fyrir, sem gera skotmanni ómögulegt að vinna á dýrunum, án þess að það sé á neinn hátt honum að kenna. Það er því hin mesta ósanngirni gagnvart skotmanninum, ef hann á að gjalda þess.

Ég vil benda hv. 1. þm. Árn. á það, að eins og frv. liggur fyrir nú, er ekkert í vegi fyrir því, að sýslunefndir geti sett ákvæði um vinnslu fullorðnu dýranna í reglugerð þá, sem þeim er heimilað að setja. Það lá í orðum hv. 1. þm. Árn., að hann treysti ekkert á drengskap skotmanns, eða að hreppsnefndir ræki þær skyldur, sem á þeim hvíla í þessu efni. En ég held, að það mætti þó a. m. k. treysta sýslunefndum til að setja trygg ákvæði í þessu efni. Annars dettur mér ekki í hug að tortryggja hreppsnefndirnar. Ég hefi enga ástæðu til þess, heldur þvert á móti. Ég get ekki skoðað það öðruvísi en sem hverja aðra fjarstæðu, að það sé samþ. á sveitarfundum, að fullorðnu dýrunum sé sleppt.

Ég get ekki látið mér detta í hug, að nokkur íslenzkur sauðfjárbóndi vilji ala upp slíkan skaðræðisvarg í fé sínu. Það er því fráleitt, sem hv. ræðumaður hélt fram, að væri verið að gera allt landið að einu allsherjarrefabúi. (**JörB:** Við skulum sjá). Já, við skulum sjá; það hefir ekki komið að sök hingað til. Landið er ekki orðið neitt refabú ennþá, og þau ákvæði, sem nú er verið að setja, eru harðari en áður hefir verið, svo að ekki hjálpa þau til þess

Þá sagði hv. þm., að n. hefði brugðizt skyldu sinni, hún hefði verið fljót að verða fyrir áhrifum frá utanaðkomandi mönnum, sérstaklega frá þeim, sem hér ættu hagsmuna að gæta. Ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd allra samnm. minna, að þetta eru algerlega óréttmæt ummæli. Ég kannast alls ekki við þetta fyrir minn part, hvorki í þessu máli né öðru. Ég tel mér alltaf skylt að fylgja minni sannfæringu, hver sem í hlut á. Hitt tel ég einnig skyldu mína, að veita mönnum viðtal, hvað sem þeir vilja og

hverrar skoðunar, sem þeir eru. Annars stönguðust þeir mest á hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Barð., sem sagði, að þessi n. væri sú þverúðarfyllsta n., sem til væri á þessu þingi. (HK: Sem ég myndi eftir). Já, sem hv. þm. myndi eftir, og hann er nú orðinn aldraður, svo að það lítur út fyrir, að við hlaupum eftir hverjum goluþyt. Annars finnst mér, að þessi vindur, sem hv. 1. þm. Árn. hleypti af stað í þessari d., hafi verið næsta óþarfur. Alvaran hjá honum var nú ekki meiri en það, að hann bar enga brtt. fram, svo að eftir þetta þref í 2½ tíma liggur ekkert nema þessi eina brtt. frá hv. þm. Barð., sem ég get vel fallizt á.

Lárus Helgason: Það kom skýrt fram hjá hv. 1. þm. Árn., að hann gerði lítið úr hreppsnefndunum. Hann sagði reyndar, að það væri öðru nær en hann vildi gera það, en hvernig er hægt að gera lítið úr þeim, ef ekki með því að vantreysta þeim til að semja við skotmennina? Ég vil aðeins spyrja: Hvernig er hægt að sýna hreppsnefndum meira vantraust en með því að trúa þeim ekki til að fá þá beztu menn, sem hægt er að fá, til að eyða þessum bitvargi úr högum bænda?

Annars hefi ég mjög litlu að svara þessum hv. þm., því að eins og skotið var fram í áðan, þá er hann mjög búinn að draga niður seglin. Hann sagði, að n. hefði gert eftir beztu vitund, en missýnzt, en það er allt annað en það, sem hann var búinn að segja áður, að n. hefði brugðizt skyldu sinni og valið menn sér til leiðsögu, sem ekki væri treystandi vegna þeirra eigin hagsmuna. Þetta hefir hann tekið aftur, svo að ég hefi ekki ástæðu til að vera óánægður.

Hv. þm. Barð. fullyrti í fyrri ræðu sinni, að enginn maður mundi láta sér koma til hugar að hirða yrðlinga fyrir utan grenið, en mér þykir næsta ólíklegt, að það væri nokkur maður, sem gerði það ekki. Og ég get ekki hugsað mér nokkra hreppsnefnd svo ósanngjarna, að hún borgaði það ekki umtölulaust, sem manninum bæri, sem tæki yrðlingana. (HK: Hvar stendur það í frv?). Það stendur í frv. ákvæði um, að hver skuli fá sitt ómak borgað.

Ég ætla þá ekki að tefja tímann meira. Það er búið að tala nóg um þetta mál, svo að ég býst ekki við, að það taki neinum umbótum, þó að umr. sé haldið áfram.

Forseti (BSv): Mér hafa borizt svo hljóðandi tilmæli undirrituð af 6 hv. dm. (GunnS, BSt, BÁ, ÞorlJ, IngB, SvÓ):

„Undirritaðir deildarmenn óska þess, að umræðum um mál það, sem er til umræðu, sé hætt".

Bjarni Ásgeirsson: Það hefir enginn verið skammaður við þessa umr. eins óréttmætt og ég, en samt ætla ég að sýna þá fórnfýsi að falla frá orðinu.

ATKVGR.

Samþ. að slíta umr. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu .

já: IngB, MG, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ.

nei: JJós, JAJ, MJ, ÓTh, SE, HK, BSv, JS, JörB, LH, HG, HV greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JÓl, MT, SÁÓ, ÁÁ, HStef) fjarstaddir.

Brtt. 483 samþ. með 16:4 atkv.

— 490 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 491).

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. um refaveiðar er komið til okkar aftur frá hv. Nd. Hún hefir breytt því örlítið, aðallega í 6. gr. Þeirri grein var breytt hér á þann hátt, að ábúandi ætti kost á því að fá helming af tekjum af yrðlingum, sem unnir eru í landi hans, með því skilyrði, að hann bæri helming kostnaðar við vinnsluna. Nú hefir hv. Nd. aftur breytt svo til, að það skuli lagt í sjálfsvald ábúenda, hvort þeir vilji þetta eða ekki, og þeir eiga þá að segja til hreppsnefndaroddvitum eða fjallskilastjórum fyrir sumarmál, hvort þeir óski að taka þenn-

an þátt í kostnaði, eða vilja heldur, að sveitarfélagið sjái alveg um þetta og hafi þá allan kostnað og allar tekjur. Meiri hl. landbn. sér ekki ástæðu til að setja þessa breyt. fyrir sig, og leggur því til að samþ. þetta óbreytt.

Þá var einnig brtt. við 9. gr., sem var samþ. í Nd. Er hún um verðlaun fyrir svokölluð hlaupadýr, sem drepin eru. Í frv. var gert ráð fyrir, að greiddar væru úr sýslusjóði 10 kr. Brtt. heimilaði sýslunefnd að hækka þetta gjald eða lækka.

Þetta eru svo litlar breyt., að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

15. Bændaskólar.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um bændaskóla (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefði að vísu verið ástæða til að fylgja þessu frv. úr hlaði með löngu máli. En þar sem ég er að mestu leyti sammála hinni ítarlegu grg. milliþinganefndarinnar, get ég sparað mér langt mál með því að vísa til hennar. Og mér finnst undirbúningur hennar á þessu frv. svo rækilegur, að það ætti að geta fengið fulla afgreiðslu á þessu þingi.

Í hitteðfyrra voru af hálfu stj. bornar fram bráðabirgðatill. um breyt. á bændaskólalöggjöfinni, og voru þær samþ. Þetta frv. fer inn á sömu braut, og verða þær þá lögfestar þar til frambúðar, ef frv. þetta verður gert að lögum.

Ég ætla ekki að rekja þær breyt. allar, sem eru í þessu frv. og ætlazt er til, að verði að lögum. Aðeins vil ég víkja að einni, þeirri, að bú bændaskólanna verði rekin á kostnað ríkisins. Um það atriði vil ég segja hið sama og ég hefi sagt áður, að ég er í nokkrum vafa með það. Ég er að vísu samþykkur því, að fyrirmyndarbúskap beri að reka á skólajörðunum. En eitt þeirra skilyrða, og það allra helzta skilyrðið, sem ég tel að þurfi að uppfylla, til þess að um fyrirmyndarbú sé að ræða, er það, að búið beri sig fjárhagslega. En sú reynsla, sem fengin er um það frá þeim tíma, er ömtin ráku skólabúin, bendir til þess, að erfitt sé að láta búskapinn bera sig á þeim með opinberum rekstri. En nú er mþn. í landbúnaðarmálum einhuga um, að þetta sé gert með samkomulagi við skólastjórana, og er líklegt, að það náist á öðrumhvorum staðnum. Fæst þá reynsla um þetta atriði. — En þó er eitt, sem mælir með því, að þetta sé gert, og sem dregur mig í þá átt, að rétt sé að prófa þetta. Það er hið mikla ósamræmi í þeim stuðningi, sem hið opinbera veitir hinum ýmsu liðum búskaparins. Mér telst svo til, að um 90% af því fé, sem veitt er til styrktar landbúnaði, gangi til jarðræktarinnar, en ekki nema 10% til umbótatilraunanna á búfénu. Nú er það þó svo, að nálega allt það, sem jarðræktin gefur af sér, gengur til búfjárins, sem breytir því í seljanlegar vörur. Er því augljóst, að miklu máli skiptir að bæta svo búfjárkynið sem unnt er, til þess að auka afurðamöguleikana. Aðrar þjóðir hafa líka séð þetta fyrir löngu og varið miklu fé til að bæta búfénaðinn. Það atriði er hvergi álitið þýðingarminna en jarðræktin sjálf. En kynbótum á búfé er máske hægra að koma fyrir á skólabúunum, ef þau eru rekin fyrir reikning ríkisins. Ef meiri hl. n. og þings getur fallizt á þessa breyt., þá tel ég rétt að bæta því inn í frv., eða gefa stj. nægilega mikla heimild til að láta fara fram á skólabúunum tilraunir og starfsemi í þessa átt.

Að endingu vil ég óska, að þetta þýðingarmikla mál fái góða og rækilega meðferð og afgreiðslu á þessu þingi. Legg ég svo til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 310).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. um bændaskóla gerir frekar litlar breyt. á þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni. Þegar n. fór að athuga þær, virtist henni þær svo lítilvægar, að þeirra vegna væri ekki brýn ástæða til þess að semja nýja löggjöf, einkum þar sem henni þótti orka nokkuð tvímælis, hvort sumar breyt. væru til bóta, sérstaklega ein, sem gerir það að skyldu að starfrækja undirbúningsdeild við bændaskólana. Árið 1928 var ákveðið, að þetta skyldi heimilt, aðallega vegna þess, að þá var lítil aðsókn að öðrum skólanum; og n. varð að líta svo á, að það væri nóg, að heimild væri til þess. Að vísu er þörf á því, að þeir, sem ætla að leggja stund á búfræði, hafi aflað sér nokkurrar undirbúningsmenntunar. En ekki er alltaf ástæða til þess, að sú menntun sé veitt í bændaskólum, því að nú er við kostur á slíkri undirbúningsmenntun, ekki síst þar sem héraðsskólar eru að rísa upp víða um land. En aðalverkefni bændaskólanna er að búa menn undir bændastöðuna.

N. tók það ráð að senda frv. til Búnaðarfélagsins, sem á að hafa tillögurétt og forgöngu um flest mál, er snerta búnað. Búnaðarfélagið athugaði frv. gaumgæfilega, því að fullur mánuður leið, þangað til kom umsögn frá fél. Búnaðarfélagið leggur til, að viðtækar breyt. verði gerðar á þessu frv.. Það virðist sömu skoðunar og n., að ekki sé ástæða til þess að lögbjóða undirbúningsdeild, en vill aftur á móti gera miklar breyt. um annað, er snertir búfræði, sérstaklega auka verklegt nám. Aðalreglan yrði þá sú, að nemendurnir nytu verklegrar kennslu heilt sumar, sem yrði þá sumarið milli kennsluvetranna, svo að þeir fengju æfingu í sem flestum bústörfum á þeim fyrirmyndarbúum, sem þarna eru rekin. Sérstaklega þyrftu þeir að læra að nota hestverkfæri við jarðabætur og heyvinnu, því að að því verður að stefna, að meira sé unnið með vélum en áður að búnaði. Þess vegna er áríðandi, að þeir, sem ætla að verða bændur, kunni að handleika slík verkfæri.

Þetta var því aðaltill. Búnaðarfélagsins, að undirbúningsdeild yrði felld niður sem skylda, en gerðar meiri kröfur til verklegs náms heldur en gert er ráð fyrir í frv. En jafnframt þessari till. Búnaðarfél. um aðalfyrirkomulag skólanna, að þar yrði tveggja vetra búfræðinám með eins sumars verklegu námi á milli, lagði það líka til, að stofnuð væri eins árs deild fyrir bændur og bændaefni, sem ekki gætu varið lengri tíma til námsins. Í þeirri deild yrði kennt það sama og í búfræðideildinni, en námið yrði þeim mun yfirgripsminna, sem tíminn er styttri, og þeir, sem þetta stunda, fengju svo verklega kennslu að vorinu.

Búnaðarfél. taldi æskilegt, að sem flestir gætu verið tvo vetur og eitt sumar að námi. En til þess að gera þeim nokkra úrlausn, sem ekki gætu verið svo langan tíma, lagði hún til, að þessi eins árs deild yrði höfð líka.

N. hefir svo íhugað þessa till., og mér er óhætt að segja, að í aðalatriðum hefir hún fallizt á hana. Sérstaklega held ég, að allir nm. séu sammála um, að æskilegt sé, að verklegt nám sé stórum aukið frá því, sem lagt er til í frv. Aftur eru nokkuð skiptar skoðanir innan n. um það, hvort rétt sé að setja upp þessa eins árs deild. Sumir telja, að kennslan í henni verði hálfgert kák, og því sé vafasamt, hvort kostandi sé upp á að starfrækja hana. En ég tel rétt að setja hana upp, því að það eru æðimargir ungir menn úti um land, sem hafa ekki efni á að stunda lengra nám en þetta, en hinsvegar ætti það að vera regla, að enginn maður gengi inn í bændastöðuna, sem ekki hefði fengið nokkra undirbúningsmenntun. Og þótt ekki væri það nema eitt ár, er það þó betra en ekkert, þótt það sé helzt til lítilfjörleg fræðsla, sem menn fá með slíku móti.

N. hefir í samræmi við aðaltill. Búnaðarfél. leyft sér að flytja allviðtækar brtt. við frv., og eru þær á þskj. 310. Skal ég fara nokkrum orðum um þær. Flestar standa þær í sambandi við þessa aðalbreyt., en nokkrar eru þó óháðar. Svo er um 1. till., við 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir í frv., að heimilt sé að koma upp nýbýlum, ef fært þyki, handa kennurum skólans til ábúðar. N. telur það æskilegt, til þess að kennararnir verði fastari við

skólana, en hinsvegar telur hún rétt, að þeir borgi leigu eftir landsnytjar og aukahús, sem þeir fá við þetta býli. 1. brtt. er í samræmi við þetta.

Þá er 2. brtt., við 4. gr. Hún stendur í sambandi við aðalbreyt., að ekki er lögboðið að starfrækja undirbúningsdeild, heldur á að starfrækja tvær aðrar deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild með einum bekk.

Þá er 3. brtt., sem miðar að því að taka fram um skilyrði, sem sett eru fyrir inntöku í skólana. N. ætlast til, að það geti komið í staðinn fyrir þessa undirbúningsdeild, sem upphaflega var ráðgerð í frv., að menn uppfylli viss skilyrði, áður en þeir koma í skólann. Býst ég við, að fæstum verði það erfitt. Í þessari till. er ekkert tekið fram um þekkingarskilyrði, heldur er ætlazt til, að það verði ákveðið með reglugerð.

4. brtt. er við 6. gr. og tekur nákvæmar fram, hvað skuli kennt í hvorri þessari deild fyrir sig. Þar eru ekki miklar breyt. frá því, sem er í frv., en það átti að vera orðað dálítið lögulegar en þar er gert.

5. brtt., við 7. gr., tekur nánara fram um þá verklegu kennslu, sem ætlazt er til, að nemendur fái, og er nokkuð aukin frá því, sem ákveðið er í frv.

Loks er 6. og 7. brtt., sem standa í nánu sambandi við þetta líka.

Þá er 8. brtt., við 11. gr., um að sú gr. falli niður. Sú gr. er um, að árlega skuli halda námsskeið við bændaskólana. Undanfarin ár hefir verið ætlazt til, að svo væri, en reynslan hefir orðið sú, að þau hafa jafnaðarlega farizt fyrir, nema þegar Búnaðarfélag Íslands hefir haldið sín námsskeið á bændaskólunum, en það hefir mætt nokkurri tregðu, vegna skorts á húsrúmi. Fannst okkur því ekki rétt að lögbjóða þetta, heldur geta þá skólastjórar í samráði við atvmrh. ákveðið um þetta í hvert skipti, eftir því sem bezt þætti henta.

Þá er lagt til, að komi ný grein, sem heimilar, að undirbúningsdeild verði starfrækt við skólana, ef þörf krefur, til þess að fá nemendur í aðaldeildir. Það er aðeins heimild til þess að starfrækja hana, en alls ekki lögboðið.

9. brtt. er við 12. gr., til þess að samræma hana við það, að 11. gr. falli niður.

Síðasta brtt. er við 13. gr., um það, að skólastjóra skuli skylt að hafa eftirlit með mötuneyti pilta. Það hefir komið fyrir við einstöku skóla, þar sem mötuneyti hefir verið, að það hefir ekki farið fram svo vel og heilsusamlega sem skyldi. Teljum við því réttara, að fulltíða maður hafi eftirlit með því.

Þessar brtt. okkar eru nokkuð miklar fyrirferðar. En þær standa í sambandi við þær breyt., að undirbúningsdeild er ekki lögboðin og verkleg kennsla gerð nokkru fullkomnari, og svo loks að jafnhliða þessari tveggja ára kennslu fer fram eins árs kennsla fyrir þá nemendur, sem ekki geta stundað nám í tvö ár.

Jónas Kristjánsson: Ég hafði ýmislegt við þetta frv. að athuga og hefi því skrifað undir nál. með fyrirvara. Taldi ég þó réttast, að það gengi í gegnum þessa hv. d. til frekari rannsóknar hér og svo í hv. Nd.

Það hefir að nokkru leyti verið tekið fram, sem ég hafði við frv. að athuga. Ég tel t. d. til bóta nýbýlahugmyndina handa kennurum skólans, svo að ég get skrifað undir það.

Um ríkisreksturinn er það að segja, að hann verður líklega að teljast nauðsynlegur í þessu tilfelli, þar sem þarf að gera ýmsar hagnýtar tilraunir um ræktun og annað viðvíkjandi búskap. Þess vegna er e. t. v. réttara að reka þar búskap á ríkisins kostnað, og það því fremur, sem t. d. á Hólum er allmikil aðsókn gesta á sumrin, af því að skólinn er á þessum fornfræga stað. Það er því hart að láta ábúandann, sem getur verið fátækur maður, kosta þá risnu, sem þessu fylgir, af eigin fé; svo að ég get fallizt á það.

Heimildin fyrir aukinni undirbúningsfræðslu álít ég, að aðeins ætti að koma til greina þar, sem ekki er fyrir neinn unglingaskóli. Það getur t. d. varla komið til á Hvanneyri, því að þar er góður unglingaskóli fyrir, en þar til er slíkur skóli verður til í nágrenni við Hóla, er ég ekki á móti því þar.

Hinu er ég ekki samþykkur, að bætt sé þessari bændadeild við skólana. Ég álít, að það væri aðeins undantekning, sem skapaði þá þörf, og að betur hefði verið

séð fyrir henni á annan hátt. Ég er nefnilega hræddur um, að þegar kostur er á að ganga í gegnum bæði minna nám og meira nám, verði þeir margir, sem kjósa heldur að taka styttri tímann, til þess að baka sér minni kostnað, og verður það einnig til þess að draga úr aðalfræðslunni. Það verða t. d. margir, sem kjósa þann kostinn að ganga í bændadeildina, og verður því aðalbúnaðarkennslan á hakanum, og skólinn líður fyrir þessar sakir.

Þar fyrir utan er ég hræddur um, að þetta gæti orðið til þess, að meiri kennslukröftum yrði að bæta við skólana, þar sem yrði að kenna í fleira lagi, vegna þessarar tviskiptingar á kennslunni. En aðaláherzluna legg ég á það, að þetta muni verða til að draga úr fullkominni búfræðikennslu, og skaða þannig skólann og álit hans út á við, og valda þess vegna minnkaðri sókn til búfræðináms.

Jón Baldvinsson: Það er víst bezt, að allir nm. geri grein fyrir sinni skoðun, því að samkomulagið er dálítið losaralegt í þessari n., þar sem allir nm. hafa einhvern fyrirvara.

Ég held ekki sérlega fast við þessar brtt., sem gerðar hafa verið við frv., og hefði getað sætt mig við minni breyt. en hafa orðið ofan á í n. En þó álít ég þá tilraun til bóta í till. n., þar sem ætlazt er til að setja upp bændadeild við bændaskólana, og sem hv. 5. landsk. var að finna að.

Ég veit ekki, hvernig má búast við framförum í búnaði, ef bændum er ekki séð fyrir meiri þekkingu á landbúnaði en enn er. Ég býst við, að í framkvæmdinni verði stór fyrirmyndarbú, sem rekin eru af ríkinu, bezti skólinn, jafnvel þó að menn sæki ekki námskeið eða skóla á þessi bú. Þau dreifa út frá sér þekkingu, sem menn geta farið eftir í búskap, a. m. k. í grennd við búin.

Skólarnir eru nú ekki nema tveir hér á landi, annar á Hólum í Hjaltadal og hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Náttúrlega er gert ráð fyrir, að fleiri komi seinna, og það, sem mér finnst í rauninni vanta í stór landbúnaðarhéruð, t. d. fyrir austan fjall, er það, að þar þyrfti að vera eitt fyrirmyndarbú. Ég hefi áður, í sambandi við ræktunarlögin, gert uppástungu um, að þessi fyrirmyndarbú væru fjögur, hvert í sínum landsfjórðungi, og ég hefi þá trú, að þau myndu veita bændum bezta fræðslu.

Sú mikla bylting, sem nú er að verða í landbúnaðinum, er ef til vill meira komin á fyrir þau miklu fjárframlög, sem bændum eru nú veitt til svo að segja allra framkvæmda, heldur en fyrir það, að bændurnir hafi sjálfir fundið þörfina fyrir þessar framkvæmdir. Ég veit ekki, hvort bændur eru alstaðar vel við þessu búnir að nota hentuglega það mikla fé, sem þeim er nú veitt. Ég held þá vanti praktiska þekkingu á þessum efnum. Búskaparlag manna er yfirleitt gamaldags, hefir jafnvel litlum breyt. tekið síðan land byggðist, nema allra síðustu árin, og það fyrir styrk frá hinu opinbera, en þrátt fyrir það fækkar fólkinu stórlega í sveitunum.

Eins og vikið er að í nál., tel ég aðalkost frv. það, að gert er ráð fyrir, að hið opinbera reki fyrirmyndarbú á skólajörðunum, sem ætlazt er til, að verkleg þekking breiðist frá út um sveitirnar. T. d. er bændum mjög nauðsynlegt að kynnast verkfæranotkun; hún hlýtur að fara mjög í vöxt á næstu árum, ef landbúnaðurinn á að halda áfram að eflast. En ég óttast, að hér fari eins og á sínum tíma fór við sjávarsíðuna, þegar byrjað var að nota mótorbátana. Á örfáum árum var keyptur mesti fjöldi af vélbátum, en vélarnar entust illa, af því það skorti hirðingu og nægilega þekkingu til að fara með þær, og upphaflega voru vélarnar valdar af þekkingarleysi og handahófi. Á líkan hátt er ég hræddur um, að geti farið fyrir bændum, þegar þeir eiga að fara að nota landbúnaðarvélarnar; þess vegna þarf að koma upp fyrirmyndarbúum, til að kenna þeim hina nýju starfsháttu og að hirða vélarnar. Að vísu er við og við skrifað um þetta efni, og ráðunautar Búnaðarfél. eiga að fara um og leiðbeina bændum, en það vill nú fljótt detta úr mönnum, sem þeir heyra á ára fresti. Þess vegna þurfa bændurnir að sjá fyrir sér, hvernig fyrirmyndarbúskapur er starfræktur.

Ég hefði viljað ganga lengra í þessu efni heldur en gert er ráð fyrir nú, en

sætti mig við að hafa slíkan búrekstur í sambandi við búnaðarskólana, með það fyrir augum, að síðar verði aukið við og búum fjölgað.

Landbn. hefir borið fram sameiginlegar till. við frv., eins og menn sjá, þó nm. hafi talsvert mismunandi skoðanir á þessu máli, en ekki legg ég mikla áherzlu á sumar þeirra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég mun ekki leggja mikið til þessa máls á þessu stigi.

Ég vil geta þess, að þó brtt. þær, sem hv. landbn. hefir flutt við frv., á þskj. 310, séu talsvert fyrirferðarmiklar, þá tel ég ekki, að í þeim felist mikil efnisbreyting. En það litla, sem það er, hefi ég ekki mikið við að athuga, og get því sætt mig við, að þær séu samþ.

Það, sem mér þykir merkilegast við afgreiðslu hv. n. á þessu máli, er það, að hún hefir öll getað orðið sammála um ríkisrekstur á skólabúunum. Einn nm. telur það aðalatriði, og hinir tveir hafa getað sætt sig við það. Ég fyrir mitt leyti tel vafaatriði, hvort það er bezta fyrirkomulagið, og ég get verið hræddur um, að deildirnar greini á um þetta atriði, því í hitteðfyrra, þegar rætt var um búnaðarskólana í hv. Nd., komu fram sterkar raddir gegn því, að ríkið ræki sjálft skólabúin. En úr því hv. landbn. hefir orðið einhuga um það, geri ég ráð fyrir, að meiri hl. þessarar hv. d. hnigi að því ráði. Mun ég því fyrir 3. umr. athuga, hvort rétt sé að bera fram brtt. í þá átt, að koma inn í frv. fullkominni heimild handa ríkisstj. til að láta fara fram víðtækari starfsemi á skólabúunum jafnframt verklegri kennslu.

Það er mikil þörf á hliðstæðum átökum á sviði kvikfjárræktarinnar þeim, sem þegar hafa verið tekin á jarðræktarsviðinu. Og ef ríkið á að taka að sér búrekstur inn á skólajörðunum, finnst mér sjálfsagt að láta leysa þar ýms þau verkefni, sem óleyst eru í þágu búpeningsræktarinnar. Ef við rekstur hins opinbera á skólabúunum ynnist það, að bætt aðstaða fengist til að leysa þessi verkefni, mundi ég ekki hika við að vera honum fylgjandi. Það vill nú svo vel til, að það mun vera von á skólastjóra annars af bændaskólunum hingað til bæjarins næstu daga, svo e. t. v. verður hægt að leita álits hans um þetta efni fyrir 3. umræðu.

Það voru tvö atriði í ræðu hv. 4. landsk., sem ég er ekki á sömu skoðun um og hann.

Hann minntist nokkuð á þær breyt., sem eru að verða á atvinnurekstri bænda. Hann sagði víst ekki beint, að þessum breyt. hefði verið þröngvað upp á bændur, en ummæli hans féllu þó eitthvað í þá átt og hann talaði um flaustur í því sambandi. Ég vil þvert á móti halda því fram, að breytingarnar á búnaðarháttum hafi verið vel undirbúnar og að þeim hafi ekki verið hrundið af stað af utanaðkomandi áhrifum, heldur af framkvæmdahug bændanna sjálfra. Það er félagsskapur þeirra sjálfra, sem unnið hefir að umbótunum og stutt þær; það er samvinnufélagsskapurinn, búnaðarfélagsskapurinn, og pólitísk samtök þeirra. Framfarir búnaðarins eru ávöxtur þeirrar félagshreyfingar, sem fest hefir svo djúpar rætur meðal bændastéttarinnar íslenzku.

Þá vék hv. 4. landsk. að verkfærakaupum bænda; var honum ljóst, að þau eru mjög nauðsynleg, og kvað þau vera óðum að aukast. En hann var hræddur um, að bændur myndu reka sig á líkt og sjómennirnir, þegar þeir fóru að kaupa vélbátana athugunarlítið. Kvað hann sjómennina hafa beðið mikið tjón af því í fyrstu, að þeir höfðu ekki þekkingu til að velja vélarnar né fara með þær. Það má vel vera, að eitthvað hafi verið gert og verði gert í sambandi við verkfærakaup bænda, sem ekki er nægilega athugað fyrirfram. En breytingin á starfsháttum bænda hefir verið undirbúin ólíkt betur heldur en breyt. á sjávarútveginum var á sínum tíma. Miklar tilraunir hafa verið gerðar með landbúnaðarverkfæri, og þær eru gerðar enn. Búnaðarfélagið hefir mikið eftirlit með því, hvaða verkfæri eru keypt, í sambandi við styrkveitingar verkfærasjóðsins. Og Búnaðarfél. hefir gefið út skýrslur um reynslu margra tegunda af verkfærum, og aðrar tegundir er það enn að gera tilraunir með. Hv. 4. landsk. þarf því ekki að vera mjög kvíðinn um þetta, því mikið er gert til að reyna að koma í veg fyrir það, að

samskonar mistök verði hjá bændum, sem hann talaði um að orðið hafi hjá sjómönnum.

Frsm. (Jón Jónsson): Hv. 5. landsk. virðist sammála flestum atriðum frv. Það er aðallega eitt atriði, sem hann er dálítið hugsandi út af, nefnilega starfræksla eins árs deildarinnar. Till. um hana er komin frá Búnaðarfélaginu, og þar var hún borin fram af tveimur fyrrv. bændaskólastjórum. Kváðust þeir hafa reynslu fyrir því, að ýmsir ungir menn vildu fá sér einhverja menntun í búnaði, en gætu ekki lagt í það vegna fátæktar eða heimilisástæðna, meðan krafizt er minnst tveggja vetra námstíma í búnaðarskólunum. Hv. 5. landsk. bjóst við, að ef starfrækt væri eins vetrar deild, þá mundi þeim fækka, sem tækju þátt í lengra og erfiðara námi. Um það er auðvitað ekki gott að segja fyrir víst, en ég held, að flestum muni nú verða það ljóst, hvað þeir missa mikils í við það að taka ekki þátt í lengra naminu og verklegu kennslunni, og að þess vegna muni engir fara í eins vetrar deildina nema út úr neyð; hinsvegar getur hún verið góð til að mæta þörfum þeirra, sem þess eiga engan kost að njóta búnaðarskólanna með núverandi fyrirkomulagi. Hvað meiri starfskrafta þarf til búnaðarskólanna vegna eins árs deildarinnar, held ég að geti aldrei munað mjög miklu, a. m. k. þarf ekki meiri kennslukrafta til þeirra heldur en til undirbúningsdeildanna, sem gert er ráð fyrir að megi falla niður. Og að einhverju leyti ætti kennslan að geta orðið sameiginleg í báðum deildunum.

Hv. 4. landsk. er víst flestum breyt., sem felast í frv. og brtt. n., sammála, þó hann leggi mismunandi mikla áherzlu á þær. Mesta áherzlu leggur hann á opinberan búrekstur á skólajörðunum. Við hinir leggjum minni áherzlu á hann, teljum hann fremur sem neyðarúrræði. Við teljum æskilegt að koma upp fyrirmyndarbúum, en búumst tæplega við, að þau verði til meiri fyrirmyndar fyrir það, þó hið opinbera annist rekstur þeirra. Reynslan hefir sýnt, að rekstur hins opinbera á búnaðarfyrirtækjum vill ganga mjög misjafnlega. En við sáum þó eigi fært að leggja til, að frv. væri breytt að þessu leyti. Þar sem ætlazt er til, að svo mikil verkleg kennsla fari fram á skólabúunum, verður fyrst og fremst að haga fyrirkomulagi þeirra með hag nemendanna fyrir augum. Það er varla hægt að búast við því, að einstakir menn vildu haga búskapnum eingöngu eftir þörfum skólans. án tillits til þess, hvað búið gæfi af sér, ef þeir ræktu það á eiginn reikning.

Af þessum ástæðum, og einnig með það fyrir augum, sem hæstv. forsrh. talaði um, að fremur yrði hægt að láta fara fram ýmsar tilraunir í þágu búpeningsræktar og jarðræktar í sambandi við búnaðarskólana með þeirri tilhögun, sjáum við okkur ekki fært að breyta því ákvæði frv., að á skólastöðunum skuli reka fyrirmyndarbú á kostnað ríkissjóðs.

Páll Hermannsson: Mér virðist þýðingarmesta ákvæði þessa frv. vera í 2. gr. þess, þar sem ákveðið er að reka fyrirmyndarbú á skólajörðunum, sem veitt geti þá fræðslu, sem ekki fæst á annan hátt en í sambandi við verkleg störf. Hv. n. hefir dregið saman í 4 liði þær breyt. frá núgildandi lögum, sem frv. felur í sér. Samkv. áðursögðu tel ég því aðalatriðið það, sem n. nefnir í 3. liðnum. En til þess að sú breyt. geti komizt á, verður að hverfa að því, sem nefnt er í 2. lið, að skólabúin séu rekin á kostnað ríkisins.

Við getum víst flestir verið sammála um það, að fyrst þegar við munum eftir okkur, hafi bændaefnin og húsfreyjuefnin fengið haldbeztu fræðslu sína á góðum heimilum. Það eru einstök góð fyrirmyndarheimili, sem mest og bezt hafa haldið uppi íslenzkri menningu yfirleitt á umliðnum öldum. Og ég er viss um það, að enn gildir sú regla að miklu leyti, að bænda- og húsfreyjuefnin fái bezta undirbúninginn undir framtíðarstörf sín á góðum heimilum. Mér er það því vel ljóst, að rekstur hins opinbera er ekkert skilyrði fyrir því, að bú geti orðið að reglulegu fyrirmyndarbúi og veitt bændaefnum góðan undirbúning; en þrátt fyrir það, og þótt ég sjái marga annmarka á opinberum rekstri á landbúnaðarfyrirtækjum yfirleitt, held ég, að hjá honum

verði varla komizt á þessum skólastöðum. Aðalerfiðleikinn við opinberan búrekstur er sá, að útvega nógu ósérplægna menn til að veita búunum forstöðu. Ef til þess fengjust menn, sem ynnu af eins mikilli fyrirhyggju og trúmennsku eins og þeir ættu búið sjálfir, þá gæti rekstur inn vitanlega gengið eins vel eins og hjá beztu einstaklingsfyrirtækjum. Aftur óttast ég, að ef einstakir menn eiga að reka skólabúin á eiginn reikning, þá muni þeir fara of mikið eftir því, hvað borgar sig bezt í bili.

Ég er hv. 4. landsk. samdóma um það, að þó ekki sé farið á stað nema með þessi tvö fyrirmyndarbú, sitt á hvorum skólastað, þá muni brátt koma í ljós, að þörf sé á fleirum, t. d. einu í hverjum fjórðungi landsins. Það á ekki við alveg sama búskaparlag í öllum landshlutum; þess vegna þarf að koma upp tilrauna- og fyrirmyndarbúum á nokkrum stöðum, og það verður eflaust gert, ef vel gengur með þessi fyrstu. En alveg sérstaklega mikil þörf er fyrir slík bú þar, sem skólar eru með mörgu fólki. Mér skilst það alltaf betur og betur, að unga fólkinu yfirleitt, bæði í sveitum og kaupstöðum, leikur meiri hugur á að komast yfir bókleg fræði heldur en að kynnast þeim atvinnuvegum, sem það á að lifa af í framtíðinni. En ég vona, að þær breyt., sem nú er lagt til að gera á búnaðarskólunum, hjálpi þó nokkuð til að laga þær auðsæju misfellur. Það hafa ekki ennþá allir áttað sig nægilega á þeim breyt., sem eru að verða á búskapnum og standa fyrir dyrum. Er því mikil þörf á að hjálpa mönnum til að skilja þær.

Jón Baldvinsson: Það mun rétt hjá hæstv. forsrh., að ég hafi látið orð falla eitthvað í þá átt, að hinum miklu breyt. og framförum í búnaði hafi hálft í hvoru verið þröngvað upp á bændur af löggjafarvaldinu. Það er öllum ljóst það kapphlaup, sem verið hefir á milli flokkanna um það, að styrkja landbúnaðinn sem mest. Það, sem gert hefir verið í þá átt, tel ég ekki til hins verra af því, sem Alþ. hefir gert, en þær litlu kröfur, sem heyrzt hafa um þessar breyt. frá bændum sjálfum, bera ekki vott um mjög almennan áhuga hjá þeim.

Hitt er náttúrlega ekki heldur rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um hinn pólitiska félagsskap bænda. Það má segja, að hann sé, eins og margt annað í landinu, utanaðkomandi. Samvinnufélagsskapurinn er aðfluttur. Ekkert er heldur við þetta að athuga; þetta fyrirkomulag getur náttúrlega lagað sig eftir okkar skilyrðum, alveg eins og annað, sem við tökum upp. En aðflutt er það upphaflega eigi að síður.

Hæstv. ráðh. hafði eftir mér, að það hefðu verið notaðar allar mögulegar tegundir af bátavélum, og hefði það gert mikinn skaða. Ég sagði þetta að vísu líka, en ég lagði meiri áherzlu á það, að þekkingarleysi í meðferð bátavélanna hefði valdið þeim skaða, sem varð á mótorbátum, sem komu fyrst til landsins, og veldur sjálfsagt enn skaða. Mér hefir sagt kunnugur maður, að af hinum stóra útveg vestanlands fyrstu árin eftir að mótorbátanotkunin komst í algleyming hafi um ⅓ hluti komizt í skuldir og eyðilagzt vegna vanþekkingar á meðferð véla. Og það, sem ég lét í ljós, var ótti við það, að um talsvert mikið af þeim vélum, sem landbúnaðurinn hefir tekið í sína notkun nú á síðustu árum fyrir hvatningu og styrk frá ríkinu, fari eitthvað á sömu lund. Og þess vegna var ég einmitt að leggja áherzlu á að koma upp fyrirmyndarbúum víðar á landinu en ráðgert er í frv., til þess að þaðan gæti komið hagkvæm þekking í þessu efni. Fyrirlestrar geta út af fyrir sig verið góðir, og ritaða orðið líka. En hitt býst ég við, að skipti mestu máli, að menn sjái, hvernig framkvæmd er vinna með þessum vélum.

Hæstv. ráðh. gat þess réttilega, að það eru gerðar tilraunir með þessi landbúnaðarverkfæri. En hinsvegar eru menn alls ekki sammála um það, hvaða vélar eigi að nota. Það eru margir innflytjendur, og þá er svo hætt við, að hagsmunir við sölu komi til greina ekki síður en hitt, hvað sé sú bezta teg., sem hægt er að fá.

Það væri það albezta, ef Búnaðarfélagið t. d. hefði algerlega með höndum innflutning landbúnaðarvéla, léti reyna þær og tæki þær einar til sölu, sem reynast vel hér á landi. Það er alveg gefið, að vélar geta reynzt vel annarsstaðar, en ekki hér á landi. Þannig er það um báta,

sem smíðaðir eru í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til notkunar þar; þeir eru ekki alltaf eins hæfir til notkunar hér.

Það er engin ástæða fyrir mig að deila við hv. frsm. landbn. Við erum sammála að kalla, þó að hann væri að undirstrika það, að opinberi búreksturinn sé neyðarúrræði. En mér skildist hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. N.-M., sem hefir ekki alllitla þekkingu á þessum hlutum, telja þetta mikilsvert atriði. Þó að hv. 2. þm. N.-M. þættist sjá talsverða annmarka á þessu, taldi hann þá hverfandi hjá ýmsum kostum, sem hann taldi upp.

Annars er það undarlegt, að hv. frsm. kallar þetta neyðarúrræði, að reka bú af hálfu þess opinbera, ef sá búskapur er til mikils gagns fyrir landbúnaðinn, eins og hann álítur. Og hann sér ekki annað ráð til að útbreiða haldkvæma þekkingu í sveitum, skilst mér. Hann var eitthvað að tala um opinberan búrekstur, sem hefði farið svona og svona. Náttúrlega er ekki því að neita, að slíkur opinber rekstur getur misheppnazt. En þar sem hann talaði um, að Reykjavíkurbær hefði ráðizt í búrekstur, þá man ég ekki eftir því; en hann hefir ræktað land að vísu. Af því að hv. þm. er ekki vel kunnugur, á hann kannske við kartöflurækt á Kjalarnesi, sem reyndar gekk illa. En það var sérstök hallærisráðstöfun. Búrekstur hefir bærinn aldrei haft, þó að fyrirhugað sé af nokkrum mönnum, að hann byrji slíkt fyrirtæki til að hafa hönd í bagga um verð mjólkur. Ég veit og viðurkenni, að um þessi opinberu fyrirtæki fer mikið eftir því, hvort duglegir og góðir menn veita þeim forstöðu eða ekki. Annað, sem ræður miklu bæði um opinberan rekstur og samvinnufélagsskap, er félagsþroski þjóðarinnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þykir gott að fá tækifæri til að koma ofurlítið frekar inn á þessi tvö atriði, sem við hv. 4. landsk. töluðum um í sambandi við breyt. þær, sem eru að verða á landbúnaðinum.

Um annað þetta atriði komst hv. þm. svo að orði, að þessum breyt. hafi verið nauðgað upp á bændur. Hann kvað það auðséð, að bændur væru ekki svo áfjáðir í breyt., af því að hefðu komið svo litlar áskoranir frá þeim. Ég verð að segja, að þessi ummæli stafa af því, að hv. frsm. er ekki nægilega kunnugur félagsskap bænda, bæði um búnað og verzlun. Ég vil segja, að þessir hlutir hafa verið undirbúnir af hálfu bænda. Framkvæmdir viðvíkjandi verzlun þeirra og verkun á þeirra vörum, viðvíkjandi búnaðarframkvæmdum og öllu því, sem Búnaðarfélagið hefir með höndum, — þetta allt hefir verið undirbúið innan þeirra félaga, sem bændur standa að. En bændur hafa ekki þurft að senda neinar áskoranir til Alþingis, af því að þeir hafa átt þar sína fulltrúa til að bera fram óskir sínar.

Ég vil halda því fram, að þessar breyt. til framfara hjá landbúnaðinum séu alveg óvenjulega vel undirbúnar af félagsskap bænda á verzlunar- og búnaðarsviðinu, og hvíli því á ákaflega traustum grundvelli. Sameiginlegt átak fjöldans í þeim mjög myndarlega og farsæla félagsskap bænda er hér að verki. Og því er ég fyrir mitt leyti vonglaður og bjartsýnn um það, að ekki þurfi að eiga sér stað eins mikil mistök hjá bændum eins og sumstaðar annarsstaðar í þjóðlífinu.

Þá kom hv. þm. inn á síðara atriðið, þar sem hann óttaðist, að samfara vélakaupum bænda gætu orðið eins mikil mistök og hjá sjómönnum á sínum tíma í sambandi við vélar í mótorbátum. Hann gat þess sérstaklega, að mest hefði farið í súginn vegna vankunnáttu í meðferð þessara véla. Ekki er að efa, að þetta er rétt. En nú er það um þessar landbúnaðarvélar að segja, að fyrir utan þessa tiltölulega fáu „traktora“, er ólíkt minni vandi að fara með þær en mótorvélar í skipum. Það er ekki svo vandfarið með plóga, herfi og sláttuvélar.

Ennfremur er þess að geta, að auk þess sem verkleg námsskeið eru í búnaðarskólunum, þá hefir Búnaðarfél. Íslands samið við bændur, sem vel kunna að fara með verkfæri, um að halda lærisveina við verklegt nám. Hafa menn fengið dálítinn styrk frá Búnaðarfélaginu til þess að vera á þessum námskeiðum. Ég játa, að ef ekkert væri gert í þessu efni, þá mætti óttast mistök. En af hálfu búnaðarfélagsskaparins hefir verið reynt að koma í veg fyrir mistök.

Enn kom hv. þm. með eitt atriði, sem var mjög gott, að drægist inn í umr. Hann sagði, að margir væru innflytjendur verkfæranna og hefði það sín óheppilegu áhrif á verkfærasöluna, þar sem þeir litu meira á hagsmuni sína heldur en að útvega það bezta. Þetta er það, sem átti sér stað í mjög ríkum mæli viðvíkjandi mótorbátunum, og einnig viðvíkjandi skilvindum. En svo er þessu ekki háttað um innflutning á landbúnaðarverkfærum nú. Það má svo heita, að svo að segja einungis tveir aðiljar hafi á hendi innflutning þessara verkfæra, S. Í. S. aðallega, og Mjólkurfélag Reykjavíkur að dálitlu leyti. Það eru m. ö. o. tvö bændafélög, sem standa fyrir innflutningi þessara véla, sem eingöngu hafa þess að gæta að hugsa um hagsmuni bændanna, sem eiga félögin.

Hv. þm. sagði, að Búnaðarfélagið ætti að hafa á hendi innflutninginn og reyna verkfærin, áður en þau eru útbreidd. Maður getur ekki annað sagt en að Búnaðarfélagið hafi gert þetta. Verkfæraráðunautur félagsins, Árni Eylands, sem um leið er starfsmaður Sambandsins, hefir bæði útvegað verkfæri og haft á hendi leiðbeiningastarfsemi.

Hv. 4. landsk. hefir sagt, hvað við ættum að gera í þessu máli, og ég hefi sýnt fram á, að við erum búnir að gera það. Og það er ástæða fyrir hv. þm. að samfagna mér út af því, að við höfum þarna gert mjög mikið til þess að hindra það, sem hann óttaðist og benti á, að hefði átt sér stað á öðru sviði í þjóðlífinu.

Jón Baldvinsson: Það ber náttúrlega ekki svo ákaflega mikið á milli mín og hæstv. atvmrh. í þessu máli. Hann gerir aðeins meira úr þeim undirbúningi, sem orðið hefir í landbúnaðarmálum, heldur en ég vil vera láta. Og það, sem ég átti við, var ekki fyrst og fremst undirbúningur í þessum nefndum, sem starfa í Búnaðarfélaginu, heldur úti á meðal bændanna sjálfra. Og ég held, að meðal þeirra hafi ekki verið eins mikill áhugi um þetta eins og í Búnaðarfél., sem kannske er líka eðlilegt. En af því að ég er ekki viss um, að bændur hafi verið viðbúnir því að taka við þessum breyt. á svo skömmum tíma, þá óttaðist ég, að mistök yrðu, sérstaklega um notkun vélanna. Þar, sem ég hefi farið um landið, hefi ég sumstaðar séð dæmi þess, að landbúnaðarvélar hafa verið í svipaðri hirðingu og mótorvélar voru fyrrum. Víða hefir maður séð sundurryðgaðar vélar, að því er virðist fyrir vanhirðu.

Þótt innflutningur þessara véla sé að mestu í höndum tveggja aðilja, eins og hæstv. ráðh. sagði, þá eru fleiri, sem flytja þær inn og hafa heimild til þess. Er því alls ekki útilokað, að þó nokkuð komi inn af vélunum á annan hátt.

Hæstv. ráðh. kvað ekki eins vandfarið með landbúnaðarvélar eins og bátavélar. Rétt er það; en svo framarlega sem hirðuleysi er sýnt í meðferð véla, hlýtur meira eða minna fé að fara forgörðum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessi atriði frekar við hv. 4. landsk. En þar sem hann talaði um sundurryðguð landbúnaðarverkfæri úti á landi, þá vil ég geta þess, að ég hefi nokkuð aðra reynslu um þetta. Fyrir 2½ ári síðan hitti ég fyrsta plóginn, sem notaður var á Íslandi og smíðaður var af Torfa í Ólafsdal, og hann var í sæmilegu ástandi. Bjargaði ég honum á safn landbúnaðarvéla, sem við höfum hér í Búnaðarfélaginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 310,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 310,2 (ný 4. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 310,3 (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 310,4 (ný 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 310,5 (ný 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 310,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 310,7.a.—b. samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 310,8 (ný 11. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 310,9 samþ. með 8 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 310,10 samþ. með 9 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 60. og 67. fundi í Ed., 25. marz og 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 333, 424).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 424. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frs.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég gerði ráð fyrir því við 2. umr. þessa máls, ef ég áliti þess þörf, að bera fram brtt. við 3. umr. um það, að veitt væri nægilega rúm heimild fyrir ríkisstj. til þess að við búnaðarskólana, sem starfræktir eru á kostnað hins opinbera, megi láta fram fara ýmislegar tilraunir, er snerta landbúnaðinn, í jarðrækt eða búfjárrækt. Ég ætlaði að koma á fund hjá hv. landbn., en tók því miður ekki rétt eftir um fundartíma hennar, svo að það fórst fyrir. Ég gat því aðeins talað við formann hennar, en hann áleit — og ég álít nú —, að með heimild þeirri, sem er í 2. gr. þessara laga, megi gera þetta; ef fallizt er á það álit, þá tel ég ekki þörf á að bera fram brtt., en í áðurnefndri gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar skulu fram fara hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur".

Þessi heimild er ákaflega rúm, og finnst mér, að hér sé öllu fremur verið að skylda stj. til að láta gera það, sem í frv. stendur. Nú vil ég lýsa yfir þeirri skoðun minni um skilning á þessari gr., að stj. hafi heimild til að láta fara fram þær tilraunir, sem nauðsyn þykir til bera, í samráði við skólastjóra og Búnaðarfélag Íslands, þótt það kunni að kosta nokkurt fé.

Svo sem kunnugt er, gengur fjárpest mjög slæm um mikinn hluta lands, sérstaklega skæð í Borgarfirði, og hefir orðið að gera dýrar tilraunir við að ráða bót á henni. Einn af starfmönnum háskólans, Níels Dungal læknir, hefir tvisvar verið fenginn til að fara þangað upp eftir til að athuga veikina og reyna að finna ráð við henni. Þetta hefir orðið mjög kostnaðarsamt, enda orðið að kaupa talsvert af kindum til að gera tilraunir á.

Nú vil ég líta svo á, að eftir þessari gr. sé heimilt, ef með þarf, að gera tilraunir með lækningar á búpeningi undir kringumstæðum eins og þessum, og t. d. ef þarf að fá fé til að gera tilraunir á með bóluefni, eins og var í vetur, hefði verið miklu ódýrara fyrir ríkið að gera slíkar tilraunir á eigin búfé. En ég vil sem sagt telja, að það heyri undir það, sem í 2. gr. segir um búfjárrækt. Ég vildi mælast til þess, að ég af hálfu formanns hv. n. mætti fá að heyra, hvaða skilningur lagður er í þessi ákvæði 2. gr.

Frsm. (Jón Jónsson): N. hefir rætt þetta nokkuð, og sérstaklega var það af þeirri orsök, að skólastjóri annars bændaskólans kom á fund n. og óskaði, að tekið væri fram nokkuð nákvæmar um þetta, viðvíkjandi þessum tilraunum, sem þarna ættu fram að fara, sérstaklega ákvæðið um, að þær skyldu kostaðar af ríkissjóði. N. tók þetta til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri þörf á að bera fram brtt., vegna þess, að það væri ákveðið í gr., að hagnýtar tilraunir skyldu fara fram á skólabúunum, en þau hinsvegar kostuð af ríkissjóði. Og n. sá heldur ekki, að það væri neitt einskorðað, hversu víðtækar þær tilraunir væru, heldur færi allt eftir samkomulagi við skólastjóra og atvmrh., og ég tel, að eftir þessum till. hafi stj. óbundnar hendur með að framkvæma þessar tilraunir, er að sjálfsögðu verða greiddar úr ríkissjóði.

Ég veit ekki annað en að n. sé öll sammála. Við höfum rætt þetta nokkuð, og hygg ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að fyllsta heimild sé til að framkvæma þessar rannsóknir eftir gr.

Í sambandi við þetta frv. vil ég minnast á það, að ég hefi, á þskj. 424, flutt örlitla brtt. við frv., samkv. ósk skólastjórans á Hvanneyri, sem á að vera til að vernda búfræðingsnafnið. Það eru fyrirmæli um það, að þeir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæðum skólum erlendum, hafi einir rétt til nafnsins; hann hugsar sér þannig að tryggja það, að þetta nafn haldi fullu áliti með þessu móti. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till.; hún er að vísu lítilfjörleg, en virðist þó vera fyllilega réttmæt.

ATKVGR.

Brtt. 424 samþ. með 8:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A 431).

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Á Alþingi 1928 var sett til bráðabirgða löggjöf fyrir bændaskólana og kom það þá fram, bæði frá landbn. og einstökum þm., að rétt væri að framkvæma gagngerða endurskoðun á löggjöfinni um bændakennslu. Því snéri stj. sér til mþn. í landbúnaðarmálum og bað hana að framkvæma þessa endurskoðun. N. sendi ríkisstj. frv. sitt skömmu fyrir þing, og var það lagt fyrir hv. Ed. í þingbyrjun. Er það nú komið hingað með nokkrum breyt. Vil ég ekki tefja afgr. frv. hér með löngum umr., en þarf þó að drepa á eitt eða tvö atriði.

Eitt af því, sem töluvert var rætt um á Alþingi 1928, var það, hvort hafa ætti opinberan búrekstur á bændaskólunum. Var veitt heimild til þess þá, en hún hefir eigi verið notuð. Mþn. lagði öll með því, að þetta væri nú gert, og hv. landbn. í Ed. var óskipt á sama máli. Ég var hikandi í þessu atriði á þingi 1928, áleit þá, eins og ennþá, að það séu mestu fyrirmyndarbúin, sem bera sig bezt. En krafan um, að ríkið reki skólabúin, er nú svo almenn, að ég hefi fyrir mitt leyti fallizt á, að þetta sé a. m. k. reynt um tíma, með því móti, að á búunum séu þá jafnframt gerðar tilraunir þær, sem getur í 2. gr. frv. Stuðningurinn við landbúnaðinn hefir verið mjög einhliða á undanförnum árum, og nær allur miðazt við ræktunina. Móti hverjum 10 kr., sem ríkið hefir lagt fram til stuðnings jarðræktinni, hefir ekki komið nema 1 kr. til stuðnings búfjárrækt. Þótt ræktunin sé góð, þá þurfum vér þó jafnframt búpening, til þess að jarðargróðinn verði oss til nytja. En tilraunir þær, sem þarna er gert ráð fyrir, miða að því að efla búfjárræktina, sem vér Íslendingar erum orðnir svo langt á eftir öðrum þjóðum í. Er ekki vonlaust, að þær geti borið talsverðan ávöxt

Ég lít svo á, að mikil nauðsyn sé að koma sem fyrst fram endurskoðun búnaðarskólalaganna. Þar sem orðið er áliðið þingtímans, vil ég því biðja hv. landbn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, að reyna að flýta afgreiðslu þess eftir mætti, svo að frv. megi verða að lögum á þessu þingi.

Jón Sigurðsson: Mál þetta fer sennilega til þeirrar n., sem ég á sæti í, svo að ég þarf ekki að segja margt á þessu stigi. Hér á Alþingi hefir áður verið ágreiningur um það, hvort reka ætti skólabúin fyrir reikning hins opinbera eða ekki. Ég er yfirleitt andvígur þeim ríkisrekstri. Á Hólum á ríkissjóður nú nærri allan bústofninn, og þar sem svo stendur á, álít ég skólastjóranum vorkunnarlaust að reka fyrirmyndarbú fyrir eiginn reikning. En svo var að heyra á hæstv. atvmrh., sem þetta væri e. t. v. nauðsynlegt vegna tilrauna, sem ætti að gera á búunum. Út af þessu vil ég segja frá því, að ég var nýlega á fundi með Halldóri Vilhjálmssyni skólastjóra, Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra og Pálma Einarssyni ráðunaut, til þess að ræða þetta mál. Kom þeim saman um og færðu rök að því, að tilraununum yrði að halda alveg aðgreindum frá búunum. Sérstakur maður yrði að hafa þær með höndum. Því getur alveg eins verið einkarekstur á búunum fyrir því.

Annars vil ég lýsa yfir ánægju minni út af sumum þeim breyt., sem hv. Ed. hefir gert á frv. þessu. Á Alþingi 1928 fluttum við hv. þm. Borgf. brtt., þar sem meðal annars var lögð áherzla á það, að eins vetrar nám fyrir bændaefni væri tekið með. Hv. Ed. hefir nú aðhyllzt þessa stefnu, og er það mikil bót frá því, sem var í stjfrv. En þar var eingöngu gert ráð fyrir 2 vetra námi, og jafnvel einum undirbúningsvetri að auk. Ef þetta hefði náð fram að ganga, er ég sannfærður um, að það hefði orðið til að tæma búnaðarskólana. Því er svo háttað í sveitunum, að menn hafa ekki ráð á því að eyða þrem vetrum til náms. Til þess að koma á góðri menntun meðal bænda dugir ekki að lengja námstímann, heldur gera skólagönguna eins auðvelda og nytsama og auðið er, svo að sem flestir geti átt kost á að afla sér fróðleiks. Það er enginn efi á því, að ef kröfunum er stillt í hóf, getur þetta orðið gullsígildi fyrir hvern einasta bónda.

Ég hallast því frekar að því að rýmka meira til en hv. Ed. hefir gert, og vil gera aðganginn að skólunum ennþá hægari.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út frá því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði viðvíkjandi þeim tilraunum, sem nauðsynlegt væri að gera á bændaskólum, að í 2. gr. frv. felst fjárheimild til þess. Og til frekari sönnunar skal ég geta þess, að með það fyrir augum var frv. samþ. í Ed., enda kvaðst ég skilja það svo. Þetta mun einnig fela það í sér, að nauðsynlegt sé að hafa mann á Hvanneyri, sem er þess fullfær að standa fyrir þessu. (JS: Þetta útheimtir ekki ríkisrekstur). Ég hygg, að það sé mjög vafasamt, að hægt sé að fá mann, sem þorir að hætta fé sínu í blindni, upp á von og óvon, allt eftir því, sem tilraunirnar gefast.

Það gleður mig að heyra, að hv. 2. þm. Skagf. er mér að ýmsu leyti sammála í þessu máli. Það er aðeins í einstaka smáatriðum, sem okkur greinir á, sem án efa verður hægt að ná samkomulagi um síðar. Ég vil geta þess, að þegar hv. þm. vitnaði í ummæli Sigurðar Sigurðssonar og Halldórs Vilhjálmsonar, þá vitnaði hann ekki rétt í þau, en um það snérist þungamiðja ræðu hans.

Jón Sigurðsson: Það var einmitt þetta, sem ég vissi, að hæstv. forsrh. myndi koma með, en þetta mál bar á góma í n., og þá skildist mér, að ég og Halldór Vilhjálmsson værum sammála. Mér virtist það koma í ljós, að Halldór Vilhjálmsson hélt, að húsrúm væri ekki nóg á skólajörðunum til að leyfa slíka aukningu, en rétt áður hafði hann gert ennþá harðari kröfur í bréfi til n. um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 477).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég skal taka það fram, að ég tel óheppilegt að hefja umr. um þetta mál nú, þegar komið ar fast að þeim tíma, sem vant er að slíta fundi eða fresta, og menn því orðnir óþolinmóðir. En úr því það er gert, get ég þó ekki komizt hjá því að gera grein fyrir afstöðu n. og till. hennar, en skal reyna að vera stuttorður.

Svo sem menn vita, er þetta frv. komið frá hv. Ed. fyrir örskömmum tíma, 3 dögum eða svo. Liggur því í augum uppi, að landbn. hefir ekki haft mikinn tíma til þess að íhuga málið. Því má bæta við, að það er ekki eingöngu, að n. hafi haft skamman tíma til þess að glöggva sig á málinu, heldur hefir hún og lítið frjálsræði til þess að gera þær breyt., sem hún hefði ef til vill talið æskilegar, þar sem málið kemur ekki til þessarar hv. deildar fyrr en nú undir þinglokin. Ef n. óskar, að málið gangi fram á þessu þingi, er hún bundin við að gera ekki aðrar breyt. en þær, sem búast má við, að hv. Ed. gangi að. Að öðrum kosti er málinu teflt í voða.

Aðalbreyt., sem hv. Ed. hefir gert á frv. síðan stj. lagði það fyrir Alþingi, eins og

mþn. í landbúnaðarmálum gekk frá því, er sú, að við skólana er sett ný deild, svokölluð bændadeild, með eins vetrar námi. Tilgangurinn er sagður sá, að ná í fleiri nemendur en ella.

N. hefir ekki gert brtt. við þetta, enda býst ég við, að sumir nm. séu ánægðir með þessar breyt. hv. Ed. En ég er persónulega mjög óánægður með þær. Að ég hefi tekið þátt í nefndarstörfunum án þess að koma fram með stórvægilegar breyt. á frv., byggist á því, að ég er algerlega vonlaus um framgang frv., ef viðtækar breyt. yrðu gerðar á því hér í deild. Enda þótt hv. Ed. hafi spillt frv. mjög, þá hefir henni þó ekki tekizt að eyðileggja allar þær umbætur, sem í frv. mþn. fólust, t. d. um það, að auka verklegu kennsluna, og vegna þeirra umbóta get ég eftir atvikum sætt mig við, að frv. nái fram að ganga í þessari mynd, þótt því hafi verið spillt, og tel ég það af tvennu illu betra en að það dagi uppi. Verkleg kennsla er eitthvert þýðingarmesta atriðið í þessum málum og fyrir henni er sæmilega séð í frv.

Eins og sést á nál. á þskj. 477, þá hefir n. flutt þrjár brtt. við frv. Þessar brtt. eru ekki verulegar efnisbreyt., nema sú síðasta. Fyrsta brtt. er um það, að orða um 2. gr. frv., og í þeirri nýju grein eru þrjár breyt. frá því í upphaflegu greininni. Sú fyrsta þeirra er sett að vilja meiri hl. n. og er um það, að ekki sé fastákveðinn ríkisrekstur á skólabúunum, heldur „ef hentara þykir", eins og brtt. orðar það. Ég skal taka það fram, að hvorki ég né hv. þm. A.-Sk. höfum samþ. þetta atriði, því við álítum ríkisrekstur á skólabúunum tvímælalaust heppilegastan, en þó höfum við ekki séð ástæðu til þess að kjúfa n. út af þessu. (**Forseti**: Vill hv. ræðumaður halda máli sínu áfram, þar sem nú eru ekki nema átta menn á fundi? Ég hafði búizt við, að menn yrðu staðfastari, svo að hægt væri að halda umr. áfram, en úr því fámenni er svo mikið, þá set ég hv. þm. það í sjálfsvald, hvort hann vill halda áfram, eða fresta máli sínu þar til síðar). Úr því málið var tekið fyrir nú, þá vil ég helzt halda áfram, af því ég á ekki nema fá atriði eftir. En hinu var ég frekar mótfallinn áðan, að þetta mál yrði tekið til umr., þar sem svo var orðið áliðið fundartíma.

Annað atriðið í breyt. n. á 2. gr. frv. er það, að ákveða, að færðir séu nákvæmir búreikningar við skólabúin. Þetta atriði er svo sjálfsagt, að um það þarf ekki orðum að eyða. Þriðja atriðið er nokkur efnisbreyt., um það, að aðskilja tilraunastarfsemina og búreksturinn sjálfan, og er því tekið svo til orða í brtt., að landsstj. „láti fara fram hagnýtar tilraunir á skólabúunum", í stað þess, að skilja mátti ákvæði frv. á þá leið, að þessi skylda hvíldi á bústjórunum. Það þykir réttara að binda ekki búunum þann bagga. Ef búin eru rekin fyrir reikning skólastjóra, þá er þetta vitanlega sjálfsagt mál.

Þá kem ég að annari brtt. n., sem er við 6. gr. Er það í fyrsta lagi lagfæring á ákvæðunum um þær námsgreinar, sem kenna á í skólunum. Eru þær lagfæringar settar að ráði tveggja manna, Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra á Hvanneyri og Sigurðar búnaðarmálastjóra Sigurðssonar, sem báðir eru vel kunnugir þessum málum, og hygg ég það nægilega trygging fyrir réttmæti þessara breytinga. Annar liður þessarar brtt. kveður nánar á um það, hverjar skuli vera höfuðnámsgreinir í bændadeild, nefnilega jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Áður mátti skilja gr. á þann veg, að það ætti að kenna alveg það sama í búfræði- og bændadeild, en það nær alls engri átt að ætla að gráuta í því á einum vetri, sem í búfræðideild tekur tvo vetur. Slíkt yrði aldrei annað en kák, og þess vegna flytur n. þessar brtt.

Þá kem ég að þriðju brtt. n., er snertir verklega námið við bændaskólana. Hv. Ed. hefir breytt frv. í það horf, að ætla nemendum að vera allt sumarið við verklegt nám. Þó að n. fallist mjög eindregið á það að hafa verklega námið sem allra mest, þá telur hún þetta þó mjög varhugavert, því að margir eiga mjög óþægilegt með að vera að heiman um heyskapartímann, vegna fólkseklunnar í sveitunum, og sýnist n. því ekki ósennilegt, að slíkt ákvæði geti orðið til þess að draga úr aðsókn að skólunum. Þess vegna leggur n. til, að nemendum verði gefinn kostur á að velja á milli þess, hvort þeir vilji

stunda verklega námið allt sumarið á milli námsvetranna eða tvö vor fram að slætti. N. álítur hið síðara nokkurn veginn eins heppilegt hvað nemendur snertir, því að jarðyrkjunámið yrði hvort sem er aðallega að vorinu. Hv. Ed. ætlast til, að nemendur vinni að heyskap og öðrum heimilisstörfum yfir sumarið. En þess ber hér að gæta, að flestir hafa sæmilegan aðgang til þess að venjast heyskap án þess að þurfa að læra hann á skólabúunum.

Það er nú ekki svo mjög langt liðið fram yfir þann fundartíma, sem venjulegur er, enda þótt margir hv. þm. séu horfnir af fundi. Ég kann þeim hv. þdm., sem enn eru á fundi, þakkir fyrir góða áheyrn og að þeir hafa ekki látið kaffið sitja í fyrirrúmi fyrir landbúnaðarmálunum, en það hafa sumir auðsjáanlega gert.

Forseti (BSv): Þess má geta, að nú eru ekki nema sjö hv. þm. á fundi. Ef umr. á að geta haldið áfram, þarf að fá fleiri á fund. Verður nú hringt duglega.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Út af þessu vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að bera það undir deildina með nafnakalli, hvort fundi skuli haldið áfram eða ekki, og beita síðan ákvæðum þingskapanna gegn þeim, sem ekki eru viðstaddir. Ég verð að álíta þetta hátterni hv. þm. alveg óverjandi, að stökkva burt í stórhópum, meðan umr. er ólokið, jafnvel þó fundartími sé óvanalegur.

Hákon Kristófersson: Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hver er meiningin með því að halda áfram fundi? Er það aðeins að ljúka við þetta mál, eða eru fleiri mál, sem taka á til umr. á eftir?

Forseti (BSv): Ég býst ekki við, að við förum lengra að þessu sinni en ljúka við þetta mál. Læt ég nú nafnakall fram fara um það, hvort halda skuli fundi áfram eða ekki.

ATKVGR.

Forseti bar því næst undir atkv., hvort fundi skyldi fram haldið. Nafnakall var viðhaft, og sögðu

já: ÞorlJ, EJ, HK, IngB, JörB, LH, PO, TrÞ.

nei: BSt, BÁ, JS, SÁÓ, SvÓ, BSv.

Fjórtán þm. (ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, MT, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Forseti (BSv): Með því að deildin er ekki ályktunarfær, hefir engin lögleg ályktun fengizt um þetta. Viðvíkjandi því, hvort setja skuli hina fjarverandi þm. í þingviti, þá held ég, að ég láti sitja við áminning eina að þessu sinni, því að hv. þm. fóru að drekka kaffi, en bjuggust ekki við, að umr. yrðu svo langar, sem raun er á orðin. En þar sem enginn hefir kvatt sér hljóðs og hæstv. stj. og hv. frsm. óska eftir, að umr. sé slitið, þá skal það hér með gert, en atkvgr. frestað þar til síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 477,I (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 477,II.1.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 477,II.1.b—c samþ. með 16 shlj. atkv.

— 477,II.2 samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 477,III (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 502).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 502).

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hefir tekið þar nokkrum breytingum. Fyrsta breyt. er við 2. gr. Í frv. eins og það fór frá okkur var gert ráð fyrir, að búin á bændaskólunum yrðu rekin á ríkissjóðs kostnað, en Nd. hefir þar bætt við orðunum: „ef henta þykir". Meiri hl. n. vill ekki gera þessa smávægilegu breyt. að ágreiningsatriði.

Önnur breyt. er um nýja málsgr. í 2. gr., sem hljóðar svo:

„Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins".

En n. hefir hér gert ráð fyrir, að færðir væru búreikningar, og taldi ekki ástæðu til að taka það fram.

Þá koma aðalbreytingarnar við 6. gr. Þar er bætt inn á eftir stærðfræði: (talnafræði, flatar- og rúmmálsfræði). Þetta hélt ég ekki, að þyrfti að taka sérstaklega fram, því allt er þetta ein námsgrein — stærðfræði. Hinsvegar má gjarnan taka þetta fram til skýringar. — Þá vill Nd., að í stað „hagsögu" komi: búnaðarsögu. Við landbnm. þessarar d. ætluðumst til, að fyrst og fremst yrði kennd búnaðarsaga og síðan almenn hagsaga. En þetta er ekki svo mikilsvert atriði, að ástæða sé til að stofna til ágreinings um það.

Loks vill Nd. láta kenna land- og hallamælingar, og við höfum ekkert við það að athuga.

Í stað 3. og 4. málsgr. 6. gr., sem fjalla um kennslu í bændadeild, vill Nd. láta koma eina málsgr., og er hún orðuð nokkuð á annan veg en í frv. eins og það fór frá okkur. Við ákváðum það, sem kenna skyldi, en tókum þó fram, að skólastjóri gæti fækkað námsgreinunum, eftir því sem hann teldi fært. En Nd. hefir breytt þessu á þann veg, að aðaláherzlan skyldi lögð á kennslu í jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Það, sem við hugsuðum okkur, var mjög líkt þessu, svo að við getum alveg fallizt á þessa breyt.

7. gr. hefir breytzt allmikið í meðferð Nd. Hér í d. hafði landbn. gert ráð fyrir, að verkleg kennsla færi fram allt sumarið, en Nd. hefir breytt þessu svo, að nú mega nemendur velja um, hvort þeir vilja stunda verklega námið eitt sumar eða tvö vor, en þá mundi heyvinna verða útundan, svo að þessa breyt. tel ég heldur til hins verra. Þó geri ég þetta ekki að ágreiningsatriði. — Auk þess er nú gert ráð fyrir, að nemendur læri að fara með dráttarvél. Ég efast um, að á svo stuttum námstíma, sem hér er um að ræða, sé heppilegt að kenna bændaefnum að fara með stærri vélar. Það er yfirleitt engin þörf á að kenna það hverjum einstaklingi. Heil byggðarlög taka sig saman um að kaupa slíkar vélar, og þá nægir, að einn eða tveir menn í hverju byggðarlagi kunni með þær að fara. En þessu býst ég við, að skólastjóri hagi eins og honum þykir bezt henta.

Ég þykist þá ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta frv. N. sér ekki ástæðu til annars en mæla með, að það verði samþ. eins og það er nú.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. hefir getið um þann „hortitt", sem komizt hefir inn í 2. gr. í meðferð Nd. Þar er bætt inn í 1. málsgr., þar sem talað er um ríkisrekstur á búunum, orðunum „ef henta þykir". Nú er ég ekki í vafa um, að ríkisrekstur sé hentari, og þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að ákvæði stjfrv. og frv. frá Ed. í þessu efni fái að halda sér, á þann hátt, að atvmrh., sem á að sjá um framkvæmd þessara laga, taki „hortittinn" eins og hann er, sem sé til að friða þá, sem ekki geta fallizt á ríkisrekstur í kenningunni, þó að þeir sjái, að það sé bezta fyrirkomulagið. Þessu vildi ég beina til hæstv. atvmrh.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út af aths. hv. 4. landsk., að þetta ákvæði 2. gr. snertir aðallega framtíðina, því að eins og hv. þm. veit, eru í 16. gr. frv. sérstök ákvæði um þá menn, sem nú eru skólastjórar á bændaskólunum. Nú er ekki sjáanlegt, að skólastjóraskipti verði í bili, svo að það, sem stj. á að gera, er að komast að viðunandi samningum við skólastjórana. Ef

þeir fást, mun ég reyna að stofna til ríkisrekstrar á búunum og sjá, hvernig það gefst. Ég get ekki lofað hv. þm. meiru, því að enginn veit, hver verður ráðh., þegar skólastjóraskipti verða.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

16. Fjáraukalög 1928.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928 (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 434).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): N. hefir athugað frv. þetta allrækilega og borið saman við landsreikninginn og aths. endurskoðenda. Þótt menn kunni að greina á um það, hvaða umframgreiðslur skuli teknar í fjáraukalög og hverjar ekki, hefir þó verið um það nokkurnveginn föst regla frá því árið 1920—21. Fjáraukalagafrv. 1920—21 var samið með nokkuð öðrum hætti en áður, en þingið 1923 gerði allverulegar breyt. á frv. Þingið hefir þannig sjálft sett reglur um það, hvaða umframgreiðslur yrðu teknar í aukafjárlög og hverjar ekki, og sér meiri hl. n. ekki ástæðu til, að óbreyttu formi fjáraukal., að breyta til í þessu efni, sérstaklega þegar svo stendur á, að umræddir liðir hafa áður verið felldir niður af fjáraukalagafrv. Meiri hl. vill þó ekki leggja til, að þeir verði felldir niður þegar svo stendur á, að samskonar umframgreiðslur hafa verið teknar í fjáraukalögin 1920—1921 og síðan. Meiri hl. n. vill sem sagt byggja á þeim reglum, sem settar voru með samþykkt „fjáraukalaganna miklu“ og síðan hefir haldizt, og eru brtt. meiri hl. í fullu samræmi við þessa stefnu hans.

1. brtt. meiri hl. er við 4. gr. frv. og miðar að því, að þau útgjöld, sem leiðir af bólusetningu, verði felld niður af frv. Þessi liður hefir aldrei verið tekinn upp nema á fjáraukalagafrv. 1920—21, en var felldur niður þegar frv. var samþ. á þinginu 1923.

Þá er önnur brtt. við 4. gr., um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Sá liður var tekinn upp í frv. 1921, en felldur niður áður en frv. var samþ., og sér n. ekki frekar nú ástæðu til að taka hann upp. Sama er svo að segja um þær umframgreiðslur, sem leiðir af vörnum gegn kynsjúkdómum, að þær hafa ekki verið teknar upp í frv. frá því 1923, og sér n. ekki ástæðu til að breyta út frá þeirri reglu.

Þá kem ég að umframgreiðslum til sýsluvegasjóða, en sá liður virðist tekinn upp í frv. algerlega að ástæðulausu, því að stj. hefir ekkert íhlutunarvald um það, hvað mikið fer til þessara framkvæmda, heldur verður hún að greiða samkv. gildandi lögum hluta ríkissjóðs, og fer hann auðvitað eftir því, hve mikilvirk hlutaðeigandi sýslufélög eru.

Þá koma gjöld samkv. jarðræktarlögunum, sem stj. hefir í rauninni ekkert yfir að segja, því að þau eru ákveðin í jarðræktarlögunum, og ber henni aðeins skylda til að borga styrkinn út.

Þá kemur síðast sá liður, sem lýtur að vörnum gegn berklaveiki. Sá liður var ekki heldur tekinn upp í frv. 1920—21 né síðan, en þó er alls búið að greiða á þessum árum 1½ millj. til berklavarna umfram áætlun og aldrei leitað aukafjárveitingar fyrir því, svo að engin ástæða virðist til að gera það frekar nú.

Ég vil taka það fram, að þó meiri hl. n. hafi tekið þá stefnu að fylgja þessu formi á fjáraukalögunum, þá dylst honum ekki, að á þeim eru ýms handahófs einkenni. Það, sem fært er undir liðinn „greiðslur samkv. sérstökum lögum“, er

sumt þess eðlis, að það ætti að standa í fjáraukalögum, t. d. greiðslur vegna ábyrgða o. fl., en hefir þó aldrei verið gert.

Um þetta þarf ég svo ekki að fjölyrða frekar, en vil aðeins víkja nokkrum orðum að því, sem nál. tekur fram, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp yfirlitið, sem þar er prentað:

Niðurstöðutala rekstrarreiknings er			kr. 14255749.74
Gjöld samkv. áætlun fjárlaga			— 10453877.97
		Mismunur	kr. 3801871.77
Sjóðaukning hefir orðið á árinu	kr. 1070777.90		
Lausar skuldir hafa lækkað	— 14831.22		
Samningsskuldir lækkað umfr. áætlun	— 53713.01		
		kr. 1139322.13	
Endurgreidd lán	kr. 37920.46		
Eytt af innstæðu	— 116053.25		
		— 153973.71	
			kr. 985348.42
Raunverulega hafa þá gjöldin farið fram úr áætlun um			kr. 2816523.35
Samkv. frv. er leitað aukafjárveitingar fyrir	kr. 1822089.15		
Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði lækkuð um	— 569142.66		
		kr. 1252946.49	
Greitt er samkv. sérstökum lögum og fjáraukal.		— 922481.23	
			kr. 2175427.72
Hafa þá gjöldin farið fram úr áætlun um			kr. 641095.63

á þeim liðum, sem taldir eru lögboðin gjöld, en þó má segja, að gjöldin hafi í rauninni meira farið fram úr áætlun, þegar þess er gætt, að sumir liðirnir hafa ekki náð henni. Þetta verður hinsvegar ekki sýnt nema með því einu að fara í gegnum landsreikninginn og bera saman við áætlunina hina einstöku liði.

Ég vil svo að lokum skjóta því til stj. til athugunar, hvort ekki mundi heppilegt að breyta til um form fjáraukalaga, þannig að fullkomið yfirlit fáist um allar frávikningar frá einstökum liðum fjárlaganna, eins og tíðkast mun hjá nágrannaþjóðum vorum.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 2, n. 434 og 449).

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Eins og stendur í nál. meiri hl., hafa ekki verið fastákveðnar reglur um það, hvaða upphæðir skyldu teknar í fjáraukalögin, enda hefir það verið gert allmjög af handahófi. Aðallega hefir verið farið eftir till. endurskoðenda, en minni hl. sýnist rétt að taka upp fasta reglu um það, hvað skuli í framtíðinni vera tekið á fjáraukalög. Í 37. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". — Þarna er ótvírætt mælt svo fyrir, að ekki sé hægt að gjalda úr ríkissjóði nema annaðhvort eftir fjárlögum eða fjáraukalögum. Auðvitað hefir ekki verið hægt að fylgja þessari reglu alveg bókstaflega. Hafa t. d. verið samþ. þingsályktunartillögur, þar sem fyrirskipað hefir verið að greiða viss gjöld. Þessar þál. hafa verið skoðaðar sem einskonar yfirlýsingar frá þinginu til stj. um, að hún verði ekki látin sæta ábyrgð, þó hún greiði fé samkv. þessum heimildum, en á eftir hefir þótt sjálfsagt að leita heimildar á fjáraukalögum fyrir þessum greiðslum.

Minni hl. vill eindregið fylgja þeirri

meginreglu, sem felst í áðurgreindu stjskr.ákvæði, og vill láta taka allar fyrirframgreiðslur upp á fjáraukalög, einnig þó þær eigi heimild í lögum. En samkv. þessu getur minni hl. ekki verið hv. meiri hl. sammála um að fella burtu ýmsa liði í fjáraukalagafrv., súma stórfellda, eins og t. d. kostnað vegna berklavarna, jarðræktarlaganna, Eimskipafélagsins og fleira. Minni hl., sem álítur, að fylgja eigi meginreglu stjskr., vill ekki brjóta svo á móti þeirri meginreglu að fella þessa liði niður. Hinsvegar sýnist ekki bein ástæða til að fara að breyta frv. að þessu sinni, svo að fullt samræmi náist; það væri svo umfangsmikið, og því leggur minni hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt. En hann vill leggja áherzlu á, að í framtíðinni verði tekin upp regla sú, er ég hefi getið um.

Mjög athugavert er það auðvitað, hvað sumir liðir hafa farið fram úr fjárhagsáætlun. Ekki verður reyndar komizt hjá því, að sumir liðir, eins og kostnaður af berklavörnum, kostnaður vegna jarðræktarlaga og fleiri liðir fari stundum fram úr áætlun. En aftur eru aðrir liðir, sem óheimilt er, að fari fram úr áætlun, en eru þó hvað eftir annað yfirdregnir. Vegabætur hafa t. d. samkv. fjáraukal. farið á fjórða hundrað þús. fram yfir fjárveitingu. Ég veit að vísu, að mér og fleiri þm. þykir gott að fá vegarspotta, þó að fé sé ekki veitt til þeirra í fjárl., og því er auðvitað ekki að neita, að tilhneigingin er mest til að fyrirgefa slíkar framyfirgreiðslur. En jafnvel um þessi útgjöld álít ég, að sú regla eigi að gilda, að ekki sé farið fram úr ákvæðum fjárlaganna, því með því er verið að draga fjárveitingarvaldið úr höndum þingsins og leggja það í hendur stj. En þetta er mjög hættuleg braut að fara inn á. Sjálfsagt hefir pottur verið brotinn í þessu efni hjá flestum stjórnum. En þó aðrar stjórnir hafi gert slíkt hið sama, er það ekki nægilegt til að réttlæta þetta hjá þessari stj. Yfirleitt hættir syndin ekki að vera synd, þó fleiri hafi drýgt hana. En svo heyrist oft hjá þeirri stj., sem nú situr, að finni hún eitthvað misjafnt í fari fyrri stjórna, telur hún það nægja syndafyrirgefningu fyrir sig. Þeir, sem koma eftir þessa stj., geta sannarlega fengið mikið fyrirgefið eftir þessari reglu.

Ég minntist á vegalagningarnar og benti einmitt á, að á því sviði væri þingið fúsast til að fyrirgefa, af því allir vilja fá vegi. En þrátt fyrir það verður að slá því föstu, að stj. má ekki fara yfir þessa liði, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, því með því er stj. ekki aðeins að brúka fé í heimildarleysi, heldur ákveður hún einnig, hvaða vegaspotta skuli leggja og tekur einnig það vald af þinginu. Auðvitað tala ég þetta allt í mínu eigin nafni, en ekki í nafni n. Og þó að allir verði að viðurkenna, að stj. á eigin ábyrgð hljóti í sérstökum tilfellum að fara fram úr áætlun, þá vil ég, að því sé slegið föstu, að fjárlögunum verði að hlýða eins og öðrum lögum. Ef þessu er ekki slegið föstu, þá missir þingið öll tök á fjármálunum. Ef stjórnirnar brúka allan tekjuafgang í góðu árunum, þá sjá allir, hvernig muni fara, þegar vondu árin koma.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það hefir verið föst venja nú um langa hríð, að fjáraukalögin hafa verið samin samkv. till. yfirskoðenda landsreikninganna, og þeirri reglu hefir líka verið fylgt að þessu sinni. Þegar ég hafði athugað till. endurskoðendanna 1928, sá ég, að þær voru ekki í samræmi við það, sem endurskoðendur höfðu áður lagt til, en eigi að síður varð það niðurstaðan að sníða frv. eftir till. þeirra. Nú hefir hv. fjvn. haft þetta mál til athugunar allt frá þingbyrjun, en leggur svo fram álit sitt nú í lok þingsins. Þetta er óhæfilega sein afgreiðsla, sem sennilega orsakast af því, að n. er klofin um málið. Meiri hl. n. vill ekki fallast á till. yfirskoðendanna, og ég skal taka það fram, að ég get vel fellt mig við álit hans, enda er það í samræmi við margra ára venju.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í ágreiningsatriðin milli nefndarhlutanna, en þar sem frsm. minni hl. var að tala um, að stj. ætti að virða fjárlögin og fara yfirleitt ekki út fyrir þau, þá get ég vel tekið undir það með honum. Hann minntist á það, að útgjöldin hefðu verið meiri til vegabóta en heimild hefði verið fyrir, og virtist mér sem hann áfelldi

mig fyrir það, en ég fæ nú ekki skilið, að það geti verið mikið ásökunarefni, þótt stj. veiti meira fé til jafnnauðsynlegra framkvæmda og vega- og brúargerðir eru en þingið hefir samþ., ef tekjurnar leyfa það með góðu móti, þannig að ekki skapist tekjuhalli á útkomunni. Mér virðist sem þetta ágreiningsefni okkar sé ekki svo mikilvægt, enda er leitað samþykkis þingsins fyrir umframgreiðslum þessum, sem farið hafa til samgöngubóta, svo að út af þeim ætti ekki að rísa svo mikill ágreiningur. Um hitt virðist mér tekin upp nokkur nýbreytni, ef á að fara að leita aukafjárveitingar fyrir því, sem verður að greiðast samkv. gildandi lögum. Annars vil ég taka það fram, að ég get fallizt á till. meiri hl. á þskj. 434.

Magnús Guðmundsson: Af því að ég hafði á hendi endurskoðun landsreikninganna 1928 og till. yfirskoðenda hafa sætt nokkrum aðfinnslum, þá vildi ég segja nokkur orð. Ég leit svo á, að hæstv. stj. væri ekki bundin við tillögur yfirskoðendanna, en þegar hæstv. fjmrh. tók till. til greina, leit ég auðvitað svo á, að hann féllist á þær. Það er rétt, að nú eru nokkrar till. nýjar, sem ekki hafa verið áður, en þær orsakast af því, að aldrei hefir verið fylgt ákvæðum stjskr., en við vildum nálgast það frekar en gert hefir verið. Auk þess er það svo, að þessir liðir eru óákveðnir, þannig að stj. getur ráðið þeim nokkuð, eins og t. d. berklavarnaliðurinn. Því er svo farið, að nú getur stj., ef henni sýnist svo, kastað út jafnvel mörgum millj. króna til berklavarna, en ef umframgreiðsla er tekin í fjáraukalög, ætti það að verða dálítið aðhald fyrir hana, að þurfa að fá samþykki fyrir þessum útgjöldum á eftir. Með þessum orðum vil ég enganveginn gefa það í skyn, að núv. stj. hafi misnotað aðstöðu sína og ekki grennslazt eftir efnahag manna. Um það get ég ekkert sagt, því að öll þar að lútandi skjöl liggja í stjórnarráðinu og eru ekki lögð fyrir yfirskoðunarmenn, en ég vil leggja áherzlu á það, að til þessa hefir hver stj. haft óbundnar hendur í því efni og getað kastað út miklu meira fé en þörf var á. Sama er að segja um jarðræktarstyrkinn. Sá styrkur er lögákveðinn á hvert dagsverk, en hvað hefir gerzt á undanförnu ári? Stj. hefir fært styrkinn niður án þess að brjóta nokkur lög, með því að heimta meira lagt í dagsverkið. Sú greining, sem ég álít vera rétta um hvað taka skuli í fjáraukalög og hvað ekki, er þessi: Getur stj. ráðið nokkru um, hvað mikið er greitt eða ekki, kemst hagsýni og sparsemi að eða ekki. Um bæði berklakostnað og jarðræktarstyrk gildir það, að hagsýni og sparsemi — ef til vill óréttmæt — getur komizt að; þess vegna á að taka þessa liði í fjáraukalög, en um hina liðina, sem nefndir hafa verið, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, því að þeir eru svo litlir, að þeir skipta ekki máli, en réttara er að taka þá upp í fjáraukal.

Út af ummælum hæstv. fjmrh., að ósamræmi hafi verið í till. yfirskoðenda 1927 og 1928, vil ég gefa þá skýringu, að 1927 voru þeir ósammála um þessa liði (berklavarnir og jarðræktarstyrk). Einn vildi aukafjárveitingu, en tveir ekki, en 1928 varð ég endurskoðandi og þá fylgdi ég Pétri Þórðarsyni að málum, sem áður hafði verið í minni hl., svo að af þeim orsökum var þessi breyt. gerð. Þetta skiptir að vísu ekki miklu máli, en aðalatriðið er það, að fundin sé ákveðin regla, sem sé svo skýr, að hægt sé að fara eftir henni, og ég get ekki séð, að til sé nein skýrari leið en að taka allar umframgreiðslur í fjáraukalögin, enda er það hið eina, sem fyllilega er samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þar sem ég get búizt við að verða endurskoðandi landsreikninganna 1929, vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. stj., hvernig hún líti á málið og hvort hún vilji taka þá reglu upp, að leita aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, hvort sem þær eru ákveðnar í lögum eða ekki. Þótt slíkt álit komi fram í nál., er það auðvitað ekki bindandi fyrir hæstv. stj. Annars skil ég vel, hvað það er, sem á bak við þennan ágreining liggur, og get bent á það. Það eru þessir stóru liðir, sem eru eldur í beinum stjórnarliða, því að á eldhúsdaginn talaði ég um fjáraukalögin miklu 1920—21, og kvaðst búast við því, að fjáraukalögin 1928 og 1929 yrðu enn hærri, enda hefði svo orðið, ef allt væri tekið upp í frv., sem á að vera þar. Ég get að sönnu skilið það, að hæstv.

stj. vill láta strika þessa 2 stóru liði út úr frv. sínu, því að þeir nema svo geysihárri upphæð, að við þetta minnkar upphæð fjáraukalaganna stórum. Ég gæti bent á fjölda liða, sem báðir nefndarhlutar vilja láta standa í frv., þótt lögboðnir séu, af því að þeir eru ekki í lögunum ákveðnir til fullnustu. Sem dæmi get ég nefnt utanfararfé ráðherra. Það er ákveðið, að ríkið skuli greiða kostnaðinn, en ekki ákveðið, hve mikill hann skuli vera. Þess vegna er leitað aukafjárveitingar fyrir því, sem er umfram áætlun. Sama er að segja um jarðræktarstyrkinn; þar er ákveðið, hve mikill hann skuli vera, miðað við hvert dagsverk, en ekki hvað dagsverkin skuli vera mörg og ekki heldur hve mikið skuli teljast í dagsverkinu. Sama er að segja um berklavarnakostnaðinn; þar ræður stj., hverjum er veittur styrkur og hverjum ekki. Á þessum liðum má spara jafnvel hundruð þúsunda með mismunandi framkvæmdum, og svo er það um marga fleiri liði, að þá ætti alla að taka upp í fjáraukalög, enda er það víst, að þingið er statt á hálu svelli, ef það hyggst að fara mikið út frá ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég vil ekki tefja tímann með því að benda á fleiri liði, en get þó vakið athygli á því, að svona er það t. d. um alla opinbera spítala, enda er leitað aukafjárveitinga fyrir umframgreiðslum til þeirra, og yfirleitt má segja það sama um flesta þá liði, sem teknir eru upp í þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Mér finnst í rauninni ekki ástæða til að karpa mikið um þetta mál, því að ágreiningsatriðin eru ekki svo veigamikil. Till. meiri hl. ganga í þá átt að samræma þetta fjáraukalagafrv. við þá venju, sem nú hefir gilt í 10 ár, en hún hefir verið sú, að sumir þessir liðir hafa aldrei verið teknir upp nema á árunum 1921 og 1923, en þeir síðan felldir niður aftur. Ég hefi athugað þetta mál rækilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að bezt væri að breyta ekki frá venjunni, enda minnir mig, að Jakob Möller, sem er glöggur reikningsmaður, væri frsm. n. 1923 og þá komizt að þeirri niðurstöðu, að bezt væri að fella þessa liði niður úr frv. þessu, og síðan hafa þeir ekki verið teknir upp aftur. Ég sé enga ástæðu til að leggja mikið upp úr þeim fullyrðingum, að samkv. stjskr. eigi að taka alla þessa liði upp í frv., því að 1923 voru þeir felldir niður, og munaði það 1½ millj., en þar með gaf þingið fordæmið, svo að mér virðist engin ástæða til að breyta út frá því, og gera ekki breytingar á þessu frv.

Þeirri reglu, sem tekin var upp 1923, hefir síðan verið fylgt, og ég get ekki séð, að nú sé frekari ástæða til að breyta út frá henni, þótt þessir liðir hafi nú slæðzt inn í. Annars segi ég það aftur, sem ég áðan tók fram, að ég fæ ekki séð, að mikil ástæða sé til að gera sérstakt veður út af þessu, því að þetta skiptir ekki svo miklu máli. Aðalatriðið er þetta, að þingið verður að halda sér við einhverja reglu í þessu efni, og þá getur gamla reglan gilt engu síður en þessi, sem menn vilja nú taka upp. Enda er það svo með þessa nýju reglu, að mér virðist, að til þess að hún fái staðizt, verði það ekki nægjanlegt að taka aðeins upp í aukafjárlög allar umframgreiðslur, heldur líka hina liðina, þar sem tekjur ná ekki áætlun, því að með því móti fæst bezt samræmi milli fjáraukalagafrv. og fjárlaganna sjálfra. Það eru ýmsir liðir í landsreikningunum, sem frekar væri ástæða til að taka upp í aukafjárlög en þeir, sem lagt hefir verið til, að felldir yrðu niður. Ég get t. d. bent hv. þdm. á það, að yfirleitt eru margar greiðslur í 25. gr., sem ættu að vera í fjáraukalögum, eins og t. d. styrkurinn til Vestmannaeyja, en það hljóta allir hv. þdm. að viðurkenna, og svona mætti benda á ýmsa fleiri liði.

Það er nokkuð misjafnt frá ári til árs, hvaða greiðslur eru settar í 25. gr., og get ég þá bent á, að árið 1921 voru 4 millj. kr. greiddar samkv. þessari grein, en nú eru það aðeins 600 þús., og svipað hefir það verið undanfarin ár, en mest 1920—21. Ég lít svo á, að meðan ekki er gerð gagngerð breyt. á fjáraukalagafrv., þá sé ekki ástæða til að breyta mikið um frá þeirri reglu, sem fylgt var árið 1923, og því leggur meiri hl. til, að frv. verði sett í sama form og þá, og ég hygg, að þetta muni þykja rétt að samræma frv. þannig við fortíðina.

Ég ætla ekki að víkja mikið að ein-

stökum aths., sem þm. hafa komið fram með, en vil þó víkja að ákúrum hv. þm. Dal. til stj. fyrir umframgreiðslur til vegagerða. Ég verð nú að segja, að mér finnst það nokkuð hastarlegt, ef hv. þm. ætlar að fara að deila á stj. fyrir slíkt, þar sem vitanlegt var, að þingið hafði gefið þegjandi loforð um frekari fjárframlög til vega, ef vel áraði, og heitið í þögninni að láta það óátalið, þótt slíkt yrði gert. Það er nú svo með vegagerðir, að þær verða ekki framkvæmdar á einu ári allar í senn, heldur á mörgum árum, og hið eina, sem þjóðin gæti kvartað undan út af þessari fjárveitingu, væri það, að þetta fé hefir verið lagt í þennan veg, en ekki í hinn, og það ákvörðunarvald væri tekið frá þinginu. Nú er það hinsvegar vitanlegt, að þegar þingið fjallar um þessi mál, þá fer það að mestu eftir till. vegamálastjóra, og sama mun stj. hafa gert.

Að öðru leyti sé ég ekki mikla ástæðu til að fara í frekari reipdrátt út af þessu máli, en þetta er skoðun meiri hl., að viturlegast sé að láta frv. þetta fara út úr deildinni í sama formi og áður.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Ég gerði allrækilega grein fyrir till. minni hl. í fyrri ræðu minni, að framvegis þyrftu að gilda um það ákveðnar reglur, hvernig semja skuli fjáraukalög. Um það ætti ekki að vera ágreiningur. Það var viðurkennt af hv. 1. þm. Skagf., sem er endurskoðandi landsreikninganna, hv. frsm. meiri hl. og hæstv. fjmrh., að um samningu fjáraukalaga giltu nú engar fastákveðnar reglur. Þessi vandkvæði vill minni hl. leysa með till. sínum, og það er þeim mun léttara að koma með lausnina, sem hún er ákveðin í sjálfri stjórnarskránni. Ætti því ekki að vera þörf á að deila um, hvernig fjáraukalög skuli samin, en til áréttingar skal ég leyfa mér að lesa upp það ákvæði stjskr., sem lýtur að þessu, enda þótt ég hafi lesið það upp áður, því að aldrei er góð vísa of oft kveðin. Vænti ég, að hæstv. forseti leyfi mér að hafa þessa góðu vísu aftur yfir hér í deildinni: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". Þegar svo skýrt er kveðið að orði, ætti ekki að þurfa um það að deila, að svo á að vera sem minni hl. leggur til.

Hæstv. fjmrh. kvaðst fallast á till. meiri hl. En í þessu efni eru till. meiri hl. líkar till. minni hl. Meiri hl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin vill vekja athygli stj. á því, hvort ekki muni rétt að taka upp annað form á fjáraukalögunum en verið hefir, þannig að teknar yrðu í fjáraukalögin allar frávikningar frá fjárlögum". Í þessu kemur fram, að meiri hl. vill einnig fara eftir stjskr. í þessu efni. Hann kveður aðeins veikar að orði, ef til vill af því, að hann er hræddur við að styggja sína eigin stjórn. En þar sem meiri hl. nefnir „allar frávikningar", þá getur minni hl. auðvitað ekkert haft á móti því, að það sjáist, ef minna er eytt á einhverjum lið en fjárlög heimila. En minni hl. vill taka strax á næsta ári upp þá sjálfsögðu reglu, sem felst í stjskr., að taka allar greiðslur á fjáraukalög, og er þetta aðalástæðan til þess, að hann vill samþ. frv. óbreytt, eins og stj. lagði það fyrir þingið. Hann vill ekki gera nú breytingar á fjáraukalögunum, sem eru brot á þeirri meginreglu, sem hann vill fylgja í framtíðinni.

Auk þessarar aðalástæðu minni hl. hefir hv. 1. þm. Skagf. dregið fram önnur rök til þess, að liðir eins og umframgreiðslur samkv. berklavarnalögunum og jarðræktarlögunum séu teknir á fjáraukalög. Þótt þessi gjöld séu ákveðin í lögum, þá getur það farið mjög mikið eftir ráðsmennsku stj., hvort þau verða mikil eða lítil. En þá er fyllsta ástæða til að láta þessar greiðslur koma í fjáraukalög.

Ég skal fúslega játa, að það skiptir litlu máli, hvort frv. verður látið standa svo, sem hæstv. stj. vildi í upphafi, þegar hún lagði það fram, og minni hl. vill, eða hvort brtt. meiri hl. verða samþ. En hitt skiptir miklu máli, að sú meginregla sé upp tekin að fara eftir stjskr. í þessu efni. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. stj. sjái sér fært að lýsa yfir, að þessi regla verði tekin upp.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. þá yfirlýsing hans, að hann féllst á þær almennu hugleiðingar mínar um framyfirgreiðslur bæði fyrr og síðar. Hæstv. ráðh. gat þess, að sumar greiðslur er stj. skylt að inna af hendi, svo sem þær, sem ákveðn-

ar eru með sérstökum lögum. Einnig getur breytt aðstaða og önnur atvik valdið því, að stj. neyðist til þess að greiða fé umfram heimild í fjárlögum. En meginreglan á þó að vera sú, að stj. fari beinlínis eftir fjárl. sem öðrum lögum. Þetta nær ekki til þeirra liða, sem eru áætlaðir, en um alla fasta liði er stj. skylt að fara eftir ákvæðum fjárl. Þetta þarf að komast skýrt og ákveðið inn í hug og meðvitund þingsins.

Eitt atriði var það í ræðum hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl., sem ég get ekki fallizt á, sem sé það, að verði tekjur meiri en búizt var við, þá væri það undirskilið, að stj. mætti auka framkvæmdir í vegagerðum. Þetta álít ég ekki heimilt. (**Fjmrh.**: Ég sagði ekki, að það væri heimilt). Hv. frsm. meiri hl. hélt því fram. (**HJ**: Ég sagði það vera undirskilið). Það er alls ekki undirskilið. Ef því væri þegar slegið föstu, að stj. mætti verja til framkvæmda þeim tekjum, sem umfram væru áætlun, þá yrði aldrei afgangur. Því að þegar stj. vill framkvæmdir — og það vilja allar stjórnir, því að það er vel séð af almenningi —, þá mundi það ekki hafa heppileg áhrif á fjárhaginn, ef hún teldi sig hafa heimild til að eyða því fé, sem væri umfram áætlaðar tekjur. Sjá allir, að í góðærum yrði öllu eytt og ekkert yrði afgangs til vondu áranna. En það er svo óheppileg fjármálastefna sem mest má verða. Án þess að deila um, hvaða stj. sé sekust í þessu efni, verður að slá því föstu nú, að stj. verður að virða föstu liði fjárl. og hefir enga heimild til þess að fara fram úr þeim. Annars mun raunin verða sú, að stj. tekur fjárveitingarvaldið í sínar hendur. Það vald má þingið ekki fá stj., því að þá missir það öll tök á fjárhagnum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. frsm. minni hl. lagði annan skilning í orð mín en leyfilegt er, þar sem hann sagði, að ég teldi það undirskilið, að stj. hefði heimild til þess að auka framkvæmdir, ef tekjur færu fram úr áætlun. (**SE**: Ég leiðrétti, að þetta hefðu verið orð hv. þm. V.-Húnv. — **HJ**: Tók hv. þm. það ekki aftur líka?). Það var gott, því að það voru ekki mín orð.

Það hefir komið dálítið skoplegt fram í umr. um þetta frv., þar sem hv. frsm. minni hl. og að ég ætla einnig hv. 1. þm. Skagf. hafa haldið því fram, að framið hafi verið stjórnarskrárbrot við samning fjáraukalaga í hver veit hve mörg ár, a. m. k. alla stjórnartíð þeirra beggja. Hv. frsm. minni hl. hampar stjskr. og segir, að ekkert megi greiða, nema heimild sé í fjárlögum eða fjáraukalögum. (**SE**: Ég skýrði í fyrri ræðu hinni, hvernig bæri að skilja þetta, að það þarf samþykki þingsins á endanum). Ég fer þá rétt með, að þetta á að vera stjórnarskrárbrot. En það hygg ég sé misskilningur. Í stjskr. er ekki átt við, að endilega þurfi að standa á krónu við það, sem áætlað er. Aðalatriðið er hitt, að til sé í fjárl. liður, sem heimili greiðsluna; hitt skiptir ekki máli gagnvart stjskr., hvort greitt er krónunni meira eða minna.

Hv. frsm. minni hl. og hv. 1. þm. Skagf. sögðu báðir, að stj. réði miklu um útgjöld samkv. sérstökum lögum. Það er lítið rétt í þessu. Hv. 1. þm. Skagf. kvað það aðhald fyrir stj., ef hún þyrfti jafnan að leita aukafjárveitingar. Ég hygg, að það út af fyrir sig sé ekkert aðhald. Ég vil spyrja: Hvernig á stj. t. d. að spara útgjöld, sem greiða ber samkv. jarðræktarlögunum? Það er ákveðið í lögunum, hve mikið greiða skuli úr ríkissjóði fyrir hvert dagsverk. Ef landsmenn taka upp á því að vinna fleiri dagsverk en gert hafði verið ráð fyrir, svo að fjárveitingin hrekkur ekki til, hvernig á stj. þá að spara? Væri gaman að fá leiðbeiningar um, hvort neita skuli mönnum um styrk, og hverjum skuli þá neita. Aftur á móti er það rétt hjá hv. 1. þm. Skagf. um framkvæmd berklavarnalaganna, að þar veltur á miklu, hvort stj. reynir að spara eða ekki. Ég leyfi mér að halda fram, að núv. stj. hefir gert talsvert ítarlegar tilraunir til þess að spara á þessum lið; hefir hún gengið svo langt í því, að legið hefir við borð, að hún fengi málsókn fyrir.

Hv. 1. þm. Skagf. spurði, hvaða reglum ég hefði hugsað mér, að fylgt yrði í framtíðinni um samning fjáraukalaga. Því get ég svarað greinilega: Um það munu ganga atkv. hér í hv. deild, og mun ég fara eftir því, sem atkv. falla. Ef hv. deild samþykkir till. meiri hl., lít ég svo

á, að þar séu þær reglur, sem þingið vill fara eftir. En verði brtt. meiri hl. felldar, mun ég fylgja sömu reglum sem við samning þessa frv. Ég sé ekki annað en að úrskurður hv. d. verði fullskýr, og mun algerlega sætta mig við hann.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. meiri hl. kveður í nál. og brtt. vera farið eftir þeirri tilhögun, sem höfð var á fjáraukalögunum 1920—21. Þetta getur ekki komið heim um stærstu liðina, sem meiri hl. vill fella niður, greiðslur samkv. berklavarnalögunum og jarðræktarlögunum, því að þeir voru þá ekki til. Berklavarnalögin voru samþ. á þingi 1921 og gengu í gildi að ég ætla 1. jan. 1922. (HJ: Það er þó vitnað í þau lög). Nei, þar er að ræða um önnur lög, fátækralögin; samkv. þeim var hlaupið undir bagga með fátækum hreppsfélögum, sem þurftu að greiða með berklasjúklingum í sjúkrahúsum. Ef til vill ætlar hv. þm. líka, að jarðræktarstyrkur sé í fjáraukalögunum 1920—21, þó að þau lög hafi ekki verið sett fyrr en 1923. Annars þarf ég ekki að deila lengi við hv. frsm. meiri hl., því að ég finn, að hann er í raun og veru sammála okkur hv. frsm. minni hl. Einungis vill hann nú fella niður þessa liði, til þess að lækka fjáraukalögin fyrir sinni eigin stj., og þykist ég vita, að nóg atkv. mun fást til þess nú. En ég er í þessu máli að hugsa um framtíðina.

Ég heyri á hæstv. fjmrh., að verði brtt. meiri hl. samþ., sem auðvitað verður, þá ætli hann ekki að breyta neitt til um tilhögun fjáraukalaganna. Ég leyfi mér þá að spyrja hv. frsm. meiri hl. og meðnm. hans, hvort þeir vilji taka höndum saman við okkur og kippa þessu í lag með þáltill., því að ég fer ekki fram á, að þeir geri hæstv. stj. það til miska, að þetta verði fært í rétt horf nú með því að hætta við að lækka fjáraukalögin. Ég vænti, að hv. þm. svari þessu.

Við erum sammála um, að ýmsar greiðslur í 25. gr. ættu að koma í fjáraukalög. Það er aðeins um þessar stóru greiðslur, sem okkur skilur á, en um það skal ég ekki þrefa meira. Annars svaraði hv. frsm. meiri hl. engu því aðalatriði í minu máli, að stj. getur ráðið miklu um, hve háar þær verða. Hæstv. fjmrh. viðurkennir, að svo sé um berklavarnakostnaðinn og sagði, að lægi við málsókn á hendur stj. vegna sparsemi hennar. Þarna sér hv. frsm. meiri hl., að stj. hefir mikinn íhlutunarrétt, hve há gjöldin verða. Þá verður ekki sagt, að sá liður sé lögákveðinn. Upphæðin sjálf er það ekki, og getur oftið á hundruðum þúsunda. Ef fella ætti alla þá liði úr fjáraukalögum, sem hafa einhverja stoð í lögum, þá mundu aðeins örfáir standa eftir. Eða ætla nokkrir þm., að stjórnir greiði stórfé úr ríkissjóði án þess að nokkur stoð sé fyrir því í lögum? Það er ákveðið, að halda skuli uppi sjúkrahúsum, póstferðum o. s. frv., en upphæðin er ekki fastákveðin. Margar af þessum framyfirgreiðslum eru teknar í fjáraukalög, og hefir ekki verið að fundið. En af því að þeir liðir, sem hér ræðir um, eru svo háir, á 6. hundrað þús., þykir hv. meiri hl. slægur í að strika þá út og lækka frv. um þetta.

Ástæðan til þess, að áður fyrr var vikið frá stjskr. í þessu efni, hygg ég að hafi verið sú, að ef lög heimiluðu fjárgreiðslu, þá var litið á þau lög sem fjáraukalög að þessu leyti. Þetta gat gengið, meðan þau lög voru fá, sem heimiluðu fjárgreiðslur. En nú er greitt eftir mýmörgum lögum, og sumum harla óákveðnum, og er þessi regla því nú orðið áhafandi. Því verður nú að skipta um. Ég hefi ekki sagt, að þingið hafi brotið stjskr. í þessu efni. En ég segi, að stjskr. hafi smátt og smátt verið teygð lengra en góðu hófi gegnir með þessari skýringu, að lög, sem heimili greiðslur úr ríkissjóði, séu í raun og veru fjáraukalög.

Það er venjulega svo, að flestar stj. eru heldur á móti því, að mikið sé tekið upp í fjáraukalög. Þess vegna held ég, að hyggilegast sé að búa til og fylgja svo skýrum reglum um þetta, að ekki orki neinna tvímæla, og þá sé ég ekki, að nein regla sé betri en sú, sem orð stjskr. benda til, að taka allt, sem greitt er umfram fjárlög, upp í fjáraukalög.

Svo spurði hæstv. fjmrh., hvernig stj. gæti svo sem sparað eftir jarðræktarlögunum, og mér virtist hann álita, að þetta væri einhver voðaleg fjarstæða. (HJ: Hvernig er það með sýsluvegasjóði og fjárveitingar til þeirra? Er það fram-

kvæmdaratriði?). Það er ekki framkvæmdaratriði, sem stj. hefir ráð yfir, heldur sýslunefndir, og tel ég sjálfsagt að taka það upp í fjáraukalög, til þess að fylgja ákvæðum stjskr. Ég viðurkenni, að það er breyting frá því, sem áður hefir verið; en ég vil breyta til, og mér skilst, að hv. þm. V.-Húnv. vilji það líka.

Svo að ég víki aftur að jarðræktarstyrknum, þá sagði hæstv. fjmrh., að stj. gæti engu ráðið um hann. Það hafa nú um nokkurn tíma drifið að mér bréf frá bændum, um að stj. hafi lækkað þennan styrk, og ég get ekki annað en viðurkennt, að stj. hafði fulla lagaheimild til þess. Það var nefnilega ekki eins og hæstv. fjmrh. sagði, að stj. hefði enga hlutdeild í þessu. Hún ákveður, hve mikið eigi að fara í hvert dagsverk, og svo er styrkur veittur fyrir dagsverk. En það sjá allir, að því meira, sem lagt er í dagsverk, því minni er styrkurinn. Svo að það er hárrétt, sem ég sagði, að stj. hefði vald til þess að ráða miklu um jarðræktarstyrkinn.

En það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., ef hann hefir skilið orð mín og hv. þm. Dal. þannig, að stj. væri undir öllum kringumstæðum óheimilt að fara fram yfir fjárveitingar. Það hefir mér aldrei dottið í hug að segja. Ýmis gjöld eru þannig, að það er óhjákvæmilegt oft og tíðum. En það, sem við hv. þm. Dal. höfum haldið fram, er, að allar umframgreiðslur eigi að taka upp í fjáraukalög á eftir.

Ég skildi á hæstv. fjmrh., að hann vill ekki breyta frá þeirri reglu, sem fylgt hefir verið, nema fram komi sérstök þáltill., eða ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo. Hann kvaðst mundu fara í þessu efni eftir því, hvort till. meiri hl. féllu eða yrðu samþ. Nú getur auðvitað ekki orkað tvímælis um, hvort þær verði samþ.; það er gefinn hlutur, að það, sem stjórnarflokkarnir standa saman um, verður samþ. Og enga ástæðu hefi ég til að ætla, að þeir fari að tvístrast um þetta atriði, sem að vissu leyti er mjög lítilsvert.

En það, sem ég á einungis eftir, er að endurnýja fyrirspurn mína til hv. frsm. meiri hl. um það, hvort hann vill vera með í að flytja þáltill. um að taka framvegis upp í fjáraukalög allt, sem greitt er umfram fjárlög.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Eftir að hv. 1. þm. Skagf. hefir nú talað, hefi ég ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég hefi tekið fram áður. Ég vil aðeins minna hæstv. fjmrh. á það, að í fyrstu ræðu minni, þar sem ég minntist á 37. gr. stjskr., tók ég fram, að ekki mætti skilja þessi ákvæði allt of bókstaflega. Það er vitanlegt, að hvað eftir annað hafa verið greidd ýmis gjöld án þess að heimild væri fyrir því í fjárlögum eða fjáraukalögum. En ég benti t. d. á eitt dæmi, sem gert er ráð fyrir í þingsköpum, að megi samþ. till., sem hafi fjárútlát í för með sér, með því að hafa tvær umr. um þáltill. En þótt gert sé ráð fyrir þessu, þýðir samþykkt þáltill. aðeins yfirlýsingu til stj. um, að hún verði ekki átalin af þinginu, þótt hún greiði það fé, sem ákveðið er í þáltill. En ákvæði stjskr., að leita heimildar á eftir í fjárlögum eða fjáraukal., standa föst samt sem áður. Ég hefi aðeins sagt, að þessi regla, sem minni hl. hefir komið fram með og hv. meiri hl. hefir fallizt á, eigi sína stoð í 37. gr. stjskr., og frá því verður ekki vikið.

Ég verð að segja það, að þau svör, sem hæstv. fjmrh. gaf hv. 1. þm. Skagf. og mér um, hvernig hann mundi haga sér í framtíðinni með samningu fjáraukalaganna, voru mjög ófullnægjandi. Hann sagði, að hann mundi fara eftir því, hvað yrði ofan á hér í hv. d.; hann mundi fara eftir atkvgr. um, hvaða reglu hann ætlaði að fylgja framvegis. En sannleikurinn er sá, að hvað sem verður ofan á, hvort sem frv. verður samþ. eins og hæstv. stj. hefir lagt til eða brtt. hv. þm. V.-Húnv. ná samþykki, þá er með þeirri atkvgr. ekkert sagt um, hvaða regla eigi að gilda í framtíðinni, því bæði meiri og minni hl. hugsa sér að afgreiða fjáraukalagafrv. án þess að láta þær reglur, sem þeir vilja að farið verði eftir í framtíðinni, hafa nokkur áhrif. Svo að þetta svar hæstv. fjmrh., að hann fari eftir atkvgr., er því alveg út í loftið.

Ég tek því undir með hv. 1. þm. Skagf. um það, að ég vona, að meiri hl. hér í d. standi saman með okkur um að flytja þáltill., þar sem stj. sé fyrirskipað, hvern-

ig hún á að haga þessu máli framvegis, svo framarlega sem stj. ekki vill fallast á till. okkar.

Annars er eðlilegast, að stj. gefi svör við þessu nú og segi, hvað hún ætlar að gera í framtíðinni. Við minnihlutamenn höfum flutt þessar till. alveg áreitnislaust og aðeins hugsað um að innleiða þær reglur, er beztar mættu verða.

Get ég svo lokið máli mínu. Þessar umr. hafa ekki orðið til einskis, því að mér skilst, að búið sé að slá því föstu, að stj. verði framvegis að skoða sig bundna við hina föstu liði fjárl., og ég skildi hæstv. fjmrh. svo, að hann féllist á þá skoðun mína.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. hélt, að við í meiri hl. hefðum verið að flytja þessar brtt. bara til þess að gera fjáraukalögin eitthvað betri fyrir stj. Ég hafði aldrei vikið að endurskoðendunum eða hv. 1. þm. Skagf. um neitt hlutdrægt í þessu máli. En manni liggur við að ætla, að hann hafi einmitt sett þetta inn í fjáraukalagafrv. til þess að fá það hækkað svo, að það yrði eitthvað í námunda við fjáraukal. miklu, og til þess að geta haft þau með sér í töskunni við næstu kosningar. (MG: Ég get þá bara haft frv. stj. með!). Ég segi þetta aðeins af því að hv. þm. er að gera mér getsakir.

Um berklavarnakostnaðinn get ég sagt, að það er rétt, sem stendur í nál. meiri hl., að ekki hafi verið leitað aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum samkv. þessum lögum, sem hafa þó verið til frá 1921. Því hv. 1. þm. Skagf. ætti að vera það kunnugt, að lögin um berklavarnir gengu í gildi um miðjan nóv. 1921, og í landsreikningnum fyrir það ár stendur í 24. gr., að það sé greitt samkv. þessum lögum; og þó segir hv. þm., að sú greiðsla hafi farið fram samkv. öðrum lögum. Ef hv. þm. hefir rétt fyrir sér, þá er landsreikningurinn fyrir þetta ár rangur. (MG: Ég bjó hann ekki til og þarf ekki að svara fyrir hann). Hann getur verið rangur fyrir því, þótt það sé miklu ósennilegra.

Að hve miklu leyti þetta er framkvæmdaratriði, get ég ekki verið að þrátta um, því að meira og minna af þessum lagaákvæðum er framkvæmdaratriði, þótt umframgreiðslur hafi aldrei verið teknar í fjáraukalög. Ég held, að þetta atriði hafi ekki valdið miklu hjá endurskoðendum, þegar þeir gerðu sínar till., því að þeir tóku um 38 þús. kr. umframgreiðslu til sýsluvegasjóða, og þó veit hv. 1. þm. Skagf., að ríkisvaldið hefir ekki neinn ákvörðunarrétt um, hvað þetta er mikið. Það verður að borga út eftir því, hvaða ákvarðanir sýslunefndir taka í vegamálum sínum, nema ef telja má, að það sé ákvörðunarréttur, að vegamálastjóri á að leggja samþykki á framkvæmd slíkra mála í héraði. En það er þá seilzt alllangt eftir framkvæmdarvaldi ríkisins í þessum efnum.

Annars virðist mér það dálítið einkennileg aðstaða, að halda svo fast í þetta, þrátt fyrir ríkjandi venjur um að taka þetta ekki upp í fjáraukalög, þar sem á þingi 1923 voru felldar niður sumar af þessum umframgreiðslum, og allar brtt., sem gerðar voru við fjáraukalögin, voru samþ. með 22—24 shlj. atkv. Svo að þessir hv. þm. hafa gert annað tveggja, að greiða atkv. með þeim eða sitja hjá, en það hafa þó ekki margir gert.

Ég sé því ekki, að veruleg ástæða sé fyrir þá til þess að berjast svo fast fyrir þessu, því að þótt það væri tekið upp í fjáraukalögin, þá er svo langt frá, að komið sé nokkru nær þessu takmarki þeirra, nema örfáir liðir fleiri væru teknir upp. En þeir, sem eftir verða, eru einmitt liðir, sem frekar ættu að koma í aukafjárlög; t. d. ættu flestallar aukagreiðslur að koma þar, ef liðurinn um sýsluvegi verður settur í frv.

Um hitt atriðið, hvort ég vildi vera með þeim í því að samþ. þáltill. um að taka allar umframgreiðslur á útgjaldaliði, vil ég segja, að mín skoðun er sú, að það þurfi að breyta formi fjáraukalaganna og gera það fullkomnara. En ég sé ekki, að ég geti lagt neitt ákveðið til í því efni nú. Ég vil láta stj. ath. það mál, eins og hún virðist líka vera ákveðin í því að leggja til, að breytt verði forminu á landsreikningnum og hann færður í fullkomnara og ljósara form en nú er. Ég vil, að þetta sé gert af stj. og því betra, sem það yrði fyrr gert.

En ég vil ekki vera með í því nú að á-

kveða eitthvert fast form, nema þá að halda sér við það form, sem nú hefir verið ríkjandi um tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Það virðist á þingi 1923 hafa verið gengið alveg umræðulaust inn á brtt. n. við fjáraukalögin fyrir 1921, og það með miklum atkvæðamun, og mér þykir sennilegast, að allir þdm., sem þá voru við, hafi greitt atkv. með þeim. (SE: Vitleysan er ekkert betri, þótt hún hafi komið fyrir áður). Þá var sýnt fram á, að það væri í meira samræmi við stjskr.; það var talað rækilega um það og bent á það í nál., svo að það hefir ekki síður verið ljóst fyrir þeim þá heldur en nú. Og ég vænti þess, að hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. hafi það álit á Jakobi Möller, að hann hafi getað gengið svo frá þessu fjáraukalagafrv., að það væri nokkurnveginn forsvaranlegt að ganga inn á þær brtt., sem hann vildi við það gera, en nú virðist mér þeir jafnvel falla frá þeim skoðunum, sem þeir áður höfðu.

Og meðan þetta frv. svífur hálfgert í lausu lofti, þá er bezt að lofa því að vera í því sniði, sem þinginu hefir hingað til þótt réttast.

Bjarni Ásgeirsson: Það er aðeins eitt atriði í því, sem þeir hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Skagf. deildu um, sem ég vil minnast á, af því að hæstv. ráðh. var ekki við, þegar hv. þm. svaraði honum, atriði, sem ég held, að sé algerlega rangt hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG: Ég er dauður!). Ég vona þá, að hæstv. forseti gefi honum líf aftur.

Hann vildi halda því fram, að stj. hefði algerlega á valdi sínu að ráða, hvort mikið eða lítið væri goldið samkv. jarðræktarlögunum.

Fyrst og fremst vil ég geta þess, að þeirri reglu mun hafa verið fylgt, og er sjálfsagt að fylgja, að meta dagsverk ekki með tilliti til útgjalda vegna jarðræktarlaganna, heldur út frá því einu, hvað sé raunverulegt dagsverk. Matið á að vera sem næst því, hvað dagsverkið kostar á hverjum tíma, og þess vegna á það ekki að vera neitt með tilliti til útgjaldanna. En þó að svo væri, þá er ekki venja að meta þetta dagsverk nema endrum og eins. Oft líða 10 ár á milli, þegar verðlag er stöðugt. Jafnvel á þessum miklu verðsveifluárum, 1923—1930, hefir ekki verið metið upp nema einu sinni. Þegar svona sjaldan er metið, er augljóst, að mjög lítil áhrif er hægt að hafa á, hvað borgað er út. Og jafnvel þótt metið væri á hverju ári, þá er ekki með því hægt að hafa áhrif á útgjöld hvers árs, því að það er borgað út eftir mati, sem búið er að gera tveim árum fyrr.

Þess vegna verður stj. t. d. að beygja sig undir það mat, sem var á dagsverki 1928 og 1929, þegar hún borgar út samkv. fjárlögum fyrir 1930. Og þótt hún vildi breyta matinu 1930, gæti það ekki haft nein áhrif á þá upphæð, sem goldin er 1930.

Ég tek þetta dæmi til þess að sýna, að frá ári til árs er ómögulegt fyrir stj. að hafa áhrif á útgjöldin með breytingum á matinu.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. vildi afsanna, að stj. hefði áhrif á upphæð jarðræktarstyrksins með því að ákveða, hversu mikið væri í hverju dagsverki. Hann hefir nú sjálfur í sinni ræðu viðurkennt, að það er stj., sem á að meta dagsverkið. En hann segir: Það á að vera eins og dagsverkið er í raun og veru. Náttúrlega á svo að vera, en hv. þm. veit vel, að þegar verið er að setja ákvæði um, hvað teljast skuli margir ferfaðmar í dagsverki við þúfnasléttun um allt land, þá er það ekkert annað en mat og ágizkun. Útreikningar geta ekki komizt að, þar sem staðhættir eru svo mismunandi, því það getur verið eins gott að slétta 15 faðma á einni jörð eins og 10 faðma á annari. Þetta verður því ekkert annað en mat. Þetta var það, sem ég var að sýna fram á, og þetta er rétt.

En auk þess er annað atriði, sem stj. á að meta, og það er, hvenær jarðabætur séu fullgerðar. Stj. er ekki settur stóllinn fyrir dyrnar með það; hún getur breytt því, ef henni sýnist svo.

Um að matið verki ekki aftur fyrir sig, það hefi ég ekkert um sagt, en það hefir sín áhrif fyrir því, þótt það komi ekki fram fyrr en síðar.

Annars geri ég ráð fyrir, að svo geti farið, að við leiðum síðar saman hesta

okkar út af þessu, við hv. þm. Mýr., sem ég býst við, að verði aðstoðarmaður hæstv. ráðh. (TrÞ) í þessu máli. Get ég því fallizt á, að við slíðrum sverðin þangað til, en þá skulum við líka bregða þeim, og það vel og rækilega. Þá mun ég sýna fram á, að núv. stj. hefir stórlækkað jarðræktarstyrkinn með því að breyta til um, hvað teljist í dagsverkinu. Með þessu er það sýnt, að það er rétt, sem ég hefi haldið fram, að stj. getur haft áhrif á upphæð jarðræktarstyrksins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 434,1.—3. samþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, Þorl.J, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HV, IngB.

nei: JJós, JAJ, JS, MG, ÓTh, PO, SE, HK, BSv.

LH greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JÓl, MJ, ÁÁ, EJ, HG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 434,4. samþ. með 13:6 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 434,5. samþ. með 13:9 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 434,6. samþ. með 13:8 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 465).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 465).

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir Nd. Alþ. í byrjun þings. Nú er komið að þinglausnum, þegar frv. kemur hér til 1. umr. Nú mun það vera vilji margra þm., að þinginu geti orðið lokið á næstu dögum. Verður því að hraða afgreiðslu þeirra mála mjög, sem á annað borð eiga að fá fulla afgreiðslu. Af þessu leiðir einnig það, að lítill tími verður fyrir þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að rannsaka það gaumgæfilega. Tæpast mun þó hlýða, að þetta frv. og næstu tvö málin (landsreikn. '28 og fjáraukal. '29) fari nefndarlaust í gegnum þessa deild. En verði það ofan á í deildinni, þá mun ég ekki setja mig á móti því. Fari það hinsvegar í n., sem ég geri ráð fyrir, þá vil ég óska þess, að n. hraði störfum sínum eftir föngum, svo málið geti fengið fulla afgreiðslu á næstu dögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 542).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Þar sem frsm. n. er ekki við, þá get ég fyrir n. hönd getið þess, að enda þótt n. kunni að vera eitthvað ósammála um einstaka liði, þá leggur hún þó til, að frv. sé látið ganga óbreytt fram.

Jón Þorláksson: Ég hefi þá sérstöðu í n., að mér þykir dálítið einkennilegt, að þegar stj. biður um samþykki á fjáraukalögum fyrir 1800 þús. kr., þá vill hv. Nd. ekki leyfa henni að fá samþykki fyrir nema 1200 þús. kr., eða rétta ⅔ hluta þess, er hún biður um. Ég fyrir mitt leyti sá enga ástæðu til þess að neita stj. um það, sem hún fór fram á í frv. sínu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

17. Landsreikningur 1928.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1928 (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 435).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Ég hefi lítið að segja, annað en það, sem stendur í nál. (MT: Guði sé lof!). Ég skal þó rifja upp aðalatriðið í nál., sem er aths. endurskoðenda undir 3. lið, um ósamræmið milli reikninga Landsbankans og ríkissjóðs og sem n. telur stj. ekki hafa svarað til fullnustu. En höfuðatriði þeirrar aths. er þetta:
Í landsreikningnum er talið til eignar kr. 1.500.000.00 innskotsfé ríkissjóðs í Landsbankann, samkv. l. nr. 50 1913. Þessa upphæð hefir Landsbankinn nú afskrifað. Virðist nefndinni því ekki rétt að telja þessa upphæð, eins og stendur, með eignum ríkissjóðs, en viðurkennir hinsvegar, að líkur séu til, að Landsbankinn muni af aflafé sínu geta safnað þessu stofnfé, og þykir því rétt, að krafan um þessa upphæð sé færð innanstriks í skýrslunni um eignir og skuldir ríkissjóðs og sé ekki talin sem eign á annan eða meiri hátt en reikningar Landsbankans bera með sér, að til sé fyrir þessari kröfu á hverjum tíma, sbr. aths. landsbankanefndar við reikning 1928, sem er prentaður undir 3. lið í svari ríkisstjórnar.
Telur nefndin, að við svo búið megi standa að þessu sinni, en framvegis beri að fara eftir tillögum nefndarinnar um færslu á þessum lið reikningsins.
N. þótti ekki ástæða til að fara að breyta þessu nú, en ætlast hinsvegar til, að stj. hagi svo færslu þessa liðar í framtíðinni, sem hér er stungið upp á. Geri ég ekki ráð fyrir, að hæstv. stj. geti haft nokkuð við það að athuga.
Þá vildi ég benda á það fyrir hönd n., að í skýrslu um eignir og skuldir ríkisins 31. des. 1928 er undir 13. lið skuldamegin enska lánið 1921, £ 119,582—4—5, talið í íslenzkum kr. 2.523.184.95, og er pundið þá reiknað á kr. 21.10. Þar sem pundið hefir nú lengi staðið fast í kr. 22.15 og væntanlega má treysta því, að gengið fari ekki niður fyrir þá upphæð, telur n. rétt, að framvegis verði hið raunverulega gengi pundsins lagt til grundvallar við færslu þessa liðs. Hefir þetta þau áhrif á niðurstöðuna, að mismunurinn á eignum og skuldum verður minni, svo sem hann í raun og veru er. En það gegnir sama máli um þetta atriði sem hið fyrra, að n. sá ekki ástæðu til að fara að koma með till. til breyt. á færslu þessa liðar nú, en mælist til þess, að hæstv. stj. taki það til athugunar í framtíðinni.
Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram að svo komnu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Því er ekki að leyna, að menn líta nokkuð ólíkum augum á það, hvernig færa eigi á landsreikningnum innskotsfé ríkisins í Lands-

bankann. Í landsreikningnum, sem hér er um að ræða, er þetta fé, 1.500.000.00, talið ríkinu til eignar.

Nú er vitanlegt, að búið er að afskrifa þetta fé af reikningum bankans og að það er ekki til þar nú, en hinsvegar hefir ríkið greitt þessa fjárhæð til Landsbankans og er hún færð á landsreikninginn sem krafa, er ríkið eigi á hendur Landsbankanum. Vitanlega er hér ekki um kröfu að ræða í venjulegum skilningi, þannig að Landsbankanum beri skylda til að greiða þetta fé, heldur ber að líta á þetta sem eign, sem er sérstaks eðlis, á sinn hátt eins og Landsbankinn í heild sinni er eign ríkisins, þó að ekki sé hann talinn ríkinu til eignar á landsreikningnum, enda er aldrei hægt neitt um það að segja, hversu mikils virði hann er. Ég áleit ekki rétt að strika þetta út, eins og hér væri um upphæð að ræða, sem aldrei sæist framar, og því er það fært á landsreikningnum sem nokkurskonar krafa. Hvort sú krafa er mikils eða lítils virði í sjálfu sér, skiptir minna máli.

Mér skilst, að hv. n. vilji láta færa þessa kröfu innanstriks. Þar sem gera má nú ráð fyrir, að Landsbankinn muni af aflafé sínu smátt og smátt geta safnað þessu stofnfé, þætti mér fróðlegt að vita, hvernig n. hugsar sér, að þessari færslu varði hagað, þegar bankinn fer að safna. Það er náttúrlega hægt að færa þetta utanstriks eða innan, eftir því sem bankinn safnar þessu, en það verður hálfálappaleg bókfærsla. Annars held ég engu ákveðnu til streitu um það, hvernig færslu þessa liðs skuli hagað. Hér er um upphæð að ræða, sem ríkið hefir enga kröfu á að fá sér greidda, og ef eignir ríkissjóðs yrðu gerðar upp, veit enginn, hversu mikið hann á, þar sem Landsbankinn er. Ef Alþingi óskar eftir, að þessi upphæð verði færð eftir till. n., verður það að sjálfsögðu gert, en eins og málið liggur nú fyrir, getur vilji Alþingis í þessu efni ekki komið fram. Þó að n. mælist til þess, að þessari færslu verði fremur hagað á einn veg en annan, verður slíkt ekki bindandi á neinn hátt, þar sem það kemur aðeins fram sem tilmæli í nál.

Ég get verið sammála n. um, að það sé í raun og veru rétt að færa enska lánið með hinu núverandi gengi pundsins, en í landsreikningnum, sem hér um ræðir, var haldið þeirra venju, sem verið hefir undanfarið, hvað færslu þessa liðs snertir. Þar sem n. telur réttara að færa þennan lið með genginu 22.15, verð ég að skilja það svo, að n. líti svo á, að þetta sé það fasta gengi nú og í framtíðinni.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst það næsta einkennilegt, að hæstv. fjmrh. skuli líta svo á, að rétt sé að færa þessa 1½ millj. sem eign á landsreikningnum, enda þótt upphæðin sjáist hvergi og sé ekki talin meðal skulda Landsbankans á reikningi bankans. Ég fæ ekki annað séð en að það sé algerlega villandi að færa þetta sem eign eins og stendur. Hinsvegar er ekki nema sjálfsagt, að þetta sé fært sem eign jafnóðum og bankinn safnar þessu fé fyrir, eins og gera má ráð fyrir, að verði. Hitt læt ég mig engu skipta, hvort þetta verður fært utanstriks eða innan, en það er deginum ljósara, að ekki er rétt að færa þessa upphæð sem eign, svo lengi sem hún er ekki til.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að eins og þetta liggur nú fyrir, kemur ekki fram nein yfirlýsing frá þessari deild um það, hvernig þessari færslu skuli hagað í framtíðinni, en hinsvegar verð ég að líta svo á, að deildin fallist á till. n. um það, hvernig þessu skuli haga, ef ekki koma fram nein andmæli gegn þeim.

Ég vil leyfa mér að leiða athygli að því, að meðal óvissra tekna á árinu 1928 eru taldar 1000 kr. fyrir björgun m/b „Erik“ frá Keflavík, sem „Þór“ bjargaði úr sjávarháska. Er auðséð af þessu, að hæstv. stj. lítur svo á, að þá einungis eigi ekki að taka björgunarlaun af hálfu varðskipanna, þegar um erlend skip er að ræða. Fæ ég ekki skilið, af hverju útlendingar eiga að hafa betri rétt í þessum efnum en við Íslendingar sjálfir. Er þess skemmst að minnast, hvílíkt veður var gert út af því, þegar tekin voru björgunarlaun fyrir björgun á enska togaranum „Ohm“. Þá var það talið óhæfilegt af varðskipum að taka björgunarlaun, en eftir þessu virðist sem taka eigi björgunarlaun fyrir varðskipin, þegar innlendir menn eiga í hlut. Útlendingar eiga aftur

á móti að sleppa. Er þetta í senn einkennileg og óverjandi regla.

Þá er þess að geta, að greiddar hafa verið kr. 6332.20 fyrir uppihald gæzlufanga á sjúkrahúsinu í Hafnarfirði. Eftir svari stj. að dæma við aths. yfirskoðunarmanna um þennan lið, var hér ekki um gæzlufanga að ræða, enda gat svo tæplega verið, heldur um fanga, sem látnir voru taka út hegningu á sjúkrahúsi í Hafnarfirði. Geri ég ráð fyrir, að þessir fangar hafi ekki þolað að taka út hegningu hér í Reykjavík heilsu sinnar vegna, en ég býst hinsvegar við, að mörgum muni finnast heldur lítil refsing í því að leggja þá inn á sjúkrahús og láta þá búa þar við venjulega sjúkrafæðu, enda þótt maður á háum launum hafi verið hafður til að gæta þeirra.

Þá hafa Guðmundi Hlíðdal verið greiddar kr. 3750.00 fyrir árin 1925, 1926 og 1927, og er það haft að ástæðu, að hann hafi orðið að aðstoða og gegna störfum landssímastjóra í veikindum hans. Þessi embættismaður átti enga kröfu á þessari greiðslu, því að samkv. launalögunum er hver embættismaður skyldur til að gegna embætti yfirboðara síns í forföllum hans, endurgjaldslaust. Hér er því um hreina ívilnun eða bitling að ræða, því að stj. brast með öllu heimild til að greiða þessa upphæð.

Þá er að minnast á utanfararstyrkina. Þeir eru nú farnir að tíðkast allmikið, og sumir nokkuð háir. Utanfararstyrkir tilfærðir í 15. og 19. gr. eru þannig til samans kr. 25099.00, eða meira en 4 sinnum meira en áætlað er í 15. gr. Auk þess eru ýmsir utanfararstyrkir taldir hingað og þangað um landsreikninginn, sennilega til þess, að minna beri á þeim. Þannig eru skipherranum á Ægi greiddar tæplega kr. 8000.00 til utanfarar. Ég hygg, að þessir utanfararstyrkir, sem hæstv. stj. hefir greitt á árinu 1928, muni allt í allt ekki vera mikið undir 50 þús. kr., og þar sem ekki voru veittar nema 6000 kr. í þessu skyni, virðist sem hæstv. stj. hafi látið sér í léttu rúmi liggja vilja Alþingis í þessu efni.

Ýmsar fleiri greiðslur væri ástæða til að minnast á, en þó skal ég ekki fara langt út í það. Ég skal aðeins nefna það, að til rekstrar Staðarfellsskólans hafa verið greiddar 1000 kr., og er þessi greiðsla tilfærð í óvissum gjöldum, en ekki á kontó skólans, eins og vera ætti. Auk þess hefir skóla þessum verið greitt meira en tvöföld áætlun þingsins samkv. 14. gr.

Yfirskoðunarmenn gerðu aths. um það, hversu mikil skuld viðlagasjóðs væri við ríkissjóðinn. Nam hún í árslok 1928 kr. 355718.69. Í svari stj. við þessari aths. segir svo, að viðlagasjóður hafi greitt ríkissjóði alla skuld sína á árinu 1929. Hlýtur þessi greiðsla að hafa farið fram eftir að endurskoðuninni lauk, en það var ekki fyrr en í desember 1929. Er mér það gleðiefni, að þessu er svo varið, þó að ég skilji ekki, hvaðan viðlagasjóði hafa komið peningar til þess að greiða þessa skuld, því að ég stend í þeirri meiningu, að sjóðurinn hafi á þessum tíma ekkert fé haft, vegna þess hve mikið hafði verið lánað úr honum. Sjálfsagt liggur eitthvað á bak við í þessu, sem ég veit ekki um, og vænti ég því, að hæstv. ráðh. upplýsi það.

Þá vil ég minnast á eitt atriði, þó að það komi stj. ekki beinlínis við. Á reikningi Alþingis fyrir árið 1928 eru tilfærðar 700 kr., greiddar Karli Einarssyni fyrrv. bæjarfógeta, fyrir aðstoð við forseta. Yfirskoðunarmenn spurðust fyrir um það, hvernig í þessari greiðslu lægi, en ekkert svar barst um það. Þó að hér sé um litla upphæð að ræða, er viðkunnanlegra að vita, hvað til hennar hefir verið unnið. Vænti ég þess því, að þeir forsetar, sem hér eiga hlut að máli, svari til þessa. (MJ: Þetta er sennilega kostnaður í sambandi við „Sigríði sálugu"). Nei, hún kemur ekki til sögunnar fyrr en 1929.

Þó að það kunni að þykja smámunir, get ég ekki hlaupið yfir það, að í kostnaði við sambandslaganefndina eru taldar kr. 1098.50 fyrir að flytja n. upp í Borgarfjörð og sjá henni og skipshöfninni á „Óðni" fyrir bifreiðarferðum þar um héraðið. Virðist allur þessi kostnaður ekki geta átt heima á þessum lið, heldur annarsstaðar, a. m. k. að því er snertir útgjöld í sambandi við skipshöfnina á „Óðni". Þau hefðu að sjálfsögðu átt að færast á reikning varðskipanna.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Ég vildi að-

eins, að því er snertir atriðið um ensku pundin, lýsa yfir því, að þar sem hæstv. fjmrh. hefir sagt, að hann mundi fara eftir því, sem n. leggur til um það atriði, þá er ekki þörf á að ræða það frekar.

En að því er síðara atriðið snertir, þá er það rétt, að það, sem kemur fram í nál., er ekki bindandi fyrir ríkisstj. Ég tók það líka fram í fyrri ræðu minni, að ef það hefði átt að fara að úrskurða reikninginn, þá hefði þurft að gera það með þáltill., en n. fannst ekki ástæða til að gera breyt. við þennan reikning. En hinsvegar virðist n. það vera svo sjálfsagt, að hæstv. stj. líti nokkuð líkt á þetta og nefndin, því þar sem Landsbankinn hefir afskrifað þessa upphæð og á ekkert fyrir henni, þá nær ekki nokkurri átt að telja þessa upphæð sem fulla eign ríkissjóðs.

Hinsvegar verður þetta eign fyrir ríkissjóðinn, ef Landsbankinn vinnur sig upp, sem vonandi er, og er því rétt að tilfæra hana á landsreikningnum sem eign samtímis því sem Landsbankinn færir hana eða hluta af henni á reikning sinn.

Aftur má upphæðin standa öll innan striks, til þess að minna á hana, eða sá hluti hennar, sem ekki er búið að færa utan striks.

Eins og nú stendur, veit enginn, hvers virði þessi upphæð er, og í raun og veru gæti hún verið einskis virði, ef óhöppin héldu áfram að elta Landsbankann.

Magnús Jónsson: Ég hafði hugsað mér að hreyfa nokkrum aths. í sambandi við þessar aths. endurskoðunarmanna, en hv. 1. þm. Skagf., sem er yfirskoðunarmaður, hefir gert það, svo að ég mun ekki hreyfa því frekar, því að hv. þm. hefir minnzt á allt það, sem ég ætlaði að tala um.

En ég vildi segja nokkur orð viðvíkjandi þessari aths. endurskoðenda um innskotsfé Landsbankans og hvernig eigi að færa það. Ég get ekki verið þeim samdóma um það, að þetta eigi að vera á reikningnum, þar sem því er yfirlýst hér, að ekki sé um eign að ræða. Úr því að um efnahagsreikning er að ræða, er ekkert við það að athuga, þótt einn liður hverfi, alveg eins og skuld, sem greidd er, hverfur af efnahagsreikningi. Hitt er annað mál, að náttúrlega á, eftir réttum reikningsfærslureglum, að vera hægt að sjá það í bókfærslu hvers firma, hvernig hagur þess er, og alveg eins og skuld hverfur, eins á þetta að koma fram á landsreikningnum, t. d. við afborgun skuldar og framlags til Landsbankans, þar hefði verið sett niður það, sem beinlínis væri afskrift á efnahagshlið reikningsins. Hitt er rangt, að telja upphæðina sem eign, ef hún er alveg töpuð.

Hinsvegar er það, að þó að möguleikar séu til, að Landsbankinn safni þessu fé aftur, þá verður ekkert annað en að það kemur þá inn á efnahagsreikning jafnóðum og þá inn á reikning Landsbankans. Þessi jafnaðarhagsskýrsla er ekkert annað en til fróðleiks, og því ekki ástæða til að flytja þáltill. um þetta, en fyrir mitt leyti vil ég beina því til hæstv. stj., að hætta að telja þetta á efnahagsreikningi, en ef hún vill hafa bókfærslu sína í góðu lagi, þá væri rétt að láta það koma fram, að þetta innskotsfé væri afskrifað, ef menn ekki teldu nóg að hafa sem fylgiskjal reikning Landsbankans.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Ég vildi út af þessum ummælum hv. 1. þm. Reykv. taka það fram, að ef þetta er fært eins og n. leggur til, þá hefir upphæðin ekki áhrif á niðurstöðu skýrslunnar. Ef upphæðin er færð eins og nú er, þá gerir hún hag ríkissjóðs 1500000 kr. betri; ef hún er færð innanstriks, hefir hún engin áhrif á niðurstöðu fjárhagsins. En hinsvegar er ekki hægt að neita því, að þar sem ríkissjóður er eigandi að þessari kröfu, er ekki hægt að segja, að hún sé einskis virði, enda þótt Landsbankinn eigi ekki fyrir henni, en ef bjart verður yfir atvinnuvegunum á næstu árum og allt gengur vel, þá er ekki svo óeðlilegt, að Landsbankinn eigi eftir að græða svo mikið, að hann geti eignazt sem þessu svarar. Eins og þetta er fært, þá kemur það til að hafa áhrif á niðurstöðu eigna og skulda, jafnóðum og hann eignast þetta; en ég get ekki séð, að það geri nokkra breyt., þótt þessi krafa sjáist, en hún kemur til að hafa áhrif á reikninginn jafnóðum og eitthvað kemur upp í kröfuna. Sannleikurinn er sá, að kröfur, sem maður hefir á ýmsa einstaka menn, þótt þeir eigi ekki fyrir þeim í augna-

blikinu, þá getur aðstaða þeirra síðar orðið þannig, að þær hafi fullt gildi. Hvers virði er ekki hægt að segja, en rétt er að láta þær ekki hafa áhrif fyrr en gildi þeirra kemur til. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að breyta færslu n.

Magnús Jónsson: Ef ríkissjóður ætti skip, sem sykki óvátryggt, en hefði auðvitað verið talið eign ríkissjóðs, þá myndi sá liður falla niður af eignaskýrslunni, og þar sem skipið var óvátryggt, er engin von um, að ríkissjóður fái þetta inn, og því væri rétt að láta koma út á eignaskýrslunni þann skaða, sem ríkissjóður hefði beðið.

Nú er þessu ekki svo varið með þetta innskotsfé. Það er sem sé, eftir þessari skýrslu, að vísu tapað að svo komnu, en það er von um, að Landsbankinn vinni þetta upp og ríkið fái sína peninga aftur. En þá eru alveg rétt færðir reikningar hjá hæstv. stj., því að þetta er þá útistandandi skuld, og hefði átt að færa það sem vissa skuld, því að annaðhvort verður að segja: Þetta er tapað fé, og þá á það ekki að vera á eignaskýrslunni, eða þá, ef litið er á það sem þetta sé aðeins fé, sem Landsbankinn hafi tapað í svip, en muni endurgreiða aftur, þá er rétt að telja það með eignum ríkissjóðs, því að þá er það útistandandi skuld. — Nei, ég álít langréttast að líta á þetta sem tapað fé; ef bankinn greiðir það aftur, má líta á það sem nýja eignaaukningu ríkisins, en í þetta skipti ætti að fella það niður eða setja aðeins aths. neðanmáls um það, hvers vegna það hefði verið fellt niður. En mér finnst, að hv. n. fari út í ógöngur með þessu móti, með því að andmæla, að þetta sé talið á eignaskýrslu, en vilja þó ekki telja þetta sem útistandandi skuld.

Hákon Kristófersson: Ég tók eftir því áðan, að hv. þm. Skagf. hreyfði ýmsum aths. við þetta mál, en hinsvegar saknaði ég þess mjög, að hæstv. stj. svaraði þessu engu. Þar af leiðandi finnst mér ástæða til að spyrja: Er það meining hæstv. stj., að hún vilji ekki láta þm. í té upplýsingar um þau atriði, er þeim virðist ástæða til að spyrja um, eins og t. d. af hverju ýmsar fjárgreiðslur hafa verið greiddar án allrar heimildar? Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að nefna örfá dæmi, bæði af þeim, sem hv. 1. þm. Skagf. tók fram, auk nokkurra annara. Er þá fyrst að nefna Staðarfellsskólann og aðstoð til forseta Alþingis, sem hr. Karli Einarssyni er greitt fyrir, og þessi mjög svo myndarlega en einkennilega kaupgreiðsla til hr. Guðm. Hlíðdals. Ég fyrir mitt leyti veit ekkert um þær brýnu ástæður fyrir þessu, og þess vegna víti ég það, að hæstv. stj. vill ekki svara fyrirspurnum þingmanna, er þeim virðist ástæða til að fá upplýstar. (**Fjmrh.:** Stjórnin hefir ekkert með þingkostnað að gera). Nei, látum svo vera, en hefir hún þá ekkert með Staðarfellsskólann að gera. eða aðrar þær greiðslur, sem um hefir verið talað og undrun sæta? En það er skóli, sem séð er, að er ekki eins mikils virði og hann var talinn, þegar var verið að stofnsetja hann. (**SE:** Þetta er ekki rétt). Hv. þm. talar hér um mál, sem hann er vegna aðstöðu sinnar ekki fullbær að dæma um, — eða á ég að fara að lesa upp hina stuttu æfisögu skólans, æfisögu, sem því miður er ekki sem glæsilegust, og sýna fram á, til hvers gagns hann hefir orðið landi og lýð með hliðsjón af búrekstrinum? Það hefir verið varið talsverðu fé, já mörgum þúsundum, þar til gripakaupa, en hvað er orðið af þeim fénaði, sem keyptur hefir verið til skólabúsins? Ég veit ekki, hvort enzt hefir tími til að éta hann allan upp síðan síðastl. haust, þegar það sýndi sig, að þeir, sem fóru með þennan búskap, voru alls ófærir til þess. Nei, hv. þm. Dal. ætti að kynna sér það hörmulega ástand, sem þar hefir ríkt og ríkir, áður en hann fer að hnekkja nokkuð mínum ummælum. Og svo er eitt enn, að ekki fæst nokkur mannskepna til að vera þar, nema einn unglingur, sem er hafður til að annast hin nauðsynlegustu heimilisverk og til að hirða þessar tuttugu kindur, eða rúmlega það, sem ekki vannst tími til að selja eða éta upp á síðastl. hausti. — En þetta eru ekki mín orð, ég er hér að skýra frá orðum reynslunnar, og það er enn óskýrt frá mjög miklu, sem reynslan segir um þetta mál, t. d. að nú er svo komið, að þessi ágæta jörð, sem skólinn er á, er nú óbyggð. Það var víst í gær, sem hæstv. ráðh. skýrði frá því, að nú hefði stj. lánazt að byggja hana

aftur einhverjum, en þess þurfti náttúrlega, af því að skólastýran, sem hafði fengið hana til ábúðar, flosnaði upp, eftir að hafa búið þar 1—2 ár — og svo var því lokið. Þetta er sú sorglega reynsla um þetta fyrirtæki, og vitanlega hefði ég ekki farið að kvarta yfir þessu fyrir mitt leyti, en úr því að þetta ber á góma á annað borð, þá þykir mér hlýða að geta þess, að þarna hefir rætt minn spádómur gersamlega. Ég finn mig, úr því sem komið er, skyldan til að segja frá þessu viðvíkjandi Staðarfellsskólanum, en ég hefði þó ekki gert það, ef hv. þm. Dal. hefði ekki tekið svo óstinnt upp fyrir mér það, sem ég sagði, sem vitanlega stafar algerlega af ókunnugleika hv. þm.

Það er svo margt, sem maður gæti upplýst í þessu máli, en þar sem ég veit, hvernig mínar upplýsingar myndu verða, þá veit ég líka, að hv. þm. Dal. kærir sig ekkert um þær, og þess vegna ætla ég ekki að gera það, nema ég verði neyddur til. Annars hygg ég, að okkur entist ekki dagurinn til, ef við færum að lýsa þeirri óhamingju, sem okkur henti, þegar umsjón Staðarfellsjarðar og skólans var falið þeim, sem nú hefir hana. Við andstæðingar þess máls vorum bornir brigzlum fyrir okkar framkomu í málinu, en sannleikurinn lætur ekki að sér hæða, hann kemur upp, þótt síðar verði og þótt honum sé hægt að þrykkja niður um sinn. (**Forseti**: Það væri æskilegt, að menn blönduðu ekki Staðarfellsskólanum meira inn í þetta mál en nauðsyn krefur). Þetta var aðeins af brýnni nauðsyn. — Ég var til þess knúður, af því að talið barst að þessari jörð.

Magnús Guðmundsson: Ég verð um þessa deilu milli hv. 1. þm. Reykv. og hv. n. að segja það, að mér finnst, að n. hafi á réttu að standa. Þetta framlag hjá Landsbankanum er að sönnu, eins og nú er, tapað, en svo framarlega sem gengið er út frá því, að bankinn borgi jafnóðum þessa upphæð, og hann eignast fé til þess, þá er rétt að hafa hana þarna, en án þess að það hafi áhrif á útkomu reikningsins, en á hinn bóginn ekki rétt að telja hana sem fulla eign, því að það yrði að teljast rangur reikningur, sem ekki bæri saman við reikning Landsbankans. (**MJ**: Þá á að fella hana niður). Er það þá ekki meining hv. 1. þm. Reykv., að bankinn borgi þetta aftur, ef hann safnar fyrir því? (**MJ**: Jú, en þá er það ný eign). En þarna er þetta þá aðeins haft til að minna á þessa eign, og ég tók það einmitt fram í minni ræðu og lagði þar áherzlu á það, að upphæðina mætti alls ekki telja eign eins og stendur.

Hæstv. fjmrh. hefir engu svarað þeirri spurningu, sem ég beindi til hans. (**Fjmrh.**: Ég hefi ekki komizt að). Ráðherra getur alltaf komizt að. Ég spurði, hvaðan viðlagasjóður hefði fengið peninga til að greiða með svo mikla skuld síðasta mánuð ársins 1929.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Mín aths. getur, að því er snertir hv. 1. þm. Reykv., verið ennþá styttri, eftir að hv. 1. þm. Skagf. hefir tekið fram það, sem ég vildi segja.

Það liggur í hlutarins eðli, að ég sé ekki, að menn geti séð nokkra veilu hjá hv. n. í þessu. Hv. n. vill láta þetta sjást og standa þarna, eins og hv. 1. þm. Skagf. segir. Samlíking hv. 1. þm. Reykv. um sökkvandi skip getur ekki átt við hér, af því að Landsbanki Íslands er ekkert sökkvandi skip. En því má trúa, að Landsbankinn muni eignast þetta fé síðar, og þá er rétt að minna á þessa upphæð, með því að láta hana standa þarna, en ekki hafa áhrif á eignahliðina, áður en hún er komin inn.

Ég veit, að hæstv. forseti muni ekki geta fengið sig til að meina mér að gera örstutta aths. um Staðarfellsskólann. Hann er til sóma fyrir héraðið og er rekinn af miklum dugnaði og við mikla aðsókn. Allir, sem til þekkja, vita, að það er fyrirmyndarstjórn á skólanum. Það er mjög svo óheppilegt, að það skuli hafa verið farið svo hörðum orðum sem hér hefir gert verið um forstöðukonu skólans. Ég hefi oft komið að Staðarfelli; ég er ekki sjálfur bær að dæma um það, sem þar er kennt, en ég heyri, að almenningur álítur, að skólinn sé rekinn af miklum dugnaði, og gott sýnishorn þess er það, hve mikla aðsókn hann hefir. Það, sem hv. þm. Barð. sagði um búið, get ég ekki dæmt um, af því að ég þekki ekki nóg til þess, en þessi skólastýra, sem

hefir lagt allt sitt þrek í að stjórna skólanum, hefir ekki samtímis annað því að reka búskapinn, og bróðir hennar, sem hafði á hendi stjórn búsins, fór frá henni síðastl. vor. Ég veit ekki til annars en að búið hafi verið selt og að hver hafi fengið sitt, sem þar hafi átti til skuldar að telja, svo að ég mótmæli algerlega þeim hörðu ummælum, sem komið hafa frá hv. þm. Barð. Þessi skóli hefir verið til fyrirmyndar, en hvað það snertir, að enginn ábúandi hafi fengizt á þessa fyrirmyndarjörð, þá get ég mótmælt því líka, vegna þess að orðlagður dugnaðarmaður, Þórður frá Breiðabólsstað, hefir fengið ábúð á jörðinni; það er því naumast hægt að fá betri mann til að sitja hana. En um það, hvort jörðin er komin í niðurníðslu fyrir þann stutta tíma, sem skólinn hefir haft þar bú, má bezt dæma með því að athuga það, hvort Þórður frá Breiðabólsstað myndi þá sækja til jarðarinnar, frá sinni góðu jörð. Ég vil því mótmæla þeim áburði algerlega.

Hákon Kristófersson: Ég vona, að hæstv. forseti sýni mér þá sanngirni að leyfa mér að tala um annað en það, sem fyrir liggur, þegar svona stendur á. Ég ætlaði ekki að taka til máls nú, en ég verð að svara hinni ágætu ræðu hv. þm. Dal.

Það hefir oft verið sagt um vin minn, hv. þm. Dal., að hann sé góður að tala fyrir eyrum lýðsins. Því miður voru þau heldur fá, sem ræðu hans heyrðu, en ég vona, að sá sannfæringarkraftur, sem var í orðum hans, hafa ekki farið framhjá eyrum þeirra, sem heyrðu.

Ég vona, að hv. þm. taki mér það ekki illa upp, þó að ég sé ekki svo uppfullur af hræsni og skriðdýrshætti, að ég segi ekki fulla meiningu mína, hver sem í hlut á. Ég verð að tala um þessar persónur frá almennu sjónarmiði, því að þær hafa nú einu sinni lagt það á sig að sjá um þessa stofnun, og væri full ástæða til, að það væri ósk manna, að það væri með sem mestum sóma fyrir héraðið. Ég sagði ekkert um það, að skólinn væri héraðsskömm, og veit ekki, hversu dómbær hv. þm. er til að segja um það, en hv. þm. var með í þeirri krýningu í fyrra, þegar hann tók höndum saman við þá menn, sem að mínu áliti gerðust engu betri en líkræningjar, svo að það er ekki nema eðlilegt, að hverjum þyki sinn fugl fagur. (SE: Tölum ekki í líkingum). Það verða ekki líkingar hjá mér, en hv. þm. verður að finna sig í því, að ég svari honum, þótt svörum mínum verði mjög í hóf stillt og ólíkt kurteislegri en hans ræða var. Hv. þm. sagði, að öll stjórn þarna hefði verið fyrirmynd. Jú, jú. Bjó eitt ár, eitt ár með o. s. frv. Búið eftir eitt ár að selja allan fénaðinn, svo er komið til stj. og sagt: Fyrir guðs skuld, takið af mér jörðina, ég er ekki fær um að stjórna henni. Þetta er nú á íslenzku kallað að flosna upp. Getur verið, að stjórnin hafi verið sæmileg innanbæjar, ég segi ekkert um það, ég tala aðeins um þetta frá almennu sjónarmiði, og þegar ég tala um skólann, þá á ég vitanlega við afkomuna á Staðarfelli yfirleitt. Því skal ekki neitað, að skólinn hefir til þessa verið fjölsóttur, en við skulum sjá, hvernig það verður eftir ein 2—3 ár, hvort sömu stúlkur þegar tímar líða koma þar oftar en einu sinni.

Það má vel vera, að skólastýran hafi lagt allt sitt mikla þrek fram. Ég skal ekkert um það segja. En það eitt er víst, að hún hefir gersamlega gefizt upp við búskap á jörðinni. Viðkomandi því, er sagt var um missi ráðsmannsins, þá má um það segja, að bústýran hefði átt að þekkja bróður sinn, svo að henni kæmi ekki á óvart, þó að hann hlypi frá henni. Ég sagði ekkert um það, að hver fengi ekki sitt. En úr því að hv. þm. Dal. fullyrðir, að allir fái sitt, þá verð ég draga í efa, að ríkissjóður fái sitt af því framlagi, sem til skólans hefir gengið, því kunnugt er mér um það, að fénaður sá, er seldur var á uppboði síðastl. vor, seldist undir því verði, er fyrir hann var upprunalega gefið. Ekki datt mér í hug að segja, að jörðin væri komin í niðurníðslu. Það hefði orðið að vera bætandi hönd eða hitt þó heldur, sem komið hefði því í verk á 2 árum. Það var ástæðulaust af hv. þm. að eigna mér þau orð. Byggingarnar á jörðinni skulum við ekki tala um. Þennan mann, sem hann sagði, að nú ætti að taka við jörðinni, vil ég hvorki lofa né lasta, ég þekki hann ekkert. Aftur á móti vænti ég þess, að viðkomandi manni verði byggð jörðin með fullkomn-

um heiðarlegheitum, en ekki verði notuð t. d. einfeldni nokkurs manns eða aðrar ástæður til að taka Staðarfell fyrir 1500 kr. árl. eftirgjald.

Það er engin furða, þó ég finni ástæðu til að fjölyrða dálítið um þetta mál, og þá um leið víta hina mjög svo ómannlegu framkomu, sem höfð hefir verið í frammi gagnvart síðasta vilja hinnar göfugu konu Herdísar Benediktsen, þá er hún gaf fé sitt til skólastofnunar á Vesturlandi. En á það vil ég benda, eins og ég hefi oft áður gert, að fyrirmæli hennar hafa verið að engu virt. Ef hv. þm. Dal. finnur ástæðu til að gera frekari aths. við mín orð, vona ég, að hæstv. forseti gefi mér leyfi til aths.

Fjmrh. (Einar Árnason): Umr. virðast upp á síðkastið komnar nokkuð út frá því, sem fyrir liggur. Væri réttara að halda sér betur við það. Mönnum kemur ekki saman um, hvernig færa skuli innskotsfé ríkissjóðs í Landsbankanum. Ég verð frekar að hallast að skoðun hv. 1. þm. Reykv. í því efni. Annaðhvort á þessi upphæð í heild að vera í landsreikningnum eða ekki að vera þar. Það, sem okkur hv. 1. þm. Reykv. ber á milli, er, að hann telur rétt, að þetta sé fellt niður sem tap. Þó að þessir peningar skyldu vera tapaðir, þá skuldar Landsbankinn stranglega tekið ríkissjóði þessa upphæð. Ef liðurinn er strikaður út, er viðurkennt með því, að bankinn þurfi aldrei að standa skil á þessu fé. Því má ekki gleyma, að í lögum er svo ákveðið, að Landsbankinn skuli greiða ríkissjóði gjald fyrir þetta fé, hvort sem það er nú kallað vextir eða ágóðahluti. Því álít ég, að þetta sé skuld, sem ríkissjóður geti að vísu ekki krafið hann um, en verði þó að standa sem eign ríkissjóðs í Landsbankanum, og að bankinn verði á sínum tíma að greiða ágóða af henni. Mér virðist millivegur hv. fjhn. hvorki vera fugl né fiskur bókfærslulega séð. Nú liggur hvort sem er ekki fyrir að greiða atkv. um neinn úrskurð á því, hvernig þetta verði útkljáð, hvernig eigi að færa þetta framvegis. Stj. hefir tekið upp þá reglu, sem hún telur réttasta.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á nokkrar aths. við landsreikningana, þær sem gerðar eru af yfirskoðunarmönnunum og hér eru prentaðar. Þessum aths. hefir verið svarað, eins og venjulegt er, og þau svör liggja hér fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rifja upp hverja aths. Sumt af því, sem hv. sagði, var eiginlega endurhljómur af því, sem talað var um á eldhúsdegi í fyrra, og síðan uppi í Borgarfirði og víðar. Það var t. d. kostnaður af hestaeign og bifreiðum. Ég held, að það þýði ekki fyrir okkur að fara að jagast út af þessu. Það má búast við, að bifreiðakostnaðurinn fari heldur vaxandi en minnkandi í framtíðinni, a. m. k. get ég ekki gefið neina von um, að hann hverfi. (MG: Fari vaxandi hjá landhelgissjóði?). Fari vaxandi hjá ríkinu yfir höfuð. Sama hvar það verður fært. Hv. þm. spurði um viðlagasjóð og skuld hans við ríkissjóð. Ég sé í rauninni ekki ástæðu til að segja annað en það, sem stendur í svörum við aths. endurskoðendanna um þetta allt saman. Ráðstafanir hafa verið gerðar til, að ríkissjóður geti fengið sitt frá viðlagasjóði, því að ég taldi ekki rétt, að hann festi þar fé sitt. Til þess þurfti viðlagasjóður að taka lán. Ég skal taka fram, að skriflegir samningar voru ekki komnir á um það við áramót, en svo var frá gengið, að ég býst ekki við öðru en að þessi skuld hverfi á árinu. (MG: Hvar er lánið tekið?). Ég get að svo stöddu ekki skýrt frá því, enda skiptir það ekki máli. Ég sé ekki ástæðu til að lengja orðræður um þetta. Um greiðslurnar frá 1928 hefi ég lítið að segja. Ég átti ekki sæti í stj. þá. Þó að mér að sjálfsögðu beri nú formlega að svara fyrir þær. En ég sé ekki ástæðu til að taka upp neinar eldhúsumr. um þessar löngu liðnu ráðstafanir.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það má flestöllum vera ljóst, að ekki er rétt að færa svo, sem hér er gert. Þó ætti þetta innskotsfé í Landsbankanum, 1½ millj. kr., að vera lifandi eign fyrir ríkið. En mér finnst miklu réttara og eðlilegra, að þessi upphæð komi í ljós jafnóðum og hún sýnir sig að vera til. Ef hæstv. stj. ráðfærir sig við sérfróða menn um þetta næst, þegar landsreikningurinn er gerður, þá veit ég, að þeir sérfræðingar munu fallast á till. n. Og þar sem ég veit, að

þetta getur ekki verið neitt kappsmál fyrir hæstv. stj., veit ég, að hún muni hér eftir haga færslum þessum eins og réttast er.

Ég hefi ekki tíma til að svara hv. þm. Barð. Ég heyri, að það er andi hatursins, sem blæs hinum mikla fjandskap inn í ræðu hans um Staðarfellsskólann. Hann vildi fá þennan skóla í Barðastrandarsýslu. Ég vil undirstrika það, að þessi skóli, sem Magnús á Staðarfelli átti svo mikinn þátt í að koma upp, hefir verið bæði héraðinu og landinu til sóma, og forstöðukonunni til sóma, vildi ég bæta við. Hvað átti hún að gera, þegar hún missti bróður sinn, dugnaðarmann, annað en að selja? Hún ætlaði ekki að búa. Hún ætlaði að gera skólann að fyrirmynd; það var hennar höfuðmark. Nú á Þórður á Breiðabólsstað að taka við búinu. Hv. þm. má spyrjast fyrir um hann. Hann nýtur einróma trausts. — Ég vona, að ég þurfi ekki að deila meir við hv. þm. Barð. Það er andi hatursins, sem hefir blásið þessari feikna illsku inn í ummæli hans.

Magnús Guðmundsson: Mér datt ekki í hug að drótta neinu persónulegu að hæstv. fjmrh. fyrir þessar greiðslur. Ég veit, að hann var ekki fjmrh. 1928. Ég skal ekki koma með harðar ásakanir að þessu sinni, enda ræður hæstv. stj., hvort hún svarar nokkru eða engu; mér liggur það í léttu rúmi. Ég vil aðeins benda á, að ef hæstv. stj. vill fá lán erlendis og útlendingar reka sig á ósamræmi milli hagskýrslna hér á landi, milli landsreikninganna og Landsbankareikninganna, og sjá, að ekki geti hvorttveggja verið rétt, þá getur það komið sér illa. Allir sjá, að annaðhvort er þetta innskotsfé tapað eða ekki tapað. Ég vil aðeins, að þetta sé nefnt í efnahagsskýrslunni til þess að minna á, að þegar Landsbankanum safnast fé, komi krafa ríkissjóðs til greina. Það er algengt að tilfæra þannig í efnahagsreikningi svona vafaskuldir.

Þá upplýsti hæstv. ráðh., að viðlagasjóður hefði tekið lán. En hann vildi ekki segja hvar. Ég skil ekki, að það geti verið launungarmál. Ég veit ekki til, að stj. hafi heimild til að taka lán fyrir hönd sjóðsins. Ef svo væri, að þetta lán væri bara tekið hjá ríkissjóði sjálfum, þá er það ekkert annað en fyrirsláttur, að þessi skuld sé greidd. Eða kannske lánið sé tekið hjá Búnaðarbankanum. Ég nenni ekki að heimta frekari svör, því að auðvitað get ég sem yfirskoðunarmaður fengið að vita það hvenær sem er, hvenær og hvernig þessi skuld er greidd. En því minni ástæða sýnist fyrir hæstv. fjmrh. að færast undan að svara strax. Þetta getur eftir eðli sínu ekki verið neitt launungarmál, af allt er með felldu. Og auðvitað á þingið heimtingu á að fá að vita um þetta.

Þessi skuld viðlagasjóðs hefir auðvitað safnazt vegna þess, að hæstv. stj. hefir lánað meira en til var í sjóðnum og tekið það fé úr ríkissjóði. Það hefir kannske verið gert fyrr, en aldrei nema til bráðabirgða.

Hákon Kristófersson: Það er misskilningur, ef hæstv. fjmrh. heldur, að ég hafi ætlað að byrja á nýjum eldhúsdegi. Ég vildi bara heyra álit hæstv. stjórnar um ýms atriði, er um var spurt. (**Forsrh.:** Um hvað?). Úr því að stj. álítur sæmandi að svara ekki kurteislegum spurningum, verð ég víst að árétta þær. Hvernig stendur á þessum greiðslum? Það virðist eins og hæstv. stj. vilji ekkert uppi láta um þessar eða aðrar gerðir sínar.

Hv. þm. Dal. er kominn héðan, enda skal ég ekki ráðast á hann. Hann talaði um hatur hjá mér. Ég held, að þó ég sé haldinn af mörgum ókostum, þá sé ég algerlega laus við haturs- eða hefndarhug til nokkurs manns. (**ÓTh:** Alveg rétt). Það er engin hatursbugsun, sem þarf að vera því valdandi, þó ég tali um málið með fullri hreinskilni. Þau ummæli hv. þm., að ég hafi viljað setja skólann í Barðastrandarsýslu, eru algerlega ósönn. Ég hefi ekkert um það sagt. Hinu hefi ég fyrr og síðar haldið fram, að skylda hefði verið að fara eftir fyrirmælum gjafabréfs frú Herdísar Benediktsen, sem m. a. ákvað, að leitað skyldi umsagnar allra sýslunefnda í Vesturamtinu, en slíkt hefir aldrei verið gert. Þó er það vitað, að samkv. konunglegri tilskipun frá 1908 var það bein skylda.

Hv. þm. talaði um, að það væri ágætt að koma að Staðarfelli. Ég efa það ekki. Það er ágætt að koma á marga bæi. Það finnast dæmi til þess, að menn hafi fengið dannebrogskross fyrir að gefa gestum gott að borða. Hv. þm. Dal. kom að Staðarfelli í fyrravor, og mér er svo tjáð, að þar muni hafa verið góður matur á borðum, enda mátti svo vera, því sagt er mér, að sú fyrirgreiðsla hafi kostað ríkissjóð 1000 kr.

Hannes Jónsson: Ég hefi ekki skrifað undir nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 435, og get því ekki borið ábyrgð á því, sem þar stendur, né orðum hv. frsm. Hvort innskotsfé Landsbankans er talið með á eignareikningi eða ekki, virðist mér ekki skipta miklu máli, þegar það hefir ekki áhrif á niðurstöðuna sjálfa. Ef taka á þessa upphæð út af eignareikningi, hefi ég tilhneigingu til að líta á málið eins og hv. 1. þm. Reykv. Það skiptir ekki miklu, hvort þetta er talið eign ríkissjóðs eða ríkisbankans, sem þá stæði betur en áður. Annars mætti margt segja um sumar upphæðir, sem ekki eru minni en þetta, t. d. lán Flóaáveitunnar, sem að vísu má telja dálitla eign ennþá. Sömuleiðis hús og lóðir, sem eru reiknuð nærri 6 millj. Sé farið yfir þá liði, mun mega finna margt athugavert, ef eignareikningurinn ætti að koma út eins og rétt væri.

Það er ekki heldur þýðingarmikið að deila um útreikninginn á ensku pundunum. Ef fest væri verðgildi íslenzku peninganna, væri sjálfsagt að setja þessa liði samkv. því gildi, sem krónan hefði. En því er ekki til að dreifa.

Flestar aðrar aths. við landsreikninganna eru lítilsvarðandi. Hv. 1. þm. Skagf. minntist á greiðslur til einstaklinga, ferðastyrki og þ. h. Það hefir ekki verið óalgengt, að þetta hafi farið fram yfir það, sem fjárlög ætlast til, ekki sízt árin 1920—21. Þá ætla ég, að það hafi orðið nokkuð á 2. hundr. þús. (**JAJ:** Utanfararstyrkir?). Já, talsvert mikið. Þetta hafa verið ýmsir menn, t. d. læknar, með þetta tvö þús. og þar undir hver. Ég held, að oft hafi verið býsna mikið af þessu, þó að dálítið sé það mismunandi.

Ég vil geta þess, af því að það hefir hvorki komið fram í nál. né umr., að hæstv. stj. hefir sent fjhn. reikningsform fyrir landsreikningi, sem er talsvert gleggra en það, sem nú er notað. Sýnist mér það orð í tíma talað að breyta því. Eftir því, sem ég hefi mátt vera að athuga þetta nýja form, verð ég að segja, að mér virðist það mjög aðgengilegt. En nú er landsreikningurinn næsta óaðgengilegur, sem kunnugt er. Það er ómögulegt, nema með mikilli tímaeyðslu og erfiðismunum, að sjá í honum, hversu reksturinn hefir gengið. Mér þykir vænt um, ef ráðin verður bót á þessu, svo að reikningurinn verði skýrari en áður.

Ólafur Thors: Ég verð að láta í ljós undrun mína á því, hversu lengi menn hafa getað deilt um það, hversu færa beri þá 1½ millj. króna, sem hér hefir verið til umr. Það orkar ekki tvímælis, að till. fjhn. er rétt. Ég skil ekki, hvernig á því stendur, að jafnglöggur maður og hv. 1. þm. Reykv. áttar sig ekki á þessu. En hann hefir endilega þurft að blanda sér í þessa deilu, til að sýna, að hann er þó ekki alveg óskeikull. Ef hér væri um „lifandi" skuld að ræða, ætti vitanlega að telja hana með eignum ríkissjóðs. Ef hún væri algerlega „dauð", þ. e. töpuð, ætti að strika hana út með öllu. En nú er þessi skuld hvorugt. Hún er að vísu „dauð" í bili, en stendur svo á, að hún getur lifnað aftur hvenær sem er. Þess vegna er till., að telja skuldina til eigna ríkissjóðs, en bókfæra hana innan striks, alveg sjálfsögð. Ef haldið er þeirri aðferð, sem þeir vilja, hæstv. fjmrh. og hv. þm. V.-Húnv., þá er beinlínis um falskt bókhald að ræða. Ef einkafyrirtæki ætlaði að útvega sér lán, mundi það varða við lög að sýna bækur, þar sem einskisverðar eignir eru taldar með fullu því nafnverði, sem þær eitt sinn höfðu. Það er hlægileg viðbára hjá hv. þm. V.-Húnv., að frekar megi telja þessa skuld til eignar með fullu verði fyrir þá sök, að margt fleira í landsreikningi orki tvímælis.

Alveg sama máli gegnir um pundaskuldina. Það er vitaskuld rétt hjá fjhn., að hana á að færa með því gengi, sem nú er. Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að það ætti að gera, ef gjaldeyririnn væri verðfestur. Þetta er óþarfur fyrirsláttur, því

að allir vita, að raunverulega er búið að festa íslenzku krónuna, þar sem hún er. Fyrir því getur hv. þm. eins verið því fylgjandi að leiðrétta þessa misfellu nú.

Út af umframeyðslunum til persónulegra styrkveitinga vil ég segja, að aðfarir hæstv. stj. eru mjög ógeðfelldar. Á það ekki sízt við nú, þegar hin mannfærri deild Alþingis er að taka ráðin af Nd. um persónulega styrki. Hér höfðu við meðferð fjárlfrv. verið samþ. nokkrar slíkar greiðslur, vitanlega á fullkomlega löglegan hátt. Nú eru þær því nær allar skornar niður við trog af harðstjórunum í hv. Ed., og er okkur 28 hér ætlað að sætta okkur við úrskurð þeirra 14. Þessi aðferð hv. Ed. er þeim mun undarlegri fyrir þá sök, að sú hv. deild hlýtur að vita, að hæstv. stj. virðir sparnaðarvilja hennar alveg að vettugi og bruðlar ríkisfé eins og henni sýnist til stuðningsmanna sinna, þótt ekki sé snefill af heimild til þess í fjárlögum. En það tel ég rangt, að ríkissjóður sé ausinn til þess að kaupa ríkisstj. fylgi, en þeir fái enga styrki, sem lögbær aðili — neðri deild Alþingis — hefir viljað veita þá.

Magnús Jónsson: Mér fannst nú ekki birta tiltakanlega yfir þessu myrka máli, þótt hv. 2. þm. G.-K. léti ljós sitt skína. Ég hefi sagt: Ef þetta er viss skuld, á að telja hana til eignar. Ef skuldin er töpuð, á að strika hana út. Eina fylgiskjalið með þessum lið, reikningur Landsbankans, hefir fellt skuldina niður með öllu. Því vil ég, að hún sé einnig felld niður af landsreikningi. Þetta finnst mér augljóst mál. — Vilji landsstj. hinsvegar sýna, að enn eigi ríkissjóður einhverja von þarna, þá eru til nógar aðferðir til þess. „Innanstriks-aðferðin" dugir bara ekki, af því að hún er hvergi tíðkanleg í bókhaldi. Ein aðferðin er sú, að skrifa skuldina niður í 1 kr., og er það líklega bezta aðferðin. Sú aðferð er algeng hjá góðum fyrirtækjum, þegar um er að ræða skuldir eins og þessa, sem að vísu eru taldar einskis virði í bili, en þó von um, að geti lagazt aftur síðar. Ef Landsbankinn vinnur sig svo upp, að hann taki að bókfæra þessa skuld aftur með einhverju verði, á að færa þá upphæð í landsreikninginn. Landsbankareikningurinn og landsreikningur verða að vera í samræmi hvor við annan, og hafi Landsbankinn leyfi til að strika þessa 1½ millj. kr. út af skuldahlið hjá sér, þá er þetta ekki lengur eign hjá ríkissjóði. (**HStef:** Landið á kröfuna!). Ríkissjóður á ekki framar neitt af þessu innskotsfé í Landsbankanum, þegar hann telur það tapað. Enginn reikningur, sem telur það til eignar, er réttur. Ég er enginn sérfræðingur í bókfærslu, en það veit ég, að þetta er rétt, og eins er mér kunnugt, að innan- og utanstriks-grautargerðin er hvergi tíðkanleg í bókhaldi.

Ólafur Thors: Ég sé, að þótt ég hafi reynt að senda skörpustu geislana, hafa þeir ekki náð inn að heila hv. 1. þm. Reykv. Það er einhver þoka þar í dag, en ég vona, að hún hjaðni, þegar fer að líða á kvöldið. Hv. þm. vildi helzt fella þessa upphæð alveg niður af landsreikningi. En sé skuldin strikuð út þar, er hún þar með gefin eftir. (**BÁ:** En krónan?). Jú, „krónuaðferðin" kom á eftir hjá hv. þm., og skal ég minnast á hana rétt strax. — Það er alveg ástæðulaust að gefa Landsbankanum eftir þessa hálfa aðra miljón króna. Ef bankinn vinnur sig upp, þá á ríkissjóður þessa upphæð hjá honum. (**MJ:** Ríkissjóður á bankann). Það er nú vafamál, — líklega á bankinn sig einna helzt sjálfur.

Hv. þm. hélt, að það væri eitthvert ósköp gott form að færa skuldina til eignar í landsreikningi með 1 krónu. Þetta álít ég á engan hátt til bóta frá því, sem fjhn. leggur til. Það er ógreinilegra og hefir auk þess þann galla, að það fullnægir ekki þeirri grundvallarkröfu, sem hv. þm. sjálfur gerði, að koma á samræmi milli reikninga Landsbankans og landsreiknings. Það munar þá alltaf þessari einu krónu.

Ég verð að játa, að ég tel það beinlínis falskan reikning, að bókfæra þessa skuld með fullu verði. Hinsvegar er ég engan veginn eins viss um það og hv. 1. þm. Reykv., að skuldin sé einskis verð; — ég held ég vildi t. d. gjarnan kaupa hana á 100 þús. kr., og það er þó alltaf eitthvað. En allt, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir sagt um þetta mál í dag, er kláravitleysa, sem stafar af einhverri þoku, sem nú liggur

yfir skynseminni hjá honum, þoku, sem er að vísu sjaldgæf hjá þessum hv. þm., en sýnist þeim mun svartari, þegar hún kemur. (MJ: Ég bið skrifarana að bóka, að hv. þm. segi tómt bull!).

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd.. 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).
Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 543).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir haft nauman tíma til þess að athuga þetta frv. að þessu sinni, en fjhn. Nd. hafði aftur á móti sæmilegan tíma til þess og lét frá sér allítarlegt nál.

Þó að tíminn sé stuttur, sem n. hefir haft til umráða til athugunar á þessu frv., þá taldi n. ekki neitt sérstakt liggja fyrir, sem gerði það að verkum, að ástæða væri til annars en leggja til, að frv. verði samþ., sérstaklega með skírskotun til þess, sem tekið er fram í nál. fjhn. Nd. Tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 7 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

---

18. Fjáraukalög 1929.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (stjfrv., A. 361).
Á 66. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Í aths., sem fylgja þessu frv., er stuttlega gerð grein fyrir flestum eða öllum liðum þess. Ég sé því ekki ástæðu til að fara út í smærri liðina. Það eru ekki nema fáir liðir, sem mynda meginútgjöldin. Fyrst eru þá 26 þús. kr. til þess að endurbæta húsakynni Menntaskólans, gera við skemmdir, mála húsið og þar fram eftir götunum.

Árið 1929 hafa verið veittar rúmlega 50 þús. kr. til sjómælinga, aðallega á Húnaflóa. Það er mikil nauðsyn að framkvæma sjómælingar víða kringum landið, og árangurinn þarna á síðastl. sumri hefir orðið sá, að líkindi eru til, að siglingaleiðir um flóann verði öruggari en áður.

Rúmlega 30 þús. kr. hafa verið greiddar til flugferða. Þessi styrkur var veittur með samþykki margra þm. og er talinn nauðsynlegur þessari tilraun, sem hafin var hér á landi í fyrra.

Stærsta upphæðin er kostnaður vegna alþingishátíðarinnar, rúmlega 300 þús. kr. Á Þingvöllum hafa verið lagðir vegir,

brýr byggðar, hús flutt og reist að nýju, og auk þess alls, sem hátíðarnefndin sjálf hefir talið nauðsynlegt og fengið fé til, hefir verið greitt fé til ýmsra fleiri framkvæmda. Það hefir verið talið sjálfsagt, að fé yrði veitt til undirbúnings hátíðarinnar, þó að ekki hafi verið tiltekin nein upphæð í fjárl. 1929.

Enn skal ég nefna endurgreiðslu á tunnutolli til Norðmanna, full 60 þús. Þetta hefir verið ágreiningsmál síðan 1918 eða 1919. Frá Noregi kom krafa um allstóra upphæð. Fyrrv. stj. mun hafa gert Norðmönnum tilboð um ákveðna upphæð, ef þeir slepptu öðrum kröfum. Síðastl. sumar var gengið að þessu tilboði, að greiða rúmlega 61 þús. kr.

Þessir fáu liðir gera samtals hátt á 5. hundrað þús. kr., og er því mikill meiri hluti þeirrar upphæðar, sem í þessu frv. felst. Að öðru leyti vísa ég til grg. frv. og óska, að málinu verði vísað til fjvn.

Magnús Jónsson: Í sambandi við það, sem rætt er um alþingishátíðarkostnað, vildi ég biðja hv. fjvn. að fá hjá framkvæmdastjóra hátíðarinnar skýrslu um, hvernig þessi kostnaður skiptist, og lagfæra síðan 9. gr. frv. með þær upplýsingar fyrir augum. Það er alkunnugt, að mikið af þessu fé, sem um er að ræða í þessari gr., hefir gengið til framkvæmda, sem ekki er rétt að telja með hátíðarkostnaði. Ég ætla ekki nú að fara að rifja upp deilu mína við hæstv. dómsmrh. um þetta. En til þess að fjáraukalögin verði ekki villandi, verður að breyta þessari grein, og það er hægt eftir þessari skýrslu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég ætla ekki að deila við hv. 1. þm. Reykv. um það, hvort hátíðarnefndin eða hann einn eigi að dæma um, hvað eigi að færast á kostnað alþingishátíðarinnar. En þessar framkvæmdir, sem hann talar um þarna austur frá og segir, að ekki megi reikna þar með, hefðu ekki verið gerðar að sinni, ef það væri ekki beinlínis unnið vegna alþingishátíðarinnar. Svo er um flutninginn á Valhöll og konungshúsinu, og í sambandi við flutninginn var óhjákvæmilegt að gera vegi að nýju hússtæðunum. Sama er eiginlega að segja um veginn inn á Leirur að tjaldstaðnum. Sá vegur hefði áreiðanlega ekki verið lagður árið 1929, ef hátíðin hefði ekki staðið fyrir dyrum. Í raun og veru hafa margar fleiri framkvæmdir, sem ríkissjóður hefir greitt fé til, einnig verið gerðar vegna hátíðarinnar að meira eða minna leyti. Nýi Þingvallavegurinn er alls ekki talinn með hátíðarkostnaði, þó að hann sé gerður til að greiða samgöngur um hátíðina. Náttúrlega getur verið álitamál, í hvaða grein eigi að færa útgjöldin, en ég held fast við það, að allur þessi kostnaður á Þingvöllum sé beinlínis kominn fram vegna alþingishátíðarinnar.

Magnús Jónsson: Ég fór ekki fram á, að mér væri falið einræðisvald í málinu, heldur skaut til n., að hún yrði að rannsaka það og reyna að gefa eins rétta mynd og hægt er. Ég vil mótmæla því, að flutningur húsanna stafi beinlínis af hátíðinni. Það var alltaf samróma álit í hátíðarnefndinni, að hún gæti ekki gert hið minnsta til þess að flytja þau, enda mundu þau minna spilla útliti Þingvalla á hátíðinni en endranær vegna tjaldanna, sem þar verða hvort sem er. (**Fjmrh.:** Tjöldin verða ekki þar.). Ekki langt frá. Þessi flutningur hefði farið fram hvort sem var síðar, ef ekki nú. Það er n., sem sér um friðun Þingvalla, sem hefir látið gera þetta allt saman. Hæstv. ráðh. nefndi veginn inn á Leirur. Hátíðarnefndin vildi leggja hann, og það má gjarnan telja hann með hátíðarkostnaði, enda gæti ég bezt trúað, að hann væri falinn í þeim 128 þús., sem framkvæmdarstjóri hefir sett á reikning sinn. Allt öðru máli gegnir um það fé, sem ávísað hefir verið til vegamálastjóra eða til húsameistara fyrir milliþingu dómsmrh. Mosfellsheiðarveginum nýja hefir verið flýtt vegna hátíðarinnar, og svo er um margt fleira. En það verður allt eign ríkisins áfram og því er alls ekki rétt að reikna þann kostnað með útgjöldum hátíðarinnar. Mér skildist við eldhúsumr. hér um daginn, að hæstv. fjmrh. áliti rétt að telja Mosfellsheiðarveginn og fleiri framkvæmdir, sem eins stendur á um, með almennum verklegum framkvæmdum. Ég býst við, að þeir, sem fyrir hátíðinni standa, fái nógu mikil brigzl um eyðslu,

að gegna, það er ekki eins sérfræðilegs efnis. Þar verða það skoðanir þm., sem ráða úrslitum, án þess að leita þurfi sérþekkingar um þetta einstaka tilfelli. Um það er að ræða, hvort menn álíta, að með einkasölu á tækjunum megi tryggja almenningi sem greiðastan aðgang og bezt not af þessu fyrirtæki. Við teljum þetta verða til tryggingar því, að almenningur þurfi ekki að eiga á hættu að kaupa léleg tæki, sem getur valdið töluverðu fjártjóni. En mörg tæki geta verið ónothæf, og er það vitaskuld ekki á allra færi að velja úr, þegar mörgu er otað að mönnum af þeim, sem vilja verzla með tækin sér til hagnaðar. Síðan opinbert varð, að fullkomin útvarpsstöð yrði sett á fót, hefir rignt yfir almenning í landinu tilboðum um kaup á útvarpstækjum. Og mér er kunnugt, að ekki svo fáir hafa þegar keypt sér tæki. Og menn eru í auglýsingum hvattir til þess að vera búnir að tryggja sér tæki, þegar stöðin tekur til starfa. Maður sér það fyllilega, að bak við vakir hagsmunavonin um að geta selt tækin með einhverjum hagnaði.

En meiri hl. n. blandast ekki hugur um það, að hér sé um ákaflega mikilvægt atriði að ræða, sem skipti landsmenn bæði fjárhagslega og menningarlega. Það er ekki lítið atriði, að sem flestir verði aðnjótandi þeirra menningaráhrifa, sem fullkomin og vel rekin útvarpsstöð getur veitt, en þá er skilyrðið, að menn njóti þeirra beztu kaupkjara, sem unnt er að fá. Meiri hl. álítur, að þessu takmarki verði ekki náð með öðru móti en því, að taka upp einkasölu á tækjunum. Því er haldið fram að vísu, að þetta megi tryggja á annan hátt, — að leyfa sölu á vissum tækjum. Það er þá að nokkru leyti einkasala, þó að hún sé í höndum einstaklinga. En nú er það mjög líklegt, að þessi tæki fullkomnist, og það þurfi að hafa mjög vakandi auga á því, að ekki séu útilokuð þau beztu tæki. Og þó að heimild hafi verið veitt til að selja einhver viss tæki, þá getur farið svo, að þær tegundir verði úreltar, svo að nauðsynlegt verði að banna sölu á þeim. Ég hygg því, að þessi leið verði lítt notandi til þess að tryggja útvarpsnotendum hin beztu tæki. Aftur á móti tel ég hiklaust, að einkasöluleiðin sé heppilegasta leiðin til að ná þeim tilgangi, sem allir vilja ná, nefnilega að tryggja notendum sem bezt tæki með sem beztum kjörum.

Ég sé svo ekki ástæðu fyrir mig að fara fleiri orðum um þetta mál að svo komnu. Meiri hl. n. leggur til að samþ. frv. óbreytt, en minni hl. hefir ekki skilað áliti. Geri ég ráð fyrir, að hann skýri frá afstöðu sinni undir umr.

Jón Þorláksson: Minni hl. fjhn. hefir ekki skilað áliti í þessu máli af þeirri ástæðu, að málið var ekki afgr. á nefndarfundi, og minni hl. var ókunnugt um, að málið hefði verið tekið upp til afgreiðslu þar til nál. meiri hl. var útbýtt í hv. d. Það var að vísu svo, að þetta mál var tekið fyrir á nefndarfundi löglega boðuðum, en það stóð þá svo á, að nm. höfðu ekki kynnt sér málið og þau allmörgu og löngu fylgiskjöl, sem prentuð voru með því og sumpart með nál. í Nd., og þeim fundi lauk þess vegna án þess að ákvörðun væri tekin um málið. Því var beint frestað til þess að nm. fengju tíma til að kynna sér það.

Ég verð að segja, að mér þykir miður viðkunnanlegt, að ekki skyldi vera kallaður saman fundur aftur til þess að ljúka afgreiðslu málsins, en ætla ekki að gera frekar veður út af því, þar sem málið var tekið einu sinni fyrir á lögmætum fundi nefndarinnar.

En um frv. þetta er það að segja, að það er eitt af þeim mörgu frv. um embættafjölgun, sem sérstaklega einkennir feril núv. hæstv. stj. og meiri hl. Það eru ýms ráð notuð til embættafjölgunar, og eitt af þeim, sem tíðkuð hafa verið, er það, að taka einhverja sæmilega samstæða stofnun og kljúfa í tvær, til þess að geta fengið þörf fyrir fleiri forstjóra og fleiri starfsmenn.

Hér er farið fram á að taka útvarpsstöðina, sem verður ein af loftskeytastöðvunum í landinu, undan forstjórn landssímans, sem á að sitja eftir með hinar loftskeytastöðvarnar, þær sem nú eru og verða kunna. Og ég held það hafi ekki verið gengið lengra í því í annað sinn af hálfu stj. og núv. meiri hl., að skipta því, sem saman heyrir, svona beinlínis og eingöngu til þess að geta komið fleira fólki á ríkislaun.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 448).

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. í e. hlj.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 448, n. 504).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er hingað komið frá Nd. Það er um það eins og ýms önnur, að það kemur harla seint frá þeirri hv. d., svo að tími var naumur til að athuga það. En með því að a. m. k. nokkuð af nm. hefir fylgzt með þessu máli í Nd., hefir meiri hl. treyst sér að gefa út nál. og leggja til, að frv. verði samþ.

Breyt. frá lögunum 1928 eru aðallega tvær. Hin fyrri er sú, að leggja yfirstjórn útvarpsins, fyrirtækisins alls, undir útvarpsstjóra og útvarpsráð.

Síðari breyt. er sú, að með þessu frv. er ákveðið, að útvarpsráðið taki einkasölu á öllum útvarpstækjum í sínar hendur. Þetta eru aðalbreytingarnar. Aðrar breyt. eru fremur smávægilegar og geta því síður valdið ágreiningi. En þessi tvö atriði eru það, sem valdið hefir ágreiningi í hv. Nd., og má búast við, að svo verði hér.

Um það atriði, að færa yfirstjórn útvarpsins í hendur útvarpsráði, hafa þeir aðiljar, sem hlut eiga að máli og bezt eiga að vera skynbærir í þessu efni, gefið umsögn sína, sem prentuð er sem fskj. við nál. meiri hl. í Nd. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér þau ummæli, þar sem greindar eru ástæður fyrir því, hvers vegna frv. er fram komið. Ég vil aðeins geta þess, að meiri hl. útvarpsráðs mælir eindregið með aðalbreyt., sem frv. gerir á gildandi lögum.

Önnur umsögn er hér frá símaverkfræðingi landsins. Um hana er það sama að segja, að hann mælir einnig með þeirri breyt., að yfirstjórn útvarpsins verði færð til útvarpsráðsins. Að síðustu kemur umsögn landssímastjóra. En hann leggur á móti þessum brtt.

Það má náttúrlega segja, að leikmenn í þessum efnum hafi lakari aðstöðu til ákvörðunar en fagmenn, og má því gera ráð fyrir, að þeir dragi ályktanir sínar að mestu leyti af umsögnum þeirra, sem málinu eru kunnugir og bezta hafa þekkinguna, að þeirra dómi. Og ég get sagt það fyrir hönd fjhn., að hún hefir í þessu tilfelli fallizt á það, sem fram kemur í umsögn símaverkfræðingsins. N. lítur svo á, að þessi maður hafi töluvert mikla reynslu í þessu efni, að svo miklu leyti sem hér kemur til greina, þótt hann að vísu sé ekki sérfræðingur beinlínis á þessu sviði, heldur nokkuð öðru. En þess ber að gæta, að þessi maður hefir um langt skeið gegnt símaverkfræðingsstarfi, og ég hygg, að í því starfi hafi hann fengið það mikla þekkingu á þessum málum, að full ástæða sé til að fylgja ályktunum hans. Nú er mér ekki kunnugt, að hve miklu leyti núverandi landssímastjóri er sérfræðingur í þessum efnum. En sjálfsagður hlutur er það, að hann hefir verið við landssímann um mjög langt skeið og fengið mikla þekkingu á þessum málum. En þess ber vel að gæta, að hann hefir þó dálítið aðra aðstöðu í þessu máli en símaverkfræðingurinn, því að hann er sem sé annar aðilinn, sem um er deilt. Og þó að ég vilji engan veginn segja, að hann geti ekki verið óhlutdrægur, þá er þetta atriði þannig vaxið, að hér virðist um jafnhæfa menn að ræða til að leggja dóm á þetta mál. Og ég leyfi mér að álíta, að þar sem annar þessara manna er algerlega óviðkomandi þessu atriði, sem hér er um að ræða að breyta, þá sé ekki síður ástæða til að taka til greina álit hans en hins, sem er annar aðilinn, sem komið getur til mála að hafi yfirstjórnina á hendi.

Um hitt atriðið er náttúrlega öðru máli

notendum góð og ódýr tæki og álít það mjög vafasamt, hvort ríkið hefði nokkurn ágóða af einkasölu á þeim, nema með því að selja þau dýrara en nú er, en þá væri umsvifa- og áhættuminna að láta sölumenn greiða ákveðið gjald af hverju tæki".

Ég hefi fulla ástæðu til að leggja mikið upp úr ummælum landssímastjóra, þar sem hann hefir haft sérstaka hvöt til að kynna sér þetta mál. Er því augljóst, að enginn hagur verður á einkasölunni. Er því þessi stefnubreyt. þeim mun einkennilegri, þar sem sýnt er, að bæði skipulagsbreytingin og einkasalan verða ekki til hagnaðar, né gera starfræksluna betri. Þá sé ég enga nauðsyn bera til vegna annara breyt., að frv. þetta gangi fram, og mun ég greiða atkv. móti því.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki séð, að hæstv. forsrh. hafi haft nokkra ástæðu til að segja það, að ef ekki væri tekin upp einkasala, þá yrðu seld úrelt tæki með uppskrúfuðu verði, þegar landssímastjóri hefir sýnt fram á, að tækin eru 30% ódýrari hér en í Danmörku. Þessi spádómur hæstv. ráðh. styðst því ekki við neitt, en er sagt út úr vandræðum.

Það fór sem ég hugði, að hæstv. ráðh. mundi svara því, að ekki mundi vera heimilt að búa til tæki hér innanlands, nema þá til eigin notkunar. Þetta vildi ég vita, og hefi fengið svar um það.

Viðvíkjandi sameiningu pósts og síma, þá lá það aðeins í mínum orðum, að það hefði verið stefna þingsins í fyrra að sameina störf, en nú er verið að sundra náskyldum störfum. En um meðferð á þeim lögum er það að segja, að brtt. frá mér kom í veg fyrir, að þau yrðu notuð mjög illa. Brtt. mín hefir einmitt haldið í skottið á stj. um þetta. Ég ætla engu að spá um pólitiskan lit starfsmanna útvarpsins né fjölda þeirra. Það er ekki svo langt þar til útvarpsstöðin tekur til starfa, svo að ég get vel beðið þangað til með að sjá, hvernig þær dömur og þeir herrar, sem þar starfa, verða litir í pólitiskum efnum.

Jón Auðunn Jónsson: Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um það, að hann áliti, að nauðsynlegt væri, að útvarpið hefði sjálfstæða yfirstjórn, vil ég þó segja það, að samband hlýtur að verða og þarf að verða milli útvarpsins og loftskeytastöðvarinnar. Hið fræðilega eftirlit þarf að vera hið sama. Mér skilst einnig, að útvarpsstjórinn vilji semja við landssímann um það. Þetta verður líka þeim mun eðlilegra og sjálfsagðara, þar sem ekki er um nema einn slíkan sérfróðan mann að ræða hér á landi. (Forsrh.: Hann starfar að hálfu hjá landssímanum og að hálfu hjá útvarpinu). Ég álít, að það væri réttara, að hann væri starfsmaður landssímans og falið þetta starf við útvarpið af landssímastjóra. Með því að skipta starfinu í tvennt, verður um aukastarf að ræða, sem hæglega getur leitt til þess, að hér verði stofnuð tvö embætti. Og hér verður vitanlega um fleiri störf og stöður að ræða, við tvískipta yfirstjórn og tvískipt fjárhald. Væri þetta, eins og ætlazt var til, falið landssímanum, þá mundi vera hægt að framkvæma það ódýrara, því allt bókhald og starfræksla verður ódýrari í stórum skrifstofum. Ég held nú, að stj. sé búin að gera svo mikið að því að skapa nýjar stöður, að henni ætti að vera það sjálfri hollast, að gera nú ekki meira að því að sinni.

Hæstv. ráðh. gaf það í skyn, að ekki myndi verða talið heimilt að búa til tæki hér innanl. til sölu. En það er undarlegt að vilja leggja slík höft á þann vísi til innlends iðnaðar, sem hér gæti verið um að ræða. Við eigum ýmsa hagleiksmenn, sem eflaust geta unnið að þessu. Mér er kunnugt um einn slíkan mann. Það er loftskeytamaðurinn á togara þeim, er ég hefi meðgerð með. Hann hefir búið til talsímatæki. Er prýðisvel hægt að tala með því milli Stykkishólms og Vestmannaeyja. Og hann hefir einnig smíðað móttökutæki, sem heyrist ágætlega með, en eru þó helmingi ódýrari en þau eru seld erlendis. Hér er því verið að bægja mönnum frá því að koma á fót innlendum iðnaði. Er það hart, þegar þess er gætt, að mikið verður keypt af þessum tækjum á næstu árum. Er ekki hægt að telja það neinn þjóðarhag, að verða að kaupa þau öll frá útlöndum, þegar vitað er, að mikið má vinna að þessu hér heima.

Þá spurði hv. þm., hvort stj. ætlaði að setja verð tækja upp. Það er alls ekki meiningin að hafa neina verðhækkun á tækjum. En ég veit það, að þó einungis væri haldið núverandi verði, þá mundi þó fást álitlegur gróði fyrir einkasöluna, sem vitanlega gengi þá til greiðslu rekstrarkostnaðar útvarpsins að einhverju leyti.

Hv. þm. sagði að lögin frá í fyrra um sameining síma og pósts hefðu verið framkvæmd þannig, að pólitiskum gæðingum stj. hefðu verið veitt þessi störf. Ég vil algerlega mótmæla því, að þetta sé rétt. Þau lög hafa ekki verið framkvæmd frekar en fyllsta ástæða hefir verið til. En auk þess eru þau lög á engan hátt sambærileg við þessi. Hér er ekki neinn starfsmaður ráðinn, nema útvarpsstjóri. Engum hefir því verið hægt að bola burt. Og það hefir heldur engum verið bolað burt óeðlilega með sameiningu póst- og símaembætta.

Pétur Ottesen: Hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, að þetta frv. ríði algerlega í bág við þá stefnu, sem tekin var upp á þinginu í fyrra um sameining pósts og síma. Og það kemur líka gersamlega í bág við þá stefnu, er ríkti um útvarpsmálið 1928. Ég vil benda á atriði, er að þessu lúta í grg. frv. 1928. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin gerir ráð fyrir, að landssímastjórnin annist rekstur stöðvarinnar og eftirlit, reikningshald, innheimtu á gjöldum og greiðslur. Verði þetta einungis fært viðvarpinu til reiknings, að svo miklu leyti sem það hefir í för með sér aukið mannahald eða aukinn kostnað fyrir landssímann. Yrði að halda fjárhag og reikningsfærslu viðvarpsstöðvarinnar alveg út af fyrir sig, og ekki blanda því á neinn hátt saman við fjárhag landssímans".

Á þessu verður ekki villzt. Og enn skýrara kemur þetta þó fram í umr. um málið og nál. um það 1928. Í nál. allshn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefir athugað þetta frv. allítarlega og er öll sammála um, að nauðsyn beri til, að þing og stjórn styðji að því, að útvarpsstarfseminni verði haldið áfram hér á landi og að stefna beri að því, að ríkið taki rekstur útvarpsins í sínar hendur með tilstyrk landssímans".

Undir þetta nál. skrifa: 2. þm. Rang., 2. þm. Reykv., þm. Barð., 1. þm. Skagf. og 2. þm. Eyf. Í umr. um málið sést, að mikil áherzla hefir verið á það lögð, að útvarpið bæri að taka í hendur ríkisins og með tilstyrk landssímans.

Í áliti því, sem landssímastjóri hefir sent frá sér, er þetta ekki eingöngu talið hagkvæmara fyrirkomulag, heldur talið beinlínis nauðsynlegt, að þessar tvær stofnanir séu undir einni stjórn. Í áliti sínu, sem er fskj. III. á þskj. 415, segir landssímastjóri, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt öðru máli gegnir um umsjón útvarpstækjanna, og er það skoðun mín, að ekki sé mögulegt, ef vel á að fara, að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn loftskeytastöðva og útvarpsstöðva, enda mun það fyrirkomulag hvergi þekkjast í heiminum, ekki einu sinni þar, sem útvarpið er rekið af einkafélögum, því jafnvel þar, sem lengst er gengið, er verkfræðileg yfirstjórn útvarps og loftskeytatækja í landinu undir sama embættismanni, þótt þeir starfsmenn, er annast daglega reksturinn, séu ráðnir og launaðir af einkafélögum".

Hér fer því mjög saman verkfræðileg aðstoð og hagkvæmt fyrirkomulag fjárhagslega séð, að sjálfsagt sýnist að hafa þetta undir sama hatti og nota þá krafta, sem fyrir hendi eru á landssímanum. Á þetta voru menn líka sáttir á þinginu 1928. Eru því einkennileg þau skoðanaskipti, sem hafa orðið síðan og fram kom í atkvgr. á mánudaginn var, eftir því sem ég hefi heyrt, en ég var þá fjarstaddur. Og ég hefi lesið vandlega grg. frv. og nál. og ég sé þar ekkert, sem réttlætir þessi skoðanaskipti, sem orðið hafa á svo skömmum tíma. Ég skal ekki fara út í einstök atriði frv., enda á það ekki við í 3. umr. málsins. En út af orðum hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að einkasala á tækjum mundi gefa arð, sem gengi upp í kostnaðinn, skal ég benda á, að það kemur algerlega í bága við umsögn landssímastjóra, sem hafði góð tök á að kynna sér þetta. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel ríkiseinkasöluna ekki heppilegustu leiðina, eins og stendur, til að tryggja

í fyrra var ákveðið að sameina sem mest störfin við póst og síma, en nú aftur á móti leggur stj. til að greina algerlega sundur stjórn jafnskyldra stofnana og útvarpið og landssiminn óneitanlega eru. Eru þó störf þessara stofnana svo samantvinnuð, að sumstaðar er illt að greina þar á milli. Er þetta því undarlegri stefna, þar sem hún er þvert á móti tillögum landssímastjóra.

Það er nú komið í ljós, það sem ég benti á í fyrra, að tilgangur stj. með að sameina póst- og símastörf var sá, að fá tækifæri til að losna við þá menn úr stöðunum, sem henni er ekki vel við. Eins mun tilgangurinn með sundurgreiningu síma og útvarps vera sá, að fá störf handa vinum stj.

Fjölgun manna í útvarpsráðinu tel ég ekki til neins gagns. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvað útvarpsráðsmennirnir eiga að fá mikið í laun. Það sést hvorki í fjárl. eða í frv.

Það er augljóst, að hæstv. ríkisstj. verður að festa talsvert fé í verzlun með útvarpstækin, ef hún tekur einkasölu á þeim. Með slíka hluti er ekki hægt að verzla, nema hafa til þess talsvert fé. Nú er í grg. frv. vikið að því, að útvarpið geti stundum haft allmiklar tekjur af einkasölu á tækjunum. Ég vil því líka spyrja hæstv. stj.: Er það tilætlunin að græða á sölu útvarpstækjanna, til að fá upp í kostnaðinn við útvarpið? Það hefir verið upplýst af landssímastjóra, að útvarpstækin eru seld hér um 30% ódýrara heldur en í öðrum löndum. Ég er hræddur um, að almenningi mundi þykja hart, ef gera ætti verzlunina með útvarpstækin að gróðalind fyrir ríkissjóð, til að vega e. t. v. meira eða minna á móti óþörfum kostnaði.

Einnig vil ég spyrja hæstv. stj., hvernig fara mundi um útvarpstæki, sem kynnu að verða búin til hér, ef einkasalan kemst á. Það hafa margir í huga að búa sjálfir til móttökutæki á einfaldan hátt, ef þau þurfa ekki að vera nákvæmari en það, að geta tekið á móti frá aflmikilli stöð hér. (HJ: Slík tæki hafa verið reynd og ekki gefizt sem bezt). Ég veit um mann, sem hefir dottið í hug að læra að búa til móttökutæki, og ég er ekki í neinum vafa um, að Íslendingar geta alveg eins lært þá list og aðrir, þó hv. þm. V.-Húnv. telji kannske efa á því. (PO: Ég þekki dæmi um, að íslenzk tæki hafa reynzt vel. — ÓTh: Ég líka). Það væri hart að banna mönnum þessa iðn með lögum, en auðvitað gæti þetta valdið talsverðri samkeppni við einkasöluna.

Ég held ég þurfi svo ekki að minnast á fleiri atriði að sinni. Aðeins vil ég benda á viðvíkjandi hagnaðarvoninni af einkasölu, að það getur stutt þá hugmynd, að fellt var niður úr frv. það ákvæði, að miða skyldi verð móttökutækjanna við lægsta smásöluverð í nágrannalöndunum. Þetta ákvæði í frv. þýddi auðvitað það, að hægt er að selja tækin 30% dýrari en nú er gert, samkv. upplýsingum landssímastjóra. En eftir að þetta var fellt úr frv., er stj. alveg sjálfráð. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh., hvað hann ætli fyrir sér um verðlag á tækjum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mikið lengur. Ég skal aðeins svara fyrirspurnum hv. 1. þm. Skagf. Hann spurði um, hver laun útvarpsráðið ætti að hafa. Laun þess hafa ekki verið ákveðin enn, en ég hygg, að laun þess verði ekki svo mikil, að það skipti miklu máli. — Viðvíkjandi fjölgun í því er það að segja, að mér er ekkert kappsmál, að mönnum sé fjölgað í því. En að það var lagt til í frv., stafar af eindreginni ósk frá prestum um að mega hafa einn mann í útvarpsráðinu. Þótti mér þá ekki óeðlilegt, að kennarar fengju sama rétt. Það, sem ég legg aðaláherzluna á í þessu frv., er einkasala á útvarpstækjum, til þess að fyrirbyggja sölu á úreltum tækjum með uppskrúfuðu verði. Eins legg ég áherzlu á, að ein yfirstjórn verði yfir útvarpinu, sem beri beina ábyrgð á fjárhagslegri starfrækslu þess. Heilbrigð fjármálastjórn ætti fremur að fást, ef ábyrgðin er ekki tvískipt.

Þá spurði hv. þm., hvort ég áliti samkv. 12. gr. frv., að einstakir menn mættu búa til útvarpstæki. Um þessa spurningu get ég sagt það, að 12. gr. bannar öðrum en einkasölunni einungis það, að flytja inn útvarpstæki. Einstakir menn mundu sennilega mega smíða tæki, er þeir nota sjálfir, en til sölu ekki, nema eftir samningi við einkasöluna.

Magnús Guðmundsson: Þó 2. umr. þessa máls væri löng, tók ég ekki til máls þá. En nú ætla ég að gera grein fyrir afstöðu minni, og vona ég, að hæstv. stj. telji það ekki málþóf.

Lög þau, sem hér er farið fram á að breyta, voru sett árið 1928 að tilhlutun núv. stj. Voru þau undirbúin af nefnd, sem til þess var skipuð, og flutt annaðhvort af stj. sjálfri eða af n. eftir hennar tilmælum. Nú vill hæstv. stj. gerbreyta þessum lögum, og er það gott sýnishorn af stefnufestu hennar.

Ég verð að segja það, að mér finnst margt einkennilegt í þessu frv., t. d. þetta ákvæði um óhlutdrægni í 4. gr.: „Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum". Þetta ákv. hefir hæstv. stj. láðzt að setja í lögin 1928. Að hún finnur sig knúða til að taka þetta fram nú í frv., er auðvitað bein afleiðing af því, sem hún hefir gert í þessu máli síðan.

Þetta minnir mig á gamla sögu. Einu sinni í fornöld var vitringi einum falið að semja lög fyrir þjóð sína, og gerði hann það. En hann setti engin viðurlög við föður- eða móðurmorði. Þegar hann var spurður, því hann gerði það ekki, svaraði hann því, að honum hefði ekki dottið í hug, að svo hryllilegur glæpur gæti komið fyrir.

Eins hefir farið fyrir stjórninni og n., sem undirbjó lögin um útvarp 1928. Hvorki stj. né nefndin fundu ástæðu til að setja lagaákvæði um það, að útvarpsstjórnin skyldi vera óhlutdræg. En eins og vitringnum skjátlaðist í því, að ekki þyrfti að ákveða hegningu við föður- og móðurmorði, eins hefir nú sýnt sig, að það var skakkt hjá hæstv. stj., er hún áleit, að ekki þyrfti að taka fram, að útvarpið skyldi vera óhlutdrægt, úr því fram átti að koma það, sem nú er fram komið um skipun útvarpsstjórans.

Eina málsbót hæstv. stj. í þessu máli er sú, að hún skuli þó finna, að úr því, sem komið er, er ekki vanþörf á að lögákveða, að útvarpsstjórnin skuli vera óhlutdræg, og er það auðvitað góðra gjalda vert. Hinsvegar sýnir þetta ákvæði, hve slæma samvizku hæstv. stj. hefir yfir skipun útvarpsstjórans, er hún finnur ástæðu til að brýna sérstaklega fyrir honum óhlutdrægni. Annars hafa það jafnan verið talin óskrifuð lög, að opinberir starfsmenn skyldu vera óhlutdrægir. En hér þykja þessi óskrifuðu lög ekki nægileg. Mér verður á að spyrja: Ætli það verði ekki svipað um hin skrifuðu lög? Á það virðist mér benda, að síðan hinn nýskipaði útvarpsstjóri kom úr utanferð á ríkissjóðs kostnað, hefir hann sýnt, að ekki er ástæðulaust að óttast hlutdrægni af honum, því hann hefir um skeið rangfært eins mikið af því blaði, sem hæstv. forsrh. keypti hann frá með embættinu, eins og meðan hann var ritstjóri þess, þó hann sé nú á ríflegum launum frá ríkinu.

Hæstv. forsrh. sagði, að ekki væri undarlegt þó Sjálfstæðisflokkurinn væri á móti þessu frv., því það gæti snert hagsmuni kaupmanna. Ég held hann ætti sem minnst að tala um vináttu við kaupmenn, því að enginn hefir rétt kaupmanni eins stóran bita og hann sjálfur. Enginn annar ísl. ráðh. en hann hefir verið svo stórtækur að lána einum kaupmanni 300 þús. kr. af opinberu fé. Hann ætti því ekki að nefna snöru í hengds manns húsi.

Ýmislegt fleira er einkennilegt í þessu frv. Það er tekið fram, að útvarpsstjórinn skuli ráðinn „með **fullum** árslaunum". Það á líklega að sýna, að laun hans eigi að vera nægilega há, og hafa hv. þm. þegar séð, að eftir þessu er rækilega farið, því að launin eiga að vera 9300 kr.

Athugavert er og það, að í frv. eru yfirleitt engar launagreiðslur ákveðnar. Er það að verða siður þessarar hæstv. stj. að ætla sér sjálfri að ákveða laun þeirra manna, sem hún tekur í þjónustu landsins. Er það vitanlega alveg óviðunandi fyrir þingið. Það átti auðvitað að ákveða laun mannanna við þessa stofnun í samræmi við laun þeirra, er við landssímann vinna, sem er hliðstæð stofnun. En stj. vill heldur ákveða launin sjálf handa þeim gæðingum sínum, sem hún veitir atvinnu, og hefir hún þau sennilega ekki óríflega, ef að vanda lætur.

Í frv. er heldur ekki ákveðið, hvað marga starfsmenn á að ráða við útvarpið; því getur stj. einnig alveg ráðið. Það er undarlegt, en fróðlegt til athugunar, að

Þá tel ég það illa farið, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að bannað verði að búa til móttökutæki hér innanlands. Það er hrein heimska að banna með lögum innlendan iðnað. Þeir, sem standa að slíku verki, eru að hefta sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar.

Sigurður Eggerz: Ég skal ekki þreyta hv. þdm. á langri ræðu. Mér finnst hv. þm. V.-Húnv. oft eiga mjög erfitt með að taka þátt í umr. án þess að blanda inn í þær ýmsum atriðum, sem ekki koma málinu við. Nú fann hann það upp í byrjun ræðu sinnar að líkja mér við „pólitíska hreysiköttinn". Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir athugað, hvaða dýr þetta er. Hreysikötturinn er ákaflega grimmt dýr, sem gleypir slöngur og ýmsa smákalla með húð og hári, — rennur á þá líkt og hákarlinn á þá beituna, sem honum líkar bezt, og hv. þm. V.-Húnv. hefir kannske heyrt nefnda. Ég er ansi hræddur um, að hv. þm. hafi ekki lesið náttúrufræðina nýlega, fyrst hann gat fundið upp á þessari samlíkingu. Nema það hafi verið leikrit, sem okkur þm. var boðið á fyrir skömmu, sem ruglaði hv. þm. Það var kallað „Hreysikötturinn", og ef það er meining hv. þm. að líkja mér við höfuðpersónuna í þeim leik, þá hefi ég ekki ástæðu til að kvarta. Það var sniðug manneskja, og allir hlutir snerust eins og hún vildi, svo að samlíkingin við hana getur ekki skoðazt öðruvísi en sem hrós.

Annars hefi ég litlu að svara. Mér skildist á hv. þm., að hann væri því ekki mjög fylgjandi, að fjölgað væri í útvarpsráðinu. Ég sé ekki heldur, að honum hafi tekizt að færa nein ný rök fyrir því, að nauðsyn væri á aðskilnaðinum frá landssímanum. Ég skal heldur ekki fara langt inn á einokunina. En þar var það eitt, sem hv. þm. V.-Húnv. gat ekki skilið, að þetta gæti vel orðið til þess, að tækin yrðu verri og dýrari. En það hefir alltaf sýnt sig, þar sem slík óeðlileg höft eru lögð á, að þessi verður reynslan. Þessi einkasala er að mínu áliti óþarfur fjárhagslegur snagi til að hengja á skoðanir einstakra manna. Og það er alltaf óhuggulegt að sjá pólitískar sannfæringar hanga á hinum og þessum fjárhagssnögum stj.

ATKVGR.

Brtt. 415,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12:6 atkv.

2. gr. samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB, JörB, LH, BSv.

nei: ÓTh, SE, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.

Sjö þm. (MT, PO, ÁÁ, BSt, EJ, GunnS, HV) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Brtt. 415,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 415,3 samþ. með 13:3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11:5 atkv.

Brtt. 415,4 (ný 6. gr.) samþ. með 12:4 atkv.

— 415,5 (ný 7. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

— 415,6.a—b samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 415,7.a—b samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 415,8.a—b samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 415,9 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, HG, IngB, JörB, LH, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, SE.

BSv greiddi ekki atkv.

Sex þm. (BSt, EJ, GunnS, HV, MT, PO) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 415,10.a samþ. með 13:2 atkv.

— 415,10.b samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv.

15.—19. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:8 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 448).

og landssímastjóri og sá sérfræðingur, sem hefir verið til aðstoðar ríkisstj. í öllu, útvarpsmálinu viðkomandi, sem lýtur að „tekniskri" hlið málsins, og ég held satt að segja, að sé eini maðurinn, sem hefir sérþekkingu á þessu sviði. Ég á hér við Gunnlaug Briem símaverkfræðing, sem meðundirskrifar álit landssímastjóra, svo að það virðist dálítið hjákátlegt, ef við færum að taka upp þá breyt. að aðskilja þessa verklegu hlið landssímans og útvarpsstöðvarinnar. Útvarpsstjóri gerir líka ráð fyrir því í sinni umsögn, að vélfræði- og verkfræðihlið þessa máls verði falið landssímanum, og þá er það næsta kátlegt, ef löggjafinn tekur aftur út úr lögunum, sem nú gilda, það ákvæði, sem í þeim stendur um það, að landssíminn skuli annast þessa hlið málsins.

Þá var það sérstaklega einkasölufyrirkomulagið, sem ég vildi segja nokkur orð um.

Eins og allir vita, þá er útvarp og smíði útvarpsmóttökutækja svo að segja á frumstigi. — Mér er kunnugt um það, að núna fyrir hálfum mánuði síðan komu frá amerísku firma útvarpstæki, sem eru bæði miklu betri og 25% ódýrari heldur en þau útvarpstæki, sem þessi sama verksmiðja bjó til og seldi í maí síðastl. ár. Það er allt á tilraunastigi um það, hvað bezt hentar, svo að það virðist ekki vera hyggilegt fyrir ríkissjóð að hleypa sér út í einkasölu. En allar forsendur fyrir því, að ríkið taki að sér einkasölu á þessum tækjum, hníga að því, að útvarpsstöðin myndi fá tekjur af henni. Já, það mætti fá tekjur af einkasölunni með því að þrengja upp á notendur tækjum, sem væru fyrir löngu úrelt orðin, svo og með því að selja tækin með 50—100% álagi. En ef reyna á að koma saman hagsmunum notenda og tekjum einkasölunnar, þá er það ekki mögulegt.

Ég er viss um það, að einkasölufyrirkomulag í þessu efni verður notendum enn þá verra en nokkur einkasala, sem við hingað til höfum haft. Þeir, sem flytja inn, verða að sætta sig við það, að tæki, sem þeir pöntuðu fyrir hálfu ári síðan og þá þóttu góð, verði orðin úrelt eftir ½ ár, og náttúrlega tapa þeir þá fé sínu, sem eru svo óforsjálir að flytja inn tæki nema rétt eftir hendinni. Auk þess eru ýmsir, sem vilja fá misjafnlega góð tæki, sumir vilja fá tæki, sem ná útvarpi frá svo að segja öllum hlutum jarðarinnar, eða a. m. k. hvaðanæfa úr þessari heimsálfu, en aðrir kæra sig ekki um betri tæki en að þau nái útvarpsstöðinni í Reykjavík.

Það má kannske segja, að það sé vandalítið að verzla með tæki, sem nái til Reykjavíkur, þeir menn geti notazt við eldri gerðir, þótt slík tæki verði eftir nokkur ár miklu einfaldari og óbrotnari og ódýrari en nú er. En þetta gildir ekki um þá, sem vilja fá góð nýtízku tæki og verða fyrir barðinu á einkasölunni, og ég held, að það sé miklu réttara að taka nokkru hærra árgjald af notendum heldur en að ætla sér að ná fé inn með þessu einkasölufyrirkomulagi.

Annars býst ég við, að þar sem hér er um stórkostlegt menntamál að ræða fyrir þjóðina, þá skeri ekki forráðamenn hennar tillög ríkissjóðs mjög við neglur sér, en styrki það árlega með hæfilegri fjárupphæð.

Það hefir verið nokkuð um það deilt, hvort rétt væri að hafa fleiri menn í útvarpsráðinu heldur en áður var. Reynslan í útlöndum hefir sýnt það, að eftir svona 2—3 ár hefir verið fjölgað um tvo, þrjá eða fjóra menn í útvarpsráðum. Þannig var á yfirstandandi vetri fjölgað allverulega í útvarpsráði Danmerkur og sömuleiðis í útvarpsráði Þýzkalands. En fjölgunin hefir gengið í þá átt, að notendurnir hafa fengið meiri rétt til þátttöku í útvarpsráðinu en áður var. Það mun nú orðið svo víða, að þeir, sem nota útvarpið, skipa meiri hluta útvarpsráðs, og það sýnist mér ekki ósanngjarnt, því að fyrir þá er þetta fyrirtæki rekið; þótt það hafi verið rekið af ríkinu, þá er ekki ætlazt til þess, að ríkið hafi tekjur af því, eða að það sé í gróðaskyni gert, heldur er það gert til að auka menningu í landinu. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem nota sér þetta til skemmtunar og menntunar, ráði nokkru um það, hverju er útvarpað á hverjum tíma. Ég er þar á annari skoðun en þeir hv. þm., sem talað hafa, en hinu neita ég ekki, að mér þykir notendum vera gert allt of lágt undir höfði og þeir hafi lítil áhrif á skipun ráðsins eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

urn gaum. Ég veit að vísu, að hann sigldi sér til hressingar og skemmtunar, mánaðartíma. En ég tel það hafa verið gert meir til málamynda og til að geta talað öllu digurbarkalegar um þessi mál á eftir. Enda tíðkast það nú mjög með stjórnarliðum að fara utan á kostnað ríkissjóðs til að „kynna" sér hitt og þetta, t. d. kvikmyndir, eins og Gísli Guðmundsson gerði, og er ekki hægt að taka slíkt alvarlega. Reynslan hefir kennt okkur að fyrirlíta slíkar aðferðir stjórnarinnar, og þm. vita vel, að þessar „kynnisfarir" er aðeins form, sem stj. notar til að koma bitlingagráðugum, glaumsjúkum taglhnýtingum á ríkissjóð, að þeir megi fyrir almennings fé svala skemmtanafýsn sinni.

Ég ætla þó að trúa einu atriði í umsögn útvarpsstjórans, af því að mér finnst svo ósennilegt, að hann segi þar rangt frá. Er þó ekki svo að skilja, að ég beri yfirleitt nokkurt traust til þess manns. En hann segir nefnilega, að fyrir einkasölu á útvarpstækjum finnist hvergi fordæmi. Ég geri ráð fyrir því, að ríki, þar sem jafnaðarmannastjórnir hafa setið að völdum, t. d. Svíþjóð og Danmörk, myndu hafa tekið þetta heillaráð, ef það er eins ágætt og útvarpsstjóri telur. Ég efa ekki, að vitrir jafnaðarmenn í nágrannalöndunum hafi athugað þetta mál og haft betri aðstöðu til þess og þekkingu en við hér, en í reyndinni hefir enginn talið þessa leið færa. Um tvö höfuðatr. frv. gildir hið sama: Engin önnur þjóð hefir gengið inn á þá braut, er hér á að fara.

Það er stundum sagt, að bændastjórnin okkar gangi lengra inn á brautir jafnaðarstefnunnar en jafnaðarmannastjórnir í nágrannaríkjunum. Þetta er hárrétt. Vald hæstv. dómsmrh. er svo ríkt, að bændastj. hérna gengur lengra í því að lögfesta skipulag jafnaðarmanna en stjórnir nágrannalandanna, sem skipaðar eru jafnaðarmönnum. Þetta frv. er eitt af afsprengjum þeirrar stefnu. Það undrar mig ekki, að það er fram komið. Það er hreint framhald af annari starfsemi þingsins.

Ég verð að segja það, að enn ber ég það traust til ýmsra hv. þm. úr andstöðuflokknum, að hefði minni hl. n. veitzt tækifæri til að gefa út nál. og þeir hefðu kynnt sér það, að þá hefðu þeir fylgt hér réttu máli. Þó mér detti ekki í hug áð leyna þeirri skoðun minni, að ýmsir úr stjórnarliðinu gera það, sem þeim er sagt að gera, þá eru þó ýmsir innan flokksins, er vilja gera og gera það, sem þeir álíta sannast og réttast. Í svona máli, þar sem annar þátturinn er ópólitiskur, þá hefði ég haft von um að geta haft áhrif á afstöðu sumra hv. þm. með prentuðu nál. En núna á síðari hluta þingsins eru menn ekki mjög þaulsætnir undir ræðum, og er því aðgengilegra að bera fram rök sín í nál. Sumir kunna að segja, að það séu sjálfskaparvíti að hafa ekki haft nál. tilbúið í tæka tíð. En nál. meiri hl. er dagsett hinn 4. apríl, í dag er sá 7. Ég hygg, að það sé venja, þegar ekki er lengra umliðið frá því að meiri hl. skilar áliti og minni hl. óskar að málinu sé frestað, að taka þá ósk til greina. Enda er ég viss um, að ef hæstv. forsrh. hefði ekki sótt það fast, að málið yrði tekið á dagskrá nú, þá hefði hæstv. forseti gefið þetta eftir. Ég vil vekja athygli á því, að með þessu hefir aðstaða okkar verið gerð erfið.

Að þessu sinni skal ég ekki orðlengja frekar. En ég geri fastlega ráð fyrir því, að hv. þdm. taki fyllilega til greina umsögn hinna tveggja fróðustu manna um þessi efni, sem prentuð er í nál. En þeir mæla báðir móti frv.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi aðeins benda á það, að till. þær, sem hér liggja fyrir, eða umsagnir þeirra manna, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, hníga aðallega í þá átt, að það beri að hafa sameiginlegt verkfræðilegt eftirlit hjá landssímanum og útvarpsstöðinni. Þær upplýsingar, sem útvarpsstjóri hefir fengið í Danmörku, eru til stuðnings þessu áliti landssímastjórans, því að útvarpsstjórinn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Danmörku, þar sem þessi mál eru algerlega í höndum ríkisins, eins og gert er ráð fyrir að hér verði, er útvarpinu, með samningi milli útvarpsins og ríkissímans, tryggð verkfræðileg aðstoð, eftirlit með rekstri stöðva, uppsetning tækja o. s. frv. — — — Var mér tjáð, að þetta gæfist vel".

Útvarpsstjóri er hér alveg á sama máli

menn, er annast daglega reksturinn, séu ráðnir og launaðir af einkafélögum". Hér á því að leggja inn á alveg nýja braut. Því er enn meiri ástæða til að spyrja, hver nauðsyn reki til þess, enn meiri ástæða til að líta á umsögn sérfræðingsins, landssímastjóra, enn meiri ástæða til að gjalda varhuga við frv.

Landssímastjóri bendir á ýms rök áliti sínu til stuðnings, t. d. það, að útvarps- og loftskeytastöðvar eru að mestu leyti byggðar eins og senda frá sér samskonar sveiflur og trufla hver aðra, ef þess er ekki gætt af sérstakri varfærni. En það liggur í hlutarins eðli, að mest trygging er fyrir því, að þess sé gætt, ef ein stjórn ræður báðum stöðvunum. Enn segir landssímastjóri, að ætlazt sé til, að útvarpsstöðin annist jafnframt skeytasendingar, fyrst og fremst veðurskeytin og svo önnur skeyti, er önnur sambönd bila. Ennfremur megi vel vera, að hætt verði að nota sæsímann og loftskeytastöð verði að öllu leyti látin annast skeytaviðskiptin. Það er höfuðatriði málsins, og þá er sjálfsagt að hafa stöðvarnar báðar í sama húsi og undir sömu stjórn.

Annars er það margt í umsögn landssímastjóra, sem ég skal ekki fara út í. Verð ég að játa, að ég ber ekki fullt skyn á það. En hún er það plagg, sem ekki verður komizt hjá að taka fyllilega til greina.

Ég skal aðeins benda á það í viðbót, að sá maður, sem, að landssímastjóra frágengnum, á að vera máli þessu kunnastur, maður sá, er hefir undirbúið stofnun útvarpsstöðvarinnar, Gunnlaugur Briem símaverkfræðingur, tekur það fram, að hann telji ekki fært að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn útvarps- og loftskeytatækja í landinu.

Ég tel það undarlegt, þegar bæði sá maður, er hefir undirbúið stofnun útvarpsstöðvarinnar, og landssímastjóri leggjast á eina sveif, að þá skuli hinir spöku þm. hver um annan þveran rísa upp og látast vita betur. Það eru sannarlega orðnir fleiri en hæstv. dómsmrh., sem farnir eru að fyrirlíta sérfræðinga. Alltaf eru hv. stjórnarflokkar að látast bera fyrir brjósti menntunina. Það þarf að mennta þjóðina, segja þeir. En strax og menntuninni er teflt fram gegn flokkshagsmunum og ofstæki, þá er ekkert tillit til hennar tekið. Það er eins og þessir hv. þm. álíti sig hafa komizt í himnaríki, hafi þeir hlotið ofurlitla gutlmenntun, en strax og menn, er hlotið hafa reglulega menntun, staðgóða sérfræðimenntun, láta álit sitt í ljós, þá fá þeir ekki hljóð, hinir gutlmenntuðu þm. þykjast þá vita betur.

Ég verð að segja, að ef ætlunin er að ganga á snið við yfirlýsingar landssímastjóra og þess manns, er undirbúið hefir stofnun útvarpsstöðvarinnar, þá á þjóðin heimtingu á, að fyrir því séu færð rök, sterk rök. Þau hefi ég ekki heyrt enn.

Um hin tvö atriði máls þessa skal ég ekki fjölyrða. Ég er heldur andvígur því að fjölga í útvarpsráðinu. Ég tel það að vísu ekki stórvægilegt. Því fylgir sjálfsagt nokkur kostnaðarauki. Það gæti og leitt til þess, að fleiri aðilar kæmu og vildu einnig fá fulltrúa í ráðið. Gæti orðið örðugt að neita þeim um það.

Þriðju breyt., einkasölu á útvarpstækjum, er ég algerlega mótfallinn. Hér hafa aðrir á undan mér gert grein fyrir því, hvílíkar tálvonir menn geri sér yfirleitt í slíkum efnum. Það hefir lengi ríkt sú skoðun, að ef tryggja ætti notendum góðar vörur og ódýrar, þá væri eina ráðið einkasala, einokun. Hv. þm. er vorkunnarlaust að dæma um þetta. Þeir hafa reynsluna fyrir sér og geta því séð, hvílíkir ókostir eru ávallt fylgjandi einokun.

Einnig í þessu efni gefur landssímastjóri mikilsverðar upplýsingar. Hann hefir athugað verðlag á útvarpstækjum þeim, er mest seljast hér á landi, og borið saman við verð samskonar tækja í Danmörku. Niðurstaðan var sú, að tækin voru að meðaltali 30% dýrari þar en hér. Ég verð að segja það, að þegar þær upplýsingar liggja fyrir, að tækin séu seld hér við sérstaklega lágu verði, þá hlýtur það að draga nokkuð úr þeim mönnum, er vilja seilast í einokun í þeim tilgangi að lækka verðlagið. Ef það þýðir yfirleitt að tala við þessa menn með rökum, þá hlýtur slík staðreynd að hnekkja ákvörðun þeirra.

Ég ætla ekki að ræða hér um umsögn útvarpsstjórans. Það er aðallega vegna þess, að ég tel hann ennþá svo ókunnan þessum málum, að engin ástæða sé til að gefa orðum hans um þessi efni nokk-

nokkurri andúð. Mótstaða manna gegn frv. er, eins og eðlilegt er meiri fyrir það, að menn eiga erfitt með að tengja vonir við nýja útvarpsstjórann, svo þjóðfræg sem hlutdrægni hans og óhlutvendni er orðin.

Eins og drepið hefir verið á hér í deildinni, hefir verið leitað umsagnar nokkurra manna um þessa lagabreyt., og ég verð að segja það, að mér finnst það broslegt að fara að leita umsagnar símaverkfræðings, þegar búið er að fá álit landssímastjóra. Mér dettur ekki í hug að fara dult með þann grun, að það hafi verið leitað álits símaverkfræðings af því, að landssímastjóri lagði á móti frv., og umsögn undirmannsins hefir þannig átt að rýra álit yfirmannsins. Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Dal. sagði, að það mætti þá alveg eins vel leita umsagnar fleiri starfsmanna símans, úr því umsögn yfirmanns landssímans er ekki látin nægja í málinu.

Mér þykir undarlegt, að hv. meiri hl. n. skyldi sjá sér fært að mæla með frv. í höfuðdráttunum, eftir að sá maður, sem dómbærastur var í þessu efni, landssímastjórinn, hefir skilað áliti um málið, sem mælir jafneindregið á móti frv. og álit landssímastjóra.

Landssímastjórinn telur rekstur útvarpsins aðallega í 4 liðum: Í fyrsta lagi það, sem lýtur að hinu útvarpaða efni. — Í öðru lagi fjárhagsstjórn. — Í þriðja lagi innheimtur, greiðslur, reikningshald o. s. frv. — Í fjórða lagi stjórn útvarpstækja og tilheyrandi véla.

Nú segir svo í lögunum frá 1928, að þessi fyrsti og annar liður skuli lagður undir útvarpsráðið, en þriðji og fjórði liður undir landssímastjóra. Nú er farið fram á, að þau störf, sem áður var ákveðið, að lægju undir landssímastjóra, verði tekin undan hans yfirstjórn og lögð undir útvarpsráð og útvarpsstjóra. Ég hygg því, að mönnum þyki full ástæða til að athuga gaumgæfilega, hvað landssímastjóri segir um þessa breyt. og á hverju hann byggir það. Mér hefir ekki þótt það koma nógu skýrt fram í þessum umr., enda þótt á það hafi verið drepið.

Landssímastjóri bendir á, að innheimtu, greiðslur og reikningshald hafi upprunalega verið ákveðið að leggja undir landssímastjóra í sparnaðarskyni, og ég efast ekki um, að þeir menn, sem töldu þá sparnað að þessu, álíti það ennþá, a. m. k. þangað til þeir hafa lýst því yfir, að þeir hafi skipt um skoðun og fært fram ástæður fyrir því, hvers vegna þeir telji það nú ekki lengur sparnað, sem þá var talinn sparnaður. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að stjórnarsinnar séu orðnir svo gerspilltir, að þeir að öðru jöfnu vilji ekki heldur spara fé ríkissjóðs en eyða því í óhófi. Ég vænti því þess, að hæstv. atvmrh. eða hv. frsm. meiri hl. geri einhverja grein fyrir því, hvað því valdi, að það, sem talinn var sparnaður þegar lögin um útvarpið voru samþ. 1928, sé nú ekki sparnaður lengur, og í öðru lagi, hvort nauðsyn beri til að gera þessa breyt., enda þótt henni fylgi aukinn kostnaður, og þá hver sú nauðsyn er og hvort hún sé svo mikil, að hún samsvari kostnaðaraukanum, sem af breyt. kynni að leiða. Þar til ég heyri þau rök, mun ég trúa því, sem hinn fróðasti maður í þessum efnum, landssímastjóri, segir.

Um hinn þátt málsins, þann, að flytja umsjón útvarpstækjanna frá landssímastjóra og undir útvarpsstjóra, segir landssímastjóri: „— er það skoðun mín, að ekki sé mögulegt, ef vel á að fara, að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn loftskeytastöðva og útvarpsstöðva".

Ég játa, að ég tel mig ekki dómbæran um þetta atriði. Ég er líklega viðlíka dómbær um það og útvarpsstjórinn okkar, jafnvel þó hann hafi farið í mánaðar utanför og ætlist svo til, að hans umsögn sé talin jafngild umsögn landssímastjóra. Ég tel hvorugan okkar færan um að dæma um þetta á við landssímastjóra. Ég get ekki neitað því, að umsögn landssímastjóra veldur miklu um mína afstöðu til málsins. Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt, að þingmenn láti orð jafnkunnugs og hæfs fagmanns hafa áhrif á afstöðu sína.

En landssímastjóri segir meira: Hann bætir við: „— mun það fyrirkomulag hvergi þekkjast í heiminum, ekki einu sinni þar, sem útvarpið er rekið af einkafélögum, því jafnvel þar, sem lengst er gengið, er verkfræðileg yfirstjórn útvarps- og loftskeytatækja í landinu undir sama embættismanni, þótt þeir starfs-

er svo einkarljúft að koma einkasölu á sem allra víðast. Það er þeirra bjargföst trú, að þetta sé það bezta fyrirkomulag. Þá eru framsóknarmenn og jafnaðarmenn sammála. Ef hv. frsm. meiri hl. heyrir einhvern söng um einokun, þá er það áreiðanlega hann og hans fylgifiskar, sem hafa byrjað á þeim söng, en ekki við Sjálfstæðismenn.

Hv. frsm. minntist á það í sinni framsöguræðu, að útvarpsmálið væri eitthvert stærsta menningarmál þjóðarinnar. Það hefir verið drepið á það hér oftar af ýmsum hv. þm., bæði þegar sett voru lögin um útvarpið og oftar, að einmitt hjá okkur, þar sem strjálbýli er mikið, þá sé líklegt, að nota megi útvarpið til að mennta þjóðina. Mér finnst því, að ríkisstj. hafi alveg að óþörfu aflað þessu menningarmáli andúðar hjá miklum hluta þjóðarinnar fyrirfram. Ég tel það óheppilegt, vegna þess að ég er einn af þeim, sem trúa því, að vel rekið útvarp á Íslandi geti verið mikið menningarmeðal. En með því að fela yfirstjórn útvarpsins einhverjum þeim svæsnasta pólitíska ritstjóra, sem hér hefir nokkru sinni verið, og gera tækin, sem almenningur þarf að kaupa, að einokunarvöru, þá tel ég, að hæstv. stj. hafi gert nokkuð til að veikja tiltrú þjóðarinnar til þessarar stofnunar, og er slíkt illa farið. Það er ekki aðgerðum hæstv. núv. ríkisstj. að þakka, þó að útvarpið vinni menningu okkar mikið gagn, og það er ekki henni að þakka, þó að takist að sigla framhjá þeim skerjum, sem nú er stefnt á í þessu máli.

Ólafur Thors: Ég hefði að vísu heldur óskað að geta gert grein fyrir skoðun minni í stuttu nál., en þar sem málið var tekið á dagskrá nú í dag, verð ég að skýra frá mínu áliti í ræðu.

Það er fyrir ofurkapp hæstv. atvmrh., að málið var tekið á dagskrá í dag. Þess vegna var ekki hægt að koma með nál., og er að því mikil tímatöf og óþörf, og hefði verið miklu betra að láta málið hafa þann gang, sem venja er til. Nefndarálit eru hvort sem er til þess að gefa mönnum kost á að skýra frá, á hverju þeir byggi þá niðurstöðu, sem þeir hafa komizt að í málinu, og þá þarf varla að ræða málið eins mikið. Ef menn sannfærast ekki af þeim rökum, sem eru í nál., þá sannfærast þeir varla við umr. Ennfremur mæla þingsköp svo fyrir, að nefndir eða nefndarhlutar skuli skila sérstöku áliti, og er það byggt á þeirri staðreynd, að það greiði fyrir málinu.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Vestm., að útvarpsmálið sé eitthvert mesta menningarmál Íslands. Það er álit allra þeirra, sem bera glöggt skyn á þetta mál, að rétt sé að leggja ýmsar kvaðir á ríkissjóð til að greiða fyrir því mikla þrifamáli þjóðarinnar. Hinu dettur mér ekki í hug að neita, að þessu menningarmáli hefir verið stofnað í voða með vali útvarpsstjórans. Annars hefi ég áður gert grein fyrir skoðun minni í því efni og fer því ekki frekar út í það, að öðru leyti en því, að sú veiting er þeim mun verri, sem sannanlegt er, að hæstv. atvmrh. gekk vitandi vits að verki í því efni. Það hefir öllum verið ljóst frá upphafi þessa máls, að mest af öllu reið á, að útvarpsstjórinn væri vel valinn og óhlutdrægur í öllum efnum. Á hinn bóginn er það öllum vitanlegt, að sá, sem hlaut stöðuna, hlaut hana vegna þess, hvað hann var hlutdrægur. Fyrst og fremst vegna þess hlaut hann stöðuna. Hann var svo hlutdrægur í garð forsrh. sem ritstjóri við aðalblað Framsóknarflokksins, að ráðh. gat ekki unað við að hafa hann þar. Þess vegna setti hann hann í þessa stöðu. Hann gat ekki losnað við ritstjórann með öðru móti en að kaupa hann burt með því að veita honum stöðuna.

Ég skal ekkert um það dæma, hversu mikla hæfileika hann hefir sem útvarpsstjóri. Hann hefir sjálfsagt suma af þeim kostum, sem útvarpsstjórinn þarf að hafa, en vantar aðra. Þessi veiting er því vítaverðari, sem vitanlegt var, að um stöðuna sóttu menn, sem voru lausir við þá ókosti, sem sá maður mátti sízt hafa, sem stöðuna fengi, en höfðu marga þá kosti, sem þarf til þess, að starfið sé vel af hendi leyst.

Þegar nú annarsvegar með veitingu útvarpsstjóraembættisins hefir í aðalefninu verið vikið frá því, sem útvarpsmálinu er fyrir beztu, en hinsvegar með frv. þessu er mjög aukið á vald útvarpsstjóra frá því, er lögin frá 1928 gera ráð fyrir, þá er ekki nema eðlilegt, að frv. mæti

að fylgjast með, hvaða gerð tækja er heppilegust, og hefir því vit á að velja sér tækin sjálft.

Mér þykir undarlegt, að hv. meiri hl. fjhn. skyldi fara að birta svona skjal frá landssímastjóra með nál., af því að það er allt mótmæli gegn þessu frv. Landssímastjóri ræður eindregið frá því, að þessi leið sé farin og segir, að hann telji einkasöluna út af fyrir sig alls ekki heppilegustu leiðina til þess að tryggja notendum góð og ódýr tæki. Ef ríkissjóður á að hafa nokkurn hag af sölunni, verður hann að selja tækin dýrara en þau eru seld nú. Landssímastjóri hefir bent á þá leið, að ef þarf að hugsa um að tryggja ríkissjóði hagnað af þessu, sé nær að leggja gjald á tækin, en hafa verzlunina frjálsa. Hv. meiri hl. fjhn. hefir líka fundið, að ummæli landssímastjóra voru heldur lítil meðmæli með frv., því að hann fékk líka umsögn um þetta frá öðrum af starfsmönnum símans, til að draga úr þeim mótmælum, sem fólust í ummælum landssímastjóra. Þessi maður er verkfræðingur landssímans. Hann segist halda sér aðallega við þá verkfræðilegu hlið málsins, og hans umsögn ber því að skoða sem ummæli, sem snerta framkvæmd málsins frá vélfræðilegu sjónarmiði, en síður frá almennu sjónarmiði, en sjálfur virðist hann ekki hugsa svo mjög um, að þurfi að spara, því að hann segir svo á einum stað í skjalinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í húsakynnum útvarpsins í Reykjavík situr útvarpsstjóri, verkfræðingur útvarpsins, gjaldkeri og annað skrifstofu- og aðstoðarfólk eftir þörfum".

Sem sagt, það er ekki ætlazt til, að verið sé að spara neitt, heldur bara taka aðstoðar- og skrifstofufólk eftir þörfum, í viðbót við yfirstjórnina. Mér þykir það nokkuð „flott", ef þannig á að stofna til meiri kostnaðar en nauðsynlegt er að óreyndu.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. talaði um það í svari sínu til hv. þm. Dal., að hann væri alltaf með þennan einokunarsöng. Það er nú svo, en ég held, að hv. þm. Dal. og við aðrir, sem alltaf höfum verið á móti þessari einokunarstefnu, gætum sagt um hv. frsm. meiri hl. og flokksbræður hans, að þeir væru alltaf með einokunarsöng. Það hefir alltaf verið ráðið hjá hæstv. stj. og flokki hennar og helzta lækningarmeðalið við ágöllum á verzluninni, að koma á einokun. Þetta stingur upp höfðinu þing eftir þing, og alltaf er hæstv. stj. og flokkur hennar að reyna að fikra sig áfram lengra og lengra á þessari einokunarbraut. Þar ber ekki mikið á milli hjá sósíalistum og framsóknarmönnum. Þar er enginn stefnumunur, heldur aðeins stigmunur.

Ég geri ekki ráð fyrir, að framsóknarmenn mundu vilja eins og nú standa sakir koma á einkasölu á saltfiski, en jafnaðarmenn hafa oft verið að brjóta upp á því. Aftur á móti hefir það verið lagt til af framsóknarmönnum á öðrum sviðum, að gengin væri þessi einokunarbraut. Er þar skemmst á að minnast, þar sem er nál. meiri hl. um einkasölu á tóbaki. Þar eru það þingmenn Framsóknar, sem skrifa allir undir það, að þeim þyki rétt að taka upp einkasölu á tóbaki. Rökstuðningur þessara þm. á því skjali er næsta eftirtektarverður. Þeir segja, að með því að ýmsar vörutegundir hafi þegar verið teknar í ríkiseinkasölu, þá þyki þeim rétt að taka upp einkasölu á tóbaki líka. Þessi rökstuðningur í þessu máli á þá náttúrlega við í öllum öðrum málum. Sem sagt, það virðist vera nokkuð ríkt hjá báðum stjórnarflokkunum, að ríkið taki í einkasölu ýmsar vörur eða vörutegundir, eftir því sem hentugast þykir í hvert skipti. Það er öllum vitanlegt að því er snertir útflutning á síld, að þar hefir framsóknarmönnum og jafnaðarmönnum ekkert borið á milli í þinginu. Þeir hafa verið alveg sammála um að koma á einkasölu með því fyrirkomulagi, sem á henni er nú, sem enn sem komið er hefir ekkert leitt af nema tjón fyrir þjóðina. (LH: Það er ekki satt). Ég ætlast til þess af hv. þm. V.-Sk., ef hann er sannfærður um, að einkasala á síld hafi gert gagn, að hann leggi fram einhver fleiri gögn en að grípa fram í fyrir mér. (LH: Það er vandalítið). Hv. þm. hefði átt að standa í sporum smábátaeigenda hér á Suðurlandi, sem hafa orðið að hætta síldarútgerð fyrir norðan fyrir aðgerðir hans og annara hv. þm. viðvíkjandi síldareinkasölunni. Nei, það er það, sem alltaf er að koma betur og betur í ljós, að þeim

tegundum tækja hér og sömu teg. í Danmörku. Er umsögn hans prentuð með nál. meiri hl. Niðurstaða þess samanburðar er sú, að þessi tæki séu 30% dýrari í Danmörku en hér að meðaltali. Þetta virðist benda á, að samkeppni í sölu tækja hér á landi leiði af sér lægra verð, og það svo lágt, að tækin verða ódýrari hér en í Danmörku, þar sem þau þó eru framleidd. (HJ: Er ekki frjáls samkeppni um sölu þar?). Jú, því eftir því sem ég bezt veit, þá hefir ekki verið reynd einkasala í Danmörku. Það má líka sjá á umsögn útvarpsstjóra, sem prentuð er sem fskj. með nál. meiri hl. Hann hefir verið að athuga þetta í Danmörku og fiskað þar upp hálfgerð meðmæli með einkasölu. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir einkasölu á útvarpstækjum er ekki fordæmi í nágrannalöndunum. Hinsvegar skal ég geta þess, að merkir menn við útvarpið danska töldu, að með því yrðu fyrirkomulagi okkar tryggðir yfirburðir og að sneitt yrði hjá óþægindum, sem danska útvarpið hefir átt við að stríða“,

Það getur verið rétt, að sneiða megi hjá einhverjum óþægindum fyrir útvarpsstjórann með þessu. En það er líka stefnt til mikilla óþæginda fyrir annan aðilja, notendur útvarpsins.

Ég hefi heyrt því haldið fram, að þeir, sem verzla með þessi tæki, mundu gylla vöru sína, en selja þó óvönduð tæki. Þetta mætti með sama rétti segja með alla vöru, hvort sem hún er seld í frjálsri samkeppni eða ekki. Ég held samt, að þeir, sem verzlað hafa með slík tæki á undanförnum árum, hafi bæði haft góð tæki og selt þau hóflegu verði, enda sannar samanburður landssímastjóra það bezt. Það er því eins með þetta og margt annað. Þeir, sem selja útvarpstæki, hafa ekkert til þess unnið, að sú sala sé af þeim tekin.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að mikill hagnaður yrði af einkasölunni, ef góð tæki verða seld fyrir mjög lítið verð. Ef á hinn bóginn hugsað er til að gera þessa einkasölu að tekjulind fyrir ríkissjóð, eins og oft vill verða með einkasölur, þá mun fara svo, að notendur bíða tjón af því þegar fram í sækir. Má til samanburðar nefna Spánarvínin og verzlun ríkisins með þau. Þau gefa nú svo miklar tekjur, að mörgum þykir nóg um hvað sukkað er með þá vöru. En þetta er orðin svo mikill tekjustofn, að menn, sem annars eru á móti óhóflegri vínnautn, líta nú mest á þetta sem tekjulind fyrir ríkissjóð. Nei, þegar á að taka einhverja vöru í einkasölu, þá má ekki hampa því, að það verði til hags fyrir notendurna. Einkasölufyrirkomulagið leiðir ávallt til alls annars.

Hv. frsm. taldi það einn af kostum frv., að eftir því yrðu fastari tök á yfirstjórn útvarpsins, þar sem útvarpsstjóri yrði einráður með útvarpsráði. En helzta dæmið, sem hann nefndi um það, var, að betra yfirlit fengist um útvarpsnotendur, og hægara yrði að ná inn árgjöldum, ef ríkið verzlaði með tækin. Ég geri nú ekki mikið úr þessu. Hann meinar víst, að útvarpsstjórnin geti með þessu haft skrá yfir tækin eða þá, sem kaupa þau. Ég veit nú ekki, hvort þetta er öruggt. Oft kaupa aðrir tæki en þeir, sem nota þau. Og nú eru til hundruð tækja víðsvegar um land. Hinsvegar er hér í fámenninu enginn vandi að vita, hverjir nota tæki, án þess einkasala sé viðhöfð. Að þessu öllu athuguðu held ég, að enginn skaði hefði verið skeður, þó þessar breyt. hefðu beðið nokkuð, þar til reynsla var fengin á þá tilhögun, sem fyrst var ákveðin. Alltaf mátti breyta, ef það hefði komið í ljós, að landssímastjórinn hefði ekki ráðið við það að hafa yfirumsjón með þessum málum. Ég veit, að með þessu er útvarpsstjóranum gefið meira vald og honum veitist hægara að veita mönnum atvinnu við þetta, fleirum en þörf er á, ef landssímastjóri hefir yfirstjórnina.

Þá er það þessi einkasala á móttökutækjunum. Náttúrlega verður einhverri verzlun, einstakling eða félagi falið að velja tækin, og síðan verða allir að kaupa aðeins þessi tæki, sem vilja fá sér einhver móttökutæki, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Ég kann ekki við, að verið sé að taka svona fram fyrir hendurnar á fólki og leyfa því ekki að vera sjálfráðu um það, hvaða tæki það hefir. Þar sem útvarpstæki eru mikið útbreydd, þar er fólk farið

ast með öðrum þjóðum, og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að svo skuli líka vera hér. Um þetta má náttúrlega deila.

Þá vil ég vona, að hæstv. atvmrh., sem er yfirmaður þessara mála, sjái um, að það samstarf verði milli útvarpsráðs og landssímastjóra, sem báðum er fyrir bestu.

Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi tekníska störf verði sameinuð á þann hátt, að útvarpsráðið semji við landssímastjóra, að hann hafi það með höndum, og þá þannig, að símaverkfræðingurinn, sem er yfirmaður allra slíkra mála samkv. erindisbréfi sínu, hafi einnig umsjón með þessu.

Ég skal geta þess, að þessi aðgreining á sér stað annarsstaðar, t. d. í Danmörku er samningur milli þessara aðilja um það, að annar starfræki fyrir hinn. Þannig vænti ég, að það verði einnig hér. En eins og lögin eru nú, eru stjórnartaumarnir í höndum hvors fyrir sig. Meginatriðið í frv. er að sameina þetta starf og svo einkasöluheimildin. Fjölgun manna í útvarpsráð skiptir ekki eins miklu máli. Það verður gert síðar, þótt það verði ekki gert nú.

Ég mun nú ekki, jafnvel þótt hv. þm. Dal. haldi enn einu sinni sömu ræðuna, telja hann svara verðan. Og ég mun ekki taka aftur til máls út af þessu máli, nema full nauðsyn sé til og eitthvað nýtt komi fram í málinu.

Jóhann Jósefsson: Þau eru ekki gömul lögin um ríkisrekstur á útvarpi, sem hér á að breyta, því þau eru frá þinginu 1928. Þessara breyt. álítur hæstv. stj. þörf, og það áður en farið er að starfrækja útvarpið. Ég fæ nú ekki annað séð en að óhætt hefði verið að sjá, hvernig það fyrirkomulag gæfist, sem sett var með l. frá 1928, áður en farið var að breyta því. En það er þó eitt, sem er áreiðanlegt, að með því að samþ. þessar breyt., sem fara fram á það að fjölga mönnum í útvarpsráði og gera sjálfstjórn stofnunarinnar meiri, með því að nota ekki aðstoð frá landssímastjóra, þá er séð um, að kostnaðurinn við þetta verði nógu mikill. Ég tók eftir því, að hv. frsm. var að tala um þetta atriði. Og af því, að sá hv. þm. er þannig gerður, að honum verður einatt nokkuð starsýnt á kostnaðarhlið málanna, þá þótti mér það undarlegt, að hann taldi kostnaðarhlið þessa máls ekkert aðalatriði. Mér skildist það vera af því, að hér væri um menningarmál að ræða. En ég vil nú segja, að þó svo sé, þá er sjálfsagt að hafa þetta ekki meira bákn né dýrara en þörf er á.

Hv. frsm. benti á, að landssímastjóri væri andvígur því, að þessar breyt. væru gerðar á lögunum. Hv. frsm. talaði aðallega um eitt atriði af mörgum, sem landssímastjórinn leggur á móti að sé upp tekið. Það var, að ekki væri gott að skilja sundur yfirstjórn landssímans og útvarpsins, vegna útsendinga veðurskeyta. Hann tók fram, að veðurstofan annaðist afgreiðslu veðurskeytanna sjálf. Ég held nú kannske, að ýmsar aðrar ástæður, sem landssímastjóri færir á móti frv., séu veigameiri en þessi. Landssímastjóri telur eina ástæðuna móti þessu vera þá, að það geti valdið óþægindum, ef þetta sé í tvennu lagi með útsendingu og hvor hafi sína öldulengd. Og hann telur, að þetta geti valdið glundroða, ef forstöðumenn útvarps og landssíma verði ekki á eitt sáttir. Og það er satt að segja broslegt, að fámenn þjóð fari að hafa tvær yfirstjórnir þessara mála, sem vel má koma undir einn hatt, en aðrar þjóðir, stærri og fjölmennari, hafa aðeins eina yfirstjórn. Það kemur skýrt fram hjá landssímastjóra, að með þessu væri gengið hér inn á nýja braut.

En það er annað meginatriði í frv., sem engir aðrir hafa tekið upp, og það er einkasala á útvarpstækjum. Það hefir verið hamrað á því af formælendum frv., að einkasala á tækjum væri vissasta leiðin til að tryggja notendum góð og ódýr tæki. Þessi tæki, og reyndar allt, sem útvarpinu heyrir til, er tiltölulega nýtt á heimsmarkaðnum. Og framfarir í gerð þeirra hafa verið hraðar og stórstígar, og verða það sennilega enn um skeið. Er sjálfsagt langt þar til, að þau verða svo fullkomin, að ekki verði hægt að gera þau betri. Er því nauðsynlegt, að sala tækjanna fylgist með framförunum. En það verður bezt gert, ef frjáls samkeppni er um söluna.

Um verðið er það að segja, að landssímastjóri hefir gert samanburð á 10

aukinn kostnað. En kostnaðurinn getur orðið sá sami, þótt skipulagið verði áfram svo sem það nú er. Þetta hlýtur hv. þm. að geta skilið.

Símaverkfræðingurinn er sá maður, sem samkv. sínu erindisbréfi á að hafa alla umsjón með þessum málum; hlýtur hann að taka svo marga menn með sér, sem þörf krefur, og ég held, að sá maður, sem á að hafa það verk með höndum, sé þegar fyrirhugaður. Hv. þm. getur ekki búizt við því, að útvarpsstöðin, sem á að standa uppi á Vatnsendahæð, verði starfrækt af mönnum þeim, sem eru við símann nú. Það verður að skipa nýja starfsmenn, sem landssíminn útvegar. Útvarpsreksturinn getur vel farið saman hjá 1—2 mönnum, þótt útvarpið og landssíminn séu aðskilin. Útvarpsstjóri og landssímastjóri geta komið sér saman um, hvernig rekstrinum skuli skipt á milli þeirra.

Þá er það útsending veðurskeyta. Ég held, að það heyri miklu frekar undir útvarpið en landssímann. (HK: Þetta er misskilningur; það er miklu betra, að það heyri undir landssímann). En til þess að styrkja aðgreininguna betur voru ákvæði þess efnis tekin í þetta frv.

Þá fannst hv. þm. Dal. undarlegt að leita umsagnar símaverkfræðingsins um þetta mál, þar sem leitað hefði verið umsagnar landssímastjóra, sem eigi að hafa þetta mál með höndum. Mér finnst það ekkert undarlegt að leita umsagnar þess manns, sem hefir alla tekniska starfsemi landssímans með höndum, og hefir því bezta þekkingu á hinni teknisku hlið útvarpsins.

Þá má benda á sendingu veðurskeyta. Nú er það svo, að veðurstofan sendir skeytin út sjálf, og er því síður en svo, að það sé höfuðástæðan fyrir því að taka útvarpið undan yfirráðum landssímastjóra.

Hv. þm. talaði um einkasölu á útvarpstækjum og sagði þá sömu einokunarsöguna, sem hann hefir sagt hér í hverju einasta máli, þar sem hann hefir getað komið henni að. Það eina, sem hann sagði, var, að hann væri vanur að spyrja sjálfan sig við slík tækifæri, hvaða ástæða væri til að taka upp einkasölu. Ég er búinn að benda á, hvaða ástæða sé hér veigamest. Hún er sú, að miklu hægara er að innheimta gjöldin af tækjunum með þessu fyrirkomulagi. Einn af merkustu mönnum í útvarpsráði Dana lét einu sinni fara fram rannsókn í einu héraði, og kom þá í ljós, að 12% af útvarpsnotendum höfðu sloppið við gjöldin. Ef einkasala er á þessum tækjum, er miklu betra að hafa eftirlit með því, að gjöldin séu innheimt. En það er sjálfsagt, að allir notendur greiði það gjald, sem ákveðið er. Einkasala tryggir mönnum líka betri tæki. Þessu sneri hv. þm. við. Hann taldi, að tækin mundu verða verri. Ég skil ekki þessa röksemdaleiðslu hans. Hvernig getur hv. þm. búizt við því, að útvarpsráðið flytji inn vond tæki? Því betri sem tækin eru, því fleiri kaupa þau og því meira kemur inn í gjöldum af þeim.

Þá er mjög varlega farið í það að leggja á móttökutækin, og rennur sá hagnaður til útvarpsins. Þeir, sem selja þessi tæki nú, hafa þau í umboðssölu og taka því sín umboðslaun, sem munu vera allmiklu hærri en útvarpsráðið mun leggja á tækin. Vitanlega eiga þessir umboðssalar nokkuð fyrir starf sitt, en þó munu þeir leggja meira á þau en því nemur, og því verða þau nú dýrari en nauðsynlegt væri.

Ég vil að lokum undirstrika það, að útvarpsmálið er eitt af okkar stærstu menningarmálum, og get ég því ekki horft í það, þó það hafi nokkurn kostnað í för með sér. Hv. þm. Dal. virtist vera móti málinu vegna kostnaðarins. En hvernig á að koma fram menningarmáli án þess það kosti þjóðina nokkuð? Það væri líka sami kostnaður, þótt lögin væru áfram eins og þau eru nú. Það er aðeins annar aðili, sem hefir reikningshald og útborganir. Hvort sem útvarpsráðið eða landssíminn hefir þetta með höndum, er það undir eftirliti atvmrn., og mun það sjá um, að það fari vel úr hendi.

Þá vil ég benda hv. þdm. á það, að meiri hl. n. ber fram brtt. við 6. gr., þar sem atvmrh. er heimilað að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á árgjöldum útvarpsnotenda samkv. reglugerð, en um það eru engin ákvæði í núgildandi lögum. Þessi tilhögun á innheimtu gjaldsins mun tíðk-

fyrirtækið sem allra óbrotnast. Mér sýnist, og ég veit, að ég er ekki einn um þá skoðun, að langbezt væri að byggja á þeim grundvelli, sem lagður er í þeim einföldu lögum, og breyta ekki fyrr en reynsla næstu ára hefir krafizt breytinga. Það er gullvæg regla í löggjöf að gefa ekki lögin fyrr en nauðsyn lífsins kallar. Það hefir alstaðar sýnt sig, að þau lög, sem nauðsynin kallar á, fá alltaf byr hjá þjóðinni. Þeim er vandlega hlýtt. Borgararnir kunna að meta þau. Þessari gullvægu reglu verður löggjafinn að muna eftir.

Sannarlega er ekki hægt að segja, að okkar þjóðlif krefjist að hafa meira en þrjá menn í útvarpsráði. Það er engin nauðsyn að fjölga þeim í fimm. Því minni nauðsyn er að taka málin frá landssímastjóra og leggja þau í hendur útvarpsráðs. Og loks er sízt af öllu þörf á nýrri einokun! Á nú að klessa þeim stimpli á þetta menningarfyrirtæki? —

Vel hefði það farið, ef fenginn hefði verið sá útvarpsstjóri, sem allir vissu, að hefði ekki neina tilhneigingu til að nota útvarpið fremur fyrir einn stjórnmálaflokk en annan. Og það þurfti að fá mann, sem snortinn væri af andlegum menningarstraumum. Ég get í sjálfu sér ekki verið að hamast móti mönnum, þó að þeir hafi ákveðnar stjórnmálaskoðanir. En það eru viss svið, sem nauðsynlegt er að halda utan við pólitiska æsingu. Og eigi það nokkursstaðar við, þá er það hér. Mér finnst þjóðin eiga heimtingu á því, að þetta andlega svið sé friðhelgað.

Ég skal svo láta mínu máli lokið. En ég vildi mælast til þess við hv. þdm., að þeir athugi vel og gaumgæfilega lögin um útvarp og gæti að því að fara ekki að óþörfu að bendla málið við neina fjárbruðlun. Ég sé, að hv. frsm. meiri hl. er farinn að berja allfast í borðið og langar til að fá orðið. Ég vona, að það sé einskonar teikn um það, að hann hafi hlýtt á fjármálaathuganir mínar. Ég veit, að hann er sparnaðarmaður innst í hjarta sínu, eða talar stundum á þá leið, og þess vegna finnst mér, að hann verði að reyna að standa gegn þeirri fjársóun, sem er í uppsiglingu í sambandi við þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Hv. þm. Dal. talaði um það, að ég hefði talað lengi. Ég get vel trúað því, að hv. þm. hafi fundizt það, því ég talaði um kjarna málsins, en það er honum ekki lagið. Ég talaði hér fjórðung stundar, en hv. þm. talaði heila klst. og að mestu leyti um efni, sem er óviðkomandi því máli, sem hér er til umr. Hv. þm. er alltaf að flytja nákvæmlega sömu ræðuna, hvort sem hún á við eða ekki. Hv. 2. þm. G.-K. má gjarnan spila undir, þegar hv. þm. Dal. talar. Ég er viss um, að þessum hv. þm. mistekst, þótt þá vanti ekki stærðina. En það mun mega segja, að vitsmunir og rökfimi þessara hv. þm. fari ekki eftir stærðinni.

Hv. þm. Dal. sagði, að það væri mein, að hann hefði ekki getað skilað neinu nál. um málið. Ég verð að segja, að þar hefir heilsa svikið hug, að hann skyldi ekki geta það. Hv. þm. hefir ekki einu sinni komið fram með brtt. Það ætlar hann sér víst að geyma þangað til við 3. umr.

Meiri hl. ber hér fram nokkrar brtt. með nál. á þskj. 415, en mun geyma smáaukatriði til 3. umr.

Ég get strax minnzt á eitt atriði þessa máls, og það er fjölgun manna í útvarpsráði. Ég get fallizt á það, sem stendur í nál. meiri hl., að vafasamt sé, að rétt sé að fjölga mönnum í útvarpsráðinu. Það getur jafnvel farið svo, að ég greiði atkv. á móti því. Meiri hl. n. leit svo á, að þetta væri ekki neitt stórt atriði, og kom því ekki fram með neina brtt. við það. Mönnum í útvarpsráðinu verður hvort sem er fjölgað áður mjög mörg ár líða, en ég get ekki séð neitt á móti því, að það megi bíða. Útvarpsráðið í Danmörku er alltaf að fjölga mönnum. Þeir eru nú víst orðnir 15. (**SE:** Þarna kemur það). Mönnum verður líka fjölgað í útvarpsráðið hér, en ég get vel fallizt á, að það megi bíða. Þetta skiptir ekki svo miklu máli. (**MG:** Því kom hv. þm. þá ekki með brtt.?) Kostnaðurinn er heldur ekki svo mikill, að hann skipti hér máli. (**MG** og **ÓTh:** Hver laun hefir útvarpsráðið?). Allt glamur hv. þm. um skoðanafrelsi skiptir hér ekki miklu máli.

Hv. þm. minntist á útvarpsmálið sem eitthvert mesta menningarmál þjóðarinnar. Öll hans ræða virtist þó vera móti málinu, því hann var alltaf að tala um

veita nýja bitlinga, ný verðlaun. Enginn maður er svo hábölvaður, að ekki megi smeygja honum inn í einokunina. Hvers vegna? Vegna þess, að menn fá ekkert að vita, því að þar er starfað fyrir lokuðum tjöldum. Það er hulinshjálmurinn, sem þeir steypa yfir allar vitleysurnar, svo að ekki sé hægt að draga þær fram í dagsljósið. (HV: Hafa fengizt upplýsingar um, hvað bankastjórar Íslandsbanka hafa gert?). Hvernig var, þegar Landsbankinn var skoðaður? Hver varð niðurstaðan af matinu þá? Enginn fékk að vita um það. Þessi hv. þm., sem hamaðist frá morgni til kvölds í bankamálunum hérna um daginn og heimtaði rannsókn á rannsókn ofan, hann var með því að hylma yfir og þegja yfir og fela fyrir þinginu niðurstöðuna af rannsókninni á Landsbankanum. Og þó átti nýi seðlabankinn að grundvallast á þeirri rannsókn og á grundvelli þeirrar rannsóknar átti að taka ríkissjóðsábyrgð á bankanum. En af því niðurstaðan af rannsókninni var vond fyrir bankann, þá þagði ríkisstj. yfir niðurstöðunni og þingið fékk ekki einu sinni að vita neitt um hana.

Þegar búið er að koma einnig einokun á peningamál landsins, þegar búið er að koma þeim öllum undir einn stjórnarhatt, þá verður gaman að lifa á þessu landi, þá verða líklega nokkuð margir, sem ekki þora að segja það, sem þarf að segjast. (HK: O, þeir eru nokkuð margir eins og er, sem ekki þora að segja allt). Jú, þeir eru þó enn nokkuð margir, sem þora það. En þegar einokunin er komin í algleyming, þá verður líklega raunverulega lítið um skoðanafrelsi, þó það verði heimtað í einhverjum lögum. Ég verð enn að spyrja, úr því að ekki má skrifa nál. um málið og rökstyðja þær ástæður, sem móti því liggja: Hvaða ástæður eru til þess að taka einokun á þessum útvarpstækjum? Ég held því fram, að kostnaður verði svo mikill, að tækin verði langtum dýrari en þyrfti. Og þegar nokkur tími er liðinn, má búast við, að tækin verði orðin svo vond, að þau séu alls ekki fullnægjandi. Þetta er stórhættulegt fyrir útvarpið.

Ég hefi lýst yfir því, að ég telji það galla á frv. að fara að fjölga mönnum í útvarpsráði. Ég vil undirstrika það, að ekki hefir verið sýnt fram á nokkra þörf á þeirri aukningu. Ég veit að vísu, að þar á að verða einn maður fyrir hönd prestastéttarinnar. Ég skal ekki draga úr því, að þeir fái að segja það, sem þeir vilja. En svo rísa upp menn með aðrar trúfræðiskoðanir og heimta kannske líka að eiga mann í útvarpsráði. Ég held þess vegna, að menn eigi ekki að gefa neinum undir fótinn með því að búa til meira en þriggja manna útvarpsráð.

Ég þykist hafa sýnt fram á, að ekki sé nokkur ástæða til að taka teknisku hliðina úr höndum landssímastjóra. Loks hefi ég sýnt fram á, að allir þessir annmarkar, sem sýna sig á einokun, í hverri mynd sem er, þeir muni brátt koma í ljós á þessari, og að því síður sé ástæða til að koma henni á hér, að í nágrannalöndunum hefir hvergi verið farið inn á þá braut.

Yfirleitt hefi ég alltaf lagt fram þá spurningu, í hvert skipti þegar átt hefir að hindra hina frjálsu samkeppni og koma á einokun: **Hver er ástæðan?** Ég held, að feður einokunarinnar hafi ekki getað komið með neinar gildar ástæður. Svona var það, þegar síldareinokunin komst á. Sannleikurinn var, að þeir, sem börðu hana í gegn, gátu ekki fært neinar ástæður. Og nú er komið fram ýmislegt, sem ég ætla ekki að rekja, en það er nóg til að sýna, hve heppilegt það ráð var. Ég hefi reynt að draga upp mynd af göllum þessa frv. Ég hefi sagt, hver aðstaða mín varð eftir þessa 20 mínútna yfirvegun í nefndinni á því stórmáli, sem hér liggur fyrir.

Það geta vel verið nokkur atriði í þessu frv., sem ástæða væri til að samþykkja, annaðhvort í þessu frv. eða gera þær breyt. á núgildandi lögum um þetta efni. Ég játa hreinskilnislega, og þykir engin skömm, að eftir þessa stuttu athugun get ég ekki án frekari rannsóknar sagt nánara um þetta. Þó get ég m. a. bent á ákvæðið í 4. gr. um skoðanafrelsi. Því mundi ég fylgja. Það ætti ekki að þurfa að setja slíkt í lög, en vér, sem skiljum, á hvaða tímum vér lifum, sjáum oss þó ekki annað fært en samþykkja þetta. Útvarpslögin frá 1928 eru í sjálfu sér mjög einföld og óbrotin. Það hefir auðsjáanlega verið markmið löggjafanna að gera

„teknisku“ hlið málsins undan símanum. Landssímastjóri sjálfur álítur þetta líka óviturlegt. Ég skal játa, að ég hefi ekki rannsakað þetta nákvæmlega, en ég hygg, að annarsstaðar muni þessu vera hagað líkt og landssímastjóri vill hér.

Landssímastjóri segir ennfremur: „Herra símaverkfræðingur Gunnlaugur Briem, er til þessa hefir haft með undirbúning útvarpsstöðvarinnar að gera, hefir tjáð mér, að hann telji ekki fært, eins og hér standa sakir, að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn útvarps- og loftskeytatækja í landinu“.

Ég hygg, að engum detti í hug að kippa æðstu yfirstjórn loftskeytatækja úr hendi landssímastjóra. Og þar sem það er viðurkennt, að útvarp og loftskeytatæki þurfi að vera undir sömu æðstu stjórn, hvaða hugsanleg ástæða getur þá verið fyrir því að taka útvarpið undan landssímanum?

Það er annars dálítið skrítin regla, sem er verið að taka upp. Það er leitað umsagnar landssímastjóra og undirmanna hans, eins og til þess að tryggja það, að ágreiningur komi fram. Ætli það endi ekki með því, að leitað verði álits allra starfsmanna símans? Þá verður ekki erfitt að velja eitthvert álit, sem „passar í kramið“.

Það hefir jafnan þótt óviturlegt — og ekki sízt í okkar litla landi — að greina allt of mikið sundur skyld starfssvið, setja upp nýjar og nýjar skrifstofur með nýjum og nýjum kostnaði. Svo þegar þessar nýju skrifstofur eru komnar með nýjum formönnum, þá þarf að setja menn undir þessa formenn til þess að skrifstofurnar megi verða veglegri.

Ég sé ekki annað en þetta sé dulbúin tilraun til þess að búa til nýja skrifstofu, sem heiti yfirstjórn loftskeyta og útvarps í landinu.

Jafnvel þó að tækifæri gefist til að skýra þetta mál í nál., þá er auðvelt að benda á margt athugavert í frv. Samt er ég viss um, að hv. þm. V.-Húnv., sem vill spara mikið fyrir utan sitt kjördæmi, hann hefir ekki tekið eftir þessu, að hér er verið að búa til nýtt embætti. Því að ef það er ekki meiningin, hvaða ástæða er þá til að taka þetta frá símanum? Síminn hefir Gunnlaug Briem til þess að hugsa um útvarpið og loftskeytin. Hvað þarf að gera meira?

Ég vona, að ekki þurfi að orðlengja meir um þetta, þessi breyt. er ófær, enda hefir hún verulegan kostnað í för með sér.

Svo kemur höfuðboðskapurinn, sá mikli boðskapur, að ríkið skuli taka að sér einkasölu á þessum tækjum. Maður hefir verið sendur utan til að rannsaka þetta mál. Hvað segir hann, þegar hann er búinn að ferðast um öll Norðurlönd? Er þar einokun? Nei. Þeim dettur ekki í hug að taka einokun á slíkum tækjum. Hérna þarf auðvitað að taka einokun. Hér er mikill áhugi á því að klófesta sem mest undir einokunina. En í þeim menntaða heimi annarsstaðar hefir einokunin ekki enn mikinn byr. Hvað mundi verða sagt með nágrannaþjóðunum, ef einhver þm. stæði upp og færi að slást fyrir einokun á nauðsynjavörum, á síld, á tóbaki, á öllu mögulegu? Jafnvel í Danmörku og Svíþjóð, þar sem jafnaðarmannastjórnir hafa setið um langan tíma, hvaða einokunarfrv. hafa sprottið þar upp? Engin. Ég veit ekki til þess, að Stauning hafi komið einu einasta einokunarfrv. í gegn, — og ekki reynt til þess. Þetta mættu þeir læra af honum einokunarfeðurnir hérna. Þá held ég, að Hjalmar Branting, sem þekktur var um alla Evrópu sem einn merkasti maður Svía, hafi ekki komið með neitt slíkt. Það er svo mikil birta yfir þjóðmálum hjá nágrönnum vorum, að einokunardraugurinn hlýtur að drepast um leið og hann rekur upp hausinn. Draugarnir lifa ekki í ljósinu. Hérna er öðru máli að gegna; hér verður allt í einokun.. Ég neyðist til að minna á síldareinokunina. Hvernig hefir hún reynzt? Það fær enginn að vita. Það hvílir miðaldamyrkur yfir henni allri. (HJ: Ætlar hv. þm. að fara að útvarpa síld?) Hvílík spurning! Maður fær ekkert að vita um skaðabæturnar. Þó að spurt sé, fæst ekkert svar. Svo ætla menn að koma á þessari nýju einokun. — Það er auðvitað eitt af því, sem getur gert þessi lög og fyrirtækið óvinsælt, ef endilega þarf að smeygja einokuninni hér inn, einnig á þessu sviði. Það er svo sem alveg gefið, að í skjóli þessarar einokunar vaxa upp nýjar stöður. Stj. fær tækifæri til þess að

synlegt, að hér sé fullt skoðanafrelsi og málum sé lyft upp fyrir allan pólitískan krit. En það er dálítið hart að þurfa að taka það sérstaklega fram í þessari löggjöf, þar sem það er tekið fram í stjórnarskránni, að skoðanafrelsi skuli ríkja í landinu.

Svo þegar maður hefir lesið þessi vísdómsfullu orð, um frelsi o. fl., þá kemur skipun útvarpsstjórans. Ég vil nú bara biðja menn að athuga það, hvort þeim finnst ekki þessi skipun hæstv. stj. undirstrika það ákaflega fast, að það skuli vera fyllsta skoðanafrelsi og að það skuli vera fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum stefnum í almennum málum. Það er valinn fyrrv. ritstj. „Tímans", og hann á að passa upp á það, að ekki verði sýnd hlutdrægni í þessu máli. Þetta er fulltrúum þjóðarinnar boðið, og vér eigum að trúa því, að með þessari skipun sé öll hlutdrægni útilokuð. Vér höfum fengið Jónas Þorbergsson, hinn „gamla og góða" ritstjóra „Tímans", til þess að vera verndari skoðanafrelsis í landinu. Þennan hógværa, rólega mann, sem heldur sér fyrir utan allan pólitískan flokkadrátt. Það er nærri því merkilegt, hve stj. treystir sér til að fara langt í því að gera beinlínis háð að þjóðinni.

Ég ætla þá að víkja að þeim ágöllum, sem mér virðast á þessu frv. Ég vil fyrst biðja menna að hugleiða, að því hefir verið haldið fram til skamms tíma, að vér Íslendingar hefðum sérlega mikla þörf fyrir hagsýni og sparnað á þjóðarbúinu. Það hefir jafnan af Alþingi verið lögð sérstaklega mikil áherzla á það að stofna ekki mikið af lítt þörfum embættum, og gera yfirleitt ekki kostnað við almenn fyrirtæki óþarflega mikinn. Nú vil ég biðja hv. þm. að athuga það, hvort þeim sýnist þær brtt. ýmsar, sem gerðar eru við þetta frv., verði til þess að draga úr kostnaði við þetta fyrirtæki.

Í fyrsta lagi er fjölgað mönnum í útvarpsráði. Um það atriði hefir útvarpsráðið verið spurt, og telur það ekki ástæðu til að fjölga þar að svo stöddu. Enda sýnist það sæmilegt að hafa 3 menn í þessari n., meðan fyrirtækið er að fara af stað. Allir sjá, að það er kostnaður einn að bæta 2 mönnum við. Í fskj. frá landssímastjóra er líka minnzt á þetta og talið óþarft að bæta við í útvarpsráðið. Nei, það er auðséð, að sparnaðurinn á ekki upp á pallborðið hjá hv. meiri hl., sem nú ræður.

Í sambandi við sparnaðinn vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr 5. gr.: „Atvinnumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur, og ákveður laun þeirra, að fengnum till. útvarpsstjóra".

Þarna sýnist mér satt að segja opnuð braut fyrir ýmsa nýja starfsmenn. Í gamla daga var stjórnunum ekki gefin taumlaus heimild til að bæta við starfsmönnum, eftir því sem þeim sýndist, og því síður að ákveða laun starfsmanna eins og þeim sýndist. Það getur vel verið, að mönnum finnist þessi stj. vera búin að skapa svo fáa bitlinga, að það sé óþarfi að leggja takmörkun á vald hennar í þessu efni. En ég er á öðru máli. Og mér finnst hér verið að undirstrika þá óvarfærni, sem kemur fram hjá þinginu á ýmsan hátt í taumlausum heimildum fyrir stjórnina.

Það er ófyrirsjáanlegt, hvað stj. bætir mörgum mönnum við til þess að reka þessa starfsemi. En ef dæma á eftir ýmsu, sem á undan er komið, þá gæti ég ímyndað mér, að fjárhagurinn batnaði ekki með því að veita þessa heimild.

Í till. landssímastjóra, sem að ýmsu leyti eru skýrar mjög, sem búast mátti við, rekur hann sundur gömlu lögin og segir, með leyfi hæstv. forseta, að rekstur útvarps greinist aðallega í:

1. Það, er lýtur að hinu útvarpaða efni, svo sem val þess, ráðning fyrirlesara eða listamanna, umsjón með, að þeir flytji fyrirlestra o. s. frv. á réttum tíma í útvarpssalnum, tilkynning til notendanna, hverju á að útvarpa, o. s. frv.

2. Fjárhagsstjórn.

3. Innheimtur, greiðslur, reikningshald o. s. frv.

4. Stjórn útvarpstækja og tilheyrandi véla.

Landssímastjóri segir í sínum till., að í lögunum frá 7. maí 1928 heyri 1. og 2. liður undir útvarpsráðið, þ. e. að sjá um efni og sjá um fjárhagsstjórnina. En hefir þetta verið svo að öllu leyti? Ég get ekki skilið nauðsynina á að taka þá

ið þann hagnað, sem annars mundi lenda í höndum þeirra manna, sem verzluðu með þessi tæki.

Aðrar brtt. n. eru eiginlega ekki annað en orðabreyt. Við 1. gr. er sú breyt., að í staðinn fyrir „útvarpsstöð“ komi „skipulag og rekstur útvarps“. Er það samkv. till. landssímastjóra og af ástæðum, sem fram eru færðar með brtt. Og af sömu ástæðum eru aðrar orðabreyt., sem felast í brtt., sem fyrir liggja.

Ég finn svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að heppilegast væri að lofa því að ganga gegnum þessa umr. með þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur til, og að við 3. umr. komi svo hv. minni hl. fram með þær aths. og brtt., sem hann að öðru leyti vildi gera við frv.

Ég álít, að málið græði ekki á því, að farið sé að karpa verulega um einstök atriði. Því að svo framarlega sem höfuðatriðið, sem ég minntist á, nái ekki hylli hv. þd., þá er yfirleitt svo lítið unnið með því að breyta frv. í smærri atriðum, að varla er þess vert að vera að halda því til streitu.

Sigurður Eggerz: Hv. frsm. meiri hl. sagði, að honum fyndist ekki ástæða til, að málið væri rætt meira. Þetta segir hv. þm. eftir að hann er sjálfur búinn að halda ræðu, sem mér a. m. k. fannst löng. Það er þá svo um þetta mikla mál, að það má ekki gefa minni hl. tækifæri til að skrifa nál., og minni hl. má ekki fá tækifæri til að tala um málið, fyrr en búið er að samþykkja brtt., sem meiri hl. flytur. Þá ætlar hv. meiri hl. að gefa minni hl. tækifæri til að segja nokkur blessunarorð. Þvílíkt frjálslyndi!

Það er satt að segja farin að verða dálítið einkennileg meðferð á málum á hv. Alþingi. En því miður get ég ekki farið að ósk hv. frsm. og látið allar umr. um málið niður falla. Þvert á móti finnst mér full ástæða að skýra málið sem bezt í umr., fyrst nefndarhlutanum var neitað um að koma með álit. Það er þó sú minnsta krafa, sem gera verður, að nákvæmlega sé íhuguð sú löggjöf, sem um útvarpið gildir, áður en byrjað er á nýrri löggjöf. Og sérstaklega er í máli, sem er eins nýtt og þetta hér heima, nauðsynlegt, að allt sé íhugað sem bezt. Ég sé ekki betur en það sé fólgin hin mesta afturför í því, hvernig nál. er hagað yfirleitt hér á Alþingi. Hvert stórmálið á fætur öðru er nú afgr. með nál., sem ekki er lengra en svo sem eins og þetta (þm. mátar ca. 5 sm milli fingra sér), og þar er naumast annað sagt en að meiri hl. leggi með þessu og þessu. Svo kemur nál., sem ekki er nema hálf lína og segir, að minni hl. sé á móti. Svona eru nefndarstörfin á hinu háa Alþingi. Af hverju? Af því að mönnum er ekki gefinn tími til að rökstyðja sitt mál. Þetta tímaleysi verður tilfinnanlegast, þegar við komum að stórmálunum, sem skipta þjóðina miklu, eins og þetta stórmál.

Það eru svo mikil brögð að því, hvað nál. eru óskýr og illa framreidd, að það kom jafnvel fram á síðasta þingi frv. um það, að setja n. til þess að leiðbeina þm., hvernig þeir ættu að búa til lög. En þetta er ekki rétta leiðin, og þetta frv. er raunar eitthvert hlægilegasta frv., sem fram hefir komið í þinginu, og ég skoða það hreinustu móðgun við þingið í sjálfu sér. Og þar sem það er svo sjaldan, sem maður fær tækifæri til að þakka hæstv. stj. fyrir nokkurn skapaðan hlut, þá vil ég feginn grípa tækifærið nú til að þakka henni fyrir það, að hún hefir ekki látið þessi lög koma til framkvæmda, en lögin voru aðeins heimildarlög, og það því lagt á vald stj., hvort þau yrðu framkvæmd eða ekki.

Ég skal þá snúa mér að því frv., sem liggur fyrir. Áður en ég fer að ráðast á þá höfuðgalla, sem mér finnst vera á þessu frv., langar mig þó til að minnast á eitt atriði í 4. gr. frv., sem ég skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum“.

Nú er það komið svo langt, að þegar samþ. eru hér á þingi sérstök lög, þá þarf að taka fram í þeim, að það ríki skoðanafrelsi í landinu. Ég vil benda hv. frsm. meiri hl. á, að ég hygg, að þetta standi ekki í lögunum, sem nú gilda, en það er hverju orði sannara, að til þess að þetta mikla menningarfyrirtæki geti orðið þjóðinni til góðs gagns, þá er nauð-

sköp! Málið er ekki komið til umr. ennþá!). Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort ég má ekki tala um frv. það, sem fyrir liggur, eins og hvert annað mál. Eða kannske það sé slíkur dýrgripur, að enginn megi á því snerta, nema hv. meiri hl. fjhn.? — —

Forseti (BSv): Allar ræður hv. þm. hafa hingað til hnigið að þingsköpum, nema ræða hv. þm. Barð., sem tók málið alvarlegri tökum að nokkru leyti. Kröfu þeirri, sem fram er komin frá 2 hv. þdm., um að taka málið af dagskrá, er ekki hægt að sinna, þar sem hv. meiri hl. fjhn. og hæstv. landsstj. leggja áherzlu á að fá málið nú tekið fyrir. Enda er það svo, að hv. minni hl. fjhn. hefir haft jafnlangan tíma og hv. meiri hl. til að starfa að málinu, og ætti því eins að geta verið tilbúinn með nál. og brtt. Auk þess vil ég minna á, að frá 2. til 3. umr. eiga að líða a. m. k. 2 nætur, og gæti hv. minni hl. því komið með nál. fyrir 3. umr., ef honum þætti þess þurfa. — Ræður þær, sem enn hafa verið haldnar, mun ég ekki telja til umræðu um frv., nema ræðuupphaf hv. þm. Barð., og hafa hv. þm. því a. ö. l. leyfi til fullkomins ræðufjölda samkv. þingsköpum.

Hákon Kristófersson [frh.]: Það, sem ég vildi segja út af brtt. hv. meiri hl., var það, að ég fæ ekki betur séð en að hv. meiri hl. geri ráð fyrir breyt. á 15. gr. frv., en við fljótan yfirlestur kem ég ekki auga á neina brtt. um þetta atriði. Ég vil beina fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl. um það, hversu þessu er varið, og æski svars. **(HJ:** Ha, við hverju?). Hv. frsm. gat vel látið vera að hvíslast á við útvarpsráðherrann og heyrt það, sem var verið að segja við hann í d. Annars var ég að spyrja hann, hvernig það væri með brtt. við 15. gr., sem talað er um í nál. **(HStef:** Hún á að vera við 14. gr.). Nú já, það var gott, að hv. 1. þm. N.-M. gat skýrt frá þessu. Ég sá, að hv. frsm. gat ekki áttað sig á því af eigin rammleik, því að hann fór strax að fuma í þskj. með augunum.

Inn á efni frv. ætla ég ekki að fara. Það er nú búið að fara gegnum þá hreinsunarelda, að ekki er hætt við, að mikið sitji þar eftir af soranum, sem landsfólkinu geti orðið til tjóns.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Ég vil vona, að eftir þessa inngöngubæn megi nú takast skaplegar umr. um málið.

Aðalatriði þessa frv. er að sameina stj. útvarpsins undir eina yfirstjórn, í stað þess að nú er hún í tvennu lagi, undir útvarpsstjóra og landssímastjóra. Má vænta þess, að stj. þessa mála verði tekin fastari tökum, ef hún er öll á einum stað. Hinsvegar álítum við í meiri hl. ekkert því til fyrirstöðu, að samningar geti tekizt milli símastjóra og útvarpsstjóra um samvinnu um ýms „teknisk" atriði, eins og vélgæzlu o. fl. Annars þykist ég ekki þurfa að fara langt út í þetta atriði. Ég vænti, að hv. þdm. hafi kynnt sér þau fylgiskjöl, sem prentuð eru með nál., en þar mun koma fram flest, bæði með og móti. Sérstaklega finnst mér rík ástæða til að taka það til greina, sem símaverkfræðingurinn segir. Hann mundi í raun og veru verða yfirmaður þessarar teknisku starfsemi, ef lögunum verður ekki breytt.

Annað atriði, sem skiptir miklu máli, er heimildin til einkasölu á útvarpstækjum. Ég vona, að hv. þd. athugi, að hér er aðeins um heimild að ræða, og útvarpsráðið hefir áskilið sér rétt til að fá þetta atriði aftur til athugunar, áður en í nokkrar framkvæmdir væri ráðizt.

Þá er brtt. út af verðinu á útvarpstækjum, sem er í 14. gr., en ekki 15., eins og misprentazt hefir í nál. Það var þessi brtt., sem hv. þm. Barð. var að tala um, og ég skal viðurkenna, að ég fór að leita í þskj. og aðgæta þetta, þegar hann nefndi það. Ég hefi svo mikið álit á þessum hv. þm., að ég trúði honum næstum betur en sjálfum mér, og hélt því um stund, að brtt. ætti kannske að vera við 15. gr. En þetta reyndist nú allt rangt hjá honum. — Brtt. þessi er flutt samkv. ábendingu útvarpsráðsins, og það sýnist vera sanngjarnt, þegar verðið er ákveðið, að leggja áherzlu á það, að tækin verði ekki höfð svo dýr, að það dragi úr almennri notkun þess. En að sjálfsögu fær útvarp-

koma með hótanir um að tefja þetta mál með öðrum hætti, ef þessi tilraun þeirra íhaldsmanna til að fá það tekið af dagskrá heppnast ekki. En þetta er ekkert nýtt, þótt slík hótun komi frá Íhaldsflokknum. Þegar eitthvað á að gera almenningi í landinu til hagsbóta, sem komið getur við hagsmuni kaupmannanna, þá neyta þessir menn ávallt allra hugsanlegra ráða til að koma þeim málum fyrir kattarnef. Annars skilst mér, að hv. minni hl. hafi lýst yfir, að hann sé á móti málinu, og veit þá ekki, hvað hann á að gera við frekari frest til umhugsunar.

Forseti (BSv): Mér virðist, að umr. um þingsköp fari senn að vera nógu langar, og vil biðja hv. þdm. að vera heldur stuttorða.

Sigurður Eggerz: Það er ný kenning, sem hér kemur fram, að minni hl. megi ekki fá tíma til að athuga mál, þótt hann sé á móti því. Ef sanngjarnir menn sitja í hinu háa Alþingi og minni hl. nefndar getur fært góð rök fyrir sínum málstað, þá veit ég ekki betur en að það sé algengt, að hann komist í meiri hl. í þinginu. (**HJ:** Er hv. þm. nú að játa, að hann hafi verið búinn að ákveða að vera á móti málinu, áður en hann kynnti sér það?). Ég skil ekki, hvað þessi hv. þm. er nú að fara. Hann er sjálfur nýbúinn að staðfesta það, sem rétt er, að ég er á móti 3 höfuðatriðum þessa máls, en hefi ekki tekið afstöðu til annara breyt. — Hæstv. forsrh. fór að tala um málþóf. Það er nú komið svo, að hæstv. stj. þolir enga mótstöðu. Einræðið er orðið svo mikið, að ef einhverjum dettur í hug að hafa á móti einhverjum till. hennar, er strax farið að tala um málþóf. Rússneski blærinn á stjórnarfarinu, kúgunarandinn er orðinn svo mikill, að stjórnarandstæðingar mega ekki einu sinni láta í ljós skoðanir sínar. En það er óvíst, hversu lengi þjóðin beygir sig undir þetta. Það getur farið svo, að hæstv. forsrh. og liðsmenn hans fái að komast að raun um það áður en lýkur, að til eru hér á landi menn, sem ekki láta kúgast.

Hákon Kristófersson: Ég ætla að vona, að það sé ekki á móti þingsköpunum, þótt ég kveðji mér hljóðs, hvort sem hæstv. forsrh. kvartar undan málþófi eða ekki. Mig furðar á andúð minna góðu vina, hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. G.-K. gegn því, að þetta mál sé afgr. hér í dag. Mér finnst eins og þessir góðu menn hafi ekki lært mikið af sinni löngu reynslu, því að hv. minni hl. má vita það, að hversu merkileg nál. sem hann kemur með og hversu vel sem hann býr sig undir umr., þá stendur meiri hl. hv. þd. á móti öllum hans till. —, vitanlega ekki af heimsku, heldur af öðrum verri hvötum.

Minn góði vinur, hæstv. forsrh., sagði, að ég hefði verið harðorður í garð þess meiri hl. um daginn, sem tók tökum ranglætis og síngirni á vegalögunum hér í hv. deild. Það er nú alltaf svo, að sá er vinur, sem til vamms segir, en annars vona ég, að allir geti verið mér sammála um það, að í þetta skipti notaði ég þau hógværustu orð, sem hægt var eftir málavöxtum. En hvernig er það nú, sem hæstv. forsrh. sjálfur hagar orðum sínum við andstæðingana? Hann sagði hér áðan, að Íhaldið — þetta var víst mismæli hjá hæstv. ráðh., því að hann átti við Sjálfstæðisflokkinn — væri alltaf öfugt á móti, ef eitthvað gott ætti að gera fyrir almenning. Ég veit ekki, hvaða orð ég á að nota um þessi ummæli. Hvort er nú þinglegra að segja, að þau séu ómakleg eða ósönn? (**HG:** Hvorttveggja!). Hæstv. ráðh. hefir ekki komið með eitt einasta dæmi til að sanna þennan áburð sinn. Og ég segi það fyrir mig, að ég kæri mig ekki um að láta bera mig svona sökum, frekar en ég nota þær á aðra.

Ég hefi náttúrlega ekki mikið vit á þessu máli, allra sízt á við útvarpsstjórann nýja, sem mér er sagt, að síðan á nýári hafi verið kostaður úti um lönd til að kynna sér þessi mál, — og ekki leikur á tveim tungum um hæfileika hans til starfans —, eða aðrir þeir, sem þetta frv. hafa markað með fingraförum sínum. En ég vænti, að reynslan muni skera úr því, hvort það sé til mikilla heilla fyrir almenning að fara að stofna hér nýja einkasölu, svo að ég ekki noti orðið einokun.

Út af brtt. hv. nefndar —— (**Raddir í deildinni:** Hér er verið að ræða þing-

gott að taka vel svona tilmælum, þegar þau eru ekki borin fram í neinum illum tilgangi.

Halldór Stefánsson: Það er ekki fyrir það, að mér sé það nokkurt kappsmál, hvort þetta mál er tekið til umr. nú eða ekki, að ég leyfi mér að benda á það, að hv. frsm. minni hl. n. mun hljóta að geta sagt það við þessa umr., sem hann mundi segja í nál. sínu. Auk þess vil ég leyfa mér að benda á það, að með nál. meiri hl. er prentað álit frá einum aðila, sem leggst á móti málinu og sem verður að telja, að hafi góða kunnugleika á því. Og mér þykir ólíklegt, að hv. frsm. minni hl. færi fram aðrar eða ríkari ástæður fyrir afstöðu sinni og álít því, að hv. þm. myndi vel geta sætt sig við að nota þetta eina álit af þremur sem grundvöll fyrir sinni afstöðu.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Til viðbótar því, sem ég sagði um athugun þessa máls í n., skal ég geta þess, að 1. apríl var málið afgr. frá n. Hv. minni hl. hefir því haft heila viku til þess að semja nál., og ætti það að vera nægur tími, ef hann á annað borð kærði sig um að skila nál. Eigi nokkuð að gera til þess að greiða fyrir málum í þinginu, mega slík vinnubrögð sem þessi ekki líðast.

Sigurður Eggerz: Ég vil gera örstutta aths. út af drætti þeim, sem talað er um, að hafi orðið á þessu máli hjá minni hl. fjhn. N. sendi frv. nokkrum aðiljum til umsagnar, og meðan það lá hjá þeim, var vitanlega ekki unnið að málinu í fjhn. Það er ekki heldur lengra síðan en 1. apríl, að nál. var skilað frá hv. meiri hl., og ég get vel játað það, að þá var ég engan veginn búinn að átta mig á málinu. Það tekur nokkurn tíma að bera saman umsagnir og till. allmargra aðilja, sem ekki ber saman í nærri öllum atriðum, og mynda sér skoðun um það, hvaða leið sé heppilegust. Einnig verður að bera breyt. í frv. saman við gildandi lög, og síðast en ekki síst að athuga, hvort ekki sé eitthvað fleira í þeim lögum, sem jafnframt sé ástæða til að gera breyt. á. Þetta mál er bæði mikið og flókið, og sannleikurinn er sá, að minni hl. fjhn. hefir sízt haft of mikinn tíma til samvizkusamlegrar athugunar á málinu. Það eru ekki allir þannig gerðir, að þeir geti sagt um það undir eins, hvað heppilegast sé að gera í einhverju máli, þegar þeir hafa séð, hvað það heitir. Aðrir þurfa að athuga málin, en það er vafalaust mjög góður eiginleiki að vera svona fljótur að átta sig á hlutunum, — eða að geta þá bara séð þá gegnum annara augu, þegar maður skilur þá ekki með sínum eigin.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. lýsti yfir því, að hann væri á móti málinu og að hv. þm. Dal. mundi tala fyrir hans hönd sem frsm. minni hl. Virðist mér þar með komin skýr yfirlýsing um það, að hv. þm. Dal. sé einnig á móti málinu, og ætti hv. minni hl. þá ekki að þurfa lengri tíma til að átta sig á því, því að þessar yfirlýsingar bera það með sér, að hv. minni hl. er þegar búinn að átta sig á málinu. Krafa hv. þm. um að taka málið af dagskrá, unz nál. er skilað, er því fram komin í þeim tilgangi einum að spilla fyrir því og tefja framgang þess. Það kemur ekki til mála, að minni hl. í nefndum geti fengið mál tekin af dagskrá í það óendanlega, með því að koma sjálfir ekki með nál. — Þar sem tilgangurinn með því að heimta málið nú af dagskrá er svo augljós, verð ég að leggjast á móti því, að orðið verið við þessari kröfu.

Ólafur Thors: Ég sagði, að hv. þm. Dal. mundi tala í þessu máli fyrir hönd minni hl. Þótt ég hafi lýst mig andvígan málinu í heild, sagði ég með þessum orðum um hv. þm. Dal. og afstöðu hans það eitt, að hann væri á móti ýmsum þeim atriðum, sem ég tel skipta höfuðmáli. Hvort hann vill sætta sig við ýms önnur atriði í frv. eða breyt. á útvarpsl., hefi ég ekkert sagt um. — Ég sé það nú á öllu, að málið mun eiga að koma til umr. í dag, hvað sem líður allri sanngirni, en ég skal láta það alveg ósagt, hvort það gengur nokkuð fyrr fram fyrir þá sök.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. er strax farinn að

málið hefir verið lítið rætt á nefndarfundum, þá er það fyrir það, að hv. minni hl. hefir verið svo ákveðinn í því að vera á móti frv., að það var ekki talið vert að ræða það þar. Þetta segi ég aðallega viðvíkjandi hv. 2. þm. G.-K., en hvað snertir hv. þm. Dal., þá tók hann þá afstöðu í n., að hann sagðist vera á móti þremur aðalatriðum í frv., en sagðist þá ekki vita, hvort hann gæti yfirleitt verið með frv. En þegar hv. þm. er ákveðið á móti aðalatriðum í frv., þá sé ég ekki, frekar en hann sjálfur, að hann geti verið með því í neinni mynd. Það er annars ástæðulaust að vera að tefja þetta mál, það var ekki svo lítið rætt í n. Við fengum umsagnir ýmsra manna og á einum fundinum mætti útvarpsstjóri, svo að við höfðum tækifæri til að ræða málið við hann.

Ég tel ástæðulaust að fresta málinu. Nál. meiri hl. n. er afgr. 3. þ. m., svo að það virðist hafa verið tími til fyrir hv. minni hl. n. að koma með sitt nál., þar sem nú er hinn 7. í dag.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Málaskráin ber það með sér, að þessu máli hefir verið vísað til fjhn. fyrir meira en þrem vikum síðan. Það er alveg óafsakanlegt hjá hv. minni hl. að hafa ekki skilað nál. Verð ég því að skilja það svo, að þessi tilraun þeirra sé aðeins til þess gerð að draga málið. Þess vegna vil ég enn beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að hann taki málið nú þegar til umr.

Sigurður Eggerz: Út af þessum ummælum hæstv. forsrh. vil ég biðja hæstv. forseta að athuga það, í hvað þessar þrjár vikur hafa farið. Við höfum þann tíma verið uppteknir af eldhússtörfum o. fl. Ég minnist ekki, að þetta mál hafi verið rætt meira en sem svarar 20 mínútum eða hálfum tíma, en ég skal ekki „slást" um, hvort það er fimm mínútunum lengur eða skemur.

Þetta er afaráríðandi mál og þýðingarmikið fyrir þjóðina, að vel sé frá því gengið. Svo eru ýms atriði, sem menn þurfa að fá skýrð fyrir sér. En ég mótmæli því fastlega, að hér hafi verið sýndur nokkur óhæfilegur dráttur af hendi minni hl. n., en þar sem hæstv. forsrh. heldur því fram, að við hugsum okkur að stöðva málið, þá vil ég aðeins benda á það, að stj. hefir meiri hl. í þinginu og svo ræður hún því, hvenær þingi er slitið, svo að ég veit ekki, hvaða kynngikraftur það er, sem við eigum að ráða yfir, sem geti stöðvað málið. Fyrir mér vakir það eitt að láta þá afstöðu, sem ég hefi, koma sem skýrast fram. Ég veit, að hæstv. forsrh. muni fallast á það með mér, að það sé ekki langur tími, þó að svona umfangsmikið mál hafi verið rætt í 20—30 mínútur í n.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér að taka undir mál hv. þm. Dal. og óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá. Það er náttúrlega engin ástæða til fyrir hv. forsrh. að rísa upp með þjósti, þó að þessi ósk komi fram frá nefndarhluta. Ég vil benda hæstv. forsrh. á það, að önnur mál hafa beðið miklu lengur hjá n., sem eru með stærstu málum þingsins, en þau eru flutt af Sjálfstæðismönnum, svo að það gerir ef til vill minna til í hans augum, þó að þau bíði. En ég vil aðeins nefna þetta til leiðbeiningar fyrir hæstv. ráðh., þegar hann segir, að n. sé að leika sér að því að draga málin, þegar hún hefir óvenjulega mörg mál til meðferðar, en öðrum n. fremur reynt að afgreiða þau eftir beztu getu.

Ég get líka bent á það, að þótt hv. meiri hl. n. hafi gefið út nál., sem í rauninni er lítið annað en uppprentuð bréf frá ýmsum aðiljum, og þótt það nál. hafi verið gefið út fyrir 3—4 dögum, þá er ekki víst, að ástæða sé til að hallmæla minni hl. n. fyrir það, þótt nál. hafi ekki komið fram fyrr en þetta, því að eins og menn vita, er það svo síðari hluta þings, að löngum er setið á deildarfundum eða nefndarfundum mestan hluta dags.

Ég hygg, að það verði ekki til að seinka málinu, þótt hæstv. forsrh. sæki það ekki með neinu ofurkappi, að málið komi til umr. í dag. Hv. frsm. okkar, hv. þm. Dal., vill nú gjarnan hafa það svo, til þess að geta gefið út nál. og til þess, eins og aðrir frsm., að hafa tækifæri til að sannfæra sem flesta aðra hv. þm., svo að ég vil benda hæstv. atvmrh. á það, að ekki er hyggilegt að setja sig á móti þessu með neinum ofstopa, því að það er ekki nema

ýmsu hliðar á þessu máli verði teknar til athugunar af þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Jón Auðunn Jónsson: Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að útvarpsnotendur hafi ráð á einum manni í hinu svonefnda útvarpsráði. Erlendis er það svo, að útvarpsnotendum er ætlað að tilnefna allt að helmingi útvarpsráðs, og sumstaðar jafnvel meira. Í Danmörku er nú um þessar mundir frv. á döfinni, þar sem gert er ráð fyrir, að útvarpsnotendur þar í landi tilnefni meiri hluta útvarpsráðs, og í Svíþjóð var þeim mönnum, sem útvarpsnotendur tilnefna í útvarpsráðið þar, nýlega fjölgað um tvo.

Það er ef til vill ekki ástæða til þess sem stendur, að útvarpsnotendur hér á landi hafi jafna þátttöku í útvarpsráðinu við útvarpsnotendur í nágrannalöndum okkar, vegna þess, hve útvarpið er hér lítið útbreitt enn sem komið er, en ég hygg þó, að ekki verði hjá því komizt að leyfa útvarpsnotendum að tilnefna tvo menn í útvarpsráðið. Ég hygg, að það mundi vekja óánægju — og það með nokkrum rétti —, ef útvarpsnotendum verður ekki heimiluð meiri þátttaka um útvarpsráðið en frv. mælir fyrir.

Það var alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að framfarirnar eru afarmiklar á þessu sviði. Þær eru svo miklar, að þótt eitt firma skari fram úr með góð tæki í ár, getur svo farið, að það sé orðið úrelt á næsta ári, og þá völ á jafnvel 10—20 betri og fullkomnari tækjum. Ég tel það því mjög varhugavert, ef við förum að binda okkur við eitt firma um tilbúnað og sölu útvarpstækja hér á landi, eins og óttast má, að gert verði, ef einkasala er tekin á tækjunum. Auk þess verður í þessu efni að taka tillit til þess, að sumir vilja með tækjum sínum aðeins ná til útvarpsins hér í Reykjavík, en aðrir fá stærri og fullkomnari tæki, svo að þeim sé unnt að ná til útvarpsstöðva víðsvegar um heim.

Ég vildi aðeins benda á þessi atriði til athugunar þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 415).

Sigurður Eggerz: Ég vildi aðeins leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, svo að það gæti komið fram nál. frá minni hl. Vil ég lofa því, að nál. skal verða lokið í kvöld, svo að það geti farið strax í prentun. Þetta mál er umfangsmikið og hefir lítill tími verið til að athuga það, en ég hygg, að þetta geti ekki valdið verulegri töf fyrir málið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil mjög eindregið óska þess, að hæstv. forseti taki málið fyrir nú, eins og til var ætlazt. Það er orðið svo áliðið þingtímans og þetta mál hefir ekki farið í gegnum nema eina umr., svo ef málið er ekki tekið fyrir nú, getur það orðið til þess að hefta alveg framgang þess. En hv. þm. geta komið með sínar brtt. við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Ég held, að það sé alveg óþarft að vera að fresta þessu máli vegna nál. frá hv. minni hl. n., því að ég held, að það sé ekki annað, sem hann leggur til, en að frv. verði fellt, og mun það álit þeirra rökstutt með þeim ástæðum, sem landssímastjóri færir gegn sumum ákvæðum frv. og birtar eru í bréfi landssímastjóra, sem prentað er með nál. meiri hl.

Sigurður Eggerz: Ég ætlaði ekki að fara neitt inn á málið, en óska þess, að það verði tekið út af dagskrá, af þeirri ástæðu, að ég held, að málið gangi greiðar fram, þegar komið er nál. í því frá báðum hlutum n., heldur en ef farið er að ræða það nál.laust. Ég vil geta þess, að málið hefir sáralítið verið rætt í n. Ég sagðist á síðasta fundi í n. vera á móti þremur atriðum í því, en vildi hinsvegar athuga, hvort ekki væri eitthvað í frv., sem gæfi ástæðu til að láta það standa.

Þetta er mín aðstaða í málinu og ég held, að það gerði ekkert til, þótt forseti tæki málið út af dagskrá, úr því að lofað er að skila nál. í kvöld.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Ef

aðstöðuna til landssímans snertir, þá vil ég geta þess, að ráðinn hefir verið sérstakur maður til þess að hafa á hendi það, sem viðkemur hinni teknisku hlið starfsins. Sá maður verður vitanlega áfram. Hann er ráðinn samkv. þeim lögum, er nú gilda. Vitanlega verður alltaf samvinna um þessi mál milli landssímans og þeirra, sem hafa á hendi framkvæmdir vegna útvarpsins. Gert er og ráð fyrir því í teikningu þeirri, sem nýja landssímahúsið verður byggt eftir, að útvarpsstöðin eigi þar einnig aðsetur sitt.

Að lagt er til, að útvarpsráðið verði stækkað, stafar af beiðni frá prestunum, sem óskuðu að eiga ítök í ráðinu. Þótti þá einnig rétt, að kennarar fengju sömu íhlutun. En þetta er vitanlega ekkert höfuðatriði og legg ég enga áherzlu á það. Aðalatriði þessa frv. er vitanlega einkasöluheimildin, sem ég er sannfærður um, að verður til mikilla hagsbóta bæði fyrir almenning og rekstur útvarpsins.

Skal ég svo ekki fleira mæla að sinni. Orð hv. þm. Dal. gáfu naumast tilefni til þess. Ég geri einnig ráð fyrir því, að frv. verði vísað til fjhn., og á hv. þm. Dal. sæti þar og getur þar komið fram með sínar aths.

Pétur Ottesen: Ég tel það ekkert vafamál, að afleiðing þessa frv., ef að lögum verður, mun verða sú, að stjórnarkostnaður verður meiri en samkv. núgildandi lögum. Bæði er það, að fjölgað verður mönnum í útvarpsráðinu, og svo er gert ráð fyrir því í núgildandi lögum, að landssímastjóri hafi hinar teknisku framkvæmdir á hendi án endurgjalds.

En nú á að fela öðrum það starf, og vitanlega þá fyrir fulla borgun. Ýms fleiri atriði koma líka hér til athugunar. En ég vil þó nú láta mér nægja að drepa á tvö þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að stj. fái heimild til einkasölu á tækjum. Á það að vera gert til þess að tryggja það, að almenningur fái betri tæki en ella myndi. En ég held nú samt, að brugðið geti til beggja vona um, að sá árangur náist. Ef nú svo skyldi fara, að illa tækist til með innkaup þessara tækja, þá fá ekki einungis sumir, heldur flestallir léleg tæki. Ef frjáls sala er á tækjunum, þá fer vitanlega eins og jafnan á frjálsum markaði, að þar sem keppt er um viðskiptin, þá heldur sá velli, sem bezta hefir vöruna á boðstólum. Þegar þekking eykst á þessu sviði, verða eingöngu keypt góð tæki. Hér reynir einmitt á það, sem talið hefir verið stærsti ókostur allrar einkasölu, að vörugæðin verða minni en á frjálsum markaði. Svo virðist mér einnig, að gæti farið hér, svo minni tryggíng yrði fyrir góðum tækjum en ef salan væri frjáls.

Ég vil skjóta því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka hin nýju ákvæði þessa frv. til rækilegrar athugunar. Ég býst við, að það sé margt fleira í frv. en það, sem ég hefi minnzt á, sem þurfi athugunar við, en ég hefi ekki lesið það ofan í kjölinn, heldur aðeins við fljótan yfirlestur rekið augun í þessi atriði, sem ég hefi bent á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af því, að hv. þm. Borgf. sagði, að stj. útvarpsins yrði kostnaðarsamari eftir frv., þar sem eftir núgildandi l. um útvarp væri ætlazt til, að þeir, sem með stj. útvarpsins færu, fengju enga borgun fyrir starfa sinn, vil ég leyfa mér að benda á það, að samkv. áðurnefndum l. er einmitt gert ráð fyrir, að landssímastjóri fái sérstaka þóknun fyrir það, sem hann kann að vinna á þessu sviði.

Það var rétt hjá hv. þm. Borgf., að annar höfuðtilgangur þessa frv. er sá, að tryggja útvarpsnotendum betri tæki. Ef einstakir menn fara með sölu tækjanna, eru meiri líkur til þess, að illa takist til um innkaup en ef sett yrði á stofn einkasala í þessu skyni, vegna þess, að þá yrðu innkaupin í höndum sérfræðinga, sem telja verður víst, að síður flaski í þessu efni en réttir og sléttir kaupmenn.

Hinsvegar eru framfarirnar á þessu sviði svo miklar, að ýmsar verzlanir, bæði hér og erlendis, liggja með feiknin öll af úreltum tækjum, sem þeim er fyrir miklu að selja, og þær því ef til vill kasta fram á markaðinn við litlu verði. Af þessum ástæðum má búast við því, að tilraunir verði gerðar til þess að glepja almenning á þessu sviði, ef varnagli er ekki við því sleginn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, enda geri ég ráð fyrir, að hinar

gilda þau ein tæki, sem af sérfræðingum eru talin góð. Hin leiðin er að hafa einkasölu og hafa ekki önnur en beztu tegundir tækja á boðstólum. Báðar þessar leiðir hafa sína kosti og líka sína galla. Sá galli, sem telja verður á einkasölunni, er einmitt sjálft einkasölufyrirkomulagið, sem ávallt á sína mótstöðu vísa, í hvaða mynd sem það birtist. En í mínum augum hefir þó sú leiðin svo mikla yfirburði, að ég tel engum vafa undirorpið, að hana beri að fara. Hún tryggir það algerlega, að landsfólkið, sem vitanlega enga sérþekkingu hefir til brunns að bera um þetta, liggi ekki flatt fyrir hverjum farandsala, sem vegna vanþekkingar fólksins reyndu að pranga inn á það lélegum tækjum. Hagkvæmara mundi og verða að hafa aðeins fáar tegundir á boðstólum. Talsverður vandi er að fara með tæki og þarf nokkra leikni til þess. Hægara væri því að kenna meðferð á fáum tegundum en mörgum. Sama er og um þá, sem gera við tækin. Um varahluti til viðgerðar á tækjum er sama að segja. Því færri tegundir, sem eru í notkun, því minna má komast af að liggja með af varahlutum. Þetta er þekkt frá ýmsu öðru, t. d. er svo um bílana. Og oft reynist erfitt að fá varahluti í sjaldgæfar tegundir, sem máske hafa oft fljótlega orðið úreltar. Þessu öllu er hægara að bjarga með einkasölu. Einfaldasta leiðin verður því eflaust sú, að veita ríkisstj. þessa einkasöluheimild til tryggingar því, að eingöngu verði seld góð tæki.

Ef ágóði verður af þessari einkasölu, þá má nota hann til þess að gera útvarpsstarfsemina betri.

Þá er hin aðalbreyt. Eins og nú er, þá er yfirstjórn útvarpsmálanna greind í tvennt. Fjárhagsleg og teknisk yfirstjórn er hjá landssímastjóra, en hverju varpa beri út, eða sú andlega yfirstjórn, er hjá útvarpsstjóra. Hætt er við, að óheppilegt reynist að skipta þessari starfsemi í tvennt. Hér er um nátengda og óaðskiljanlega starfsemi að ræða, sem naumast verður sundur slitin. Það er augljóst, að reksturinn á fjárhagshlið útvarpsins hlýtur að grípa inn í menningarstarfsemina — og öfugt. Ef því stjórn þessara mála er í höndum tveggja manna, þá má búast við árekstri, sem gert getur málinu ógagn. Bezt mun reynast, að ákvörðun og ábyrgð sé hjá einum aðila. Þar sem ábyrgð er deilt á fleiri en einn, fer oft svo, að lítið verður úr ábyrgð, þegar fleiri eiga að deila henni milli sín. Hún eins og dettur niður milli þeirra. Um hina „teknisku" hlið málsins er sama að segja. Landssímastjóri er ekki neitt sérstaklega kunnugur þeirri hlið málsins og verður því að fela það starf sérfróðum manni. Sá maður getur því vitanlega eins starfað undir stjórn útvarpsráðs eins og landssímastjóra.

Ég hefi þá gert grein fyrir aðalbreytingunum. En ein smábreyt. er enn ótalin, sú, að bætt sé tveim mönnum í ráðið, er tilnefndir séu af kennurum og prestum. En á þá breyt. legg ég enga áherzlu. Vil ég svo að endingu mæla hið bezta með frv.

Sigurður Eggerz: Ég verð að játa, að ég hefi lítið kynnt mér frv. þetta. En við fljótan yfirlestur virðist mér þó svo, að ef frv. verður gert að lögum, þá muni það leiða til aukins kostnaðar um rekstur útvarpsins. Ég hefi ekki heyrt þau rök færð fyrir því að taka hina teknisku yfirstjórn frá landssímastjóra, sem fullnægi mér. Ef hann er tekinn út úr því starfi, þarf annan kraft í staðinn. Ég skal ekki segja mikið um samsetningu útvarpsnefndarinnar. En mér finnst þó ástæðulaust að fara að búa til stærra bákn en þörfin krefur. Eftir frv. á útvarpsstjóri að hafa á hendi fjárreiður allar og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, auk umsjónar með rekstri stöðvarinnar. Verður þetta nú ekki til þess, að útvarpsstjórinn fær ekki nægan tíma til að gæta aðalstarfsins, sem til er ætlazt að hann leysi af hendi? Mér sýnist því í fljótu bragði athugavert að kippa þessu starfi af landssímastjóra, og setja það á útvarpsstjóra, sem virðist hafa nóg starf fyrir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. flm. fyrir það að hafa tekið að sér flutning þessa frv. Frv. var svo síðbúið, að ekki var hægt að leggja það fram með öðrum stjfrv.

Út af aths. hv. þm. Dal. vil ég geta þess, að rekstur útvarpsstöðvarinnar ætti ekki að verða neitt kostnaðarmeiri, þótt frv. verði samþ., heldur þvert á móti. Hvað

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 60).
Á 30. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13:2 atkv.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 165).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þess gerist varla þörf að tala fyrir frv. þessu; það er svo einfalt og lítið mál. Brtt. á þskj. 165 er aðeins orðabreyt. N. er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 165 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 193).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 193).
Á 39. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið hingað aftur frá hv. Nd., og hefir verið gerð á því ein lítilsháttar breyt., sem allshn. sér ekki ástæðu til að amast við, og leggur hún því til, að frv. verði samþ. með áorðinni breyt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 214).

---

24. Útvarp.

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka og breyt. á l. nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (þmfrv., A. 238).

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og stendur í nál. við frv. þetta, þá höfum við hv. þm. V.-Sk. flutt frv. eftir beiðni hæstv. atvmrh. og erum vitanlega samþykkir efni þess.
Þótt nokkuð sé skýrt frá tilgangi frv. í grg. þeirri, er fylgir, þá vil ég samt bæta nokkrum orðum við það frá eigin brjósti. Aðalefni frv. þessa er tvennskonar. Það heimilar einkasölu á útvarpstækjum, og það gerir nokkrar breyt. á stjórnarfyrirkomulagi útvarpsstöðvarinnar, eins og það var ráðgert í lögunum frá 1928.
Ég vil þá fyrst gera grein fyrir einkasölunni.
Það er kunnugt, að innan einnar iðngreinar er vart um fleiri tegundir tækja að ræða en einmitt þessarar. Þar úir og grúir bæði af góðum og ágætum tækjum, en þar er ekki síður um að ræða léleg eða óbrúkleg tæki. Ef útvarpstækin eiga að verða útbreidd og koma að tilætluðum notum, þá þurfa þau helzt að vera ódýr, en jafnframt góð. En til tryggingar því, að svo geti orðið, er aðallega um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að lög-

það kom frá Nd. Það má ekki fresta afgreiðslu frv., því að annars verður undirbúningi ekki lokið á réttum tíma.

Jón Jónsson: Það er aðeins örlítil aths. við það, sem hv. 4. landsk. vék að, að það væri illt fyrir Reykjavík eða jafnvel ókleift að kjósa, ef ekki er byrjað fyrr en kl. 3. Ég get ekki fallizt á þetta, því að ég held, að það hafi verið venja hingað til, að almennar kosningar hafi ekki byrjað fyrr en kl. 12. En þetta er aðeins landskjör, og þá kjósa miklu færri en við kjördæmakosningar, og því hugsa ég sannast að segja, að þegar ekki kjósa fleiri menn en þetta, muni þeir eins vel geta lokið við kosninguna frá kl. 3—12 eins og hægt er að koma af kjördæmakosningum frá 12—12. Þar að auki er hægt að hafa kjördeildirnar svo margar sem vill. Það mun því óhætt að fullyrða, að þetta kemur ekki að sök.

ATKVGR.
Brtt. 206 tekin aftur.
— 203 felld með 6:6 atkv.
Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 208).

23. Löggilding verzlunarstaða.

Á 11. fundi í Ed., 1. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaða (þmfrv., A. 60).

Á 14. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Hermannsson): Eins og sést á greinargerð þessa frv., er það flutt eftir tilmælum hreppsnefndanna í Seyðisfjarðar- og Skeggjastaðahreppum í Norður-Múlasýslu. Hvortveggja þessi staður er allfjölmennur, töluverð útgerð er rekin á þeim báðum, svo að þau réttindi, sem slík löggilding og hér er farið fram á veitir, mundu koma sér mjög vel fyrir íbúana.

Ég býst við því, að hv. d. lofi þessu frv. að sjálfsögðu að ganga til n., og sé því ekki ástæðu til að ræða sérstöðu þessara staða frekar, en er reiðubúinn til að gefa þeirri n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, allar þær upplýsingar, sem mér er unnt.

Leyfi ég mér svo að stinga upp á því, að frv. verði vísað til hv. allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 95).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hygg, að það sé varla háð nokkurt Alþingi nú á síðari tímum svo, að ekki liggi þar fyrir till. um löggilding verzlunarstaða, og oftast hafa þessar till. náð fram að ganga. Á þskj. 60 liggur fyrir frv. um, að löggiltir séu tveir staðir í Norður-Múlasýslu, sem sé Gunnólfsvík á Langanesströndum og Hánefsstaðaeyrar við Seyðisfjörð.

Það stendur svo á um báða þessa staði, að þar er allmikil útgerð. Á Hánefsstaðaeyrum er rekin mest útgerð við Seyðisfjörð, og í Gunnólfsvík hefir verið rekin útgerð í nokkur ár, en farið mjög í vöxt eftir að farið var að hafa vélar í opnum bátum. Á báðum þessum stöðum eru sæmileg lendingarskilyrði og því hafa þeir, sem þarna búa, nokkuð til síns máls, er þeir æskja eftir að fá þessa staði löggilta sem verzlunarstaði.

Eins og ég gat um áðan, hefir verið venja að verða við slíkum óskum, og því hefir n. lagt til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

mál stjórnarflokkanna að hafa kosningar á sunnudegi. Ég geri ekki ráð fyrir að segja fleira; atkvæðin skera úr.

Jón Jónsson: Það hafa komið fram sundurleitar skoðanir á þessu, annarsvegar frá hæstv. forsrh. og hinsvegar frá hv. 3. landsk., hvenær sé heppilegast og bezt að hafa kjörfund í þetta skipti. En það er augljóst, að fyrir sveitirnar er langheppilegast, að kjördagurinn sé á sunnudegi, fyrst kosið er um þetta leyti árs, því að það er svo lítið vinnutap. (JÞ: Hafa sveitamenn nú ekki efni á að kjósa á virkum degi?). Flestir bændur eru nú fáliðaðir og mega illa fella niður verk, og kosningar verða því betur sóttar á sunnudegi. Hinsvegar gat ég ekki fallizt á það, sem mér fannst mega draga af frv. eins og það er nú, að kjörfund mætti setja fyrr en á löglegum fundartíma á helgidögum. Þess vegna flyt ég í samráði við hæstv. forseta brtt. á þskj. 206. Það er ekki tilhlýðilegt að halda kjörfund um messutímann, en þar sem hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir í heyranda hljóði, að kosningar fari fram um þann tíma dagsins, sem ekki fer í bág við messu, þá tek ég aftur brtt. á þskj. 206. En hvað því viðvíkur, sem hv. 3. landsk. var að tala um, að ef kjörfundur væri ekki settur fyrr en eftir messutíma (JÞ: Klukkan 3.), þá væri tíminn of stuttur, þá held ég, að það sé ekki svo mikil hætta á því. Ég hefi reyndar ekki eins mikla kunnugleika hér í Reykjavík og hv. 3. landsk., en mér hefir skilizt svo, að það mætti hafa kjördeildirnar svo margar sem vill. Margir bæjarbúar ganga ekki til hvílu fyrr en kl. 12, og getur kosningin því haldið áfram hvíldarlaust í 9 tíma, og þá getur kosningin komizt af, ef kjördeildir eru margar.

Það hefir komið fyrir, að kjörfundir hafa staðið lengur en til kl. 12, en verði kosið á sunnudegi, mun það ganga betur. Þá eru menn ekki bundnir við nein verk og geta því þyrpzt á kjörstaðinn meira en verið hefir. Vona ég því, að það komi ekki að sök. En sveitunum er þetta allmikið hagræði, og þar sem kosið er á messudegi og svo hagar til víðast í sveitum, að kjörstaðir eru á kirkjustað, þá mundu menn fyrst vera við messu, og fer vel á því að hafa verið við guðsþjónustu, áður en menn ganga að kjörborði.

Jón Baldvinsson: Hv. 6. landsk. lét í ljós þá skoðun, að það yrði ekki bagalegt fyrir kaupstaðina, þó að kjörfundur byrjaði eftir kl. 12, og jafnvel þó að hann byrjaði ekki fyrr en kl. 3. En ég verð nú að álíta, að ef kjörfundur er settur svo seint, verði engin leið að ljúka kosningum af, a. m. k. ekki hér í Reykjavík. Stundum hefir kjörfundur hér byrjað kl. 3, og þá hefir honum ekki verið lokið fyrr en kl. 12 á miðnætti, en þá hefir reyndar ekki verið um þingkosningu að ræða. En nú er að aðgæta það, að í kosningalögunum frá 1915 er það ákveðið, að kjörfund skuli setja á hádegi. Þetta ákvæði skilst mér, að gildi þrátt fyrir helgidagalöggjöfina, svo að kjörfund verði að setja kl. 12, en það er vitanlega í hendi stj. að færa til messu þennan dag, ef hún vill, og láta guðsþjónustu fara fram kl. 10—12, svo að menn geti gengið til kosninga með það rétta hugarfar, sem mér virtist, að hv. 6. landsk. þætti nauðsynlegt, að menn hefðu, þegar þeir gengju að kjörborðinu.

Það er mjög sennilegt, sem hv. þm. sagði, að sveitunum væri hentugast að hafa kjörfund á sunnudegi. Það er nú einu sinni svo, að alltaf er nóg að gera í sveitum. Menn kvarta undan fólksleysi, og því er það helzt ekki nema á helgidögum, að þeir geta fráskákað sér nokkuð. En um verkafólk í kaupstöðum er það að segja, að þótt það sé ekki alltaf í vinnu á virkum dögum, þá er það oft allan daginn að bíða eftir hvort það geti ekki fengið eitthvað að gera, og fer því ekki á kjörfund fyrr en eftir vinnutíma. Mér finnst því, að það sé rétt að hafa kjördag á sunnudegi í þetta sinn og sjá, hvernig það gefst. Það má vel vera, að rétt væri að hafa kjörfund alltaf á helgum dögum. Það er siður í Þýzkalandi, og ekki þykja þeir meiri guðníðingar en aðrar þjóðir. Svo er Þýzkaland heimkynni lúterskunnar, svo að okkur er engin minnkun í því að taka þá okkur til fyrirmyndar í þessu.

Ég mun greiða atkv. með frv. eins og

Á 37. fundi í Ed., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 199).

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 199, 203, 206).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 203 og 206. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið hingað aftur frá Nd. Þar hefir verið gerð á því ein breyt. Eins og frv. var, þegar það fór héðan úr þessari d., þá var kjördagurinn ekki ákveðinn öðruvísi en þannig, að kosningar skyldu ekki fara fram fyrir 10. júlí. En Nd. hefir gert þá breyt., að kjördagur sé ákveðinn sunnud. 15. júní. Allshn. í þessari d. hefir haft frv. til meðferðar og athugað það, en ekki getað orðið sammála. Hefi ég því enga till. fram að bera fyrir hönd n. um frv. Nefndarmenn hafa því óbundnar hendur um atkvgr. á breyt. þeirri, sem gerð var á frv. í Nd. Nú liggja fyrir tvær brtt., báðar við 1. gr., á þskj. 203 og 206. Brtt. á þskj. 203 er hrein brtt., en brtt. á þskj. 206 er aðeins viðaukatill.

Eins og gefur að skilja, þá hefi ég, þegar svona er ástatt í n., ekkert meira um þetta mál að segja, en læt mér nægja að sýna með atkv. mínu afstöðu mína til frv., þegar að atkvgr. kemur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil beina þeirri ósk til hv. d., að hún afgr. frv. eins og það er nú, svo að það verði að lögum nú þegar.

Um brtt. á þskj. 203 vil ég segja það, að hún var felld með miklum atkvæðamun í Nd., og geri ég því ekki ráð fyrir, að Nd. muni fallast á hana. Annars ætla ég ekki að fara út í þær umr., sem voru í Nd.; ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi fylgzt með þeim. En um brtt. á þskj. 206 vil ég geta þess, að hún er alveg óþörf. Ég vil lýsa því yfir frá stj., að það mun verða séð um það, að kosningin komi ekki í bága við messugerð á þessum degi og valdi ekki messufalli. Þannig mun þá nást sá tilgangur, sem er í þessari till.

Jón Þorláksson: Ég flyt brtt. við þetta frv. á þskj. 203, þess efnis, að í staðinn fyrir að ákveðinn sé landskjörsdagur sunnud. 15. júní, eins og gert er í frv. eins og það liggur nú fyrir, komi laugardagur 14. júní. Ástæðurnar fyrir þessari brtt. eru ýmsar, og er þá fyrst sú, að ég kann ekki við, að innleidd sé sú venja, eða réttara sagt óvenja, að kosningar séu hafðar á sunnudegi, hvort sem það eru kosningar til Alþingis, sveitarstjórnar- eða bæjarstjórnarkosningar. Það hefir ekki heldur þótt ennþá samsvara hugsunarhætti Norðurlandaþjóðanna að gera það, enda hefir engin þeirra tekið það upp ennþá. En aðalástæða mín er sú, að þessi kjördagur er sérstaklega óhagkvæmur, allt að því óhafandi fyrir kaupstaðina, eins og helgidagalöggjöfin er nú. Eftir þeirri löggjöf má ekki setja kjörfund fyrr en kl. 3. Brtt. á þskj. 206 er því óþörf, því að hún tekur ekkert fram nema það, sem er í núgildandi lögum.

Mér skildist á hæstv. forsrh., að stj. myndi haga kosningunum þannig, að þær færu ekki í bága við hámessu. Það er auðvitað hægt með því að hafa messu nógu snemma eða kjörfundinn seint, en ég get nú samt ekki séð, að stj. geti farið þar eftir öðru en gildandi lögum, en þau segja, að fund megi ekki setja fyrr en kl. 3, af því það er sunnudagur, en í fjölmennum kaupstöðum er allt of seint að setja kjörfund svo síðla dags. Og áður en almenningur getur komizt að kjörborðinu, verður annað að fara fram, sem tekur mikinn tíma í fjölmennum kjördæmum, en það er athugun og úrskurður á þeim atkv., sem greidd hafa verið utan kjördags, og í Reykjavík getur það tekið meira en 2 klst., og þá er orðið of áliðið að byrja á kosningum í slíku fjölmenni.

Nú vilja menn e. t. v. segja: „Nóttin er nú björt, og má því halda kosningum áfram fram að miðnætti". En það er nú svo, að margir vilja þá heldur taka á sig náðir, eins og von er, en verða að bíða eftir því, að geta komizt á kjörstaðinn. Þetta er mjög óþægilegt á allan hátt, og álít ég því mjög illa ráðið að taka sunnudaginn fyrir kjördag, því að eins og helgidagalöggjöfin er nú, má ekki byrja fyrr en kl. 3.

Ég ætla ekki að taka fram fleiri ástæður fyrir þessari brtt., og ég held líka, að þýðingarlaust sé að hafa langar umr. um þetta; það er hvort sem er mikið áhuga-

fyrir þessar löngu umr. um málið, en úr því að umr. eru komnar, sýnist bezt að láta ganga til atkv. um till. Enda hefir hæstv. ráðh. sjálfur lýst því yfir, að ef stj. ætti að ákveða daginn, þá yrði það áreiðanlega þessi dagur, sem ég vil heldur, að sé ekki.

Magnús Jónsson:* Það er eiginlega burtu fallið eftir ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem ég vildi segja. Ég ætlaði að beina þeirri eindregnu ósk til hans, að hann tæki sína till. aftur, því að ég get búizt við, að þessi till. hæstv. forsrh. verði samþ. hér, þinginu til skammar, og þótti því réttast að láta stj. hafa eina allan heiður af því að fyrirskipa fyrstu skylduvinnuna á helgidegi.

Annars verð ég að segja það, að mig furðar stórlega á hræsni hv. 2. þm. Reykv. Þetta er svo sem ekkert, sem hann hefir þurft á sig að leggja við kosningar! Ég vildi bara að ég vissi, hvað margar tunnur af svita hann á hér á Reykjavíkurgötunum frá kosningadögunum, því þó að margir vinni vel, þá er meira þeytispjald en hann ekki til. En þetta segi ég ekki honum til vanvirðu, heldur til að sýna, að margir áhugasamir menn vinna ekki meira annan dag ársins en þennan.

Það er misskilningur, að ég telji það nokkuð ljótt, sem fer fram á þessum degi, þótt ég hinsvegar lýsi því hræsnislaust, að kjördagarnir eru yfirleitt sukksamir dagar, bæði í flestum kaupstöðum og líka yfirleitt til sveita. Það leiðir af ákafanum, sem er í mönnum, og því, sem þarf að koma í verk.

Ég sé, að það er þá ekki til neins að beina þessari ósk til hv. 1. þm. Skagf., úr því að hann er búinn að taka af um það. En ef þessar till. verða ekki samþ. hér, vitum við ekkert, hvaða dagur verður tiltekinn, því að við vitum ekki, hvaða stj. situr þá.

Ólafur Thors:* Hv. þm. V.-Húnv. var með sína venjulegu illskeytni í sinni stuttu ræðu. Ég sé ekki ástæðu til þess að svara honum; fullyrðingar hans eru svo barnalegar um það, að flokkarnir gætu komið sér saman um að láta ekkert ljótt koma fram í kosningunum.

Mér þykir það lýsa undraverðri gleymsku hæstv. forsrh., þegar hann telur, að kosningadagarnir séu ekkert annað en samkunda hinna rosknari kjósenda, sem séu að velja sér fulltrúa. Ég veit, að þeir eru eins og þegar hæst lætur í fuglabjörgum. Ég er viss um, að þótt hv. þm. Ísaf. eða hv. þm. Borgf. ætluðu að messa hér, þá mundi enginn heyra til þeirra fyrir bílaorginu kringum kirkjuna, og þó eru þetta rómsterkustu menn, sem ég þekki. Þetta er með allt öðrum hætti en þó að menn noti bíl til þess að bregða sér út úr bænum á sunnudögum, því að á kjördegi er einmitt öll bílaumferðin í kringum barnaskólann og kirkjuna.

Kosningadagurinn er nú einu sinni með þeim blæ, sem Reykvíkingar kannast svo vel við, að ekki þarf að lýsa honum fyrir þeim, og sem sízt er jólablær eða helgiblær. Ég býst við, að hæstv. forsrh. skildi þetta betur, ef ég kæmi með till. um að hafa jóladaginn fyrir kjördag.

Ég hefi ekki skilið afstöðu hæstv. forsrh. til þessa máls, fyrr en ég heyrði hv. 2. þm. Reykv. tala um, að þetta væri heppilegra fyrir verkalýðinn, sem er reyndar misskilningur; það er þá ekki frá guðfræðingnum í hæstv. forsrh. heldur frá sósíalistanum.

En um það, hvort menn þurfi að vinna á kjördag, þá er hv. 1. þm. Reykv. búinn að taka þá sneið frá mér, sem ég ætlaði að senda hv. 2. þm. Reykv., og þá jafnframt samherja hans, hv. 4. landsk., því að aldrei hefi ég séð þreyttari né sveittari né aumingjalegri menn heldur en þegar þeir eru að ganga undir karlægum kerlingum, til að draga þær á kjörstað.

ATKVGR.

Brtt. 196 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

BSt greiddi ekki atkv.

Brtt. 186, svo breytt, samþ. með 16:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir hávaða í för með sér eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins".

Hér er vitanlega átt við allar þær athafnir, er ástæða er til að ætla, að hafi röskun helgidagsfriðarins í för með sér. Nú hefir því verið lítillega lýst, hvernig kosningar fari almennt fram, og mun engum, sem til þekkir, blandast hugur um, að þeim hljóta að fylgja hin mestu helgidagsspjöll. (SÁÓ: Enginn hávaði). Ef hv. 4. þm. Reykv. heyrir engan hávaða, þegar á kosningum stendur, þá er það af því, að sá hávaðinn er fyrir löngu búinn að gera hann heyrnarlausan.

Þá vil ég drepa á annað atriði úr helgidagalögunum. Í 6. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyrr en um nónbil".

Með þessu er slegið föstu, að kosningar geta ekki hafizt fyrr en um nónbil.

Ætla ég, að það megi vera okkur ljóst, bændum og öðrum, að það eru ekki nein búdrýgindi að nota sunnudaginn í þessu augnamiði, þegar við megum ekki taka til starfa fyrr en kl. 3.

Þriðja atriðið, sem ég vildi benda á, er í 8. gr. helgidagalöggjafarinnar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5—1000 kr.".

Nú vildi ég benda á það, hvort menn héldu, að það mundi ýta undir kjörfundarsókn, að eiga á hættu að verða sektaður um 5—1000 kr. fyrir að sækja kjörfund. Ég vil ekki leiða slíkt yfir kjósendur í þessu landi og mun greiða atkv. móti frv.

Héðinn Valdimarsson:* Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh., að mér er ekki kunnugt um þau myrkraverk, sem séu unnin á þessu landi á kosningardaginn. En það virðist sem hv. 2. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Reykv. sé kunnugt um það, og um drykkjuskap samfara kosningum.

Það, sem gerir nauðsynlegt að hafa kosningar á hvíldardegi, er það, að ef þær eru á almennum virkum degi, er mikill hluti fólksins upptekinn og á erfitt með að sækja kosningar, sérstaklega verkamenn, sem vinna frá kl. 6 á morgnana til kl. 6 á kvöldin; og um þennan tíma er oft unnið fram yfir. Það kann að vera auðvelt fyrir skrifstofufólk að fá sig laust, en það geta verkamenn ekki. Þeir, sem vinna við kosningar, eru mestmegnis sjálfboðalið. Ég veit ekki, hvernig það er í hinum herbúðunum, en hjá okkur er það allt óborgað, og menn geta farið, þegar þeir vilja. Þeir, sem vilja fara í kirkju, geta það þrátt fyrir kosningarnar, því að það tekur skamman tíma, ekki nema svo sem 5 mín., að komast að til að kjósa. Ég veit, að í kirkju á sunnudögum fer aðeins lítill hluti safnaðarins, enda rúma kirkjurnar ekki nema brot af söfnuðinum, svo að þetta er lítil ástæða.

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að þetta væri á móti helgidagalögunum, af því að við kosningar færi fram vinna, sem hefði hávaða í för með sér. Nú vita menn, að helgidagalöggjöfin er alls ekki framkvæmd í þessu landi, og sérstaklega gengu þau lög, sem síðast voru samþ., í þá átt, að auðveldara yrði að brjóta þau. Þeir, sem hafa aðgætt, hvernig sunnudagar ganga hér í Reykjavík, gera sjálfsagt lítinn mun á kosningadögum og öðrum dögum, þegar fólkið þyrpist úr bænum upp að Álafossi, austur yfir fjall, inn á veðreiðar o. s. frv.; þá er stöðugur bílagangur um allan bæ, og það sama er á kjördag. En önnur ærsl veit ég ekki um, nema það væri þá innan herbúða hv. þm. Um það er mér ekki kunnugt.

Annars finnst mér ekki vera hægt að tala um kjörfund eins og aðra fundi. Þar sitja einir 3 menn við borð, og sá fjórði kemur inn og greiðir atkv. Það mætti þá alveg eins kalla „bílæta"-sölu fund.

Ég fyrir mitt leyti er með þessari till. hæstv. forsrh., að hafa helgidag fyrir kjördag. En þó mundi ég jafnvel til samkomulags, ef einhver kæmi með þá till., vilja hafa laugardag, ef hann yrði þá lögskipaður hvíldardagur, svo að yfirleitt væri engin vinna framkvæmd á þeim degi önnur en sú, sem framkvæmd er á helgidögum.

Magnús Guðmundsson: Það var aðeins út af umtali um, hvort ég ætti að taka mína till. aftur, að ég vil taka það fram, að ég finn ekki ástæðu til þess. Ég veit ekki, hvað ég hefði gert, ef ég hefði séð

vera, að hann sé ekki svo mikill vinur þessa fólks, að hann vilji unna því þessarar skemmtunar. Að menn taki hesta sína og ríði til kjörstaðar á sunnudegi, eins og hv. þm. V.-Sk. talar um, skiptir vitanlega engu máli í þessu sambandi; slíkt er hvorki bannað né boðið, en að Alþingi taki sig til og skipi öllum landslýð að inna þessa vinnu af hendi á helgum degi, slíkt er hin mesta óhæfa. Enda þótt þetta sé siður sumstaðar erlendis, t. d. í Þýzkalandi, þá er það engin sönnun þess, að við eigum að taka það upp. Við eigum að hafa það mikið andlegt sjálfstæði til að bera, að við þurfum ekki að apa alla ósiði eftir útlendingum. Mér er því illa við, að þessi till. komi til atkv., því ég er sannfærður um það, að fleiri ókostir hennar koma í ljós, ef hún er rædd ítarlegar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var blátt áfram hlægilegt að heyra síðustu ræðu hv. 1. þm. Reykv., þegar hann talaði um þetta stórkostlega mál, þessi stórtíðindi, sem nú voru að gerast í þessari hv. d., að hún skyldi hafa leyft afbrigði um till. mína. Mig furðar á barnaskap hv. þm. Hann spurði mig, hvort ég vildi ekki taka till. mína aftur. Jú, það vil ég gera með mestu ánægju, en með því skilyrði, að hv. 1. þm. Skagf. taki sína till. aftur, því það var hún, sem gaf mér tilefni til þess að koma fram með þessa till. Þó ber engan veginn að taka þessi orð mín sem tilmæli til hv. þm. um að gera þetta, heldur einungis sem skilyrði, sem ég set af minni hálfu. Ég hefi ekkert á móti því, að stj. hafi framvegis óbundnar hendur um það, hvenær kosningar fari fram, eins og hún hefir haft hingað til.

Það hefir verið talað mikið um það, að með þessu væri verið að vanhelga hvíldardaginn. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað hv. þm. eiga við með þessu. Er það eitthvað ljótt, eitthvað óguðlegt, að kjósa? Á orðum hv. 1. þm. Reykv. mátti helzt skilja, að það væri eitthvert ódæði að kjósa. Og hvaða erfiði er þetta, að taka hesta sína og ríða til kjörstaðar. Mörgum er það vafalaust ánægja og skemmtun. Að tala um, að þessi athöfn kasti rýrð á helgi hvíldardagsins, er hin mesta firra. Ég álít það einhvern hinn merkasta og göfugasta atburð, er þjóðin kýs fulltrúa sína, og frá því sjónarmiði beinlínis vel við eigandi að kjósa einmitt á sunnudegi. Þess má og geta í þessu sambandi, að t. d. prestskosningar fara venjulega fram í sambandi við guðsþjónustu. Hv. þm. talaði einnig um það, að menn gerðust ölvaðir, er á liði kjördag. Það má vel vera, og þess vegna er full ástæða til að láta kjósa á þeim degi, sem vínbúðir eru lokaðar, nefnilega á sunnudegi. Ég tel það yfirleitt hina mestu framför, ef takast mætti að láta þennan atburð hafa meiri helgiblæ og alvörublæ, og að þjóðin gangi til kosninganna í fullum skilningi þeirrar ábyrgðar, sem á henni hvílir á þessum mikla degi.

Svo skal ég að lokum benda á, að þetta reginhneyksli, sem nú á í eitt einasta skipti að eiga sér stað hér á landi, er aðalregla í höfuðlandi mótmælenda, Þýzkalandi. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, að honum stæði ógn af þeim þingvilja, sem stæði að baki þessari till. Ég skal þá upplýsa hv. þm. um það, að ég hefi ekki talað um þessa till. við einn einasta af flokksmönnum mínum. Annars liggur mér þetta í fremur léttu rúmi; býst ekki við að gera það að „kabinettspursmáli", enda þótt hv. 1. þm. Reykv. virðist telja málið svo mikilvægt.

Pétur Ottesen: Ég skal nú ekki fara að ræða hina guðfræðilegu hlið þessa máls, enda varlega í það farandi fyrir óbreytta alþýðumenn svona í sömu andránni eða rétt á eftir að um þá hlið málsins hafa fjallað í deildinni tveir hálærðir guðfræðingar, núv. prestauppfræðari og fyrrv. prestur á Hesti, sem einu sinni treysti sér til að gerast boðberi Krists, þótt annað hafi nú orðið hans hlutskipti í lífinu. En hitt finnst mér dálítið kynlegt, að þegar hæstv. forsrh. er búinn að halda 5—6 ræður um þetta efni, þá lýsir hann því yfir, að allar þessar umr. séu óþarfar. Annars var það erindi mitt með því að standa upp að benda hv. þdm. á þrjú atriði úr helgidagalöggjöfinni. Í fyrsta lagi vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 1. gr. helgidagalaganna frá 1926. Hún byrjar svo:

„Á helgidögum þjóðkirkjunnar er

með ókristilegar hugsanir á kjördegi. Mætti eftir þessum orðum ætla, að kjósendur væru að aðhafast eitthvað illt, þegar þeir ganga til kosninga. Þetta mætti ef til vill til sanns vegar færa um kjósendur hans og hans flokks, en hvað þeim flokki viðvíkur, sem ég heyri til, þá neita ég þessu algerlega. Ég held, að hv. þm. hafi hlotið að hafa sitt kjördæmi í huga, þegar hann mælti þessi orð. Honum er sannarlega bezt kunnugt um hin „vanhelgu" verk, sem unnin eru á þessum degi, en við framsóknarmenn þekkjum ekki slíkt. Ég held því, að það mæli ekkert sérstaklega á móti því, að reynt sé í þetta eina sinn að kjósa á sunnudegi. Ef allir flokkar eru samtaka um að láta ekkert ljótt koma fram í sambandi við kosningarnar, þá ætti enginn skuggi að falla á helgi hvíldardagsins, þótt kosningar færu fram þann dag. Og ég vona, að hv. 2. þm. G.-K. finni engar slíkar tilhneigingar hjá sér, að honum þyki ógerningur að kjósa á sunnudegi fyrir þá sök.

Magnús Jónsson:* Menn hafa talað um, að þessar umr. séu orðnar of langar. Ég er á alveg gagnstæðri skoðun. Þetta er afaralvarlegt mál og sýnir vel, hversu hættulegt það getur verið að bregða frá þingsköpum og leyfa afbrigði um mál, sem ekkert eru athuguð áður. Mér virtist í fyrstu, sem mál þetta væri fremur ómerkilegt. En umr. þær, sem fram hafa farið, og sérstaklega ræða hv. 2. þm. G.-K., opnuðu augu mín fyrir því, að ef menn annars hirða nokkuð um hvíldardagshelgina, þá er ekkert það til, sem síður ætti að fara fram á helgum degi heldur en einmitt kosningarnar. Ég rifja upp fyrir mér, hvernig kosningar ganga bæði í sveitum og kaupstöðum, þar sem ég hefi átt kost á að sjá það með eigin augum. Og það verður ekki með rökum á móti mælt, að fátt er betur fallið til að vanhelga hvíldardaginn heldur en kosningaatið, ekki af því, að nokkuð óheiðarlegt þurfi að fara fram í sambandi við kosningar, heldur af því, að þær eru geysilegt erfiði, ekki einungis fyrir þá, sem í kjörstjórnum eru og verða að sitja allan daginn, heldur og fyrir þá, sem sækja þurfa langar leiðir á kjörstað. Þetta ættu allir að geta skilið. Mér hrýs hugur við þeirri andstyggilegu hræsni, sem skein í gegnum ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann reyndi að setja á sig helgisvip og sagði, að ekkert óguðlegt þyrfti að gerast í sambandi við kosningar. Það hefir enginn sagt. En ég býst við, að helgisvipurinn fari af flestum, sem standa í kosningaatinu til lengdar. Sem dæmi má nefna, að réttadagar í vondum veðrum eru oft svallsamir og lítt fallnir til háleitra hugleiðinga, þó að engum detti í hug að segja, að framið sé óguðlegt athæfi. Líkt má segja um kosningadaginn. Auk þess hættir mörgum til þess að skvetta í sig víni, er á kjördaginn líður. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forsrh., að hann taki till. sína aftur. Það skiptir nefnilega litlu máli, þótt hér sé um aðeins einn kosningadag að ræða og að þetta eigi að vera til prófs. Hvaða nýr sannleikur halda menn að komi í ljós, þótt kosið sé í þetta sinn á sunnudegi? Hafa menn ekki séð kosningar fyrr og hvað þar fer fram? Ég hygg, að menn þekki þegar þann svip og blæ, sem hvílir yfir þessari athöfn. En hinsvegar óttast ég það, að með þessu sé verið að leita hófanna um það, hvort megi ekki algerlega færa kosningar yfir á sunnudagana. Ég hefi óljóst hugboð um, að sá þingvilji, sem stendur að baki þessari till., muni síðar meir hafa í hyggju að fá þessu algerlega breytt í það horf, að gera sunnudag að föstum kjördegi. Ef þessi grunur minn er réttur, þá er hér um stórt atriði að ræða. Það þarf að rísa á móti þessu þegar í upphafi svo kröftuglega, að menn þyrðu ekki að greiða þessari till. atkv. Annars vil ég segja það, að mér finnst slík till. sem þessi koma úr hörðustu átt frá hæstv. forsrh., sem er prestvígður maður, sem ég legg þó ekki mikið upp úr, og að því er ég bezt veit mjög kirkjurækinn maður, og sem ég hefði því sízt búizt við, að færi að kasta rýrð á hvíldardagshelgina með slíkum till.

Svo er eitt atriði, sem vert er að gefa gaum í þessu sambandi. Hér í Reykjavík er fjöldi fólks í búðum og í skrifstofum, sem að jafnaði notar sunnudagana til þess að komast burt úr bænum til þess að hrista af sér bæjarrykið. Mér finnst illa til fundið að eyðileggja þennan eina hvíldardag vikunnar fyrir þessu fólki. Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. kýmir. Það má

neii við atkvgr. En þetta hefir farið á annan veg. Mönnum hefir ekki einu sinni nægt að ræða efnishlið málsins, heldur hafa þeir jafnvel farið út í biblíuskýringar, guðfræðislestra og annað þvílíkt. Þetta sýnir ljóslega, hversu löngunin til þess að vaða út fyrir efnið og tala sem mest er rík í hugum þm.

Hæstv. forsrh. kvað sveitamenn heldur vilja kjósa á sunnudegi en laugardegi. Ég er nú einn af þessum sveitamönnum, sem allan minn aldur hefi alið í sveit, og get því fremur öðrum tekið undir það með hv. þm. Dal., að sveitafólk vilji heldur kjósa á laugardegi en á sunnudegi. Sunnudagurinn á að vera hvíldardagur fyrir fólkið, og ég get fullyrt það, að sveitamenn kunna því mjög illa að vera skyldir til þess að vinna tiltekin aukastörf á sjálfan hvíldardaginn. (LH: Það eru til hross í sveitunum). Ég veit, að hv. þm. V.-Sk. gerir það meira af þægð við hæstv. stj. að fylgja þessari till. heldur en að hann skorti hest undir hnakk, þó skreppa þurfi að heiman, og að hann meini þetta í raun og veru ekki. Hann kemst að því leyti í líka aðstöðu og hv. 1. þm. Skagf. sagði um hv. 2. þm. Árn., þar sem hann komst svo heppilega að orði, að honum — 2. þm. Árn. — væri annara um stj. en henni um hann.

Ég tel svo, að eigi þurfi fleirum orðum um þetta mál að eyða. Aðeins er eftir að skera úr málinu með jái eða neii. Allar þessar umr. hafa verið algerlega óþarfar frá upphafi, og verða það eigi síður, þó áfram sé haldið.

Ólafur Thors:* „Ræða yðar sé já eða nei; allt það, sem umfram er, er frá þeim vonda". Ég skal því ekki deila lengi við hæstv. forsrh. um þetta mál. Vil einungis benda honum á það, að sé nokkur dagur ársins, sem vanheilagur blær hvílir yfir, þá er það einmitt kjördagurinn. Ber margt til þess. Menn eru þá að jafnaði í því skapi, sem lítt samrýmist guðrækilegum siðaboðum, án þess þó að menn aðhafist neitt ókristilegt í sjálfu sér. Og ef einhverjir sveitaþingmenn eru hér inni, sem ekki hafa verið hér í Reykjavík þegar kosningar fara fram, þá vildi ég ráða þeim til þess að gera það sem fyrst, til þess að sjá þann helgiblæ, sem hér hvílir yfir þessari athöfn. Hvað sem líður kosningum í sveitum, þá vildi ég segja það, að mér finnst næsta óeðlilegt, að sjálfur forsrh. skuli nú vilja yfirfæra þennan vanhelga blæ yfir á sunnudaginn. Annars vil ég undirstrika flest af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði í ræðu sinni um þetta mál, enda var það greindarlega mælt, svo sem vænta mátti. Ég álít, að hvort sem litið er á þetta frá sjónarmiði sveita eða kaupstaða, þá sé sjálfsagt að láta kosningu fara fram á laugardag, en alls ekki á sunnudag.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég er sammála hv. 1. þm. Rang. um það, að þessar umr. eru með öllu óþarfar. Málið er svo einfalt, sem frekast er hugsanlegt, aðeins að velja á milli þessara tveggja daga. Það er óþarfi að draga helgi hvíldardagsins inn í umr. Spursmálið er, hvort það er hentugra fyrir landsfólkið að kjósa á sunnudegi eða laugardegi. Það er algerlega óþarfi að blanda öðru þar inn í. Hér er líka aðeins um eitt einasta tilfelli að ræða, og þess vegna einungis tilraun. Ef þetta kynni að reynast heppilegt, þá er sjálfsagt að gera það.

Ólafur Thors:* Ég skal ekki lengja umr. Hæstv. forsrh. telur umr. þessar óþarfar. Ég get ekki verið á sama máli, því að með þessari till. er verið að varpa óviðeigandi blæ yfir hvíldardaginn og rýra helgi hans. Þetta er þó hvíldardagur alls kristins fólks, og það er ákaflega óviðeigandi af landsstj. að beita sér fyrir því að svipta landsfólkið helgidagshvíldinni með lögum og neyða það til þess að vinna þetta verk.

Hannes Jónsson: Mér skildist á hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. N.-Ísf., að kosningaathöfnin væri svo mikil vinna, svo mikið erfiði, að eigi veitti af tveim dögum til að inna hana af hendi. Þetta virðist mér fremur ósennilegt, en ef svo væri, þá kæmi í sama stað niður þó byrjað væri að kjósa á laugardag; kosningin myndi samt ganga út yfir sunnudaginn.

Hv. 2. þm. G.-K. virtist óttast, að ef kosið væri á sunnudegi, myndi það leiða eitthvað óguðlegt af sér, því að menn gengju

Sigurður Eggerz: Ég vildi aðeins taka það fram, að ég skil ekki þetta kapp, sem lagt er á það að hafa kjördag á sunnudegi, í staðinn fyrir á laugardegi. Ég ætla ekki að bera hinar guðfræðilegu skoðanir fyrir mig í þessu efni, heldur vekja athygli á því, að mér virðist ekki rétt að draga úr sunnudeginum sem hvíldardegi, og fæ ekki séð, að við höfum nokkra ástæðu til að fara að apa eftir Þjóðverjum í því efni. Ég er á móti öllu því, sem miðar að því að draga úr sunnudeginum sem hvíldardegi, enda sé ég ekkert, sem mælir á móti laugardeginum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins segja það, að frá minni hálfu er ekkert kapp lagt á það, á hvaða degi kjördagurinn skuli ákveðinn, og um það gat ég strax í byrjun. Hinsvegar virðist mér það að ýmsu leyti betra að velja sunnudaginn, og því er ég honum fylgjandi. Annars vil ég segja það svona í spaugi við hv. þm. Dal., að ef fara ætti eftir bibliunni í þessu efni, þá yrðum við tafarlaust að velja sunnudaginn, því að sjöundi dagur vikunnar var hvíldardagur, en það er einmitt laugardagurinn. (**SE:** Þá hefir mér verið kennt vitlaust í æsku).

Jón Auðunn Jónsson:* Ég vildi aðeins svara hv. 2. þm. Árn. lítið eitt.

Það, sem hv. þm. sagði, var að nokkru leyti rétt, en hann sneiddi framhjá því, að í norðurhéruðunum er erfiðara að sækja á kjörstað, því að það er 4—5 tíma ferð. Þótt þessir menn leggi af stað árdegis, geta þeir ekki náð heim fyrr en seint á kvöldi, og þá er betra, að næsti dagur sé hvíldardagur en virkur. Hitt er að vísu rétt, að það er betra fyrir kaupstaðina, en eins og ég hefi áður sagt, verðum við að taka meira tillit til þeirra, sem erfiðast eiga með að sækja á kjörstað.

Lárus Helgason: Ég skal ekki tefja lengi fyrir hv. þdm., en ég vildi aðeins lýsa yfir því, að ég er sannfærður um, að vel sé séð fyrir kjördegi, að hann er hafður á sunnudegi eða 2. í hvítasunnu. Að hafa hann 2. í hvítasunnu er máske fullfljótt, því að þá er sauðburði ekki lokið. Þegar menn eru að tala um það, að illa sé farið með hvíldardaginn að nota hann fyrir kjördag, þá tel ég það lítil rök, því að ég veit ekki betur en að það sé gamall vani, að sunnudagar séu notaðir til útreiða í sveitum landsins, bæði til skemmtunar og ýmissa erinda, sem menn eiga hver við annan, og þá ætti það að vera nokkurnveginn það sama, hvort menn ríða á kjörstað eða þá eitthvað annað.

Sigurður Eggerz: Því miður hafði ég ekki bibíuna með mér, svo að ég get ekki hrakið orð hæstv. forsrh., en mér skilst, að hann sé að tala um gamla testamentið, en ég um það nýja. En hvað sem öðru líður, þá vil ég, að sunnudagurinn sé áfram hvíldardagur.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég vil geta þess, að n. var það vel ljóst, að um þessa einu helgi var að ræða og ekki fleiri. Hér er ekki verið að setja neitt framtíðarlögmál. Þess vegna fannst sumum nm. það rétt að reyna þetta, til þess að vita, hversu það gæfist í þetta eina skipti. Og í fyrra heyrðust háværar raddir um það, að láta kosningar fara fram á sunnudegi.

Hv. þm. Dal. gerist nú næsta guðhræddur, og er það vel farið, því að guðhræðslan er til allra hluta nytsamleg, ekki síst nú á hinum síðustu og verstu tímum. En þó að ég sé ekki biblíufróður maður, vil ég samt neita því, að sunnudagur sé síðasti dagur vikunnar. Annars hélt ég, að hér þyrfti ekki að rísa neitt trúarbragðastríð í deildinni, þar sem hér eru viðstaddir fyrrum prestur á Hesti, fyrrum dócent í guðfræði og ennfremur fyrrum kandídat í guðfræði. Þessir menn hafa ekkert við þessa till. að athuga, og þess vegna ætti okkur að vera óhætt að samþ. till. frá trúarbragðalegu sjónarmiði séð.

Einar Jónsson: Mig skal ekki furða, þótt þingtíðindin verði stundum furðulega þykkur bunki, þegar um ekki stærra mál en þetta hafa þegar verið haldnar 10—20 ræður. Hér er um það eitt að ræða, hvort kjósa skuli á laugardegi eða sunnudegi. Ég býst nú við, að flestum standi nokkurnveginn á sama, hvor dagurinn er valinn, svo að hv. þm. ætti að nægja að segja álit sitt með jái eða

að hæstv. forsrh. sé jafnvel að hugsa um. Ég sé ekki ástæðu til að binda hendur stj. í þessu efni, því að ég treysti henni vel til að gera hið rétta og vita um þýðingu helgidagsins, einkum þar sem hæstv. forsrh. var fyrrum prestur á Hesti. Systurdeild okkar hefir ákveðið að fela stj. að ákveða daginn, og ég fæ ekki séð, hvers vegna við skulum ekki sýna henni hið sama traust.

Magnús Guðmundsson: Ég kæri mig ekki um að blanda trausti eða vantrausti á hæstv. stj. inn í þessar umr., því að hér er aðeins verið að tala um, hvorn daginn eigi heldur að velja, 14. eða 15. júní. Ég fyrir mitt leyti er fylgjandi laugard., enda óleyfilegt samkv. okkar helgidagalöggjöf að halda fundi, hvað þá að ganga til kosninga, fyrr en eftir hádegi, þegar messutími er úti. Náttúrlega má breyta löggjöfinni í þessu tilfelli, en ég get ekki séð, hvaða ástæða er til þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, þótt ákveðið sé í lögum, á hvaða degi skuli kosið, eins og hv. 1. þm. Skagf. vill, en þá vildi ég gjarnan koma með skriflega brtt. um það, að kjördagur skuli ákveðinn sunnud. 15. í stað laugard. 14. júní. Ég vil geta þess, að það er ekkert einsdæmi, þótt kosið sé á sunnudögum; t. d. er það alltaf gert í Þýzkalandi. Hinsvegar vil ég taka það fram, að ég geri þetta ekki að kappsmáli, en mér þætti betra, að kosning færi fram á sunnudegi. — Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. þessa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 196) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Mér líkar það vel, að þessi brtt. er komin fram frá hæstv. forsrh., því að þá kemur það til atkv. hér, hvor dagurinn skuli valinn.

Ég skoraði á hv. 2. þm. Árn. að koma fram með þessa brtt., en hann færðist undan og kvaðst treysta svo stj., að hún myndi finna þá einu réttu leið. Hv. þm. (MT) fylgir stj. svo fast, að hann er meiri fylgismaður hennar en stj. sjálf.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég hélt, að hv. 1. þm. Skagf. færist nú ekki um að tala, því að svo dyggilega mun hann hafa fylgt sinni stj., en ekki verið leiður flokksmaður. (MG: Leiður flokksmaður! Hvað á hv. þm. við?). Ég kalla þá menn leiða flokksmenn, sem reyna að bregða fæti fyrir sinn flokk og sína stj. hvenær sem færi gefst.

Ég er þessari brtt. meðmæltur, og ympraði á því að hafa þennan dag, því að þá er tekið fullt tillit til hins vinnandi lýðs í landinu. Kvenfólki kemur það líka illa, ef kosið er á þváttdegi, og ég veit með vissu, að konur eiga þá erfitt með að rífa sig á burt frá heimilunum, þar sem því er nú svo farið, að á flestum bæjum er bara húsfreyjan ein.

Jón Auðunn Jónsson:* Ég skal ekki deila mikið um þetta mál, en vil aðeins geta þess, að mest er um vert að gera þeim, sem erfiðast eiga, sem léttast að sækja á kjörstað. Ég veit það t. d. með vissu, að fyrir Norður-Ísfirðinga er betra að hafa kjördag á laugardag, því að þá nota menn sunnudaginn til þess að komast heim, en ella færi mánudagurinn í það, en hann mega þeir ógjarnan missa frá störfum sínum. Hv. 2. þm. Árn. minntist á, að laugardagur væri óhentugur fyrir konur, sem yrðu þá að standa við þvotta, en þótt ég viti, að hv. þm. er manna kunnugastur högum kvenna þar eystra, vil ég þó draga það í efa, að konur annist t. d. fataþvotta á laugardögum.

Að öllu athuguðu er ég þess fullviss, að laugardagur er hentugasti kjördagurinn fyrir allan þorra manna, en þó einkum þá, sem langt eiga að sækja á kjörstað.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég verð að vera á allt annari skoðun en hv. þm. N.-Ísf. um, að erfitt sé fyrir hans sýslubúa, Norður-Ísfirðinga, að sækja kjörstað á sunnudegi. Ég veit, að þeir eiga mjög auðvelt með það, því að á Djúpinu eru svo margir vélbátar, að þeir hafa nægan farkost, og þá sérstaklega á sunnudögum, því þá sækja menn ekki á sjó. Þar hafa menn sem sagt mun betri skilyrði til að sækja kjörstað en aðrir víða úti um land.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Torfason): N. hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, þó með fyrirvara um að bera fram till. um ákveðinn kjördag, ef svo sýnist. Ástæða þessa fyrirvara er sú, að í 1. gr. frv. segir, að þingkosning skuli fara fram í júnímánuði, þó ekki fyrr en 10. dag mánaðarins.

Nefndinni kom saman um, að það gæti ekki náð nokkurri átt að hafa kjördag eftir þann 20. júní. Það væri þá of nærri hinni fyrirhuguðu alþingishátíð. Af því leiddi aftur, að margir, sem vildu sækja hátíðina, gætu ekki sótt kjördag. Hinsvegar er sjálfsagt að hafa kosninguna annaðhvort á laugardag eða sunnudag. Hér er þá aðeins um eina helgi að ræða, þ. e. laugard. 14. júní eða sunnud. 15. júní. Með því að n. leggur áherzlu á, að kjördagur verði annanhvorn þennan dag, vildi hún leita upplýsinga hjá hæstv. ráðh. um það, hvorn daginn hæstv. stj. hefir hugsað sér að leggja til að yrði kjördagur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. n. fyrir fljóta afgreiðslu þessa frv. og óska, að það megi fá fljóta afgreiðslu, svo frestir fyrir kosningarnar verði löglegir. Ég vil geta þess, að frá stj. hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið sé, hvenær kjördagur verði.

Ég vil beina því til hv. n., hvort ekki megi breyta til og hafa kjördag mánudaginn 9. júní; þá er 2. í hvítasunnu. Ég vil beina því til n., hvort það geti ekki orðið að samkomulagi, að kosning fari fram þann dag. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu, þótt helgur dagur sé. Í Þýzkalandi er þetta algengt. En stj. sér ekkert því til fyrirstöðu, að kosning fari fram laugardaginn eða sunnudaginn næstan á eftir. Ég vil aðeins óska, að frv. fái fljóta afgreiðslu, einkum ef á að breyta því, svo að það verði að fara aftur til Ed. Þessa er þörf, til þess að geta auglýst þetta á löglegan hátt.

Frsm. (Magnús Torfason): N. mun sjálfsagt athuga þessi ummæli hæstv. ráðh. til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 129, 186).

Magnús Guðmundsson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 186 um það, að kjördagur til landskjörs í ár verði ákveðinn laugardagur 14. júní.

Það hefir verið vikið að því áður, hvort ekki væri rétt að hafa hann 9. júní, sem er 2. í hvítasunnu, og kom það til athugunar í allshn., en ég hygg, að flestum hafi þótt það of snemmt. Hinsvegar var ágreiningur í n. um það, hvor dagurinn skyldi valinn, laugard. 14. eða sunnud. 15. júní.

Ég vil halda mér við þá reglu, sem gilt hefir, að kjördagur skuli vera á virkum degi, og þá helzt laugardegi, því að þá á fólk hægast með að sækja á kjörstað. Hvað því viðvíkur að hafa kjördag á sunnudegi, þá er það að segja, að þeir dagar eru ekki hentugir til kosninga, í það minnsta ekki fyrir þá, sem eiga langt að sækja á kjörstað.

Ef kjördagur yrði ákveðinn 9. júní, væri gripið til hins óheppilegasta ráðs, því að þá eru annir miklar og sauðburður ekki búinn, en hinsvegar mun hann úti um 14. júní. Það er nauðsynlegt að ákveða alllöngu fyrirfram, á hvaða degi eigi að kjósa, og þá er eðlilegast að ákveða það með lögum nú þegar, en ef það verður eigi gert, verður hæstv. stj. að ákveða daginn bráðlega.

Frsm. (Magnús Torfason): Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að n. er yfirleitt ákveðin í því að hafa ekki kjördag fyrr en 14. júní, og það sakir þess, að henni þótti ekki ástæða til að flytja kjördaginn lengra fram en þurfti, enda fresturinn fullstuttur frá því er þingi væri slitið. Um hitt atriðið, hvort betra væri að hafa kjördag á laugard. eða sunnud., má náttúrlega deila, en ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti sunnudeginum, sem mér skilst,

heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrétt hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því að geta neytt kosningarréttar fyrir 1. júlí næst á eftir.

Hinsvegar segir í 1. gr. kosningalaganna, að allir hafi kosningarrétt (sbr. og 58. gr.), sem hafi náð ákveðnum aldri og öðlazt skilyrðin þegar kosning fer fram. Þetta er auðsjáanlega í mótsögn hvað við annað. Vildi ég óska, að hv. frsm. vildi skýra þetta. Mér finnst þurfa að setja ákvæði um það, hvenær þessir menn öðlist kosningarrétt.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af fyrirspurn hv. 6. landsk. skal ég taka það fram, að ég get ekki séð, að þessar breyt. riði í bága við kosningalögin. Höfuðbreyt. er í því fólgin, að kjörskráin gengur í gildi 10. júní í stað 1. júlí, og gildir svo til 1. júlí rúmu ári eftir, eða til 1. júlí 1931. Þeir, sem ekki fullnægja skilyrðunum 10. júní, koma þá á aukakjörskrá. Breyt. er þá í rauninni ekki önnur en sú, að ef þetta verður að lögum, hverfa þeir menn af aðalkjörskrá, sem myndu eiga að skrifast þar eftir gildandi lögum og öðluðust réttindin á tímabilinu frá 10. júní til 1. júlí, og verða settir á aukakjörskrá.

Ég vona, að ég hafi nú skýrt þetta nægilega fyrir hv. 6. landsk., en ef svo er ekki, hlýtur það að vera vegna þess, að mér hefir ekki tekizt að koma nógu ljósum orðum að því, er ég vildi sagt hafa. En málið er í sjálfu sér svo einfalt, að það skýrir sig sjálft við frekari athugun.

Jón Jónsson: Ég þakka hv. frsm. skýringuna. Eftir meiningu hans er það tilætlunin að taka þá ekki á aðalkjörskrá, sem kosningarrétt öðlast frá 10. júní til 1. júlí. En þetta kemur ekki glöggt fram í brtt., því þar er ekki gert ráð fyrir neinum breyt. á kjörskránum. Það þarf að setja ákvæði um þetta. Ella er 1. og 58. gr. kosningalaganna brotin, að því er mér skilst. Annars sætti ég mig við þetta í bili, en mun athuga það til 3. umr., hvort ástæða er til þess að koma með brtt. við þetta.

ATKVGR.
Brtt. 119,1.a. samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 119,1.b. (2 nýjar gr., verða 2. og 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 129).

Jón Jónsson: Ég gat þess við síðustu umr., að til mála gæti komið, að ég flytti brtt. við nokkur ákvæði frv., sem tæplega eru nógu skýr. Á ég þar sérstaklega við það, hvort taka skuli á kjörskrá þá, sem öðlast kosningarrétt á tímabilinu frá 10. júní til 1. júlí. En með því að hv. frsm. allshn. gaf glögg svör við síðustu umr., svo að ekki verður um villzt, hver er skoðun n. á þessu atriði, þá hefi ég ákveðið að falla frá þessum brtt. Ennfremur hefi ég átt tal um þetta við próf. Ólaf Lárusson. Taldi hann nefndina fremur hafa spillt till. sínum, því hann hefði ætlazt til, að þetta yrðu sérstakar kjörskrár, en að aðalkjörskrár yrðu samdar eins og venja er til. Ég mun því falla frá brtt. þeim, er ég hafði í hyggju að flytja.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 129).

Á 33. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 14:6 atkv.

Á 36. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 174).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er hér flutt eftir beiðni hæstv. stj. En ástæðan til þess, að það er fram komið, er sú, að vegna alþingishátíðarinnar, sem á að fara fram síðustu dagana í júní næstk., er augljóst, að ekki er unnt að hafa kjördag til landskjörs í byrjun júlímán., svo sem nú er ákveðið í lögum. Verður því að færa kjördag annaðhvort fram eða aftur. En eftir að kemur fram um miðjan júlí, fer annríki að aukast svo mjög, að ekki þykir fært að flytja kjördag fram á sumarið. Þess vegna er hann samkv. þessu frv. færður aftur á bak, allt að 10. júní. En af því leiðir, að kjörskrár til landskjörs, sem samdar voru nú í janúarmán. og eiga að gilda frá 1. júlí 1930—30. júní 1931, verða að færast til og koma í gildi 10. júní þ. á. Meiri hl. allshn. flytur þetta frv., en þó ber ekki að skoða það svo, að hv. minni hl. (þm. Seyðf.) sé því andstæður. Við flm. frv. bárum það undir hann, en hann vildi ekki gerast meðflm., enda þótt hann kynni að styðja frv.

Málið liggur ljóst fyrir, og ég vænti, að það komi fram í umr., ef eitthvað þykir við það að athuga.

Jóhannes Jóhannesson: Það var ekki af því, að ég hefði nokkuð á móti frv., að ég færðist undan því að gerast meðflm. þess. Ég játa, að ef alþingishátíðin verður haldin, þá verður að breyta kjördeginum, og sú till., sem fyrir liggur, er þá ekki óheppileg. En hitt held ég að sé vafasamt, að það verði mikið um hátíðahöld í júnímánuði næstk., eftir því sem útlitið bendir til nú. (JBald: Ætla íhaldsmenn ekki að koma á alþingishátíðina?).

Jón Þorláksson: Ég vil leyfa mér að leggja það til vegna þingskapa, að þessu frv. verði vísað til nefndar. Þó það sé flutt af meiri hl. n., þá fylgir því ekkert nál. Ég tel rétt að viðhafa nefndarafgreiðslu á þessu máli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég styð skoðun hv. 3. landsk. og tel rétt, að þessu frv. verði vísað til n. En jafnframt vil ég skjóta því til hv. n., sem fær það til meðferðar, að afgreiða það sem fyrst. Það leiðir af eðli málsins, að því verður að hraða sem mest.

Forseti (GÓ): Það sýnist óþarfi að vísa þessu frv. til sömu n. og það er frá komið, því fremur sem sá af nm., sem ekki er flm., tjáir sig því ekki mótfallinn. En ef það þykir af formsástæðum betur við eiga, þá get ég gjarnan látið svo vera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 9:2 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 119).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd n. hefi ég fátt að segja umfram það, sem í nál. segir. N. þótti rétt að taka til greina till. próf. Ólafs Lárussonar um það, að frv. verði gert nokkru fyllra hvað snertir fyrirmæli um samningu kjörskráa, um framlagningar- og kærufresti og fleira því líkt. Eins og deildin sér, eru breyt. einkum þess eðlis, að bein afleiðing má teljast af því, að kjördagur er nú fyrr en lögin gera ráð fyrir. Ætlazt er til, að kjörskrár verði samdar með öðrum hætti en venjulega, nefnilega koma í gildi 10. júní þessa árs. Aðrar breyt. snerta einkum stytting ýmsra fresta. Hefi ég svo ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um þetta.

N. hefir orðið á einu máli um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem um getur á þskj. 119.

Jón Jónsson: Mig langar til að gera dálitla fyrirspurn til hv. n. um samningu kjörskránna. Sé ég ekki, að í þessum till. felist annað en það, að kjörskrár skulu koma í gildi 10. júní í stað 1. júlí. Nú vil ég spyrja hv. n., hvort eigi að taka á aðalkjörskrá þá menn, sem öðlast kosningarrétt á tímabilinu frá 10. júní til 1. júlí. Eða eiga þeir ekki að vera á aðalkjörskrá, eins og venja er til? Ég sé ekkert ákvæði um þetta. Mér skilst, að kjörskrár eigi að semja eins og venjulega, nefnilega að taka á þær alla þá, sem fullnægja skilyrðunum 1. júlí. Að þetta sé rétt, má sjá á því, sem segir í 10. gr. kosningalaganna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á kjörskrá skal taka alla þá, sem

innar, sem ríkissj. á, og er það 9500 kr. Lágmarksverð þetta er tekið upp í frv. vegna þess, að ekki getur staðizt sú matsregla, sem ákveðin er í lögum um þjóðjarðasölu frá 1905, vegna óvenjulegrar verðhækkunar á þessari jörð, þar sem vaxið hefir upp tiltölulega fjölmennur bær á síðustu árum.

Þótt ég mælti á móti þessu máli á síðasta þingi, vegna þess að ósamið var við sóknarprest og ákvæði um lágmarksverð vantaði, þá hefir nú, með þessu frv., verið fullnægt þeim skilyrðum, sem ég þá setti fyrir fylgi mínu við málið, og tel ég því rétt, að það gangi fram í þeirri mynd, sem það nú hefir fengið.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins vekja athygli á því, sem stendur í grg. frv., þar sem sagt er, að fengizt hafi samkomulag við prestinn um sölu jarðarhlutans, að það er þeim skilyrðum bundið, að ríkissjóður — eða kirkjujarðasjóður — byggi eða kaupi sæmilegt íbúðarhús og afhendi sóknarpresti sem prestssetur með aðgengilegum kjörum. Ég vil benda á það, að hingað til hefir gilt sú regla, að styrkur hefir aðeins verið veittur til bygginga á prestssetrum í sveitum, en ekki til íbúðarhúsa fyrir presta í kaupstöðum. Mér skilst, að ef þetta frv. verður samþ., þá sé tekin ákvörðun um, að ríkissjóður skuli styrkja íbúðarhús presta í kaupstöðum. Ég vil aðeins vekja athygli n., sem fær þetta frv. til meðferðar, á þessu atriði.

Sveinn Ólafsson: Það er auðvitað rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að með því að samþykkja þetta frv. eins og það nú er, þá er skyldan flutt á kirkjujarðasjóð til þess að reisa þarna prestsseturshús, en það er ekki til á þessum stað. Sú kvöð á þó ekki að verða þungbær. Verði það ofan á í þinginu að samþykkja frv. þetta, þá er hér um að ræða skipti á jarðarhluta, sem sóknarpresturinn hefir nú full afnot af, og íbúðarhúsi handa honum. Nú má ætla, að jarðarhluti kirkjunnar seljist mun hærra verði en húsverðinu nemur, og er þess vegna hér ekki um nein útgjöld að ræða fyrir kirkjujarðasjóð, en að öllum líkum óvæntar tekjur.

Skilyrði prestsins eru tilgreind í grg. frv., og um þau verður stj. auðvitað að semja að öðru leyti, jafnframt og kaup fara fram á jarðarhlutanum. Önnur skilyrði af hendi prestsins, sem sett hafa verið fyrir jarðarsölunni, koma ekki við þessu frv., enda snúa þau að Neskaupstað og eru fyrirfram samþ. af bæjarstjórninni þar.

Ég vildi aðeins segja þetta til skýringar á málinu, en býst við, að þetta atriði standi ekki fyrir góðri afgreiðslu á frv. hér í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 166).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég þarf ekki mikið um þetta frv. að segja. N. varð öll sammála um það, og í nál. er tekið fram allt, sem henni fannst ástæða til að segja því viðvíkjandi. Leggur hún til, að frv. verði samþ. óbreytt, með tilvísun til nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 207).

---

22. Landskjör 1930.

Á 18. fundi í Ed., 10. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 86).

Á 20. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

21. Sala á jarðarskikum til Neskaupstaðar.

Á 9. fund í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði (þmfrv., A. 41).

Á 12. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. sama efnis og þetta var flutt á síðasta þingi hér í deildinni. Frv. þetta fékk hér vinsamlegar viðtökur, en mætti nokkurri andstöðu í Nd. og var að lokum vísað til stj. Nú hefi ég flutt þetta frv. aftur, samkv. áskorunum frá bæjarstjórn Neskaupstaðar. Það, sem olli mótþróanum gegn frv. í Nd., var það, að ekki hafði verið leitað umsagnar hlutaðeigandi sóknarprests. En nú stóð svo á í fyrra, að þá var aðeins settur prestur á Norðfirði, og gat því eigi álitizt aðili í málinu. Þessi sami prestur hefir nú fengið veitingu fyrir prestakallinu, og hefir málið verið borið undir hann, og hefir hann mælt með því með vissum skilyrðum, svo sem sagt er í grg. frv. Hvort sem skilyrði þessi verða uppfyllt eða ekki, tel ég hættulaust að samþykkja frv., því að í 1. gr. þess er svo ákveðið, að samþykki sóknarprests þurfi til sölunnar.

Einnig kom það fram í Nd. í fyrra, að sumir hv. þm. töldu, að setja þyrfti lágmarksverð á jarðarhluta þann, sem er eign ríkissjóðs. Úr þessu er nú bætt hvað hluta ríkissjóðs snertir, en verð á hluta kirkjunnar er ekki hægt að ákveða, meðan ekki er vist, hve stór sá hluti verður. Víst er um það, að lóð undir prestssetur og tún verður undanskilið sölunni.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka rök mín frá því í fyrra fyrir þessu máli, enda eru þau að miklu leyti tekin fram í grg. frv., og ég þykist vita, að málið mæti hér hinni sömu velvild og á síðasta þingi, og óska ég að því verði, að lokinni umr., vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 77).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég ætla aðeins að segja örfá orð fyrir hönd allshn. Fyrir síðasta þingi lá frv. sama efnis og þetta, og lagði allshn. þá til, að það yrði samþ. Afstaða n. er óbreytt frá því í fyrra, enda hefir málið engum breyt. tekið að efni til síðan, nema nú liggja fyrir skýlaus meðmæli viðkomandi sóknarprests. Óskar hann að hafa skipti á þessum hlunnindum og íbúðarhúsi, og hefir sett það að skilyrði fyrir samþykki sínu. N. vill því leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 41).
Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Frv. sama efnis og þetta var borið fram á síðasta Alþingi, í líkum búningi og það er nú. En á því voru þá tveir meginagnhnúar, sem urðu þess valdandi, að það gat þá ekki fengið fullnaðarafgreiðslu, en var þá vikið frá með rökstuddri dagskrá. Þessi agnhnúar hafa nú verið lagfærðir. Það hefir nú verið samið við sóknarprestinn um ígildi þeirra landsnytja, sem prestssetrið missir við sölu jarðarinnar, ásamt tekjurýrnun, og fylgir nú frv. yfirlýsing frá honum, þar sem hann mælir með sölunni, að uppfylltum skilyrðum. Í öðru lagi er nú í frv. tiltekið lágmarksverð á þeim hluta eignar-

þúsunda í tekjur fyrir ríkissjóð. En svo er upp talið það, sem merkilegt er í þessu frv.

Hv. þm. Borgf. sagði um 5. gr., að hún væri að vísu slæm, en þó bæði meinlaus og gagnslaus, en 3. og 4. gr. heldur til óþrifa. Annars bað hann mig að skila til hv. 1. þm. Reykv., að sér þætti hláleg ákvæði 5. gr., að þegar menn væru búnir að svelta 3 daga, þá ættu þeir ekki að ganga í guðshús, heldur í bakaríið. Þetta þykir óprestslega hugsað af hv. 1. þm. Reykv. (MJ: Miklu betra fyrir svangan að borða en fara í kirkju).

Að loka sölubúðum álít ég sjálfsagt, og ég hygg, að ekki þurfi nein lagafyrirmæli til þess. Enn vildi ég andmæla, að 3. og 4. gr. nái fram að ganga. Það er ekki sanngirni að taka af mönnum þann rétt, sem þeir hafa. Og það er mesti misskilningur hjá mönnum, að það verði nokkuð meiri hætta af umferð þessa daga en aðra. Ég er gamall bílstjóri og veit, að þegar margir aka saman í lest, er ekki nokkur hætta á árekstri, enda fara þá allir hægt. En mér var langmest hætta búin, þegar enginn var nálægt mér, því að þá hætti mér til að aka hart. Í Reykjavík eru víst hundrað sinnum fleiri bílslys en í London að tiltölu miðað við umferð. Menn aka hér með of miklum hraða, en í London er bílalestin víða óslitin og hraðinn því takmarkaður.

Það eru engin rök í þessu máli, að bílstjórar muni flýta sér að ná prófi til að geta ekið bíl þessa daga. Þá mætti semja svo um, að prófdómendur afhendi ekki skírteini þeirra manna fyrir hátíð, ef þeim þykir ástæða til vegna skorts á æfingu. Þetta væri í lófa lagið. En annars er lítil ástæða til að halda, að mjög margir keppist við að ná í skírteini, af því að þeir, sem hafa eldri réttindi, sitja aðallega fyrir bílunum, sem í notkun verða.

Ég skal ekki hallmæla n. fyrir ráðstafanir hennar til að tryggja mönnum sæti til Þingvalla þessa daga við ákveðnu verði. En ég er henni ekki sammála um, að það sé nauðsynlegt. Það er rétt, að gera má ráð fyrir, að þegar menn fara heim, verði lítið um farþega austur. En fyrst, þegar verið er að flytja menn austur, þá fara margir heim á kvöldin. Svo að það er ástæðulaust, að bifreiðastöðvarnar megi taka helmingi hærra gjald. Ég hygg, að þeir, sem samþykktu þessi lög í fyrra, um að heimila n. yfirráð yfir bifreiðum, hafi ekki ætlazt til þessa hjá henni, — og ég vil a. m. k. þvo hendur mínar. Ég hélt ekki, að hún mundi gera svo óhagstæða samninga.

Sigurður Eggerz: Ef ég væri ekki sérstaklega hugaður, myndi ég ekki kasta mér inn í þennan eld, sem kviknað hefir í þessu stóra máli.

Hv. þm. Borgf. reyndi að gera 5. gr. frv. gyslega, og þær ráðstafanir, sem þar eru gerðar, en þær eru gerðar til þess, að vissu fólki verði kleift að sækja hátíðina. Ef skrifstofum og sölubúðum er haldið opnum, þá getur þetta fólk ekki tekið þátt í hátíðinni, og þess vegna er gripið til þessara ráðstafana.

Að því er snertir það, að farið skuli gætilega á bílvegum, þá álít ég sjálfsagt að setja um það ákvæði, vegna hinnar miklu umferðar, til þess að slysum verði afstýrt. Hv. 2. þm. G.-K. talaði um bílslys í London, en ef hann hefði kynnt sér það mál, þá myndi hann, þó karlmenni sé, fara þar upp í bifreið með hálfum huga vegna hinna tíðu slysa. Ég hefi athugað það mál og komst að þeirri niðurstöðu, að slysatalan þar er mikil. Af þessu hygg ég, að óhætt sé að álykta, að aths. við 4. og 5. gr. séu ástæðulausar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 15:5 atkv.
4. gr. samþ. með 16:3 atkv.
5. gr. samþ. með 15:2 atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 148).

sæti er svo tekinn einnar krónu skattur, sem gengur til nefndarinnar fyrir að annast allan kostnað við bílastöðvar, gæzlu og eftirlit á vegunum og annað slíkt. Það hefir verið reynt að ná inn með slíkum sköttum nokkurnveginn kostnaðinum við hvern sérstakan lið þessara starfa, sem nefndin þarf að láta vinna við hátíðina. Hv. þm. Borgf. vildi kannske láta veita til þess beint á fjárlögum. En annars töldum við réttara að láta þessi störf bera sig sjálf eins og mögulegt er. Fargjaldið þótti nokkuð hátt. En eftir mjög ítarlega samninga við bifreiðastjórana var að lokum gengið inn á þennan taxta. Og þær ástæður, sem réðu því, að ég taldi þetta sanngjarnt, voru upplýsingar bifreiðastjóranna um allan kostnað, og svo það, að þeir þurfa ekki að hugsa til að fá flutning nema aðra leiðina. Fyrst vilja allir til Þingvalla, en eftir hátíðina þurfa allir að komast heim hingað, en enginn austur. Því verður að reikna með því, að bifreiðin verði alltaf tóm aðra leiðina. Það voru lagðir fyrir n. nokkuð greinilegir útreikningar, sem sýndu, hvað hægt væri að hafa upp úr 5 manna og 7 manna bifreiðum, og það virtist ekki hugsanlegt, að bifreiðastjórarnir gætu tekið menn fyrir minna en þetta. Ef allt hefði verið frjálst, mátti búast við, að þá kæmi fram lögmál hinnar frjálsu samkeppni, þar sem verðið takmarkast af framboði og eftirspurn. Þá gat það farið upp úr öllu valdi.

Hv. þm. Borgf. gerði 5. gr. áðan allógurlega með því að lesa upp, hvað forboðið sé að gera þessa hátíðardaga. Þetta er þó ekki annað en það, sem verður að þola á hverjum sunnudegi. Það hefir verið talið rétt að láta hátíðardagana njóta sömu verndar og sunnudaga venjulega, eins og t. d. 17. júní. Ætlazt er til, að þeir, sem langar til Þingvalla, geti notað þessa fyrstu daga. Einnig getur verið rétt að vernda eitthvað af laugardeginum, en leyfa í staðinn að hafa búðir opnar að einhverju leyti á sunnudaginn næsta eftir, af því að það getur verið óþægilegt fyrir þá, sem koma heim seint á laugardagskvöld, að fá ekkert keypt. Af því mundi stafa sultur og seyra. Annars snerist nú þetta ógurlega upp í það að verða ekki neitt, af því að engin refsing fylgir.

Hv. þm. talaði um, að ófært væri að taka af mönnum rétt, sem þeir væru búnir að fá að lögum. Ég býst ekki við, að honum hafi þótt það eins leiðinlegt, þegar vínsöluleyfi var tekið af mönnum.

Hér er ekki farið fram á annað en að þessir menn fái ekki að aka til Þingvalla þessa fáu daga. Hér er ekki verið að taka menn af lífi, heldur aðeins svipta þá réttindum einn vikutíma. Þeir bifreiðarstjórar, sem hv. þm. sagði, að mundu koma úr Borgarfirði og Norðurlandi, hefðu með því að stýra bifreiðum þaðan sýnt fyllilega, til hvers þeir væru færir, og gæti víst enginn bannað þeim að aka. Það, sem hætt er við, er, að menn keppist við að ljúka prófi fyrir þessa daga, aðeins til þess að geta stýrt bifreiðum þá. Ég veit ekki, hvort þeir, sem hamast fyrir réttindum þeirra manna, eru viðbúnir að taka afleiðingunum af þessu, þeim slysum, sem af þessu getur leitt. Því að vissulega verða nógu mörg bílslys milli Reykjavíkur og Þingvalla þessa daga, þó að allt sé gert, sem hægt er, til að koma í veg fyrir þau.

Ég held, að hv. 2. þm. G.-K. hafi talað um, að það mundi verða hörgull á bifreiðarstjórum. Það verður áreiðanlega ekki í þágu nefndarinnar að hafa þá sem fæsta. Allt neyðir n. til að dæma sem allra fæsta ófæra. Ákvæðið um þetta er náttúrlega nokkuð óákveðið, svo að það má blása það upp í að verða einhver lifandi ósköp. En það er engin hætta á, að n. geri það, þó að hún vilji hafa þessa heimild.

Ég þarf víst ekki að standa lengur til varnar fyrir n., en ef miklar sakir verða bornar á hana, vona ég að fá leyfi hjá hæstv. forseta til að gera aths.

Ólafur Thors: Mér þykir þetta mál allt of ómerkilegt til að fara að svara öllu, sem fram hefir komið, bæði frá hv. 1. þm. Reykv. og öðrum. Ég held ég hafi hermt rétt frá, þegar ég sagði, að það eina merkilega væri ákvæði 1. greinar, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á. Það er alveg rétt, að þetta verður tekjustofn fyrir ríkissjóð, og hann meiri en þm. virtist gera sér grein fyrir. Sjálfsagt verður flutt inn eitthvað af leirvöru og postulíni og ýmsum gripum, sem þetta merki verður notað á. Ég get ímyndað mér, að af þessu fáist tugir

er því ekki hægt annað að segja en að ákvæðin hér í 3. og 4. gr. grípi talsvert inn í þjóðlífið. Það má hiklaust gera ráð fyrir, að menn bæði úr Borgarfirði og að norðan reyni að komast á bifreiðum til Þingvalla, ef fært verður um Kaldadal. Þeir bifreiðarstj., sem þaðan koma, reyna líklega að fá atvinnu við fólksflutninga milli Þingvalla og Reykjavíkur. En þeir geta átt erfitt með að fá það nema með því að ganga undir eitthvert próf hér. Því að þeir geta ekki komið með nein sönnunargögn nema prófskírteini sitt fyrir því, að þeir séu ekki óhæfir „sakir skorts á æfingu eða af öðrum líkum ástæðum", eins og segir í 4. gr. frv., og þá má gera ráð fyrir, að þeir verði ekki teknir gildir af þessum nýju herrum. Þeir menn þyrftu líka helzt, ef þeir ættu að framkvæma eftirlit sitt samvizkusamlega, að þekkja hvern einasta mann, sem bifreið stýrir, og það jafnvel menn úr fjarlægum landshlutum. Ég held, að þessu athuguðu, að ekki sé nein ástæða til að ganga á svig við sett lagafyrirmæli og taka af mönnum rétt til að stýra bifreiðum, þegar þeir eru búnir að uppfylla þau skilyrði, sem landslög setja í því efni. Þetta er eins og gengur og gerist. Ein syndin býður annari heim. Í fyrra voru sett þvingunarlög um þetta efni. Það er gert ráð fyrir því í lögunum frá því í fyrra, að hátíðarnefndin hafi heimild til að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum. Þá er víst ástæðulaust að ákveða sérstaka skoðun á leigubifreiðum, ef þær verða á valdi nefndarinnar. Og það voru nú þessir „skrjóðar", sem hv. 1. þm. Reykv. var svo hræddur um að yrðu að farartálma á veginum.

Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir að heimila bæjarstjórnum í Reykjavík og Hafnarfirði — það nær ekki yfir lengra svið — að kveða svo á, að fengnum till. stéttafélaga, að loka skuli að einhverju leyti eða öllu sölubúðum, skrifstofum, afgreiðslustofum og vinnustofum og láta útivinnu falla niður á báðum stöðum dagana 26.—28. júní. Það á, skilst mér, að leggja það í hendur stjórnarvalda á þessum stöðum, hvort menn megi hreyfa hendur sínar til nokkurra ærlegra verka þessa daga, þó að í sjálfsþágu sé. Ekki liggur þó 2000 kr. sekt við þessu eins og því, sem um er að ræða í 3. og 4. gr. Það eru engin viðurlög við því, þó að menn geri eitthvað til sinna þarfa þessa daga. Þess vegna má segja svo um þau ákvæði, að þau séu meinlaus og gagnslaus. Sá lagastafur er þá dauður bókstafur frá upphafi.

Ég sé annars ekki ástæðu til að gera þær ráðstafanir, sem koma fram í 3. og 4. gr. Þeim er illt að framfylgja; það yrði svo erfitt að gera upp á milli manna.

Þá var eitt atriði enn. Því hefir verið fleygt, að þeir menn, sem hátíðarnefnd felur umboð til að framkvæma sinn vilja, hafi samið um bifreiðataxta, um borgun fyrir mannflutning til Þingvalla og aftur þaðan. Ég hefi heyrt, að sá samningur væri ekki hagkvæmur fyrir þá, sem eiga að ferðast í bifreiðum. Þeir verða að borga nokkuð mikið meira en nú gerist og meira en líkur eru til, að verða mundi undir þeim kringumstæðum, þegar frjáls samkeppni fær að njóta sín. Annars veit ég ekki fullar sönnur á þessu, en náttúrlega vænti ég að fá upplýsingar hér í deildinni.

Magnús Jónsson:* Það sé fjarri mér að fara í deilu við hv. þm. Borgf., enda er þetta lítið hitamál fyrir mér. Ég sagði náttúrlega ekki, að frv. gripi ekki inn í þjóðlífið; það gera að vísu allar þessar ráðstafanir. En ég þóttist vita, að það yrði ekki mikið, og það get ég enn fullvissað hv. þm. Borgf. og aðra um. Þegar samskonar frv. var á ferðinni í fyrra, kom það fram, að menn voru hræddir við allt, sem fór í svipaða átt og þetta, og það var eins og menn héldu, að allt ætti að hneppa í hreinan þrældóm, ef það væri samþ. Menn halda, að nú eigi að setja af heilan hóp af bifreiðastjórum og dæma óvegfæran allan fjölda af bifreiðum hér. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt.

Það er óhætt að fullyrða, að ákvæðið, að n. megi taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, verður aldrei notað. En það var notað til þess að setja hámarksverð á bifreiðataxta. Af því að ég skoða mig ekki sem málsvara n. sérstaklega, hefi ég ekki hjá mér neina skýrslu um þetta, en mig minnir, að sætið í fólksflutningsbifreiðum ætti að kosta 10 kr., og ég held 6 kr. í yfirbyggðum flutningabifreiðum til Þingvalla hvora leið. Af hverju

umferð á vegunum til Þingvalla hátíðisdagana. Ég veit ekki betur en það sé áður lögboðin bílaskoðun, og mér finnst sú skoðun ætti að geta nægt þessa daga eins og aðra. Og í 4. gr. er heimilað að svipta einstaka menn ökuleyfi þessa umræddu daga, þó þeir hafi full réttindi til að aka bifreið endranær. Ég sé enga ástæðu til að ræna menn þannig rétti sínum. Sá, sem á annað borð kann að stýra bifreið, hlýtur að geta það eins þessa daga og aðra.

Ákvæðið í 1. gr. um hátíðarmerkið tel ég réttmætt. Annars tel ég yfirleitt ákvæði frv. fremur smávægileg, og get ég sætt mig við þau, að öðru leyti en því, sem ég hefi tekið fram.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Ég mun ekki deila mikið um þau smáatriði, sem hv. 2. þm. G.-K. drap á. En ég álít, að hátíðisdagana sé alveg sérstök þörf fyrir góða bifreiðastjóra. Þeir þurfa að geta farið nákvæmlega eftir settum reglum, t. d. ekið alltaf með sama hraða, til þess að góð regla verði á umferðinni og mögulegt verði að koma þeim fjölda fólks til Þingvalla, sem þangað vill komast. Nú eru lögboðin tvennskonar bílstjórapróf, og það getur jafnvel komið fyrir um menn, sem hafa tekið þau bæði, að þeir séu ekki nægilega vanir, til þess að rétt sé að láta þá aka þessa daga. Ég tel því rétt að setja sérstök ákvæði um þetta.

Viðvíkjandi hátíðarmerkinu get ég sagt það, að ég tel það fremur þýðingarlítið, þó ég hafi ekki viljað setja mig upp á móti því.

Magnús Jónsson:* Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. Honum fannst ráðstafanirnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, fremur smávægilegar, og er ég honum sammála um það. Enda væri það óskandi, að ekki þyrfti að gera neinar stórvægilegar ráðstafanir, sem grípa verulega inn í gang þjóðlífsins. En þrátt fyrir það tel ég frv. alls ekki neinn hégóma. T. d. álít ég, að ákvæðin um að loka sölubúðum og skrifstofum séu eitt af undirstöðuatriðum þess, að hátíðin geti farið vel fram. Býst ég ekki við, að frjáls samtök dugi um þau atriði.

Hv. þm. taldi ákvæði frv. um eftirlit með bifreiðanotkun hátíðisdagana óþörf. En maður verður að hafa í huga, að bifreiðaeftirspurnin getur freistað manna til að draga fram til notkunar gamla bílskrjóða, sem geta stöðvazt þá og þegar. Hér er ekki einungis að ræða um það, að meiri vandi sé að aka bíl hátíðisdagana en endranær, heldur öllu fremur hitt, að þá veltur ennþá meira á því en aðra tíma, að ekkert beri út af. Ef einn bíllinn stöðvast á veginum, verður hann hinum til farartálma. Það mun vera eitt af því erfiðasta við hátíðahaldið, að flytja fólkið á viðunandi hátt fram og til baka milli Þingvalla og Rvíkur og koma umferðinni í gott horf.

Og allt, sem getur orðið til að spilla fyrir því, að það geti tekizt, og sem mögulegt er að koma í veg fyrir, er sjálfsagt að setja um sérstök ákvæði.

Um önnur atriði frv. þarf ég ekki mikið að segja, því um þau virðast menn vera nokkurnveginn sammála. Þó virðist mér hv. frsm. heldur vera að draga í land hvað hátíðarmerkið snertir. Stafar það e. t. v. af því, að það var eina atriði frv., sem hv. 2. þm. G.-K. taldi nýtilegt. Verð ég líklega að ganga hér á milli sem oftar. Ég álít reyndar talsvert mikils virði að lögvernda hátíðarmerki. T. d. mun þurfa að kaupa borðbúnað og þesshättar fyrir tugi þúsunda, til að nota við hátíðahaldið.

Ef á þessa hluti væri sett hátíðarmerkið, mundu þeir efalaust seljast mjög vel að hátíðinni lokinni, sem minjagripir. Hér á Alþ. hefir oft verið deilt um gjöld, sem ekki hafa numið nema örfáum hundruðum kr., en þar sem hér er um að ræða margra þús. kr. hagnað, ætti það ekki að vera talið alveg þýðingarlaust atriði.

Pétur Ottesen:*) Þá á að gera sérstakt mat á bifreiðum. Samt er látin fara fram opinber skoðun á þeim til tryggingar því, að þær bifreiðar einar séu í umferð, sem til þess eru færar. Nú á að upphefja núgildandi ákvæði um þetta með þessum fyrirmælum. Þessir nýju matsmenn eiga að geta útilokað bifreiðastjóra og bannað bifreiðir, sem aðrir löglegir skoðunarmenn hafa ekkert haft út á að setja. Það

*) Vantar upphaf ræðunnar frá hendi þingskrifara. PO.

gefst bifreiðastöðvunum slíkt tækifæri, og því verður að grípa til þessara ráðstafana. Það er það, sem hefir komið fram hér í umr., að hin frjálsa samkeppni hefir verið útilokuð, eftir því sem hv. þm. Seyðf. segir frá, eða getur ekki einhverra ástæðna vegna notið sín.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv.

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, 69).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Út af umr. um frv. þetta við 1. umr. hefir allshn. borið fram nokkrar brtt. á þskj. 69.

Brtt. við 1. gr., að fyrir „vörur" komi: munir, eru bornar fram eftir bendingu hv. 1. þm. G.-K. Það er augljóst, að engum dettur í hug að setja merki hátíðarinnar á vörur yfirleitt, heldur aðeins á einstaka muni. Brtt. við 5. gr. er borin fram í samræmi við ummæli hv. 4. landsk. um það, að sjálfsagt sé að sama gildi um þessi efni í Hafnarfirði og Reykjavík, og að ástæða væri til að gera ráðstafanir um lokun fleiri stofnana en sölubúða, jafnvel að ákvæðin væru látin ná til almennrar vinnu.

ATKVGR.
Brtt. 69.1.a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 69,1.b. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 69,1.c. samþ. með 8 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 69,2 (ný 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 69,3 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 71).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 71).
Á 21. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 108).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Eins og nál. ber með sér, hefir n. lagt til, að þetta frv. væri samþ. eins og það kom frá Ed. Það er flutt að tilhlutun hátíðarnefndarinnar og með samþykki ríkisstj. Frv. veitir ríkisstj. einkarétt á alþingishátíðarmerki, sem hún getur svo leyft mönnum að setja á verzlunarmuni, gegn allt að 15% gjaldi af innkaupsverði þeirra, og um ráðstafanir til að auka öryggi við flutninga milli Reykjavíkur og Þingvalla hátíðardagana. Heimilar það ríkisstj. að ákveða, að undangenginni skoðun, hvaða bifreiðar megi vera í notkun umræddra daga og hvaða bifreiðarstjórar megi aka. Er það nauðsynlegt að gera meiri kröfur til þeirra, sem aka þessa daga, heldur en venjulega á hinum mjög fjölfarna Þingvallavegi.

Síðari hluti frv. er um heimild fyrir ríkisstj. til að ákveða um lokun sölubúða og skrifstofa í Hafnarfirði og Rvík hátíðardagana og að útivinna falli niður á báðum stöðunum þá daga, að fengnum till. bæjarstjórnanna og stéttarfélaga þar um.

Ólafur Thors: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og er það 2. kafli frv., sem ég felli mig ekki vel við. Í 3. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að ákveða, að undangenginni skoðun, hvaða bílar megi vera í

þús. kr. til nýs vegar til Þingvalla. Nú ætti hv. 3. landsk. að skilja það, að þjóðfélagið fer tæplega að verja stórfé til slíks vegar, nema að hafa einhver bein afskipti af flutningunum jafnframt. Hvorttveggja er gert til þess að greiða fyrir fólksflutningunum til og frá Þingvöllum um hátíðardagana.

Þá áleit hv. 3. landsk. hækkun fargjaldanna ósanngjarna. Um það má deila. Ég fyrir mitt leyti álít þau ekki ósanngjörn. Jafnframt ber að líta á það, að hátíðarnefndin lætur sig það nokkru skipta, ef unnt er að auka bílakostinn til flutninganna. Ef nefndin hefði fremur kosið hina leiðina, að setja hámark fargjaldanna t. d. 4—5 kr. hvora leið, þá hefði það óbeinlínis orðið til þess að draga úr bílainnflutningi til hátíðarflutninganna. Hv. 3. landsk. sagði, að Reykvíkingar mundu flestir fara austur að morgni og til baka að kvöldi. Er þetta góð sönnun þess, að n. hefir valið mjög skynsamlega leið í þessu máli. Eru þessi háu fargjöld tilvalið ráð til þess að venja Reykvíkinga og Hafnfirðinga af þeim ósið, að vera alltaf að rölta á milli þessa 3 daga og tefja þannig afgreiðslu og nauðsynlegar samgöngur meðan á hátíðinni stendur.

Um frv. hefir hv. þm. Seyðf. talað allítarlega, og þarf ég engu við að bæta, en viðvíkjandi því, er hv. 1. þm. G.-K. sagði um hátíðarmerkið, þá virðist mér sjálfsagt, að þjóðfélagið fái hagnað af sölu þess, ef nokkur er. Ella gætu einstakir menn sett slík merki á vörur sínar, til þess að hafa hag af.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að almenningur hafi búizt við, að fargjöldin yrðu hærri til Þingvalla hátíðardagana en venjulega. Sennilega munu menn sízt hafa búizt við þeim lægri heldur en n. hefir nú samið um. Og ég verð að leggja áherzlu á, að það stendur öðruvísi á nú en endranær, því að menn verða í tjöldum á Þingvöllum yfir hátíðina, í stað þess að fara til Reykjavíkur að kvöldi, eins og venja er til. Þess vegna má búast við, að bifreiðir fari mikið til tómar aðra leið, og veldur það óhjákvæmilega hækkun fargjaldanna. Það getur því ekki talizt ósanngjörn hækkun, þótt verðið fari 4 kr. fram úr normalverði, og nefndin vildi ekki taka umráð bifreiðanna í sínar hendur, úr því að slíkir samningar tókust við bifreiðastöðvarnar. Sömuleiðis verða ódýrari bifreiðar við flutningana, sem almenningur hefir aðgang að og allur almenningur verður að nota.

Það getur vel verið réttilega athugað hjá hv. 1. þm. G.-K., að orðið „verzlunarvara" sé ekki sem heppilegast, en þó held ég, að slíkt ætti ekki að skaða, því mönnum mun varla koma til hugar að setja merkið á grænsápu eða lakaléreft. Kæmi helzt til mála að nota merkið á postulínsvarning eða þá á minjagripi eða þvílíkt. Hinsvegar væri ekki úr vegi að þrengja orðið nokkuð, t. d. setja „verzlunarmuni" fyrir „verzlunarvöru". Mun sú breyt. að sjálfsögðu verða tekin til athugunar í n., sem þetta mál fær til athugunar.

Jón Baldvinsson:* Satt að segja finnst mér þessi 1. gr. fremur veigalítil. Mönnum er gefin heimild til að kaupa merki þetta, sem mynd er af í frv. N. virðist hugsa sér þessa merkjasölu sem tekjulið, en ég hefði nú búizt við því gagnstæða. Eða skyldi nokkur vilja borga hlut, sem kostaði 20 kr., á 25 kr., þótt þetta víkingaskip væri á honum. Ég efast mjög um það.

Hv. frsm. tók vel í það, að n. myndi hafa samvinnu við bæjarstjórn um lokun sölubúða, um tilhögun á vinnu í bænum yfir hátíðardagana o. s. frv. Er slíkt auðvitað alveg sjálfsagt.

Mér skildist hv. 3. landsk. vera farinn að linast í trúnni á hina frjálsu samkeppni, ef dæma skal eftir ummælum hans um fargjöldin. Ég vil samfagna honum og bjóða hann velkominn í okkar hóp, sem viljum líta með skynsemi á hina háttlofuðu samkeppni. Þó verð ég nú að efast um, að þessi betrun hv. þm. eigi sér djúpar rætur í huga hans. Um eðli samkeppninnar þarf hv. þm. ekki að fræða mig, né um það, að í frjálsri samkeppni reyni menn ávallt að þóknast skiptavinum sínum. Í því er einmitt hagnaðarvon þeirra fólgin. En hitt er líka eðli samkeppninnar, að reyna ávallt að nota sér alla aðstöðu til þess að setja verð upp fyrir það, sem rétt er og sanngjarnt. Í þessu tilfelli

um jafnaði, en rekstur bifreiðanna á hinn bóginn ekki dýrari, þá gætu bifreiðastöðvarnar vel staðið sig við að hafa fargjöldin lægri þessa daga en ella. Auk þess má benda á, að venjulega þegar menn fara til Þingvalla, þá panta þeir bifreiðina eða sæti í bifreið til baka að kvöldi sama dags. Á meðan staðið er við á Þingvöllum, ræður bifreiðarstjórinn því sjálfur, hvort hann fer til Reykjavíkur aðra ferð með bifreiðina farþegalausa til þess að sækja nýja farþega, eða hann bíður á Þingvöllum til kvölds. Það er algengast nú, að bifreiðir fara fleiri en eina ferð hlaðnar til Þingvalla fyrri hluta dags, en þá gjarnan tómar hina leiðina, en flytja síðan fólkið til Reykjavíkur síðari hluta dagsins, og verða þá að fara tómar austur. Á þessu verður sennilega lítil breyting hátíðardagana. Allur þorri hátíðargestanna, sem heima eiga í Reykjavík og vilja dvelja á Þingvöllum um hátíðardagana, fer austur að morgni og til Reykjavíkur að kvöldi. En almenningur verður að greiða tvöfalt fargjald, til stórgróða fyrir bifreiðastöðvarnar. Rök hv. hátíðarnefndar fyrir þessari ráðsmennsku eru vitanlega þau sömu, sem eigendur bifreiðastöðvanna hafa notað til þess að fá n. til þess að gera þessa feikna vitleysu. Er nefndin vissulega ekki of sæl af því að fá 1 kr. af hverju sæti fyrir afgreiðslu bifreiðanna í Reykjavík og á Þingvöllum og bifreiðastæði þar austur frá, en bifreiðaeigendur fá þarna stórkostlega aðstöðu til þess að féfletta almúgann í skjóli þessara mjög svo heimskulegu ráðstafana. Fer svo jafnan, þegar gripið er fram fyrir hendur eðlilegrar þróunar viðskiptalífsins með þvingunarráðstöfunum. Hefir reynslan æ betur og betur sýnt, að slíkt leiðir jafnan til ófarnaðar.

Hvað ræðu hv. 4. landsk. snertir, þá skal ég taka það fram, að ég bjóst aldrei við, að hann færi að lofsyngja hinni frjálsu samkeppni. Hefi ég sízt búizt við svo skynsamlegu úr þeirri átt. Annars vil ég segja það, að ég er ekkert hræddur um að bifreiðastöðvarnar hefðu hækkað taxtann, þótt engar opinberar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að halda honum niðri. Eða skyldi Alþýðubrauðgerðin hækka verð á brauðum, þótt brauðalítið yrði í bænum um stundarsakir sakir fjölda aðkomumanna? (**JBald:** Ég veit nú ekki!). Í frjálsri samkeppni beita engin heilbrigð fyrirtæki slíkri aðferð, því þau vilja halda viðskiptavinunum áfram, og vita, að þeir firtast, ef þeim er sýnd slík ósanngirni. Auk þess er mikið til í bænum af auka bílum eða einkabílum, og bifreiðastöðvarnar eiga á hættu, að flutningarnir renni yfir til einstakra manna, ef þær ætla að okra á fólkinu. Það er því hinn mesti misskilningur, ef hv. þm. heldur, að allt fari betur, ef hið opinbera fer að hafa bein afskipti af þessum málum. Og hvað þessa samninga snertir, þá er hér um svo alvarlega féfletting að ræða, að taka þyrfti í taumana og afstýra slíkri óhæfu, ef unnt er án afarmikilla skaðabóta. Að öðrum kosti ætti að tilfæra helming af fargjöldunum á hátíðarkostnaðinn, í stað þess að beita almenning þvílíku gerræði, sem þessi óhæfilega háu fargjöld eru.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Umr. hafa allmikið sveigzt frá frv. á þskj. 57 að öðru frv. frá í fyrra. Ég skal þó leiða það hjá mér, en vil hinsvegar segja nokkur orð út af ræðu hv. 3. landsk. Hann leitaðist við að víta gerðir alþingishátíðarnefndar viðvíkjandi fargjöldum milli Reykjavíkur og Þingvalla. En ég skal einungis benda hv. þm. á það, að allur almenningur veit og skilur, að þegar mikil aðsókn er að einhverju, sem lítið er til af, þá býður lögmál hinnar frjálsu samkeppni, að verðið fari fram úr öllu hófi. Þessi er líka reynsla alstaðar. T. d. get ég bent á það, að á styrjaldarárunum komst munntóbak í svo hátt verð í kaupstað einum á Norðurlandi, að samsvaraði 70 kr. kg. Þess vegna hefir allur almenningur það á tilfinningunni, að ef ekkert eftirlit væri haft með fólksflutningi bifreiða milli Reykjavíkur og Þingvalla, myndu bifreiðastöðvarnar okra alveg óstjórnlega á ferðafólkinu. Bifreiðakostur bæjarins er ekki meiri en svo, að ómögulegt er að koma öllum þeim feiknafjölda, sennilega um eða yfir 20 þús. manna, áleiðis og til baka aftur nema með sérstaklega góðu skipulagi á flutningunum. Til þess að greiða fyrir þessum flutningum hefir verið varið allt að 300

ráðstafanir vegna heildarinnar, en þær valda ekki tilfinnanlegri „frelsis"-skerðing.

Ég hefi heyrt marga hafa orð á því í sambandi við alþingishátíðina, að þeir bæru kvíðboga fyrir því, að af bifreiðaflutningunum mundi stafa mikil hætta, sem mundi skyggja á afmælisfögnuðinn, og það væri sannarlega hrapallegt, ef slys hlytust af þeim. En eins og áður hefir verið tekið fram, þá verða þvingunarráðstafanir ekki notaðar nema nauðsynlegt sé.

Að því er snertir fargjaldið milli Reykjavíkur og Þingvalla, þá er það rétt, sem hv. 3. landsk. gat um, að það á að vera 10 kr. með fólksflutningabifreiðum. Af því tekur nefndin 1 kr. upp í kostnað þann, sem leiðir af eftirliti með umferð á vegunum og á Þingvöllum. En það er ekki rétt hjá hv. 3. landsk., að þetta sé helmingi hærra gjald en bifreiðastöðvarnar hafa áður tekið, því að fargjaldið hefir verið 5 kr. hvora leið, eða 10 kr. fyrir báðar leiðir. En nú er það augljóst, að bifreiðarnar hljóta jafnan að fara tómar aðra leiðina, frá Þingvöllum fyrstu daga hátíðarinnar og frá Reykjavík síðasta daginn. Á venjulegum tímum fá bifreiðarnar fólk að flytja báðar leiðir. (JÞ: Það er augljóst, hvor aðilinn hefir verið klókari í þessum samningum!). Ég get ekki séð, að það sé neitt athugavert við það, þó að bifreiðastöðvarnar fái sæmilega borgun, svo að þær tapi ekki á fólksflutningunum þessa daga.

En auk þess er það rétt, sem hv. 4. landsk. sagði, að bifreiðarnar verða að fara hægar þessa daga heldur en venjulega.

Ég ímynda mér, að þeir menn séu fáir, sem bifreiðastöðvarnar telja sig svo háðar, að þær þori ekki að setja þeim hærri fargjöld þessa hátíðisdaga en endranær. Flestir af þeim, sem nota bifreiðar til muna hér í Reykjavík, eiga þær sjálfir. Og þó að einhver bifreiðastöð hækki ekki fargjöld sín við hv. 3. landsk., þá er ég viss um, að þær mundu ekkert hika við að hækka fargjaldið við almenning og selja aðkomumönnum utan af landi og útlendingum eftir geðþótta sínum; en það hefði orðið okkur bæði til vandræða og vansæmdar. Þess vegna hefði það verið alveg óforsvaranlegt að setja ekki hámarksverð á fargjöldin.

Ég skal geta þess út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, að það er fullkomlega sanngjarnt, að bæjarstj. í Hafnarfirði hafi, eins og bæjarstjórn Reykjavíkur, tillögurétt um þau atriði, sem rætt er um í 5. gr. frv.

Björn Kristjánsson: Ég vildi gjarnan fá upplýsingar viðvíkjandi 1. gr. frv., sem fjallar um einkarétt á merki hátíðarinnar. Þar segir, að engum sé heimilt að nota merkið á „verzlunarvöru" án leyfis stj. Ég get varla skilið, að hér sé í rauninni átt við það, sem orðalagið bendir til. Ég hefi helzt skilið þetta á þann veg, að hér sé átt við smíðisgripi eða gripi, sem gerðir hafa verið í sambandi við hátíðahöldin, til þess að eiga þá til minja um hátíð þessa. Verða slíkir hlutir dýrari og dýrari eftir því sem lengra líður frá. Ef ég hefi skilið þetta rétt, þá er orðalag gr. mjög óheppilegt, og þarf að breyta því, ef vel á að vera.

Loks er annað atriði, sem ég vil beina athygli manna að. Í gr. stendur, að lögreglustjóri skuli innheimta gjald fyrir merkið eftir innkaupsreikningi. Nú getur vel staðið svo á, að gjaldgreiðandi hafi búið hlutinn til sjálfur. Hvernig fer þá? Hvernig á lögreglustjóri að innheimta gjaldið eftir innkaupsreikningi, ef enginn slíkur er til? Það þarf að taka eitthvað fram um þetta, og vænti ég þess, að hv. n. taki þetta til athugunar.

Annars skal ég taka það fram, að mér er næsta óljúft að tala um alþingishátíðina meðan svo stendur á á þingi, sem nú er raun á.

Jón Þorláksson: Hv. þm. Seyðf. staðfesti það, sem sagt hefir verið um samninga hátíðarnefndarinnar og bifreiðastöðvanna hér í bæ, en hann reyndi um leið að bera í bætifláka fyrir nefndina með þeirri furðulegu staðhæfingu, að bifreiðar mundu ganga meira mannlausar milli Reykjavíkur og Þingvalla um hátíðardagana en venjulegt er á öðrum tímum. Yrðu flutningsgjöldin óhjákvæmilega að vera hærri fyrir þá sök. Ég hefi nú alltaf haldið, að þar sem flutningarnir verða miklu meiri þessa daga en að öll-

í kring að taka hærri fargjöld fyrir sætin þessa hátíðardaga en endranær. Samkeppnin hlaut að halda þeim í skefjum, og sú áhætta, að þær kynnu að tapa viðskiptum.

En þessi vandkvæði leystust af sjálfu sér, þegar hátíðarnefndin kom til bifreiðastöðvanna og bauð þeim samkomulag um að þær skyldu fá 10 kr. fyrir sætið í staðinn fyrir 5 kr., sem þær höfðu áður tekið. Það var eðlilegt, að forstjórar bifreiðastöðvanna tækju liðlega þessu tilboði. Það á að skipa sameiginlega stjórn yfir bifreiðaflutningana, sem nefndin ber ábyrgð á, en einhverjir duglegir forstjórar stöðvanna verða í. Fyrir þessa stj. ætlar nefndin að taka eina kr. af hverju fargjaldi, en bifreiðastöðvarnar fá 9 kr. — Ég spyr aftur hv. nefnd um, hvort þetta sé satt, hvort hún hafi gert slíkan samning við bifreiðastöðvarnar.

Forstjórarnir, sem sögðu mér frá þessu, voru glaðir yfir því að fá farseðlagjaldið tvöfaldað án þess að þurfa sjálfir að styggja viðskiptavini sína eða hafa nokkra áhættu.

Ég veit ekki, hve mikill mannfjöldi sætir bifreiðaflutningum á milli Rvíkur og Þingvalla þessa hátíðardaga, en annars hefði mátt gera sennilega áætlun um það, hvað mikið nefndin féflettir almenning með þessum fáheyrðu ráðstöfunum, ef rétt er frá þeim skýrt.

Jón Baldvinsson:* Ég vildi aðeins gera þá aths. við 5. gr. frv., að réttast væri, að bæjarstjórnirnar bæði í Reykjavík og Hafnarfirði hefðu tillögurétt um lokun búða og vinnufrí fólks þessa hátíðardaga. Það stendur svo líkt á um báða kaupstaðina í þessu efni, og sanngjarnt, að bæjarstj. í Hafnarfirði fái einnig að segja álit sitt um það. Auk þess gæti ég líka gert þá aths., að það er eins mikil ástæða til að leita umsagnar verkamannafélaganna eins og verzlunarmannafél. á þessum stöðum, a. m. k. að því er snertir frí frá annari vinnu. Þó að búðum sé lokað, þá þýðir það aðeins frí fyrir verzlunarmenn. En alþingishátíðin á vissulega að vera fyrir allar stéttir, og þess vegna á það alls ekki við að halda fólki til annarar vinnu þessa daga, þó það tíðkist á frídögum verzlunarstéttarinnar, sumardeginum fyrsta og 2. ágúst. — Þessu vildi ég skjóta til hv. frsm.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. sagði um bifreiðafargjöldin, skal ég geta þess, að ég hefi líka heyrt getið um þennan samning hátíðarnefndarinnar við bifreiðastöðvarnar, en ekki lagt trúnað á, að fargjöldin væru hækkuð um helming, nema nefndin hugsaði sér að nota annan helminginn til greiðslu á kostnaði við hátíðina. En það væri gott að fá upplýsingar um þetta.

Annars er það ekki rétt hjá hv. 3. landsk., að við yrðum neitt betur settir undir lögmáli hinnar frjálsu samkeppni á þessu sviði. Bifreiðastöðvarnar yrðu ekki sérstaklega hræddar við að hækka taxtana. Það er hinn mesti misskilningur, að þær styggi nokkuð viðskiptavini sína, þó að fargjöldin séu hærri þessa daga en aðra. Þegar allar stöðvarnar hafa sama taxta, þá getur enginn framhjá honum komizt, og hv. 3. landsk. verður því að beygja sig undir hann eins og aðrir. Og bifreiðastöðvarnar geta fyllilega notað sér aðstöðuna til þess að hækka fargjöldin þá daga, sem hátíðin stendur.

Ég nota orðið „frjáls samkeppni“ venjulega með gæsalöppum. Þetta er aðeins smáborgaralegt slagorð og fyrir löngu úrelt frá sjónarmiði þeirra, sem nokkuð hafa fylgzt með þróun þjóðskipulagsins á síðari tímum.

Það væri æskilegt að fá upplýsingar um það frá hv. frsm., hvort það er rétt, að bifreiðastöðvarnar ætli sér að taka helmingi hærri fargjöld af fólki þessa hátíðardaga en venjulega. Ég veit það að vísu, að bifreiðarnar muni fara færri ferðir og hægar en tíðkast, og flytja því færra fólk á sama tíma.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Hv. 3. landsk. minntist á þvingunarráðstafanir, sem ákveðnar væru með þessu frv., og var þeim mótfallinn. En ég lít allt öðruvísi á þær.

Þessar ráðstafanir eru gerðar til þess að tryggja öryggi við hina miklu umferð á Þingvallaveginum, sporna við óreglu og ósamræmi í fargjöldum með bifreiðum. Það er skylda allra að styrkja þessar

þess að nota þetta merki og að ríkissjóður fái tekjur af merkjasölunni. Þegar um verzlunarvörur er að ræða, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði vörunnar samkv. innkaupsreikningi, en þó aldrei yfir 15%. — Gjaldi því, sem inn kemur fyrir söluleyfi á merkinu, skal varið upp í kostnað við alþingishátíðina.

Í öðru lagi skal stj. heimilt að ákveða, að undangenginni skoðun, hverjar bifreiðar megi vera í notkun á vegunum milli Reykjavíkur og Þingvalla dagana 25.—29. júní þ. á., að báðum meðtöldum. Búast má við, að straumurinn verði mikill til og frá Þingvöllum þessa daga og að það geti hindrað umferðina, ef bifreiðar bila. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa ekki aðrar bifreiðar í umferð en þær, sem reynzt hafa traustar við skoðun. Samkv. heimild frá síðasta þingi getur stj. takmarkað umráð bifreiðaeigenda; en ég get upplýst, að þessa heimild þarf ekki að nota, vegna þess að samkomulag hefir orðið á milli nefndarinnar og bifreiðaeigenda um að setja alla bifreiðaumferð á milli Rvíkur og Þingvalla undir eina stjórn. En það var gott að styðjast við heimildarlögin meðan á samningunum stóð.

Ef eftirlitsmenn bifreiða telja varhugavert, að einhver bílstjóri fari með bifreið á Þingvallaveginum þá daga, er um ræðir í 3. gr., sökum óvana eða af öðrum líkum ástæðum, þá skal stj. heimilt að banna þeim manni að stýra bifreið þá daga.

Loks skal stj. heimilað að kveða á um lokunartíma sölubúða í Reykjavík hátíðardagana 26.—28. júní, og einnig að setja ákvæði um, að sölubúðir í Rvík verði opnar að einhverju leyti sunnud. 29. júní. Gert er ráð fyrir, að stj. verði að setja reglur um þetta, að fengnum till. verzlunarmanna- og kaupmannafélaga í Reykjavík, svo og bæjarstjórnarinnar. — Búast má við því, að verzlunarfólk vilji sækja hátíðina og verði óánægt, ef það er ekki leyft. Þess vegna er nauðsynlegt, að fullt samkomulag sé um þetta á milli verzlana í bænum. Einnig má gera ráð fyrir, að ýmsir þurfi að komast í búðir á sunnud. 29. júní, en það er ekki heimilt vegna helgidagalöggjafarinnar, og þess vegna er farið fram á þessa undanþágu.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Þorláksson: Ég lýsti því yfir í fyrra, þegar samskonar frv. og þetta um heimild til þvingunarlöggjafar í sambandi við alþingishátíðina var hér á ferðinni, að ég væri því mótfallinn. Sérstaklega álít ég þvingunarráðstafanir óviðeigandi í sambandi við 1000 ára minning þess, að þjóðin er frjáls þjóð í frjálsu landi. Og mér sýnist sumt af því, sem borið er fram í þessu frv., vera húmbúg og sumt algerlega óviðeigandi.

Sú aðgreining, sem hér á að fara fram á bifreiðum á Þingvallaveginum samkv. þessu frv., sýnist mér óþörf. Við höfum skýr lög um skoðun á bifreiðum, og samkv. þeim má engin bifreið vera í notkun, nema hún sé í forsvaranlegu standi, og skoðunin á að vera því til tryggingar, að bifreiðarnar séu forsvaranlegar.

Annars ætla ég ekki að deila um þetta við hv. flm., en ég vildi aðeins láta sjást mótmæli mín gegn þessum þvingunarráðstöfunum gagnvart landsmönnum.

En af því að hv. frsm. minntist á samning hátíðarnefndarinnar við bifreiðastöðvarnar hér í bænum um flutning farþega milli Rvíkur og Þingvalla hátíðisdagana, vildi ég geta hér um eitt atriði úr honum, sem forstjóri eins bifreiðafélags hér í bænum skýrði mér frá. Geri ég það til þess, að formanni alþingishátíðarnefndarinnar gefist tækifæri til leiðréttingar, ef rangt er frá skýrt.

Farþegafargjald með bifreiðum milli Reykjavíkur og Þingvalla er nú 5 krónur fyrir sætið, og ýmsir forstjórar bifreiðastöðva hafa látið það í ljós við mig, að ef allt hefði verið frjálst og afskiptalaust í þessu efni, þá hefði ekki komið til mála að hækka fargjöldin þá daga, sem hátíðin stæði yfir. Bifreiðastöðvarnar lifa á viðskiptum við almenning og vilja ekki styggja frá sér viðskiptavini sína. Þegar ég kem á þá bifreiðastöð, sem ég skipti við, og panta farseðil, þá fer hún ekki að hrinda mér frá sér með því að hækka fargjaldið, þótt venju meira sé um að vera, og á sama hátt yrði það um aðra borgara. Stöðvarnar hefðu ekki getað sett mismunandi taxta og ekki komið því

Halldór Steinsson: Ég vil gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Mér dylst það ekki, að nauðsynlegt er, að útgerðin haldi áfram, þó að Íslandsbanka væri lokað, en ég held, að hægt hefði verið að gera ráðstafanir til þess á annan veg en með þessu frv. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. forsrh., að hann hélt því fram, að það stafaði engin áhætta af þessari ábyrgð. Ef svo er, sé ég ekki betur en að Landsbankinn hefði getað tekið að sér að veita þessi lán án þess að ríkið tæki á sig ábyrgð á þeim, enda ber ríkið samkv. eldri l. ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans.

Ég ætla ekki að bregða fæti fyrir þetta frv. Málið er mikilvægt. En ég mun sitja hjá við atkvgr., af því að ég álít, að þessi ábyrgð ríkisins gagnvart bankanum sé óþörf.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég er sammála hv. þm. Snæf. um það, að Landsbankinn hefði átt að geta tekið þetta að sér án ríkisábyrgðar, en þar sem bankinn setti þetta skilyrði fyrir hjálp sinni, verður að fullnægja því. Það var ekki hægt að ná samkomulagi við bankastjórnina á öðrum grundvelli, og því óskar stj. nú eftir heimild þingsins fyrir þessu láni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, BK, EÁ, EF, GÓ.

HSteins[1]), JóhJóh[2]), JÞ[3]), JKr[4]) greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 124).

---

20. Ráðstafanir vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Á 11. fundi í Ed., 1. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (þmfrv., A. 57).

Á 13. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Þetta frv. er flutt af allshn. eftir tilmælum frá alþingishátíðarnefndinni í samráði við stj. Frv. fer fram á heimild fyrir stj. til ýmsra ráðstafana vegna hátíðarinnar.

Í fyrsta lagi er henni heimilað að hafa einkarétt á merki alþingishátíðarinnar, sem mynd er af í 1. gr. frv. — Það er kunnugt, að verzlanir vilja nota þetta merki, einkum til þess að selja útlendingum muni til minningar um hátíðina. Slíkir munir yrðu seldir dýru verði. Nefndinni finnst eðlilegt, að stj. veiti leyfi til

---

1) Með svofelldri grg.: Með skírskotun til þess, sem ég áður sagði, greiði ég ekki atkv.

2) Með svofelldri grg.: Ég greiði ekki atkv., af því að ég álít, að stj. hefði átt og mátt ráða fram úr þessu vandamáli á annan hátt.

3) Með svofelldri grg.: Með skírskotun til greinargerðar hv. þm. Snæf. greiði ég ekki atkv.

4) Með svofelldri grg.: Ég greiði ekki atkv., með skírskotun til þeirra ástæðna, sem þeir hv. þm. hafa fært til, er ekki hafa greitt atkv. á undan mér. Og ég get bætt því við, að mér þykir hér kenna nokkurs misréttis. Það er vitanlegt, að margir eiga fé sitt í Íslandsbanka og að því er haldið fyrir þeim, og að það bakar þeim óþægindi og atvinnutjón. — Ég sé, að sócialistarnir brosa. Það lítur út fyrir, að það liggi þeim í léttu rúmi, þó menn verði fyrir eignatjóni og atvinnumissi. Það er vatn á þeirra myllu.

sunnanlands, og þá verður að líta á, hvað er í húfi, ef ekki tekst að fyrirbyggja stöðvun bátaútgerðarinnar í Vestmannaeyjum og útgerðarinnar hér við Faxaflóa. Úr því að stj. hefir náð þessu samkomulagi við Landsbankann um ábyrgð, sem ég treysti að stj. hans muni nota mjög gætilega og varlega og ekki veita öðrum en þeim viðskiptamönnum Íslandsbanka, sem hafa bundið honum eignir sínar og geta ekki losað þau veð sín hjá honum, þá finnst mér allir ættu að vera fegnir þessari úrlausn. Það ætti að vera óþarfi að nefna, að ef einhver af viðskiptamönnum Íslandsbanka stendur sig svo vel, að hann geti boðið veð, þá kemur ríkisábyrgð ekki til greina.

Mér skilst nauðsyn þessarar ábyrgðar einkum vera af því, að ekki sé hægt vegna ástæðna þeirra, sem Íslandsbanki er í, að láta menn komast að veði sínu, sem bankinn hefði fyrir áframhaldandi rekstrarlánum. Ég gæti hugsað mér, að hægt væri, eins og stundum hefir verið gert í skiptameðferð, þar sem skiptaráðendur hafa heimild til að leggja nokkurt fé í hættu til þess að bjarga verðmæti, að þannig væri hægt að losa veðbönd í þeim tilgangi að útvega fé til þeirra atvinnufyrirtækja, sem bundin hafa verið við Íslandsbanka.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það væri mjög æskilegt, að svo gæti orðið, að ekki væri blandað öðru inn í þessar umr. en nauðsynlegt er fyrir afgreiðslu þessa máls. En auðvitað er slíkt á valdi hv. d.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. fyrir undirtektir þeirra við frv., og vænti þess jafnframt, að sama samkomulag náist í þessari hv. d. um þetta mál sem í hv. Nd.

Ég get ekki komizt hjá því að gera nokkrar aths. við ræðu hv. 3. landsk. Vík ég þá fyrst að, þar sem hann sagðist hafa hnotið um aðra málsgr. grg. frv. Þeirri málsgr. var skotið inn í frv. samkv. ósk flokksbræðra hv. þm. í sjútvn. Nd. (JÞ: Ég trúi því vel). Það getur verið ástæða til þess að óttast, að ekki verði gætt nógu mikillar varkárni með þessar lánveitingar vegna ríkisábyrgðarinnar, en hinsvegar eru bankastjórarnir við Landsbankann svo vanir sínu starfi og svo mætir menn, að ég veit, að þeir munu fylgja hinum almennu reglum, jafnt um veitingu þessara lána sem annara. Ég vona því, að ótti hv. 3. landsk. þm. sé ástæðulaus.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í samtali við hv. 3. landsk., að ég tel sjálfsagt, að ríkisábyrgðin fylgi þessum lánum, þar til þau eru greidd að fullu, nema þá að samkomulag verði um, að ábyrgðin falli niður, vegna þess t. d. að aflinn verði svo mikils virði, að ábyrgðarinnar þurfi ekki lengur við.

Ég er sammála hv. 3. landsk. um það, að enginn getur verið hrifinn af því, að ríkið skuli þurfa að gera slíkar ráðstafanir sem þessar til þess að hjálpa einstaklingum og félögum af stað með útgerð sína. En hér eru sérstakar ástæður fyrir hendi, sem ég vona, að hv. 3. landsk., sem og aðrir hv. þdm., beygi sig fyrir.

Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, vil ég segja það, að það er rétt, að um ábyrgðina er beðið vegna þeirra, sem þurfa á henni að halda. Hinir, sem hafa veð fyrir lánum sínum, þurfa auðvitað ekki á slíkri hjálp að halda.

Jón Þorláksson: Það var hreinn óþarfi af samþm. mínum, hv. 4. landsk., að vera að blanda 35 millj. inn í þetta mál, eða gefa í skyn, að ég hefði á lokaða fundinum viljað láta ríkið taka á sig ábyrgð á 35 millj. fyrir Íslandsbanka. Sú till., sem ég flutti á lokaða fundinum, var stíluð beint til stj., eins og hv. þm. ósköp vel veit, og stj. hafði samkv. henni óbundnar hendur um það, hvernig hún kæmi í veg fyrir, að starfsemi Íslandsbanka stöðvaðist. Annars er töluverður stigmunur á því tvennu, að takast á hendur ábyrgð á skuldbindingum eins banka, og hinu, að takast á hendur ábyrgð fyrir einstaklinga gagnvart banka, eins og þetta frv. fer fram á. Og hv. 4. landsk. ætti að vita það, að ég er ekkert hrifinn af því, að ríkið taki að sér ábyrgðir fyrir einn eða annan. Það eru aðrir en ég, sem hafa staðið að slíku.

Út af ræðu hæstv. forsrh. skal ég geta þess, að ég hnaut um aðra mgr. grg. af því, að mér var ekki ljóst, hversu mikið mátti í hana leggja, fyrr en hæstv. ráðh. skýrði mér frá því.

banka hafa starfað, Vestmannaeyjar og Seyðisfjörð. Eins og ég gat um, ætlar Landsb.stj. að gera sérstakar ráðstafanir vegna Vestmannaeyja. Og að gefnu tilefni gat ég um það í Nd., að bankastj. ætlaði sér að gera samskonar ráðstafanir vegna Austurlands. Útibú Landsbankans á Eskifirði getur beint lánsfé til þeirra stofnana, sem skipt hafa við útibú Íslandsbanka á Seyðisfirði. Sérstaklega mun vera að ræða um útgerðina á Hornafirði.

Ég hygg svo, að ekki þurfi að fara mikið fleiri orðum um þetta. Ef hv. d. treystir sér til þess, þá væri brotaminnst að geta afgr. málið strax í kvöld.

Jón Þorláksson: Frv. ber það með sér, að það er gert til bráðabirgða og samið í flýti. Í 1. gr. eru t. d. þrjár tilvísunarsetningar hnýttar saman. En um það er ekki svo mikið að fást, þó að óhöndulega sé orðað. Tilgangur frv. er náttúrlega góður, það að bæta að einhverju leyti úr misfellunum, sem þegar eru orðnar hjá stj. síðan bankanum var lokað. Ég hnaut sérstaklega um síðustu málsgreinina, þar sem segir, að verði Íslandsbanki opnaður að nýju, sé sjálfsagt að gera ráð fyrir, að þessi viðskipti flytjist til Íslandsbanka. Þetta er þannig, að Landsbankastj. er ætlað að veita lán nú í byrjun vertíðar þeim mönnum og félögum, sem hafa haft viðskipti við Íslandsbanka, gegn tryggingu í væntanlegum afla. Annað er ekki til. Þótt veita eigi eftir settum reglum, þá er nokkur hætta á því, að ekki verði vegið eins á gullskálum, hverjir eigi að fá lán og hvað mikið hver eigi að fá, þegar bankastj. hefir fengið nægar tryggingar fyrir lánunum hjá ríkissjóði.

Svo má gera ráð fyrir, að Íslandsbanki taki þessi viðskipti að sér, þegar hann verður opnaður aftur, sem fastlega má gera ráð fyrir. Þá á sjálfsagt að láta hann borga Landsbankanum það, sem hann hefir veitt, en eiga aðgang að skuldunautunum. Þá er spurningin, hvort svo beri á að líta, að ábyrgð ríkissjóðs á þessum lánum fylgi þeim yfir til Íslandsbanka. Hæstv. forsrh. hefir gefið það svar, að svo muni hljóta að verða. Úr því að ríkissjóður tæki ábyrgð á lánunum, þá yrði sú ábyrgð að standa, þangað til full vissa væri um, hvort útgerðarmaðurinn gæti endurgreitt lán sitt til Íslandsbanka. Þetta er eðlilegt; hitt væri óeðlilegt, að heimta af stj. Íslandsbanka, að hún tæki viðskiptin að sér án þeirra trygginga, sem gefnar voru, þegar Landsbankinn veitti lánið. En annars vil ég segja, að ég vil ekki gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé neitt hrifinn af því, að nú sé svo komið, að ríkissjóður þurfi að ganga í ábyrgð vegna Íslandsbanka fyrir lánum til einstakra sjávarútvegsmanna.

En eins og nú stendur, býst ég við, að bezt sé að gera þetta, til þess að útgerðin stöðvist ekki meðan verið er að bíða eftir þeim ráðstöfunum, sem vonandi verða gerðar til að endurreisa Íslandsbanka, og því vil ég ekki leggjast móti frv.

Jón Baldvinsson: Mér fannst dálítið undarlegt koma fram hjá hv. 3. landsk. í ræðu hans um frv. Það var hálfgerð fýla í honum yfir því að þurfa að ganga í einnar millj. króna ábyrgð fyrir atvinnuvegina. En við það varð ekkert vart, þegar honum og flokksbræðrum hans þótti rétt að taka á ríkissjóð 35 millj. kr. ábyrgð fyrir útlenda stofnun. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. gat búizt við, að það þætti sjálfsagt að ábyrgjast fyrir Íslandsbanka, privatbankann, allar skuldbindingar hans, þegar hv. þm. sjálfur hikar og hræðist vegna 1 millj. kr. ábyrgðar beint til framleiðenda. Og ég get alls ekki skilið, hvers vegna má drótta því að stj. Landsbankans, að hætta sé á, að hún mundi fara gálauslegar að með lán en hún gerir nú, ef hún hefði ábyrgð frá ríkinu.

Mér finnst þetta vera í litlu samræmi við það, hvað hv. þm. var óhræddur að ganga í svo gífurlegar ábyrgðir, sem hann vildi á lokaða fundinum um daginn.

Þótt ég geri þessa aths. út af tvístigi hv. 3. landsk. þm. í þessu máli, ætlaði ég ekki að draga umr. á langinn. Ég álít rétt að gera allt, sem hægt er, til að flýta málinu, og að veita þau afbrigði, sem nauðsynleg eru til þess að hægt verði að afgreiða málið í kvöld. Allt svífur í lausu lofti, þangað til þetta, sem frv. ræðir um, hefir fengið einhverja lausn, sem gefur útgerðarmönnum ábyggilega von um rekstrarlán. Því að nú fer í hönd tíminn, þegar mest verðmæti er á land dregið hér

MJ[1]), ÓTh[2]), EJ[3]), HK[4]), JAJ[5]), MG greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (SvÓ, JS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 116).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég leyfi mér að þakka fyrst hæstv. forseta fyrir að kalla saman fund í d. á óvanalegum tíma og hv. þdm. fyrir að leyfa afbrigði. Ég hefi von um, að flestir verði sammála um þetta frv. og reyni að flýta afgreiðslu þess. Það hefir hv. Nd. gert, því að þar hefir það fengið að ganga gegnum þrjár umr. í dag, og þó kom það ekki fyrir fyrsta fund fyrr en klukkan var langt gengin 3, en nú er hún 6½. Þessu er svo varið, að þótt deila sé um málið, sem bak við liggur, sem sé Íslandsbanka, þá eru allir sammála um að draga sem hægt er úr afleiðingum þess fyrir framleiðendur. Ég hygg, að það megi ganga út frá, að kyrrt verði um Íslandsbankamálið til mánaðarloka. En það verður að gera bráðabirgðaráðstöfun til að hindra afleiðingarnar af þessari stöðvun. Eins og tekið er fram í grg. frv., er það gert í samráði við bankastjóra Landsbankans. Þeir óskuðu eftir á fundi með stj. í gærkvöldi, að þessi leið yrði farin, svo að bankinn gæti tekizt á hendur þessa lánastarfsemi, sem um er rætt hér.

Það er hugsunin að hjálpa til að setja aftur á stað fyrirtæki, sem nú skipta við Íslandsbanka og hafa sett honum eignir sínar að tryggingu, en geta nú ekki notið þeirrar aðstoðar, sem hann átti að veita þeim. Þess vegna óskar Landsbankinn, að ríkið láti tryggingu sína í té, til að geta hafið þessa lánastarfsemi strax. Vélbátaútgerðinni liggur á henni, og togaravertíð byrjar áður en langt um líður. Sum togarafélögin hér í bænum skiptu við Íslandsbanka, og eins mikið af útgerðarmönnum kringum Faxaflóa. Þeir koma ekki neinu af stað án þess að fá slík lán sem þessi. Einkum á þetta þó við í Vestmannaeyjum. Ég get bætt því við í þessu sambandi, að stj. Landsbankans ætlar að senda þangað mann um næstu helgi, helzt á sunnudag, til að byrja á undirbúningi fyrir lánveitingunum.

Ég ætla rétt að drepa á einstök atriði. Eins og frv. ber með sér, er það bráðabirgðaráðstöfun og samið í flýti. Og það hefir engin áhrif á, hvernig endanlega fer um Íslandsbankamálið, því að það er talið víst, að þingið geri einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi lánastarfsemi til útgerðar, þegar sést, hverju fram vindur. Hámarksupphæð þessarar ábyrgðar hefir verið sett ein milljón króna, og er það gert í samráði við Landsbankastjórnina, sem telur, að þetta muni nægja. Ég skal taka fram til skýringar — af því að fyrirspurn kom um það í hv. Nd., hvort Landsbankinn eða ríkisstjórnin ætti að segja um, hvort ráð væri að veita lán í þessu og þessu tilfelli —, að ef það kemur fyrir, að vafi sé á, hvort veita eigi einhverju fyrirtæki lán, þá ræður auðvitað ekki ríkisstjórnin því, heldur stj. Landsbankans. Hitt hámarkið, hámark einstakra lána, er sett 60 kr. á skippund af fiski. Það er sú regla, sem Landsbankinn fylgir. Það ætti ekki að vera mikil áhætta fyrir ríkissjóð að ganga í þessa ábyrgð, því að það er svo sjaldgæft, að útgerð beri sig ekki á vetrarvertíð hér sunnanlands.

Nú þarf sérstaklega að hugsa um tvo staði, þar sem einungis útibú frá Íslands-

---

1) Með svofelldri grg.: Ég vil ekki hindra það, að ráðstafanir verði gerðar til þess að halda þeim fyrirtækjum við, sem hér er um að ræða, og þess vegna segi ég ekki nei. Hinsvegar tel ég aðra leið heppilegri en þá, sem hér á að fara, og greiði því ekki atkv.

2) Með svofelldri grg.: Ég tel stj. vera í lófa lagið að sjá þessum fyrirtækjum fyrir rekstrarfé án þess að ríkissjóðsábyrgð komi til. Hinsvegar vil ég ekki með atkv. mínu hindra það, að fyrirtækin fái að halda áfram. Ég greiði því ekki atkv.

3) Með svofelldri grg.: Af sömu ástæðum og hv. 1. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

4) Með svofelldri grg.: Með skírskotun til þess, sem ég hefi áður sagt, greiði èg ekki atkv.

5) Með svofelldri grg.: Ég skírskota til þess, sem ég hefi áður sagt, að ég álít, að ríkisstj. geti í þessu efni farið aðra leið, sem er áhættuminni og jafnvel betri fyrir útgerðina. En ég vil ekki standa á móti frv., og greiði því ekki atkv.

yrði fylgt í byrjun, þá átti ráðh. að skýra frá því strax, því að ég er viss um, að ef það skilyrði hefði verið með í byrjun, að ábyrgð ríkissjóðs ætti að fylgja, þá myndu margir hv. þm. hafa litið öðruvísi á þetta mál.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er mjög eðlilegt, að fyrirspurn eins og þessi komi fram, hvort þetta sé nægileg ábyrgð, eða hvort aftur verði komið til þingsins sömu erinda.

Ég vil út af þessu segja hv. þm. (MG) það, að ráðgazt var við stj. Landsbankans um, hvort þetta myndi verða svo ríkuleg ábyrgð sem þyrfti. Áleit Landsbankastj., að þetta myndi nægilegt, svo að ekki þyrfti að koma aftur til þingsins að biðja um slíka ábyrgð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Forseti (BSv): Annar fundur verður settur þegar að afloknum þessum fundi.

Ólafur Thors: Ég leyfi mér að fara fram á það, að næsti fundur verði ekki fyrr en kl. 5½, í því trausti, að þá geti málið gengið fram með afbrigðum. Ég ætla fyrir mitt leyti að nota þann tíma til umhugsunar, hvort ég geti ekki stuðlað að því, að þá verði veitt afbrigði. En verði fundur settur nú þegar, þá myndi ég fyrir mitt leyti ekki geta veitt afbrigði.

Forseti (BSv): Samkv. því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði nú, verður næsti fundur þá ekki settur fyrr en kl. 5½.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Má ég ekki skilja þessi orð hv. 2. þm. G.-K. sem bendingu um það, að afgreiðsla málsins muni ekki stranda á andstöðu hans og flokksmanna hans?

Ólafur Thors: Ég get ekki talað fyrir hönd flokksins í þessari hv. d., en fyrir mitt leyti er ég ráðinn í því að veita ekki afbrigði þegar í stað. En ég hygg, að flokkurinn álíti ekkert því til fyrirstöðu að veita afbrigði, ef fundurinn verður ekki fyrr en kl. 5½.

Magnús Jónsson: Það getur ómögulega skipt neinu fyrir málið, hvort fundurinn er settur nú þegar eða ekki fyrr en kl. 5½. Og jafnvel þótt ekki sé um annað að ræða en að vita um vilja eins flokks, þá er ekki hægt að segja um það án þess að veita hlé til að athuga það. Ég vildi þess vegna óska eftir því, að fundinum yrði frestað án nokkurra loforða.

Forseti (BSv): Það er vitanlega ekki hægt að ákveða á þessum fundi, hvað gerast skuli á hinum næsta, en ég mun slíta þessum fundi bráðlega og setja aftur fund kl. 5½.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PO, SE[1]), SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, JörB, LH, BSv[2]).

1) Með svofelldri grg.: Þar sem Landsbankinn vill ekki lána til útgerðarinnar, er ég neyddur til að segja já.

2) Með svofelldri grg.: Ég segji já, af því að Landsbankinn gerir þetta að skilyrði fyrir lánveitingu sinni. Ég tel ekki, að um neina áhættu sé að ræða fyrir ríkissjóð, en álít hinsvegar óþarft af bankanum að gera slíka kröfu.

Hákon Kristófersson: Það var ekki af neinni andúð til þeirra manna, sem sýnist eiga að hjálpa, sem ég mælti þessi fáu orð áðan. En eins og ég tók þá fram, álít ég, eins og svo margir aðrir, að hjálp til þeirra sé nauðsynleg og að stj. Landsbankans hafi það þegar í hendi sér, ef hún vill svo vera láta.

Hv. þm. Borgf. sagði, að sér þætti ekki undarlegt, þótt þetta frv. væri fram komið. Ég get ekki tekið undir þetta með hv. þm. Mér þykir það í mesta máta undarlegt. Hinsvegar skal ég fúslega taka undir þau ummæli hans, að viðburðanna rás, sem hefir farið fram hér undanfarna daga, dró það með sér, að eitthvað meira þarf að gera en að skera niður Íslandsbanka. En annars er líklegt, að um það verði búið, að ekki verði röskun á þeim viðskiptasamböndum, sem verið hafa í landinu, og þeirri nauðsynlegu framleiðslu, sem verið hefir undanfarin ár og er vitanlega að nokkru leyti stofnað til aftur á þessu ári.

Um það atriði, hvort ábyrgðin flytjist yfir til Íslandsbanka eða ekki, verð ég að segja það, að þótt þessi spurning sé eðlileg, þá held ég, að hægt sé að svara henni því, að maður býst ekki við, að það komi til, því að „svo eru net úr garði gerð", að ekki er líklegt, að Íslandsbanki þurfi að taka við þessum lánum. Hinsvegar, ef það kynni að verða, þá er það eðlileg afleiðing frv., og það var einmitt það, sem ég skildi ekki áðan, hvers vegna verið væri að binda hendur Landsbankastj. um lán. Þegar hún afhendir Íslandsbanka þau, þá gæti hún um leið þvegið hendur sínar, ef það orð má nota, að hún segi: það er með sömu hlutföllum og Íslandsbanki hefir áður gert. Hæstv. forsrh. sagði, að bankinn heimtaði þetta, en ég verð að taka undir þau ummæli hv. þm. Borgf., að við höfum alltaf skilið svo orð hæstv. forsrh. fyrir ekki löngu síðan, að það væri frá þessum hnútum gengið og að þeir myndu fullhertir, en nú sýnist dálítið los á vera, og Landsbankastj. virðist sem sagt, eftir þessu frv., engu hafa lofað, því að tildurloforð og kurteislegar undirtektir hjálpa engum. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hefði getað haft þetta mál alveg í hendi sinni og með sínum gagnorðu bendingum fengið stj. Landsbankans til að samþ. að lána þessum fyrirtækjum án þess að hin nýja ábyrgð kæmi til. Það er ekki af neinum ugg í mér gagnvart þessu, að ég tala svo, heldur af því, að það er gengið inn á alveg óvenjulega braut, sérstaklega þegar á það er litið, að þessi stofnun er svo tryggilega ábyrgð frá ríkinu, sem mest má verða. Og um leið og ég lýsi yfir því, að ég býst við, að Landsbankinn geri sitt ítrasta til að hjálpa þeim mönnum, sem frv. þetta á sérstaklega við, lýsi ég einnig yfir því, að ég vil ekki beygja mig undir álit hv. meiri hl. hvað þetta frv. snertir. Ég býst við, að frv. gangi fram, en ég vil engan þátt eiga í því; þeir, sem hafa úrræðin í hendi sér, hafa einnig þá skyldu að ráða fram úr slíku máli sem þessu, án þess að vera nokkuð að leita fyrir sér um aðstoð okkar minnihl.-manna, og hvernig sem skoðun okkar er, höfum við vitanlega engan mátt til að koma henni fram.

Ég býst við, að ég megi óhræddur vænta þess, að minn góði vinur, hæstv. forsrh., hafi sama álit á mér eins og áður, að ég sé góðgjarn maður, þótt ég vilji ekki greiða atkv. með þessu frv., af því að ég get ekki komið auga á, að þess sé nein þörf. Það er líklega eitthvert formsatriði, sem verið er að óska eftir, en sem ég skil ekki, að nauðsynlegt sé til þess að Landsbankinn láni þeim atvinnufyrirtækjum, sem hér um ræðir.

Magnús Guðmundsson: Ég ætlaði að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort hann búist við því, að þessi hjálp, sem hér er um að ræða, muni verða nægileg fyrir útgerðina á þessari vertíð, sem yfir stendur, eða hvort hann búist við að þurfa að koma aftur til þingsins í svipuðum erindagerðum og nú. Ég spyr um þetta m. a. af því, að það hefir verið upplýst, að hæstv. ráðh. sagði á hinum lokaða fundi um þetta mál, að Landsbankinn tæki við þeim viðskiptum Íslandsbanka, sem heilbrigð væru, og þá tók hæstv. ráðh. ekkert fram um neitt skilyrði, en nú kemur það á daginn, að ríkissjóður á að ganga í ábyrgð. En hafi þetta loforð verið skilyrðislaust upphaflega, þá er það brigðmælgi, ef fram kemur síðar krafa um skilyrði, en hafi skil-

á skuldbindingum sínum innanlands og utan, þá myndi það hafa víðtækar og alvarlegar afleiðingar. Þess hefir heldur ekki þurft lengi að bíða, að grunur minn rættist. En alleinkennilega koma mér nú aðgerðir hæstv. stj. fyrir sjónir, því ég man ekki betur en því hafi verið lýst yfir af tveim ráðh. á lokaða fundinum, að ekkert væri að óttast, því Landsbankinn hefði nóg skilyrði til þess að taka að sér hin heilbrigðu fyrirtæki Íslandsbanka. Þessu var yfirlýst skilmálalaust, og jafnvel hæstv. fjmrh. kvaðst hafa átt tal um þetta við sjálfa Landsbankastjórana. Það var einmitt út af þessu, sem það var þá þegar sagt á þessu fyrsta stigi málsins, að það væri vilji og ásetningur hæstv. stj. að loka bankanum með öllu.

Mér þykir það að þessu leyti dálítið undarlegt, þegar nú átti að fara að reyna á þolrifin í þessari bankastofnun, að þá eru slík skilyrði sett. Mér þykir það undarlegt, því eins og nú er komið bankamálum hér á landi, þá er þetta orðinn höfuðbanki landsins, og þegar hinn bankinn hefir helzt úr lestinni, virðist mér það hljóta að verða svo, að hin höfuðstofnunin taki að sér þetta hlutverk. Einasta afsökunin sýnist geta verið það, að hana vantaði fé, en með þessu frv. er ekki farið fram á það að veita henni fjárstyrk. Það verður þess vegna að taka þessu eins og hverju öðru óhappi og afleiðingu af því, hversu óviturlega hefir verið að farið. En ég ætla ekki að blanda Íslandsbanka inn í umr., svo ég skal ekki fara að tala um það, hvort viturlegt eða óviturlegt sé að taka ábyrgð á bankanum í byrjun, en ég verð að segja það, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem báru það fyrir sig að vilja ekki taka að sér ábyrgðina, af því að ekki væri um næga rannsókn að tala, þá virðist mér óhæfilega mikill dráttur á þessari rannsókn. Ef ráðizt hefði verið í það að skipa n. strax, þá mundi hún nú vera búin að ljúka störfum sínum, og þá vera hægt að ganga út frá því, hvað þingið áliti að ætti að verða ofan á um afdrif hans. Þetta liggur því þannig fyrir mér, að það verði að taka afleiðingunum af orðnum hlut, og þótt ég álíti, að það eigi mjög mikinn þátt í því, hve óviturlega hefir verið að farið, þá mun ég ekki ganga á móti þessu frv., því að það er nú svo, að þeir, sem eru í minni hl., verða að beygja sig undir vilja meiri hlutans og taka afleiðingunum af hans vilja og gerðum, hvort sem betur líkar eða verr.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að það er gert ráð fyrir því, að 1. næsta mán. verði þetta Íslandsbankamál tekið fyrir að nýju, eða fyrr, eftir því hvernig á því verður haldið, og það er líka vikið að því hér í grg. frv., að þau viðskipti, sem þessir menn stofna við Landsbankann, þau eigi að hverfa til Íslandsbanka, ef hann verði opnaður aftur.

Þá vildi ég, að það væri athugað, hvort Íslandsbanki á þá að fá þá ábyrgð, sem Landsbankanum er hér veitt, því að ég skil þetta þannig, að viðskiptin flytjist til Íslandsbanka, og það hugsa ég mér að gerist á þann hátt, að Íslandsbanki taki við þeim skuldbindingum, sem Landsbankinn hefir fengið fyrir þessum lánum, og láti þær af hendi sem seðlalán. Mér finnst, þegar þetta er borið saman við það, sem í frvgr. stendur, og það, sem segir í aths. við frv., þá beri á þetta að líta á þann veg.

Það hefir dálítið verið deilt hér um þann drátt, sem orðið hafi á þessu máli, og mér virðist nú sem hv. frsm. þessa máls, hv. þm. V.-Ísf., hafi sýnt hv. 2. þm. Reykv. fullkomlega fram á það, að það er ekkert nema yfirskotsástæða hjá hv. þm. (HV), að nokkuð hefði verið greitt úr fyrir viðskiptamönnum bankans með þeirri skipan, er hann vildi hafa á þeim málum, svo að ég verð aðeins að telja þetta sem vesala tilraun hans til að reyna að þvo sínar skítugu hendur af þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil ekki blanda mér í þessar umr., sem eru óþarfar í sambandi við þetta frv., en út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að það atriði, sem hann talaði um, verður að athugast í sambandi við þá löggjöf, sem þá kemur til greina.

Ég stóð einnig upp út af því, að hv. þm. N.-Ísf. beindi til mín fyrirspurn um lánveitingarsynjun. Mér er alveg ókunnugt um þetta, og get því engar upplýsingar gefið.

séð, hvernig skilanefndin ætti að geta haldið áfram viðskiptum Íslandsbanka, nema sleppa öllum veðréttum og láta peningana ganga beint til útgerðarinnar, til þess að hún þyrfti ekki að stöðvast. En ég vil þá spyrja: Er það meiningin, að skilanefndin eigi að spekulera með þá peninga, sem inn nást, eða er hún sett til þess að gæta hagsmuna fátæklinganna og þeirra, sem inni eiga í bankanum? Bankinn á nú erfiðari aðstöðu eftir að búið er að loka honum, heldur en ef hann hefði fengið að starfa áfram. Traust bankans erlendis er að engu orðið og sömuleiðis traust innistæðueigenda innanlands. Að við höfum viljað, að ríkið tæki ótakmarkaða ábyrgð á bankanum, er alls ekki rétt, heldur einungis leggja honum til 3 millj. kr. sem forgangshlutafé, **að því tilskildu þó,** að hagkvæmir samningar næðust við erlenda skuldheimtumenn. Nú bera reikningar bankans það ótvírætt með sér, að hagur bankans stendur betur nú en 1923.

Annars finnst mér viðkunnanlegra, að atvmrh. hafi nokkra íhlutun um það, hvernig þessi ábyrgðarheimild verður notuð, ekki af því, að ég treysti ríkisstj. betur en bankastjórninni, heldur af „princip"-ástæðum. (**ÓTh:** Því er ég alveg á móti). Ég hefði kunnað betur við, að stj. hefði eitthvert eftirlit með bankastjórunum, án þess að ég sé að vantreysta þeim til þess að halda skynsamlega á þeim málum. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé satt, að bankastjórar Landsbankans hafi neitað útgerðarfyrirtæki um lán, nema því aðeins að það fengi eftirgefinn veðrétt Íslandsbanka í skipum félagsins.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 2. þm. Reykv. vildi enn halda því fram, að sú hjálp, sem skilanefnd hefði veitt hlutaðeigandi útgerðarfyrirtækjum, myndi hafa nægt. Ég tel ákaflega vafasamt, eða jafnvel óhugsandi, að slík hjálp hefði dugað, nema ríkið eða Landsbankinn hefði lagt fram áhættufé fyrst í stað. Annars skal ég ekki deila um þetta við hv. þm., en vil nota tækifærið til þess að leiðrétta þann misskilning, að Landsbankinn sé nokkuð bundinn af hámarksákvæði frv., að öðru leyti en því, að ekki skal lána út á hvert skippund meira en venja er til, en ef bankinn gerir það, ber hann sjálfur hallann af því, sem fram yfir er. En þetta skerðir vitanlega í engu vald og forræði bankans í þessum málum, þótt ríkið setji þessi takmörk fyrir ábyrgð sinni á þessum lánveitingum.

Halldór Stefánsson: Ég vil einungis þakka hæstv. forsrh. fyrir glögg og greinargóð svör við fyrirspurn minni áðan. Fyrir mér vakti það eitt, að fá upplýsingar um, hvort og hvernig hæstv. stj. hefði hugsað fyrir því að sinna rekstrarlánaþörf Seyðisfjarðar og Austfjarða yfirleitt. Ég tel þetta fyrirkomulag og úrlausn, sem hæstv. ráðh. benti á, vera eftir atvikum viðunandi, og hefi því ekki ástæðu til að segja meira að svo stöddu.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. V.-Ísf. hefir hlotið að misskilja orð mín viljandi, því að ég sagði alls ekki, að Íslandsbanki hefði haft nægilegt fé til þess að koma útgerðinni af stað, enda er slíkt hin mesta firra. En hitt voru mín orð, að ef skilanefnd hefði strax verið sett á laggirnar, þá hefði hún getað látið Landsbankann fá nóg veð, og þannig útvegað útgerðarfyrirtækjunum fé til þess að halda út yfir vetrarvertíðina. Ef þannig hefði verið farið að, hefði það orðið til hagnaðar bæði bankanum og fyrirtækjunum, því ef ekki græðist fé á vetrarvertíðinni, þá veit ég ekki hvenær. (**ÁÁ:** Hvað á skilanefndin að gera hinn tíma ársins?). Um það er ekki verið að tala hér. Ríkisábyrgðin fyrir útgerðarlánin er aðeins ætluð til vertíðarinnar. Annars skal ég geta þess, að rannsóknin gæti verið búin nú, ef þingið hefði þegar í upphafi snúizt skynsamlega í þetta mál. (**ÁÁ:** Það get ég tekið undir).

Pétur Ottesen: Ég verð nú að segja það, að mig furðar ekkert á því, þótt slíkt frv. komi fram. Það er ekki nema eðlileg afleiðing af fjármálaspeki þingmeirihlutans, þó að ríkið verði nú að taka á sínar herðar einhvern hluta af þessu áfalli. Mér var það fyllilega ljóst, að ef við synjuðum bankanum um hjálp yfir örðugasta hjallann, og gerðum hann þannig ófæran um að starfa áfram og standa skil

ríkisábyrgðar, mundi féð varla fást aftur hjá ríkissjóði, ef töp yrðu, nema því aðeins, að bankinn þyldi ekki blóðtökuna.

Ég vil svo ekki lengja umr., en aðeins skjóta því fram, að mér virðist dálítið einkennileg framkoma þeirra hv. þm., sem bezt fylgdu því fram, að ríkið tæki á sig ótakmarkaða ábyrgð á Íslandsbanka, að þeir sömu menn skuli nú rísa öndverðir gegn því, að ríkið gangi í takmarkaða ábyrgð til þess að halda framleiðslunni gangandi yfir vertíðina.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir þeim móttökum, sem frv. þetta hefir hlotið hér í þessari hv. d. Þó að einstakir þm. hafi fremur lagt á móti frv., þá hefir það allt gerzt með ró og stillingu, og vil ég mega taka það sem merki þess, að afbrigði fáist og málið nái skjótri afgreiðslu, sem og vera ber.

Hv. 2. þm. G.-K. gat þess réttilega, að ég hefði látið þau orð falla, að Landsbankinn myndi annast öll heilbrigð fyrirtæki, sem hingað til hafa notið Íslandsbanka um veltufé. En þar með er enganveginn sagt, að hann muni gera það öldungis skilmálalaust, enda hefir hann nú sett þessa skilmála. Ég vil taka undir með hv. þm. Vestm., að undir þessum alveg sérstöku kringumstæðum er óhjákvæmilegt að grípa til alveg sérstakra ráðstafana, enda þótt slíkar ráðstafanir séu ekki í beinu sambandi við meginreglur þær, sem á venjulegum tíma gilda í þessum efnum.

Þá skal ég aðeins víkja að þeirri fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf., hverjir ættu að meta hverjum lána skyldi, og hverjir ættu að ráða, hvort fyrirtækjum skyldi halda áfram, ef þau gengju illa. Svarið er ótvírætt. Allar slíkar lánveitingar eru í höndum Landsbankastjórnarinnar; hún hefir óskoraðan ákvörðunarrétt í þeim efnum. Hv. þm. spurði ennfremur um það, hvort hættulaust væri að lána þeim fyrirtækjum, sem ekki hefðu fé í fyrsta túrinn. Ég skal benda hv. þm. á það, að fyrirtæki þau, sem við Íslandsbanka hafa skipt einvörðungu, eiga þar öll sín veð, og eru því sérstaklega illa stödd, a. m. k. í svipinn, og þess vegna verður að grípa til sérstakra ráða til þess að framleiðslan geti haldið áfram yfir vertíðina. Hinsvegar skal ég játa, að vald Landsbankastjórnarinnar er mikið, en þetta frv. eykur tiltölulega lítið völd hennar, sem hún þegar hefir.

Hv. 1. þm. N.-M. benti á annan stað en Vestmannaeyjar, sem lokun Íslandsbanka hlyti að valda ýmsum viðskiptaörðugleikum, nefnilega á Seyðisfjörð. Spurðist hann fyrir um það, hvernig hægt væri að bæta úr lánsþörfinni þar, einkum í tilliti til útvegsins á Hornafirði. Ég nefndi áðan aðeins Vestmannaeyjar í þessu sambandi, af því að þörfin þar er meira aðkallandi, en hv. þm. skal ég upplýsa um það, að ríkisstj. hafði fund með bankastjórum Landsbankans í gær, og þar kom þetta einnig til athugunar. Var það álit bankastjóranna, að Landsbankinn gæti sinnt lánsþörf Seyðfirðinga í gegnum útibúið á Eskifirði, og myndi hann nota þessa heimild til þess einnig.

Ég mun leiða hjá mér að þessu sinni að svara hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. En ég skal taka undir með hv. þm. Dal., að með þessu frv. eru brotnar meginreglur að vísu, en slíkt er fullkomlega réttmætt, þegar svona sérstaklega stendur á. Gæti ég og nefnt allmörg dæmi þess, að til slíkra ráðstafana hefir orðið að grípa. Hv. þm. Dal. spurði einnig að því, hvort þessi ríkissjóðsábyrgð yrði verzlunarhúsum í Reykjavík til nokkurrar hjálpar. Ég geri satt að segja nokkurn mun á framleiðslu og verzlun, og það er mín persónulega skoðun á þessu atriði, að Landsbankinn eigi að annast slíkt upp á eigin spýtur og á eigin ábyrgð.

Hv. þm. Barð. kvaðst ekki ljá þessu frv. fylgi sitt, þar sem hann sæi enga þörf slíkra ráðstafana. Ég hygg, að jafngóðgjarn maður sem hv. þm. Barð. myndi komast að annari niðurstöðu, ef hann athugaði þetta mál til hlítar, en það hefir hann sennilega ekki gert ennþá, enda kom hann of seint til þess að geta hlýtt á þær umr., sem fram hafa farið. Ég vona, að þegar hv. þm. hefir kynnt sér þetta betur og fengið að vita, að hér er um skilyrði að ræða af Landsbankans hendi, þá muni hann sízt verða til þess að bregða fæti fyrir þetta nauðsynjamál.

Jón Auðunn Jónsson: Ég fæ nú ekki

farið. Ef Alþingi hefði afgr. málið án þess að athuga, hverjir endurreisnarmöguleikar væru fyrir hendi, þá hefði slík afgreiðsla verið þinginu til minnkunar og til tjóns þeim, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við afdrif Íslandsbanka.

Hákon Kristófersson: Ég var fjarverandi samkv. leyfi hæstv. forseta og vissi því ekki um þennan aukafund, né hvaða mál ætti að taka til umr. Nú hefi ég að vísu séð frv. þetta, er meiri hl. sjútvn. hefir borið fram, en ekki heyrt umr. þær, er fram hafa farið. Ég verð nú samt að segja það, að ég get ekki séð, hvaða nauðsyn liggur að baki þessu frv. Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. hafi lýst því afdráttarlaust yfir, að sú truflun atvinnulífsins, sem lokun Íslandsbanka myndi hafa í för með sér, myndi verða löguð, og vil ekki að svo stöddu væna hæstv. stj. um það, að hún hafi farið með staðlausa stafi og ekki gert sér neina grein fyrir því, hversu slíkum atvinnutruflunum yrði afstýrt. Ég þarf ekki að taka það fram, að öll lán og skuldabréf, sem Landsbankinn kann að veita í þessu eða öðru skyni, eru tryggð bankanum með ríkisábyrgð. Þess vegna verð ég að taka undir með hv. þm. Dal., að hér er aðeins um að ræða yfirfærslur á ábyrgð. Því hefir verið haldið fram, að ískyggilegt væri að taka ábyrgð á Íslandsbanka, en með þessari nýju ríkisábyrgð á Landsbankanum er í raun og veru tekin ábyrgð á áhættuviðskiptum Íslandsbanka, sem nú flytjast yfir í Landsbankann. Úr því að Landsbankinn treystir sér ekki til að reka þessi viðskipti án tilstyrks og ábyrgðar ríkisins, þá fer það að vera skiljanlegt, þótt fjárhagur Íslandsbanka hafi ekki verið sem glæsilegastur, sem algerlega á eigin spýtur og án fulltingis hins opinbera hefir rekið þessi viðskipti. Enda þótt ég sé hlynntur sjávarútvegi, hýst ég þó við að greiða atkv. gegn þessu frv., vegna þess að ég álít, að Landsbankinn hafi þegar í hendi sér nægileg skilyrði til þess að geta séð þessum fyrirtækjum fyrir rekstrarfé.

Um það ákvæði frv., að lánin megi ekki fara fram úr tiltekinni upphæð hvert, þá veit ég ekki almennilega, hvað ég á að segja. Er það svo að skilja, að ekki sé fullt traust berandi til Landsbankastjóranna um það, að þeir ráðstafi þessu fé á allan hátt sem skynsamlegast. Ég hefi hingað til haldið, að bankastjórnin hefði nokkurnveginn óskoraðan rétt til þess að ráða yfir þessum hlutum, en með þessu skilst mér, að verið sé að lögfesta takmarkanir á þeim rétti.

Ég vil svo að endingu biðja menn að athuga það, að afstaða mín til þessa frv. er enganveginn sprottin af andúð til þeirra fyrirtækja, sem hér eiga af að njóta, og ekki heldur af illvilja í garð stj., heldur einungis af því, að ég tel slíkt frv. öldungis óþarft vegna gildandi lagafyrirmæla, sem þegar eru fyrir hendi.

Héðinn Valdimarsson: Ég stend aðeins upp til þess að mótmæla þeirri staðhæfingu hv. frsm., að ef bú Íslandsbanka hefði verið tekið strax til skipta og fengið skiptanefnd í hendur, þá hefði eigi að síður þurft að grípa til slíkrar ábyrgðar, sem þetta frv. ræðir um. Þetta er mesta fjarstæða, því að skilanefnd hefði orðið að hleypa nýju fé fram fyrir gamlar skuldir til þess að atvinnufyrirtæki þau, sem heilbrigð eru, gætu starfað áfram yfir vertíðina. Hinsvegar hefði skilanefndin reynt að ná inn eins miklu af útistandandi skuldum bankans og tök voru á. en að svo miklu leyti sem það hefði ekki hrokkið til, myndi hún hafa útvegað fyrirtækjunum lán úr Landsbankanum, sumpart út á innieignir þeirra í Íslandsbanka og sumpart út á afla, eins og venja er til. Þetta frv. hefði því aldrei þurft að koma fram, ef slíkur dráttur hefði ekki orðið á endanlegri úrlausn Íslandsbankamálsins.

Hv. þm. Barð. og fleiri hafa reynt að halda því fram, að þar sem ríkið stæði þegar í ábyrgð fyrir Landsbankann, þá væri slík ábyrgð, sem frv. þetta ræðir um, allsendis óþörf. Þetta er að vísu rétt, að ríkið ber endanlega ábyrgð á bankanum, en ábyrgð sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er einungis tímabundin og takmörkuð, og að því leyti allt annars eðlis. Tapi bankinn fé á þessum lánum, fær hann það endurgreitt frá ríkinu og getur starfað áfram. En lánaði bankinn án sérstakrar

myndi hafa verið afstýrt, ef farið hefði verið að till. jafnaðarmanna, en ég fæ ekki skilið, hvernig það hefði mátt verða, þar sem hið hágöfuga mark jafnaðarmanna var að vinna að því af öllu afli að drepa bankann og leggja atvinnulífið í auðn. Ég vil taka það fram, að í þessu frv. er brotin ein af þeim meginreglum, sem ég hefi alltaf viljað fylgja, og hún er sú, að leggja ekki áhættuna af þessum atvinnuvegi á ríkissjóðinn, en þar sem hér eru svo mikil vandræði á ferðinni, sé ég mér þrátt fyrir allt ekki fært að standa gegn þessu frv. með atkv. mínu. Hinsvegar er það einkennilegt, að Landsbankinn skuli ekki vilja veita þessi lán án ábyrgðar ríkisins. Landsbankinn ætti sannarlega að treysta sér að meta, hvort þau lán, sem hann veitti í þessu skyni, væru trygg. Öllum hlaut að vera ljóst, að þegar stöðvaður er banki, sem hefir haft 300—400 millj. umsetningu, þá hlýtur sá banki, sem við þessu á að taka, að verða þess allmjög var. En ef Landsbankinn ætlar að heimta ríkissjóðstryggingu fyrir öllum þeim viðskiptum, sem hann tekur við af Íslandsbanka, þá fer að verða lítið um stóru orðin, að Landsbankinn geti tekið við öllu. Það sýnist þá vera ríkissjóður, en ekki Landsbankinn, sem tekur áhættuna á sínar herðar.

Ég bjóst við, að hjálp myndi nauðsynleg á öðru sviði, það er að segja, að bankann skorti fé til alls þessa rekstrar og þar yrði að hlaupa undir bagga. Ég hefi skýrt frá því, að Íslandsbanki lánaði 6 millj. til útgerðarinnar síðasta ár, og þar af voru 3 milljónir ekki frá Landsbankanum. en auk þess eru ýms stór verzlunarhús, sem Landsbankinn verður að taka við og veita lán. En sannarlega má ekki fara inn á þá braut, að ríkissjóður taki ábyrgð á öllum lánum Landsbankans á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. En úr því að stj. Landsbankans gerir þetta að skilyrði, og vill ekki að öðrum kosti bjarga útvegnum, þá sé ég ekki, að hjá því verði komizt að greiða atkv. með þessu frv.

Þegar nú ríkissjóður er leiddur út á þessa nýju ábyrgðarbraut fyrir Landsbankann, auk hinna almennu ábyrgða, sem ríkssjóður er í fyrir þennan banka, þá ætti nú flestum að verða ljóst, hve mikið skynsamlegra væri að endurreisa Íslandsbanka. Leitast við að ná samkomulagi við Hambro og Privatbankann og veita bankanum í einhverri mynd þá aðstoð, sem hann vantar.

Ég hefði búizt við því, að Landsbankinn þyrfti að fá meira fé, ef hann á að halda áfram með eigin viðskipti og svo hin í viðbót.

Þegar á sínum tíma var verið eð gera bjögunarráðstafanir fyrir Landsbankann, þá vildi ég láta útvega honum nægilegt starfsfé, þannig að hann gæti staðið á eigin beinum, og það hefði verið rétt leið í málinu. Í stað þess að gera þetta, þá var tekin ábyrgð á Landsbankanum, og þá var reynt að leyna fyrir þinginu, hvernig allur hagur bankans væri. Þau voru spöruð föstu tökin þá.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það hefir komið fram í umr., að orsök frv. sé sú, að dráttur hefir orðið á afgreiðslu Íslandsbankamálsins, en úr því, sem komið er, er ekki annars kostur en að Landsbankinn taki að sér viðskiptin, annaðhvort á eigin ábyrgð eða þá ríkissjóðs um stundarsakir.

Hvernig sem bankamálið kann að fara, þá getur hvorki skilanefndin eða væntanleg bankastjórn, sem sett verður, gefið eftir þær tryggingar, sem Íslandsbanki hefir. Landsbankinn getur aldrei fengið betri veðrétt í eignum þeim, sem veðsettar eru Íslandsbanka, en þann næsta á eftir. Nýr banki hefði auk þess aldrei komizt svo fljótt á laggirnar, að Landsbankinn hefði ekki þurft að grípa inn, a. m. k. um stundarsakir. Það hefði því verið sama að því er þetta mál snertir, hvernig Alþingi hefði afgr. bankamálið. Landsbankinn hefði alltaf orðið að koma til hjálpar, enda hefir því jafnvel verið lýst yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að taka öllum afleiðingum þess, sem koma verður. Íslandsbankamálið er nú undir frekari rannsókn og athugun, svo sem sjálfsagt var, og er að því leyti á réttri braut. Og þótt þetta frv. sé fram komið vegna þess dráttar, sem orðið hefir á endanlegri afgreiðslu þessa máls, þá afsannar það í engu réttmæti þessa frv.

Íslandsbankamálið er nú á því stigi, sem nauðsynlegt er, áður en lengra er

spyrja hæstv. atvmrh. um það, hvort þessi ábyrgð ríkissjóðs á að ná til þess eins að koma skipunum út, eða hvort ríkissjóður tekur ábyrgð á þessari útgerð alla vertíðina út. Tekur Landsbankinn ekki tryggingu í fyrsta fiski, sem á land kemur? Ef fyrstu túrarnir misheppnast, á þá að stöðva útgerðina eða ekki, og verður úrskurður í því efni falinn Landsbankastj. eða ríkisstj.?

Þessi lánveiting gæti verið til hjálpar, en með því einu móti, að skipin fái að halda áfram veiðum út aprílm. eða helzt maíloka; annars verður þetta til bölvunar, ef lánveitandinn kippir að sér hendinni í marz, þegar ef til vill 30—40 þús. kr. tap hefir orðið á útgerðinni. Það hefir sjaldan verið gróði á togaraútgerð í febr. —marz, oftast tap, oft stórfellt tap, en það hefir unnizt upp í apríl og maí. Ég er hræddur um, að þau fyrirtæki, sem hafa eigi fé til að leggja í fyrsta túrinn, þurfi á meira rekstrarláni að halda en sem nemur 60 kr. á hvert skippund. Það er hætt við, að fyrirtæki, sem ekki hafa neitt rekstrarfé, geti því ekki flotið með þessari hjálp.

Þar sem ég lít svo á, að heimild til þessarar ábyrgðar geti ekki komið að notum nema um leið sé séð fyrir auknu rekstrarfé, og þar sem ég tel, að fara eigi aðra leið til hjálpar atvinnuvegunum, og ennfremur af því þessi aðferð gefur hættulegt fordæmi, get ég ekki greitt atkv. með frv.

Halldór Stefánsson: Það er augljóst, að á þeim tveimur stöðum, þar sem einungis hafa starfað útibú frá Íslandsbanka, verður fjárþröng mest fyrir dyrum vegna stöðvunar bankans. Þessir staðir eru Vestmannaeyjar og Seyðisfjörður. Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. gat ekki um, að Landsbankinn ætlaði að hefja útlánsstarfsemi nema á öðrum þessara staða, nefnilega Vestmannaeyjum. Út af því þykir mér ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., hvort ekkert eigi að gera til að bæta úr réttmætri rekstrarlánaþörf á Seyðisfirði. Þótt þörfin sé þar máske ekki eins aðkallandi, mun þó ekki síður nauðsyn á að bæta úr rekstrarlánaþörfinni þar, enda er þar allmikill útvegur, en staðurinn hinsvegar í atvinnukreppu fyrir, sem kunnugt er, og þolir því síður ný áföll. Ég vil því þeina þeirri áskorun til hæstv. stj., að nauðsynlegum og gagnlegum atvinnurekstri við Seyðisfjörð verði séð fyrir þeirri úrlausn í þessu efni, sem nauðsynlegt er.

Jóhann Jósefsson: Frv. þetta er flutt af meiri hl. sjútvn. fyrir tilmæli hæstv. atvmrh., til að bæta úr þörf nokkurs hluta þeirra manna, sem hafa orðið fyrir barðinu á þeim afleiðingum, sem orðið hafa af stöðvun Íslandsbanka.

Sú leið, að Landsbankinn fái ríkisábyrgð á þeim lánum, sem Íslandsbanki hefir orðið að veita án nokkurrar slíkrar ábyrgðar, er mér ekki geðfelld, en þar sem útvegurinn er kominn í öngþveiti, sé ég ekki annað en að mér sé skylt að vera með þeirri aðferð. Þeir, sem ekki geta komið skipunum af stað, þeir, sem ekki geta greitt lögboðin gjöld, þeir, sem geta ekki fengið vinnulaun sín greidd, og þeir, sem ekki geta séð fyrir afkomu sinni og sinna, hafa ekki ástæður til að deila um það, hvernig styrkurinn er veittur.

Mér hefir ekki dulizt, að margt hefir verið satt og rétt sagt af þeim hv. þm., sem talað hafa, en á vissum tímum, eins og t. d. þegar ófriður geisar, verða menn að grípa til neyðarráðstafana, og nauðsynin ein knýr mig til að sætta mig við þá leið, sem hér er farin, þótt mér hinsvegar virðist hún mjög óeðlileg.

Héðinn Valdimarsson: Það hefir nú komið fram, sem við jafnaðarmenn spáðum, að þetta mál myndi kosta ríkið nokkuð. Ef okkar till. hefði verið framfylgt, þá hefði þetta aldrei komið til mála. Það virðist svo, sem stj. Landsbankans virðist ekki algerlega tryggt að lána út á þau veð, sem Íslandsbanki hefir tekið gild, en við jafnaðarmenn höfum lýst yfir því, að við viljum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að styrkja atvinnuvegina, og því munum við greiða atkv. með þessu frv.

Sigurður Eggerz: Ég mun leyfa mér að halda mér við það frv., sem hér liggur fyrir, og fara ekki inn á Íslandsbankamálið. Þó vil ég aðeins geta þess, að hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þessari kreppu

liggur þannig fyrir, að hæstv. forsrh. og sócialistarnir hér í d. hafa áður marglýst því yfir, að Landsbankinn væri reiðubúinn til að taka að sér rekstur þeirra fyrirtækja, sem lífvænleg væru, af viðskiptaaðilum Íslandsbanka, án þess að þyrfti að koma til kasta ríkisins. Og þar sem nú ekki virðist vera sýnileg áhætta af þessum lánum, þykir mér lítil ástæða fyrir Landsbankann að fara fram á þessa ábyrgð, því fremur sem ríkissjóður ber ábyrgð á öllum viðskiptum Landsbankans yfirleitt. Þó að greint sé á milli heildarábyrgðar ríkissjóðs á bankanum og þessarar sérstöku ábyrgðar, þá virðist hún í eðli sínu óþörf og engin ástæða til að binda ríkissjóði þennan bagga. Ef það á strax að binda ríkissjóði slíka bagga að ástæðulausu, hvað mun þá verða síðar í þessum málum?

Með frv. þessu er borin fram fyrsta ríkisábyrgðin, sem stj. fer fram á vegna lokunar Íslandsbanka, en það verður áreiðanlega ekki sú síðasta, ef bankanum er nú lokað að fullu. Ég er sannfærður um, að þeir valdhafar, sem telja sig ekki geta komizt af án þessarar ábyrgðar, þeir komast áreiðanlega ekki framhjá stærri ábyrgðum síðar. Það er gott, að það kemur nú þegar í ljós, að ríkissjóður kemst ekki hjá að taka á sig ríflegar ábyrgðir, ef bankanum verður lokað til fulls.

Ég hefi ekki viljað flytja þetta frv., en fyrst valdhafarnir eru nú búnir að stofna bankamálunum í þetta öngþveiti, þá treysti ég mér ekki til að standa á móti því, að lánsfé verði beint til atvinnuveganna. Það er ekki á mínu valdi að velja leiðir til slíkra bjargráða; um þær úrlausnir verða valdhafarnir að ákveða. Í þessu tilfelli mun ríkisábyrgð með öllu óþörf, og hygg ég, að betra væri að geyma ábyrgðargetu ríkissjóðs þangað til síðar. Ég mun leggja ábyrgðina af þessum málum á herðar valdhafanna.

Jón Auðunn Jónsson: Það munu fáir hafa búizt við því, að frv. þessu líkt mundi koma hér fram í þinginu, eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. atvmrh. gaf, þegar rætt var um Íslandsbankamálið á lokaða fundinum í Sþ. Hæstv. atvmrh. fullyrti þá, að hann væri búinn að tala við stj. Landsbankans og ráðstafa því, að Landsbankinn tæki að sér að veita rekstrarfé þeim lífvænlegu atvinnufyrirtækjum, sem áður skiptu við Íslandsbanka. En hvað er hér á ferðinni? Hver á að meta og greina í sundur, til hverra lánin skulu veitt? Ekki væri óeðlilegt, að ríkisstj. léti annast það, þar sem ríkissjóður á að taka ábyrgðina. Annars lýsir fyrirhyggjuleysi hæstv. stj. sér hér í þessu eins og öllu Íslandsbankamálinu yfirleitt. Henni mátti vera það ljóst, að erfitt myndi vera að koma á flot öllum þeim útveg, sem lífvænlegur er og Íslandsbanki hefir styrkt með lánsfé að undanförnu, nema því aðeins, að Landsbankinn hefði gefið ákveðin loforð um að taka hann að sér og tryggt sér að einhverju viðbótarlánsfé erlendis. Þetta fullyrti hæstv. atvmrh. í upphafi, að séð væri fyrir, en nú er það sýnilegt, að Landsbankinn hefir engin loforð gefið í þessu efni. Hér er verið að binda ríkissjóð við áhættusamasta atvinnuveg landsmanna, atvinnuveg, sem að vísu er aðallífæð þjóðarinnar. Við þessa ráðstöfun eykst ekki veltufé landsmanna, en aukning veltufjár í hlutfalli við það, sem Íslandsbanki hefir haft frá útlöndum, er nauðsynleg, ef forðast á stöðvun atvinnuveganna. Ríkissjóðsábyrgðin er ekki úrlausn, en hún er hættulegt fordæmi.

Ég þykist þess fullviss, að þessar dyr, sem hér er verið að opna, muni ekki verða svo harðlæstar á næstu árum, að þær verði ekki opnaðar upp á gátt þegar á verður knúð, og hver komizt þar inn um sem vill.

Ég geri ráð fyrir því, að það verði svo í framkvæmdinni, að Landsbankinn ráði, hverjum eru veitt lánin, og þá fæ ég ekki skilið, hvers vegna hann biður um ábyrgð. Samkv. gildandi lögum hefir hann ótakmarkaða ábyrgð ríkisins, og því sé ég ekki, hvaða ástæða er til þess, að hann fái sérstaka ábyrgð fyrir þessari upphæð. Ég held satt að segja, að þegar lagt er út á þá braut að láta ríkissjóð ganga í sérstakar ábyrgðir, þótt það sé nú bundið við eina milljón, þá muni mörgum þykja sem þeir eigi heimting á láni, hvort sem líkindi séu til, að þeir geti greitt þau eða ekki. Nú vildi ég

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

---

19. Ríkisábyrgð á rekstrarláni til útgerðar.

Á 24. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar (þmfrv., A. 116).

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og grg. frv. ber með sér, þá er það flutt að ósk hæstv. atvmrh. og samið í samráði við bankastjóra Landsbankans. En þeir telja það nauðsynlegt, að ríkið veiti ábyrgð fyrir allt að einnar millj. króna rekstrarláni til útgerðar á meðan Íslandsbanki er lokaður. Þetta frv. kemur ekkert við endanlegri lausn Íslandsbankamálsins. Það miðar aðeins til þess, að sú útgerð, sem Íslandsbanki hefir aðallega staðið að, þurfi ekki að stöðvast. Ég hygg, að allir séu sammála um að greiða fyrir útgerðinni og lofi þessu frv. að ganga mótspyrnulaust í gegnum þingið. Hitt kann einhver að segja, að Landsbankinn gæti lánað til þessarar útgerðar án sérstakrar ríkisábyrgðar; um það skal ég ekki þrátta. En úr því að Landsbankinn setur þetta skilyrði fyrir lánveitingunni, er rétt að þingið hafi vitið meira og gangi að því. Landsbankastjórarnir telja þetta skilyrði um ábyrgð ríkissjóðs á einnar millj. kr. láni nauðsynlegt á meðan verið er að koma útgerðinni af stað, þangað til sá afli, sem bankinn fær að veði, er kominn á land. En ríkissjóður nýtur aftur þeirra trygginga, sem bankinn fær í aflanum.

Þessi orð læt ég fylgja frv. og vona, að það fái greiðan gang gegnum þingið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins þakka hv. meiri hl. sjútvn. fyrir að flytja þetta frv. Ég hefi litlu að bæta við það, sem hv. frsm. sagði. Frv. er sprottið af viðtali stj. við bankastjóra Landsbankans, til þess að stuðla að því, að sem minnstar hindranir yrðu á útgerðinni vegna lokunar Íslandsbanka.

Ég hygg það megi vona, að þessari ábyrgð fylgi ekki mikil áhætta. Aðaláhættan, er fylgir slíkum rekstrarlánum, sem hér er um að ræða, er sú, að þeim skipum, sem lánin eru veitt til, hlekkist eitthvað á. Eins og frv. ber með sér, þá er hér um bráðabirgðaráðstöfun að ræða á yfirstandandi vetrarvertíð.

Það er búizt við, að á þessu þingi verði síðar teknar ákvarðanir út af því stóra máli, sem hér hefir verið til umr. undanfarið. Þó að ágreiningur hafa verið hér í hv. d. um það, hvernig ætti að afgreiða málið um stöðvun Íslandsbanka, þá vona ég, að enginn ágreiningur rísi um þetta frv.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að leita afbrigða um þetta frv. hér í d., og vona, að hv. þdm. bregðist vel við því, svo að málinu verði lokið í dag með nægilegum hraða til þess að það geti líka gengið í gegnum Ed. Nú um helgina þarf að gera ráðstafanir til þess að greiða úr lánsþörf útvegsmanna í Vestmannaeyjum.

Ólafur Thors: Ég á sæti í sjútvn., en er þó ekki meðflm. að þessu frv. Þess vegna vil ég gera grein fyrir afstöðu minni.

Hér er farið fram á, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð, allt að 1 millj. kr., á töpum, sem leiða kann af lánveitingum Landsbankans til atvinnufyrirtækja, sem rekin hafa verið með lánum úr Íslandsbanka. Tilgangurinn er sá, að í byrjun verði rekstrarlán veitt til þessara fyrirtækja, gegn veði í afla, sem enn er í sjónum. En síðan veitir Landsbankinn framhaldslán gegn veði í afla, sem kominn er á land. Áhætta ríkissjóðs er auðvitað áhættan af þessum viðskiptum, en hún getur þó aldrei orðið meiri en 1 millj. kr. Málið

Magnús Jónsson: Ég skal leyfa mér að gera grein fyrir atkv. minu. Málinu hefir verið snúið á skakka braut, með því að ræða svo um það sem styrkþeginn ætti sjálfur að endurgreiða fé, af því að svo hittist á, að hann er sjálfur þm. Hér er að ræða um stjórnarathöfn, og ef þingið fellir niður aukafjárveiting, sem stj. ein ber ábyrgð á, er aðeins verið að víta hana fyrir að veita fé í heimildarleysi, án þess að gefa réttum aðiljum skýrslu. Þetta er svo vítavert, að ég get ekki annað en greitt brtt. atkv. Ég álít, að það sé minnsta krafa, að stj. geri grein fyrir styrknum, og sé ekki, að komizt verði hjá að gera aths. við þennan lið í landsreikningnum, þegar þar að kemur.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal aðeins leyfa mér að benda á, að í 6. lið 9. gr. hefir misprentazt kr. 39567.47 í stað kr. 39576.47. Geri ég ráð fyrir, að þetta megi leiðrétta við uppprentun.

ATKVGR.

Brtt. 484 felld með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, MG[1]), MJ[2]), ÓTh. PO, HK[3]), JAJ[4]).

nei: JörB, LH, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HG, HV, IngB, BSv.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Sex þm. (MT, ÁÁ, HStef, HJ, JJós, JÓl) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég mun, þar sem liðið er af miðnætti, ekki halda langa framsöguræðu. N. hefir tekið fram á þskj. 548 það, sem þurfa þykir. En ég vil þó taka það fram, að n. hafði lítinn tíma til starfa, enda ber nál. það að nokkru leyti með sér. Í því er nefnil. einn misgáningur, sem ekki hefði átt að vera. Þar er sagt, að hv. Nd. hafi setið á þessu frv. nærri allt þingið. En þetta er skylt að leiðrétta, því frv. var ekki lagt fram þar fyrr en seint í marz. En frv. er ótölusett og því illt að átta sig á því, hvenær það var lagt fram. Hinsvegar vissi n., að fjáraukalagafrv. var lagt fram í Nd. snemma þings, en það var fyrir árið 1928. Þetta villti. En það er þá stj., sem hefir verið seint tilbúin með það.

N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hyggur hún, að þær greiðslur, er það getur um, séu hvorki verr né betur rökstuddar en gerzt hefir á undanförnum þingum um fjáraukalög. En sú almenna röksemd fylgir frá n., að æskilegast sé, að sem allra minnst sé gert að því að greiða upphæðir utan fjárlaga.

Skal ég svo ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu, en vil fyrir n. hönd leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

1) Með svofelldri grg.: Með þeirri aths., að styrkþeginn endurgreiði ekki sjálfur upphæðina, segi ég já.

2) Með svofelldri grg.: Af þeim ástæðum, sem ég greindi í ræðu minni, segi ég já.

3) Með svofelldri grg.: Með sama formála sem hv. 1. þm. Skagf. segi ég já.

4) Með svofelldri grg.: Af sömu ástæðum og hv. 1. þm. Reykv. segi ég já

Pétur Ottesen: Í þessu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929, sem hæstv. stj. hefir borið fram, er að venju gerð í aths. grein fyrir greiðslum þeim, sem standa í frv. Frá þessu er þó ein undantekning, sem sé 9. liður, 3000 kr. utanfararstyrkur til Magnúsar Torfasonar, sýslumanns í Árnessýslu. Fyrir þessari greiðslu er engin grein gerð. Við 1. umr. þessa máls var hæstv. stj. spurð, hvað lægi til grundvallar þessari greiðslu. Ekkert svar. Í fjvn. var hæstv. stj. spurð um hið sama. Ekki heldur neitt svar. Við 2. umr. þessa máls var stj. enn spurð. Enn sama þögnin. Í tilefni af þessu höfum við nú þrír úr fjvn. flutt brtt. um að fella þennan lið niður af fjáraukalögum, og tilgangurinn er, að Alþingi samþykki ekki greiðsluna. Okkur finnst það vera hið minnsta, sem þingið getur farið fram á, þegar stj. greiðir eitthvað án heimildar, að stj. geri fulla grein fyrir greiðslunni. Það er og yfirleitt svo, að þetta er gert, og þetta mun vera eina undantekningin, a. m. k. í þetta sinn. Við höfum því gert þessa tilraun, til þess í fyrsta lagi að knýja fram svar, og í öðru lagi að leggja það á vald þingsins, hvernig það lítur á heimild stj. til greiðslu utan fjárlaga; hvort stj. er heimilt að greiða fé í heimildarleysi, án þess að gera grein fyrir. Þetta liggur nú fyrir hv. deild, og verður eftirtektarvert, hvernig atkvgr. fellur.

Magnús Torfason: Ég tek ekki til máls af því, að mér sé skylt að verða hér fyrir svörum. Það er vitanlega stjórnarinnar að svara, ef hún óskar þess eða telur þess vert. Ég ætla mér ekki heldur að skýra málið neitt af minni hálfu. Eins og hv. þm. er kunnugt, er mér meinað að greiða atkv. um tillöguna, og því síður er rétt af mér að reifa málið á nokkurn hátt og reyna þannig að hafa áhrif á atkvgr. Og ég skal gera meira. Ég skal fara út meðan þetta verður rætt, svo að ekki verði sagt, að ég sé að horfa atkv. út úr hv. þdm. Annars get ég lýst yfir, að ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvort ég verð útlægur um nokkra tíeyringa. Að síðustu skal ég geta þess, að ég mun taka hv. þm. Borgf. og þann, sem hann sendi, til bæna við eina umr. fjárl., þegar þau koma aftur úr hv. Ed., ef efni verða til.

Einar Jónsson: Mér finnst þessi brtt. 3 hv. fjvnm. harla einkennileg, þar sem kunnugt var áður, að búið var að veita styrkinn, enda þótt í fullu heimildarleysi væri, og maðurinn hafði farið utan í fullu trausti þess, að förin mundi verða þjóðinni til gagns og að hann mundi ekki verða krafinn um endurgreiðslu. Ég álít, að þar sem hér er um svo lítinn blóðmörskepp að ræða úr potti hæstv. stj., þá sé harkalega farið með hv. 2. þm. Árn., ef nú á að fara að krefja hann um endurgreiðslu til ríkissjóðs, og öfunda ég ekki hv. þm. Borgf. af því, eða neinn, sem fyrir því stendur. Þó að margir trúi, að lítið gagn hafi stafað af þessari för, þá er þó hastarlegt að krefja þann, sem förina fór. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Árn., að stj. á að svara hér til. En ég veit, að verði harkalega að farið, mun hv. 2. þm. Árn. greiða þessa upphæð úr sínum vasa, enda þótt rétt væri, að stj. greiddi hana sjálf úr sínum sjóði, eða sá ráðh., sem hér á hlut að máli.

Pétur Ottesen: Ég skal taka það fram, að ég snéri máli mínu ekki til hv. 2. þm. Árn., heldur eingöngu til hæstv. stj. Stj. verður í þessu efni vitanlega að bera ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þinginu, en ekki hv. 2. þm. Árn. Hvað farið hefir milli hans og hæstv. stj., kemur þinginu ekki við. Það er eingöngu stj., sem ég snéri máli mínu til. Hér eru 2 ráðh. staddir í deildinni, og er ég í mínum fyllsta þingmannsrétti, er ég geri kröfu til, að upplýst sé um, hvernig á þessari greiðslu stendur. Fáist engar upplýsingar um þetta mál frá stj., verður hver þdm. að gera upp við sig, hvernig hann lítur á heimild stj. til fjárgreiðslna í heimildarleysi, án þess að gera grein fyrir þeim.

Þar sem hv. 2. þm. Árn. talaði um að taka mig til bæna við eina umr. fjárl., skal ég láta hann vita, að ég mun að mér heilum og lifandi vera viðstaddur og láta það koma á móti bænargerðinni, sem við á.

Það var ástæðulaust af hv. 1. þm. Rang. að tala um, að ég beindi skeytum að hv. 2. þm. Árn. Það gerði ég alls ekki, heldur beindi ég máli mínu til stj., því að hún ein ber ábyrgð gagnvart þinginu.

sem hv. n. flytur; mér liggur það í léttu rúmi um þessar færslur, sem heyra til alþingishátíðinni og þeim kostnaði, sem verður að stofna til á Þingvöllum. Ég sé ekki ástæðu til að fara nákvæmar út í ræðu hv. frsm. Býst við, að okkur beri í raun og veru ekkert á milli, þegar öllu er á botninn hvolft. — Ræðu hv. 2. þm. Skagf. sé ég ekki ástæðu til að svara.

Ingólfur Bjarnarson: Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af ummælum hv. 2. þm. Skagf. viðvíkjandi gólfdúkum, sem Laugaskóli hefir fengið, þar sem hann var eitthvað að orða það, að hann hefði fulla ástæðu til að halda, að skólanefnd Laugaskóla hefði ekki álitið þessa dúka nauðsynlega. Hún hefði ekki beðið um þá, og hefði kannske viljað senda kennslumálaráðherranum þá aftur.

Ég vildi lýsa yfir því, að þessar dylgjur eru ekki eftir mér hafðar, og það því síður, sem mér er kunnugt um, að þessum gólfdúkum var tekið mestu feginshendi; voru enda mjög mikil nauðsyn. Gólfið var sprungið, og stafaði af því óþægindi og óhollusta. Þegar kennslumrh. útvegaði skólanum þessa gólfdúka, var því auðvitað tekið með sérstökum þökkum og viðurkenningu af skólanefndinni.

Annars finnst mér dálítið einkennilegt, þegar maður lítur yfir fjáraukalögin, bæði þessi, sem hér liggja fyrir, og undanfarið, og athugar þær mörgu fjárveitingar til misjafnlega nauðsynlegra hluta, hversu lítil vinsemd kemur fram hjá hv. 2. þm. Skagf. í garð þessa umrædda skóla, með því að átelja sérstaklega þessa smáupphæð, sem veitt var skólanum án þess að hann legði fé fram á móti. Lítur út fyrir, að þetta sé sprottið af sérstakri óvild til skólans, þó ég telji það furðulegt.

Jón Sigurðsson: Ég held, að hæstv. dómsmrh. hafi orðið eitthvað utan við sig, því að allan seinni hluta ræðu sinnar var hann að svara því, sem ég hafði ekki talað um. Hann talaði um, hvort húsameistari ætti að halda aðskildu efni fyrir hverja byggingu. Ég sagði bara, að bókhald þess manns og allar færslur sýndu, að hann hefði svo lítil yfirtök á þessum málum, að hann hefði ekki hugmynd um, hvað búið væri að greiða til einstakra bygginga. Ég átaldi það, að hann hefði ekki það vald, sem hann ætti að hafa. Það var algerð vitleysa, sem hæstv. dómsmrh. ásakaði mig um. Hvað viðvíkur þessum greiðslum vegna alþingishátíðarinnar heldur hann því fram, að þær séu borgaðar vegna ákvarðana hátíðarnefndarinnar. Hún hafi ákveðið að færa húsin. En hver fékk hana til að samþykkja þetta? Hver var það annar en hæstv. dómsmrh. sjálfur, sem átti upptökin?

Þegar það var samþ., mun þó hafa verið gert ráð fyrir miklu minni kostnaði heldur en síðar reyndist. Annars vil ég segja hæstv. dómsmrh., að hvort sem það er stj. eða nefndin eða einstakir menn, sem fara með fé ríkissjóðs illa, þá mun ég ekki spyrja hann leyfis að átelja það. Ég tel mig hafa fullan þingmannsrétt til þess. Naglaskapinn, sem hann brigzlaði mér um, læt ég mér í léttu rúmi liggja. Ég held, að fleiri kysu sér hann en fjársóunina, sem hæstv. dómsmrh. er eiginlegust.

Ég hefi aldrei dregið í efa um aðstandendur Laugaskólans, að þeir hafi ekki tekið gjöfinni þakksamlega, heldur hitt, hvort þeir vildu leggja fram sinn helming á móti, eins og þeir áttu að gera samkv. lögum. Hér er því að ræða um gjöf, sem hæstv. dómsmrh. hafði ekki heimild til. Hann getur gefið sitt fé, en ekki ríkissjóðs. — Ég þarf ekki fleiru að svara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 446,1—4 samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470, 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 484. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

stoðarvinnu í skrifstofu hans, sem annars hefði orðið að greiða beint úr ríkissjóði. En hvað ætli hefði komið íhaldsverkfræðingi, sem vann á sama hátt, til þess? Það er þess vegna mjög seinheppilegt, að það er einn af þeim starfsmönnum ríkisins, sem bezt stendur í stöðu sinni, þegar verið er að dylgja um óráðvendni hjá honum í sambandi við það góða starf, sem hann vinnur.

Ég heyrði líka, að hv. þm. var mjög óánægður yfir því, að stj. lét setja dúka á steingólfin í Laugaskólanum. En mér er alveg sama, hvað hv. þm. segir um það, því að þegar um menntastofnun er að ræða með um 60 nemendur, og þegar það er vottað, að þeim stafi hætta fyrir líf og heilsu af þessari vöntun á húsinu, og vantar fé til að ráða bót á henni, þá hleypur stj. undir bagga, sem hefði alveg eins verið gert, þó að sú stofnun hefði staðið í kjördæmi hv. þm. Það eru t. d. margar upphæðir, bæði fyrr og síðar, sem stj. hefir varið til Blönduósskólans, sem þó á að heita einkafyrirtæki.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. frsm. gerði ýmsar smávegis aths. við þetta frv. Ég ætla ekki að deila neitt við hv. þm. um þær aths., sem hann hefir gert. Ég geri ráð fyrir því, að sumar þeirra hafi að einhverju leyti verið á rökum byggðar.

Hv. þm. minntist fyrst á aðgerðina á húsinu í Kirkjustræti, sem er eign ríkissjóðs, og talaði svo, sem aðgerðin hefði orðið óeðlilega dýr. Ég minnist á þetta vegna þess, að þetta er eingöngu mín ráðstöfun, að gert var við þetta hús. Það stóð svo á, þegar hinn nýi dyravörður kom hér að háskólanum, að hann átti að fá íbúð hjá ríkissjóði. Hann taldi íbúðina ekki forsvaranlega og að það yrði að leggja sér til húsnæði úti í bæ og ríkissjóður yrði að greiða húsaleiguna. Þetta reyndist á rökum byggt, því að húsameistari skoðaði íbúðina og taldi hana óboðlega og mikla þörf á að gera við húsið. Hann gerði áætlun og hafði umsjón alla, eftir minni beiðni. Hvort þessi viðgerð hefir orðið óhæfilega dýr, skal ég ekki segja neitt um; til þess brestur mig sérþekkingu. Ég veit ekki til, að fjvn. hafi skoðað húsið eða kynnt sér, hve mikið hefir verið gert við það, og mér er heldur ekki kunnugt um það, að hún hafi sent „fag"-fróðan mann til að skoða það. En ef svo er ekki, þá finnst mér mjög hæpið fyrir hv. fjvn. að slá því föstu, að þessi aðgerð sé óhæfilega dýr. En það er líklega svo um allar húsaviðgerðir í Reykjavík, að þær séu nokkuð dýrar, eftir því sem hljóðið í mönnum er um það.

Þá minntist hv. þm. líka á 5. liðinn í 6. gr., sem er styrkur handa glímumönnum, sem fóru til Þýzkalands í fyrra. Þann styrk hefi ég líka veitt upp á mitt eindæmi, og þess vegna skal ég aðeins segja frá því, að þessi hópur glímumanna átti mjög erfitt uppdráttar fjárhagslega með sitt ferðalag, sem varð þeim miklu dýrara en þeir bjuggust við. Þegar þeir komu hingað heim aftur, höfðu þeir orðið að taka bráðabirgðalán í Þýzkalandi, til þess að komast heim, en sómi þeirra var í veði, að ekki stæði á greiðslu. Þeir höfðu engin efni til að borga með, þegar hingað kom, en hinsvegar höfðu þeir gert landinu mikinn sóma og vakið athygli á þessari íþrótt. Þess vegna taldi ég rétt að veita þennan styrk, svo ég skal gjarnan taka á móti ákúrum fyrir það, en ég taldi, að þetta væri nauðsyn, bæði vegna sóma landsins og sóma þeirra.

Þá minntist hv. frsm. á 9. gr. og ýmislegt því viðvíkjandi og þær brtt., sem hv. n. flytur við þá gr. — Það er nú svo um þessar aðgerðir á Þingvöllum og þessa alþingishátíð, sem fyrirhuguð er, að það er eins og flestir vilji að nokkru leyti afneita þeim kostnaði, sem af henni hefir stafað og mun stafa. Það er eins og þeir vilji telja, að þetta eða hitt komi sér ekki við. En ég vil aðeins slá því föstu, að þær aðgerðir, sem fram hafa farið á Þingvöllum árið sem leið, hafa allar að meira eða minna leyti verið gerðar vegna alþingishátíðarinnar. Um hitt skal ég ekki deila, á hvaða liði þær verða færðar, en það vita allir, að þessar aðgerðir á Þingvöllum hefðu ekki verið gerðar, ef alþingishátíðin hefði ekki verið í aðsigi; það er fyrir mér aðalatriðið, en ekki það, þótt Pétur eða Páll séu að togast á um það, að þetta sé ekki sér að kenna. Það er aukaatriði, því að ríkissjóður borgar allt að lokum. Ég mun þess vegna engar aths. gera við þær brtt.,

skipuð er mönnum úr öllum flokkum. — Ég get náttúrlega að nokkru afsakað hv. þm., m. a. vegna ókunnugleika hans, en því er hann þá að vaða elginn um þetta? Hv. þm. veit líka vel, hvenær og af hverjum þessi n. er sett. Af þessu leiðir það, að þegar hátíðarnefndin hefir ákveðið, að húsin skuli vera á öðrum stað, verður að flytja þau. En það er vitanlega hátíðarkostnaður. Svo varð að setja brú yfir ána og nokkra metra af vegi. En þetta er vitanlega allt fyrir þjóðina, en ekki landsstj. sérstaklega. Ennfremur ber að líta á það, að hátíðarnefndin sem slík fær miklar tekjur af hátíðinni, svo að skiptir hundruðum þúsunda, og er það þá kannske meining hv. þm., að það eigi að lokka fjölda manna, útlendra og innlendra, óviðbúna þangað, svo að ekki sé að neinu séð fyrir nauðsynjum þeirra, aðeins til að ná í peninga fyrir ríkissjóð? Nei, hv. 2. þm. Skagf. verður að fara heim og læra betur. Það er a. m. k. áreiðanlegt, að ef hv. þm. ætlar að fara að slá sparnaðarmynt á þessu, þá verður hann að koma að einum sinna flokksbræðra, hv. þm. Seyðf., sem neitaði að vera í n., nema ef lagðar væru 300 þús. kr. í nýjan veg til Þingvalla. Ég studdi þetta og öll n. með mér, og þingið hefir heimilað, að vegurinn verði lagður, til að forða slysum og manndauða í sambandi við hinn mikla þjóðflutning til og frá hátíðinni.

Hv. þm. minnist alls ekki á það, að langur vegur hefir verið lagður út á leirurnar, þangað, sem tjaldstaðurinn á að vera. Það er ekkert meiri heimild til að leggja þann veg en veginn heim að húsunum, en það er þá kannske íhaldsvegur út á leirurnar og upp í Bolabás, svo að þess vegna hefir hv. þm. ekki minnzt á það!

Þegar það er athugað, að hátíðarnefndin hefir haft mikla vinnu, haldið töluvert á annað hundrað fundi, án þess að heimta nokkuð fyrir það, þá eru a. m. k. ekki neinir persónulegir hagsmunir við það bundnir að vinna að þessu, en við höfum yfirleitt gert það með ánægju, að vinna að því að fullnægja réttlætis- og fegurðarkröfum beztu manna í landinu, og við gerum það jafnt fyrir því, þótt við vitum, að einhverjir naglar séu til, sem vilja hafa allt á Þingvöllum í eymd og niðurníðslu. Ég fyrir mitt leyti kannast við þann hugsunarhátt, sem liggur á bak við ræðu hv. 2. þm. Skagf. En það eru, sem betur fer, fleiri þm., sem hugsa nokkuð öðruvísi um Þingvelli en hv. þm. gerir.

Ég hefi þá sýnt fram á það hér, að hv. þm. veður tóman reyk í ásökunum sínum um þetta mál, og ennfremur um það, að hv. þm. hyggst að gera hátíðarnefndina ómerka að sínum ráðstöfunum, sem hún er fær um að borga af tekjum hátíðahaldsins.

Þá kem ég að þessum útúrsnúningi hv. þm. um bókhaldið. — Hátíðarnefndin hefir ráðsmann, sem heitir Magnús Kjaran, annan, sem heitir Geir Zoëga, og hinn þriðja, sem heitir Guðjón Samúelsson. Þessir allir annast greiðslur fyrir n. Ég veit ekki, hvers vegna þeir tveir hinir fyrstu hafa ekki verið skammaðir af hv. þm., því að það er alveg jafnmikil ástæða til að ráðast á þá eins og Guðjón Samúelsson, en kannske þeir greiði atkv. með íhaldinu við kosningar? En ég held, að það séu engar líkur til, að hv. 2. þm. Skagf. hafi mikla ánægju af að skammast út af því þótt húsameistari ríkisins geymi ekki allt, sem heyrir til vinnunni á Þingvöllum, í sérstökum skáp, því að það hefir aldrei fallið neinn grunur á Guðjón Samúelsson um það, að hann hnupli frá ríkinu, ekki einu sinni vöxtum, sem margir íhaldsmenn telja skyldu embættismanna.

Þá kem ég að bókhaldinu. Það er oft svo, að húsameistari hefir um tuttugu opinberar byggingar undir í einu, og þá ætlast hv. þm. auðvitað til, að hann hafi sérstakan sjóð fyrir hverja einstaka byggingu, en svo má, eftir kenningu hv. þm., heldur aldrei neitt blandast saman í hinum 20 skápum. Heldur þá hv. þm. t.d., að Geir Zoëga hafi peninga Hvammstangavegar og Skagafjarðarbrautar í sérstökum skápum? Það er annars bezt að segja það, fyrst hv. þm. er alltaf að leggja þennan starfsmann í einelti, að þegar hann teiknaði Landsbankann, að mestu leyti í sínum frítíma, þá lagði hann þá peninga, sem hann fékk fyrir það, aftur til ríkisins. Það voru um 15 þús. kr. Sú upphæð var lögð í sérstaka sparisjóðsbók og gekk í mörg ár til að greiða að-

húsið, hin svokallaða Valhöll, var sett í mýrarsvakka, sem kostaði ærið fé að lagfæra, sem sé 3500 kr., og auk þess kostaði stórfé að gera veg að þessum tveimur húsum, ekki minna en 10350 kr. Auk þess varð að byggja brú, sem kostaði yfir 10000 kr., til þess að vegurinn yrði nothæfur. M. ö. o. það er búið að koma í þetta milli 30—40 þús. kr. Það er svona álíka upphæð og varið er á einu fjárhagstímabili til sumra stærri héraðanna til vegabóta, og það er óhætt að segja það, að þau héruð, sem hafa fengið slíka upphæð, hafa þótzt bera vel úr býtum.

Til glöggleika skal ég leyfa mér að lesa upp dálítið úr þessum greiðslum; er það ekki ófróðlegt til að fá gleggra yfirlit yfir alla ráðsmennskuna. Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, nefna þessar greiðslur:

Flutningur Valhallar	19000 kr.
Flutningur konungshússins ..	13500 —
Lagfæring umhverfis Valhöll	3500 —
Vatns- og skólpleiðsla til Valhallar	1300 —
Vegur að Valhöll	7000 —
Vegur að konungshúsi	3350 —
Ýmis kostnaður við þessi verk	3420 —
Brú á veginum	10000 —
Auk þessa er líka vatnsveita, sem kostar	3500 —

sem gert er ráð fyrir, að Valhöll og konungshúsið njóti góðs af. — Þannig er þá búið að sóa úr ríkissjóði á milli 60 og 70 þús. kr. í þetta.

Ég ætla svo ekki að rekja þessa sögu lengur. Við teljum, að hér hafi ekki verið vel á haldið, síður en svo, og mér er nær að halda, að með hagsýni og viðleitni til að spara fé ríkissjóðs hefði áreiðanlega mátt komast af með a. m. k. ⅔, ef ekki helming þess fjár, sem eytt hefir verið til þessara hluta.

Um færsluna á ýmsum þessum útgjöldum ætla ég ekki að ræða, því að hv. frsm. n. hefir gert það að umtalsefni, og það ekki að ástæðulausu. Það er óhætt að segja, að það er beinlínis hrapallegt, þegar maður fer að leita sér frekari upplýsinga, t. d. hjá húsameistara. Yfirleitt veit hann ekki um kostnað við ýmsar byggingar, sem ríkissjóður leggur stórfé í, hefir ekki nokkuð með það að gera, nema svona að ávísa á það nokkrum tugum þúsunda stöku sinnum; það eru hinir og aðrir, sem þar koma til skjalanna. Það er sýnilega ekkert heildaryfirlit yfir neitt, heldur er látið vaða nokkuð á súðum, sem kallað er, um þær fjárreiður, sem að byggingunum lúta. Þetta finnst okkur með öllu óhæfilegt, og það var með þetta fyrir augum, sem við sáum okkur neydda til að gera fyrirvara.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi ekki alltaf getað fylgzt með umr. um þetta, en heyrði þó síðari hlutann af ræðu hv. 2. þm. Skagf. og vildi leiðrétta þar nokkur atriði.

Hv. þm. gerði að umtalsefni umbæturnar á Þingvöllum vegna hátíðahaldsins, og ég get náttúrlega skilið það vel, þar sem hann hefir sennilega ekki komið á Þingvöll síðan 1919, þegar Framsóknarflokkurinn hélt þar mikinn fund, að hv. þm. sé ókunnugt um þær breyt., sem gerðar voru í sumar, og sömuleiðis ókunnugt um það, hvernig stendur á þeim. En það, sem er vítavert hjá hv. þm., er það, að hann skuli vera að fjölyrða um það, sem hann veit svo lítið um. Auk þess býst ég við, að smekk hv. þm. sé þannig háttað, að hann, eins og flestir afturhaldsmenn, hafi ekki mikla tilfinningu fyrir því, hvort Þingvellir líta þannig út, að sómasamlegt sé fyrir land og þjóð, og það sérstaklega á þessum tíma, þegar búizt er við, að þangað komi um 20 þús. manna næsta vor frá mörgum löndum.

Hv. þm. vissi það ekki, eða færði það vísvitandi til verra vegar, að hátíðarnefndin ákvað, að húsin á Þingvöllum skyldu vera færð af völlunum, þar sem allir smekkmenn hafa fordæmt að hafa þau, og þar sem þau voru sett fyrir mörgum árum af þeim mönnum, sem ekki höfðu þann smekk í þjóðlegum efnum, sem menn hafa nú. Þessi hús hafa alltaf verið þar til skammar. T. d. var Valhöll svo hræðilega útlítandi, að það getur varla verið, að jafnvel hv. 2. þm. Skagf. vildi telja sæmilegt að hafa hana þar eins og hún leit út. Það er því ekkert annað en ósvífni af hv. 2. þm. Skagf. að vera að blaðra um þetta, því að stj. hefir ekki gert þetta frekar en þingið sjálft ákvað að gera fyrir tilstilli hátíðarnefndar, sem

unnið hefir verið í skólamálum hér á landi, ef dæma skal eftir því, að í 2 ár samfleytt hélt hæstv. ráðh. varla svo ræðu eða skrifaði grein, að hann vegsamaði ekki sjálfan sig fyrir þessi stórvirki. Kostnaðurinn við aðgerð á skólanum er því samtals um 51000 kr.

Þá skal ég leyfa mér að gera nokkrar aths. við fjárveitingarnar til Laugaskóla. Hv. frsm. gat þess, að framlag ríkissjóðs til skólans hefði numið 77 þús. kr., og til húsmæðraskólans á sama stað 31 þús. kr., samtals 108 þús. kr. Með sama tillagi frá héruðunum, sem standa að skólunum, hefir þá verið varið til skólans 216 þús. kr. Þessar 108 þús. kr. úr ríkissjóði eru óneitanlega álitleg fúlga, en þó eru þessir skólar aðeins hálfdrættingar á við uppáhald og kjöltubarn hæstv. dómsmrh., Laugarvatnsskólann. Í þann skóla hefir stj. þegar ausið um eða yfir 200 þús. kr. úr ríkissjóði. Það lítur þó út fyrir, að hæstv. dómsmrh. hafi viljað bæta ofurlítið úr þessum áhalla, því að einn góðan veðurdag sendir hann Laugaskóla gólfdúka fyrir kr. 2722.21, án þess að ætlazt sé til, að þetta verði að neinu leyti endurgreitt eða héraðsbúar leggi nokkuð fram á móti, eins og lög gera ráð fyrir. Mér er tjáð, að þetta hafi verið gert án þess að nokkur ósk hafi um það komið frá skólanefnd eða öðrum, og að skólanefnd hafi jafnvel ekki talið þörfina brýnni en svo, að hún mundi alveg neita að endurgreiða helminginn af verði dúkanna, þó að þess væri krafizt, heldur mundi þá tjá hæstv. dómsmrh., að hann gæti hirt dúkana aftur. Hér er því að ræða um gjöf til skólans úr ríkissjóði í algerðu heimildarleysi, sem ber að átelja. En þetta er spegill af ástandinu. Fyrst sett eru lög um það, að ríkissjóður skuli leggja fram til héraðsskóla helming til móts við héraðið, þá er það auðvitað, að þeim lögum ber að fylgja sem öðrum lögum.

Einn liður var það í 9. gr., sem hv. frsm. gekk alveg framhjá: 3000 kr. utanfararstyrkur til hv. 2. þm. Árn. Þessi kostnaður var, svo sem kunnugt er, talinn til undirbúnings alþingishátíðarinnar, en stj. hefir nú tekið hann burt af þeim lið, enda hefir hátíðarnefndin ekki viljað við hann kannast. Og mér er ekki grunlaust um, að stj. hafi dregið hér undan, því að ég hygg, að sami maður hafi fengið sér greiddar í Kaupmannahöfn 800 danskar krónur. Verður fjárveitingin til hans því alls um 4000 kr. Að undanskildum þessum styrk og 1000 kr. til Hallgríms Þorbergssonar eru engir styrkir teknir upp í fjáraukalög af öllum þeim aragrúa persónulegra styrkja, sem stj. hefir veitt. Það er vitanlegt, að hæstv. stj. hefir veitt utanfararstyrk að upphæð á milli 20 og 30 þús. kr., og er í fjárl. heimild fyrir aðeins litlum hluta þeirra. Ég tel því ekki óeðlilegt, að leitað hefði verið aukafjárveitingar fyrir þessum styrkjum, og virðist einnig á þessu sviði vera að ræða um allrífleg tíundarsvik hjá hæstv. stj.

Um erindi hv. 2. þm. Árn. í þarfir alþjóðar er með öllu ókunnugt. Í grg. frv. er ekki á það minnzt, og þó hygg ég, að einhver grein sé gerð fyrir öllum öðrum liðum frv. Hæstv. stj hefir verið spurð um þessa fjárveiting hér í hv. deild og af fjvn., en ekki gefið neitt svar. Af þessu verður ekki dregið annað en að hann hafi ekkert slíkt erindi átt, og sé hér því um gjöf að ræða úr ríkissjóði. Slíkar gjafir ber að sjálfsögðu að átelja. Og komi nú ekkert fram frá hæstv. stj. þessu til skýringar, sem við fjvnm. teljum fullnægjandi, munum við flytja brtt. við 3. umr. um að liðurinn falli niður.

Að lokum skal ég minnast á greiðslurnar í 9. gr. (19. gr. fjárl.), og kem þá að framkvæmdunum á Þingvöllum.

Samkv. fjáraukalagafrv., er stj. lagði fyrir Alþingi, telur hún greitt vegna alþingishátíðarinnar kr. 309186.64. Ņ. hefir ekki séð sér annað fært en að fella niður talsvert stórar upphæðir af þessum lið, sem stj. hefir greitt án heimildar og eiga ekki heima þarna, svo sem 35000 kr. til byggingar Þingvallabæjar og 12600 kr. til Laugarvatnsskóla. Auk þess hefir stj., sumpart með samþykki hátíðarnefndar og sumpart í fullu heimildarleysi, varið yfir 50 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að færa tvo timburhjalla til á Þingvöllum.

Því er ekki að neita, að það virðist svo, sem það komi ekki fram við þetta mjög glæsileg mynd af hagsýni hæstv. stj., eða hennar embættismanns f. h. ríkissjóðs, við sumar þessar framkvæmdir. Annað

þjóðalögum að taka tolla af fiskiskipum, er stunduðu veiðar úti á rúmsjó, þegar þau leituðu inn á hafnir. Söfnuðu þeir kröfum um endilangan Noreg og náðu saman kröfum að upphæð 350 þús. kr. Þáv. fjmrh., Magnús Jónsson, gekk að því að endurgreiða 50000 kr., ef aðrar kröfur væru þá látnar falla niður. Að þessu var ekki gengið, og hefir staðið í þófi allt fram til síðasta árs. Fyrrv. fjmrh., Jón Þorláksson, fékk málið til meðferðar; tókst honum að fá sannað, að þessi skip, sem voru krafin um tollinn, voru ekki eingöngu sjóferðaskip, er renndu inn á hafnir, heldur seldu þau afla sinn stundum í landi og voru í raun réttri gerð út frá landinu. Var þá fengin sönnun þess, að þeim bar að greiða tollinn. Hinsvegar sannaðist, að nokkur hluti tunnanna hafði verið fluttur til Noregs aftur ónotaður, og áttu aðiljar lögum samkv. kröfu á að fá endurgreiddan toll af þeim; nam sú upphæð um 30000 kr. En af því að boðizt hafði verið til að greiða 50000 kr., þótti rétt að standa við það, og er Norðmenn gengu að því boði fyrir 2 árum, var upphæðin send samstundis. Þessi 350 þús. kr. krafa hefir því verið leyst út með 50 þús. kr. norskum, eða rúmlega 60 þús. ísl. krónum.

Þá skal ég geta þess, sem tekið er fram í nál., að n. virðist reikningsfærsla ríkissjóðs ógreinileg og ruglingsleg. M. a. má geta þess, að í þessu frv. standa stundum aðrar upphæðir en þær, sem greiddar hafa verið. Ennfremur eru ýmsar millifærslur þannig vaxnar, að erfitt er að átta sig á. Þá er einkennilegur háttur á greiðslum til opinberra bygginga. Þær fara ýmist gegnum hendur húsameistara ríkisins, presta, þegar um bygging prestssetra er að ræða, forstöðumanna skóla, þegar um skólahús er að ræða o. s. frv. Er oft erfitt að henda reiður á, hve miklu er varið til hverrar byggingar um sig. Þannig gat húsameistari ríkisins ekki gefið upplýsingar um, hve miklu fé hafi verið varið til Laugarvatnsskóla, því að það hafði ekki farið allt í gegnum hendur hans. N. telur rétt, að húsameistari — eins og t. d. vegamálastjóri — annist allir greiðslur fyrir þau verk, sem hann á að annast, og geri grein fyrir þeim. Þetta ætti þannig að vera, og leggur n. töluverða áherzlu á, að þessu verði kippt í lag.

Ég man ekki til, að ég hafi átt að greina fleira fyrir hönd n. Þrír nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og munu þeir sjálfir gera grein fyrir því, í hverju hann er fólginn.

Jón Sigurðsson: Þar sem nú er áliðið, skal ég ekki þreyta hv. deild með langri ræðu, en greina stuttlega ástæðurnar til fyrirvara okkar hv. þm. Borgf. og hv. 3. þm. Reykv. Hv. frsm. hefir tekið það fram fyrir hönd n., sem hún var yfirleitt sammála um, en það eru nokkur atriði, sem við þrír viljum leggja ríkari áherzlu á, eða lítum jafnvel öðrum augum.

Fyrst er aðgerðarkostnaður á prestssetrinu í Vallanesi. Til aðgerðarinnar hefir verið varið 7000 kr., en ekki 3000 kr., eins og stendur í frv. Þetta þykir mér alldýr viðgerð á húsi. Að vísu var miðstöð sett í húsið, og er tekið fram í aths. við frv., að það hafi verið kalt og óþægilegt til íbúðar. En svo er víðar, og því miður virðist hæstv. stj. ekki taka jafnmjúkum höndum á öllum, sem eiga að stríða við erfiðleika. T. d. skal ég geta þess, að í mínu kjördæmi er prestssetur, þar sem presturinn hefir byggt upp að mestu leyti af eigin rammleik, án verulegs styrks úr ríkissjóði. Nú hafa húsin reynzt köld, og prestur hefir því sótt um ofurlítinn styrk til þess að setja upp miðstöð, ekki 7000 kr., heldur 500—700 kr. En hann hefir ekki, að því sem ég frekast veit, verið virtur svars. Því að það virðist vera svo með þetta sem margt fleira, að það fer nokkuð eftir því, hver í hlut á.

Hv. frsm. gat þess réttilega, að kostnaðurinn við aðgerð á Menntaskólanum hefði komizt upp í 46000 kr. árið 1929, samkv. upplýsingum húsameistara ríkisins. Þessi upphæð hefir farið til þess að útbúa lesstofu, nokkrar heimavistir o. fl. Úr því að hv. frsm. fór að tíunda framkvæmdir stj., er rétt að geta þess, að hann taldi enganveginn allt af afrekum hennar. Hv. frsm. láðist að geta um kamrana, fatasnagana og vindsnældurnar, sem kostuðu 5000 kr. Eftir ummælum hæstv. dómsmrh. virðist hann líta svo á, að þetta sé eitt hið mesta afrek, sem

ið veitur 2000 kr. styrkur til Þýzkalandsfarar í viðbót við 2000 kr., er þingið veitti í þessu skyni. Þó að n. vilji ekki beint áfella stj. fyrir þetta, þykir henni þetta samt fullstór upphæð.

Ég vil undirstrika það, sem n. minnist á í nál. um húsaleigu, ljós og hita í teiknistofu húsameistara ríkisins. Þetta hefir verið greitt ár eftir ár og jafnan sett í fjáraukalög, og er auðséð, að hjá þessum kostnaði verður ekki komizt í framtíðinni. N. telur því sjálfsagt að taka þetta framvegis upp í fjárlög.

Styrkur til flugferða finnst n. nokkuð hár. Fellir hún sig ekki við, að jafnmiklar upphæðir séu goldnar bak við þingið, þótt hinir og aðrir sendi áskoranir og tillögur. Og þótt miðstjórn ákveðins flokks hafi sent stj. áskorun um þessa greiðslu, telur n., að sú krafa hafi ekki það gildi, að stj. væri skylt að hlaupa upp til handa og fóta og greiða svo háa upphæð án heimildar.

Um 8. gr. er ekkert að segja, þar er aðeins að ræða um sjálfsögð útgjöld.

Þá er 9. gr., sem n. hefir gert nokkrar aths. við og einu brtt., sem hún flytur, en það er um kostnað við undirbúning alþingishátíðarinnar. Það eru aðallega 3 liðir, sem hátíðarnefndin hefir ekki sætt sig við, hvernig færðir eru, þar sem hún hefir ekki samþ. eða ávísað þessum upphæðum. Lét framkvæmdarstjóri hátíðarnefndar þá ósk eindregið í ljós, að þetta yrði öðruvísi fært og ekki talið til kostnaðar við alþingishátíðina. N. telur aukaatriði, hvernig þetta er fært, þar sem öllu fénu er varið til hins sama og kemur úr sama vasa, en hefir þó fallizt á till. framkvæmdarstjóra hátíðarnefndar og flytur brtt. samkv. því. Skal ég nú gera grein fyrir þessum brtt.

Við 2. lið 9. gr., kr. 128126.00 til hátíðarnefndar Alþingis til undirbúnings hátíðarinnar, hefir hátíðarnefnd enga aths. gert. Aftur vill hún ekki viðurkenna 4. lið að öllu leyti, kr. 136872.44 til húsameistara, vegna alþingishátíðarinnar. Hefir fjvn. því tekið út af þessum lið 2 upphæðir, en fært aðrar á sérstakan lið. Til Laugarvatnsskóla hafði verið greitt á þessum lið kr. 42636.20, en tekið aftur út kr. 30000.00. Eftir standa þá kr. 12636.20, sem forstöðumenn skólans hafa viðurkennt, að skólinn eigi að endurgreiða. Leggur n. því til, að þessi upphæð verði dregin frá. Ennfremur vill n. taka út af þessum lið 35000 kr., sem er kostnaður við að byggja upp Þingvallabæinn; er það gert eftir till. hæstv. dómsmrh., sem hugsar sér, að þetta verði greitt á annan hátt. N. vill því taka burt af þessari upphæð samtals kr. 47636.20. Ennfremur hefir n. tekið nokkrar fleiri upphæðir út af þessum lið og fært undir nýjan lið, er hún kallar ýmislegan kostnað á Þingvöllum, en þær eru þessar:

Girðingar	kr.	3000.00
Vatnsveita	—	3500.00
Flutningur konungshússins	—	13500.00
Ýmislegur kostnaður	—	3546.00
eða samtals	kr.	23546.00

Hinar 2 brtt. n. eru við 5. lið, greiðsla til vegamálastjóra, til ýmissa aðgerða á Þingvöllum vegna alþingishátíðarinnar. Upphæðin er í frv. talin kr. 44188.20, en vegamálastjóri kveðst hafa látið alls vinna fyrir kr. 50526.47; mismuninn, kr. 6338.27, hefir hann í bili greitt með öðru vegagerðarfé. Eftir till. hans er liðurinn því hækkaður um þessa upphæð, kr. 6338.27. Hinsvegar vill n. taka út og færa á sérstakan lið 2 upphæðir, sem hátíðarnefndin telur alþingishátíðinni óviðkomandi, en það er vegur að Þingvallabæ, kr. 600,00, og vegir að Valhöll og konungshúsi, kr. 10350.00, eða samtals kr. 10950,00. Verða þá eftir á þessum lið kr. 39576.47. Eins og menn sjá, eru þetta aðeins tilfærslur, en n. taldi rétt að verða við kröfu hátíðarnefndar um, að þannig verði fært, og leggur til, að svo verði gert.

Þá er einn liður í 9. gr., síðasti liðurinn, sem ég vil skýra nokkuð, því að honum fylgir lítil skýring í frv., en upphæðin allhá. Það eru rúmlega 60000 kr. til endurgreiðslu tunnutolls 1919. Þetta er þannig til komið, að 1919 reis deila milli íslenzku stj. annarsvegar og norskra síldveiðimanna hinsvegar um það, hvort þeir væru skyldir að greiða toll af tunnum og salti, sem þeir hefðu innanborðs, þó að þeir kæmu iðulega inn á hafnir til þess að reka erindi sín. Tollurinn var innheimtur, en síldveiðimenn risu upp á eftir og kröfðust endurgreiðslu á tollinum. Töldu þeir stríða móti al-

þó að kostnaðurinn sé ekki gerður meiri en hann er í raun og veru. En ég vildi ekki vekja hér deilu, aðeins benda hv. fjvn. á þetta.

Magnús Guðmundsson: Það eru ekki nema örfá orð, sem ég þarf að segja. Ég verð að líta svo á, að upphæðin í 9. gr. 4. þessa frv., 136872,44 kr., sé greidd vegna aðgerða Þingvallafriðunarnefndar út af friðunarlögunum, sem samþ. voru á Alþingi 1928. (**MJ:** Ekki allt). Engin skýring er á því í aths. við frv., vegna hvers utanfararstyrkur Magnúsar Torfasonar sé veittur. Er það líka vegna alþingishátíðarinnar? Um það væri gott að fá skýringu hjá hæstv. ráðh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjvn. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 446).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get að mestu vísað til nál. og brtt. n. og get því verið stuttorður.

Á 3. lið 3. gr. eru færðar 7000 kr. til viðgerðar á húsinu í Kirkjustr. 12. Húsameistari hefir upplýst, að viðgerðin hafi kostað 8900 kr. Eftir þessu að dæma virðist ekki vanþörf á því, að ríkið hafi nokkurt eftirlit með þeim viðgerðum, sem það lætur framkvæma á sinn kostnað. Það sætir næstum undrum, hvernig hægt hefir verið að koma þessari upphæð fyrir í þessari viðgerð. Fyrir þetta fé mætti byggja sæmilegt íbúðarhús í sveit.

Á 4. gr. eru færðar um 25 þús. kr. til umbóta og breyt. á pósthúsinu á Ísafirði. Kostnaðurinn hefir þó orðið um 60 þús. kr. Annars er útlit fyrir að þetta sé góð eign, sem renti sig vel.

Á 2. lið 5. gr. eru færðar 3000 kr. til viðgerðar íbúðarhússins á Vallanesi. Húsameistari hefir gefið þær upplýsingar, að kostnaður við þessa aðgerð hafi orðið 7000 kr.

Á 6. lið eru færðar 26 þús. kr. til aðgerða og breytinga á Menntaskólanum. Húsameistari segir, að þessi upphæð hafi farið upp í 31 þús. Hefir þá alls verið varið þar 46 þús. kr. til endurbóta. Í fjáraukalögum fyrir árið 1926 er skýrt frá, til hvers 15 þús. hafi verið varið. Fjárveitingunni í þessum fjáraukalögum hefir verið varið til að lagfæra bókasafnshúsið Íþöku og innrétta heimavistir. Þá hefir verið varið 10 þús. kr. til aðgerðar skólahúsinu á Eiðum. Af þessari upphæð hefir ekki verið eytt nema 7000 kr. Hitt liggur í sjóði.

Um framlagið til Hvanneyrarskólans er það upplýst, að nokkuð af því hefir gengið til húsabóta, en mikill hluti þó til að launa verkstjórum. Fjvn. lét svo um mælt á síðasta þingi, að hún teldi þetta ekki rétt. Piltar nytu sérstaks styrks við verklegt nám, svo að skólastjóri fengi vinnu þeirra fyrir ekkert. Þetta er alveg hliðstætt því, þegar Búnaðarfélagið styrkir pilta, sem einstakir bændur taka í sína þjónustu. N. álítur, að skólastjórinn geti séð þeim fyrir verkstjóra á sama hátt og bændurnir. Verður hún því að finna að þessari fjárveitingu.

Þá er styrkur til rekstrar Laugarvatnsskóla, 3000 kr. Þessi kostnaður stóð ekki í fjárlögunum fyrsta árið, sem skólinn starfaði.

Til Laugaskóla hefir verið veittur 5000 kr. byggingarstyrkur. Hefir þá verið lagt fram 77 þús. kr. alls af ríkinu í því skyni, og jafnmikið af héraðsins hálfu.

Þá hefir verið veitt til sama skóla fyrir gólfdúka kr. 2722,21. Dómsmrh. áleit heilsu nemenda hættu búna, ef gólfin væru ekki dúklögð, en skólanefnd taldi sig ekki hafa fé til að taka þátt í þeim kostnaði að sínu leyti. Má því skoða þetta sem heilbrigðisráðstöfun frá hálfu hins opinbera, sem skólan. tekur ekki þátt í.

2. og 3. liður 6. gr. eru færðir í dönskum krónum. Þetta er óviðkunnanlegt og villandi, og virðist að auðvelt hefði verið að umreikna þetta í íslenzkar krónur.

Þá finnur n. að því, að veittur hefir verið 7500 kr. styrkur til söngkórs til Danmerkurfarar, þar sem hægt hefði verið að bera þessa fjárveitingu undir þingið. Ennfremur hefir glímumönnum ver-

Það er greinilega tekið fram í fylgiskjölum málsins, sérstaklega í ítarlegu áliti frá landssímastjóra, hvað óhjákvæmilegt er, að fullkomin samvinna ríki milli þeirra loftskeytastöðva, sem eru hér á sama stað. Og það er alltaf opin hætta fyrir því, að sú samvinna verði ekki eins nákvæm á öllum sviðum eins og vera þarf, ef þessar stöðvar eru settar sín undir hverja stj. að því er snertir allan „tekniskan" rekstur.

Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um, að þetta er víxlspor, sem verður að leiðrétta aftur, þegar menn eru búnir að átta sig á því, að það er ekki nægileg ástæða til að baka mönnum það óhagræði, sem skortur á samvinnu stöðvanna leiðir af sér, að það þurfi að koma fleiri mönnum á laun. Annars ætla ég ekki lengra út í þetta; ég veit það er þýðingarlaust. Ég veit, að hæstv. stj. hefir heimtað af flokksmönnum sínum, að þeir færi ennþá þessa fórn til viðbótar, til þess að hún geti haldið sínu „parlamentariska" lífi.

En það hefir líka komið fyrir þessa hæstv. stj., að til þæginda við skipun embætta og sýslana hefir hún líka þurft að sameina stofnanir, og lengst gekk það á síðasta þingi. Þá þótti nú hentugt að brjóta upp á því að sameina póst- og símastjórn. Nú er farið fram á að skilja í sundur starfrækslu loftskeytastöðvanna, sem áður hafa allar heyrt undir símann. Þetta ósamræmi sýnir greinilega, að það liggur hér ekki á bak við nein skipulagsbundin hugsun, heldur eitthvað annað. En ég hefi ekki komið auga á neitt annað en það, sem ég hefi nefnt, að það verða sumpart fleiri stöður handa hæstv. stj. til að ráðstafa, og sumpart er það þægilegra að geta ráðstafað stöðum með því að losa þær, sem fyrir eru, eins og að nokkru leyti er tilgangurinn með frv. um að sameina póst og síma. Ég held það sé ómögulegt að gera neinum manni skiljanlegt, að gild ástæða sé fyrir því að sameina póst og síma eitt árið og slíta sundur símastarfræksluna sjálfa hitt árið. Þetta kemur samt fram, og maður verður að beygja sig fyrir staðreyndum. Í þessu tilfelli þeirri staðreynd, að hæstv. stj. er nú svona gerð, og hún hefir þingmeirihluta til að styðja sig að þessu.

Svo er eitt atriði í frv., að búa til ofurlítið einokunarhreiður, þar sem er verzlunin með loftskeytatækin. Það gæti verið svona til þægilegheita að fá þennan bita fyrir einn eða tvo af flokksmönnum hæstv. stj. undir því yfirskini að forða landsmönnum frá því að vera frjálsir um meðferð sinna eigin litlu peninga, þegar um það er að ræða að kaupa handa sér loftskeytatæki.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Aðeins örfá orð út af aths. í ræðu hv. 3. landsk.

Ég vil benda á það til að byrja með, að mér fannst óneitanlega töluverð mótsetning milli þeirra að sumu leyti alvarlegu orða í ræðu hans og hinsvegar tónsins í allri ræðunni í heild. Ræðan var yfirleitt flutt af gáska og gamansemi, sem bar vott um það, að í raun og veru meinti hv. 3. landsk. ekkert af því, sem hann sagði í sambandi við þetta frv. Ég ætla þó að taka til ofurlítið nánari athugunar sumt, sem hann talaði um.

Hann kvað þetta frv. vera eitt af embættafjölgunarfrv. þeim, sem stj. ber fram og heimtaði af sínum flokksmönnum að samþ. Út af þessu vil ég taka það fram, að ég geri ekki ráð fyrir, að starfsmönnum verði fjölgað nokkurn skapaðan hlut. Það er fullráðið, að Gunnlaugur Briem símaverkfræðingur, sem hefir undanfarið starfað við útvarpið og símann, verði áfram við útvarpið, þótt þessi skiplagsbreyt. komist á. Hvað snertir það fólk, sem vinnur að bókhaldi og innheimtu, þá verður einungis sú breyt., að yfirmaður þess verður yfirmaður útvarpsins, en ekki landssímastjóri. Það, sem hér er gert, er ekki fyrst og fremst það, sem hv. þm. benti á, að kljúfa stofnun, heldur er verið að fá einingu í þessa stofnun. Það er verið að starfa að því, að útvarpsráð og útvarpsstjóri, sem ber ábyrgð á menningarlegri hlið þessarar stofnunar, beri líka ábyrgð á hinni fjárhagslegu hlið, og það er áreiðanlega til meiri tryggingar um góða afkomu í hvívetna. Ég veit, að hv. 3. landsk. viðurkennir þetta á öðrum sviðum, þó að hann vilji ekki gera það í sambandi við þetta mál.

Þá talaði hann um þetta litla einokun-

arhreiður, sem stj. væri að búa þarna til með það fyrir augum eingöngu, að bjarga einhverjum flokksmanni sínum. Slíkar aðdróttanir hv. 3. landsk. og flokksbræðra hans læt ég mér í léttu rúmi liggja. Þó get ég frætt hann á því, hvernig ég hefi hugsað mér að koma þessu fyrir. Ég hefi ástæðu til að vonast til, að þessu geti orðið hagað á sama hátt og gert hefir verið með einkasölu á tilbúnum áburði. Þá verzlun hefir S. Í. S. annast fyrir hönd ríkissjóðs, og mér er hið sama í hug að biðja S. Í. S. að annast um sölu útvarpstækjanna, eins og um áburðinn, enda hefi ég fengið ádrátt um þetta hjá forstjóranum, þó að ekki sé gengið endanlega frá því enn. Ef svo reynist, sem ég vona, þá verður útvarpstækjaverzluninni hagað eins og áburðarverzluninni. Hv. 3. landsk. hefir fengið að sjá það samkv. þeirri skýrslu, er hæstv. fjmrh. las upp í byrjun þings, hvað áburðarverzlunin hefir kostað ríkissjóð hverfandi lítið. Og sama vænti ég, að komi á daginn með þessa einkasölu ríkisins á útvarpstækjum. Þó geri ég ráð fyrir einum manni, sem sé „tekniskur" ráðunautur stj. um þessi tækjakaup, hliðstætt því, sem er um verkfærakaup og áburðarverzlun S. Í. S.

Hv. þm. fer með staðlausa stafi, er hann vill gera grýlu úr þessari væntanlegu einkasölu; og þegar hv. þm. segir, að í þetta skipti hafi verið lengst gengið til þess að koma ýmsum gæðingum stj. á ríkissjóð, þá vil ég aðeins benda hv. þdm. á, hve nauðalítið hv. 3. landsk. hirðir um sannleikann, úr því hann vill ganga algerlega framhjá því, hvað einkasalan með erlendan áburð hefir orðið ríkissjóði ódýr.

Í þessu sambandi minntist hv. 3. landsk. á sameining síma- og póstafgreiðslu, og talaði aðallega um tvær stöður, sem veittar hefðu verið nýlega, en svo undarlega vill til, að báðar þessar stöður voru veittar mönnum, sem ekki eru í flokki stj. Það er nú búið að skammast svo mikið í hv. Nd. um íhaldsnafnið, að ég þori varla að nefna það. Þó held ég, að ég verði að hætta á það. En önnur þessi staða; sem um er deilt, var veitt íhaldsmanni, en hin jafnaðarmanni.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Hv. 3. landsk. þm. kallar eftir loforði af mér um að segja frá gangi málsins í fjhn. En loforð það verður skilorðsbundið, því að ef ástæða er til fyrir mig að svara, þá hefi ég í rauninni ekki ástæðu til að svara honum svo sem neinu.

Hv. 3. landsk. kvaðst ekki hafa skilað áliti um málið af því að hann hefði ekki vitað um afgreiðslu þess hjá meiri hl. En þegar málinu var frestað og auðsætt, að n. var klofin, var ákveðið af meiri hl. að taka endanlega ákvörðun um málið, eins og frá er skýrt á þskj. 504. Og það gerði meiri hl. vegna þess, að svo var áliðið þings, en hinsvegar búið að leggja mikla vinnu í undirbúning málsins, enda taldi ég ekki vítalaust af meiri hl. að láta hv. minni hl. tefja málið á þann hátt að skila ekki nál. Þegar meiri hl. var það kunnugt, þá sá hann enga ástæðu til að tefja málið fyrir þær sakir og stefna því í tvísýnu.

Að öðru leyti þarf ég eiginlega engu að svara hv. 3. landsk. Það hefir hæstv. forsrh. gert vel og vandlega.

Þó vildi ég geta þess, að þar sem hv. 3. landsk. minnist aðeins á eitt ítarlegt skjal, sem prentað væri með frv., sem sé bréf og umsögn landssímastjórans, að þá hefði hann getað alveg með eins miklum rökum nefnt bréf símaverkfræðingsins. Að vísu er álit landssímastjórans lengra, sem kemur af því, að þar er jafnframt um heilt frv. að ræða, en það er á engan hátt ítarlegra eða ábyggilegra en álit verkfræðingsins. Annars sé ég ekki ástæðu til að svara hv. 3. landsk. frekar, nema þá til þess að tefja tímann. Þó að hann vilji láta landsmenn sjálfráða um sín litlu auraráð, þá er þó löggjöfinni oft ætlað að setja höft þar á. En ég skil það ofurvel, þó að þetta snerti hann persónulega illa, því að hann er sjálfur verzlunarmaður og kaupmaður. Það er því dálítið spursmál, hvort hann eða aðrir kaupmenn geta skoðazt óhlutdrægir í þessu máli. Þess vegna held ég, að mótspyrna hv. 3. landsk. gegn frv. sé ekki sprottin að umhyggju hans fyrir smáaurum fátæklinganna, heldur sé það hagur verzlunarstéttarinnar, sem hann ber fyrir brjósti.

Jón Þorláksson: Hæstv. forsrh. þótti ég fara með spaug og gáska og hafði fund-

ið út, að engin alvara væri í orðum mínum. En það var ekki meining mín að fara með spaug eða gáska. Að hinu get ég ekki gert, þegar minnzt er á tilhneigingu hæstv. stj. að fjölga nýjum embættum stuðningsmanna sinna vegna, og það borið saman við það, sem hún hafði áður sagt um óþarfa embætti, þó að stj. finnist það líkast háði. En þetta er fullkomin meining hjá mér; og þó að ekki sé tími til þess að upplýsa þetta frekar nú, þá mun það verða gert síðar.

Ég ætla þá að taka hæstv. forsrh. á þeirri einu upplýsingu, sem hann gaf í þessu efni. Hann sagði, að eini sérfræðingurinn á þessu sviði í rafmagni og lágspennu, en það er Gunnlaugur Briem verkfræðingur, væri ráðinn við útvarpið og yrði áfram við það. Ég geri ráð fyrir, að svo verði, en hvað verður þá um loftskeytastöðina? Nú er enginn lærður verkfræðingur til þess að taka það starf að sér, svo ætla má, að útvega verði nýjan mann, sem hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sér. Það þykir nú kannske undarlegt af mér að vilja ekki fjölga embættum verkfræðinga vegna. (**Forsrh.**: Það verður engin breyting á þessu). Það er m. ö. o. að skilnaðurinn á ekki að verða nú þegar. En mér skilst, að eftirleiðis eigi húsbændurnir að vera tveir, og þá verkfræðingurinn tveimur herrum að þjóna, og ég veit, að hæstv. forsrh. er svo vel að sér í sinni sérgrein, að hann veit hvílíkir erfiðleikar eru taldir — og það af góðum og gildum höfundum — að þjóna tveimur herrum.

Það er því sýnilegt, að hér þarf tvo menn að vinna starf, sem einum var ætlað áður. Hér er því um skort á hagsýni að ræða, að búta í sundur embætti og gera tvö úr því. Og þeir, sem líta á hag alþjóðar og aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, þeir skoða þetta sem skort á hagsýni. En hinir, sem vilja nota ríkissjóðinn sér til kjörfylgis með stofnun nýrra og óþarfra embætta, þeir kalla þetta kannske hagsýni — fyrir sig!

Þá sagði hæstv. forsrh., að hann ætlaði að fela S. Í. S. að annast kaup á útvarpstækjum og öllu þar að lútandi. En frv. ber það ekki með sér. Eftir því virðist einkasalan eiga að standa í nánu sambandi við útvarpsstöðina og útvarpsstöðin á að hafa færa menn, sem geta metið tækin. Ef koma á þessari nýju einkasölu fyrir á þann hátt, sem hæstv. forsrh. gaf í skyn, þá er kannske ekki rétt að segja, að með henni sé verið að búa til nýtt hreiður, heldur að orpið sé eggi í hreiður, sem áður var til og búið að verpa oft í.

Hv. frsm. meiri hl. þarf ég ekki miklu að svara. Ég átti ekki við annað en að málið hefði átt að mæta þinglegri afgreiðslu eins og önnur mál. Það er vani að ákveða í n., hvaða afgreiðslu mál skuli fá, en við minnihl.menn vorum ekki viðstaddir þegar málið var afgr. og hefði verið jafnauðvelt að kalla okkur á fundinn eins og hv. meiri hl., þar sem við vorum staddir í húsinu.

Hv. frsm. meiri hl. var með aðdróttanir í minn garð, að af því að ég ræki verzlun sjálfur, þá vildi ég láta verzlunarmenn og kaupmenn selja hér í landi ónýt eða léleg útvarpstæki. En þetta er gamall söngur, sem Íslendingar ættu sízt að kveða. Hér var áður til einokun, en þá var engin innlend verzlunarstétt til. En þessi einokun gafst erlendum kaupmönnum vel, en varð jafnframt til tjóns og niðurdreps einstaklingum þjóðarinnar. Þá voru uppi menn, sem álitu eins og kom nú fram í ræðu hv. þm., að Íslendingar væru svo einfaldir, að hafa yrði gát á þeim allt ofan frá föðurhúsunum, hvaða vörur þeir keyptu og hvað þær ættu að kosta. Þessi föðurhandleiðslutilhneiging — um að vantreysta einstaklingunum til þess að verja á hagkvæman hátt sínum litlu aurum — hún lifir í hug og hjarta hv. 2. þm. S.-M., en hann ætti að reyna að útrýma henni sem fyrst.

Af Skúla Magnússyni, Jóni Sigurðssyni og ýmsum fleiri voru kröfurnar bornar fram um frjálsa verzlun og móti því, sem hv. 2. þm. S.-M. heldur nú fram. Það er sami draugurinn, sem þessir ágætu menn börðust við, og þó að ákaflega hafi af honum dregið, þá leynist lengi líf með slíkum draug, eins og sjá má á því, að ekki svo lítil líftóra hans skuli enn lifa í huga og hjarta hv. 2. þm. S.-M.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég neita algerlega því, sem hv. 3. landsk. sagði, að stj. hefði sérstaka tilhneigingu til þess að stofna ný embætti,

nema að því leyti, sem ný verkefni koma fyrir, sem heimta nýja menn. Hinu mótmæli ég sem tilhæfulausu, að stj. noti ríkissjóð með nýjum launagreiðslum til þess að tryggja sér kjörfylgi, enda mundi slík framkoma verða hverri stj. að falli. Ég neita því algerlega, að ásakanir hv. 3. landsk. í garð stj. í þessu efni séu á nokkrum rökum byggðar.

Annars vildi ég benda á, að þar sem hann tók þetta dæmi um Gunnlaug Briem verkfræðing, þá er það rangt, því að þessi ungi maður fær laun sín frá tveimur stofnunum eins og nú, sem sé síma og útvarpi. Og svo verður áfram, og útkoman því sú, að á þessu verður engin breyt.

Allt hjal hv. 3. landsk. um að búta sundur embætti og gera tvö úr því, hefir því ekki við nein rök að styðjast.

Hitt er alveg rétt hjá hv. 3. landsk., að af frv. sést ekki, hvernig einkasala þessi skuli rekin. Stj. getur sett upp sérstaka verzlun, og það gat hún líka samkv. lögunum um einkasölu á áburði. En hún gerði það ekki þá. Og þar sem áburðarverzlunin hefir gefizt svo vel, sem raun ber vitni, þá mun ég, svo framarlega sem S. Í. S. vill taka að sér þessa verzlun með útvarpstæki, fela því hana. Ég fyrir mitt leyti treysti engum betur að annast þau innkaup svo, að allir megi vel við una.

Út af þeim orðum, sem hv. 3. landsk. lét falla um baráttu Skúla Magnússonar og Jóns Sigurðssonar, mætti tala langt mál; rök hans voru röng, en ég ætla þó ekki að snúa mér frekar að þeim að þessu sinni, til þess að lengja ekki umr. að óþörfu.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er ekki margt, sem ég þarf að svara, enda kom það á daginn, eins og ég hafði bent á, að hv. 3. landsk. er ekki alveg óhlutdrægur, þegar hann er að tala á móti einkasölu þeirri, sem frv. þetta ráðgerir. En samanburður hans á gömlu einokuninni og einkasölu ríkisins með vissar vörutegundir, er ekki sambærilegur, enda fjarstæða ein. Hv. þm. kom líka ofurlítið upp um sig, þegar hann sagði, að kaupmenn hefðu ekki verið á móti gömlu einokunarverzluninni. Þeir voru það einmitt ekki, af því að í skjóli hennar græddu þeir drjúgum. En nú hamast kaupmenn móti hverskonar einkasölu sem er, af því að þeir telja hana ganga á móti sínum hagsmunum. Kaupmenn eru alltaf sama sinnis; þeir hugsa aldrei um annað en sinn eiginn hag. Um hagsmuni fjöldans og hvað einstaklingum þjóðarinnar er fyrir beztu, láta þeir sig engu skipta.

Annars ætla ég ekki að fara langt út í þetta að sinni, enda finnst mér óþarft að vera að tefja umr. með því núna, síðustu daga þingsins. Læt ég mér því nægja þetta nú, þó að fremur sé það létt verk að afsanna það, sem hv. 3. landsk. sagði um þessa væntanlegu einkasölu og mig í því sambandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8:6 atkv.
6.—10. gr. samþ. með 8:6 atkv.
11.—19. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 554).

---

25. Útvegsbanki Íslands h/f og Íslandsbanki.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skiptameðferð á búi Íslandsbanka (þmfrv., A. 68).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Hannes Jónsson): Frv. þetta,

sem hér liggur fyrir, er borið fram eftir ósk hæstv. fjmrh. Eins og nú er komið fjárhag Íslandsbanka, er ekki sjáanlegt annað en að hann verði tekinn til gjaldþrotameðferðar innan skamms, ef ekkert er aðhafzt. Nú sjá allir menn, að sú meðferð á búi jafnstórfelldrar stofnunar og Íslandsbanki er mundi mjög óhagkvæm bankanum. Og því er það, að með þessu frv. er gert ráð fyrir sérstakri skiptanefnd, sem verði falin meðferð skiptanna. Get ég látið nægja að vísa til grg. frv. um þetta atriði.

Ég sé það á frv. því á þskj. 67, sem er 2. mál á dagskrá í dag, að einhverjir hv. þdm. líta svo á, að hægt muni að starfrækja bankann áfram með tilstyrk ríkisins. En ég verð að segja, að þær upplýsingar, sem fengust um hag bankans við umr. í Sþ. síðastl. nótt, og það frá mönnum, sem eru honum mjög nákomnir og ættu því að þekkja hag hans út og inn, voru á engan hátt þannig lagaðar, að ég telji forsvaranlegt af þinginu að taka ákvörðun um stórfellda ábyrgð á fjárreiðum bankans.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði um, að ríkið taki ábyrgð á seðlum bankans, sem í umferð eru og nema 4 millj. króna. Ríkið hefir löggilt seðla þessa sem gjaldeyri, og er því óhjákvæmilegt, að það tryggi handhafa þeirra gegn tapi af fjárþrotum bankans. Að sjálfsögðu stendur óhögguð ábyrgð bankans sjálfs á seðlunum, og stendur gullforði bankans og aðrar eignir jafnt til tryggingar seðlunum gegnvart ríkissjóði sem handhöfum þeirra. Meginatriði frv. þessa eru aðallega tvö; hið fyrra er að koma fjárreiðum bankans svo fyrir, að ekki hljótist af stórtjón eða óþarfa töf, en hið síðasta er, að þegar í stað skuli teknar ákvarðanir um, að handhafar seðlanna hljóti ekki töp af þeim.

Ég býst ekki við, að ég þurfi að fara fleiri orðum um frv., en læt nægja að vísa til grg. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og n., sem sennilega ætti að vera fjhn.

Magnús Guðmundsson: Hér eru á dagskrá þessa fundar í kvöld tvö frv. um Íslandsbanka. Hið fyrra hljóðar um, að bankinn skuli deyja, en hitt um að hann skuli lifa. Það frv., sem hv. þm. V.-Húnv. flytur, er um dauða bankans, en hitt, sem ég er meðflm. að, er um líf hans. Þar sem þessi frv. eru svo óskyld að efni, þó að þau séu um sama banka, þá ætla ég að hafa þá aðferð að ræða ekki um þetta frv., en bíða með það þangað til hitt frv. kemur til umr., sem ég er meðflm. að.

Það leiðir af sjálfu sér, að þar sem þetta frv. fer í þveröfuga átt við hitt, þá get ég alls ekki verið því hlynntur, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Úr því að hv. flm. óskaði eftir, að þetta frv. gengi til n., þá vil ég leyfa mér að stinga upp á, að það sé kosin sérstök n. í þetta mál. Hv. flm. gerði ráð fyrir, að það færi til fjhn. (HJ: Ég taldi það sennilegt). Þetta er tvímælalaust svo stórt mál, að ég legg mikla áherzlu á, að sérstök n. verði í það skipuð.

Vil ég því beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að þessi till. mín verði borin undir atkv. þdm., og vona ég, að hæstv. fjmrh. sé því ekki mótfallinn. Ég vil leyfa mér að stinga upp á, að í n. séu kosnir 5 menn með hlutfallskosningu. Að öðru leyti mun ég bíða með að ræða málið, þangað til hitt frv. verður tekið fyrir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefi að svo stöddu ekki annað að segja en að lýsa því yfir, að ég get fallizt á uppástungu hv. 1. þm. Skagf., um að kosin verði sérstök n. til að fjalla um þetta frv.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn berum ekki fram neitt frv. að sinni út af þessu máli. Ég geri ráð fyrir, að þessi frv., sem fram eru komin, verði látin ganga til n., og mun afstaða okkar til þeirra koma fram í n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, JörB, LH, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.

nei: EJ, HK, JJós, PO, SE.

JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, BSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (GunnS, MT) fjarstaddir.

Till. 1. þm. Skagf. um að skipa sér-

staka 5 manna nefnd í málið samþ. með 24 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Fór síðan fram kosning í n. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina.

Forseti lýsti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Hannes Jónsson,
Sveinn Ólafsson,
Héðinn Valdimarsson. } Af A-lista.

Magnús Guðmundsson,
Ólafur Thors. } Af B-lista.

Á 20. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 81 og 83, 93).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 93. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Um þetta frv. þarf ekki langar umr. því að það hefir verið rætt jafnframt hinu, sem nú er fallið. Úr því, sem komið er, verður ekki hjá því komizt að setja lög um skiptameðferð á bankanum. Er það jafnt til varnar fyrir lánardrottna hans sem aðra viðskiptamenn. Meiri hl. n. leggur til að samþykkja þetta frv. Þá leggur n. til, að taka skuli til meðferðar bankabúið frá lokunardegi bankans. Skiptin skuli gilda frá þeim degi. Ég ætla, að allir telji sjálfsagt, að það, sem framkvæmt hefir verið í bankanum frá lokunardegi til þess dags, er lögin ná gildi, verði háð umsjón skiptanefndar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er satt, að ástæðulaust er að gera langar umr. um þetta mál. En út af brtt. hæstv. fjmrh. og skýringum hans á þeim vildi ég vekja athygli á því, að mat það, sem hann ráðgerir að framkvæmt verði, þarf skilyrðislaust að vera búið fyrir 1. marz, svo að þingið geti fjallað um málið eftir það. Þá væri gott, að hann gerði grein fyrir, hverjar framkvæmdir muni fylgja, þegar þetta verður komið í kring. Þótt frv. verði nú samþ. með þeim breyt., sem í till. felast, er engu síður nauðsynlegt að hafa 1. marz allar upplýsingar á borðinu til að geta gert frekari ráðstafanir. En ef þingið fær þær ekki í tíma, fyrir 1. marz, sýnist mér málinu lokið og skipti óhjákvæmileg.

Ég vona, að hæstv. fjmrh. geti lýst yfir því, að matið muni ekki þurfa lengri tíma en þetta, svo að sú ósk geti ræzt, að þá megi gera nýjar ráðstafanir til bóta.

Magnús Guðmundsson: Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki eigi að gera eitthvað til að hjálpa þeim mönnum, sem komast í greiðsluvandræði vegna þess að þeir fá ekki fé sitt út, sem þeir eiga inni í Íslandsbanka, hjálpa þeim til að fá frest á skuldum sínum annarsstaðar, ef þeir geta sannað, að kröggur þeirra stafi einungis af lokun bankans. Mér finnast ákvæði í þessa átt bráðnauðsynleg.

Það getur verið álitamál, hvort skiptanefndin eigi að vera skipuð af fjmrh. eða á einhvern annan hátt. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki mætti finna samningsleið til að skipa hana einhvern veginn öðruvísi. Þá var það enn, hvort hann hefði ekki á takteinum menn, sem eiga að rannsaka bankann. Því að 1. marz nálgast óðum. Og ég er sammála hv. þm. Vestm. um það, hve dráttur er hættulegur. Við því er séð, ef þessir menn geta byrjað strax, helzt á morgun.

Ef hæstv. fjmrh. gæti gengið inn á samninga um þessi atriði, vildi ég fá svar um það.

Fjmrh. (Einar Árnason): Viðvíkjandi fyrirspurn 1. þm. Skagf. er það að segja, að þetta frv. er samið sem rammi, er í aðalatriðum á að marka stefnuna, hvernig um bú bankans fer. Hitt verður að ákveða með reglugerð. Sá maður, sem samið hefir frv., Ólafur Lárusson prófessor, hafði í höndum lög, sem gilt hafa í Noregi og Danmörku um banka, sem líkt stendur á fyrir. Einkum hefir hann notað dönsku lögin. Hann telur frv. nægilega grind um þau fyrirmæli, sem síðar verða sett með reglugerð. Að öðru leyti skal ég taka fram, að ég geri ekki ráð fyrir, að

beitt verði miklum hörkubrögðum við skuldunauta, heldur verði reynt að fara að þeim sem vægast.

Þá minntist hv. þm. á, hvernig skilanefnd ætti að vera samsett. Í Danmörku og Noregi hafa gilt ýmsar reglur. Skilanefndarmenn hafa þar venjulega verið 5 eða 7, en samkomulag varð um, að hér væri nóg að hafa þrjá. Og það varð úr, að einfeldast þótti, að fjmrh. skipaði þá alla. Í Danmörku eru oft skipaðir nefndarmenn af öðrum aðilum, svo sem viðskiptamönnum bankans. Slíkt væri erfitt hér. Ég sé ekki, að það taki því að hafa nm. fleiri. Og þá ekki heldur að fara að safna atkv. um það, hvort skipa skuli þennan eða hinn. (**ÓTh:** En að kjósa í sameinuðu þingi?). Það held ég ekki hafi neinstaðar viðgengizt hingað til.

Viðvíkjandi nefndinni, sem setja á samkv. mínum till., get ég sagt, að hægt ætti að vera að skipa hana á morgun, með því skilyrði, að frv. verði þá gengið gegnum Nd. Ég þarf að vita, hvernig því reiðir af. Ég bjóst við, að n. yrði áætlað að ljúka starfi sínu á 12 dögum, svo að þingið fengi tækifæri til að taka til athugunar niðurstöður n. og gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar þættu, eftir því sem fyrir lægi þá.

Helzt hefði ég kosið, að hv. þd. hefði treyst sér til að ganga frá málinu í kvöld. Umr. hafa verið svo hóflegar, að allt bendir í þá átt, að hv. þdm. vilji greiða götu málsins sem bezt eins og það liggur fyrir. Menn hafa það á meðvitundinni, að hér er vandamál, sem ekki er heppilegt, að hita sé hleypt í. En ef hv. þm. hafa í hyggju að bera fram brtt. við frv., getur það tafizt.

Sigurður Eggerz: Ég skal leyfa mér að taka fram atriði, sem ég gleymdi undir umr. fyrr. Það stendur í nál. meiri hl. n., að formaður hennar hafi óskað eftir að fá reikningsyfirlit bankans síðastl. ár. Bankastjórnin kannast ekki við að hafa verið beðin um þetta.

Loks vildi ég svo leyfa mér að spyrja hv. þm. V.-Ísf. um, hvort ekki væri líklegt, að bankinn yrði endurreistur með tilstyrk þingsins, svo framarlega sem hið nýja mat, sem framkvæma á, yrði líkt fyrra matinu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var eingöngu út af yfirlýsingu hv. þm. Dal., að ég kvaddi mér hljóðs. Hann sagði, að það væri rangt frá skýrt í nál. meiri hl. bankanefndarinnar, að stj. Íslandsbanka hefði verið beðin um yfirlit yfir reikning bankans síðastl. ár. (**SE:** Enginn bankastjóranna man eftir, að beðið hafi verið um þessa skýrslu). Ég skal þá lýsa því yfir, að á fundi í herbergi í Íslandsbanka bar ég fram þá ósk til bankastjóranna, að þeir létu bankanefndinni í té yfirlitsskýrslu um rekstur og reikning Íslandsbanka fyrir síðastl. ár.

Úr því ég er staðinn upp, vil ég ennfremur geta þess, að það er rangt, sem stendur í nál. minni hl. bankan. á þskj. 82, þar sem sagt er, að sendiherra Íslands í Khöfn, Sveinn Björnsson, hafi borið fram till. um opnun Íslandsbanka og varpað fram uppástungum um ákveðnar leiðir í málinu. Þetta er alrangt; hann hefir enga slíka till. borið fram.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt, að við minnihl.menn höfðum ekki ástæðu til að tefja þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og nú er komið; og það gleður mig, að hæstv. fjmrh. hefir fundið og viðurkennt, að við höfum ekki viljað draga málið á langinn með löngum umr. Svör hæstv. ráðh. viðvíkjandi till. minni um greiðsludrátt fyrir viðskiptamenn Íslandsbanka eru sprottin af misskilningi. Ég átti ekki við það, að skuldunautar bankans yrðu hart úti, heldur þeir menn, sem ekki geta borgað kröfur, sem á þá falla, vegna þess að þeir eiga innieignir í Íslandsbanka eða hafa skipt við hann og hafa þess vegna fengið þar loforð fyrir lánum, sem ekki verða uppfyllt nú. Fyrir þessum mönnum er ekkert hugsað í frv., en það er brýn þörf. Ég sé ekki fært að gera þetta með reglugerð, því í 6. gr. frv. stendur aðeins, að fjmrh. skuli heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina. Um greiðsludrátt þann, sem ég á við, held ég að ekki sé unnt að gefa reglur, nema um það sé ákveðið með lögum. Ég vænti þess, að hæstv. stj. leggi ekki kapp á að ljúka þessu máli í nótt hér í deildinni. Því að ef einhverjir gallar eru á frv., sem nauðsynlegt er að bæta úr, verður að breyta

því í Ed., og þá vinnst enginn tími, því frv. verður þá að koma hingað aftur.

Ég skil ekkert í því, að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta útnefnt matsnefndina, þó að ekki sé búið að afgreiða frv. hér út úr deildinni. Hann veit svo vel um sinn sterka meiri hl. hér í deild og að frv. verður samþ. Hann getur því gert allar nauðsynlegar ráðstafanir í sambandi við það; og þó að frv. félli, þá gerir það ekkert til, þó að n. verði byrjuð á starfi sínu. Það er vitanlega sjálfsagt að sníða ekkert af þeim tíma, sem n. á að hafa til starfa, því að samþykkt frv. mun vera fyrirfram tryggð.

Annars vil ég geta þess um brtt. á þskj. 93, að ég mun greiða þeim atkv., því að á samþykki þeirra veltur það, hvort enn er nokkur von um, að bankinn verði látinn lifa. Það leiðir því af sjálfu sér, að ég fylgi þeim.

Ég vil endurtaka það, að nauðsynlegt er, að nefndin byrji starf sitt á morgun. Og fyrst ekki stendur á öðru en að útnefna mennina, þá þykist ég vita, að hæstv. ráðh. sé búinn að hugsa svo um það mál, að hann viti upp á hár, hvaða menn hann setur í nefndina.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hæstv. forsrh. taldi, að það væri rangt farið með í nál. okkar minni hl. n., að Sveinn Björnsson sendiherra hefði hvatt til þess að Íslandsbanki yrði opnaður. Það er að vísu rétt, að sendiherrann hefir ekki með beinum orðum lagt það til. En þeir, sem fylgzt hafa með þessu máli og athuga það, sem liggur í skeyti sendiherrans, dyljast þess ekki, að hann varar við lokun bankans vegna afleiðinganna, og endar með því að segja beinlínis það álit sitt, að ef bankinn verði ekki opnaður, þá hljótist af því stórtjón fyrir lánstraust landsins erlendis. Með hverju öðru getur hann bent á það skýrar, að bankinn skuli opnaður aftur? Skoðun hans á málinu kemur svo greinilega fram í skeytinu, að engin ástæða er til þess fyrir hæstv. forsrh. að telja, að við förum rangt með, þó að við skýrum frá því með beinum orðum, sem sendiherrann segir óbeint.

Að öðru leyti er það um frv. að segja, að ég held, að enginn geti mælt því í gegn, að sameinað Alþingi skuli kjósa skiptanefndina, og ég sé ekki, að hæstv. fjmrh. hafi fært nokkur rök á móti því. Ef skiptanefnd á að taka við bankanum, þá álít ég heppilegast, að þingflokkarnir eigi um það að segja, hvernig n. verður valin. Ég vil vona, ef til þess kemur, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að verða við þeim óskum.

Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf. um, að það ætti að skipa matsnefndina strax; ekki af því, að ég álíti, að hún hafi svo mikið verk að vinna, að til þess þurfi langan tíma, heldur af því, að allur dráttur málsins er óheppilegur, og því fyrr, sem það er afgert, því betra. Að öðru leyti vil ég segja það um matsnefndina, að eins og málinu er nú komið og það liggur fyrir, þá ætla menn, að stj. hafi ástæðu til að óska, að matið á bankanum verði eins svart og föng eru á. Það er bezt að segja það hreinskilnislega, að þeirri stj. hlýtur að vera það áhugamál að fá sem svartasta útkomu á bankanum, sem hefir fyrirfram undirbúin slík skiptalög um bankann. Ég vil beina þeirri bendingu til hæstv. stj., að í matsnefndina verði ekki valdir menn, sem komið hafa nærri pólitík, eða sem eru svo svæsnir fylgismenn stj., að þeir láti það ráða gerðum sínum og framkomu við matið. Þetta er aðeins aðvörun. Ég segi þetta ekki af því, að ég ætli stj. að stranda á þessu skeri. Ég væni ekki hæstv. fjmrh. um hlutdrægni að óreyndu og óska, að hann gjaldi varhuga við pólitískum óvinum bankans og skipi þá eina í n., sem njóta almenns trausts fyrir að vera glöggir, reikningsfærir og ráðvandir menn..

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. viðurkenndi það nú í ræðu sinni, að minni hl. hefði ekki farið rétt með skeyti Sveins Björnssonar, enda lægi það ekki fyrir opinberlega. Og þess vegna getur hvorugur okkar birt það, til þess að úr verði skorið, hvor hafi réttara fyrir sér. En ég held því hiklaust fram, að minni hl. n. hafi ofmælt. Og ég skal benda hv. þm. á annað, til þess að sýna, á hvað veikum grundvelli hann stendur í þessu máli, þar sem hann segir, að sendiherrann hafi símað ótilkvaddur og hvað eftir annað. En hv. þm. veit ekkert um, hvað fram hefir farið um þetta

mál, hvað áður hafi verið símað og hvaða skeyti hafa farið héðan til sendiherra Sv. B. (**ÓTh:** Ekkert annað en það, sem getið er um). Hv. þm. veit ekkert, hvaða skeyti ég hefi sent um þetta mál.

Annars vil ég segja það út af því, sem hv. þm. Vestm. var að beina ásökunum til stj. fyrir drátt á málinu, að hv. þm. er kunnugt, hvernig þetta mál bar að, og að með það hefir verið farið samkv. eðlilegri rás viðburðanna. Ef hv. minni hl. meinar nokkuð með þessum ásökunum um drátt á málinu og álítur, að hann sé til ills, þá vil ég beina því til þessara hv. þm., að þeir verði þess ekki valdandi, að dráttur verði á afgreiðslu málsins, úr því sem nú er komið.

Hv. 1. þm. Skagf. óskar að fá tækifæri til þess að bera fram brtt. við frv., en ég vil nú beina til hans þeirri spurningu, hvort hann geti ekki verið því samþykkur og stutt að því í sínum flokki, að 3. umr. fari fram um þetta mál fyrir hádegi á morgun, svo að hv. Ed. geti strax eftir þann fund fengið frv. til afgreiðslu. Ég veit, að hv. þm. þarf ekki meiri tíma til þess að ganga frá sinni brtt. en svo, að hún geti legið fyrir til umr. kl. 10 í fyrramálið. (**MG:** Ég vil nú helzt fá að sofa í nótt). Þeir hv. þm., sem áður hafa talað um, að togarakarlarnir þyrftu ekki 8 stunda svefn í sólarhring, og voru á móti vökulögunum, þeir ættu að geta lagt á sig eina vökunótt. (**ÓTh:** Við erum ekki hættir). En svo að við sleppum nú öllu spaugi, þá vona ég, að ekki þurfi að vera meiri dráttur á málinu en svo, að við getum afgr. frv. frá Nd. fyrir hádegi á morgun.

Ásgeir Ásgeirsson: Út af orðum hv. þm. Dal. skal ég taka það fram, að ég talaði áðan frá eigin brjósti um brtt. hæstv. fjmrh., en hvorki í umboði meiri hl. í þessari deild né í sameinuðu þingi.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Mér þótti gaman að heyra það hjá hv. 2. þm. G.-K., að þeir menn, sem nefndir voru til þess að meta Íslandsbanka — Jakob Möller og Pétur Magnússon —, væru ekki pólitískt litaðir, þar sem annar þeirra er núverandi en hinn fyrrverandi fulltrúi Íhaldsins í bæjarstjórn Reykjavíkur og annar þeirra, bankaeftirlitsmaðurinn Jakob Möller, situr í miðstjórn Íhaldsflokksins. Annars vil ég segja það, að ég er hræddur um, að brtt. á þskj. 93 geti valdið hættulegum drætti fyrir þetta mál, ef ekkert er aðhafzt fyrir 1. marz næstk. Nefndin hefir ekki átt kost á að ræða þessa till. og enga ákvörðun tekið um hana. En það verður að leggja áherzlu á, að skiptin komist sem allra fyrst í framkvæmd, til þess að menn geti flutt viðskipti sín hið bráðasta úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að ég kæri mig ekki um að draga þetta mál á langinn. En ég skil ekki, hvers vegna hæstv. stj. vill koma frv. út úr þessari deild fyrir hádegi á morgun. Og á meðan ég fæ engar skýringar á því, þá vil ég ekki láta það eftir. En fái ég ljósar skýringar á því, þá skal ég vera því fylgjandi. Það getur ekkert verið því til fyrirstöðu að láta rannsóknina byrja, þó að 3. umr. um frv. sé ekki lokið. Það er ekkert annað en fyrirsláttur, ef stj. þykist vera í vafa um, að hún komi frv. í gegnum þessa hv. þd. En hafi stj. einhverjar frambærilegar ástæður til þess að hraða málinu svo mikið, þá skal ég vera búinn að skila minni brtt. fyrir kl. 10 í fyrramálið, þó að ég hafi ekki 8 tíma svefn í nótt.

Annars var tilgangur minn sá, að spyrja hæstv. stj., hvort það sé til nokkurs fyrir mig að bera fram brtt. við frv., þess efnis, er ég gat um í fyrri ræðu minni. (**Fjmrh.:** Já, það má vel koma henni að með afbrigðum eins og frv.). Ég var ekki að spyrja um leyfi til þess að bera fram brtt., því það er mér auðvitað heimilt, en ég er að spyrja um, hvort hæstv. stj. sé á móti því, sem till. mín fer fram á. Það leiðir af sjálfu sér, að ef á að afgreiða frv. fyrir hádegi á morgun, þá verður það ekki gert nema með afbrigðum, og þau leyfi ég ekki, fyrir mitt leyti, nema brtt. mín fái að komast að líka.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var ekki að tilefnislausu, að ég bar fram ósk mína til hv. þm. um að málinu væri hraðað sem mest, þar sem bæði hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Vestm.

hafa verið að brýna stj. á því, að hún drægi málið á langinn um skör fram.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Um það, hvort þetta mál hafi verið tafið að óþörfu, skal ég geta þess, að við umr. um Íslandsbankamálið færði ég glögg rök fyrir því, að eftir að samningatilraunum Sveins Björnssonar sendiherra var lokið, samkv. síðasta skeyti frá honum, þá hafi stj. dregið málið óhæfilega. Annars hefir okkur í minni hl. verið haldið utan við að fá upplýsingar í þessu máli, svo sem unnt hefir verið. Og það er nokkuð önnur meðferð á því eða kjöttollsmálinu, þegar símskeytin voru samin hér í þinginu og þingmenn komu sér saman um orðalag þeirra.

Ég stend vitanlega illa að vígi nú að tala um símskeyti, sem eiga að vera launungarmál og ég hefi gengið inn á að skýra ekki frá. En það, sem nú er opinbert, er þetta: að Sveinn Björnsson sendiherra hefir, þar um spurður, sagt sem rökstutt álit sitt, að ef bankinn yrði ekki endurreistur, þá mundi af því hljótast stórtjón. Ef þetta eru ekki meðmæli með því, að bankinn verði opnaður aftur, þá veit ég ekki, hvernig hægt er að orða það sterkara, óbeint. Það er ekki rétt af hæstv. forsrh. að hallmæla okkur minni hl. n. fyrir að við höfum gengið of langt í nál. okkar, því að það höfum við ekki gert.

Hv. 2. þm. Reykv. var eitthvað að skopast að því, að ég teldi nú óhæfu að pólitíkst litaðir menn yrðu skipaðir í matsnefndina, þó að ég hefði ekkert fundið athugavert við það áður, að Pétur Magnússon og Jakob Möller voru látnir meta bankann. En þar er því til að svara, að Jakob Möller gegnir slíku starfi sem embættisskyldu, og þá er ekki rétt að gera honum þær hvatir, að hann rjúfi sinn embættiseið og skyldu um að starfa eftir beztu vitund. Um Pétur Magnússon er það að segja, að hann hefir haft lítil opinber afskipti af stjórnmálum, og alls engin síðastl. 2 ár.

Annars var ég aðeins að vara hæstv. stj. við því, að skipa í n. menn, sem að flestra dómi væru öfgamenn, en ekki hinu, að hún mætti ekki nefna til þess einhverja af sínum flokksmönnum.

Annars hefi ég lagt áherzlu á, að mat framkvæmt af óvilhöllum mönnum hlýtur að vera traustara en mat gert af n., sem skipuð væri pólitískum öfgamönnum eða flokksmönnum þeirrar stj., sem borið hefði fram frv. um að taka bankann tafarlaust til skiptameðferðar. Ef hæstv. stj. hefði ekki borið fram þetta frv., þá væri ekki eins mikil ástæða til að ætla, að matsnefndin verði skipuð pólitískum öfgamönnum.

Ég vona því, að hv. frsm. meiri hl. skilji, að ástæða er til að ætla, að hæstv. stj. muni ekki æskja þess, að Íslandsbanki verði opnaður aftur, úr því að hún hefir borið fram frv. til skiptameðferðar á honum og rekur hart eftir, að frv. þetta verði að lögum eftir fáa daga.

Sigurður Eggerz: Aðeins stutt aths. út af því, sem hæstv. forsrh. sagði að lagt hefði verið fyrir stj. Íslandsbanka að gefa skýrslu um hag bankans síðastl. ár. Það hefir ekki verið lagt fyrir bankastjórana að gefa neina skýrslu. En auðvitað er bankastj. reiðubúin hvenær sem er að gefa allar þær upplýsingar um hag bankans, sem hún getur, en hún hefir ekki verið beðin um neina slíka skýrslu.

Við nýtt bankamat skil ég, að hugsunin sé sú, að ef það mat sýnir það sama og fyrra matið, þá eigi á því að byggja endurreisn bankans. Annars væri engin meining að vera að skipa nýja matsnefnd.

Annars mun ég greiða atkv. með brtt. hæstv. fjmrh., en á móti frv., af því að ég tel ótækt að samþ. lög um að loka bankanum fyrir fullt og allt.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi ekki ennþá fengið neinar skýringar á því, hvaða ástæður hæstv. stj. hafi til þess að hraða svo mjög 3. umr. þessa máls. Hæstv. fjmrh. segist ekki geta skipað matsnefndina fyrr en málið sé komið út úr þessari hv. deild. En það er engin ástæða. Ég fyrir mitt leyti vil fá að vita það fyrir 3. umr., hvaða menn eigi að vera í n., og það á ekki að vera neitt launungarmál fyrir þingmönnum.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. 2. þm. G.-K. virðist ekki geta skilið það, að t. d. Jakob Möller og Pétur Magnússon geti kallazt pólitískir öfga-

menn engu síður en hann getur nefnt suma jafnaðarmenn svo. Hv. þm. getur verið viss um, að í flokki jafnaðarmanna eru þessir íhaldsmenn taldir mjög svo öfgafullir í skoðunum. Þetta fer auðvitað eftir því, frá hvaða bæjardyrum litið er á málin, og er það því ekki sagt þessum mönnum til lasts, því að ég geri ráð fyrir, að hugsunargangur þeirra sé þeim varla sjálfráður í þessu efni.

Þá vil ég geta þess í sambandi við Jakob Möller, að þegar hann var ásakaður fyrir að hafa ekki rannsakað Íslandsbanka, þá skaut hann sér undir það, að hann hefði ekkert erindisbréf um, í hverju starf hans væri fólgið, og hefði honum því ekki borið nein skylda til slíkrar stöðugrar rannsóknar. En fyrir hvað fær hann þá laun sín sem bankaeftirlitsmaður? Sýnir þessi framkoma bezt, hvert traust menn mega bera til þessa embættismanns þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég vildi aðeins segja, að ég tel það með öllu óforsvaranlegt af hæstv. stj. að skipa öfgamenn í matsnefndina, sem sérstök ástæða væri til að halda, að væru fyrirfram ráðnir í að loka bankanum til fulls, eins og hv. 2. þm. Reykv. og fleiri samherja hans.

Ég vek athygli á því, að ég held það flýti ekki fyrir afgreiðslu málsins að taka það fyrir aftur kl. 10 í fyrramálið. Menn þurfa dálítinn tíma til þess að átta sig á, hvort þeir vilja koma með brtt. Mér finnst því, að það ætti að vera nógur tími að taka málið fyrir á venjulegum fundartíma, kl. 1, og reyna að koma því til hv. Ed. á morgun.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessu frv. Það er hlálegt að samþ. frv. um skiptameðferð á bankanum áður en þó er tekin fullnaðarákvörðun um örlög bankans. Það er rétt eins og ef ættingjar sjúklings tækju sig til og auglýstu, að ef sjúklingurinn andaðist, þá færi jarðarförin fram þennan eða hinn daginn.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það, sem fyrir mér vakti, er ég vildi hraða þessu máli, var það, að í þessu frv. eru ýmis ákvæði, sem komast þurfa sem allra fyrst í gildi, enda þótt ekki sé komið álit þeirra manna, sem meta eiga bankann. Bankanum getur komið illa á næstu dögum að hafa ekki einhverja vernd í lögum; þess vegna verður að hraða málinu.

Í sambandi við þá matsnefnd, sem skipuð verður, og út af orðum hv. 1. þm. Skagf. um það, að hann þyrfti að vita fyrir 3. umr., hverjir yrðu útnefndir í n., þá vil ég aðeins geta þess, að ég fæ með engu móti skilið, að það þurfi að breyta afstöðu hans til málsins við 3. umr. Og þó að hv. 1. þm. Skagf. væri að einhverju leyti óánægður með útnefningu mannanna, þá fæ ég ekki heldur séð, að sú óánægja sé því til fyrirstöðu, að málið fái að ganga sinn gang.

Ég vil ekki fara frekar út í ræðu hv. 2. þm. G.-K. Hann virtist ganga út frá því þegar fyrirfram, að einhver hlutdrægni mundi eiga sér stað um nefndarskipunina. **(ÓTh:** Alls ekki!). Mér skildist ekki betur af þessum margendurteknu orðum hans um „pólitíska öfgamenn" en hann gefa í skyn, að hlutdrægni mundi verða beitt í rannsókn bankans. **(ÓTh:** Nei, nei, alls ekki!). Ja, þá var ræða hans um þetta efni alveg þýðingarlaus. Enda finnst mér það ekki vel viðeigandi, hvorki af honum eða öðrum, að flytja hér tortryggnisásakanir út af þessari fyrirhuguðu nefndarskipun.

Hannes Jónsson: Út af því, sem hv. þm. Dal. sagði um það, að bankastjórum Íslandsbanka hefði engin tilmæli borizt um að gefa skýrslu um hag bankans, þá vil ég upplýsa um það, að skömmu eftir að form. bankan., hv. 1. þm. S.-M., hafði beðið hæstv. forsrh. að útvega slíka skýrslu, þá hitti ég hv. þm. Dal. einmitt hér í deildarsalnum og spurði hann um, hvort skýrsla bankastjóranna færi ekki að koma. Hv. þm. brást dálítið ókunnuglega við, en lét þó þau orð falla, að sjálfsagt væri, að slík skýrsla kæmi. En þó hefir ekkert bólað á henni enn.

Sigurður Eggerz: Það er rétt, að hv. þm. V.-Húnv. minntist á þetta við mig, en ég svaraði honum því, að svo framarlega sem beðið hefði verið um slíka skýrslu, þá mundi hún sjálfsagt koma. En þessi beiðni hefir alls ekki komið til bankastjórnarinnar. Og von var, að ég brygðist

ókunnuglega við, þar sem ég vissi ekkert um slíka beiðni, enda liggur hún ekki fyrir í bankanum.

Magnús Guðmundsson: Ég þykist mega skilja af orðum hæstv. fjmrh., að hann ætli sér að komast hjá því að útnefna mennina í n. fyrr en eftir 3. umr. Veit ég þó ekki, hvað sá dráttur á að þýða, því að eflaust mun hann hafa hugsað sér mennina. Nú vil ég skora á hann að skipa n. milli 2. og 3. umr., og það hlýtur hann að geta, þó að 3. umr. verði á morgun. Það skal ekki standa á mér að skila brtt. í tæka tíð, svo að málið þarf ekki að tefjast þeirra vegna.

ATKVGR.

Brtt. 83 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 93,1 samþ. með 18:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, H-Stef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, BSv.

nei: HK, JJós, JAJ, JS, MG, ÓTh, PO, SE.

EJ, JÓl greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

2.—9. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 93,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:7 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Íslandsbanka.

Á 21. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég ætlaði aðeins að fara fram á það við hæstv. stj., að þetta mál verði tekið út af dagskrá, vegna þess að ég hefi fengið að vita, að símað hafi verið til sendiherra okkar í Kaupmannahöfn viðvíkjandi lausn á þessu máli, og að menn úr bankaráði bankans álíti, að það geti spillt fyrir þeim málaleitunum, ef málið fer út úr deildinni hér. Ég sé heldur ekki, að þetta skipti neinu fyrir málið, en sennilegt er, að enginn hafi löngun til að spilla fyrir því, að bankinn verði opnaður.

Ég vona, að hæstv. stj. verði við þessari beiðni, enda hefi ég skilið hæstv. fjmrh. svo, að hann fari ekki að neyða okkur til þess að greiða atkv. á móti undanþágu frá þingsköpum.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Áður en hæstv. stj. svarar þessu, vil ég aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að þetta er framhald á þeim drætti, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir reynt að hafa á þessu máli frá því, er það fyrst kom til nefndar, og stöðugt síðan. Því að þetta símskeyti frá nokkrum hluta bankaráðs Íslandsbanka gerir enga breyt. á því, sem við vitum um skoðun Sveins Björnssonar, og hefir því engin áhrif á málið. Í öðru lagi myndi símskeyti frá Sveini Björnssyni áreiðanlega koma áður en málið væri til lykta leitt, og er því ekkert til fyrirstöðu að halda því áfram. En svo virðist, sem það vaki fyrir hv. 1. þm. Skagf. og flokki hans, að ef bankinn stöðvast á annað borð, þá verði það með sem mestu tapi fyrir bankann, því að því lengri sem drátturinn verður, því meira verður tapið.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jafnvel þó að mér þyki það heldur slæmt, að dráttur verði á þessu máli, vil ég verða við beiðni hv. 1. þm. Skagf. um að málið sé tekið út af dagskrá í þetta sinn, en vænti þess, að það komi á dagskrá á morgun og fái þá greiða afgreiðslu hér úr deildinni.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins beina þeirri ósk til hæstv. ráðh., hvort hann sæi sér ekki fært að gera þessa frestun á málinu meinlausa, með því að gera nú þegar ráðstafanir til að framkvæma rannsókn á bankanum, því að þá væri þessi frestur undir öllum kringumstæðum óskaðlegur.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn, ég veit ekki til hverra, hvort það er virkilega svo, að Íslandsbanki haldi áfram starfsemi sinni, þótt hann sé lokaður fordyramegin, hvort hann sé opinn bakdyramegin og að bankastjórarnir taki við innheimtufé, framlengi víxla í 2, 3.eða 6 mánuði fyrir ýmsa viðskiptamenn, og ennfremur sé unnið að margháttaðri bókfærslu. Ég veit ekki, hvert ég á að beina þessari fyrirspurn. Bankaráðið hefir gefizt upp og

bankastjórnin hefir gefizt upp, en hver stjórnar þá bankanum? Vona ég, að hæstv. ríkisstjórn treystist að svara þessu. Forsrh. mun enn teljast formaður bankaráðsins. Hann ætti því að geta skýrt frá því, hvort svo er til ætlazt, að þetta millibilsástand, sem öllum er jafnt til bölvunar: bankanum og viðskiptamönnum hans, haldist lengi enn.

Forseti (BSv): Þar sem hæstv. fjmrh. hefir tjáð sig því samþykkan, tek ég málið hérmeð út af dagskrá, en er á hinn bóginn fús til að taka málið á dagskrá, hvenær sem óskað er, og skjóta jafnvel á fundi, ef þurfa þykir.

Á 22. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 94, 97, 99).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 99. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 99. Till. gengur í þá átt, að endurmatið á bankanum sé framkvæmt af óvilhöllum mönnum, — að valinu sé vikið frá hinum pólitiska aðila til hins ópólitiska, það er að segja frá landsstj. til bankastjórnar Landsbankans. Ég hefi áður bent á, að mjög velti á því, hvaða dóm mat þetta fær, og því er illa til fallið, að fjmrh. tilnefni þessa menn, en út í það mun ég ekki fara frekar, heldur vísa algerlega til fyrra máls míns.

Þá hefi ég einnig gert það að till. minni, að þeir tveir menn, sem rannsakað hafa hag bankans, Jakob Möller bankaeftirlitsmaður og Pétur Magnússon lögfræðingur, skuli vera nefndinni til aðstoðar, en hafa þar ekki atkvæðisrétt. Þeir eru þegar búnir að athuga hag bankans, og því álít ég, að þeir geti létt undir með n. og flýtt fyrir matinu. Mér virðist till. þessi svo sanngjörn, að d. geti tekið henni vel, og þá einkum hæstv. fjmrh.

Magnús Guðmundsson: Ég á 2 brtt. á þskj. 97. Sú fyrri gengur út á það, að sameinað Alþingi kjósi skilanefnd bankans, þegar þar að kemur, og hin síðari, að þeir menn, sem vegna stöðvunar á starfsemi bankans geta ekki staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, skuli fá frest á skilum til 1. maí 1930.

Ég gat um báðar þessar brtt. við 2. umr. þessa máls, og skildist þá á hæstv. fjmrh., að hann vildi ekki að fyrra bragði útiloka þær frá deildinni. Ég innti hann þá eftir, hvort það myndi þýða nokkuð að bera þær fram, en hann kvað það ekki útilokað.

Hvað fyrri till. snertir er það að segja, að ég álít það betra, að Alþingi skipi n. heldur en að stj. geri það, því að þá verður hún ekki skipuð of einhliða. Í öðrum löndum er það venja í svipuðum tilfellum að kjósa 1—2 nm. fyrir hönd þeirra manna, sem eiga fé í bankanum.

Ég er samþykkur því, að skiptameðferð bankans sé ekki dregin umfram nauðsyn, en hins sakna ég, innlánsfjáreigendanna vegna, að þeir skuli ekki eiga von á betra en því, sem ætla má, að frá stj. komi, því óneitanlega hefir mér fundizt anda kalt úr þeirri átt til þeirra, er fé eiga inni í Íslandsbanka. Hinsvegar geri ég fastlega ráð fyrir, að ef skilanefnd yrði kosin af sameinuðu Alþingi, þá yrði hún a. m. k. ekki alveg eins einhliða og ekki eins pólitiskt einlit og búast má við, ef hæstv. stj. skipar nefndina. Með því yrði og skuldheimtumönnum bankans sennilega gefin dálítil íhlutun um skipti bankans, og gefin nokkur trygging fyrir, að n. yrði dálítið blönduð í pólitisku tilliti. Annars hirði ég ekki um að fara fleirum orðum um þessa till. mína að svo stöddu, en áskil mér rétt til þess síðar, ef andmæli koma fram.

Í frv. stj. er ekkert ákvæði, sem verndar hagsmuni þeirra manna, sem vanskilamenn verða vegna stöðvunar Íslandsbanka. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að skilanefnd taki lán til þess að greiða innstæðueigendum, og er það gott, svo langt sem það nær. En það eru fleiri en innstæðueigendur, sem hljóta tjón og vandræði af lokun bankans. T. d. allir þeir, sem samið hafa um lán í bankanum og hafa reitt sig á, að þeir muni fá það útborgað á tilsettum tíma, verða sviptir þeim loforðum, og komast þannig í vandræði með þær ráðstafanir, sem þeir hafa gert í trausti þess, að lánið yrði útborgað eins og um var samið. Það er ó-

mögulegt að reikna út þær víðtæku og alvarlegu afleiðingar, sem slík viðskiptatruflun getur haft. Maður á t. d. að borga ákveðna upphæð á tilteknum degi, t. d. afborgun af láni, sem svo er um samið, að falli í gjalddaga allt, ef vanskil verða á einstökum vaxtagreiðslum. Nú hefir hann fengið loforð um peninga í bankanum og treyst á það. Þegar hinn tilsetti dagur kemur, fær maðurinn ekki lánið og verður vanskilamaður fyrir þá sök. Eignir hans verða nú seldar á nauðungaruppboði, vitanlega langt undir sannvirði, eins og venja er til, og maðurinn er sviptur lífsstarfi sínu og atvinna hans stöðvuð. Nú flyt ég till. þess efnis, að draga dálítið úr þessum vandræðum, með því að ætla þeim mönnum, sem í vandræðum lenda fyrir þessa atburði, nokkurt svigrúm til þess að útvega sér fé til þess að afstýra frekara tjóni. Hvort þessi tímatakmörk, sem ég hefi stungið upp á, eru þau heppilegustu, má um deila, en að minni hyggju eru þau nálægt sanni.

Ég verð að álíta, að það sé siðferðisleg skylda löggjafarvaldsins að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem fyrir þessa óheppilegu rás viðburðanna verða vanskilamenn um greiðslur. Enda er slíkt algengt erlendis, að skuldunautar fá greiðslufrest, þegar þeir verða ófærir um að standa í skilum af ófyrirsjáanlegum orsökum. Ég veit, að ekki verður afstýrt viðskiptatruflun úr því að þingið hefir snúizt svona óviturlega við þessu máli, en hitt er mín skoðun, að till. mín verði þó til þess að draga verulega úr þeim vandræðum, sem afgreiðsla Íslandsbankamálsins hlýtur að leiða yfir þetta land. Þeir menn, sem hljóta óþægindi af því að fá ekki greiðslur fyrr en till. mín gerir ráð fyrir, það eru þeir menn, sem að öðru jöfnu eru betur stæðir og þurfa síður að inna greiðslur af hendi til annara, og að því leyti standa þeir bezt að vígi að bera óþægindin af lokun bankans og þeim viðskiptaófögnuði, sem slíkt hefir í för með sér.

Till. mín gerir ráð fyrir, að sá, sem heldur því fram, að lokun bankans hafi gert hann ófæran til þess að standa í skilum um stundarsakir, skuli sanna, að svo sé. Það virðist einsætt, að sönnunarskyldan hvíli á honum í því efni. Ég tek þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning, sem ef til vill kynni að koma fram um þetta atriði.

Hákon Kristófersson: Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn út af brtt. á þskj. 99, en með því að hv. flm. er ekki staddur í deildinni, vona ég, að einhver verði til þess að svara fyrir hann.

Eftir mínum skilningi virðist brtt. gera ráð fyrir því, að útilokað sýnist, að bankaeftirlitsmaðurinn, Jakob Möller, yrði skipaður í nefndina. Komi nú það fyrir, að svo yrði ekki, þá verð ég þó að treysta því, að hæstv. stj., sem teljandi það sjálfsagðan hlut, muni láta bankaeftirlitsmanninn, sem sérfróðan og kunnugan mann, verða n. til aðstoðar og upplýsingar, eftir því sem þörf krefur.

Ennfremur er það rökrétt afleiðing af samþykkt þessarar till., að með öllu er útilokað, að Pétur Magnússon verði skipaður í nefndina. Þykir mér slíkt næsta óviturlega ráðstafað, því ég hefi það álit á þeim manni, að hann sé vel til slíkra hluta hæfur fyrir allra hluta sakir. Þætti mér hastarlega að farið, ef honum væri fyrirmunuð seta í n., og ekki ætti það að vera til fyrirstöðu, þótt hann hafi framkvæmt lausamat á bankanum um daginn.

Að öðru leyti hefi ég ekkert sérstakt út á till. að setja, en ég vildi aðeins fá upplýsingar um það, hvort þessu máli sé í rauninni þann veg háttað, sem till. virðist gera ráð fyrir. Ef svo er, mætti ætla, að stj. sé þegar búin að slá föstu um það, hverjir skuli eiga sæti í n., og ef einnig það er rétt til getið, væri ekki úr vegi, að stj. léti deildina vita um það þegar í stað, áður en frekari umr. fara fram í deildinni um þetta mál, og áður en gengið er til atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. Skagf. flytur tvær brtt. á þskj. 97. Ég get verið mjög stuttorður um þær, en skal þó víkja að þeim nokkrum orðum.

Fyrri brtt. á þskj. 97 er um það, að skilanefnd verði kosin af sameinuðu Alþingi, í stað þess að fjmrh. skipi hana. Hv. flm. færði þær ástæður fyrir þessu, að betra væri, að þessi n. væri dálítið blönduð í pólitisku tilliti. Ég get skilið það, að ef hv. flm. telur það mikils um

vert, að í þessa n. veljist eingöngu sterkt litaðir menn, þá er þetta bezti vegurinn til þess að gera n. pólitiska. En er þetta til þess að tryggja gott samkomulag í n.? Ég held ekki. Ég verð hinsvegar að telja það mestu varðandi, að í n. veljist fyrst og fremst vel samhentir og viljagóðir menn, bæði vegna bankans og viðskiptamanna hans. Með tilliti til þess, verð ég að leggja á móti þessari till. — Hv. flm. kvaðst hafa lýst því yfir við 2. umr., að hann mundi flytja slíka brtt. við 3. umr. Ég tók nú ekki eftir því; það hefir farið framhjá mér. En hinsvegar taldi ég sjálfsagt, að brtt. hans fengju að komast til þessarar umr., þó afbrigða þyrfti að leita.

Um aðra brtt. er það að segja, að ef hún yrði samþ., er ég hræddur um, að slíkt kynni að leiða af sér óþægilega vafninga í viðskiptalífinu. Í till. segir m. a. svo:

„Þeir, sem vegna stöðvunar á starfsemi bankans geta ekki staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, skulu hafa greiðslufrest til 1. maí“ o. s. frv.

Hér er ekki einu sinni bundið við það að eiga inni í bankanum. Till. er fyrst og fremst óhæfilega víðtæk. Það gætu allir skotið sér inn undir þetta skálkaskjól og sagt: Ég ætlaði að fá víxillán í Íslandsbanka; þess vegna get ég nú ekki staðið í skilum. — Slíkt ákvæði má teygja óendanlega til þess að refjast við greiðslum. T. d. getur sá, sem á sparisjóðsbók í Íslandsbanka með jafnvel óverulegri upphæð í, ávallt sýnt bókina, þegar hann væri krafinn um greiðslur. Ég þarf ekki að eyða orðum um þetta; menn ættu að geta skilið, að slík lagasetning getur haft og hlýtur að hafa hinar háskasamlegustu afleiðingar. (HK: Eru menn almennt svona óærlegir í viðskiptum, að þurfi að gera ráð fyrir slíku?). A. m. k. hlýtur þetta að ýta mjög undir vanskila- og skuldarefjar; gæti auðveldlega komið af stað þeirri vanskilakeðju, sem örðugt yrði að ráða fram úr og sem seint tæki enda. Ef t. d. hv. þm. Barð. ætti hjá mér peninga og vildi fá þá greidda, þá væri mér nóg að sýna honum sparisjóðsbók í Íslandsbanka, til þess að hann gæti ekki gengið að mér. (HK: Ég myndi nú ekki gera það hvort eð væri; þykir of vænt um þann heiðursmann til þess). Að slepptu öllu gamni hygg ég, að ekki verði skynsamleg rök færð gegn því, að slíkt ákvæði yrði mjög misnotað. Ég verð því að ráða hv. d. alvarlega frá því að samþ. þessa breyt. hv. 1. þm. Skagf.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 2. þm. G.-K. á þskj. 99. Sú till. fer fram á, að bankastjórn Landsbankans skipi n. til þess að rannsaka hag Íslandsbanka, og að vissir tilteknir menn verði þessari n. til aðstoðar. Mér koma þessar till. mjög á óvart, því að hv. flm. lagði mikla áherzlu á það í gær, að ég skipaði nefndina sem allra fyrst. Ég hafði líka gert ráð fyrir því, að brtt. kæmu ekki fram þessa efnis, og því get ég alls ekki léð þeim fylgi nú, þar sem ég er kominn nokkuð á veg með skipun nefndarmannanna. Ég hefi að vísu ekki slegið föstu um alla mennina, en sumir þeirra eru þegar teknir til starfa. (MJ: Hverjir?) Ég get fúslega svarað þeirri spurningu. Á Akureyri hefi ég sett Böðvar lögmann Bjarkan til þessa starfa, og á Ísafirði Jón Guðmundsson endurskoðanda, og lagði hann af stað í nótt með „Drottningunni“. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessar brtt., en er fullkomlega andvígur þeim öllum og legg til, að þær verði allar felldar.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Meiri hl. n. hefir talað um þessar brtt. sín á milli og leggur til, eins og hæstv. fjmrh., að þær verði allar felldar.

Mér virðist töluvert erfitt að skera úr, hvorar brtt. eru vitlausari, en báðar eru þær einstakar í sinni röð. Till. hv. 2. þm. G.-K. fer fram á það, að bankastjórar Landsbankans skipi matsnefndina, en ekki bankaráðið, sem þó ber ábyrgðina út á við. Það ætti alls ekki að blanda þessum banka inn í þetta mál, hvorki bankaráði og enn síður undirmönnum þess, bankastjórunum, umfram það, sem óhjákvæmilegt er. Landsbankanum veitir ekki af öllu sínu trausti, þó að ekki sé vísvitandi verið að draga hann inn í þessar Íslandsbankadeilur. Þessi liður till. er því á fremur litlu viti byggður og af lítilli góðgirni gerður, en við öðru var reyndar ekki að búast úr þessari átt.

Þá er ákvæðið um starfsmenn n. Það virðist nú lítil þörf á því að kveða á um starfsmenn n., meðan sjálf n. er ekki

skipuð. Annars segir það sig sjálft, að Jakob Möller er skyldugur til þess að vera n. til aðstoðar, ef það má verða n. að nokkru liði. Og ég geri ráð fyrir því, að n. snúi sér til hans til þess að fá upplýsingar, sem hann kynni að geta gefið, enda þótt það hafi nú greinilega komið í ljós, að hann hafi ekki fylgzt svo með þessum málum, sem ætla mætti og af honum mætti krefjast, og skýrslur hans séu harla tortryggilegar. Yrði n. þess vegna að taka upplýsingum þessa manns með hæfilegri varúð. Ég held því, að þetta ákvæði sé ástæðulaust, og því fremur ákvæði um, að Pétur Magnússon skuli vera n. til aðstoðar. Sá maður hefir ekkert sérstakt til brunns að bera, sem geri það nauðsynlegt að setja hann til hjálpar n., að honum þó ólöstuðum. Hann hefir ekkert komið nálægt þessu máli, nema þennan hálfa sólarhring, sem rannsóknin stóð yfir, og slíkt er engin ástæða til þess að lögfesta hann sem aðstoðarmann n. Enda er jafnvel mjög óvíst, að Alþingi hafi nokkurn rétt til að skipa einstökum borgara að taka að sér slíkt verk. Ég hygg, að þingið geti alls ekki skipað Pétur til þessa starfs, nema hann sjálfur vilji.

Um brtt. hv. 1. þm. Skagf. mætti tala langt mál, en ég mun þó leiða það hjá mér að mestu, því að þær eru, eða einkum síðari hluti þeirra, svo frámunalega vitlausar, að jafnvel hv. 1. þm. Skagf. var vart trúandi til þess að láta slíkt plagg frá sér fara. Um fyrri liðinn er það að segja, að það er oft heppilegra, að sameinað þing kjósi slíkar nefndir, en í þessu tilfelli held ég þó að sé bezt, að fjmrh. geri það.

Síðari ákvæði brtt. gengur út á það, að lögfesta almenna óskilvísi í landinu þangað til á hátíðardegi jafnaðarmanna, 1. maí; þá skal aftur taka upp almenna viðskiptaskilsemi að síðaðra þjóða hætti. Mig furðar á því, að þeir hv. þm., sem svo mjög þykjast bera lánstraust landsíns fyrir brjósti, skuli láta sig henda annað eins og það, að vilja lögleiða, að enginn sé skyldugur til að borga skuldir sínar. Varla er hugsanlegt öllu sterkara meðal til þess að eyðileggja lánstraust landsins, bæði inn á við og út á við. Öll viðskipti, sem ekki færu fram gegn greiðslu peninga út í hönd, mundu tafarlaust stöðvast.

Það má skipta viðskiptamönnum Íslandsbanka í tvo flokka, þá, sem eiga inni, og þá, sem ekki eiga inni í bankanum. Samkv. lögum þeim, sem hér eru á ferð í þinginu, geta innstæðueigendur fengið lán út á innstæðurnar, eða a. m. k. nokkurn hluta þeirra. Það, sem þeir ekki fá út á, er þá álitið tapað, og ég get ekki séð neina skynsamlega ástæðu til þess að þeir, sem tapa fé á þessu fyrirtæki, séu með lögum undanþegnir að standa í skilum, fremur en þeir, sem tapa fé á annan hátt. Um það, hvort menn hafi fengið loforð um lán í bankanum, býst ég við, að oft geti orkað tvímælis. Sjaldnast er nokkuð skjalfest um slíka hluti, svo að örðugt yrði um sönnunargögn í slíkum málum. Auk þess er það lítil sönnun þess, að maður geti ekki borgað skuldir sínar, þótt hann hafi fengið munnlegt loforð hjá bankastjórunum — fyrrverandi auðvitað — um lán, sem svo hafi brugðizt. Þó að nú lán bregðist í Íslandsbanka, þá er það í rauninni ekkert tap, því sami maður getur þá því auðveldar fengið lán í Landsbankanum eða annari peningastofnun. Þessir menn þurfa því alls ekki að lenda í vanskilum, nema því aðeins, að Íslandsbanki eigi sama sem ekkert upp í skuldir sínar. Annars er það mjög varhugavert að lögleiða slík ákvæði, vegna þess hversu víðtækar afleiðingar þau hljóta að hafa. Ef t. d. hv. 2. þm. G.-K. á að gjalda hv. 1. þm. Skagf. einhverja upphæð, en hv. 2. þm. G.-K. ber það fyrir sig, að hann hafi ætlað að fá víxil í Íslandsbanka, þá er hv. 1. þm. Skagf. ekki heldur skyldugur til þess að greiða sínum skuldheimtumönnum, og svo framvegis endalaust. Þar af leiðandi verður það auðvitað, að það verður sama sem enginn maður, sem fæst við viðskipti og verzlun, skyldugur til að borga sínar skuldir, því að flestir munu geta vísað til einhverrar fjárheimtu, sem þeir eiga á Íslandsbanka. Afleiðingin af því, ef þetta verður samþ., verður þá það, að enginn þorir að lána neinum neitt. Hvernig fer um framleiðendur yfirleitt, ef þeir geta skotið sér inn undir það, að þeir þurfi ekki að borga verkamönnum sínum, og hvernig ættu verkamenn að

geta þolað að veita þeim 3—4 mánaða gjaldfrest? Þetta er svo vitlaust, að það er ekki eyðandi frekar orðum að því.

Þá ætla ég að beina einni fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Ég sé, að brtt. sú, sem var samþ. á síðasta fundi, við 1. gr., er orðuð þannig, að fjmrh. sé heimilt að fresta upphafi skiptameðferðar til 1. marz 1930. En í gr. á undan stendur, að skilanefnd skuli framkvæma skiptin á bankanum frá lokunardegi bankans, 3. febr. síðastl. Þetta er ekki alveg glöggt orðað, en ég geng út frá, að hér sé verið að fresta því, að þessi lög komist í framkvæmd, en ekki að skiptameðferðin taki ekki til tímans frá 3. febrúar. Í því sambandi við ég ámálga það, sem hv. þm. Ísaf. talaði um á fundinum, að það er mjög óviðkunnanlegt, að bankastjórn Íslandsbanka haldi áfram störfum, eftir að bankanum hefir verið lokað. Það segir sig sjálft, að þeir verða að taka á móti þeim peningum, sem viðskiptamenn bankans ætla að greiða honum, en þar af leiðir ekki, að þeir hafi heimild til að veita mönnum gjaldfrest um fleiri mánaða skeið við langar framlengingar víxla o. s. frv. Ef skiptanefnd kemur að bankanum, ætti ekki að taka slíkt til greina. Ég vænti þess fastlega, að hæstv. fjmrh. taki þetta mál að sér og athugi, að hve miklu leyti bankastjórarnir halda áfram störfum sínum út á við, og stöðvi það, að svo miklu leyti sem það er ekki óhjákvæmilegt.

Magnús Guðmundsson: Er ekki hæstv. fjmrh. við? Það var hann, sem ég ætlaði aðallega að svara.

Það væri synd að segja, að þessi brtt. mín hefði fengið góðar viðtökur hjá hv. stjórnarliði, og bjóst ég reyndar ekki við því fyrirfram, því að það er auðséð af meðferð þessa máls, hverjum tökum það er tekið og hvert stefnir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri auðséð, að ég vildi hafa skilanefndina pólitískt litaða. Það sagði ég nú ekki neitt um, og kosningar í sameinuðu þingi geta verið ólitaðar af pólitík. (**Fjmrh.:** Svo!). Já, það getur vel verið, og slíkar kosningar hafa farið hér fram, en þegar sagt er, að hún verði pólitískt lituð, þá verð ég að svara því, að hún mundi víst verða eins mikið lituð, þótt hæstv. ráðh. skipaði n., vegna þess að maður á ekki að venjast því úr garði hæstv. stj., að n. séu skipaðar án tillits til stjórnmálaskoðana, svo að ég held, að hæstv. ráðh. hefði allra síst átt að nefna þetta sem rök á móti minni till. Ég veit, að þessi till. tekur dálítið vald af hæstv. ráðh, en ég hélt, satt að segja, að honum myndi ekki vera svo sérlega annt um það. (**Forsrh.:** Þá er ekki löngunin mikil til að beita því pólitískt!). Ég hélt, sagði ég, en það virðist vera dálítið sárt, og maður fær kannske að sjá, hvernig útnefningin fer.

Ég var ekki að tala um það við 2. umr., hvort ég fengi að flytja brtt. Ég vissi, að ég hafði fulla heimild til þess sem þm. að gera það, og þótt hæstv. fjmrh. hafi lofað því að veita afbrigði, er það einskis virði, því að það þurfti afbrigði um málið í heild sinni, og þó að við minnihl.menn séum ekki sterkir í d., getum við þó fyrirbyggt, að öll afbrigði verði leyfð, svo að það getur ekki hafa verið það, sem hann var að gefa mér undir fótinn með, þegar hann var að tala um flutning þessarar till. Um síðari till. sagði hæstv. ráðh. það, að hann gæti ekki gengið að henni vegna þess, að hún myndi valda svo miklum truflunum í viðskiptalífinu, skildist mér, og sagði, að maður gæti logið sig út úr því, sýnt einum og öðrum sömu bókina, og þannig logið sig frá skyldum sínum. Mér er það að sönnu ljóst, að svo má fara að í einstöku tilfellum, en ég hélt, að hæstv. ráðh. væri nokkurn veginn sannfærður um það, að margir hljóta að komast í kröggur vegna lokunar bankans, og ég hélt, að það væri meira virði að geta verndað dálítið þá menn heldur en þó menn vissu, að nokkrir óráðvandir menn kynnu að geta notað sér þetta um leið.

Þá er að athuga, um hvað langan tíma hér getur verið að ræða. Það er talað hér eins og það sé verið að losa menn við allar skuldbindingar til eilífðar. En það er eitthvað annað. Tíminn er tveir mánuðir, og þótt sá aðili, sem skuldina á, fari í mál undir eins, þá fengi hann ekki sína skuld fyrr þrátt fyrir það, en hann getur gert sínum skuldunaut mikinn óhag, og jafnvel gert hann gjaldþrota, með því að hann hefir undirtökin á honum

og getur stimplað hann sem óskilamann. Þetta vill till. fyrirbyggja, og það er satt að segja það minnsta, sem ætti að vera heimtandi af hv. meiri hl. í þessu máli, að hann vildi vernda þá menn, sem hafa alveg án eigin tilverknaðar komizt í slíkt öngþveiti. Það er þó svo, að tveggja mánaða tími gefur mönnum talsvert svigrúm til að leita eftir láni annarsstaðar, og þar sem auðsætt er, að alstaðar þar, sem hlutaðeigandi getur ekki borgað, fær skuldareigandi hana ekki greidda fyrr, þó að þetta sé ekki samþ., og hjálpin í þessu liggur þá í því, og eingöngu í því, að honum sé ekki gert erfiðara fyrir heldur en þörf er á, og hann eigi það ekki yfir höfði sér að verða talinn vanskilamaður þessa tvo mánuði, sem um er að ræða.

Ég verð að segja það, að þrátt fyrir undirtektir hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv., sem nú fylgjast að eins og bræður, vona ég það fastlega, að þeir menn séu nógu margir í þessari hv. d., sem vilja rétta hjálparhönd til þessa sjálfsagða réttlætis.

Hæstv. ráðh. lét í veðri vaka, að það væri búið að kveða á um það, hverjir ættu að skipa þessa rannsóknarnefnd hér í Reykjavík. (**Fjmrh.**: Það er ekki búið að skipa hana hér; aðeins á tveim stöðum úti á landi). En þá vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er það ekki ráðið, hvaða menn eigi að skipa hana hér í Reykjavík á aðalsetri bankans? Það kemur mér mjög undarlega fyrir, að ekki skuli vera búið að skipa n. hér, því að í fyrrakvöld, þegar hæstv. ráðh. var að tala um þetta mál, lýsti hann yfir því, að n. þyrfti að fara að starfa sem fyrst, og get ég þá ekki skilið, hvers vegna hann lætur hana ekki þegar taka til starfa. En það gerir ekkert annað en að herða mig með brtt. hv. 2. þm. G.-K., að hæstv. ráðh. hefir ekki ennþá skipað þessa n., því að ég veit þá ekki yfir höfuð, hvort hún verður skipuð; það er engin skylda eftir lögunum að gera það. Hæstv. ráðh. hefir að vísu sagt, að það liggi á með þessa nefndarskipun, og ég vil þá spyrja, hvers vegna hann gerir ekkert í málinu. Bærinn er fullur með það, hverjir eigi að vera í n., bærinn nefnir ákveðin nöfn, og ég hefi enga ástæðu til annars en að nefna þau einnig, ef vill, því að það gengur staflaust um allan bæinn. Og ef það er meiningin, að n. eigi að fara að taka til starfa sem fyrst, lítur það undarlega út að vera ekki búinn að skipa hana. Nei, það er nefnil. annað, sem liggur á bak við; ég sé það vel nú, það er það, að hæstv. stj. vill hafa þetta mál út úr deildinni, áður en n. verður skipuð. Hún vill það af því, að hún veit, að í rauninni er það svo, að meiri hl. d. er á móti því að nota þessa aðferð, sem hér á að gera, og þess vegna er því hraðað svo. Ég spurði þrem sinnum um það í fyrrinótt, hvers vegna þessu máli lægi svo mjög á, á undan nefndarskipuninni, og ég fékk ekkert svar, enda er engu hægt að svara, því að það sjá allir, að ekkert er hægara fyrir n. en að fara að starfa áður en þetta mál er útkljáð hér í d.

Ég frétti það líka í gær, að bankaráð Íslandsbanka hefði ákveðið að fela Sveini Björnssyni sendiherra einhverjar samningaumleitanir fyrir hönd bankans, og mér er ennfremur kunnugt um það, að hæstv. ráðh. símaði sendiherranum og spurði hann um, hvort það myndi hafa ill áhrif á þessar samningaumleitanir hans, ef þetta mál yrði afgr. héðan úr d. Ég veit ekki til, að svar hafi komið frá sendiherra, enda tæpast við því að búast. En ef svo er, að það er verið að leita samninga þar ytra, og sendiherra óskar eftir að málið sé ekki látið ganga lengra fram á meðan, þá er það vitanlega það sama að láta málið ganga fram nú og að bregða fyrir það fæti. Og ef nokkur alvara fylgir um frestun þessa máls til 1. marz, þá þykir mér undarlegt að vera að keyra það út úr d. sem fyrst, þar sem sú n., sem á að skoða bankann, er enn ekki tekin til starfa, því að það er hennar starf, sem allt stendur á, en alls ekki lög frá þinginu.

Ég held, að það hafi verið hæstv. fjmrh., sem drap á, að það gæti farið svo, að það yrði gert fjárnám hjá bankanum, en það getur ekki orðið, af þeirri einföldu ástæðu, að enginn af skuldheimtumönnum bankans hefir þann grundvöll, sem þarf til að gera fjárnám. Enginn getur gert fjárnám, nema hann hafi dóm, sátt eða veðbréf, þar sem það er tiltekið, að það megi gera fjárnám án undanfar-

andi dóms. En það mætti hugsa sem svo, að einhver af skuldheimtumönnum bankans léti fara fram löggeymslu eða kyrrsetningu, en þar til er því að svara, að kyrrsetning fellur ætíð úr gildi, ef hlutaðeigandi verður gjaldþrota áður en skuldheimtumaður er búinn að fá dóm, gera fjárnám eða selja. Þess vegna myndu þeir menn, er svo færu að, alls ekkert hafa upp úr því, vegna þess að í frv. stendur, að allt skuli fara eftir gjaldþrotalögum, og þótt einhver hefði kyrrsett hjá bankanum fyrir 1. marz, og engin lög komið fyrr, þá hefði hans kyrrsetning fallið úr gildi, vegna þess að þetta frv. varð að lögum, sem vísar til gjaldþrotalaganna.

Fyrir mér stendur það alveg ljóst, að þessu frv. liggur ekki nokkurn skapaðan hlut á; það, sem á liggur, er nefndarskipunin, en hana dregur hæstv. stj. von úr viti; og ég skora á hæstv. ráðh. að skýra frá því, hvers vegna hann er að draga að skipa hana.

Þá er ég kominn að hv. 2. þm. Reykv., en honum þarf ég ekki miklu að svara. Hv. þm. sagði aðeins það um mínar till., að þær væru vitleysa, og ekkert annað, og það skildust mér vera hans höfuðrök, — og svo annað, að það bæri upp á 1. maí sá tími, er þessi frestur endaði. Það er kannske öll von til, að honum sé minnisstæður 1. maí, því að alltaf þynnast fylkingarnar hans á þeim degi, og ég get hugsað mér, að hv. þm. horfi með skelfingu fram til þess dags. Annars vil ég minna hv. þm. á það, að 1. maí er merkisdagur að fleiru en kröfugöngu jafnaðarmanna, það er t. d. fæðingardagur hæstv. dómsmrh. (**MJ**: Hæstv. dómsmrh. er fæddur sósíalisti. — **HV**: Er það í tilefni af því, að hv. 1. þm. Skagf. setti 1. maí?). Nei, það er ekki í því tilefni gert. Annars vil ég benda hv. 2. þm. Reykv. á, að þessi kröfuganga er orðin svo vesaldarleg, að hún er úr minni flestra liðin.

Um till. hv. 2. þm. G.-K. sagði hv. þm., að það væri vitlaust að láta bankastjóra Landsbankans fara að útnefna rannsóknarnefndarmennina, þar sem bankastjórarnir bæru ábyrgð gagnvart bankaráðinu og engum öðrum. En þessi athöfn, sem yrði falin þeim með sérstökum lögum, kemur vitaskuld ekki neitt við bankaráðinu. Það er einungis á sínum bankastjórastörfum, sem þeir bera ábyrgð gagnvart bankaráðinu, og það er hægt að fela þeim ýms störf, sem þeir bera ekki ábyrgð á gagnvart bankaráðinu. Það er þess vegna misskilningur, þegar hv. 2. þm. Reykv. ber þessu við. Annars voru hans aðalmótbárur gagnvart minni till. þær, að menn myndu svíkja hver annan í viðskiptum eins og þeir gætu. Það getur vel verið, að svo yrði í einstökum undantekningatilfellum, en það er jafnan svo, að það er ekki hægt að fyrirbyggja, að menn svíki, en hitt er rétt og sjálfsagt, að reyna að verja þá menn, sem lenda í vanskilum af þeim algerlega óviðráðanlegum orsökum, og það er vitaskuld aðalatriðið, og eina atriðið í þessu máli, sem verulegu skiptir. Hitt þarf maður ekki að óttast, að fjöldi manna, sem í raun og veru getur borgað, muni slá sér undir þetta, því að þeir hafa sjálfir sönnunarskylduna um að þeir hafi komizt í vandræði af þessum ástæðum, og þar einmitt hefir hv. 2. þm. Reykv. nokkurn veginn fulla tryggingu fyrir því, að þessi ákvæði komi ekki öðrum að gagni heldur en þeim, sem hafa lent í vandræðum fyrir þessar orsakir. Svikararnir allir, sem hv. þm. er að tala um, myndu aðeins verða sér til minnkunar, ef jafnslyngur „forretnings"maður og hv. 2. þm. Reykv. færi að athuga þeirra framferði; hann mundi ekki verða lengi að reka þá „á stampinn", sýna, að þeir væru svikarar, ef þeir gætu ekki sýnt fram á, að þeir væru komnir í vandræði vegna þess að bankinn lokaði.

Sigurður Eggerz: Það var í rauninni ekki hugsun mín að tala við þessa umr., ekki af því, að ég teldi það eftir mér, en mér hefir fundizt vera svo mikið skilningsleysi og kuldi gagnvart þessu máli, að ekki þyddi að hafa langar umr. En ástæðan til þess, að ég stend upp, er eitt atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. vék að, að sú starfsemi, sem rekin er í Íslandsbanka, sé ekki heimil. En um það vil ég segja það, að eftir víxillögunum er bankinn skyldur til að taka við greiðslum. Hitt atriðið er það, að það hafa verið framlengdir víxlar, þegar tryggingar standa að öllu leyti óbreyttar. Ég hygg, að þeir örðugleikar, sem

viðskiptamenn Íslandsbanka hafa átt við að stríða vegna þessarar stöðvunar, séu nægilega miklir, þótt ekki sé verið að bæta við þá. Auk þess vildi ég taka það fram, að bankinn er ekki gjaldþrota ennþá. Annars er það auðvitað, að bankastjórn Íslandsbanka vill haga starfsemi sinni þannig, að það sé sem haganlegast frá sjónarmiði viðskiptamanna sinna, til þess að auka ekki erfiðleika þeirra meira en nauðsynlegt er. En það, að ekki er neinn órói ennþá um þetta mál, stafar mikið af því, að ennþá er það trú manna, að verið sé að endurreisa bankann.

Ég ætla að draga upp litla mynd af þeim örðugleikum, sem lokun Íslandsbanka hefir í för með sér. Eitt stórt útgerðarfélag hefir haft viðskipti við bankann, félag, sem ber 1/40 hluta af framleiðslu landsins. Nú fór það í Landsbankann og leitaði fjár til að geta rekið starfsemi sína áfram, en fékk þau svör, að fyrst yrði það að semja við Íslandsbanka um sína aðstöðu. Á þessu má sjá, hvernig fyrirkomulagið verður, ef Íslandsbanka verður lokað. Landsbankinn mundi heimta af félögum, sem leituðu fjár hjá honum, að fyrst yrðu þau að komast á öruggan grundvöll. Nú má auðvitað segja sem svo, að þetta sé ekki óeðlilegt, að Landsbankinn vilji ekki lána fé nema til tryggrar starfsemi. En með þessu móti gæti farið svo, að annaðhvort verði félögunum gefið óþarflega mikið eftir, eða starfsemi þeirra stöðvuð. Við bankann skipta ýms félög, sem njóta sérstaks trausts bankastj. og annara, svo að talið hefir verið sjálfsagt að láta þau starfa, og jafnsjálfsagt, að ef þau gætu haldið áfram að starfa, mundu þau vinna sig upp og geta goldið hverjum sitt. Ef slíkt félag þarf að bíða eftir starfsfé, getur svo farið, að við það séu starfsmöguleikar þess ónýttir; og hver verður afleiðingin? Bankinn bíður tap, sem hann þurfti ekki að bíða, og framleiðsla þjóðarinnar bíður hnekki, sem ekki heldur hefði þurft að verða. Mér finnst því, að öllum hljóti að vera það ljóst, hver vandræði hljóta að verða af stöðvun bankans. Mér er með öllu óskiljanlegt, hvað liggur á að samþykkja gjaldþrotafrv. Íslandsbanka, svo framarlega sem mönnum er alvara að vilja gera tilraun til að reisa bankann við. Þessi smuga, sem í frv. er, nefnilega fresturinn til 1. marz, er að skapa vonir fyrir ýmsa menn, og í trausti þeirra hafa nýir kraftar verið settir í gang til að vinna að viðreisn þessa máls. En þeir, sem horfa dýpst, hafa séð, að svo fremi þessi gjaldþrotalög verði samþ. hljóti þau að verða til þess að draga úr árangri þeirra, sem vilja vinna að viðreisn bankans. Ég gæti hugsað mér, að fram kæmi sú mótbára, að verið væri að gera ráðstafanir til að vernda bankann. En það má gera í einum hvelli með sérstöku frv. með afbrigðum í báðum deildum.

Sannleikurinn er sá, að það hefir verið bent á ýmsar leiðir til hjálpar bankanum, af bankaráði og bankastjórn. Frv. kom fram, sem féll í hv. d. En það er hægt að benda á ótal aðrar leiðir. Það er t. d. enginn vafi á því, að líf bankans er tryggt, ef ríkissjóður leggur fram 3 millj. í hlutafé og tekur ábyrgð á einni millj. og samningar fást við Hambro-bankann og Privatbankann. Skuldin við Dani er til 18 ára. Ef danski skuldunauturinn sér, að búið er að endurreisa bankann, mundi hann róast. En hvernig fer þá með sparisjóðsfé? — munu menn spyrja. Verður það ekki tekið út? Jú, víst gæti það komið fyrir, en nota mætti einn möguleika. Að vísu er það hart aðgöngu — sem sé að stjórnin fái heimild til að stöðva sparisjóðsúttekt. Ef þetta fé fengist, sem ég nefndi, mundi það blása nýjum lífsanda í bankann og gera hann sterkari en hann hefir áður verið. Og hér er þó ekki að ræða um nema 3 millj. í hlutafé og einnar millj. ábyrgð. Mér finnst svo augljóst öllum landslýð, sem í alvöru vill hugsa um þetta mál, hversu miklu ákjósanlegri sú leið er en að loka bankanum og kalla yfir okkur öll þá miklu örðugleika, sem af lokuninni hljóta að stafa. Ég veit líka, að það fé, sem Landsbankinn ræður yfir — ef Íslandsbanka verður lokað — getur ekki á nokkurn hátt dugað til þess að firra okkur þeim örðugleikum, sem stafa af endanlegri lokun bankans. Það hafa komið upplýsingar um 8 millj., sem Landsbankinn átti um áramót í útlöndum. Þessi upphæð er minni nú, af eðlilegum ástæðum, því að eftir áramót fer að reyna á fé í útlöndum. Fé fyrir fiskinn er

komið, síðan kemur kyrrlátt tímabil, og þá verður að draga á innieignirnar erlendis. Það má benda á, að í hinu mikla góðæri 1925, þegar krónan hækkaði mest vegna þess að Landsbankinn treysti sér ekki til annars en lækka verðið á pundunum af hræðslu við að tapa á þeim, voru innieignir miklu meiri en nú, en þegar kom fram í marz—apríl, var mikið af því fé farið. Sást á því, að þetta var óþarfa hræðsla hjá Landsbankanum. Það er óhætt að segja, að Landsbankinn hefir minna fé til umráða nú en í fyrra, enda er fé Landsbankans ekki meira en það, sem hann verður að hafa á venjulegum tímum, ef hann fær engin áföll. Ríkissjóður hefir að vísu tekið 5 millj. kr. lán í banka í Englandi, en það mun varla reynast nóg, enda mun mikið af því ætlað til þess að koma landbúnaðarbankanum á stað. Þeir, sem komast í sterkasta eldinn, ef Íslandsbanka verður lokað, eru stj. og þjóðbankinn. Þessu má ekki loka augunum fyrir. Vér verðum að gera einhverjar ráðstafanir til að afstýra því, að sú óhamingja, sem þegar hefir leitt af lokun bankans, grípi ennþá dýpra inn í líf þjóðarinnar. En hvernig á að útvega fé, þegar stöðvunin er búin að skapa vantraust á landi og þjóð? Er það hægt, nema með einhverjum ókjörum?

Ég bið hv. þm. að gera sér ljóst, að ég er ekki að tala til þess að kveikja neina elda í þessu máli, eða vekja „agitation". Ég tala í þessu máli af því, að yfir því hvílir svo mikil alvara, að það er skylda okkar þingmanna að reyna að finna einhvern grundvöll til að endurreisa bankann. Það eru ýms verzlunarhús hér, sem hafa notið trausts erlendis og unnið áratug eftir áratug í skjóli þess trausts. Hvað verður um þetta traust? Vér verðum að athuga, hversu margar millj. eru í voða, ef vér ekki vogum því litla, sem um er að ræða, til að bjarga lífi bankans.

Ég vil þess vegna — en vera má, að það hafi enga þýðingu — í djúpri alvöru beina þeirri málaleitan til hæstv. stj., hvort hún sjái sér ekki fært að láta frv. bíða enn nokkurn tíma, og ef nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að vernda bankann í bili, þá séu þær gerðar í flýti með afbrigðum. Og ég bið hæstv. stj. að taka enn til nýrrar athugunar, hvort hún vilji ekki sjálf reyna að taka endurreisn bankans í sínar hendur.

Þetta mál er í eðli sínu svo mikilvægt, að það á ekki að vera mál nokkurs flokks. Það er alveg ómögulegt fyrir samvizkusaman mann að láta flokksástæður ráða niðurlögum þessa máls. Menn verða að spyrja sína eigin samvizku. Ég endurtek það, að sú ótrúlega ró, sem um þetta mál hefir verið ennþá, stafar ekki af því, að því sé tekið með glöðu geði, heldur af hinu, að menn eiga enn þá trú, að á Alþingi Íslendinga séu enn þeir menn, sem ekki láti flokksástæður hamla þeim frá að gera það, sem rétt er.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég verð að segja, að ég undrast það mjög, ef hv. 1. þm. Skagf. hefir gengið með þá flugu síðan í fyrrinótt, að ég hafi lofað að greiða atkv. með sérhverri brtt., sem hann kæmi fram með. Þetta eru draumórar hjá hv. þm. Ég tók það fram, að ég væri tilbúinn að skipa nefndina, ef hv. d. væri tilbúin að afgreiða frv. til 3. umr. þá um nóttina. Hv. 1. þm. Skagf. kvaðst ekki vera reiðubúinn til þess, af því að hann ætlaði sér að flytja brtt. Þá kom fram uppástunga um, að málið yrði tekið fyrir kl. 10 næsta morgun. Hv. þm. þótti það líka of snemmt, og niðurstaðan varð sú, að það var tekið fyrir kl. 1 í gær. Það er vitanlegt, að á hvaða tíma, sem málið var tekið fyrir, þurfti til þess afbrigði, og það eina, sem ég lofaði hv. þm., var, að hann fengi afbrigði fyrir till. Ég held, að a. m. k. margir hv. dm. hafi komið með þá hugsun á fundinn í gær, að engin fyrirstaða yrði um að leyfa afbrigði um frv. En þá kom annað hljóð í strokkinn. Hv. 1. þm. Skagf. óskaði þess, að málið yrði tekið af dagskrá, til þess að hann og hans flokksmenn þyrftu ekki að beita þeirri aðferð að neita um afbrigði.

Hv. þm. áfellist mig fyrir það, að ég skuli ekki vera búinn að skipa matsnefndina. En það er komin fram till. um að taka af fjmrh. það vald, að skipa nefndina. Hvernig getur nú fjmrh. skipað n. áður en hann veit, hvort honum er það leyfilegt eða ekki. Meðan þetta vofir yfir, er ekki hægt að skipa n. En þessi fundur hefir á valdi sínu, hvað gert verður í því efni.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði frá því, að einhverjir samningar hefðu staðið yfir milli bankaráðs Íslandsbanka og Sveins Björnssonar sendiherra. Mér er alveg ókunnugt um það. Ég verð að segja, að meðan ég fæ enga vitneskju um, í hverju þær samningaumleitanir eru fólgnar, get ég ekkert tillit tekið til þeirra.

Ég skal ekki fara langt út í málflutningsflækjur um, að ekkert sé hægt að gera bankanum, þó að hann sé látinn liggja óuppgerður og óverndaður af lögum. Ég er enginn lögfræðingur, en ég hefi talað um þetta mjög rækilega við gleggstu lögfræðinga í bænum, og þeirra álit er allt annað en álit hv. 1. þm. Skagf.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í ræðu hv. þm. Dal. Ég efast ekki um, að hann meini allt vel, en hann gleymir því, að til eru tvær hliðar á þessu máli, og nú stendur einmitt svo á, að ekki liggur fyrir nein atkvgr. um það, hvort við eigum að endurreisa Íslandsbanka eða ekki. Það getur ekki orðið fyrr en eftir nokkra daga, og þá fyrst má taka málið á sama grundvelli og hv. þm. Dal. talar um.

Magnús Guðmundsson: Það er auðsætt af orðum hæstv. fjmrh., að hann vill ekki skipa n. fyrr en málið er komið úr deildinni. Þá sagðist hann verða tilbúinn. En hann lét þau orð falla, að ekki væri vist, nema ráðin yrðu af sér tekin, áður en málið væri útkljáð hér í deild. En í hinni d. þykist hæstv. ráðh. öruggur um vissan framgang málsins. Í þessari d. gæti hann fengið að vita vilja flokksmanna sinna innan einnar klst. Hæstv. fjmrh. veit, að sumir af samherjum hans hér í deildinni eru honum alls ekki sammála í þessu máli, en þegar málið er úr d., þá er það algerlega á valdi þeirra manna, sem vilja eindregið loka bankanum til fulls. Það veit hæstv. ráðh.

Annars hygg ég, að n. sé þegar skipuð. A. m. k. gengur það staflaust um bæinn, hverjir það starf eigi að taka. (**Fjmrh.:** Vill hv. þm. ekki hringja upp í stjórnarráð og vita, hvort búið er að skipa?) Ég vildi heldur hringja beint inn í höfuðið á hæstv. fjmrh., því að þar er ákvörðunin, hvort sem skipunarbréfin eru rituð nú þegar eða ekki.

Brtt. mínum var ekki tekið verr en ég bjóst við. Ég sá í hendi mér, að afbrigði gat ég fengið, alveg eins og hæstv. fjmrh. En það var efni tillagnanna, sem ég skaut til hans. Og mér fannst hann fyrst ekki taka því ólíklega. En nú snýst hann alveg á móti og lætur sem hann hafi átt við afbrigði frá þingsköpum.

Annað var það, að hæstv. fjmrh. þóttist ekki vita til neinna samninga milli bankastj. og sendiherra. Þetta þótti mér leiðinlegt að heyra, því að ég heyrði sjálfur í gær, og hæstv. forsrh. getur vitnað hið sama, að hæstv. fjmrh. var sagt frá þessu, og að einn eða tveir menn voru kosnir af hálfu bankaráðsins til að senda símskeyti til sendiherra. Það er hart, að hæstv. fjmrh. skuli vilja neita þessu svo afdráttarlaust sem hann gerði, þegar hann kvaðst ekki taka neitt tillit til þeirra samninga, sem hann þekkti ekki. Það er rétt eins og þeir, sem ákveðnir eru með lokun bankans, þykist eiga hann með húð og hári.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um lagaflækjur mínar, sem hann væri ekki nógu mikill lögfræðingur til að skilja. Ef hann getur ekki skilið, hvað lög eru, og kallar lagaflækjur þegar lög eru skýrð fyrir honum, þá er ekki til neins að ræða málið við hann. Hæstv. fjmrh. sagði í fyrrinótt, að nú mætti fara að gera fjárnám hjá bankanum. Ég sagði honum þá, sem satt er, að fjárnám getur ekki farið fram nema eftir dómi, sátt eða veðbréfi. (**Fjmrh.:** Getur ekki dómur gengið?). Jú, en hvað þarf langan tíma til þess að fá dóm? Lengri tíma en nú er til 1. marz, svo að enginn gæti áunnið neitt í þessu með málssókn. Þessi fjárnámsótti, sem ekkert er nema hugarburður og lagaleg fjarstaða, sýnist hafa verið svo sterkur hjá hæstv. stjórn, að þetta frv. var meira að segja tilbúið, áður en bankanum var lokað, og bendir slíkt ótvírætt á, í hvaða átt stj. ætlaði sér að fara í þessu máli í byrjun.

Magnús Torfason: Ég ætla ekki að fara út í efni frv. að svo stöddu. En drepa vildi ég á þau orð hv. 1. þm. Skagf., að vitanlegt sé um allan bæ, hverjir muni verða skipaðir í n. Ég veit það ekki. Þó sit ég við hlið eins þingnefndarmannsins, og hann getur ekki sagt mér það. Og ég veit, að stj. ætlar sér ekki þá dul að ráðgast

ekki við samherja sína um það mál. Svo mikils varðandi sem viðfangsefnið er, mun stj. a. m. k. vilja heyra flokk sinn um val nefndarmanna.

Ég skil ekki það mikla vantraust, sem andstæðingar Framsóknarflokksins hafa á honum í þessu máli. Enginn framsóknarmaður hefir fengið svo mikið sem að líta inn um skráargat Íslandsbanka frá því að hann var stofnaður og allt til þessa dags. Og þegar stj. loks neyðist til að láta gera rannsókn, þá skipar hún til þess íhaldsmenn. Ég efast um, hvort fyrrv. stj. og núv. stjórnarandstæðingar yfirleitt hefðu fundið sér geðfelldari menn.

Mér finnst, að andstæðingarnir verði að líða sætt og súrt með okkur stjórnarstoðunum og reyna á þolinmæðina, unz málið er komið svo langt, að hægt sé að taka endanlega ákvörðun.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég gat ekki verið við umr., svo að ég hefi ekki heyrt, hverju vikið hefir verið að till. minni, nema að litlu leyti. Læt ég mér nægja að drepa á örfá atriði. Fyrst er að minnast spaugsyrða hv. 2. þm. Árn. Hann sagði, að allt frá stofnun bankans og til þessa dags hefði enginn framsóknarmaður fengið að líta þar inn um skráargatið. Þetta ber vott um, að hann hafi ekki sjálfur skyggnzt inn. Annars hefði hann komið auga á einn bankastjórann, Kristján Karlsson, sem talinn er framsóknarmaður. Einhverntíma hefði hann kannske séð hæstv. forsrh. á bankaráðsfundi. Klemens Jónsson mætti líka nefna, Halldór Stefánsson og áður fyrr Magnús Kristjánsson. Nema kannske þeir fari út úr flokknum, þegar þeir fara inn í bankann.

Orð hæstv. fjmrh. gefa mér tilefni til að tala um skeytaskiptin. Hann lætur sem sér komi þau á óvart. Það sætir undrum, hvað hann er minnislaus. Hv. 1. þm. Skagf. gat minnt hann á. Ég var einnig viðstaddur, þegar ráðh. var sagt frá þessu. Og hann segir, að þetta skipti sig engu. Markmið þessara skeytaskipta er að stuðla að því að reisa við bankann, og í öðru lagi að fá umsögn erlendra viðskiptamanna um, hvort þeir vilji eyða nokkrum hluta innieigna sinna bankanum til viðreisnar. Það er ósæmilegt, ef hæstv. fjmrh. lætur sig slíkt engu skipta. Það verður þó að láta stærstu viðskiptamenn hafa umsagnarrétt a. m. k. um það, hvað þeir vilja sjálfir af mörkum leggja til að bjarga sínu eigin fé.

Ég hefi borið fram brtt., sem ég gerði grein fyrir í dag, um það, að bankastjórn Landsbankans skipi matsnefnd til að rannsaka Íslandsbanka og að hinir fyrri matsmenn tveir (Pétur Magnússon og Jakob Möller) skuli aðstoða hana. Mér hefir verið bent á, að það væri undarlegt, að ég, sem í gær hefði skorað á hæstv. fjmrh. að útnefna strax nefndarmenn sjálfur, skyldi nú bera fram till. um, að það vald sé af honum tekið. En mér datt ekki í hug annað en að þær aðvaranir um óhlutdrægt val matsnefndar, sem komu fram í umr., mundu hafa einhver áhrif á ráðh. En það er ekki sjáanlegt. Ég skal þá segja hv. 2. þm. Árn. það, sem hann virðist ekki vita, að stj. muni skipa þá Helga Briem skattstjóra, Stefán Jóhann Stefánsson hrm. og Sveinbjörn Jónsson lögfræðing til að meta bankann. Af þeim get ég talið einn hæfan, en tvo óhæfa. Annar þeirra stendur mjög framarlega í Alþýðuflokknum, og allir vita vilja þess flokks. Svívirðingargreinar Alþýðublaðsins bera bezt vitni um hann. Hinn er of ákveðinn opinber stuðningsmaður stj., sem á líf sitt undir lokun bankans, úr því sem komið er. Að öðru leyti er ég ekkert illt að segja um þessa menn. En það má hvorki velja menn eins og mig né þá. Við erum of riðnir við stjórnmálin.

Ég vil brýna það enn fyrir hæstv. fjmrh., að velja verður menn, sem þekktir eru að því að vera engir öfgamenn. Ég gæti nefnt ýmsa menn úr Framsóknarflokknum, sem væru hæfir, af því að vitað er um þá, að þeir hafa aldrei látið stjórnmálaskoðanir hafa áhrif á tillögur sínar til málsins.

Haraldur Guðmundsson: Ég get skilið, að hv. 2. þm. G.-K., hans flokksmenn og fyrrv. stjórn úr hans flokki óttist mjög að veita núv. stj. vald til þess að skipa menn í þessa matsnefnd. Hv. íhaldsmenn hljóta að bera kvíðboga fyrir því, þegar þeim verður litið aftur og þeir sjá, hvernig þeir notuðu sér slíka aðstöðu áður, að

valdið verði misnotað nú. Hv. þm. óttaðist pólitískt mat á bankanum. Þegar íhaldsstjórnin tilnefndi menn til þess að meta Landsbankann, voru allir nefndarmennirnir úr íhaldsflokknum. Af þessum 5 mönnum, sem þá voru skipaðir, sat a. m. k. einn á þingi og tveir höfðu þrásinnis verið frambjóðendur íhaldsins. Er því ekki að furða, þó að íhaldsmönnum detti í hug, að óvandur sé eftirleikurinn.

Hv. 2. þm. G.-K. talar digurt að vanda. Lætur hann vita með vissu, hverja menn hæstv. fjmrh. ætlar að skipa til að framkvæma matið, og tók svo til orða, að tveir þeirra væru óhæfir, af því að þeir væru yfirlýstir banamenn bankans. Ég fæ ekki skilið, hvað hann meinar með þessu. Bankastjórarnir, sem stýrt hafa bankanum í þessa ófæru, og flokksbræður hv. þm., sem valdið hafa töpum bankans, eru þeir menn, sem réttu nafni má nefna banamenn bankans. En engir þessara manna get ég hugsað mér að verði settir til að meta bankann. Hv. þm. talar um fjandskap og svívirðingargreinar Alþýðublaðsins. Ég kannast ekki við þær. (ÓTh: Ég hygg ég hafi lesið eina í Alþýðublaðinu í gær, jafnvel áður en hún kom fyrir augu ritstjórans). Vill ekki hv. þm. segja, hvað hann á við, eða þegja ella? Skal ég svo víkja að kjarna þessa máls. Fylgismenn bankans, sem hafa verið harðorðir og margorðir, sumir hverjir óskiljanlega, halda því æ og ávallt fram, að hér sé um það að ræða að bjarga Íslandsbanka. Þetta er rétt, en ekki nýtt. Óslitið síðan 1921 hafa stj. og Alþingi verið að rembast við að bjarga bankanum. Sú björgun hefir tekizt eins og reikningar bankans sýna, eins og yfirlýsingar bankastjórnarinnar herma, eins og viðskipti bankans sýna. Hver einasta björgunartilraun virðist hafa orðið til þess eins að þrýsta bankanum lengra niður. 1921 var Íslandsbanka fyrst bjargað. Þá, meðan hv. 1. þm. Skagf. sat í ráðherrasæti, var tekið mesta ókjaralán, sem landið hefir fengið, gegn okurvöxtum og veðsetning tolltekna landsins. Mestur hluti þess, nærri 300 þús. stpd., var settur í Íslandsbanka, honum til bjargar. Þetta sama ár, 1921, fór fram mat á bankanum, og var þá talið, að bankinn ætti því nær allt hlutaféð, 4½ millj. kr., óeytt, en varasjóðurinn, 4 millj. kr., væri tapaður.

Hver varð árangurinn af þessari björgun, — þessari björgun, sem varð þjóðinni svo dýr? Hann varð sá, að þegar Íslandsbanki næst bað um björgun, árið 1926, og enn fór fram mat á eignum hans, var talið, að aðeins helmingur hlutafjárins væri til; hinn helmingurinn hefði tapazt síðan 1921.

Árangur björgunarinnar 1921 varð því sá, að bankinn tapaði til viðbótar á næstu 5 árum yfir 2 millj. kr., umfram rekstrarhagnaðinn allan.

Árið 1926 var Íslandsbanka aftur bjargað frá stöðvun. Þá fékk ríkisstj. loforð fyrir nærri 10 millj. kr. láni í Ameríku. Af því var þó aðeins tekin 1 millj., og hún fór öll í Íslandsbanka — til þess að bjarga bankanum. Og hv. þm. Dal. hefir ekki talað í þessu máli, svo að hann minntist ekki á, að bankanum hefði verið bjargað með þessari millj.

Enn þurfti að bjarga Íslandsbanka. Árin 1926, 1927 og 1928 var hann leystur undan þeirri skyldu að draga inn eina millj. kr. af seðlum sínum hvert árið. Þetta var sama og að lána bankanum beinlínis ⅔ úr millj. á ári, eða 2 millj. öll þrjú árin.

Þetta var gert til að bjarga bankanum, en dugði þó ekki. Enn þurfti að bjarga Íslandsbanka. Landsbankinn var látinn lána honum millj. á millj. ofan — á nú hjá honum talsvert á 5. millj. — allt til að bjarga bankanum.

Hver hefir nú orðið árangurinn af þessari sífelldu björgunarstarfsemi ríkissjóðs og Landsbankans síðustu 4 árin, 1926—1929?

Enn hefir farið fram mat á bankanum. Nú er talið, að allt hlutaféð sé tapað, og ef til vill meira. Bankinn á ekki eyris virði af eigin fé; hæpið, að hann eigi fyrir skuldum, segir matið.

Björgunarstarfsemin 1926—29 hefir þá, að því er mött á bankanum segja, orðið til þess eins, að Íslandsbanki tapaði öllum síðari helming hlutafjárins, 2¼ millj. kr., umfram rekstrarhagnað þessara ára.

Er nokkurt vit í því að halda slíkri björgunarstarfsemi áfram? Er ekki kominn tími til að hætta?

Hver björgun virðist hafa orðið til þess, að Íslandsbanki týndi nýjum millj. af fé sínu, til viðbótar því, sem áður var tapað. Árið 1921, þegar bankanum var fyrst bjargað, taldist hann eiga nær allt hlutaféð. Björgunin varð til þess, að næstu 5 árin týndi hann 2—2½ millj. kr. Þá og síðar var honum aftur og enn bjargað. Sú björgun varð til þess, að næstu 4 árin týndi hann enn 2¼ millj., og á nú ekkert, eða minna en ekkert, að því er mötin herma og bankastjórn játar.

En mötin hafa verið reikul og óáreiðanleg. Reikningar bankans rangir öll þessi ár.

Árið 1920, árið áður en björgunarstarfsemi ríkissjóðs og Landsbankans hófst, var eigið fé bankans samkv. reikningum hans 8500015 kr. og 3 aurar. Þar af var hlutaféð 4½ millj. kr., en í varasjóði 4000015 kr. og 3 aurar. Síðan hefir bankinn alltaf verið að græða, eftir því sem reikningar hans herma. Árið 1921 græðir bankinn 2206270 kr. og 81 eyri. Samtals hefir hann á þessu tímabili, frá 1920—1928 grætt 9670871 kr. og 58 aura, að því er reikningar hans segja.

Þetta eru sömu árin og ríkissjóður og Landsbankinn sífellt eru að bjarga Íslandsbanka. Sum þessi ár greiðir Íslandsbanki hluthöfum sínum arð, bankaráðinu stórfúlgur og bankastjórunum fjöldamörg jarðarverð í ágóðahluta. Greiddur arður til hluthafanna þessi tapsár bankans, meðan sífellt er verið að bjarga honum frá lokun, nemur samkv. reikningum bankans 1125000 kr. Þessi arður var að mestu greiddur í dönskum krónum.

Hefir því bankinn greitt í arð þessi ár, meðan hann alltaf hefir verið að sítapa, og ríkissjóður og Landsbankinn alltaf að bjarga honum, um 1350000 íslenzkar krónur.

Séu reikningar Íslandsbanka teknir trúanlegir, hefir bankinn haft til að mæta töpunum 1920—29: Hlutaféð 4½ millj., varasjóðinn, 4000015 kr. og 3 aura, ágóða áranna 1920—28, að frádregnum þeim arði, sem hluthöfunum hefir verið greiddur, eða 8320871 kr. og 58 aura.

Samtals hefir bankinn þannig haft til að mæta töpunum 1920—29 nærri 17 millj. kr., auk rekstrarhagnaðar árið 1929.

Hv. 2. þm. G.-K. var að tala um bankamenn Íslandsbanka. Ef rétt er að tala um banamenn Íslandsbanka, þá eru það þeir menn, sem hafa komið þessum 17 millj. kr. í lóg. Því að allt þetta fé — og líklega meira til, — hver einasti eyrir, er tapað. Ætti því bankinn, ef reikningar hans væru réttir, að hafa tapað til uppjafnaðar um 2 millj. kr. á ári öll þessi ár, sem ríkissjóður og Landsbankinn hafa sífellt verið að bjarga honum.

En reikningar Íslandsbanka hafa ekki verið réttir. Hann hefir gefið út ranga reikninga ár eftir ár. Ef menn tryðu reikningunum, hlytu þeir að halda, að bankastjórarnir hefðu verið annaðhvort stórglæpamenn eða bjánar.

Reikningarnir eru falsaðir. Bankinn átti ekki 8½ millj. kr. í árslok 1920. Og hann hefir ekki grætt 9670871 kr. og 58 aura síðan. Hitt er rétt, að hann hefir greitt hluthöfum 1350000 kr. í arð sömu árin sem hann virðist hafa tapað.

Mikið af töpum bankans var til orðið fyrir lok ársins 1920, þegar hann greiddi 10% og 12% í arð til hluthafa. Ágóðinn, sem talinn er í bankareikningunum, er falsaður, til þess að „punta upp á" reikningana, til þess að friða erlenda og innlenda lánardrottna, og til þess að ginna fólk til að trúa bankanum fyrir sparifé sínu. Vextir af töpuðum skuldum, sem aldrei fengust, eru taldir sem tekjur bankans. Þannig er ágóðinn búinn til. Og af þessum tilbúna ágóða hefir hluthöfunum verið greiddur arður svo millj. kr. skiptir.

Íslandsbanki var orðinn gjaldþrota, þegar honum var bjargað í fyrsta sinn, árið 1921. Þá hefði átt að gera hann upp. Íslandsbanki hefir verið gjaldþrota alltaf síðan. Hann var gjaldþrota, þegar honum var bjargað 1926, 1927 og 1928. Hann er gjaldþrota enn, að því er jafnvel sjálf bankastjórnin og bankaeftirlitsmaðurinn segja. Allan þennan tíma hefir bankinn verið ómegnugur þess að styrkja atvinnuvegina. Sjálfur hefir hann sífellt verið styrkþegi.

Fé, sem ríkissjóður og Landsbankinn hafa lagt honum, og sparifé, sem almenningur hefir trúað honum fyrir, hefir að miklu leyti runnið út úr landinu, sumpart til þess að greiða hluthöfunum arð, og sumpart til þess að borga skuldir

bankans við erlenda lánardrottna, þá, sem ágengastir voru. Íslandsbanki hefir t. d. notað þetta fé til þess að lækka skuld sína við Privatbankann um margar millj.

Aðeins örlítið, ef nokkuð, af þeim 9½—10 millj., sem Landsbankinn og ríkissjóður eiga nú hjá Íslandsbanka, hefir runnið til atvinnufyrirtækjanna í landinu. Það hefir farið mest í lánardrottnana og hluthafana. Bankinn á ekkert til, hefir ekkert lánstraust, getur hvergi af eigin rammleik aflað sér starfsfjár.

Þessi er árangurinn af 9 ára björgunarstarfseminni.

Er ekki kominn tími til þess að snúa sér að því að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar? Er ekki réttara að veita því fé, sem ríkissjóður og Landsbankinn ráða yfir, beint til heilbrigðra atvinnufyrirtækja, og efla og auka með því framleiðslustarfsemina í landinu, heldur en að fleygja því enn í hít Íslandsbanka, bankans, sem stöðugt hefir verið reynt að bjarga síðustu 9 árin — alltaf árangurslaust?

Er ekki komið nóg af þessari björgunarstarfsemi? Er ekki réttast að taka bankann strax til skiptameðferðar, úr því sem komið er? Að fara að draga skiptin til 1. marz er hið mesta glapræði. Því getur enginn neitað, að örðugleikarnir, sem stöðvun Íslandsbanka veldur, eru mjög miklir. Margir eiga fé sitt geymt í bankanum, og þeir, sem við hann hafa skipt, geta ekki leitað til annara um lán, á meðan allt er óvíst um örlög bankans og allar eignir þeirra veðbundnar honum. Því lengur sem málið er dregið á langinn, því meira aukast þessir örðugleikar. Ef skiptin færu strax fram, geta öll heilbrigð fyrirtæki, sem skipt hafa við Íslandsbanka, flutzt yfir í Landsbankann, eða nýjan banka, sem stofnaður yrði á rústum hans samkv. till. okkar Alþýðuflokksþingmanna hér í þessari hv. d. Þetta ástand, að aðaldyr bankans séu lokaðar, en bankinn opinn bakdyramegin, er með öllu óþolandi. „Það, sem þú gerir, það gerðu fljótt". Það er hið mest glapræði að fresta enn úrlausn þessa máls.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. Skagf. taldi, að ég þyrfti ekki að sjá atkvgr. í deildinni um till. hv. 2. þm. G.-K. og að mér hefði verið unnt að grennslast fyrir um það á klukkutíma, hvernig till. standi. Ég sá nú ekki þessa till. fyrr en í fundarbyrjun og hafði því engan klukkutíma til umráða í þessu efni, enda veit ég ekkert, hvernig till. stendur í deildinni. Hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. þykjast sannfærðir um, að til einskis sé að vera að bera till. fram. En hví er þá verið að því? Er það aðeins til að tefja fyrir málinu?

Ég tel það mjög varhugavert að vera að draga Landsbankann inn í þetta mál að óþörfu. Hagsmunir Íslandsbanka og hans geta rekizt á, og það er ekki gott að vita, hve vel það yrði tekið upp af viðskiptamönnum Landsbankans erlendis, ef bankinn fer að blanda sér í málið á þann hátt, sem ekki er heppilegt fyrir viðskiptin hér.

Hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. töluðu mikið um það, að mér hefði verið sagt það í gær, að samningaumleitanir stæðu nú yfir milli bankaráðs Íslandsbanka og Sveins Björnssonar sendiherra. Ég skal gjarnan skýra frá því, að þó að ég frétti eitthvað á hlaupum, tek ég ekkert tillit til þess um framgang þessa máls. Bankaráðið hefir ekkert sagt mér. Ég hefi heyrt, að það hafi sent fyrirspurn um það til sendiherrans, hvort rétt væri að leyfa þessu frv. að ganga til 3. umr. Mér fannst þetta hlægilegt. Bankaráð Íslandsbanka er að spyrjast fyrir um það í útlöndum, hvort Alþingi megi láta mál ganga áfram eða ekki. Fyrr má nú rota en dauðrota.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi mjög hætt við því, að núverandi stj. yrði hlutdræg í skipun rannsóknarnefndarinnar. Mér dettur ekki í hug að bera fyrirfram af mér eitt eða annað í því efni, en ég vil undirstrika það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að þegar skipuð var n. hér um árið til þess að taka út Landsbankann, skipaði íhaldsstj. þáverandi eintóma íhaldsmenn í hana. (**MG:** Þetta er ekki rétt). Nöfnin eru til. Ég minnist þess ekki, að það væri neinn sérstakur gauragangur um það fyrirfram, hvernig skipað mundi verða í n. Ég segi ekki með þessu, að n. hafi ekki unnið verk sitt sómasamlega, en hún var pólitísk — pólitískt einlit.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég

stóð satt að segja í þeirri meiningu, að ég ætti aðeins eftir stutta aths., og því hefir fallið niður hjá mér að skrifa margt úr ræðum andstæðinga minna, sem ástæða hefði þó verið til að svara, úr því að ég átti ræðu eftir.

Ræðu hv. þm. Ísaf. sé ég ekki ástæðu til að svara. Hún lá fyrir utan efni það, sem hér er verið að ræða. Það er ekki verið að tala um að endurreisa Íslandsbanka eins og hann var fyrir 10 árum síðan, heldur þann Íslandsbanka, sem lokað var mánudaginn 3. febrúar. Þær tölur, sem hann færði fram, eru því málinu, eins og það liggur fyrir nú, alveg óviðkomandi. Ég mun því ekki leitast við að hrekja þessar tölur nú, enda skrifaði ég þær ekki niður hjá mér, af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar greint.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Ísaf. minntist á gamla matsnefnd, sem metið hafði Landsbankann fyrir nokkrum árum. En af því að hv. þm. er ekki í deildinni, ætla ég að hlaupa yfir þetta atriði í bili og snúa orðum mínum til hæstv. fjmrh. Hann gat ekki neitað því, að hann hefði vitað um einhverja samninga milli bankaráðs Íslandsbanka og erlendra skuldheimtumanna með milligöngu Sveins Björnssonar sendiherra. Þessu hafði hann þó neitað. En nú segir hann, að í gær hafi sér borizt til eyrna um þessa samninga, en hann hafi ekki lagt neinn trúnað á það. Ég var viðstaddur, þegar hæstv. fjmrh. var tilkynnt þetta, ásamt hæstv. forsrh. Það gerði hv. 3. landsk. og á þann hátt, að hæstv. ráðh. hafði alls enga ástæðu til að véfengja alvöruna. Hv. 3. landsk. er enginn flysjungur, það veit hæstv. ráðh. eins og allir aðrir.

En úr því að hæstv. ráðh. vissi um samningana, eins og nú er upplýst, þá gat hann ekki látið eins og málið væri honum óviðkomandi.

Ég sé, að hv. þm. Ísaf. er kominn í sæti sitt, og ætla ég þá að víkja að því, sem ég varð frá að hverfa áðan. Hv. þm. spurði, hvort ég hefði ekki munað eftir nefnd, sem metið hefði Landsbankann, og hvernig hún hefði verið skipuð. En ástæðan til þess, að hann spurði um þetta, var sú, að ég hafði látið orð falla um það, að hæstv. stj. væri miður fær til þess að skipa rannsóknarnefnd á Íslandsbanka og lét í ljós nokkurn ugg um það, að sú n. hlyti að verða pólitísk. Byggði ég þetta á því, að hæstv. stj. hafði látið á sér skilja utan þings, að hún mundi leggja niður völd, ef bankinn yrði opnaður. Ég hafði varað við að skipa í n. pólitíska öfgamenn, en með því átti ég alls ekki við alla pólitíska samherja hæstv. fjmrh., sem margir eru gætnir menn.

Hv. þm. Ísaf. vildi halda því fram, að matsnefnd Landsbankans hefði verið einlit pólitískt séð, eða eingöngu skipuð flokksmönnum þáv. stj. Ég skal nú leyfa mér að nefna nm., svo hv. þdm. geti dæmt um, á hvað miklum rökum staðhæfing hv. þm. Ísaf. er reist. Það er þá fyrst hv. 1. þm. G.-K., Björn Kristjánsson, fyrrum bankastjóri, sem að vísu er mjög gætinn maður og samvizkusamur, en þó studdi þáverandi stjórn. Þar næst nefndi ég þá Ólaf Johnsen stórkaupmann og Björn Árnason lögfræðing. Um þessa menn er það að segja, að þeir höfðu ekki látið í ljós pólitískar skoðanir. Fjórði maðurinn var Einar Arnórsson, sem var talinn andvígur stj. og fimmti Jakob Möller, sem var alger andstæðingur hennar. En auk þess var hér á sá höfuðmunur, að þá valt á engu fyrir stj., hvort matið var bjartsýnt eða svartsýnt, en núv. stj. á líf sitt undir því, að matið verði sem svartsýnast. En auk þess var ekkert upp úr matinu lagt, þegar til kom. Ef hv. þm. Ísaf. vill, að ekkert tillit verði tekið til mats þessarar væntanlegu n., þá skal ég verða honum sammála, vegna þess hvernig vænta má, að n. verði skipuð. En mér er það ljóst, að nauðsynlegt er, að allir geti tekið mark á niðurstöðum n., og því vil ég, að n. sé svo skipuð, að enginn geti véfengt hana.

Ég vil að lokum drepa á eitt einkennilegt atriði í ræðu hv. þm. Ísaf. Hann sagði, að hefðu þegar í upphafi verið teknar ákvarðanir um lokun bankans, hefði verið hægt að flytja atvinnurekendur yfir í Landsbankann með viðskipti sín. En því er það ekki eins hægt, þó að ekki sé tekin fullnaðarákvörðun um lokun bankans? En veit hv. þm. Ísaf. það ekki, að algerð lokun bankans getur orðið því valdandi, að mörg fyrirtæki hrynji, sem annars hefði verið lífvænt, og vill hann taka á sig þá ábyrgð, að fjöldi

manna missi atvinnu sína og uppihald um leið og þessi fyrirtæki hrynja um koll? Sú ábyrgð verður síðar gerð gildandi gagnvart honum og öðrum þeim, er taka í svipaðan streng.

Ég minntist eitthvað á ummæli Alþýðubl. í garð Íslandsbanka fyrr og síðar, og brást hv. þm. Ísaf. illa við og kvaðst vita eins vel og ég, hvað í því blaði stæði. Ég benti á, að það er ekki lengra síðan en í gær, að hv. þm. Ísaf. varð að afsaka sorpgrein, sem hann sagði, að komizt hefði inn í blaðið án síns vilja og vitundar. Það var rétt hjá hv. þm. að afsaka þetta, en þar með eru líka ómerk ókvæðisorð hans til mín út af þessu atriði.

Ég treysti því, að hæstv. forseti, sem er frjálslyndur maður, skoði þessi fáu orð mín sem aths., en leyfi mér að flytja ræðu mína síðar. (**Forseti BSv.**: Varlega skal hv. þm. treysta því). Ég geri það nú samt.

Magnús Jónsson: Það er í raun og veru nokkuð góð mynd af því, hvernig setið er við stýrið á fjármálaskútunni um þessar mundir, að stj. skuli leggja í einu tvö frv. fyrir þingið, annað um lántöku, 12 millj. króna, og hitt um að gera banka gjaldþrota. Þessi lánsheimild er svo stórkostleg, að ef litið er á landsreikningana frá 1927, sést, að allar skuldir landsins nema þá ekki 12 millj. 1921 var tekið stórt lán hér, og um það hefir verið sagt í gamni, að það hafi verið stærsta lán, sem yfir landið hefir komið. Það er einkennilegt, að ekki skuli hafa verið bent á það fyrr, að um þær mundir, sem lánið var tekið, sat hér við völd stj., sem var að miklu studd af þm., sem nú eru í Framsóknarflokkinum. Það er því rétt fyrir þá hina sömu að tala gætilega um það lán, þó að þeir fylgi nú annari stj. að málum.

Það var almennt álitið þá, að betra lán hefði ekki verið hægt að fá, eins og sakir þá stóðu, enda stóðu að lántökunni menn, sem nutu trausts í báðum flokkum. En nú þegar farið er af stað aftur, þá er einmitt um leið reynt að stofna til fyrsta bankahruns á Íslandi, og það alveg að óþörfu. Því hefir verið haldið fram, og munu allir nema jafnaðarmenn fallast á það, að lokun Íslandsbanka leiði af sér alvarleg lánstraustspjöll fyrir Ísland út á við. En fyrir mörgum er þetta óákveðið hugtak, sem þeir hafa ekki gert sér ljóst hvað þýðir. Menn halda, að það verði erfiðara um lántökur en áður, og það er vitanlega rétt, en mönnum sést venjulega yfir það, að þetta lýsir sér í því, að þau lán, sem fást, verða miklu dýrari en ella. Flest fæst, ef nóg er fyrir það gefið, og svo er og um ríkislán. Nú er það alkunna, að Íslendingar hafa yfirleitt orðið að taka dýrari lán en aðrar þjóðir. Erlend fjármálafyrirtæki þekkja ekki getu okkar, og það er óvissan um efnahag lántakanda, sem veldur háum vöxtum. Það er því augljóst, að vextir hljóta að hækka um leið og lánstraustið spillist. Þetta má vel taka með í reikninginn. Þó að vextirnir verði ekki nema 1—2% hærri en ella, er hér um stórfé að ræða.

Þetta sýnir, ásamt öðru, hvað það þýðir að hafa við stýrið fjármálastjórn, sem ekki er starfi sínu vaxin. Það er komið of fast inn í menn, að stj. þurfi ekki annað að gera en að annast afgreiðslu skjala uppi í stjórnarráði. Meðan ekkert bjátar á, þá eru stjórnarstörfin auðvitað eins og að stýra bát í góðu veðri. En nú hefir sézt, að þótt allt hafi gengið slysalaust til þessa, þá er stj. ekki fær um formennskuna, þegar á reynir.

Hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur hér, en ég verð þó að segja það, að mér þykir einkennilegt, hve fast hann situr við þann keip, að vilja ekki gera ráðstafanir til að meta bankann fyrr en frv. Þetta er komið í gegn. Þetta er því einkennilegra, sem hvergi er minnzt á mat í frv. Það hefir verið bent á það, að eftir að skyndimatið fór fram, hefði legið næst, að þeir, sem véfengdu það mat, hefðu þá þegar í stað látið fara fram ítarlegra mat á bankanum. Það er ætlazt til, að n. ljúki störfum sínum á 10 dögum, og það er álíka tími og síðan lokað var. Fullnaðarmati átti því að geta verið lokið nú.

Hæstv. fjmrh. veit auðsjáanlega ekki, hvað gerzt hefir, hvað mun gerast eða á að gera. Hann berst bara með straumnum. Ég veit, hvaða afsökun hann hefir, sem er þó auðvitað engin afsökun. Hún er sú, að honum hefir ekki hugkvæmzt neitt. En eftir að farið hefir verið að knýja á hann nú síðustu dagana, gildir þessi afsökun ekki lengur. Honum hefir verið bent á leiðir, sem enn eru færar, og

þær leiðir á hann að fara, ef ekki eru aðrar ástæður á bak við.

Hæstv. fjmrh. sagði, að sig hefði grunað, að fram kæmi till. frá hv. 2. þm. G.-K. og því hefði hann viljað bíða með nefndarskipunina. Eftir þessu ætti hæstv. ráðh. að bíða eftir því, að frv. kæmist í gegnum allar umr. í báðum deildum.

Annars var helzt að heyra á hæstv. fjmrh., að honum þætti einkennilegt, að við skulum ekki fúslega fallast á, að hann skipi þessa n. og að við skulum ekki verða henni samþykkir. En við þykjumst hafa nægar ástæður til að vera á verði í þessu efni.

Í fyrsta lagi er það næstum undantekningarlaus regla, að stj. skipar sína fylgifiska í allar n., og er þá annaðhvort að launa þeim fylgi eða treysta þá í trúnni. Því erum við hræddir um, að þetta gæti komið fyrir í þetta skipti líka.

Í öðru lagi gaf stj. skýlausa yfirlýsingu um það þegar á lokaða fundinum, að hún vildi ekki opna bankann aftur. Till. um það, sem lagði aðferðina á vald stj., var felld. Því hlýtur skipun matsnefndarinnar að verða skrípaleikur einn, ef stj. skipar hana. Mér finnst ástæða til að spyrja stj., hvað hún ætlar að gera, ef matsnefndin kæmist nú að sömu niðurstöðu og þeir, er framkvæmdu skyndimatið. Ætlar hún þá að ganga í berhögg við allar sínar fyrri yfirlýsingar og opna bankann? — eða ætlar hún að fara frá? Það er ekki nema um það tvennt að gera, að n. komist að svo hroðalegri niðurstöðu um hag bankans, að samkv. henni eigi að loka honum, eða stj. verður að fara frá völdum. N. á því að ákveða um líf eða dauða þeirrar stj., sem skipar hana. Það mætti vera siðferðissterkari stj. en sú, er nú fer hér með völd, sem ekki veldi n. með hliðsjón af þessu.

Það hefir þegar verið sýnt fram á það, að skipun matsnefndar Landsbankans í tíð íhaldsstj. er með öllu óhliðstæð. Niðurstaðan gat hvorki verið með né móti stj. og auk þess var n. skipuð mönnum úr báðum flokkum.

Hæstv. fjmrh. sýndi, hve vel hann fylgist með þessum málum, er hann sagði, að sig varðaði ekki um það, hvaða samninga væri verið að leita fyrir hönd Íslandsbanka.

Þetta er öðruvísi hjá okkur vitringunum en hjá öðrum stærri þjóðum. Þegar Privatbankinn danski lokaði, þá áleit þjóðbankinn ekki, að sig varðaði ekkert um það, og var þó hér um einkafyrirtæki að ræða, þar sem hvorki var forsætisráðherra í bankaráði né stjórnskipaðir bankastjórar. Samt hljóp þjóðbankinn undir bagga, eins og kunnugt er. Þannig fara siðaðar þjóðir að.

Mér þótti vænt um að heyra það í umr. út af till. hv. 1. þm. Skagf., að hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. sýnast nú loksins skilja það, að lokun Íslandsbanka muni hafa flókin vandræði í för með sér. Út af till. hv. 1. þm. Skagf. um gjaldfrest sögðu þeir, að með því væri öllum gefið tækifæri til að neita að borga skuldir sínar. Vitanlega er þetta ekki annað en fjarstæða, því að greiðslufrestur leysir engan mann undan því að borga skuldir sínar. Þetta var auðvitað hrakið, en varð þó til þess, að þeir játuðu, að almenn vandræði myndu hljótast af lokuninni, ekki aðeins hjá innstæðueigendum og skuldunautum bankans, heldur og hjá öllum þeim mönnum, er þessir menn eiga skipti við, og svo koll af kolli.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það í dag ófært að láta Landsbankastjórnina skipa matsnefndina, af því að hún bæri ekki ábyrgð nema fyrir bankaráðinu. Hann sagði þetta, meðan hv. flm. brtt. var fjarverandi, svo að ég veit ekki, hvort hann mun svara því. En það er auðvelt að sýna fram á, að bankastj. ber ekki einu sinni ábyrgð gagnvart bankaráðinu í þessu máli, heldur aðeins á ákveðnu sviði. En einmitt þetta, að þeir bera ekki ábyrgð fyrir neinum aðilja, er ástæðan til þess, að gott er að fela þeim það. Sá aðili, sem engum stendur reikningsskap nema samvizku sinni, á að skipa nefndina. Hvers vegna er t. d. hæstarétti oft falið að skipa menn í gerðardóma eða þess háttar störf? Það er af því, að hann þarf ekki að standa reikningsskap fyrir neinum á því, sem hann gerir. Bankastjórar Landsbankans eru nokkurskonar hæstiréttur; þeir bera meiri ábyrgðarþunga en aðrir í bankamálum hér, og þess vegna eru þeir sjálfkjörnir til að skipa þessa matsmenn.

Honum þótti mjög einkennilegt, að þeir, sem þegar hafa framkvæmt skyndirann-

sókn á bankanum, ættu að vera n. til aðstoðar. Þetta er hugsað svo, af því að búast má við, að hinir nýju matsmenn verði e. t. v. þeim ósammála að einhverju leyti, og er þá sjálfsagt, að þeir geti varið sína skýrslu, og þar að auki geta þeir létt nýju n. starfið.

Ég ætla þá að snúa mér að hv. þm. Ísaf. Ég vil byrja á því að óska honum til hamingju með að hafa fengið sína góðu rödd aftur eftir kvefið. Það var eins og þegar Þór heimti hamar sinn aftur, og þessi hv. þm. brýndi nú raustina meir en nokkru sinni áður. En sá var galli á gjöf Njarðar, að hann gerði það ekki fyrr en hv. 1. þm. Skagf., sem hann beindi orðum sínum til, var steindauður. Það hefði verið viðkunnanlegra, að hann hefði getað svarað fyrir sig, en hv. þm. hefir ef til vill búizt við, að með þessari dómadags básúnu sinni gæti hann kallað hann upp úr gröfinni.

Eins og hv. 2. þm. G.-K. benti á, var meginatriðið í ræðu hv. þm. Ísaf. þessu máli óviðkomandi. Því að þegar t. d. skal kaupa einhvern hlut eða fyrirtæki, er auðvitað ekkert aðalatriði, hvernig saga þess hefir verið, hvort það hefir einhverntíma verið stærra eða smærra, heldur hvernig það þá kemur fyrir. — Þó virtist mér ýmislegt í ræðu hans talsvert úr lagi fært. Ég skrifaði margt af því niður hjá mér, en hefi ekki fengið tækifæri til þess að rannsaka það nákvæmlega; en samt get ég fullyrt, að staðhæfingar hans eru mjög hæpnar. Hann sagði, að síðan 1921 sýndist bankinn hafa tapað 17 millj. kr., og fékk það út, með því að leggja saman þann ágóða, sem talinn er á bankarekstrinum öll þessi ár, og leggja þar við varasjóð og hlutafé. Taldi hann þetta mjög einfalt mál; fé þetta hlyti að vera tapað með öllu síðan og hefðu bankastjórarnir komið því í lóg. En þá liggur nærri að spyrja, hvort meira eða minna af þessu fé muni ekki hafa tapazt áður, en þau töp nú fyrst komið fram. (HG: Þá eru reikningarnir rangir). Þeir þurfa ekki að vera rangir, þó að tapið sé ekki þegar afskrifað. Það er vitanlegt, að á stríðsárunum og fyrstu árunum eftir stríð töpuðu báðir bankarnir stórfé, eins og bankar í nágrannalöndunum. Íslandsbanki var þá miklu stærri, og hans tap því eðlilega meira. Ég ætla ekki að fara að verja þá fjármálastjórn, sem verið hefir á bankanum, heldur aðeins að benda á það, að hér er Íslandsbanki ekkert einsdæmi.

Hv. þm. sagði, að síðan 1921 hefði staðið á eilífum björgunartilraunum. Fyrsta björgunartilraunin hefði verið sú, að bankinn hefði fengið stóran hluta af láni, sem hefði verið svo dýrt, að hann hafi þurft að borga af því hærri vexti en hann gæti fengið hjá viðskiptamönnum sínum. En hvað á hv. þm. við, með því að kalla þetta björgun? Ekki er von, að vel fari, ef þetta er aðalbjörgunin.

En svo er mál með vexti, að þingið 1921 ætlaðist til, að bankanum yrði rétt hjálparhönd með því að kaupa forgangshluti, en framkvæmdin varð sú, að honum var veitt lán í staðinn. Og í þessu liggur ef til vill allt ólán Íslandsbanka fram á þennan dag.

Þetta var nú fyrsta björgunartilraunin, sem hv. þm. sagði, að hefði verið framkvæmd, og sem gerði hann mjög undrandi, að bankinn skyldi ekki komast á réttan kjöl aftur, hvernig sem reynt hefði verið að bjarga honum.

Jafnframt þessu var gerð sú björgunartilraun að skipa Íslandsbanka að draga inn 1 millj. kr. af seðlum sínum á ári. Hv. þm. var steinhissa yfir því, að bankinn skyldi ekki geta blómgast með þessari dæmalausu hjálp.

Hv. þm. sagði, að hið eina rétta hefði verið að loka bankanum 1921. Það er náttúrlega ekki gott að ræða við þennan hv. þm., ef hann heldur því fram, að allir reikningar Íslandsbanka séu falsaðir. En ef farið er eftir reikningum Íslandsbanka, þá kom það fram hér á Alþingi 1923, þegar ein tilraun var gerð til þess að eyðileggja bankann, — því þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem hann er lagður við trogið —, að hann hafði afskrifað síðan 1921 yfir 7 millj. króna. Síðan bera reikningar Íslandsbanka það með sér, að frá 1923 hafi verið afskrifaðar um 2 millj. króna, að því er mér virðist.

Það, sem skeð hefir þá síðan 1921, er, að bankinn hefir þó borgað upp í það tap,

sem hann hafði orðið fyrir, um 9 millj. kr. Það var því ekki svo mikil hending, þegar hv. þm. Ísaf. var að leggja saman arðinn á þessum árum, að hann skyldi fá út 9 millj., og sennilega er þetta mjög svipað því, sem ég hefi talið Íslandsbanka hafa borgað í skuldasúpuna. En með því að segja, að Íslandsbanki hefði átt að fara 1921, er þá hv. þm. Ísaf. að segja, að betra hefði verið að taka tapið á Íslandsbanka 9 millj. hærra en nú er.

Hv. þm. segir, að mat, sem fór fram á Íslandsbanka og gekk út á það, að hlutabréfin ættu að standa í 95%, annað mat, sem fór niður í að helmingur hlutafjárins væri tapaður og síðan allt hlutaféð, það ætti að benda í þá átt, að bankinn hefði alltaf verið að tapa síðan. En það er erfitt að meta svo stórt tap, sem Íslandsbanki varð fyrir á ógegndarárunum, og þessar mismunandi matsniðurstöður sýna ekkert annað en það, að þegar frá líður, fæst réttara mat. Það er vafalaust bezt — enda sýnir saga bankans frá 1921 það — að leyfa bankanum að starfa áfram og borga áfallin töp. Það, sem hefði hafzt af því að leggja Íslandsbanka á höggstokkinn 1921, var það, að taka þá á skuldheimtumenn bankans öll þau töp, sem hann nú hefir afborgað, auk þeirra, sem kunna nú að vera eftir.

Nei, það, sem átti að gera 1921, var að framkvæma vilja þingsins og kaupa forgangshluti í bankanum.

Svo er það eitt, sem mér finnst, að þeir menn, sem eru með sífelld ónot og skammir út af því, að bankinn tapi, líti allt of grunnt á. Það er eins og þeir haldi, að peningarnir beinlínis gufi upp og verði að engu; en það er langt frá því. Þær milljónir, sem bankarnir hér hafa tapað, hafa að mestu aðeins skipt um vasa; þær hafa dreifzt út meðal landsmanna. Hvernig stendur t. d. á því, þegar tap verður á fiskkaupum? Það stafar af því, að þeir, sem biðu tjónið, hafa keypt fiskinn of háu verði af þeim, sem ófluðu hans. Það, sem hér hefir gerzt, er því ekkert annað en það, sem hv. jafnaðarmenn eru sífellt að klifa á, að taka eignir af þeim stóru og dreifa þeim út meðal hinna smærri. Ef ég týndi peningum á götunni, og annar finnur þá, hafa þar aðeins orðið eigendaskipti, en ekkert tap fyrir þjóðfélagið. Hitt er annað mál, að slík vistaskipti fjárins eru ekki holl fyrir viðskiptalífið.

Að lokum vil ég segja það, að hv. 2. þm. Reykv. hafði ólíkt heilbrigðari skoðun í þessu máli en samherji hans, hv. þm. Ísaf. Hann lagði grundvöllinn réttan, þótt ekki hefði hann vit eða vilja til þess að draga réttar ályktanir. Hann sagði, að tvær orsakir lægju til þess öngþveitis, sem Íslandsbanki hefði komizt í: Hann hefði misst traust viðskiptamanna sinna og haft óhentugt starfsfé. Þarna greip hann einmitt á kjarna málsins og benti á það, sem á að gera í þessu máli. Það liggur á valdi þings og stj. að endurreisa traust bankans út á við og að fá honum hentugt starfsfé. Einmitt þetta tvennt fólst í frv. Sjálfstæðismanna. Og ég vona, að niðurstaðan af öllum umr. okkar verði sú, að það verði gert.

Jóhann Jósefsson: Hvað sem kann fram að fara um þetta mál, mun aldrei verða hægt fyrir þá, sem standa að niðurrifsverki Íslandsbanka, að bera það fyrir sig, að ekki hafi verið sýnt fram á, hverjar afleiðingar myndu af því verða fyrir landsmenn, a. m. k. í bili, og sennilega um langan aldur.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál að nýju. Ég hefi á fyrri stigum þessa máls sagt frá því, sem mér býr í brjósti um afleiðingarnar, og mér virðist sem hver dagur, sem líður, færi hv. þm. og þjóðinni allri heim sanninn um það, að við, sem höfum bent á alvarlegar afleiðingar af hinni snöggu stöðvun bankans, höfum haft rétt að mæla.

Um þær brtt., sem hér liggja fyrir, skal ég ekki fjölyrða. Ég vil aðeins drepa á síðari brtt. á þskj. 97, frá hv. 1. þm. Skagf., sem fer fram á, að skuldunautar Íslandsbanka, sem vegna stöðvunar hans geta ekki staðið í skilum nú sem stendur, hvorki við hið opinbera né einstaka menn, fái lögheimilaðan nokkurn greiðslufrest. Um þessa till. vil ég segja það, að mér finnst hún fyllilega réttmæt, og ég fæ ekki skilið, að hæstv. fjmrh. hafi nægilega íhugað aðstöðu þeirra manna, sem hér er um að ræða, þegar hann hóf andmæli gegn þessari till.

Hvað snertir brtt. á þskj. 99, þá sýnist

mér ekki þörf að rökræða frekar réttmæti hennar, þar sem hv. flm. og hv. 1. þm. Reykv. hafa fært svo skýr og góð rök fyrir því, að það er rétt ráðstöfun, að bankastjórar þjóðbankans láti rannsaka hag hins bankans, sem nú hefir ratað í vandræði, miklu réttara en að stj. útnefni menn til þess, undir þeim kringumstæðum, sem nú eru.

En það, sem aðallega olli því, að ég stend upp, er ekki það, að ég vilji fara að endurtaka neitt, sem áður hefir verið sagt, heldur vildi ég koma á framfæri við hv. þd. símskeyti, sem mér hefir borizt í dag frá bæjarstjórn Vestmannaeyja; það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar 10. febr. síðastl. var samþ. með öllum atkv. þessi tillaga: Það er fyrirsjáanlegt að útibú Íslandsbanka hér verður ekki opnað til útlána fyrst um sinn. Leyfir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupst. sér því hér með að skora á landsstj. og þingið að sjá um:

1) Að ríkisbankinn sendi hingað tafarlaust fé til útlána handa sjávarútveginum og öðrum atvinnufyrirtækjum hér í bænum.

2) Að fé þetta sé svo mikið, að fullkomin vissa sé fyrir því, að nefnd atvinnufyrirtæki þurfi ekki að stöðvast vegna fjárskorts á hinni yfirstandandi vertíð.

Til skýringar viljum við geta þessa: Vertíðin er nú byrjuð, en margir bátar geta ekki komizt út, vegna þess að peninga vantar til greiðslu hinna lögboðnu gjalda fyrir skip og menn. Undantekningalítið geta menn ekki greitt nein verkalaun hér. Þeir fáu, sem peningaráð kynnu að hafa, eiga féð fast í Íslandsbanka-útibúinu hér. Bæjarsjóður kaupstaðarins getur engar greiðslur af hendi leyst, hvorki vinnulaun né annað, vegna þess að engin gjöld er hægt að innheimta. Fleiri verzlanir eru orðnar matvörulitlar. Er fyrirsjáanlegt, að í bænum verður bráðlega matvælaskortur, vegna þess að verzlanir hér geta ekki náð í vörur, sem eru sendar gegnum banka til greiðslu eða greiðslusamþykktar, meðan enginn banki er starfræktur hér.

Þetta ætti að nægja til að sýna landsstjórn og þingi það, að hingað verður að senda fé til útlána tafarlaust".

Ég vil skýra með nokkrum orðum einstök atriði þessa skeytis, og þá sérstaklega það, sem kann að koma sumum hv. þdm. undarlega fyrir sjónir, að bátar geti ekki komizt út, vegna þess að fé vanti til greiðslu á hinum lögboðnu gjöldum. Því til skýringar skal ég geta þess, að nú í seinni tíð hefir lögreglustjóri kaupstaðarins haft þá föstu reglu og gengið ríkt eftir, að vátryggingargjöld skipshafnarinnar og önnur gjöld séu greidd um leið og lögskráð er. Og þessi staðreynd er nú þess valdandi, að þegar reiðupeninga vantar, getur lögskráning ekki farið fram og bátarnir þess vegna ekki hafið starfsemi sína. En það atriði, að þeir, sem útgerð reka og eru viðskiptamenn Íslandsbanka, hafa ekkert fé annað en það, sem fast er þar inni á reikningi, skýrist á þann veg, að þau rekstrarlán, sem bankinn veitir gegn tryggingu í óveiddum fiski samkv. lagaheimild, taka þeir venjulega ekki strax út, heldur gefa ávísanir á þau jafnóðum og þörf gerist.

Að öðru leyti talar þetta skeyti nógu skýrt til að sýna það, hvernig ástandið er á þessum stað, sem vitaskuld er mestmegnis háður þeirri lánsstofnun, sem hér er um að ræða, og sem er stöðvuð í bili. Þetta kemur mér ekki á óvart. Hv. þm. munu minnast þess, að ég hefi þegar bent á, að þessa örðugleika hlyti að leiða af lokun bankans í Vestmannaeyjum. Ég gat þess strax á lokaða fundinum í sameinuðu þingi, og hæstv. forsrh. tók vel í það að gera ráðstafanir til að engin truflun hlytist af lokun bankans í atvinnurekstri Vestmannaeyinga. Síðan þetta skeyti kom, hefi ég skrifað fjmrh. bréf og einnig átt tal við hann um úrlausn þessa máls. Ég skal geta þess, að hæstv. stj. hefir tekið mjög vinsamlega í að gera einhverjar ráðstafanir, en orðin tóm nægja ekki. Það þarf að gera eitthvað, og það strax. Það er óhætt að segja, að eins og er muni Landsbankinn ekki tíðka það að veita lán gegn veði í tilvonandi afla á sama hátt og Íslandsbanki gerði í Vestmannaeyjum. Þau lán hafa verið mjög tíðkuð, og undanfarin ár — síðan lagaheimild kom til þess — hefir útibúið ekki beðið neitt tjón af því, svo að ég viti til. Útibúið hefir lánað um 1½ millj. árlega án þess að verða fyrir nokkrum verulegum töpum.

Viðvíkjandi aðgerðum hæstv. stj. vil ég leggja áherzlu á, að það er ekki nóg, þó að hún mælist til þess, eða mæli með því við Landsbankann, að hann veiti lán gegn tryggu fasteignaveði, heldur verður hæstv. stj., ef hún vill veita hjálp, sem dugir, að beina aðgerðum sínum strax í þann farveg, að starfsemin verði sem líkust því, sem var, á meðan útibúið lánaði fé til útgerðarinnar.

Það er ekki þörf á að fara fleirum orðum um þetta núna, en ég vildi ekki láta hjá líða að gera hv. d. kunnugt það ástand, sem Vestmannaeyingar eiga við að búa. Vænti ég þess, að þingmeirihlutinn, sem auðvitað hefir öll völdin, muni leggjast á eitt með hæstv. stj. og bregðast fljótt og vel við.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég hefi engu að svara, þar sem mér hefir ekki verið svarað, síðan ég hélt mína ræðu í kvöld. En af því að ég hélt, að umr. væru að falla niður, fannst mér skylt að segja frá fréttum, sem borizt hafa af samningum á milli sendiherra Íslands og þeirra manna, sem bankaráðið hefir kosið til að semja fyrir hönd bankans. Þessir umboðsmenn bankans símuðu sendiherranum í gær, og hefir þeim nú borizt svar hans á þá leið, að sendiherra er hræddur um, að samþ. þessa frv. muni auka örðugleika þeirra manna, er standa fyrir samningum vegna Íslandsbanka. Sendiherra tekur — af eðlilegum ástæðum — ákaflega varlega á þessu máli, en ég vil leggja mikla áherzlu á, að hann hefir sent okkur viðvörun. Sendiherrann mundi vera óhyggnari maður en hann er, ef hann kvæði sterkara að orði. Ég verð því að mælast til þess, að þeir menn, sem áður hafa ekki verið ákveðnir í þessu máli, láti nú stjórnast af viðvörun Sveins Björnssonar sendiherra. Og þessi viðvörunarorð hafa því sterkari áhrif, sem ekkert liggur fyrir í málinu, sem bendir til þess, að þörf sé að samþykkja frv. í kvöld. Ef hæstv. stj. ætlar sjálfri sér að útnefna matsmennina, getur hún útnefnt þá nú þegar, án tillits til þess, hvort frv. verður samþ. nú eða málinu frestað.

Gunnar Sigurðsson: Við 2. umr. gat ég þess, að mér fyndist mjög mikið á skorta hjá hv. þm., að þeir tækju þetta mál sem hreint fjárhagsmál. Mörgum þeirra hættir við að líta á það einungis frá pólitísku sjónarmiði. Ég hefi áður lýst því, að það, sem sjálfsagt var að gera, þegar búið var að loka bankanum, var að skipa matsnefndina strax. Allir spurðu um það, hvernig bankinn stæði. Allir hlutu að véfengja það mat, sem fram fór á svo skömmum tíma. Á matinu á að byggja. Ef það sýnir, að bankinn er ekki langt frá því að eiga fyrir skuldum, vil ég, að við reynum að endurreisa bankann, og ég hefi trú á, að það sé hægt. Reynist það aftur á móti, að bankinn sé langt frá því að eiga fyrir skuldum, getur skiptameðferð komið til greina. Hæstv. stj. hefir að mínum dómi vanrækt að gera þetta strax, og af því leiðir, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er hálfgerður óskapningur. En frv. er fram komið til þess að bræða saman tvær ólíkar skoðanir, þeirra, sem vilja loka bankanum, og hinna, sem vilja það ekki. Enginn maður má skilja orð mín svo, að ég vilji bjarga Íslandsbanka á sama hátt og áður. Ég er að því leyti sammála hv. þm. Ísaf., að ég vildi láta gera bankann upp fyrir löngu, og það var hægt nú, þó að honum væri ekki lokað. Ég vil láta gera bankann upp á öðrum grundvelli en áður. Ég vil ekki styðja fyrirtæki, sem ekki eru lífvænleg, en hæstv. stj. hefir ráðin alveg í höndum sér að því er það snertir, með því að skipa stj. bankans eftir sínu höfði. Það er hægt að koma bankanum á tryggan grundvöll, bæði með hlutafé og láni, en hvernig sem málið fer, kemst ríkið aldrei hjá áhættu, t. d. af því fé, sem það á, beinlínis og óbeinlínis, í bankanum. Þó að ég greiði frv. atkv. til 2. umr., er langt á milli minnar skoðunar og hæstv. stj. í þessu máli. Ég verð þó að viðurkenna, að hæstv. stj. er á réttri leið, þar sem matið er.

Sigurður Eggerz: Ég get að miklu leyti vísað til ræðu minnar í dag, en í tilefni af ræðu hv. þm. Ísaf. vil ég gera nokkrar aths. Hv. þm. var að rekja sögu Íslandsbanka. Sú saga varð í hans munni aðallega saga tapanna. Það vantaði ekki stóryrðin hjá hv. þm., og ég verð að segja,

að mikið væri þjóðin illa stödd, ef það væri rétt, að reikningar, sem eru undirskrifaðir af æðstu mönnum hennar, væru falskir. Hv. þm. talaði um 16—17 millj. tap. En eins og ég hefi bent á, er þegar búið að afskrifa tæpar 11 millj., og ef þar við bætist hlutaféð, 4½ millj., verður þetta 15½ millj. Og það er fróðlegt að athuga, að þegar litið er á hag bankans 1914, í byrjun stríðsins, er varasjóður hans 376 þús. Þar við bætist hlutaféð, 3 millj. Þess vegna hlyti niðurstaðan nú að vera sú, að hlutaféð væri farið, og varasjóðurinn farinn.

En nú verður ennþá að gæta eins í sambandi við þetta mál, sem sé veltu bankans. Í stríðsbyrjun var veltan 88 millj., 1921 311 millj., 1927 287 millj. og 1928 319 millj. Á þessu sést, að veltan hefir aukizt frá 1927 til 1928. Þá er fróðlegt að athuga það, að 1928 voru innborgaðar í Hambrosbanka 13 millj. 800 þús., en 1929 voru innborgaðar 23 millj. 300 þús. kr. Og innheimtan hefir aukizt um 2 millj. Allt þetta er ljós vottur þess, hversu mikill lífskraftur er í bankanum. Og þegar maður athugar þessa miklu veltu, er augljóst, hversu þungt það hlyti að grípa inn í allt viðskiptalíf þjóðarinnar, ef bankinn verður stöðvaður. Ég skal líka geta þess, að veltan var meiri 1929 en 1928. Þrátt fyrir alla þá miklu örðugleika, sem bankinn hefir átt við að stríða, er lífskrafturinn svo mikill, að veltan var 319 millj. árið 1928, og ennþá meiri 1929. Þá hefir Íslandsbanki á síðastl. ári lánað 6 milljónir til sjávarútvegarins.

Hv. þm. Ísaf. talaði um það, að stundum hefðu verið taldir til gróða bankans vextir af fé, sem í raun og veru hefði verið tapað. Það má vel vera, af því að menn hafa verið svo bjartsýnir um, að ýmislegt væri ekki tapað, þó að sýndist vera svo.

Enn get ég bent á eitt atriði í lífi bankans. Íslandsbanki var einu sinni skyldugur til að yfirfæra fyrir Landsbankann. Þegar sá atburður skeði, að munur varð á danskri og íslenzkri krónu, var skilningur manna svo lítill, að þeir trúðu ekki, að svo gæti farið, að verðmunur yrði á dönsku og íslenzku krónunni. Íslandsbanki varð að taka á sig mikil töp vegna gengismunarins. Þá var því mjög fast haldið fram, hvílík vanræksla hefði átt sér stað. Íslandsbanki hefði svikið þjóðina, af því að hann gat ekki haldið áfram yfirfærslum. Þetta sýnir skilningsleysið. Enginn banki gat haldið áfram yfirfærslum, þegar gengismunurinn var svona mikill.

Skuldasaga hv. þm. Ísaf. var framreidd af litlum skilningi. Það kom fram sama hugsunin hjá hv. þm. og svo oft hefir komið fram í Alþýðublaðinu. Hið pólitíska óargadýr hjá hv. þm. sýndi klærnar og heimtaði meira blóð og meiri bráð. En hv. þm. athugar ekki, að um leið og óargadýrið sýnir Íslandsbanka klærnar, er það að koma við hina fjárhagslegu líftaug þjóðarinnar. Það vita allir, að það liggja svo margþættar orsakir að þessum töpum. Það eru orsakir ófriðarins, svo ótal margar, meðal annara. Þegar verið er að tala um örlög Íslandsbanka, þegar menn eru að hampa þessum skuldatölum, þá er eins og þeir séu búnir að gleyma, hvílíkir skuldaörðugleikar hafa komið yfir allan heim, — yfir stærri þjóðir en okkur. Það er eins og þeir séu búnir að gleyma, að þessi skuldasaga hefir — því verr og miður — ekki snert Íslandsbanka einan. Það vita allir, að Landsbankinn hefir átt að berjast við alla sömu örðugleika. Og það vita allir, að Landsbankinn hefir orðið fyrir miklu tapi — það þarf ekki að vera að fela það —, en styrkur Landsb. liggur í þeirri ríkisábyrgð, sem hann hefir, þeirri samúð, sem jafnan hefir fylgt honum. Hefði Íslandsbanki notið sömu samúðar og ábyrgðar, þá vissi enginn nú, að hann væri í neinum örðugleikum. En þó að ríkisábyrgðin geri Landsbankann sterkan, þá má þó með því að ráðast á hina bankastofnunina, sem hefir fram undir 400 millj. króna veltu, vinna svo mikið óhappaverk — ekki einungis gagnvart þeirri bankastofnun, heldur gagnvart sjálfum Landsbankanum og ríkinu yfir höfuð —, að af því hljótist tjón, sem seint verður bætt.

Það var eins og hv. þm. kynni ekki nokkurn skapaðan hlut úr sögu Íslandsbanka, nema söguna um tap bankans. En væri þá ekki rétt að athuga það, þegar þetta mál er gert upp, hvaða þýðingu

þessi banki yfirleitt hefir haft fyrir atvinnulíf þjóðarinnar? Má ekki segja með réttu, að þessi banki sé eiginlega faðir hinnar íslenzku útgerðar? Var það ekki fyrir aðstoð þess banka, sem fyrstu botnvörpungarnir voru settir á stofn? Var það ekki einmitt fyrir það, að þessi banki kom inn í landið, að verzlunarstéttin var leyst úr þeim böndum, sem hún var í? Hún varð áður að hafa ýmsa erlenda umboðsmenn, af því að hana vantaði fé. Þessir umboðsmenn seldu svo innlendu afurðirnar og munu hafa hagnazt allvel á því. Verzlunarstétt vor varð að beygja sig undir ýms ókjör, sem hinir erlendu umboðsmenn settu henni. En hvað skeði, þegar peningamagnið færðist inn í landið fyrir tilstilli Íslandsbanka? Þá er lagður grundvöllur að íslenzkri, nýrri og ötulli verzlunarstétt. Þá var verzlunarstéttin fyrst leyst úr hinum erlendu fjötrum. Vegna þess lánsfjár, sem verzlunarstéttin fékk hjá Íslandsbanka, gat hún sjálf leitað markaða fyrir vörur landsins og keypt á eigin spýtur erlendis þær vörur, er landið þurfti. Hún á ekkert undir erlendum umboðsmönnum, hún á allt undir sjálfri sér.

Er það nú gleymt, að þessi banki varð einmitt til þess að leysa verzlunarstéttina úr viðjum? Og hafa menn gert sér ljóst, hvaða afleiðingar það hefir í þessu efni, ef bankanum nú verður lokað? Verður það ekki ein af afleiðingunum, að hin ísl. verzlunarstétt verður kannske aftur að fara að knýja á náðir erlendra umboðsmanna? Eitt veit ég, — að þótt hv. þm. hér veitist allörðugt sumum hverjum að skilja, hve mikil alvara er á ferð, þá er alveg víst, að þeir menn, sem mest hafa með útgerð og verzlun að gera, skilja gerla, hvað hér er um að ræða. Annað er það, sem ég er fullkomlega sannfærður um, — að þeir menn, sem nú eru reiðubúnir til að taka á sig ábyrgð af stöðvun Íslandsbanka, þeir vita ekki, hvað þeir gera. Þegar banki með þeirri viðskiptaveltu, sem ég talaði um, er stöðvaður, þá ættu allir að sjá, hvílíkur voði er fyrir höndum. Og ég vil enn endurtaka það, hve ógnar lítinn kraft við höfum til þess að standa á móti þessari ógæfu. Þó að Landsbankinn hefði nú 5—6 millj. kr. til umráða, hvað dugir það til þess að vinna á móti þessari þjóðarógæfu? Ef ríkissjóður hefði haft nóg fé með höndum og Landsbankinn líka, þá væri aðstaðan önnur. En þetta er ekki svo.

Ég hefi nú í fáum orðum skýrt frá því, hvaða þýðingu þessi banki hefir haft fyrir sjávarútveginn og verzlunina. Þegar ég nefni verzlunina, þá eru þar auðvitað innifalin kaupfélögin, því Íslandsbanki hefir lánað þeim oft. Ég skal aðeins nefna nokkrar tölur viðvíkjandi nútíðinni í þessu efni. Það eru eitthvað 14 togarar, sem lifa á viðskiptum við Íslandsbanka, fyrir utan þá togara, sem skulda bankanum nú. Ennfremur eru 236 mótorbátar, sem styðjast við fé bankans. Þessi floti allur hefir viðskipti sín aðeins við höfuðbankann. Auk þess eru ýmsir einstakir menn, sem ég get nefnt, svo sem Haraldur Böðvarsson, sem með Íslandsbankafé styrkja stóra mótorbátaútgerð, eins og hann gerir í Sandgerði. Ég gæti nefnt ýmsa fleiri. En auk þessa eru svo útibúin. Hafa menn gert sér grein fyrir, hve stórfelld útgerð er rekinn í Vestmannaeyjum með tilstyrk Íslandsbanka? Hafa menn gert sér grein fyrir, hvernig velmegun hefir dafnað í þeim eyjum einmitt fyrir það, að Íslandsbanki var fær um að veita þeim fé til framleiðslunnar. Hafa menn gert sér grein fyrir, að sú duglega og ötula stétt þar er í miklum voða, ef ekki verður framvegis hjálpað á líkan hátt og áður?

Ég spyr: Hafa menn gert sér grein fyrir öllu þessu? Ég skil ekki, hvernig er hægt að verja stöðvun bankans, þegar um þetta er að ræða annarsvegar, en hinsvegar það, að með á þriðju millj. kr. í hlutafé og ábyrgð fyrir einni millj. að auk væri hægt í fyrsta lagi að láta bankann verða sterkari en nokkru sinni áður, og í öðru lagi að fá samkomulag við Hambros Bank og Privatbanken um rekstrarfé til bankans. Og ég efast ekki um, að ríkissjóðurinn danski, sem hefir veitt Íslandsbanka mjög ódýr lán með engum tryggingum, muni una vel þessari ráðstöfun. Sá er munurinn á ríkissjóðinum íslenzka og ríkissjóðinum danska, að ísl. ríkissjóðurinn hefir fullar tryggingar fyrir því, sem hann lánar, en danski ríkissjóðurinn hefir enga

tryggingu fyrir sínu fé. Er það þá ekki eðlilegt, að ríkið rétti hjálparhönd? Er það ekki sjálfsagt, fyrst ríkið með þessari litlu hjálp getur varið lánstraust sitt, sem er líftaug þjóðarinnar? Og er það ekki sjálfsagt að öðru leyti? Hvernig fer nú um tekjur ríkissjóðs, ef útvegurinn stöðvast? Hvað verður þar margra millj. tap?

En hvað sem öllu öðru líður, þá ætti öllum að vera ljóst, að það má ekki gera neitt til að spilla fyrir því, að hinir erlendu skuldunautar — ef þeir vilja — rétti bankanum hjálparhönd til þess að vernda hans hagsmuni. Þá ábyrgð skyldi ekki nokkur þm. taka á sig.

Nú er komið skeyti frá sendiherra vorum, sem allir vita hvað er varfærinn maður og glöggskyggn, að hann vilji ekki ábyrgjast, að það verði ekki til truflunar fyrir endurreisn bankans, ef þetta frv. verður samþ. Þegar nú er búið að marg-, margsýna fram á, að samþ. þessa frv. hefir enga þýðingu, hvernig í ósköpunum er þá hægt fyrir menn, sem hafa ósköp litinn snefil af ábyrgðartilfinningu, að vera með því? Ég skil þetta ofurkapp sumra hv. þm. frá einni hlið. Ég skil það frá hendi hv. jafnaðarmanna, því að þeir hafa gert sér það ljóst, að þeir vilja með köldu blóði drepa bankann. Það er eins og ég sagði áðan: nú vona þeir, að gamall draumur sé að rætast hjá þeim. En þessir menn geta aldrei sloppið frá afleiðingum gerða sinna. Greinarnar í Alþýðublaðinu undanfarið hafa ekki verið skrifaðar með neinu öðru markmiði en að reyna að fá fylgi sem flestra til að vinna það óhappaverk, að leggja bankann á höggstokkinn. Verði það gert, er það eitthvert stærsta óhappaverkið, sem hefir verið unnið í nútíðarsögu þjóðarinnar. Við stöndum nú á merkum tímamótum. Við megum ekki gleyma því, að það á að halda 1000 ára hátíð Alþingis, og í tilefni af því tala svo að segja allar menntaðar þjóðir um Ísland, sögueyjuna frægu. Það er því næsta óheppilegt að sökkva okkar fjármálalífi á sama ári dýpra og dýpra niður á við. Alstaðar gæti verið líf og fjör í atvinnulífi voru — alstaðar á öllum sviðum. En svo ætla þeir vísu feður með allskonar pyndingum að taka lífsþróttinn úr atvinnulífi voru og skilja eftir fjárhagslegt lík, þar sem allt átti að iða af lífi og fjöri. Og svo á að bjóða heiminum að horfa á þetta fjárhagslega lík. Hambro's banki hefir skilið þetta. Hann sendi okkur skeyti og varaði við því, sem er verið að gera. Ef einhverjir halda, að bankinn hafi sent þetta skeyti vegna þeirra smáhagsmuna, sem hann hefir hér að gæta, þá get ég fullvissað þá hina sömu menn, að það er misskilningur. En það hefir a. m. k. einn af bankastjórum þessa banka dvalið hér um tíma og tekið því ástfóstri við þetta land og þjóð, að það má ætla honum hinar hlýjustu tilfinningar gagnvart okkur. Enda hefir Hambro's banki stutt þetta land drengilega. En þessir fjármálamenn skilja, hvað það þýðir í þessu landi, að banka með 3—400 millj. kr. veltu er lokað. Aðvörun þeirra þýðir ekki annað en það, að þeir vilja vegna vináttu sinnar til landsins gefa okkur bendingu um það, að við megum ekki steypa þessari óhamingju yfir þjóð vora. Þjóðin á ekki skilið slíka meðferð af forráðamönnum sínum.

Því er miður, að hæstv. stj. hefir ekki þótzt sjá sér fært að vera með viðreisn bankans. En þó er það svo, að frv. þetta virðist fela í sér endurreisnarmöguleika fyrir bankann; það á að fara fram nýtt mat á bankanum. En ég er viss um, að bankaeftirlitsmaðurinn, Jakob Möller, og bankastjóri landbúnaðarbankans vissu það vel, hvað þeir voru að gera, þegar þeir framkvæmdu mat á bankanum. Ég er viss um, að það var engin hégóma yfirlýsing, að bankinn mundi vera nálægt því að eiga fyrir skuldum. Þá, eftir alla þessa örðugleika í ótal ár, eftir allar ofsóknirnar frá ýmsum ráðandi mönnum í landinu, þá átti bankinn þó loks fyrir skuldum. Sú niðurstaða er betri en fjandmenn bankans hafa haldið fram ár frá ári. Þeir héldu fram, að Íslandsbanka vantaði 10—11 millj. til að eiga fyrir skuldum. Ýmsir vinir bankans hafa látið í ljós við mig, að þeir teldu það mjög eftir vonum, að bankinn ætti þó fyrir skuldum nú. Ekki ætti þetta heldur að vera svo slæmt frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa fjandskapazt gegn hinu erlenda hlutafé, því að ekki sjá þeir svo mikið eftir því. Það er því aðallega erlenda féð, sem er tapað. Annað mál,

að þegar erlendir menn leggja fé í þörf fyrirtæki hér á landi. Þá getur enginn glaðzt yfir því, að þeir hafi tjón af því.

Ég veit ekki, hvort forlög bankans eru þegar ákveðin. En ég veit afstöðu jafnaðarmanna: Praeterea censeo Carthaginem esse delendam, — framar öllu öðru legg ég til, að Kartagóborg verði eyðilögð. Er ekki kominn tími til að standa á móti þeim óhollu áhrifum, sem okkur stafar frá þessum hv. þingmönnum, og berlegast koma fram í umr. um þetta mál? Stjórnarfylgi þeirra fer að verða dýrt, ef þeir nú einnig heimta líf Íslandsbanka.

Að endingu: Ég hefi ekki talað hér eitt einasta orð, sem ekki er mælt af þeirri allra dýpstu alvöru. Ég veit vel, hvað hér er á ferð, — það er ekki aðeins verið að stofna okkar fjármálalífi í voða, heldur er þar með okkar sjálfstæðismálum stefnt í þann stærsta voða, sem hægt er að koma þeim.

Forseti (BSv): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Áður en gengið er til atkv. leyfi ég mér að gera að till. minni, að málinu verði frestað. Óska ég atkvgr. um þetta í hv. deild. Ég bar fram þessa ósk við þann forseta, sem var rétt áðan í forsetastóli, af þeim ástæðum, að Sveinn Björnsson sendiherra hefir sent fulltrúum í bankaráði Íslandsbanka skeyti, þar sem hann segir, að hann þori ekki að fullyrða, að samþykkt þessa frv. valdi ekki örðugleikum í samningaumleitunum. Hann var spurður um þetta atriði. Legg ég því til, að umr. og atkvgr. verði frestað um óákveðinn tíma.

Sigurður Eggerz: Af því að þessar ástæður sendiherrans eru svo veigamiklar, vil ég skjóta því til hæstv. forseta og hv. þingdeildar, hvort það sé ekki sjálfsagt að fresta atkvgr. í þessu máli fyrst um sinn. Það eru margir, sem eru þess fullvissir, að sá frestur geti haft ákaflega mikla þýðingu fyrir niðurstöðu bankamálsins. Ég leyfi mér að skora á hæstv. forseta að verða við þessum tilmælum.

Forseti (BSv): Þar sem umr. er lokið, þá hefir þessi till. ekki áhrif á annað en akvgr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ef samþ. er að fresta atkvgr. um málið, þá skilst mér, að með því sé stýrt hjá þeim vandkvæðum er ræðir um í skeyti sendiherrans. Hann óttast, að ef frv. er samþ. frá deildinni, geti það skaðað þær samningaumleitanir, sem nú fara fram. (**Forsrh.:** Það kemur engin ósk fram í skeytinu). Ég hefi lesið skeytið upp og get gert það aftur.

Forseti (BSv): Ég býst við, að allir hafi skilið skeytið, og sé óþarft að endurtaka það.

Þegar atkvgr. er frestað, þá er það mál tekið fyrst á dagskrá daginn eftir og þá fer atkvgr. fram. En ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að fresta atkvgr.

Bjarni Ásgeirsson: Vegna þess að ég get ekki séð, að þetta skeyti beri það með sér, að það hafi nokkra þýðingu að fresta málinu, þá segi ég nei við því.

ATKVGR.

Till. 2. þm. G.-K. um að fresta atkvgr. felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SE, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ.

nei: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, MT, BSv.

Brtt. 97,1 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, MT, SÁÓ, SvÓ, BSv.[1])

Brtt. 99 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ[2]),

1) Með svofelldri grg.: Ég lýsi yfir því, að þar sem hæstv. stj. sækir þetta mál af svo miklu kappi, þá vil ég láta hana bera sem mesta ábyrgð á málinu og segi því nei.

2) Með svofelldri grg.: Ég hefi fyrir mitt

BSt, BÁ[3]), GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, BSv.

HK[4]) greiddi ekki atkv.

Brtt. 97,2 felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ.

nei: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, BSv.

Frv. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngB, JörB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, BSv.

nei: HK, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, GunnS.

JÓl[5]), EJ[6]) greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 94).

Á 22. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (GÓ): Þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu þessa frv., verður leitað samþykkis til afbrigða um það, hvort málið skuli tekið til meðferðar.

Jón Þorláksson: Bankaráð Íslandsbanka hefir á fundi 10. febr. samþ. svo hljóðandi ályktun:

„Bankaráðið beinir þeirri ósk til Alþingis, að það afgreiði ekki endanlega frv. til laga um skiptameðferð á bankanum, meðan þessi rannsókn stendur yfir".

Ég álít ekki rétt, að málið fái endanlega afgreiðslu hér, fyrr en rannsókn á bankanum er lokið, og get því eigi greitt atkv. með því, að afbrigði verði leyfð um málið.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 6:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, IP, JBald, JónasJ, JónJ, PH, GÓ.

nei: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta mál er svo kunnugt öllum hv. þdm., að ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að skýra það nánar, sérstaklega eins og nú er ástatt með bankann, að verið er að semja lög um framtíð hans, og engar aðrar till. hafa gengið í gegnum Nd. Þess vegna verða menn að taka þetta frv. eins og það liggur fyrir og halda sér við það eitt.

Ég hefi áður haldið því fram, að nauðsyn beri til, að ráðstafanir verði gerðar sem fyrst út af bankanum, enda hefir stj. þegar byrjað á því samkv. fyrirmælum þeim, er í þessu frv. felast.

Ég sé ekki ástæðu til að stinga upp á n. í málinu, en mun hinsvegar taka það til athugunar, ef till. kunna að koma fram. Að endingu vil ég óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

Jón Þorláksson: Mér finnst þetta mál, sem hér liggur fyrir, svo mikilvægt, að þurft hefði talsvert ítarlegri grg. fyrir því en hæstv. fjmrh. gerði í framsöguræðu sinni. Það má kannske virðast, að mér beri öðrum fremur að gera grein fyrir því, þar sem ég á sæti í bankaráðinu, en formaður þess, hæstv. forsrh., er hér eigi viðstaddur.

Ég ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um **stöðu bankans í þjóðfélaginu.**

Íslandsbanki var stofnaður með lög-

---

leyti í sjálfu sér ekkert á móti þessari till. En ég hefi áður lýst því yfir í þessu máli, að ég ber fullt traust til hæstv. fjmrh., og af því að ég veit, að hann er réttvís maður, þá fylgi ég ekki annari skipan á matsnefndinni og segi því nei.

3) Með svofelldri grg.: Með sama formála og hv. þm. V.-Ísf. segi èg nei.

4) Með svofelldri grg.: Þar eð ég lít svo á, að með samþykkt þessarar till. verði tekið fram fyrir hendur stj. um skipun matsnefndarinnar, en ég vænti hinsvegar, að stj. sjái sóma sinn í því að skipa hana óhlutdrægum mönnum, þá greiði ég ekki atkv.

5) Með svofelldri grg.: Með því að mér er ljóst, að þetta mál er það langstærsta, sem komið hefir fyrir þessa stj., þá álít ég, að hún eigi að bera af því sæmd eða vansæmd, og þar sem hún hefir öll ráð hér í þessari deild, þá greiði ég ekki atkv.

6) Með svofelldri grg.: Ég álít, að málið sé komið í það öngþveiti af völdum stj., að ég tek undir ummæli hæstv. forseta, að réttlátt sé, að hún beri ábyrgð á afleiðingunum, og greiði ég því ekki atkv.

um 7. júní 1902, er síðan voru endurnýjuð með dálitlum breyt. 10. nóv. 1905. Reglugerð fyrir bankann var gefin út 25. nóv. 1903. Samkv. stofnlögunum og reglugerð bankans var æðsta stj. hans í höndum 7 manna **fulltrúaráðs**, ráðherra Íslands sjálfkjörinn formaður, 3 fulltrúar kosnir af Alþingi og 3 af hluthöfum. Meiri hl. yfirstjórnarinnar var þannig skipaður af íslenzkum stjórnarvöldum, minni hl. af eigendum hlutafjárins. Um **framkvæmdarstjórn** bankans var svo ákveðið (24. gr. reglug.), að fulltrúaráðið kýs hana og ákveður, hve margir séu í henni. Þó skyldi hin fyrsta framkvæmdarstjórn kosin af stofnendum bankans til 9 ára. Ráðherranum (formanni bankaráðsins) var veitt sérstakt vald til eftirlits með bankanum, þ. á. m. til að fella úr gildi sérhverja ályktun aðalfundar, er honum þykir koma í bága við tilgang bankans. Bankinn fékk einkarétt til seðlaútgáfu, umfram tiltekna litla upphæð, sem Landsbankanum var leyfð. Hann var **þannig seðlabanki undir opinberri stjórn að meiri hluta.** Með **heiti bankans** var þessi staða hans sem opinber banki enn frekar undirstrikuð og auglýst út á við.

Á þessum grundvelli starfaði bankinn til 1921. Þá var hann kominn í kröggur, og var með lögum nr. 6, 31. maí 1921, ákveðið, hvernig ráða skyldi fram úr þeim. Ráðgert var að auka hlutafé bankans, sem þá var orðið 4½ millj. kr., um 100% með framlagi úr ríkissjóði, að undangengnu mati. Úr því varð þó ekki, en í stað þess veitti ríkissjóður bankanum lán, um 280 þús. sterlingspd., af „enska láninu" frá 1921. En jafnframt veitingu þessara hlunninda var vald íslenzkra stjórnarvalda yfir bankanum **enn aukið** með því að ákveða, að 2 af þrem framkvæmdarstjórum bankans skyldu skipaðir af ríkisstj. beinlínis. Seðlaútgáfuréttinum var bankinn látinn halda, en ákvæði sett um það, á hvern hátt hann smámsaman skyldi hverfa úr höndum bankans, unz leyfistíminn væri á enda í árslok 1933. Bankinn er þannig ennþá seðlabanki, og er nú svo algerlega undir opinberri stjórn, að **íslenzk stjórnarvöld skipa fulltrúaráð hans að meiri hluta; þetta fulltrúaráð skipar einn bankastjórann, en ríkisstjórnin beinlínis hina tvo.**

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er þessi afstaða bankans, sem opinber íslenzk stofnun, ennþá undirstrikuð svo kröftuglega sem unnt er. Frv., sem ráðuneytið hefir látið semja og fylgt fram sem stjórnarfrv. væri, ákveður, að öll skiptameðferð bankans skuli framkvæmd af 3 mönnum, sem **fjármálaráðherra** skipar. Hvorki hluthöfum né kröfuhöfum er ætlaður nokkur réttur. Hina siðferðislegu ábyrgð á þeim töpum, sem hljóta að koma fram við skiptin og stafa beinlínis af því, að bankinn er ekki látinn lifa, heldur tekinn til skipta, þá ábyrgð á eftir frv. að leggja algerlega og eingöngu á bak **íslenzku stjórnarinnar.** Auðvitað getur þetta ekki réttlætzt af neinu öðru en því, að bankinn sé einnig hér heima skoðaður sem algerlega opinbert fyrirtæki. Að sú skoðun sé ríkjandi í fjármálaheiminum utan Íslands, er alveg ljóst af símskeytum þeim, sem borizt hafa út af bankalokuninni, og síðar verður vikið að.

Þá vil ég næst minnast á **áhrif stöðvunar bankans á atvinnulífið.**

Heyrzt hefir, að einstöku menn ímyndi sér, að stöðvun bankans muni ekki valda miklum erfiðleikum fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, af því að bankinn hafi svo lítið laust starfsfé. Það litla, sem hann hafi, fái hann aðallega frá Landsbankanum; þetta geti Landsbankinn alveg eins lánað beint út frá sér, og þá muni atvinnulífið geta gengið svipað og áður.

En þetta er því miður herfilegasti misskilningur, alveg öfug hugsun. Ef Íslandsbanki ætti allt það fé, sem honum hefir verið trúað fyrir, **laust** sem kallað er, þ. e. ekki fast í innlendum fyrirtækjum, þá gæti hugsazt, að stöðvun bankans þyrfti ekki að lama atvinnulífið. En einmitt af því að fé bankans er **fast**, þ. e. stendur í útlánum til íslenzkra atvinnurekenda, þá hlýtur stöðvun bankans að valda stórkostlegu tjóni. Frv. fer fram á að taka bankann til skiptameðferðar, og það er sama sem að **innheimta útlán hans** og skila fénu til skuldheimtumanna bankans. Það er heimtað af atvinnuvegum landsins, að þeir á tiltölulega skömmum tíma standi skil á öllu því lánsfé frá Íslandsbanka, sem nú stendur fast í þeim. Það er vert að athuga, hve miklar upphæðir þetta eru, og hvað verður af fénu,

ef skuldunautar bankans geta staðið skil á því.

Útlán Íslandsbanka hér innanlands voru í árslok 1928 um 32¼ millj. kr. Af þessu fé er sem næst ⅓ hluti, eða um 10 millj. ísl. kr., eign þriggja erlendra aðalskuldheimtumanna, sem eru ríkissjóður Danmerkur, Privatbanken í Khöfn og Hambrosbanki í London. Nálægt öðrum þriðja hluta, eða um 9—10 millj. kr., er eign tveggja innlendra aðalskuldheimtumanna, Landsbankans um 4—4½ millj. kr. og ríkissjóðs (af enska láninu) um 5½ millj. kr. Loks er síðasti þriðji hlutinn, um 10 millj. kr., eign almennings þess, sem skiptir við bankann og útibúin, þ. e. sparisjóðsfé, innlánsfé, innstæður á hlaupareikningum og innieignir á reikningslánum. Af þessum 10 millj. er sem stendur um 1 millj. eign erlendra banka (innieignir á hlaupareikningum þeirra). — Fyrir utan útlán sín á bankinn seðlatryggingu, verðbréf, fasteignir m. m. fyrir 6—7 millj. kr. eftir bankareikningunum, og nægja þessar eignir fyrir seðlaskuldinni og ýmsu smávegis, sem ekki er ástæða til að greina nánar í þessu sambandi.

Skiptin þýða þá fyrst og fremst það, að skuldunautar bankans verða að svara út yfir 30 millj. kr. á þeim tíma, er skiptin standa yfir, og væntanlega ætti þó ekki að vera nema 3—4 ár. Auðvitað getur þetta ekki gerzt nema á tvennan hátt: Annaðhvort verður að ganga að skuldunautunum og selja eignir þeirra (fasteignir, skip, verzlunarvörur o. s. frv.) til lúkningar skuldunum, eða þeir verða að fá **ný lán til þess að geta greitt skuldir** sínar til Íslandsbanka. **Í báðum tilfellum ber að skila þriðjungi upphæðarinnar til útlanda jafnharðan.** Yfirfærslur þessara upphæða leggjast á Landsbankann, í viðbót við allar venjulegar yfirfærslur, eða veltufé það, sem landsmenn hafa til umráða, minnkar í einni svipan um h. u. b. 10 millj. króna. Það er mjög mikil hætta á því, að þessi blóðtaka yrði Landsbankanum ofurefli, nema tekin yrðu ný erlend lán handa honum — en að því kem ég síðar.

Hinu þarf naumast að lýsa, hvílík gjaldþrot, stöðvun á heilbrigðum atvinnurekstri og atvinnuleysi fyrir starfsfólk og verkafólk leiðir þá af því, ef taka á eignir fyrir 30 millj. kr. og selja þær, jafnframt því sem eigendur þeirra verða sviptir öllu rekstrarfé meðan eigendaskipti eru að komast í kring. Enginn þarf að halda, að sú kreppa hitti þá eina, sem nú eru skuldunautar Íslandsbanka. Þegar önnur eins innheimta er á ferðinni, verður hver fyrst og fremst að ganga að sínum skuldunautum, og má óhætt fullyrða, að ekkert mannsbarn í landinu fer varhluta af þeim vandræðum — nema málaflutningsmennirnir. Það rennur upp ný gullöld fyrir þá. Verðhrun á eignum, atvinnuleysi, rýrnun ríkistekna og hverskonar fjárhagsböl, sem nafni tjáir að nefna, verður afleiðingin af starfi þeirrar „skilanefndar", sem eftir þessu frv. á að taka bú bankans til skiptameðferðar.

Af þeim ⅔ hlutum hins innheimta fjár, sem ekki á beinlínis að fara til útlanda, er hluti ríkissjóðs, 5½ millj. kr., samningsbundið erlent lán, sem einnig verður að standa skil á til útlanda smám saman. Af innstæðufénu innlenda, um 9 millj. kr., fer sjálfsagt eitthvað í Landsbankann, en hin almenna kreppa, sem skiptameðferð bankans orsakar, mun þó gera það að verkum, að talsvert af þessu fé tapast, sumt gengur til þurrðar hjá eigendunum vegna örðugleika þeirra, og einhverjum kann að þykja vissara að flytja til útlanda þær leifar, sem bjargast úr hruninu.

Þá skal ég næst víkja að því, hver áhrif stöðvun bankans muni hafa á **lánstraust landsins.**

Lánstraust íslenzku þjóðarinnar hefir fram að þessu staðið á völtum fótum, og veldur þar margt um. Hnattstaða landsins þykir óhagstæð, hér er talin hætta á skemmdum af eldgosum og jarðskjálftum, og útlendingar telja þá hættu miklu meiri en hún í raun og veru er, því að símað er út um allan heim hvenær sem slíkt kemur fyrir, venjulega ýkt í fyrstu, en þess eigi gætt, að skemmdir koma sjaldan fyrir í byggð, og þá eigi stórfelldar. Þá er og alkunnugt, að hér hefir fram að þessu búið sárfátæk þjóð. Ástæðurnar geta verið fleiri, en til sönnunar þeirri staðhæfingu, að lánstraustið standi á völtum fótum, þarf ég ekki annað en

minna á, hvernig ástatt var, þegar stjórnarskiptin urðu í marz 1924. Þá var nýbúið að semja um lán handa Landsbankanum í London, 200 þús. sterl.pund. Það gekk erfiðlega að fá þetta lán, og það fékkst einungis gegn ákveðnum loforðum þáverandi forsrh. (SE) um, að **ekki skyldi verða beðið um meiri lán handa Íslandi á næstunni.** Næstu árin batnaði lánstraustið, af því að hinar óvenjumiklu afborganir af ríkisskuldum 1924 og 1925 vöktu talsverða athygli í fjármálaheiminum, þóttu bera vott um, að við bæði vildum standa í skilum og gætum það.

Sýnilegur vottur hins aukna trausts var það, að þar sem hið enska lán Landsbankans frá ársbyrjun 1924 var með 6½% vöxtum og 6% afföllum auk nokkurs kostnaðar, eða útborgun lítið ofan við 90%, þá fengust lán þau, sem tekin voru til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans árin 1926 og 1927, mestöll með vöxtum 5% og útborgun 93 til 90,75%.

Það er auðvelt að glata þessu lánstrausti aftur. Ég benti á hættuna fyrir lánstraust landsins, sem stafa mundi af stöðvun Íslandsbanka, þegar í byrjun næturfundarins í sameinuðu þingi aðfaranóttina 3. febr. Einar Árnason fjármálaráðherra reis þá upp til að lýsa því, að hann væri mér svo gersamlega ósammála um þetta, að hann áliti þvert á móti, að álit okkar út á við styrktist við þessa ráðstöfun. Ég verð að athuga þessa hlið málsins sérstaklega.

Þótt Íslandsbanki, eftir öllum upplýsingum, sem enn liggja fyrir, eigi fyrir skuldum, ef hann fær að lifa og halda áfram starfrækslu sinni, þá má telja víst, að tap verði undir þrotabússkiptum þeim, sem frv. fer fram á. Allir erlendu skuldheimtumennirnir munu bíða tjón við þetta, ríkissjóður Dana og bankar þeir, sem hér eiga samtals 1 millj. kr. á hlaupareikningi, tiltölulega mest, þar næst einnig Hambrosbanki og Privatbanken. Þetta verður í fyrsta skipti, sem útlendingar (ríki og bankar) bíða tjón af viðskiptum við opinbera íslenzka stofnun. Og ekki mun það auka traustið á okkur út á við, að hinir tveir innlendu aðalskuldheimtumenn, ríkisstjórnin og Landsbankinn, hafa notað vald sitt yfir bankanum og aðstöðu sína til þess að tryggja sínar kröfur að fullu með handveðum, svo að þeir taka engan þátt í tapi bankans, þótt hann verði tekinn til skiptameðferðar. Slík aðferð mun tæpast verða álitin heiðarleg meðal fjármálamanna.

Sannanir fyrir því, að stöðvun bankans muni stórspilla lánstrausti landsins og innlendra stofnana eru því miður komnar fram.

Sejersted Bödtker bankaráðsmaður í Oslo, einn af velmetnustu fjármálamönnum í Noregi og umboðsmaður Hambrosbanka þar í landi, símar 3. febr. þannig til stjórnar Íslandsbanka:

„Bankens indstillning vil anrette **ubotelig skade** for Islands kredit her. Dette er mit alvorlige indtryk efter at ha konfereret med ledende banker her".

Á íslenzku: „Stöðvun bankans mun valda **óbætanlegu tjóni** fyrir lánstraust Íslands hér. Þetta er alvarleg skoðun mín eftir að ég hefi borið mig saman við forystubankana hér".

Charles Hambro, annar forstjóri Hambrosbanka í London, símar Eggert Claessen bankastjóra s. d. (½): „Wish to impress **the serious effect to countrys credit** here if your bank with 3 nominees of government on board failed especially in a year so important to Iceland".

Á íslenzku: „Ég vil leggja áherslu á **hinar alvarlegu afleiðingar fyrir lánstraust landsins hér**, ef banki yðar, með 3 stjórnskipuðum bankaráðsmönnum, fer yfir um, sérstaklega á ári, sem er svo þýðingarmikið fyrir Ísland".

Sir Eric Hambro, eldri forstjóri Hambrosbanka, í röð fremstu fjármálamanna í London og herraður af Englandskonungi fyrir aðstoð brezku stjórninni til handa í fjármálum, símar **forsætisráðherranum** okkar 4. febr. þannig:

„Situation Islandsbanki very seriously regarded London and elsewhere **owing to constitution of its board. Credit of government and all icelandic institutions are affected. Do most strongly urge you in interest countrys credit** to take strong measures immediately reopen bank and reassure foreign creditors. If we can be of assistance in granting credit under government garantee .... in order keep bank open pending reorganisation please wire giving all details".

Á íslenzku: „Í London og annarsstaðar þykir mjög ískyggilegt, hvernig komið er með Íslandsbanka, vegna þess hvernig fulltrúaráð hans er skipað. Þetta hefir áhrif á lánstraust ríkisstjórnarinnar og allra íslenzkra stofnana. Ég legg sem fastast að yður vegna lánstrausts landsins að gera öflugar ráðstafanir til þess að opna bankann aftur tafarlaust og gera hina erlendu skuldheimtumenn rólega. Ef vér getum verið til aðstoðar með því að veita lán gegn stjórnarábyrgð .... til þess að halda bankanum opnum meðan endurskipun hans stendur yfir, þá gerið svo vel að síma oss og gefa nánar upplýsingar".

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn símar til forsætisráðherra 4. febr. m. a.:

„Annars rökstutt álit mitt fullnaðarlokun bankans mundi valda stórtjóni lánstrausti Íslands hér (og í) öðrum löndum".

Charles Hambro símar aftur 5. febr. til Eggerts Claessens bankastjóra:

„Our anxiety which we again express is that delay reopening bank may do irreparable harm to icelandic credit".

Á íslenzku: „Vér viljum aftur láta í ljós, að það, sem vér óttumst, er, að frestun á opnun bankans kunni að valda óbætanlegum skaða fyrir lánstraust Íslands.

Loks er mér kunnugt um, að Charles Hambro hefir símað til Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra við Landsbankann þess efnis, að í öllum fjármálamiðstöðvum Norðurálfunnar (centres) sé Íslandsbanki álitinn opinber stofnun, og að hrun hans muni hættulegt fyrir lánstraust Íslands og íslenzkra stofnana. Skeyti þetta get ég því miður ekki birt orðrétt að svo stöddu, og er þó sjálfsagt, að það komi fram.

Til frekari skýringar á þessum skeytum þarf ég svo einungis að geta þess, að Hambrosbanki í London er sérstaklega banki fyrir viðskiptin milli hins brezka fjármálaheims og Norðurlanda, þar á meðal Íslands. Engar lánveitingar fást frá Bretlandi til Norðurlanda, ef þessi banki setur sig á móti. Bankastjórarnir Sir Eric og Charles Hambro hafa alveg lyklaráðin að brezkum lánveitingum til Norðurlanda, og með þeirri nánu samvinnu, sem er á milli hins brezka og hins ameríska fjármagns, má reiða sig á, að þeir hafa einnig lyklavöldin að hinu síðastnefnda. Þessir menn hafa verið Íslandi sérstaklega velviljaðir, og þeim er það manna mest að þakka, að bein viðskipti milli bankanna hér og banka í London hafa gengið greiðlega hin síðari árin.

En hvað þýðir nú þetta tjón fyrir lánstraust Íslands, sem auðsjáanlega og eftir öllum þessum óvenjulega ákveðnu viðvörunarskeytum leiðir af fullnaðarlokun Íslandsbanka? Það getur þýtt tvennt: Annaðhvort, að traustið bili svo algerlega, að vér getum ekki fengið nauðsynleg lán, eða þá, að lán fást einungis gegn hækkuðum vöxtum og óvenjulegum tryggingum.

Ef lánstraustsspjöllin ganga svo langt, að ríkið og ríkisstofnanir geta eigi fengið lán erlendis, þá verður afleiðingin sú, að Landsbankinn fer sömu leiðina á eftir Íslandsbanka. Fjármálaráðherra leggur nú til að slátra Íslandsbanka eftir nærfellt þriggja ára óslitið góðæri. Nú er árferði atvinnuveganna hér á landi óvenjulega misjafnt. — Það má fullyrða, að Landsbankinn stenzt hvorki nú eða í náinni framtíð tveggja til þriggja ára örðugt árferði án þess að fá lán erlendis. Fáist það ekki, þá brestur geta hans til að halda gjaldeyri landsins í verði, krónan hrapar, hvort sem búið er að verðfesta hana með lögum eða ekki. Afleiðingarnar af slíku hruni vil ég ekki uppmála; þær eru svo hræðilegar.

En nái lánstraustsspjöllin ekki svona langt, heldur verði farið með okkur líkt og önnur ríki, sem lent hafa í vanskilum, en eru þó talin eiga sér viðreisnarvon, þá er að líta á þau fordæmin. Eitt þeirra ríkja í Norðurálfunni, sem þannig hefir farið fyrir, er Grikkland. Um sama leyti sem verið var að taka lánin til kaupa á veðdeildarbréfum 1927, fyrir nafnvexti 5% og raunverulega vexti liðlega 6%, var verið að taka lán í Englandi handa ríkisfasteignabanka Grikklands, fyrir raunverulega vexti kringum 10% og gegn sérstökum tryggingum. En þegar þessi vanskilaríki þurfa að fá lán handa ríkissjóðum sínum sjálfum, þá er heimtað veð í tilteknum tekjustofnum, og settur að-

ur eða menn af hendi lánveitenda á ríkisins kostnað til eftirlits með fjármálum þeirra, og þá eru þau ekki lengur frjáls um skattalöggjöf sína eða útgjöld samkv. fjárlögum.

Því hefir verið hreyft, að komast mætti hjá þessu tjóni með því að ríkissjóður tæki að sér að greiða skuldir bankans til útlanda. Þessi leið, að drepa bankann fyrst og láta svo ríkissjóð borga erlendar skuldir hans, er alveg ófær. Í fyrsta lagi væru þetta útlát fyrir ríkissjóð, sennilega upp á nokkrar millj. Í öðru lagi mundi engin þingræðisstjórn treysta sér til að láta ca. 10 þús. innlenda innstæðueigendur tapa af innstæðufé sínu, og bæta því þar á ofan að láta þessa skattborgara taka á sig byrðar til að greiða útlendingunum að fullu. Og í þriðja lagi mundi þetta aldrei hafast í gegnum þingið fyrr en löngu eftir að lánstraustsspjöllin þættu orðin óbærileg, og þá mundi það ekki koma að notum til þess að bjarga heiðri vorum og trausti í framtíðinni. Við stæðum þá einungis eins og sá vanskilamaður, sem sýnt hefir fullan vilja á sviksemi, þótt greiðsla hafi kúgazt úr honum að lokum. Með slíkum skilum endurreisa menn ekki fallna tiltrú.

Stöðvun bankans leiðir út í ógöngur, frá hvaða hlið sem litið er á málið. Það verður að snúa til baka og bjarga bankanum, og þetta er unnt að gera án þess að nokkur þurfi að tapa neinum eyri, aðrir en hinir gömlu hluthafar, sem sjálfsagt hafa þegar tapað miklu af hlutafé sínu, hvernig sem fer — um það er ég sannfærður.

Ég skal reyna að vera stuttorður um **aðdragandann að núverandi fjárþröng bankans**, sem lokuninni olli, því að ýmislegt úr þeirri sögu hefir áður verið sagt.

Íslandsbanki hefir tvisvar áður komizt í kreppu. Fyrst árin 1920—21, og var ráðið fram úr því með lögunum um hlutafjáraukann frá 31. maí 1921, sem því miður voru ekki framkvæmd eins og helzt var til ætlazt, og komu bankanum því ekki að nægilegum notum. Það var bein afleiðing af ástandi bankans þá, og löggjöfinni, sem sett var um hann, að hann þurfti að draga sig saman, minnka útlán sín smám saman. Bankareikningarnir sýna, hvernig þetta hefir tekizt. Eiginleg útlán bankans og útibúanna voru:

31. des.	1921	42.9 millj. kr.
— —	1925	39.8 — —
— —	1926	37.1 — —
— —	1927	33.3 — —
— —	1928	32.2 — —

Það er auðséð, að bankinn hefir verið á réttri leið hvað þetta snertir, og mun lækkun útlánanna stafa jöfnum höndum af því, að arði bankans hefir verið varið til afskrifunar á ófáanlegum lánum, og af því, að dregið hefir verið inn af tryggum lánum.

Á árunum 1926 og 1927, aðallega fyrra árinu, varð bankinn fyrir því óláni, að vegna ógætilegs umtals og óróa minnkaði innlánsfé og hlaupareikningsinnstæður um 7 millj. kr. Árið 1928 hækkaði þetta aftur um 1 millj. kr. Út af þeirri kreppu, sem þetta bakaði bankanum, fékk hann snemma á árinu 1927 1 millj. kr. að láni frá Landsbankanum af hinu svonefnda dollaraláni, reikningsláni, sem Landsbankinn tók í New York snemma árs 1927. Sem trygging fyrir þessu láni fékk Landsbankinn víxil, sem nefndur hefir verið dollaravíxillinn, frá Íslandsbanka, og sem handveð fyrir honum víxla frá viðskiptamönnum Íslandsbanka. Ennfremur hafði bankinn fengið víxiltryggt hlaupareikningslán, að hámarki 3 millj. 365 þús. kr., hjá Landsbankanum á árunum 1922—'25, aðallega vegna inndrátt ar á 3 millj. kr. af seðlaveltunni.

Það hefir verið borið fram til stuðnings niðurlagningu Íslandsbanka nú, að hann hafi tvisvar komizt í kröggur áður. Þetta er nú ekkert einsdæmi. Landsbankinn hefir komizt jafnoft í kröggur og þurft jafnoft á ríkishjálp að halda áður en honum með landsbankalögunum 1928 var veitt fullkomin ríkisábyrgð. Það eru auðvitað skakkaföll atvinnuveganna, sem speglast í kröggum bankanna.

Síðustu árin hefir Íslandsbanki haft sem svarar h. u. b. ⅔ af hinni eiginlegu útlánafúlgu frá 5 aðallánveitendum: Tiltölulega eða alveg föst afborgunarlán frá ríkissjóði Íslands, ríkissjóði Danmerkur og Privatbanken, og hlaupareikningslán að miklu leyti eða hreyfanleg rekstrarlán frá Landsbankanum og

Hambrosbanka. Þrjú föstu lánin og afborganir af þeim hafa verið frá árslokum 1926 til ársloka 1929:

Ríkissjóður Íslands (enska lánið):
Árslok 1926 ..... ísl. kr. 5.866.502.77
— 1929 ..... — — 5.567.985.68

Mismunur, afborgun kr. 298.517.09

Ríkissjóður Danmerkur (póstféð):
Árslok 1926 ..... d. kr. 4.565.024.70
— 1929 ..... — 3.900.000.00

Mismunur, afborgun kr. 665.024.70

Privatbanken:
Árslok 1926 ..... d. kr. 3.033.009.09
— 1929 ..... — 2.320.805.88

Mismunur, afborgun kr. 712.203.21

Um viðskiptalánin er það að segja, að hámark reikningslána hjá Hambrosbanka hefir eigi lækkað. Samningarnir um þau munu hafa verið þannig, að það skyldi borgast upp einu sinni á hverju ári, einhverntíma á tímabilinu frá 1. apríl til 1. apríl, en má svo fara upp í umsamið hámark aftur.

Um lán Landsbankans er það að segja, að á síðastl. ári krafðist Landsbankinn greiðslu á dollaravíxlinum svonefnda (1 millj. kr.). Hann fékk helminginn (500 þús. kr.) greiddan, en samþykkti síðustu dagana í janúar að framlengja hinn helminginn. En þess utan notaði Landsbankinn aðstöðu þá, er seðlainndráttur Íslandsbanka, 31. okt., veitti honum, til þess að færa niður eldri viðskiptaskuld og hlaupareikningsskuld, sem Íslandsbanki var í, um 625 þús. kr. Þegar ég segi þetta, gef ég þá skýringu á þessu atriði, sem Landsbankastjórnin heldur fram. Ég ætla ekki að fara út í það hér, hvort Landsbankinn hefir haft löglega aðstöðu um þessar 625 þús. kr., sem Íslandsbanki fór fram á við Landsbankann, að hann léti sig fá. Þar heldur hver fram sínum skilningi. En landsbankastjórnin álítur, að þetta eigi að nota til þess að lækka eldri hlaupareikningsskuldir um 625 þús. kr., sem Íslandsbanki dró inn af seðlum umfram seðlatryggingu.

Það er þá svo, að í viðskiptunum við Landsbankann hefir hámarkið lækkað á árinu um 1 millj. 125 þús. kr. Þó skal ekki sagt nema önnur smávægileg viðskipti bankanna haggi þessari tölu ofurlítið.

Það hefir verið bent á þennan skuldainndrátt Landsbankans sem eina af ástæðunum, ef ekki aðalástæðuna, til þess að Íslandsbanki lenti í þeirri sjóðþröng nú um síðustu áramót, sem leiddi til lokunar hans. Ég ætla engan dóm að leggja á þetta. Það getur hafa verið af öðrum ástæðum. Þetta er hvorki upplýst eða rannsakað. Hugsanlegt er, en ekki upplýst, að bankastjórar Íslandsbanka hafi verið ríflegri á útlán en kringumstæður bankans leyfðu, án þess ég sé að gefa það í skyn, að þeir hafi veitt ótrygg lán. Um slíkt er ekkert upplýst, nema þau mistök, sem viðurkennt er, að hafi átt sér stað á síðastl. árum við útibúið á Seyðisfirði. Ég vil engan dóm leggja á þessa hlið málsins. Hún er ekki nægilega upplýst ennþá.

Eins og kunnugt er, bar lokun bankans þannig að, að mánudaginn 3. febr. treysti bankastjórnin sér ekki til þess að opna bankann, vegna þess, að sjóðurinn var þá því nær tómur, en nokkur ástæða til að óttast, að gerðar myndu verða venju fremur kröfur um útborganir, ef bankinn yrði opnaður.

Bankastjórarnir auglýstu því, upp á sitt eindæmi, að bankinn væri lokaður þann dag. Var svo haldinn bankaráðsfundur þann dag um það, hvort loka skyldi til fulls. En framkvæmdarstjórnin þóttist ekki hafa vald til þess. Fullnaðarlokun var ekki ákveðin, heldur samþ. bankaráðið einungis, að það gæti ekki ætlazt til þess, að bankastj. opnaði bankann aftur, nema hún fengi tryggingu fyrir því, að starfsemi bankans yrði haldið áfram óhindrað. Við þetta stendur ennþá af hálfu stjórnarvalda bankans. En það hafði þá sólarhring áður verið hafinn undirbúningur að því verki, sem sjálfsagt þótti að reyna að koma í kring, sem sé endurreisn bankans. Undirbúningur þessi byrjaði með því, að formaður bankaráðsins gekkst fyrir því að fá æfðan mann ásamt bankaeftirlitsmanninum til þess að skoða hag bankans. Þessi maður var Pétur Magnússon bankastjóri og hæstaréttarmálaflm. Hann áskildi sér, áður en hann gekk til starfsins, að það yrði leyfður til þess sá tími, sem hann teldi sig

þurfa, og tók verkið að sér með því skilyrði. En það fór nú svo, að þessir menn skiluðu áliti eftir sólarhrings vinnu í bankanum, og hafa gert þá grein fyrir því, að þeir hafi getað komizt yfir það nauðsynlegasta á þessu tímabili, með því að styðjast við eldri skoðanir á bankanum og þau skjöl, sem fyrir lágu frá þeim, svo og við skoðun, sem nýlega hefir farið fram á útibúunum, sérstaklega á Seyðisfirði.

Að afloknu þessu verki gáfu þeir yfirlýsingu, sem ég leyfi mér að lesa upp í afriti:

„Samkvæmt tilmælum forsætisráðherra og bankastjórnar Íslandsbanka höfum við undirritaðir undanfarinn sólarhring athugað, svo sem föng voru á, viðskipti og skuldatryggingar allra meiriháttar viðskiptamanna við aðalsetur Íslandsbanka, með hliðsjón af rannsókn meðundirritaðs bankaeftirlitsmanns frá árinu 1926. Eftir þessa athugun á viðskiptum aðalbankans og samkv. upplýsingum bankastjórnar og því, sem að öðru leyti liggur fyrir um útibú bankans, þar á meðal skoðunargerð setts bankaeftirlitsmanns á útibúinu á Seyðisfirði frá síðastl. hausti, virðist okkur, að muni láta mjög nærri því, að bankinn eigi fyrir öllum skuldum að frátöldu hlutafé. Er þetta álit miðað við það, að bankinn geti haldið áfram störfum sínum á eðlilegan hátt.

Reykjavík, 2. febrúar 1930.

Jakob Möller. Pétur Magnússon".

Ég þarf ekki að skýra frá því, sem gert hefir verið hér á þingi í þessu máli. Hæstv. fjmrh. lét þegar daginn áður en bankanum var lokað byrja á samningu frv. þess, sem nú liggur hér fyrir, og bar það svo undir þingflokkana um miðjan dag á mánudag 3. febrúar, fyrsta daginn, sem bankinn var lokaður. Úr annari átt hafði komið fram áður uppástunga, sem ekki náði samþ. Nd. og ég þarf ekki að fara frekar út í. En eftir að það þótti sýnt, að þær till. til viðreisnar bankanum, sem bornar hafa verið fram hér á þingi, mundu ekki ná framgangi, þá þóttist bankaráðið — eða fulltrúaráðið, sem það heitir — ekki geta annað gert heldur en reyna að taka í sínar hendur forgöngu að því að mynda einhvern grundvöll fyrir endurreisn bankans, sem von væri, að samkomulag næðist um. Sendiherra okkar í Kaupmannahöfn hafði ótilkvaddur — að því er ég bezt veit — einn af fyrstu dögunum eftir að bankanum var lokað hreyft því í símskeyti til hæstv. forsrh., mjög varlega og án allra skuldbindinga, hvort ekki væri hugsanlegt að endurreisa bankann á tilteknum grundvelli, sem hann þar gerði mjög lauslega grein fyrir. Út af þessu samþ. svo bankaráðið á fundi 10. þ. m. till. á þessa leið:

„Bankaráðið samþykkir að gera tilraun til endurreisnar bankanum á þeim grundvelli, að leitað sé til hinna erlendu aðalskuldheimtumanna um stuðning til endurreisnarinnar, þar á meðal sérstaklega til Hambrosbanka og Privatbankans um framlög á forgangshlutafé. Jafnframt sé leitað til ríkisstjórnarinnar og Alþingis um nauðsynlega þátttöku í endurreisninni, þar á meðal um framlag forgangshlutafjár og útvegun nauðsynlegs rekstrarfjár einnig og að öðru leyti.

Jafnframt ber bankaráðið fram þau tilmæli til forsætisráðherra, að hann leyfi Sveini Björnssyni sendiherra að veita aðstoð sína sem milligöngumaður milli bankaráðsins og hinna erlendu aðalskuldheimtumanna".—Þetta leyfði hæstv. forsrh. mjög greiðlega og góðfúslega, og það voru kosnir tveir menn úr bankaráðinu til þess fyrir bankaráðsins hönd að vera í fyrirsvari um þessa málaleitun. Þessar umleitanir gengu fyrst og fremst út á það, að útvega bankanum forgangshlutafé. Og ég get að svo stöddu ekki sagt annað eða meira en það, að það eru fremur góðar horfur á því, bæði utanlands og innanlands, að þetta muni takast. Það er ekki ennþá komið svo langt, að hægt sé að bera neinn samkomulagsgrundvöll í frv.formi fram í þinginu, en ég fyrir mitt leyti hefi fasta von um, að ekki líði á löngu áður en það verði unnt. Hinsvegar hefir nú hæstv. fjmrh., eins og kunnugt er, í gær látið byrja nýja skoðun á bankanum, af þremur mönnum, sem hann hefir til þess nefnt og ætlazt er til, að hafi rýmri tíma heldur en þeir menn, sem framkvæmdu skoðunina í byrjun febrúarmánaðar. Mér finnst ekki vera á nokkurn hátt nauðsynlegt — og ekki heldur forsvaranlegt af þinginu — að afgreiða lög eins og frv. það, sem hér

liggur fyrir, um skiptameðferð á bankanum, meðan þessar umleitanir standa yfir og meðan enn er frekar góð von um, að þær muni bera árangur. Enda hefir bankaráðið, eins og ég gat um í gær, á þessum sama fundi sínum 10. febr. beint þeirri ósk til Alþingis, að það afgr. ekki endanlega frv. til laga um skiptameðferð bankans, meðan þessi rannsókn stendur yfir, sem nú er hafin. Og þótt það standi ekki í till., þá er það þó svo, að bankaráðið hafði einnig í huga þær umleitanir um framlög til endurreisnar bankans, sem það hefir til meðferðar.

Ég álít nú, að eftir því sem þessu máli er komið, væri því bezt stýrt með því, að frv. yrði vísað til n. hér í hv. deild. Sú nefnd gæti, þegar tímabært þætti, borið sig saman bæði við þá menn, sem nú eru að framkvæma skoðun á bankanum, og sömuleiðis við bankaráðið, að því er snertir þessar umleitanir um fjárframlög til viðreisnar bankanum, sem það hefir á hendi. Það mun — eftir því sem ég hefi heyrt — vera tilætlun hæstv. stj. hvort sem er að nota þá heimild, sem í frv. felst, til þess að láta skiptameðferð ekki byrja fyrr en 1. marz, eða a. m. k. ekki fyrr en skoðun er lokið, og þá væntanlega ekki heldur fyrr en séð er, hvort sómasamleg framlög fást til viðreisnar bankans, eftir að skoðunin er komin í ljós. Og ef það er svo, að hæstv. stj. hugsar sér ekki að byrja þessi skipti fyrr en 1. marz, þá finnst mér ekki rétt að láta þetta frv. verða að lögum fyrr en til þess þarf að taka að nota það. Því að það er æðierfitt og umstangsmikið og þarf ákaflega gott samkomulag til þess að unnt verði svo aftur allra síðustu dagana í þessum mánuði að koma nýrri löggjöf í gegnum allt þingið, til þess að fella úr gildi ráðstafanir þessa frv., ef tekst að fá samtök um að endurreisa bankann.

Ég leyfi mér því að gera að till. minni, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og nefndar. Sérstök n. var kosin í því í Nd. Ég legg enga áherzlu á, hvort það verður gert hér eða því vísað til þeirrar n., sem málið samkv. þingsköpum heyrir undir, sem er fjhn.

Jón Baldvinsson: Þessi dráttur, sem orðið hefir á því að komast að nokkurri niðurstöðu um þetta Íslandsbankamál, hefir þegar valdið tjóni miklu og truflun í atvinnulífi. Það er ekki efamál, að við hefðum ekki þurft að grípa til þeirra ráða, sem gert var í gær, að samþ. mál við 6 umr. á fáum klukkutímum, ef það hefði verið búið að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir. En það tjáir ekki að tala um það. Það er komið, sem komið er, og því er að ræða málið eins og það liggur fyrir.

Hv. 3. landsk. hefir rakið hér nokkuð fyrstu starfsemi Íslandsbanka og síðan sögu þeirrar kreppu, sem bankinn komst í laust eftir 1921. Það munu víst allir sammála um það nú orðið, að það var margt misráðið af þeim mönnum, sem hleyptu Íslandsbanka inn í landið með þeim fríðindum, sem bankanum voru í upphafi veitt. Meðal annars er það, að veita honum þau réttindi að bera heiti landsins í nafni sínu. Sömuleiðis að veita honum þann opinbera styrk — stimpil, sem ýmsir kalla nú — að hafa þingkosna bankaráðsmenn og forsætisráðherra sjálfan sem formann bankaráðs. Þessi mistök hafa sjálfsagt stafað frá því í upphafi, að ófróðir menn um slíkt fyrirkomulag hafa fjallað um málið frá landsins hálfu, en hinsvegar slungnir gyðingar, sem að stofnun bankans stóðu, sem vildu reyna að flækja þingið og ríkisvaldið sem mest við bankann, til þess að vera heldur tryggari, ef illa færi. En með þessu er þó ekki allt upp talið hvað löggjöfina snerti. Það átti líka að leggja niður Landsbank., sem ekki varð af. Það voru líka ýmsum helztu embættismönnum í landinu í upphafi svo að segja gefnar „aktíur“ í Íslandsbanka, til þess að tryggja það, að hann hefði alltaf örugga menn í landinu, sem veittu honum þann stuðning, sem hann þurfti á að halda. Þetta voru ráðin til að tryggja margvísleg fríðindi til handa Íslandsbanka. Í upphafi var ætlazt til þess, að bankinn mætti ekki taka við sparisjóðsfé. En völdin, sem hann hafði tryggt sér með gjafa-„aktíum“ og yfirráðum Alþingis og forsætisráðherra í fararbroddi, þau gerðu það að verkum, að brátt fékk bankinn heimild til þess að taka á móti innlánsfé. Og einmitt þetta er eitt af því, sem nú veldur örðugleikum.

Sem sagt, það hefir verið mikið mein, hvað þessi bankastofnun hefir haft mikil völd hjá ríkisstj., — hvað bankinn gat látið þingið hlaupa fyrir sig hvenær sem hann benti því. Hann var eftirlætisbarn hjá stj. og ráðandi meiri hl. þingsins allt fram til 1920. Aldrei var svo gerð visbending frá Íslandsbanka, að ekki væri stj. og þing sett í hreyfingu til þess að uppfylla óskir hans.

Það var ekki fyrr en menn vöknuðu við þann vonda draum eftir stríðsárin, að Íslandsbanki hefði hleypt sér langtum lengra en góðu hófi gegndi, komið sjálfum sér í klípu og stórspillt lánstrausti landsins, að menn sáu, að hann hafði haft allt of mikil völd og tök á ráðandi mönnum þjóðfélagsins. En þessi tök hefir hann ekki misst ennþá, eins og komið hefir fram í þessu máli og mun kannske síðar sjást.

Þegar nú svo var komið, að bankinn hafði komið sjálfum sér út í ógöngur og unnið landinu skaða, þá er hiklaust hlaupið undir bagga með því að taka hið mesta ókjaralán, sem nokkurn tíma hefir verið tekið hér á landi, enska lánið 1921. Vextir af því láni voru nær 10%, ég hygg nákvæmlega útreiknað 9,88%. Ráðherrann, sem fór með völd, hv. 1. þm. Skagf., barðist á móti því á þingi 1921, að taka nokkurt lán. En þegar Íslandsbankaklíkan bærði á sér, þá varð hann fús að taka þetta óhentuga lán, sem þurfti að veðsetja tolltekjur landsins fyrir. Þetta lán hefir æ síðan spillt lánstrausti landsins út á við. Hvert sinn sem menn hafa komið út fyrir landsins hönd til þess að fá lán, hafa menn bent á vaxtakjörin og veðsetninguna frá 1921. Borgarstjóri Reykjavíkur fór út til að fá lán fyrir bæinn á síðasta ári, og skýrði frá því, að mesta fyrirstaðan fyrir heppilegum lánakjörum hafi verið ríkislánið frá 1921. Margir aðrir hafa sömu sögu að segja.

Kreppa Íslandsbanka hefir í raun og veru staðið frá 1921. Á þessum árum hefir bankanum stöðugt hrakað. Þótt því þetta frv. verði samþ., þá er það ekki annað en afleiðing af því, sem gerzt hefir á undanförnum tíu árum. Hv. 3. landsk. lýsti þessu réttilega þegar hann sagði frá því, hvernig viðskipti bankans hefðu verið dregin saman á undanförnum árum.

Á þingi 1922 voru samþ. lög, sem heimiluðu ríkisstj. að leggja fram hlutafé í bankann, því að þá var mönnum ljóst, að bankann vantaði eigið fé, ef hann ætti að geta haldið áfram, en ekki dragast saman. Síðan hafa orðið stjórnarskipti, en hvorki framsóknarstj. né íhaldsstj. hafa talið sér fært að leggja fram hlutafé í Íslandsbanka. Þessi lög um hlutafjárauka voru enn í gildi, þegar hv. 3. landsk. var fjmrh. Þá voru ágæt ár og peningaráð mikil; og hann vildi láta skína í það, að lánstraust landsins hefði þá verið mjög endurvakið undir sinni fjármálastjórn. Hann hafði heimildina, en hann treysti sér ekki til þess að leggja fram féð til bankans.

Það verða nú sjálfsagt nokkur traustsspjöll við lokun Íslandsbanka. En það, sem við eigum að meta í þessu máli, er það, hvort lánstrausstsspjöllin verða meiri við það að taka ótakmarkaða ábyrgð á bankanum eða við að gera hann upp. Fyrir lánstraust landsins í náinni framtíð — og lengra fram — er það að sjálfsögðu slæmt, ef ákveðið er að taka ábyrgð á skuldbindingum banka með yfir 35 millj. króna veltu. Ef búið er að ákveða að taka ábyrgð á sparifénu og talað er um sem sjálfsagðan hlut að ábyrgjast erlendar skuldir, þá eru komnar um 20 millj. kr. Og þá er sjálfgert að taka ábyrgð á þeim 10 millj., sem eru hjá Landsbankanum og hjá ríkissjóði. Þótt þessar ábyrgðir verði teknar svona inn í smáskömmtum, þá kemur allt í sama stað niður að lokum. Þá verður að taka sérstaka ábyrgð á seðlunum, eins og gert er ráð fyrir í frv. stj., og eru þá flest kurl komin til grafar.

Ef þetta mundi ekki geta spillt lánstrausti landsins, að við bindum okkur þennan bagga, sem við áreiðanlega verðum að bera mjög mörg ár, þá veit ég ekki, hvað mun geta spillt því. Við sjáum, að bankahrun hafa átt sér stað annarsstaðar, t. d. í nágrannalöndunum. Í Noregi fór forsætisráðherrann bak við þingflokkana til þess að bjarga banka frá að loka. Í þá ráðstöfun fóru milli 20 og 30 millj. króna. Einu ári seinna verður þessi banki að loka. Og það var aðeins fyrir harðfengi íhaldsblaðanna og flokks þessa manns, að hann var ekki dreginn

fyrir lög og dóm. Flokkurinn varði hann sem mögulegt var. Þegar þetta mál var til umr. í Noregi og annarsstaðar, fannst mönnum alveg skökk leið farin og lánstrausti landsins spillt með því að leggja fram peninga í banka, sem engin vissa var fyrir, hvort væri lífvænlegur eða ekki.

Það hefir oftast verið svo, að bankar reynast verr við reikningsskil heldur en mat hefir bent til. Nægir í því efni að vísa til þess, hvernig Landmandsbanken reyndist þegar farið var að gera hann upp. Í fyrstu var tap hans áætlað nokkrir tugir millj., en reyndist mörg hundruð. Það er því ærin áhætta fyrir þetta ríki að ætla sér, að lítt rannsökuðu máli, að ganga í ótakmarkaða ábyrgð fyrir banka, sem á ekki lengri tíma en síðan 1921 hefir tapað minnst 17 millj. kr. Á því má ljóslega sjá, hversu hrap bankans hefir verið geysilegt, jafnvel nú á síðustu árunum, sem hafa verið veltiár til lands og sjávar. Að þingið hefir ekki reynzt ginkeypt fyrir allsherjarábyrgð eða geysistórum fjárframlögum til Íslandsbanka, er því sízt að furða. Hitt er ofurskiljanlegt, að erlendir fjármálamenn segi, að lánstraust landsins sé í veði, ef þeir fái ekki greitt það, sem þeir eiga hjá bankanum. Mig furðar ekki á því, þótt Hambro, sem á kannske hálfa millj. hjá Íslandsbanka, og Bödtker, sem er umboðsmaður margra skuldheimtumanna bankans, vilji báðir reyna að koma þeirri trú inn hjá Alþingi, að í rauninni sé lánstraustið í voða. Við verðum að líta á hvatir þær, sem liggja að baki þessum skeytum. Við verður því að taka slíkum orðsendingum með hæfilegri varúð. Vitanlega er lánstrausti landsins hnekkt að einhverju leyti með lokun Íslandsbanka, en þar með er alls ekki sagt, að við værum nokkru bættari, þótt við færum að demba yfir okkur ábyrgð, sem við ekki getum séð út yfir, hversu stór er, né hvort við erum menn til að bera hana.

Hv. 3. landsk. reyndi að telja mönnum trú um, að Íslandsbanki væri erlendis álitinn sem opinber stofnun. Þetta er ekki rétt, nema að mjög litlu leyti. Það kann að vera nafnið Íslandsbanki, og svo að ríkið hefir þessa menn í bankaráðinu, en hinsvegar vita það allir erlendir viðskiptamenn bankans, að Íslandsbanki er ekki seðlabanki lengur og að hann er að draga inn seðla sína. Sömuleiðis vita þeir nákvæmlega, að bankinn er einkafyrirtæki, hlutafélag, og að engin kvöð hvílir á ríkinu um að ábyrgjast hann, enda þótt það kjósi þessa menn í bankaráðið, eða þótt bankinn heiti þessu nafni, sem aldrei skyldi verið hafa.

Hv. 3. landsk. hélt því fram, að Íslandsbanki tapi meiru fé í skiptameðferðinni heldur en ef hann hefði fengið að halda áfram sem sjálfstæður banki með auknu hlutafé og ríkisábyrgð. Það er rétt að athuga þetta nokkuð nánar. Við skulum aðeins athuga sögu þessarar stofnunar frá því 1921. Þó að því hafi ekki verið lýst yfir opinberlega, þá vita það allir nú, að síðan 1921 hefir bankinn verið í „likvidation". Þessu verður ekki á móti mælt, enda hefir jafnvel Eggert Claessen viðurkennt það. Það, sem bankinn hefir tapað undir þessari „likvidation", er um 17 millj. kr. Það sýnist því vera kominn tími til þess að gera bankann endanlega upp. Það er ekki rétt hjá hv. 3. landsk., að það þurfi nauðsynlega að innheimta skuldir Íslandsbanka á 3—4 árum; erlendis tekur slíkt venjulega töluvert lengri tíma. T. d. veit ég um banka, sem var 10 ár í „likvidation". Þess vegna þarf ekki að ganga mjög hart að mönnum, enda væri það óráðlegt, því það yrði þess valdandi, að minna yrði úr eignum bankans. Hitt er sjálfsagt, að gefa mönnum kost á hæfilegum frestum til þess að greiða skuldir sínar.

Hv. 3. landsk. gerði mikið að því að hræða okkur með lánstraustsspjöllum erlendis. Hann bar okkur í því efni saman við Grikki, þegar þeir tóku lán handa veðbanka sínum, um líkt leyti og hv. 3. landsk. tók lán handa veðdeildinni hér. Við samanburð á lántöku Íslands og Grikklands má geta þess, að viðskiptalíf Grikkja var truflað vegna styrjaldar og landið sokkið mjög í skuldir vegna hernaðarbrölts; en það vill svo vel til, að ég man vel eftir því eftir frásögnum í blöðunum, þegar Grikkir tóku þetta lán, sem hv. 3. landsk. var að tala um; það var boðið út, og eftir 2—3 klst. var búið að skrifa sig fyrir öllu láninu, og meira til.

Nú hefir það gengið svo til undanfarin ár, að allt eigið fjármagn Íslandsbanka hefir verið fast, en það lausa fjármagn, sem hann hefir haft undir höndum, hefir verið frá Landsbankanum. Ný lán úr Íslandsbanka hafa undantekningarlaust verið frá Landsbankanum. Íslandsbanki hefir því í rauninni engu nýju fjármagni getað veitt til atvinnulífsins nú hin síðustu árin. Í byrjun síðasta árs átti bankinn um 2000 sterlingspund inni í Englandi, en á árinu hefir hann stofnað stóra skuld þar og flutt til Danmerkur til greiðslu á skuldum. Engir peningar hafa á árinu komið inn fyrir tilstilli Íslandsbanka. Starfsfé hans hefir allt verið fyrir endurkeypta víxla í Landsbankanum, auk dálítilla sparisjóðsinnieigna. Ég vil spyrja hv. 3. landsk., hvaða nýtt fé bankinn hafi haft. Annars hygg ég, að það ætti ekki að vera mikil eða tilfinnanleg röskun, meðan verið er að tilfæra viðskipti Íslandsbanka og koma þessum málum í betra horf. Þótt togarafélög þau, sem hingað til hafa notið Íslandsbanka um veltufé, gætu ekki öll haldið áfram, þá er enganveginn víst, að það sé stöðvun bankans að kenna. Þau geta verið svo stæð, að þau þurfi sjálf endurreisnar við, og mér er kunnugt um eitt slíkt félag, sem nú hefir um skeið verið unnið að að endurreisa. En þótt slík stöðvun fyrirtækja, sem illa eru stödd, komi fyrr en ella vegna stöðvunar bankans, þá vegur það ekki sem nein röksemd í þessu máli. Ég býst því við, að þegar öll kurl koma til grafar, muni viðskiptatruflunin ekki verða eins geigvænleg eins og hv. 3. landsk. vill halda fram, sérstaklega að því athuguðu, að starfsfé Íslandsbanka hefir verið frá Landsbankanum, eins og ég hefi getið um. Landsbankinn getur því alveg eins veitt þessu sama fé beint inn til atvinnufyrirtækjanna, en ef um truflun verður að ræða, þá er það því að kenna, að Alþingi hefir ekki afgr. þetta mál nógu fljótt og röggsamlega, og að ég ekki tali um, ef lengi dregst enn að taka endanlega ákvörðun í þessum málum.

Hv. 3. landsk. var vongóður um það, að takast mætti að útvega bankanum nýtt forgangshlutafé. Ég er nú satt að segja fremur lítið trúaður á þessar björtu vonir þeirra manna, sem að bankanum standa. Þeir hafa nú verið bjartsýnir áður, og oft umfram raunverulegar ástæður. Mér er sagt, að á fimmtudaginn áður en bankinn lokaði hafi bankastjórnin jafnvel verið svo bjartsýn á hag bankans, að hún hafi sent Hambrosbanka svarskeyti þess efnis, að allt væri í stakasta lagi; en þá voru menn erlendis orðnir órólegir um bankann vegna verðfalls hlutabréfanna. Mér þætti annars vænt um, ef hv. 3. landsk. vildi lesa þetta skeyti upp líka, úr því hann er svo óspar á að lesa skeyti hér í deildinni. Ennfremur hefi ég heyrt, að bankastjórarnir í Íslandsbanka hafi haft lík ummæli við einn stóran innieiganda, sem var orðinn órólegur út af innieign sinni í bankanum. Þessar yfirlýsingar benda ekki til þess, að það sé endilega sjálfsagt að taka trúanlegt, þótt sagt sé, að úr öllu muni rætast fyrir bankanum. Og þótt hv. 3. landsk. fullyrði þetta einnig, þá mun ég þó taka slíku með hæfilegri varúð, því það hefir hingað til ekki farið eftir.

Eitt atriði var það í ræðu hv. 3. landsk., sem ég skildi ekki fyllilega. Hann talaði um, að Íslandsbanki hafi lækkað seðlaskuld sína við Landsbankann um 625 þús. kr. (JÞ: Ekki seðlaskuld, heldur yfirdrátt). Já, en mér skildist á hv. þm. Dal., að Landsbankinn hafi neitað að kaupa, en í skýringu hv. 3. landsk. ætti þá að felast það, að Landsbankinn hafi tekið við þessu fé, en notað það til þess að lækka seðlaskuldina. (JÞ: Það er skýring Landsbankastjóranna).

Ég álít, að hraða þurfi afgreiðslu þessa máls sem allra mest, og get tekið undir með hæstv. fjmrh., að málið þurfi ekki að athugast í nefnd. Ef málið er dregið mjög á langinn umfram það, sem þegar er orðið, álít ég það mjög háskasamlegt. Hinsvegar er mér kunnugt um það, að hv. 3. landsk. vill seinka afgreiðslu þess sem mest, bæði með því að neita um afbrigði og á annan hátt. Ef nú málið yrði sent til n., myndi hann vitanlega reyna að tefja málið eftir beztu getu, t. d. með því að skila ekki nál. fyrr en seint og síðar meir, eins og þeir höfðu það í hv. Nd., og þegar málið kæmi á dagskrá aftur, myndi hann að sjálfsögðu reyna að seinka því enn með því að neita um af-

brigði. Það verður að hraða málinu sem allra mest, enda ættu menn nú að hafa tekið afstöðu til málsins, svo að ekki er eftir neinu að bíða, nema því einu, að enn meira tjón og truflun hljótist af hinni seinu afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 3. landsk. hefir nú haldið alllanga ræðu hér í deildinni um Íslandsbankamálið. Hann talaði æsingalaust, og er það vel farið. En ég saknaði þess að heyra hann flytja fram eitthvað, sem nýtt væri í þessu máli. Í ræðu hans var ekkert, sem ekki hefir áður verið flutt hér í þinginu. Skeyti þau, sem hann las upp, hafa öll verið lesin upp í Nd., og sum oftar en einu sinni, svo að þau koma þá minnst tvisvar til þrisvar í Alþt. Sama er að segja um meginmál ræðu hv. þm.

Það er nú svo, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem Íslandsbanki er til umr. í þinginu. Ég er hræddur um, að þau fari nú að verða ærið mörg þingin, þar sem Íslandsbanki hefir dregizt inn í umr. og deilur. Það er ekki laust við, að svo virðist, sem þessi stofnun hafi frá öndverðu verið hálfgert vandræðamál.

Hv. 3. landsk. drap nokkuð á forsögu bankans, allt frá því fyrstu lögin um hann voru sett. Stiklaði hann léttilega á einstökum atriðum úr sögu bankans og fór hratt yfir. Hefði þó verið ástæða til þess að fara nánar út í sumt, sem hann drap lauslega á. T. d. hefði hann gjarnan mátt víkja örlítið að aðdragandanum að hinni alvarlegu kreppu 1921. Þess hefir verið getið í Nd., og er enda öllum ljóst, að næstu árin á undan hafði bankinn gert sig sekan í einhverju hinu mesta fjármálaglapræði, sem nokkur seðlabanki getur gert, nefnilega að gefa út óhæfilega mikið af seðlum. Það skal þó játað, að ríkisstj. og þing gengu að nokkru leyti inn á þetta, en munu hafa kastað yfir á stjórn bankans áhættunni og ábyrgðinni af því að ákveða, hvað hæfilegt væri að gefa út mikið af seðlum. Ég minnist þess nú, að í hópi þm. voru ýmsir, er vildu stemma stigu fyrir þessari óhæfilegu seðlaútgáfu, með því að láta bankann greiða hærra seðlagjald, eftir því sem hann gæfi meira út af seðlum. En þessu var tekið mjög fjarri af formælendum bankans, en þó held ég, að þessi uppástunga hafi verið í rétta átt. Það er alveg vafalaust, að þessi mikla seðlaútgáfa átti verulegastan þáttinn í því að lækka krónuna og koma bankanum í vandræði 1921. Og ég er yfirleitt á þeirri skoðun, og að henni hníga sterk rök, að Íslandsbanki hafi alls ekki haldið uppi lánstrausti landsins út á við hin síðari ár, heldur jafnvel þvert á móti. Að þessu athuguðu er það mjög mikið vafamál, hvort lánstrausti landsins yrði að fullu borgið, þótt ríkið gengi nú í fulla og ótakmarkaða ábyrgð fyrir bankann. Hér sýnist um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að ríkið taki ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans og láti honum nýtt rekstrarfé í té. Hin leiðin er að láta loka bankanum og gera hann endanlega upp. Nú hefir þingið ekki treyst sér til þess að fara fyrri leiðina, a. m. k. ekki án frekari rannsóknar. Mönnum er það ljóst, að hér er um svo mikla og viðtæka ábyrgð að ræða, að ekki verður séð út yfir hana. Mér hefir skilizt á hv. 3. landsk., að hann teldi þó þetta sjálfsögðu leiðina, en það er vissulega til of mikils ætlazt, að þingið geri þetta að órannsökuðu máli. Það ber því sízt að áfella meiri hl. þingsins, þótt hann vilji sjá fótum sínum forráð í þessu máli. Báðum leiðunum fylgir fjárhagsleg áhætta, og það þarf að meta, hvor er meiri. Til þess þarf fyrst að fá að vita, hvernig bankinn stendur. Hv. 3. landsk. virðist telja þá leið áhættuminni, að endurreisa bankann. Ég áfelli hv. þm. vitanlega ekkert fyrir það, að hann hefir þessa skoðun, en það verður, áður heldur en hægt er að sannfæra meiri hl. þingsins um, að þetta sé rétt, að gera rannsókn, sem geti gefið einhverja hugmynd um það, hvernig fjárreiðum bankans er í raun og veru varið.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væru, að mér skildist, þrjár aðalástæður fyrir því, að sjálfsagt væri að taka bankann til endurreisnar. Fyrsta ástæðan er sú, að þátttaka ríkisvaldsins um stjórn bankans væri svo stór þáttur í þessu, að það yrði að líta svo á, að í raun og veru bæri ríkissjóður siðferðislega ábyrgð á bankanum. Það er nú eins og hv. 4. landsk. minntist á í sinni ræðu, að bankinn var

þann veg stofnaður, að þeir, sem það mál fluttu og að honum stóðu, þeir munu hafa verið hyggnari heldur en hinir, og komu því svo fyrir að setja þann stimpil á bankann, að út á við gæti það litið svo út, að þetta væri ríkisstofnun. En um bankaráðið er það að segja, að það var svo vendilega frá því gengið, að það hefði í raun og veru ekkert um stjórn bankans að segja; ég veit ekki t. d., að það hafi verið nein ákvæði um það, að bankaráðsmennirnir ættu að eiga heima í nánd við Reykjavík, heldur máttu þeir eiga heima úti um allt land, og gátu því ekki fylgzt neitt með störfum bankans.

Bankaráðið er ekki nema að nafninu til, en það er þannig samsett, að það setur nokkra gyllingu á það nafn, sem illu heilli hefir verið sett á þennan banka, sem er seðlabanki. Ríkissjóður hefir hingað til ekki treyst sér til að taka þennan banka upp á sína arma. Nú er sagt að hann beri svo mikla siðferðislega ábyrgð á bankanum, að nú sé ekkert undanfæri, en það er reynt að standa á móti því, að svo langt fari. Ég skal ekkert um það segja, hvernig sú barátta fer að lokum.

Annað atriðið, sem hv. 3. landsk. minntist á sem stórt atriði í þessu máli, var það, að lokun bankans kæmi svo mikilli truflun á atvinnureksturinn í landinu, að af því hlytist stórtjón. Ég býst við, að engum detti í hug að halda því fram, að ekki verði nokkur truflun af þessu; til þess hefir Íslandsbanki haft of mikil ítök í ýmsum fyrirtækjum í landinu, að það verði ekki að sjálfsögðu ýmsum þeirra mjög örðugur tími, ef honum verður lokað, það játa ég. En það væru heldur ekki mikil vandræði á ferðinni, ef ekkert hlytist af því, að banki í svo fámennu þjóðfélagi strandaði, og það hefir heldur engum dottið í hug að halda því fram, að af þessu hlytust ekki óþægindi, meiri eða minni.

Þá talaði hv. 3. landsk. í þriðja lagi um lánstraustsspjöll, sem af lokun bankans hlytust. Hv. þm. sagði, að ég hefði fullyrt það á einhverjum fundi — mér skildist hann segja á lokaða fundinum —, að þetta myndi verða til þess að auka traust landsins út á við. Þetta er ekki rétt; ég sagði ekki, að ég væri fullviss um það; ég sagði, að mér fyndist ekki ómögulegt, að traust landsins gæti aukizt við það að gera þetta hreinlega upp. Hv. þm. benti á, sem sönnun fyrir lánstraustsspjöllum erlendis, þessi skeyti, sem komið hafa. Hv. 4. landsk. minntist á þau í sinni ræðu, og þess vegna get ég farið fljótt yfir sögu. Það er í raun og veru mjög eðlilegt, að þessi skeyti komi frá þeim mönnum og stofnunum, sem hafa sent þau. Það er ekkert eðlilegra heldur en að þeir, sem eiga inni fé í bankanum, vilji, að honum sé lagt fé, til þess að tryggja innieign þeirra.

Það var eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk., sem ég hjó eftir. Það voru þessar 625 þús. kr., sem nokkuð oft hafa verið nefndar í þinginu, og sem virðast hafa borið á milli um skilning á lögunum milli Íslandsbanka og Landsbankans. Ég ætla ekki að fara út í það, hvernig lögin beri að skilja, en ég vil aðeins leiðrétta það, að þessar 625 þús. kr. eru ekki rétt taldar, ef á að miða við það, að Landsbankinn endurkaupi víxla, sem svarar því, sem Íslandsbanki ekki fær borgað fyrir það gull, sem hann selur um leið og hann dregur inn seðlana.

Þetta skiptir ekki miklu máli, því að hvort sem um er að ræða 450 þús. kr. eða 625 þús., þá gat það aldrei hjálpað bankanum, svo að hann gæti haldið áfram starfsemi sinni, nema þá nokkrum dögum lengur. Það hugsa ég sé viðurkennt.

Hv. 3. landsk. virtist gera sér góðar vonir um það, að það myndi takast að afla fjár handa Íslandsbanka, svo að hann gæti komizt á stað. Ég verð að segja það, að það myndi gleðja mig, ef svo væri, að Íslandsbanki gæti hjálpað sér sjálfur af stað, án þess að ríkissjóður þyrfti að flækjast meira inn í fjárreiður hans heldur en nú þegar er orðið; það myndi sannarlega gleðja mig, ef úr þeim vonum gæti orðið. Fyrir mér er það að vísu svo, að það er aðeins um þetta eina frv. að ræða, en vitanlega geta komið fram nýjar uppástungur, og er þá sjálfsagt að taka þær til umr., en annars býst ég ekki við, á meðan ekki er lokið þeirri athugun á bankanum, sem nú stendur yfir, að maður geti skipt um skoðun og talið sér fært að ganga inn á það að koma bankanum skilmálalaust af stað,

eða að ríkisvaldið sjái um það, eins og hv. 3. landsk. hefir lagt til, Ég get ekki hugsað mér, að meiri hl. þings gangi inn á það, fyrr en þá sú skoðun, sem nú er að fara fram, sýnir, að þetta sé gerlegt.

Hv. 3. landsk. vildi, að þetta mál færi í n. Ég skal í rauninni ekkert hafa á móti því, að það fari í n., og þá t. d. til fjhn., en ég vil gera það að skilyrði, að n. hraði svo störfum, að þetta mál geti komið til 2. umr. á miðvikudag án afbrigða, sem sé að nál. verði komið út svo snemma, að hægt sé að taka málið til 2. umr. á miðvikudag afbrigðalaust.

Jón Þorláksson: Ég hefi litlu aða svara samþm. mínum, hv. 4. landsk., af þeirri ástæðu, að ég hafði annað nauðsynlegra að gera á meðan hann hélt mestan hluta ræðu sinnar heldur en að vera hér í d., og vafalaust hefði hv. þm. sjálfur getað fundið sér þarfara verk að vinna, ef dæma má það, sem ég ekki heyrði, eftir því, sem ég heyrði.

Ég heyrði hv. þm. segja, að erlendir viðskiptamenn vissu, að Íslandsbanki væri ekki seðlabanki, og heyrði hv. þm. fara með þá fásinnu, að hann væri ekki seðlabanki, af því að hann gæfi ekki út seðla. Eftir því hefði enginn seðlabanki átt að vera til í Norðurálfunni fyrstu árin eftir stríðið, þegar þeir voru alltaf að draga inn seðla sína. Þetta er fjarstæða. Seðlabanki er sá banki, sem hefir í umferð seðla, sem eru löglegur gjaldeyrir lands, í stað mótaðra peninga. Það vita menn, að Íslandsbanki er ennþá.

Hv. 4. landsk. var með einhver ummæli um það, að þessi banki hefði verið undir „likvidation" síðan árið 1921. En það er aðeins leikur með orð. Það er sá geysilegi munur á starfsemi bankans síðan 1921 og þeirri skiptameðferð, sem á að skella á bankann eftir þeirra meðferð, að hann hefir síðan árið 1921 alltaf getað rekið atvinnu, sem var arðberandi fyrir hann sjálfan, og hefir haft á hverju ári ágóða, sem hann hefir getað notað til að greiða með áfallin eða áfallandi töp. En þetta frv., sem hér er á ferðinni, inniheldur engin ákvæði, sem gera búinu mögulegt að reka arðberandi viðskipti. Ég hefi heyrt það hér í d. — ég man ekki, hvort hv. 4. landsk. eða hæstv. fjmrh. sögðu það —, að lagafrv. það, sem var afgr. með afbrigðum hér í gær, hefði ekki þurft, ef búið hefði verið að afgreiða þetta frv. Ég skil ekki hugsanagang þessara manna; það hefði náttúrlega verið mögulegt að setja inn í lagafrv. um skiptameðferð á Íslandsbanka ýms ákv., sem heimila skiptanefnd ýmsa starfsemi, t. d. að lána út fé. En það er ekki gert í þessu frv. Henni er heimilt að taka lán, en einungis til að greiða með skuldir bankans, svo að ég skil ekki, hvað Landsbankinn hefði staðið sig betur við að veita lán án ríkissjóðsábyrgðar, þótt þetta frv. væri orðið að lögum.

Maður heyrir það nú á umr., að það, sem hefir valdið þessum ákaflega fljótfærnislegu aðförum stjórnarflokkanna, að leggja Íslandsbanka á höggstokkinn áður en þeir eru búnir að rannsaka hag hans, það er þessi hugsun, að það geri svo sem ekkert til, af því að hann hafi ekki haft neitt laust fé, nema frá Landsbankanum, og það geti Landsbankinn haft eftir sem áður. Þetta endurtaka þeir sífellt. En tjónið fyrir þjóðfélagið liggur fyrst og fremst í því, að það þarf að innheimta útistandandi skuldir bankans, skuldir, sem nema um 30 millj. króna.

Hv. 4. landsk. rak sjálfan sig í vörðurnar með því að minna á það, að Íslandsbanki hefði á umliðnu ári haft í umferð fjárupphæð, sem hefði numið allri þeirri upphæð, sem hann hefði haft leyfi fyrir hjá Hambrosbanka, og það hefir verið upplýst, að skuldbindingin við Hambrosbanka hafi verið, þegar bankinn lokaði, 85 þús. £, og hvort sem hann hefir átt inni 2 þús. £ áður, þá er þó auðséð, að þar hefir hann haft laust fé upp á 1½ millj. kr.; það hefir ekki farið til afborgana í Privatbankann, því að þangað hafa fallið afborganir af víxlum, er hann hefir haft að tryggingu, og ekkert annað.

Ég skal nú segja bæði hv. 4. landsk. og hæstv. fjmrh. það, að það, að ekki er orðin meiri truflun heldur en er, stafar af því, að menn vona, að það muni verða ráðið fram úr vandræðunum með því, að bankinn verði endurreistur. Þann dag, sem þeim vonum sleppir, byrja vandræðin, en ég vona, að það komi ekki til, heldur að bankinn verði endurreistur áður.

Hv. 4. landsk. var að tala um skeyti frá

bankanum um það, að allt væri í lagi. Það er nú löngum svo, að hver bankastjórn verður að segja það, svo framarlega sem hún er ekki við því búin að loka bankanum um leið og hún gefur frá sér annað svar. Þetta er nú svo kunnugt, að það á ekki að þurfa að lýsa því, en annars er óhætt að segja allt, sem satt er og rétt, eftir að búið er að loka bankanum, því að þá geta ummælin ekki orðið til þess að valda þeirri hræðslu, sem leiðir til úttektar á fé úr bankanum. Hv. þm. getur ekki byggt neinn dóm á ummælum mínum um það, hver von sé um að fá nýtt fé til endurreisnar bankanum.

Þá kem ég að hæstv. fjmrh. Hann sagði, að ég hefði ekki sagt neitt, sem nýtt væri fyrir sig í málinu. Mér þykir það ekki nein furða, þar sem hann er sá ráðherrann, sem hefir bankamálin sérstaklega til meðferðar. En þótt eitthvað hafi verið sagt í Nd. áður, tel ég alveg jafnnauðsynlegt að segja það í þessari d., því að ég geng alls eigi út frá því, að þm. þessarar hv. d. hafi alltaf haft kringumstæður til að hlusta á umr. í Nd., og ég geng heldur ekki út frá því, að hæstv. stj. hafi bundið atkv. sinna flokksmanna hér í d., svo að þeir geti ekki lengur hlustað á skynsamleg rök og ástæður og tekið þær til greina.

Hæstv. ráðh. fannst ástæða til að fara meira út í sögu bankans fyrir 1921. Það má um það deila, en mér finnst ekki saga bankans fyrir 1921 eiga sérstaklega við í þessu máli; ég var ekki á þingi fyrir þann tíma, og get lítið sagt um þingmeðferð á málum bankans þá. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að bankinn hafi þá bakað sér og þjóðinni tjón, þá get ég þar lagt orð í belg, því að ég hefi framkvæmt nokkrar athuganir um orsakir til verðhruns, sem varð um það leyti. Ég get sagt hæstv. ráðh. það, að það, sem bankinn gaf út of mikið af seðlum, var á ábyrgð íslenzkra stjórnarvalda, því að hann fékk í hvert sinn leyfi þingsins — eða stj., þegar þingið hafði gengið svo frá málunum, að stj. hafði það í sínum höndum —, svo að einnig um þetta geta íslenzk stjórnarvöld ekki losað sig undan því alheimsáliti, að bankinn starfaði einnig í þessu sem opinber stofnun, undir yfirstjórn íslenzkra stjórnarvalda. En eitt, sem mér þótti undarlegt, þegar ég var að rannsaka þessar orsakir, var það, að mér var ómögulegt að finna rök fyrir þessari skoðun, að seðlaútgáfan væri orsök til hrunsins. Mér var ómögulegt að finna það, og var ég þó fulltrúa á, að það væri orsökin, en tölurnar tala svo fast á móti því, að of mikil seðlaútgáfa hafi verið orsökin, svo að ég varð að leita eftir öðrum orsökum, og þær þóttist ég hafa fundið að nokkru. Ég vil ekki telja minn dóm óskeikulan, en það kom alveg í bága við það, sem ég áður hafði ímyndað mér, þegar ég fann, að verðhækkunin hafði alltaf verið á ferðinni á undan seðlaaukningunni. Ef seðlaaukningin hefði framleitt verðhækkun, þá hefði mér ekki þótt það undarlegt, en rannsóknin sýndi hið gagnstæða. Ég vil þó ekki þar með staðhæfa, að mér hafi á nokkurn hátt tekizt að finna allan sannleikann um þetta mál. En mér finnst, að umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, græði satt að segja ákaflega lítið á því, þótt ég eða hæstv. fjmrh. förum eitthvað út í sögu Íslandsbanka fyrir 1921.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Íslandsbanki hefði ekki haldið uppi lánstrausti landsins út á við. Það er þó svo, að Íslandsbanki hefir haft lán frá útlöndum, þessar upphæðir, sem ég nefndi, frá þremur útlendum lánardrottnum: Hambros Bank, Privatbanken og ríkissjóði Danmerkur. Það er nú eitthvað nálægt tíu millj. kr. sem stendur, og upphæðin hefir verið hærri áður. Þessu fé hefir Íslandsbanki veitt inn í landið án nokkurrar ábyrgðar ríkissjóðs. Þess er ekki að vænta af stofnun, sem er skoðuð eins veik og Íslandsbanki er álitinn af hæstv. fjmrh., að hún geti meira en gert hefir verið í þessu efni.

Þá er lánið úr póstsjóði Dana. Það er bæði að vöxtum og afborgunum það hagstæðasta lán, sem Íslendingar hafa nú sem stendur. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer meðal annars fram á það, að eyðileggja þennan lánssamning, svo að það félli í gjalddaga 1. marz, en væri bankinn endurreistur, hefði hann þetta hagkvæma lán áfram.

Um lán Privatbankans er öðru máli að gegna, en það er enginn efi, að þar nást viðunanlegir samningar og kannske hag-

kvæmir, ef Íslandsbanki verður endurreistur.

Þetta atriði, stöðvun bankans, þýðir það, að hann verður að greiða út úr landinu um 10 millj. kr. Ég er því satt að segja undrandi yfir þeim mönnum, sem eftir allar þessar umr. hafa þrek til þess að segja almenningi það, að þetta sé aðeins færsla yfir á Landsbankann.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki væri víst, að lánstrausti landsins væri bjargað, þó að ríkið tæki ábyrgð á bankanum. En þetta er nú það, sem bankaráðið fer fram á við það opinbera, og þar fer það fram á það, sem það álítur, að mundi duga. Með þessu greiddi ég atkv. í bankaráðinu, og hv. 1. þm. N.-M., sem einnig er í bankaráðinu og flokksbróðir hæstv. fjmrh., greiddi einnig atkv. með þessari till. þar. Og það er skylda hvers þm. að styðja það, að bankanum sé bjargað, ef hann í raun og veru álítur rétt, að það verði sú endanlega niðurstaða málsins. Að þessari niðurstöðu komst bankaráðið 3. febrúar, fyrsta daginn, sem bankinn var lokaður, þó að ekki væri mikill tími til umhugsunar.

Hæstv. fjmrh. getur ekki hafa dregið þann skilning af orðum mínum, að ég hafi álitið sjálfsagt að fara þessa leið. Þvert á móti; það eina, sem ég álít sjálfsagt, er það, að stj. sú, sem landið býr við, hafi forgöngu þess að ráða fram úr málinu á þann eina hátt, sem viðunandi er, en það er að endurreisa bankann. Hæstv. stj. hefði átt að hafa forgöngu í því að undirbúa till. um það. Það var það eina, sem sjálfsagt var í mínum augum. Um þá staðhæfingu hæstv. ráðh., að það verði tap fyrir ríkissjóð, hvaða leið sem farin er, vil ég segja það, að ég álít hættuminna að endurreisa bankann en loka honum. Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. í því, að það þurfi að vera tap fyrir ríkissjóð að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf, til þess að von sé til endurreisnar. Allt sýnist benda á það, að ef málum Íslandsbanka er komið þannig, að hann njóti nægilegs trausts, muni hann, þótt fátækur sé, geta haldið áfram að vinna og hafa árlegar tekjur eða arð, sem væri nægur til þess, að enginn, sem nú leggur fé í hann, tapi neinu á því. Ég get satt að segja borið þau rök fram fyrir þessari skoðun minni, að hæstv. fjmrh. og allur hans flokkur og einnig hinn stuðningsfl. stj. hafa haft þetta sama álit á hliðstæðu máli fyrir tveimur árum síðan, undir svipuðum kringumstæðum, að því er snertir hjálpina, en bankinn var annar, Landsbankinn. Þá stóð ekki betur á fyrir Landsbankanum fjárhagslega en fyrir Íslandsbanka nú. Og reikningar Landsbankans sýna, að 1928 hefir verið strikuð út sem töpuð öll sjálfseign hans, innstæðufé ríkissjóðs. Þessi var þá skoðun hæstv. fjmrh. og þingmanna, að Landsbankinn mundi geta komizt áfram gegnum tilveruna án þess að tap yrði af þeirri ríkisábyrgð, sem þá var tekin á bankanum. Bankarekstur er svo arðvænlegur atvinnuvegur, að ef kringumstæður eru til að reka hann og honum er sæmilega stjórnað, eru möguleikar fyrir því að vinna upp töp, sem áfallin eru, og sigla heilu skipi í höfn að lokum.

Þetta er það sama og ég álít nú um Íslandsbanka, en þó geri ég ekki ráð fyrir að bera fram till. um, að nú sé tekin eins víðtæk ábyrgð á Íslandsbanka og ríkissjóður og þingmeirihlutinn lét í té Landsbankanum til handa.

Hæstv. ráðh. segir nú samt, að skoðun yrði fyrst að sýna, að endurreisn bankans sé gerleg. Út af þessu vil ég bera upp þá fyrirspurn til hæstv. ráðh. og vil beiðast þess, að hann svari henni hér á þessum fundi, hvort ekki sé svo, að þeim mönnum, sem nú eru að skoða bankann, hafi verið falið að gefa upp álit sitt um hann með það fyrir augum, að bankarekstrinum yrði haldið áfram, eða gefa álit sitt, hvernig hagur bankans stæði, ef reksturinn héldi áfram. Þegar verið er að afráða, hvort bankinn á að lifa, skiptir það eitt máli, hvernig hann verður ef hann lifir. Það þýðir ekkert að meta, hvað töpin verða mikil, ef bankinn á að deyja. Það kemur fram á sínum tíma, fyrirframmat í því efni hefir enga þýðingu. Ég vonast svo eftir, að hæstv. ráðh. svari þessari fyrirspurn.

Hæstv. fjmrh. tók undir það, að fyrirkomulag bankans, stjórn hans og nafn geri það að verkum, að hann er skoðaður sem opinber stofnun. Löggjöf okkar um tilhögun bankaráðsins er þannig, að það er engin afsökun gagnvart útlendingum,

að stj. bankans hafi farið óhönduglega. Það hjálpar ekkert að því er snertir lánstraustið.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi ennfremur, að af lokun bankans mundi leiða truflun atvinnuvega í landinu og vildi ekki kannast við ummæli sín frá lokaða fundinum aðfaranótt 2. febrúar, þó að ég skrifaði það eftir honum og hefði það því rétt eftir. Þetta gæti vitað á það, að hæstv. ráðh. sé nú á annari skoðun um það.

Hæstv. ráðh. minntist á símskeytin og sagði, að sér þætti það eðlilegt, að skuldheimtumenn kveinuðu. Það er nú alveg rétt, en ég vil segja það, að það er sérstaklega hættulegt fyrir lánstraust Íslands erlendis, þegar menn eins og forstjóri Hambrosbankans þykist þurfa að kveina undan meðferð á fé, sem hann hefir trúað okkur fyrir. Það er hættulegt af því, að forstjórar Hambrosbanka hafa lyklana að lánstrausti allra Norðurlanda í brezka fjármálaheiminum, og sennilega í Ameríku líka.

Ég veit ekki til að nokkur hlutur réttlæti það að heimfæra símskeytið frá sendiherra okkar í Kaupmannahöfn undir þetta. Ég veit ekki til, að þessi maður beri þar neitt fyrir brjósti nema heill síns föðurlands, sem hann þjónar. Ég vil fullvissa hæstv. ráðh. um það, að ef við Íslendingar ættum fleiri fulltrúa erlendis, t. d. í London, þá værum við búnir að fá fleiri slík skeyti, án þess þau hefðu verið send í eiginhagsmunaskyni, en af því hann er ekki nema einn, verður að taka mikið tillit til þess, sem hann segir.

Þá vildi hæstv. ráðh. rengja tölur, sem ég fór með í sambandi við seðlainndrátt Íslandsbanka. Hann sagði, að það væru ekki 625 þús., heldur 440 þús., sem Íslandsbanki ætti að fá hjá Landsbankanum fyrir hverja millj., sem hann drægi inn af seðlum. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. Lögin segja skýrt til um það, hvað mikið það er. Það eru $\frac{5}{8}$ úr millj., sem Landsbankinn á að láta Íslandsbanka fá með því að kaupa af honum góða viðskiptavíxla fyrir 625 þús. kr. í hvert skipti sem Íslandsbanki dregur inn eina millj. af seðlum. Ég hefi því farið alveg rétt með þessar tölur. Ég vildi ekki vekja neinar stælur um það, hvort stj. Landsbankans hefði haft rétt fyrir sér í þessu máli; þess vegna setti ég það fram, eins og landsbankastjórnin áleit það vera, þó að ég sé þar ekki samþykkur um það lagalega atriði. Þessi neitun Landsbankans þýðir það, að starfsfé Íslandsbanka, sem samkv. lögunum átti ekki að þurfa að minnka vegna inndráttar af þessari 1 millj., minnkaði um 625 þús., sem Landsbankinn sagðist taka sem afborgun af eldri viðskiptaskuldum. En þó að bankinn breytti þannig einni eign í aðra, þá er það ekki nein hjálp frá Landsbankanum til Íslandsbanka, heldur bara sala á verðmæti fyrir verðmæti.

Hæstv. ráðh. má ekki leggja þann skilning í ummæli mín, sem mér virðist hann gera, að unnt muni verða að endurreisa Íslandsbanka, án þess að ríkissjóður leggi eitthvað til hans. Hæstv. ráðh. veit það vel, að þær umleitanir, sem nú eru á ferðinni, eru byggðar á þátttöku ríkissjóðs í endurreisn bankans. Í mínum orðum fólst ekkert nema að það væri líklegt, að þátttaka mundi fást annarsstaðar frá án þess að nokkuð væri hægt að fullyrða um það ennþá.

Ég þarf nú ekki meira að svara hv. 4. landsk. þm. og hæstv. fjmrh., en það er eitt atriði ennþá, sem gerzt hefir í þessu máli, sem mér finnst þess vert, að það komi fram. Það getur verið, að það hafi verið skýrt frá því í hv. Nd.; ég veit það ekki, ég hefi ekki fylgzt svo vel með umr. þar.

Að gefnu tilefni frá stj. hafa 2 af bankastjórum Landsbankans látið uppi eindregið álit sitt um það, að nauðsynlegt sé að endurreisa Íslandsbanka og bæri að gera til þess ítrustu tilraunir sem fært þætti. Þriðji bankastjórinn andmælti þessari skoðun meiri hl. bankastjórnar á engan hátt. — Þetta vil ég láta koma fram. Ég tel rétt, að það komi hér fram, þó að það færi að vísu betur á því, að það væri lagt fram á annan hátt en í þingræðu, því að stj. bar skylda til þess að láta það koma fram í gögnum þessa máls.

Jón Baldvinsson: Það er eins og vant er, að þótt hv. 3. landsk. sé skýr maður, þá eru oft ræður hans og fyrirlestrar, á þingi og utan þings, utan við það málefni, sem á að ræða um, og snertir ekki kjarna þess. Svo var og um þessa ræðu

hv. þm., að um þau atriði, sem snertu aðalkjarna þessa máls, var hann fáorður. En áður en ég kem að málinu sjálfu, ætla ég að segja örfá orð um það, sem hv. þm. ýmist sneri út úr mínum orðum eða dró rangar ályktanir af þeim.

Fyrst gerði hv. þm. gys að mér fyrir það, að ég hefði sagt, að Íslandsbanki væri ekki seðlabanki; en ég veit ekki betur en að hv. 3. landsk. hafi verið einn þeirra manna, sem afgreiddu lög um það að samþykkja að taka af bankanum seðlaútgáfuréttinn. Má þar vitna til laga 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. Segir þar í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Til 31. okt. 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim ¾ millj., sem ríkissjóður gefur út af seðlum."

Þarna er sett lokamark fyrir því, hve lengi Íslandsbanki á að halda áfram með seðlaútgáfuna í ríkinu. Lögin, sem svo eru sett árið 1922 sem breyt. á þessu, þau slá hinu sama föstu, en benda jafnframt til þess, að ef frekari seðlaútgáfu þurfi með en þeirrar, sem um ræðir í þeim lögum og í 1. gr. getur, vegna viðskipta innanlands, skal ríkisstj. hlutast til um, að settir verði í umferð þeir seðlar, sem þarf. Í lögunum um seðlaútgáfu Íslandsbanka 1922 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef frekari seðlaútgáfa en sú, er ræðir um í þeim lögum, sem í 1. málsgr. getur, er óhjákvæmileg vegna viðskipta innanlands, skal ríkisstj. hlutast til um, að Landsbankinn seti í umferð þá seðla, er nauðsyn krefur".

Þarna er seðlaútgáfurétturinn tekinn af Íslandsbanka og fluttur yfir til ríkisins, og Landsbankinn á að gefa út frekari seðla. Þegar rætt var um þetta á þingunum 1921 og 1922, voru allir sammála um það, að rétturinn væri tekinn af Íslandsbanka, því að það væri seðlabankinn, sem gæfi út „topp"-seðlana, eins og það þá var kallað. Þessi réttur var þannig fluttur yfir til ríkisstj., og þótt endanleg lög væru ekki samþ. um að flytja þessi réttindi yfir til Landsbankans fyrr en á þinginu 1927, þá hafði Íslandsbanki ekki lengur réttinn, heldur ríkisstj. og Landsbankinn í sameiningu, svo að það er rangt hjá hv. 3. landsk., að Íslandsbanki sé seðlabanki, en það var rétt hjá mér, að hann væri hættur við seðlaútgáfuna.

Þetta er nú eitt af því, sem hv. 3. landsk. vildi láta vera stórt atriði og ástæðu fyrir ríkissjóð og fyrir þingið til þess að taka ábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka, eða styrkja hann svo freklega, að hann geti starfað áfram, og þegar sést, að grundvöllurinn undir þessari ástæðu er fallinn burtu, þá eru líka margar aðrar ástæður hrundar um leið. Það er skylda ríkisins að styðja seðlabanka, en Íslandsbanki sem seðlabanki er þá ekki til. Það, sem eftir er hjá Íslandsbanka, er ekki annað en það að draga inn þá seðla, sem voru í vörzlum hans þegar þessi lög voru sett, og það voru sett ákvæði um það, að þetta skyldi gert, og ef þeim ákvæðum hefði verið fylgt, væri ekki eftir nema ein millj. kr. í seðlum; en Íslandsbanki hefir á undanförnum þingum fengið stöðugar undanþágur frá því að draga inn seðla, sem sett var í lög 1921 og 1922. Til stuðnings þessu má segja, að í landsbankalögunum frá 1927 og 1928 eru sett ákvæði, þar sem því er slegið föstu, hver seðlavelta Íslandsbanka hafi verið árið 1922, þ. e. 8 millj. Svo er Landsbankanum lögð sú skylda á herðar að endurkaupa af Íslandsbanka víxla vegna inndráttar seðla hans, og í rauninni hefir Íslandsbanki fengið endurkeypt af Landsbankanum meira en sem svarar þessu, svo að þessi kreppa, sem hann er kominn í, stafar ekki frá seðlainndrættinum; hann hefir fengið það uppborið annarsstaðar frá. Hitt vita allir, að slíkt veldur nokkrum ruglingi á viðskiptum hans, en sú seðlafúlga, sem hann hefir dregið inn á hverjum tíma, hefir verið honum endurgreidd, sumpart keypt gull, sem losnað hefir úr tryggingu, sumpart með endurkaupi víxla. Á þessum árum hefir Íslandsbanki dregið inn 4 millj., og hefði þurft að vera meira. En á þeim tíma hefir hann fengið 5 millj. kr. frá Landsbankanum, auk þess sem bankinn hefir selt af gulli, ég man ekki hve mikið, en sem eru sjálfsagt nokkrar millj., svo að það er miklu meira fé, sem hann hefir fengið,

heldur en það, sem hann hefir inndregið. Það er því engin ástæða til þess að ríkið fari að styrkja bankann þess vegna.

Önnur ástæða, sem hv. 3. landsk. bar fram, var það, að það hafi verið tekin ábyrgð á Landsbankanum fyrir tveim árum, og þá finnst hv. þm. einnig sjálfsagt eða rétt að taka ábyrgð á Íslandsbanka. Þessu hafa flokksmenn hv. 3. landsk. haldið fram í Nd., og þessu hefir hv. þm. einnig haldið fram hér, þótt hann hafi í öðru orðinu verið að láta skína í það, að hann sé ekki sérlega hrifinn af slíkri ábyrgð, en á lokaða fundinum var hv. þm. það alveg ljóst, að eina leiðin til að bjarga bankanum var fullkomin ábyrgð á öllum skuldbindingum hans, og ég rakti það nokkuð áðan, þegar ég talaði á fyrra fundinum hér í dag, að það er alveg sama, hvort ábyrgðin er tekin í smáskömmtum eða í einu, og þm. láta vonandi ekki blekkja sig á því, hvort ábyrgðin er tekin í þrennu eða einu lagi. En ég álít það mjög hættulegt vegna bankastarfsemi okkar og vegna Landsbankans að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum Íslandsbanka, svo lítið sem menn vita hversu hagur hans er, og ég veit, að hv. 3. landsk. dettur ekki í hug í alvöru að halda því fram, að sá maður auki lánstraust sitt, hvorki inn á við eða út á við, sem skrifar upp á sem flestar ábyrgðir, en það er það, sem hv. þm. er að halda að okkur, að eftir að við höfum tekið ábyrgð á Landsbankanum, sem er 60—70 millj. kr., og þegar við bætum við Íslandsbanka með 30 millj. kr., þá sé öllu bjargað. En hv. þm. getur ekki blekkt þingið með slíku; þess meiri ábyrgðir sem ríkið tekur á sig, því erfiðara verður fyrir það að fá lán út á við, eins og það er erfiðara fyrir „privat"-mann, sem er í miklu ábyrgðum, að fá lán. Sama gildir fyrir ríki, og erlendir lánardrottnar myndu áreiðanlega meta það, hve mikið ríkið væri bundið innanlands vegna banka; þeir myndu líta á það, að ríkið hefði tekið ábyrgð á einkabanka, sem hefði verið í stöðugri kreppu undanfarin tíu ár, en eftir reynslu manna erlendis hafa þeir bankar venjulegast endað þannig, að það hefir þurft að gera þá upp. Það hefir venjulega verið þannig með hvern erlendan banka, sem riðaði eftir stríðið, að hér um bil enginn af þeim hefir hjarað áfram, þeir hafa flestir orðið að hætta og orðið að gera þá upp, því að það hefir löngum komið í ljós, að töpin hafa verið meiri en menn bjuggust við, og sama veit ég líka, að menn segja í þessu Íslandsbankamáli. Og þótt allt slampaðist einhvern veginn í góðærinu, þá er eftir að vita, hvernig fer þegar að kreppir. Við getum tekið dæmi af manni, sem skuldaði 1½ millj. kr., en ætti ekki eignir nema sem svaraði 600 þús. kr., en hefði samt í góðum árum getað borgað vexti af skuldum sínum, og við það miðað, að allt gæti draslað áfram.

Svo er hv. þm. að tvístíga yfir þeirri skoðun sinni, hve langt þingið eigi að ganga í því að taka ábyrgð á bankanum, og að þótt hann sem bankaráðsmaður hafi lagt þetta til, þá vilji hann ekki sem þm. leggja þetta sama til. Einn af þm. í Nd. skipti sjálfum sér svona í tvennt, vildi fá að tala um þetta sem þm. og öðruvísi en sem viðriðinn Íslandsbanka. Það er alveg eins hér, að þegar Jón í bankaráðinu gerir einhverja uppástungu um málið, þá kemur Jón þingmaður og setur sig á móti því, þótt þeir séu einn og sami maðurinn. Það er eins og það megi fara líkt að í þinginu og farið var að í skopleik, sem sýndur var hér í bænum í haust, að maður dró annan um gólfið í poka, lék svo tvo menn og talaði með breyttum málrómi og þóttist vera að rífast við sjálfan sig. Nei, það verður að taka tillit til hv. 3. landsk. sem bankaráðsmanns og líta á þær till., sem hann ber fram fyrir þingið, því að þá hlýtur hann að hafa hugsað sér, hvað gera skuli. Það játa líka allir, að það er ekki hægt að bjarga Íslandsbanka, nema því aðeins að taka ábyrgð á öllu.

Það hefir stundum verið skrifað mikið um það og mikið um það talað í þinginu, hversu mikinn stuðning Íslandsbanki hafi veitt atvinnuvegum landsins, og það er náttúrlega sjálfsagt, að það fé, sem hann hefir haft til meðferðar, hefir veitt þeim stuðning. Þó verð ég að segja það, að Íslandsbanki hefir innleitt þá reglu í viðskiptum, sem hefir sýnt sig að vera óholl, — hann hefir sem sé innleitt þetta smákónga-fyrirkomulag. Hann hefir eflt atvinnurekstur á nokkrum stöðum, einn

mann á hverjum stað, eins og t. d. á Seyðisfirði. Þar hefir svo að segja allt það fé, sem bankinn hefir haft yfir að ráða, farið til eins manns, og það hefir farið illa þar. En hugsum okkur, að það hefði getað tekizt vel á einhverjum öðrum stöðum, þar sem bankinn hefir einbeitt fénu til einstakra manna, segjum, að mennirnir hafi grætt á því. Það er náttúrlega gott, en fyrir þjóðina í heild er vafasamt, hvort það er gott, því þegar maður, sem hefir eflzt á einhverjum stað, fellur frá, þá dreifast reitur hans víða um landið og það hérað, sem í raun og veru hefir safnað þessum auði, fyrir það, að hann var efldur til atvinnurekstrar þar, hefir misst þetta fé frá mönnum, sem í héraðinu störfuðu, svo þeir verða að byrja á nýjan leik að safna fé til nýs starfs, og þetta leiðir til kreppu eða einhverra erfiðleika á staðnum. Þegar svo þessir smákóngar falla frá, eða þegar atvinnurekstur þeirra hættir af öðrum ástæðum, þá er það venjulega svo, að eignirnar dreifast út í veður og vind. — Það er þetta fyrirkomulag, sem Íslandsbanki hefir stutt og sem sýnir sig að vera mjög óeðlilegt, því að það, sem tapazt hefir í bankaviðskiptum hér á landi, bæði hjá Landsbankanum og Íslandsbanka, er hjá tiltölulega fáum en stórum atvinnurekendum og fyrirtækjum.

Það er þessi hlið á bankastarfsemi Íslandsbanka, sem ástæða gæti verið að draga inn í umr. um þetta mál, og svo það, að starfsemi hans er ekki öll af því góða, þótt hún hafi veitt atvinnuvegunum stuðning, áður en hann komst í þá kreppu fyrir tíu árum, sem leiddi til þess, að honum var lokað.

Svo vil ég að endingu minnast á eitt, sem hv. 3. landsk. vék að í sinni ræðu, og það var um veltufé, sem Íslandsbanki hefir haft undir höndum á síðastl. ári. Hv. 3. landsk. vill draga það í efa, sem ég sagði, að meginhlutinn af hans veltufé hefði komið frá Landsbankanum, vegna þess að erlenda féð, sem Íslandsbanki hefði, það hefir í raun og veru ekki verið notað innanlands; hann hefir flutt innieign sína úr Englandi og notað hana til þess að lækka með skuldir sínar í Danmörku. Þótt segja megi, að einhverjir peningar hafi komið hér inn, sem Privatbankinn hafi átt, þá hefir það skeð, að á sama tíma hefir bankinn flutt af því fé, sem hann mátti ávísa í Englandi, yfir til viðskiptamanna sinna í Danmörku, svo að ég sé ekki annað en að það, sem ég hefi um þetta sagt, sé á fullum rökum byggt. Veltufé hefir verið látið annað en það, sem Landsbankinn hefir veitt honum.

Ég gat þess, að ég vissi ekki nema það hefði kunnað að vera einhver hreyfing á sparisjóðsfé, þannig að Íslandsbanki hafi kannske haft úr meiru að spila, en það hefir ekki komið fram í þessum umr. og reikningar bankans ekki fyrir hendi. En þess má geta, að það fylgir hverjum reikningi yfirlit yfir sparisjóðsinnieign í Íslandsbanka, og geri ég ráð fyrir, að allir séu sammála um það, að fé, sem er fastbundið lán til 20 ára, eins og póstsjóðsfé frá Danmörku, að það komi ekki til mála að telja það sem sparisjóðsfé, en þetta hefir verið gert, mörgum árum eftir að búið var að binda þetta fé með föstum samningi. Það er ennfremur rangt að kalla það lán, því að þetta fé var „hamstrað“ í kringum 1920, á þann hátt, að póstsjóðurinn hér lagði inn peninga í Íslandsbanka og bað hann að yfirfæra, en þegar hann gat ekki yfirfært, fékk hann leyfi hjá dönsku stj. til að láta það standa, þangað til hann gæti greitt féð, og það var alltaf meiningin, að þetta fé yrði greitt í einu lagi. Þetta var skuld, sem skylda hvíldi á bankanum að greiða, af því að hún var þannig til komin. Það var sparifé, sem honum var trúað fyrir að geyma undir þeim skilyrðum, að það væri borgað undir eins og krafizt væri. En danska stj. gekk inn á hagkvæma samninga við Íslandsbanka um greiðslu á þessum peningum. Svo að það má segja, að Íslandsbanki hafi eftir á fengið samning um, að hann þyrfti ekki að standa skil á þessu fé nema á löngum tíma. Þessi samningur var gerður 1925, og mun ekki hafa verið nein ábyrgð fyrir láninu eða trygging. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir séu órólegir út af því, sem engin trygging er fyrir, alveg eins og Hambrosbanki út af því fé, sem hann á ótryggt hjá Íslandsbanka.

Ég hefi lesið erlend blöð, sem hafa skrifað um lokun bankans hér, og það

er nú ekki eins og neitt himinfall hafi orðið. Danska blaðið Börsen skrifar um það 4. febr. Það rekur sögu þeirrar lokunar réttilega, hvernig þessi banki hafi smám saman orðið að draga inn og hvernig hann síðustu árin hafi orðið að smáþrengja sér saman í kapphlaupinu við hinn sterka Landsbanka, sem sé með ríkisábyrgð. Það er ljóst, að blaðinu er vel kunnugt, að hinn síðarnefndi er þjóðbankinn, eins og raunar allir ættu að vita, þeir, sem við okkur skipta. Sumstaðar halda menn, að hér búi skrælingjar, þeir éti hrátt og drekki blóð. En við getum ekki tekið tillit til þeirra, sem sýna slíka fáfræði og skrifa í þessum tón um bankamálið.

Þá er í rauninni ekki annað í ræðu hv. 3. landsk., sem ég þurfti að svara og skiptir nokkru máli. Ég minntist eitthvað á skeytin, sem hann las upp. En það hefði verið nógu fróðlegt að vita um öll skeytin, sem fóru héðan um þetta efni. Skeytið, sem kom frá sendiherra okkar í Kaupmannahöfn, var víst lesið upp þrisvar sinnum í Nd. í gær og gert mikið úr þýðingu þess. En í rauninni er það skeytið ákaflega loðið. Sendiherrann þorir ekki að fullyrða, að ekki geti komið til mála, að lokun Íslandsbanka muni ekki skaða okkur!! Þetta skeyti frá Sveini Björnssyni sýndi ekki sterklega orðaðan kvíða. En við getum sjálfsagt allir séð, að það er engin furða, þó að lokun Íslandsbanka geti skaðað lánstraust landsins. En þá er spurningin bara, hvað skaðar lánstraust landsins meir, að gera bankann upp, eða að ríkið taki hann á sínar herðar. Það er þetta, sem hv. 3. landsk. þm. hefði átt að rekja sundur í fyrirlestri sínum hér í dag. Hann hélt, að við hefðum ekki annað þarfara að gera en að hlusta á sínar ræður. Ég játa, að ég hefi ekki mikið á því grætt.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 3. landsk. þm. var að andmæla því, sem hér hefir komið fram, að ef þetta frv. hefði verið komið í gildi, þá hefði ekki þurft að afgreiða þá ábyrgðarheimild, sem hér var afgr. í gær. Í þessu sambandi vildi ég þó enn benda hv. þm. á það, sem ég efast um, að hann hafi komið auga á, að ef skiptanefnd hefði verið komin og tekin við bankanum, þá hefði hún haft heimild til að gefa t. d. Landsbankanum eftir veð eða tryggingar (JÞ: Svo-o!), sem Íslandsbanki hefir, gegn því, að Landsbankinn láni þeim fyrirtækjum, sem hér er um að ræða. Það er auðvitað, að það þurfti eitthvert vald til þess, að geta gefið eftir veð í byrjun, meðan fyrirtækin voru að komast af stað og mynda þá framleiðslu, sem Landsbankinn gæti síðan fengið til tryggingar fyrir lánum, sem hann veitti þeim. Bankastjórn Landsbankans hefir lýst yfir því öll í einu hljóði, að hún treysti sér ekki til að taka nýja viðskiptamenn og lána þeim fé án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir. Smám saman mundu þessar tryggingar geta horfið aftur til Íslandsbanka, þegar framleiðslufyrirtækin, t. d. bátaútgerðir, væru búin að koma afla sínum á land eða skapa aðrar seljanlegar afurðir, sem bankinn gæti tekið sem tryggingar fyrir rekstrarlánum. Annars legg ég enga áherzlu á þetta, en vildi aðeins drepa á þetta hv. 3. landsk. til skilningsauka.

Hv. þm. talaði dálítið um seðlaútgáfuna í ræðu sinni. Hann kvaðst hafa framkvæmt óhlutdræga og vísindalega rannsókn í því máli öllu, og er, að því er mér skildist, kominn að þeirri niðurstöðu, ég vil segja einkennilegu niðurstöðu — (JÞ: Óvæntu niðurstöðu.), já, „óvæntu“ má gjarnan segja, að þessi mikla seðlaútgáfa hafi ekki verið völd að kreppunni, sem bankinn lenti í 1921. (JÞ: Ekki valdið verðfallinu). Já, en kreppan kemur af verðfallinu, svo að það er sama, hvort er nefnt. Hv. þm. vill sanna þetta með því, að verðhækkunin hafi verið á undan seðlaaukningunni. Mér finnst nú, að það sé ástæða til að grafa dálítið dýpra og leita að því, hvort þetta eru í rauninni full rök fyrir því, að seðlaútgáfan hafi ekki skapað verðfallið. Mér sýnist einmitt, að þetta atriði leiði gleggst í ljós, hvílík yfirsjón það var af löggjafarvaldinu að heimila Íslandsbanka seðlaútgáfuna, hvílík yfirsjón það var að fela honum þannig fjárhag landsins. Ef maður gengur inn á það, að verðhækkunin hafi farið á undan seðlaaukningunni, þá sannar það ekki annað en það, að Íslandsbanki hefir viljað elta verðfallið

með seðlaútgáfu sinni. Og þannig styður bankinn verzlunarbraskið á ýmsa lund. Það hefði verið Íslandsbanka í lófa lagið að koma í veg fyrir braskið, áður en það var komið að því hámarki, sem það náði eftir lok styrjaldarinnar. Þetta er ljóst, því að hvenær sem bankinn stöðvaði seðlaútgáfuna, þá féll braskið niður. En gallinn var sá, að bankinn hélt áfram að elta braskið allt of lengi, og því varð verðfallið svona mikið. Og ef tekið hefði verið fyrir kverkarnar á þessu og fólk ekki látið fá í vasana eins mikið af seðlum og raun varð á, þá hefði aldrei komið svona langt. Það eru ekki þeir menn, sem fara út í allskonar fjármálabrall, sem eiga að ráða, og seðlabanki hefir alls enga heimild til að elta braskið með verðlausum pappírum. Nei, það er blátt áfram hlutverk hans og skylda að koma í veg fyrir það.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að Íslandsbanki hefði raunar alltaf haft traust út á við, og sem sönnun fyrir því væri það, að hann hefði fengið lán utanlands á síðustu árum. Hann benti á póstsjóðslánið, sem raunar er danskt ríkissjóðslán, og lán Privatbankans og lánið hjá Hambros Bank. En ég vil nú vekja athygli á, að þá peninga, sem danska ríkið á nú hjá Íslandsbanka, sem eru um 4 millj. króna, er ekki hægt að skoða sem venjulegt lán, lán, sem bankinn hafi útvegað sér, heldur var það fyrir 10 árum, sem þessir peningar söfnuðust fyrir hjá bankanum og hann gat ekki greitt þegar að skuldadögum kom. Þess vegna er það í raun og veru ekki annað en góðsemi hjá danska ríkinu að hafa ekki innheimt þetta lán, en það hefir gengið inn á, að bankinn fengi að greiða þessa skuld, sem vitanlega var öll fallin í gjalddaga, á löngum árafresti.

Það mætti tala langt mál líka í sambandi við kreppuna, sem bankinn komst í 1926. Þá lét ríkið Landsbankann lána honum eina millj. og studdi hann með undanþágu frá að draga inn seðla eftir gildandi lögum. En ekki hefði þessi hjálp frá íslenzka ríkinu komið að haldi, ef danska ríkið hefði ekki fengizt til að semja um, að bankinn þyrfti ekki að borga þessar 4 millj., sem hann skuldaði því. Annars hefði bankinn orðið að loka þá.

Privatbankinn gekk allhart að Íslandsbanka um 1921, og nokkuð mikill hluti af enska láninu fór til að friða þann banka. Ekki virtist traustið ákaflega mikið þá. Svo hefir Íslandsbanki einhvernveginn staðið í þeirri meiningu, að hann hefði komizt inn á samninga við Privatbankann um þá skuld, sem hann stóð enn í við þann banka. En fyrir nokkru síðan var heimtað, að hann greiddi hana þannig, að Privatbankinn fengi þá afborgun, sem greiddist af þeim víxlum, sem Íslandsbanki hafði sett honum sem tryggingu fyrir skuldinni. En svo kemur það loks upp úr dúrnum, að Privatbankinn unir ekki lengur við þetta og vildi hafa lánið þannig laust, að hann geti sagt því upp hvenær sem er. Og nér hefir skilizt, að Íslandsbanki hafi gengið inn á þetta. Það sýnir ekki heldur traust, að einmitt nú í janúar segir Privatbankinn allri skuldinni upp, fer fram á, að hún sé greidd öll upp á þessu ári. Ég get því ekki séð betur en að það sé fráleitt, að Íslandsbanki hafi aukið lánstraust landsins út á við.

Hv. þm. kom inn á það, að Landsbankinn væri í rauninni ekkert betur staður en Íslandsbanki. Ég held satt að segja, að hv. þm. geti ekkert fullyrt um þetta. Hann ætti a. m. k. að vera varkár um þessa hluti, því að hann veit ekki fyrir víst, hvernig Íslandsbanki stendur. Það hefði því verið miklu réttara, að hann hefði ekki fullyrt neitt um þetta hér, og mér finnst tæplega viðeigandi að kasta fram svo órökstuddum sleggjudómum um Landsbankann.

Hv. þm. minntist á, að Hambros Bank hefði haft ástæðu til að kveina. Já, það er nú einmitt ekki undarlegt, þó að svo væri, ef hún er sönn, sagan, sem hér var sögð áðan í þingræðu og ég hafði raunar heyrt, en trúði ekki að væri sönn. Það var, að þegar Hambros Bank spurði Íslandsbanka, hvort nú væri nokkur óróleiki á ferðinni og hvernig standi á því, að hlutabréf bankans hafi allt í einu fallið í verði, þá er sagt, að Íslandsbankastjórnin hafi gert bankann rólegan með því að svara á þá lund, að hún vissi ekki neina ástæðu til þess, að hlutabréfin falli í verði, og að hún vissi ekki til, að hér innanlands væru neinir erfiðleikar. Ég segi

aftur, að það er ekki undarlegt, að viðskiptabanki Íslandsbanka kveini, ef það er rétt, að hann hafi fengið slíka yfirlýsingu 2 eða 3 dögum áður en bankinn lokaði. Ég veit ekki, hvað er að spilla lánstrausti og áliti landsins út á við, ef það er ekki gert, þegar svona er farið að.

Þá voru það örfá orð um þessar umþráttuðu 625 þús. Það er sagt, að það hafi valdið örðugleikum fyrir Íslandsbanka að þurfa að draga inn úr umferð eina millj. króna í haust sem leið, en hann hafi átt heimtingu á að fá frá Landsbankanum sem svaraði 5/8 úr millj., sem hann dró inn, til þess að það yrði ekki bankanum ofvaxið að draga inn svona mikið í einu. En þetta er byggt á því, að í raun og veru hafi bankinn sama seðlamagn og áður. En þótt Íslandsbanki hafi ekki fengið nema 440 þús., þá hefir hann alveg sama fjármagn, vegna þess að gullið liggur honum óaðberandi heima fyrir. Hann fær gullið borgað í seðlum. Vitanlega hefir þetta engin áhrif í sjálfu sér, vegna þess að þetta er svo lítil upphæð, að hún gæti aldrei hjálpað í þeirri kreppu, sem bankinn komst í.

Ég held ég sjái ekki ástæðu til að fara út í fleiri atriði í ræðu hv. 3. landsk. Ég hefi að sönnu skrifað fleira, en vil ekki orðlengja það í þetta sinn. En þá er það fyrirspurn, sem hv. þm. bar fram. Hann spurði, við hvað matið á bankanum væri miðað. Ég get sagt honum, að það hefir verið talað um það milli mín og n., að matið væri alls ekki miðað við það, að bankinn væri látinn „líkvidera". Að öðru leyti hefir n. frjálsar hendur.

Hv. þm. minntist á það, að 2 af Landsbankastjórunum hefðu látið uppi við stj., að mér skildist, að sjálfsagt væri að endurreisa bankann. (**JÞ**: Ég sagði það ekki alveg með þessum orðum, að það væri sjálfsagt). Jæja, það hefir kannske verið eitthvað óákveðnara. En mér er óhætt að fullyrða það, að enginn af bankastjórunum hefir sagt þetta, eða neitt svo ákveðið við stjórnina.

Þá er eftir að tala um, hvort þetta frv., sem hér liggur fyrir, eigi að ganga til n. Ég lýsti yfir því, að ég mundi ekki vera því mótfallinn, ef töf verður ekki meiri á málinu en svo, að hægt verði að taka það til 2. umr. á miðvikudag afbrigðalaust. Ef ég fæ vísbendingu hjá hv. 3. landsk. fyrir hönd flokksbræðra hans og jafnframt frá hæstv. forseta um það, að hann taki málið á dagskrá þann dag, jafnvel þótt ekki verði komið nál. nema frá meiri hl. n., þá vil ég gjarnan, að málið fari í nefnd.

Jón Þorláksson: Ég skal ekki misnota þann tíma, sem mér ber til þess að gera stutta aths. (**Fjmrh.**: Hún má vera löng). — Hv. 4. landsk. ber ennþá á móti því, að Íslandsbanki sé seðlabanki, og máli sínu til sönnunar las hann upp úr 1. gr. laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka o. fl. frá 1921; en ef hann hefði lesið þau lög í gegn, þá hefði hann getað gengið úr skugga um, að Íslandsbanki hefir rétt til þess að gefa út seðla til loka leyfistímabilsins 1933. Að undanskilinni þeirri gr., sem hann benti á, er um þetta talað á 6—7 stöðum í nefndum lögum. En af því leiðir, að stj. hefir meðal annars rétt til þess að skipa 2 bankastjóra við Íslandsbanka.

Ég hefi ekki borið fram neina till. um, að ríkið ætti að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, og þess vegna er það rétt, sem hv. 4. landsk. sagði, að það gæti ekki verið meining 3. landsk., að ríkið ætti að taka fulla ábyrgð á Íslandsbanka. Hv. þm. sagði, að allir erlendir bankar, sem hefðu lent í þroti á krepputímunum og verið hjálpað, hefðu að lokum fallið. En í því efni má m. a. minna á, að Privatbankinn, sem er aðalviðskiptabanki Íslandsbanka, var lokaður nokkra daga, en síðan endurreistur, og er ekki annað vitað en að hann hafi starfað með blóma eftir það.

Annars ætlaði ég aðallega að svara hæstv. fjmrh. Hann sagði, að skilanefndin hefði rétt til þess að gefa eftir veð, sem Íslandsbanki hefði í eignum. Þetta kemur mér á óvart, að skilanefndin megi sleppa þeim tryggingum, sem bankinn hefir full umráð á, fyrir útlánum sínum. (**JBald**: Allir skiptaráðendur hafa rétt til þess). En hitt er annað mál, þó að skilanefndin gefi eftir lögveð, sem á að standa fyrir ófengnum lánum. Annars hygg ég, að það séu ekki svo mikil brögð að þessu, að það þurfi að standa í vegi fyrir lánveitingum frá Landsbankanum.

Það yrði allt of langt mál að rekja sögu Íslandsbanka um seðlaútgáfuna fyrir 1920 o. fl. Ég ætla ekki að gerast fyrirsvarsmaður bankans eða þáv. stj. um það, hvernig hann hafi rækt seðlaútgáfuskyldur sínar. Hæstv. ráðh. sagði, að hin aukna seðlaútgáfa hefði gengið til þess að styðja braskarana í landinu til óheilbrigðra viðskipta. Mér rennur í hug síðasta seðlaútgáfuleyfið, sem fékkst hjá þáv. ráðh. Þannig stóð á því, að hingað kom útl. maður, sem ætlaði að kaupa hross, og vildi fá peninga til þess að borga þau. Stj. Íslandsbanka kom upp í stjórnarráð og spurði, hvað ætti að gera, manninn vantaði íslenzka peninga, og atvmrh. féllst á, að gefnir yrðu út, að mig minnir, um 200 þús. kr. í seðlum, til þess að leggja í þetta „brask", að kaupa hross til útflutnings fyrir borgun út í hönd.

Ég get látið bíða til 2. umr. að svara ýmsu af því, sem hæstv. ráðh. sagði í síðustu ræðu sinni.

Ég veit ekki um öll skeyti, sem hafa farið á milli bankastj. Íslandsbanka og erlendra manna; en fimmtudaginn 29. jan. síðastl. var ekkert verðfall á hlutabréfum Íslandsbanka á kauphöllinni í Khöfn, og þau stóðu óbreytt til 1. febr. í 31—34%, og verðsveiflurnar voru litlar, ekki meiri en venjulega á sér stað.

Hlutabréfin féllu ekki fyrr en 1. febr.; það er líka vitanlegt, að þannig hafa þau fallið áður og sveiflast upp og niður; en á þessu tímabili féllu þau ekki fyrri en þennan dag, og fóru þá lægst í 24%, en það fall bar vott um, að órói var á ferðinni. Þetta gat bankastj. Íslandsbanka vitanlega ekki séð fyrir, svo að það var ekkert undarlegt, þó að hún svaraði fyrirspurn um bankann 6 dögum áður á þann hátt, sem hún gerði.

Annars er það nú svo, að vegna lánstrausts erlendis í framtíðinni er eingöngu litið á það, hvort nú verður staðið í skilum á erlendum skuldum eða ekki. Það verður ekkert athugað um aðdraganda málsins. Ég hygg, að það verði engri bankastjórn ámælt fyrir það, þó að hún segi, að allt sé með kyrrum kjörum í sínum banka, meðan annað liggur ekki ljóst fyrir. En allt veltur á því, hvort hægt er að standa í skilum við útlenda lánardrottna.

Það er auðvitað, að þær uppástungur, sem fram hafa komið til endurreisnar bankanum, eru byggðar á því, að bankinn standi sjálfur í skilum við lánardrottna sína erlendis.

Hvort Íslandsbanki hafi stutt lánstraust landsins erlendis, má vitanlega þrátta um, en hinu er ekki hægt að mótmæla, að Íslandsbanki hefir verið verkfæri til þess að útvega atvinnuvegunum 10—11 millj. kr. erlendis, og þessu fé verður að skila þangað aftur. En sá afgangur, sem kann að verða í vanskilum, verður óhjákvæmilega til þess að spilla lánstrausti landsins og áliti út á við.

Að því er snertir þau ummæli, sem ég hafði eftir bankastjórum Landsbankans, þá ætla ég ekki að endurtaka þau, en geri ráð fyrir, að skrifararnir hafi náð þeim réttum, en ef það hefir ekki verið, þá verða þau leiðrétt. Ég notaði ekki það orð, að þeir hefðu talið „sjálfsagt" að endurreisa Íslandsbanka. Það orð geta bankastjórar Landsbankans vitanlega ekki notað að órannsökuðu máli og meðan ekki er vitað um, á hvaða grundvelli endurskoðunin er gerð. En bankastjórarnir lögðu mikla áherzlu á, að nauðsynlegt væri að endurreisa Íslandsbanka.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. minntist á, þá höfum við Sjálfstæðismenn ekkert á móti því, þó að þetta mál verði aftur tekið á dagskrá á miðvikudag, jafnvel þótt ekki verði komið nál. nema frá meiri hl. n.

Forseti (GÓ): Ég skal, út af því, sem sagt var nú síðast, taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu taka þetta mál á dagskrá á miðvikudag, þó að ekkert álit verði þá komið um það frá minni hl. n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Björn Kristjánsson: Þá verð ég að biðja hv. þd. að bæta 2 mönnum við í fjhn. í þessu máli. Ég vona, að hv. þd. sjái, að það er ekki sanngjarnt, að ég, gamall maðurinn, sé einn í minni hl. í n., og ég treysti mér ekki til þess.

Forseti (GÓ): Mér finnst satt að segja

ekki taka því að skipa 2 menn í viðbót við fjhn., þegar ekki er um lengri starfstíma að ræða. Annars get ég fyrir mitt leyti látið það eftir, ef hv. þd. er því samþykk.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. G.-K. um að bæta við fjhn. 2 mönnum til að eiga hlut í meðferð þessa máls, samþ. með 7:5 atkv.

Kosnir voru hlutfallskosningu og án atkvgr.:

Jón Jónsson, af A-lista.
Jón Þorláksson, af B-lista.

Á 29. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 126 og 128).

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Svo sem sjá má af nál. á þskj. 126, þá vill meiri hl., að frv. verði samþ. Íslandsbanki er nú lokaður og hefir tilkynnt stj. og þingi, að hann sjái sér ekki fært að opna aftur, nema ríkið taki ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Nú hefir Alþingi, eins og kunnugt er, neitað að verða við þeirri kröfu bankans, a. m. k. að svo stöddu máli. Till. um að endurreisa bankann á þennan hátt var felld í hv. Nd. með miklum atkvæðamun. Hér í þessari deild er um enga slíka till. að ræða, og þess vegna horfir málið að því leyti öðruvísi við. Hér er aðeins um að ræða löggjöf til þess að vernda bankann fyrir því, að einstakir lánardrottnar hans leggi löghald á eignir bankans; sömuleiðis löggjöf um það, að ríkið ábyrgist seðla bankans, þá er í umferð eru, og undirbúi skiptameðferð bankans á sem skynsamlegastan hátt. Meiri hl. telur rétt að undirbúa, með samþykkt frv. í dag, að hægt sé að afgreiða það til fullnustu frá þinginu í skjótri svipan, ef þörf krefur. Hitt er aftur á móti álitamál, hvort hraða skuli fullnaðarafgreiðslu málsins svo sem þingsköp frekast leyfa, eða draga endanlega afgreiðslu málsins úr deildinni, þar til bankamatið er búið. Úr því sem komið er, tel ég það ekki skipta svo miklu máli að hespa málið af, fyrr en þá einhver ný hætta kemur fram. Ég gæti svo í rauninni látið hér með máli mínu lokið, nema frekara tilefni gefist.

Saga Íslandsbanka hefir verið sannkölluð raunasaga síðasta aldarfjórðungsinn. Ríkið veitti honum í upphafi þau mestu fríðindi, sem það gat fjárhagslega, seðlaútgáfuréttinn. Síðan hefir það tvisvar hlaupið undir bagga með bankanum. 1921 útvegaði það honum enska lánið, sem var mesta ókjaralán, og var það einkum notað til þess að greiða skuldir bankans erlendis, en varð þar á móti ekki til að auka rekstrarfé í landinu. 1926 hljóp ríkið enn undir bagga með bankanum og útvegaði honum dollaralánið, og landsfólkið sýndi bankanum það traust, að trúa honum fyrir sparifé sínu, þótt það uppskeri nú ekki annað en eiga á hættu að tapa meira eða minna. Ennfremur hefir það komið í ljós, að bankinn hefir ekki verið fær um að standa við skyldu sína um seðlainndráttinn, og hefir hvað eftir annað orðið að fá undanþágu frá lögunum. Á hinn bóginn hefir rekstrarfé bankans stórum minnkað og starfsemi hans yfirleitt gengið mjög saman. Yfirleitt virðist stj. bankans á þessum árum hafa verið mjög ábótavant, og verðskuldar sízt traust manna. Það virðist því lítið æskilegt, að ríkið fari nú að blanda sínum fjárreiðum saman við fjárreiður bankans meira en orðið er. Skellurinn nógur samt. Ef til vill tekst að útvega ný og betri skilyrði fyrir rekstri bankans; ég virði viðleitni þeirra manna, sem að því vinna. Um þau skilyrði er enn ekki hægt að ræða.

Skal ég svo láta staðar numið að þessu sinni og óska, að málið verði látið ganga til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég get tekið undir með hv. frsm. meiri hl., að þar sem ekki liggja fyrir aðrar till. um meðferð bankans, þá sé engin ástæða til langra umr. að svo stöddu. Ég get fyrir mína hönd og minni hl. látið nægja að vísa til nál., þar sem lagt er til að fresta endanlegri samþykkt þessa frv., meðan skoðun bankans er ólokið og verið er að undirbúa aðra meðferð á bankanum en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég get þakkað hv. frsm. meiri hl. fyrir undirtektir hans um það, að afgreiða ekki málið endanlega, meðan skoðun bankans stæði yfir. Hann tók ekki afstöðu á

móti því, og lét það skína í gegn, að ef ekkert nýtt kæmi í ljós, þá hefði hann ekkert við það að athuga, þótt afgreiðsla málsins drægist svo sem tveim dögum lengur en þingsköp heimila skemmst.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða um þetta meira að sinni, en vil aðeins drepa á eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég hygg, að ekki hafi verið rétt með farið. Hann sagði, að bankinn hefði tilkynnt stj., að hann sæi sér ekki fært að opna nema því aðeins, að ríkið tæki fulla ábyrgð á honum. Ég held, að engin slík tilkynning hafi komið fram. Bankinn sendi landsstj. tvennar till., og sú till., sem lengra gekk, var slíks efnis, sem hv. frsm. gat um. En jafnframt var þess látið getið, að bankaráðið gæti hugsað sér aðrar leiðir til viðreisnar bankanum. Ég skal að öðru leyti láta þetta nægja að sinni, en samkv. nál. getum við ekki greitt atkv. með þessu frv. að svo stöddu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það var eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. við 1. umr., sem ég hefi sérstaka ástæðu til að minnast á, einkum vegna þess, að flokksblöð hans hafa birt þau ummæli hv. þm. og reynt að gera sér mat úr. Það, sem ég á við, er sú yfirlýsing hv. þm., að tveir af bankastjórum Landsbankans hefðu gefið þá yfirlýsingu í samtali við landsstj., að nauðsynlegt væri að endurreisa Íslandsbanka, og að þriðji bankastjórinn hefði ekki andmælt þessu. Nú er þessu máli svo háttað, að stj. hefir að vísu átt samtal um þetta mál við landsbankastjórnina, en niðurstaðan hefir orðið sú, að ekki skyldi birta neitt af því, sem þar hefir fram farið, og ekkert er bókað af því. Ég vil þess vegna spyrja hv. 3. landsk.: Hvaðan hefir hann þá fullyrðingu, að bankastjórarnir hafi lýst þessu yfir? Þegar ég hefi fengið svar við þessari spurningu, þá mun ég ræða þetta mál frekar við hv. þm.

Jón Baldvinsson: „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það". Fyrst komið er hér fram með fyrirspurn, sem ekki snertir Íslandsbankafrv. sérstaklega, langar mig til að koma hér fram með eina fyrirspurn, eða helzt tvær. Önnur þeirra er til hæstv. fjmrh. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann, ríkisstj. eða flokkur þeirra, í sameiningu við Íhaldsflokkinn, hefir látið það boð út ganga, að hæstv. stj. væri tilbúin að láta 3 millj. króna fara til Íslandsbanka að vilja og yfirlýsingu meiri hl. Alþingis, ef loforð fengist hjá innieigendum í Íslandsbanka um hlutafé, er tekið væri af innieign þeirra?

Ég myndi ekki hafa farið út í þetta nú, ef hv. 3. landsk. hefði ekki við 1. umr. þessa máls komið fram með ýmsa þá hluti, sem sumpart var orðrómur og sumpart trúnaðarskeyti milli sendiherra og stjórnarinnar. Hinsvegar sleppti hv. 3. landsk. þeim skeytum, sem pössuðu ekki í kramið hjá honum. En það þykir lítið betra en að segja ósatt, að sleppa nokkru því, sem segja þarf. Það er því ekki úr vegi að spyrja hv. 3. landsk., hvernig þau símskeyti hljóðuðu, sem einstakir menn úr bankaráðinu hafa nýlega sent til Sveins Björnssonar sendiherra, sem hann svo svarar með skeytinu, sem lesið var upp við 3. umr. í Nd. Það væri ágætt, ef hv. 3. landsk. læsi þetta skeyti líka, fyrst hann er svo óbágur á það að lesa þau skeyti, sem borizt hafa í þessu máli. Ég óska gjarnan, að hæstv. ráðh. og hv. þm. svari báðum þessum fyrirspurnum.

Ég ætla ekki að fara að tala hér fyrir hönd n. Það hefir hv. frsm. meiri hl. gert. Mun ég svo greiða þessu frv. atkv. við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. fjmrh. spurði, hvaðan ég hefði það, sem ég hafði eftir stj. Landsbankans við 1. umr. Ég get ekki sagt honum nema það, að ég hefi það ekki eftir neinum bankastjóranna, en annars fær hann ekki að vita um mína heimild. Hafi ég hér ekki farið með rétt mál, verður að kalla bankastjórana til vitnis um það, hver sé þeirra skoðun á þessu máli.

Nú hefir hv. samþm. minn, 4. landsk., borið upp fyrirspurn fyrir mér, sem mér þykir leiðinlegt að geta ekki svarað til fulls, því ég hefi ekki við hendina það skeyti. Ef ég skil hv. samþm. minn rétt, hvað hann á við, vill hann fá að heyra símskeyti, sem sendiherra vorum í Kaupmannahöfn hefir verið sent frá bankaráðinu. En svarskeyti við því hefir víst verið

lesið upp við 3. umr. í Nd. Ég var ekki við þá umr. í Nd. og veit því ekki, hvaða skeyti hafa verið lesin upp þar, nema hv. samþm. minn vilji gefa mér upplýsingar um það. Hið eina skeyti, sem ég veit til, að hafi verið afhent frá bankaráðinu til minni hl. n. í þessu máli í Nd., var svar upp á fyrirspurn um það, hvort afgreiðsla þessa frv. frá Nd. eða endanleg afgreiðsla þess úr þingi myndi spilla fyrir forgangshlutafjársöfnun. Ég veit ekki, hvort það er þetta skeyti, sem hv. 4. landsk. vill fá að vita um. Ég hefi ekki þetta skeyti og get því ekki lesið það. Þingmenn úr stjórnarflokknum hafa lesið það og geta borið um það, að fyrirspurnin er algerlega hlutlaus. — Hefi ég svo ekki meira að segja út af þessari fyrirspurn.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Ég ætla að vera stuttorður út af því, sem hv. 3. landsk. sagði, að ég hefði ekki farið rétt með, að Íslandsbanki hefði tjáð ríkisstj., að hann gæti ekki opnað, nema ríkið tæki ábyrgð á öllum skuldum hans. Ég veit ekki til, að annað plagg hafi verið lagt hér fram frá Íslandsbanka en bréf bankastj. til fjmrh., dagsett 3. febr. En þar stendur m. a.:

„Af þeim ástæðum, sem að framan eru taldar, vill bankaráð Íslandsbanka fara þess á leit við ríkisstjórnina:

Aðallega: Að ríkisstjórnin leiti heimildar Alþingis til þess að takast vegna ríkissjóðs á hendur samskonar ábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka, sem ákveðin er Landsbankanum til handa í 1. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, og til þess vegna ríkissjóðs að ábyrgjast fyrir bankann rekstrarlán, að upphæð allt að einni og hálfri millj. króna.

En til vara: Að ríkisstjórnin leiti heimildar Alþingis til þess að takast vegna ríkissjóðs á hendur ábyrgð á greiðslu innlánsfjár og annars innstæðufjár í hlaupandi viðskiptum við Íslandsbanka, eins og það er á hverjum tíma, og til þess vegna ríkissjóðs að ábyrgjast fyrir bankann rekstrarlán, að upphæð allt að einni og hálfri millj. króna".

Og síðan stendur svo:

„Ef hinsvegar eigi er unnt að fá þá aðstoð handa bankanum, sem hér ræðir um, sér bankaráðið, því miður, engan veg til þess að komast hjá, að bankanum verði lokað frá og með deginum á morgun".

Nú hafa farið hér fram umr. um þetta mál og hv. 3. landsk. hefir talað hér af hálfu bankaráðs og lýst yfir því, að hið eina, sem tryggt væri fyrir bankann, væri það, sem bankastj. fór fram á í bréfi sínu, og að hann þyrði ekki að segja, að það, sem farið var fram á til vara, væri nægilegt, og er það þó mikið fé. Þar var sem sé farið fram á ríkissjóðsábyrgð á greiðslu alls innstæðufjár í hlaupandi viðskiptum og leggja til mikið rekstrarfé.

Ég get nú ekki betur séð en ef þetta hefði verið gert, hefði það þýtt það sama og ríkið tæki ábyrgð á öllum skuldum bankans. Hv. þm. sagði líka, að þetta myndi varla nægja. Þess vegna get ég ekki séð, að það sé mikið missagt hjá mér, að Íslandsbanki sæi sér ekki fært að opna, nema tekin væri ábyrgð á öllum skuldum hans.

Fjmrh. (Einar Árnason): Út af fyrirspurnum frá hv. 4. landsk., sem mér skildist vera á þá leið, hvort loforð væri fyrir hendi frá stj. og Framsóknarfl. um það, að beita sér fyrir því, að Íslandsbanka væru veittar 3 millj. kr. innskotsfé, vil ég taka það fram, að ekkert þesshátt liggur fyrir, hvorki frá stj. eða Framsóknarfl.

Mér sýnist engin deila þurfi að verða milli okkar hv. 3. landsk. út af því, sem ég spurði hann um. Svar hans nægir mér. Hann hefir sagt, að hann hafi það ekki frá bankastj., og ég veit, að hann hefir það ekki frá ríkisstj. Þess vegna getur þessi fullyrðing hv. 3. landsk. fallið niður sem marklaust hjal. Ég hefi minnzt á þetta hér vegna þess, að það var tekið fram í ræðu hans um daginn, að stj. hefði leitað upplýsinga, sem hún hefði átt að gefa þinginu, sem ekki var ástæða til, að hann hefði þurft að hafa fyrir að gefa.

Stj. hefir engu leynt, því hún hefir aldrei lagt þessa spurningu fyrir stj. Landsbankans, og hún því aldrei svarað henni. Ég geri ráð fyrir, að leita megi til landsbankastj. og hún muni fullkomlega viðurkenna það, sem ég hefi sagt hér.

Jón Baldvinsson: Við eigum eftir eina umr. um þetta mál, og verður þá, ef til

vill, komið betur að skeytunum, fyrst hv. 3. landsk. er ekki viðbúinn að láta það koma fram nú.

Hæstv. fjmrh. hefir svarað fyrirspurn minni skýlaust, að hvorki er af hendi hæstv. stj. eða Framsóknarfl. lofað að leggja fram 3 millj. kr. hlutafé. En ég veit fyrir víst, að Íhaldsmenn ganga með þau skilaboð frá einhverjum þingmeirihluta, að ef þeir geti náð inn vissum hluta sparisjóðsfjár sem hlutafé í bankanum, sé óhætt að treysta því, að ríkið leggi fram 3 millj. kr. Þetta, sem hlutafjársöfnunin byggist á, er þá alveg rakalaust.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Út af því, sem hv. 4. landsk. minntist á, að flutt væru þau skilaboð til manna, að óhætt væri að treysta því, að ríkissjóður legði fram 3 millj. kr. í hlutafé, vil ég segja það, að ég hefi ekki orðið var við það. Hitt veit ég, að farið hefir verið fram á það við menn að lofa forgangshlutafé, að því tilskildu, að ríkissjóður leggi fram tiltekna upphæð. En það er annað. Það er munur að stofna til fjársöfnunar meðal einstaklinga, sem binda loforð sín vissu skilyrði.

Út af orðum hæstv. fjmrh. þarf ég lítið að segja. Ég hefi mína vitneskju ekki frá bankastj., en þar sem 6 menn eða fleiri sitja á fundi, geta auðveldlega borizt fréttir þaðan, og ég hygg, að ég hafi farið rétt með þær.

Ég hefi ekki sagt, að ríkisstj. hafi lagt þá spurningu fyrir landsbankastj. Hitt hefi ég sagt, að að gefnu tilefni hafi landsbankastj. látið þessa skoðun sína í ljós.

Svo ítreka ég það, sem ég sagði um landsbankastj. áðan, og veit, að rétt er frá því skýrt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:4 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 7:5 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:5 atkv.

Á 41. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 94, 216, 220).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 220. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv., sem nú er hér til umr., hefir beðið nokkra stund, og hefir það verið með vilja gert, til þess að frekar væri hægt að átta sig á þessu máli. Sérstaklega var það nauðsynlegt, þar sem rannsókn á bankanum var látin fara fram, að beðið væri eftir því, hver niðurstaðan yrði af þeirri rannsókn. En eftir að sú niðurstaða var fengin, var líka nauðsynlegt, að þm. fengju ráðrúm til þess að athuga málið og reyna að finna einhverjar þær leiðir, sem líklegastar væru til samkomulags og mættu jafnframt verða til þess, að sem minnst tjón hlytist af stöðvun Íslandsbanka.

Nú hefi ég leyft mér að bera hér fram nokkrar till. sem tilraun frá minni hendi til að leysa málið. Það hafa í rauninni flestir eða allir verið sammála um, að nauðsyn bæri til að hér væri starfandi banki í landinu við hliðina á Landsbankanum, sem þá einkum og sér í lagi hefði það hlutverk að styðja sjávarútveginn, og jafnframt verzlun og iðnað.

Þegar Íslandsbanki hætti störfum nú fyrir rúmum mánuði síðan, lá sú spurning fyrir, hvort ætti að endurreisa hann í þeirri mynd, sem hann var, eða stofna nýjan sérstakan banka. Þessa spurningu var ekki hægt að leysa í skyndi, sem ekki var von, vegna þess að það bar svo bráðan að, og því ekkert undarlegt, þó að nokkur tími gengi í að athuga það frá ýmsum hliðum og fá á því sem bezta lausn.

Viðvíkjandi þessum till., sem ég flyt hér, hefi ég kosið þá leið, að bera þær ekki fram sem sérstakt frv., heldur sem brtt. við það frv., sem nú er hér á dagskrá. Gerði ég það vegna þess, að ég áleit, að það væri greiðari lausn á málinu, svo framarlega sem menn gætu fallizt á þá stefnu, sem kemur fram í þessum till. í aðalatriðum.

Þessar till. byrja með því að ákveða, að hér sé stofnaður sérstakur banki, sem heiti Sjávarútvegsbanki Íslands, og fyrirkomulag hans sé það, að hann verði hlutafélagsbanki. Í þeim kafla till., sem fjallar um þessa nýju bankastofnun, er nokkru nánara farið inn á starfssvið hans

og fyrirkomulag. Það er ákveðið, að ríkissjóður leggi honum til 1½ millj. kr. í starfsfé, og þar að auki sé leitað fyrir um hlutafé til bankans, sem geti numið allt að 1 millj. kr.

Nú getur vel komið til mála, þó að ekki sé það tekið fram í till., að fleiri aðiljar komi þarna til sögunnar, og ég fyrir mitt leyti mun vera fús til að taka til greina till. um það, sem fram kynnu að koma.

Þessum banka er svo ætlað að reka alla venjulega bankastarfsemi, taka við fé með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning, kaupa og selja víxla og ávísanir og veita lán gegn ýmsum tryggingum.

Stjórnarfyrirkomulag þessa hlutafélags er þannig, að hluthafar kjósa fulltrúaráð, sem svo aftur ákveður bæði tölu bankastjóra og hverjir þeir skuli vera.

Svo er og ákvæði um það, að þessi nýi banki skuli njóta sömu hlunninda og Landsbankinn.

Að öðru leyti skal ég ekki fara nánar út í þetta, því ég þykist viss um, að hv. dm. hafa kynnt sér till., sem fyrir liggja.

Þá kemur 2. kafli um Fiskiveiðasjóð, þar sem atvmrh. er heimilað að semja við þennan banka um að taka að sér rekstur á Fiskiveiðasjóði, sem væntanlega mundu verða samin lög um hér á þinginu.

Næst kemur þá 3. kafli till., sem snýr aðallega að Íslandsbanka. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi Íslandsbanka til 3 millj. í forgangshlutafé, og að það sé greitt af láni því, sem Íslandsbanki hefir frá ríkissjóði, enska láninu. En til þess að ríkissjóður leggi fram þetta hlutafé, þá þurfa að vera viss skilyrði fyrir hendi, og þau skilyrði eru tekin fram í 12. brtt., og er hún um það, að lagt verði fram a. m. k. 1½ millj. kr. í forgangshlutafé af fjársöfnun, sem hafin hefir verið innanlands. Eins og kunnugt er, hefir af hálfu Íslandsbanka verið hafin fjársöfnun hér í landi, til þess að leggja inn hlutafé í bankann, til að koma honum á stofn aftur.

Ég sé ekki ástæðu til annars en að taka vel á móti því, að sparifjáreigendur vilja leggja fram fé til þess að starfrækja bankann, og með því tryggja sína innieign að einhverju leyti. Og þess vegna er ástæða til þess að taka þetta fé í þjónustu þess, að hægt sé að reka bankastarfsemi á sviplíkum grundvelli og hefir verið gert af Íslandsbanka.

Þá er í öðru lagi það skilyrði, að viðunandi samningar fáist við aðalskuldheimtumenn Íslandsbanka um greiðslu á innieign þeirra í bankanum.

Þegar svo þessi skilyrði öll eru fyrir hendi, þá er gert ráð fyrir því í 14. brtt., að Íslandsbanki renni inn í Sjávarútvegsbankann, og að Sjávarútvegsbankinn taki við eignum hans, skuldum og ábyrgðum og komi að því leyti í stað Íslandsbanka.

Þá er 15. brtt., sem heimilar fjmrh. að setja um stund a. m. k. takmörkun á því, að Sjávarútvegsbankinn þurfi að greiða út innstæðufé það, sem er í Íslandsbanka. Ég skal játa, að þessi till. getur orkað tvímælis. Hér verða menn að meta, hvort nauðsyn sé á að fyrirbyggja áhættu eða ekki, og má vel vera, að menn eigi dálítið erfitt með að segja um það fyrir víst, hvort nokkur áhætta sé að opna bankann án þess að setja þessar takmarkanir. Ég læt þessa till. koma fram, en vænti þess, að athugað verði undir meðferð málsins, hvort rétt sé að láta hana standa eða ekki.

Þá er 16. brtt. Þar eru nánari fyrirmæli um þetta forgangshlutafé, þegar Íslandsbanki rennur inn í Sjávarútvegsbankann, og jafnframt, hvernig fara skuli sérstaklega um Íslandsbanka þá um leið.

Ef nú þau skilyrði, sem hér er talað um í þessum till., verða ekki fyrir hendi, þá kemur 4. kafli, sem er það frv., sem nú liggur hér fyrir, og sem þá gengur í gildi, og fara þá fram skipti á búi Íslandsbanka.

Nú hefði ég kosið, að ekki þyrftu að verða sérstaklega langar umr. um þetta mál að þessu sinni, af því að ég vil óska eftir því, að sú n., sem hefir haft þetta frv. til meðferðar, vildi taka þessar till. til athugunar. Ég skal taka það fram, að ég er fús til þess að ræða við n. um málið, ef hún óskar þess, og að athuga allar þær brtt., sem kynni að verða stungið upp á viðvíkjandi þessum till. mínum. Vitanlega get ég ekki gengið inn á röskun á þeim í aðalatriðum, en sem sagt er ég fús til samvinnu um að leysa málið, eftir því sem mönnum bezt getur komið saman um.

Ég hefði helzt kosið, að n. gæti nú þegar tekið málið til athugunar, og þó að hún lyki því ekki í kvöld, gæti hún aftur tekið til starfa í fyrramálið, svo að málið gæti komið hér til framhaldsumr. á morgun.

Ég vildi því leggja það til við hæstv. forseta, að þegar menn hafa talað, ef einhver vill tala nú, verði umr. frestað, og till. vísað til fjhn.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeim uppástungum um meðferð málsins, sem hæstv. fjmrh. hefir borið fram, og finn ekki að mínu leyti ástæðu til þess að fara út í umr. um einstök atriði þess, fyrr en þá að lokinni athugun nefndarinnar.

Forseti (GÓ): Eftir beiðni hæstv. fjmrh. tek ég málið út af dagskrá og fresta umr., og verða brtt. afhentar hv. fjhn. Er þess vænzt, að n. ljúki athugun þeirra svo fljótt sem unnt er.

Á 43. fundi í Ed., 5. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 94, 216, 220, 225).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 225. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Nefndin, sem kosin var í þetta mál við 1. umr. þess hér í d., hefir nú tekið þetta frv. til athugunar á ný, ásamt brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 216. Meiri hl. n. lítur svo á, að eftir atvikum megi teljast mjög vel leyst úr þessu mesta vandamáli þingsins, ef brtt. hæstv. fjmrh. verða samþ. í aðalatriðunum, því að þá má ef til vill svo fara, að þetta mikla ólán, sem henti þjóðina með hruni Íslandsbanka, verði einmitt til þess að flýta fyrir því, að komið verði upp sæmilegri lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, hliðstæðri við þá, sem komið hefir verið upp fyrir landbúnaðinn. Vil ég þá segja, að þjóðin hefði lyft einu heljartaki, ef hún á sama kjörtímabili stofnar heilbrigða banka fyrir báða aðalatvinnuvegi landsins.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem meiri hl. n. hefir leyft sér að koma fram með á þskj. 225, við brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 216. Þessar brtt. meiri hl. n. eru flestar örsmáar. Á sama þskj. eru líka nokkrar fleiri brtt., en þær eru frá einstökum mönnum, sem munu gera grein fyrir þeim.

Þá er fyrsta brtt. meiri hl. n. á þskj. 225, hin 4. í röðinni, við 6. gr. Þar er lagt til, að aftan við gr. bætist, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnskjótt og fullnægt er skilyrðum þeim, er ræðir um í 12. gr., sbr. 14. gr., eða liðinn er sá tími, sem fjármálaráðherra hefir ákveðið samkvæmt 17. gr. til uppfyllingar þeim skilyrðum“.

Það er m. ö. o., að þarna er verið að ákveða það, að fyrsti fundur fulltrúaráðsins, sem fjmrh. boðar til og sem kallaður er aðalfundur í 6. gr., skuli ekki vera haldinn fyrr en gengið hefir verið úr skugga um það, hvort skilyrðum þeim, sem 12. gr. setur fyrir framlögum ríkisins til Íslandsbanka, verður fullnægt eða ekki, svoleiðis að hinir nýju hluthafar, sem verða þá í Íslandsbanka, komi til að mæta á þessum fyrsta aðalfundi Sjávarútvegsbanka Íslands og hafa þar óskertan atkvæðisrétt. Ég býst við, að þetta hafi átt að felast í till. hæstv. fjmrh., en n. þótti réttara að setja þetta til skýringar, svo að það orkaði ekki tvímælis, að strax á þessum fyrsta fundi ættu hinir nýju fulltrúar að hafa atkvæðisrétt.

Þá kemur næst örlítil breyt. við 8. gr., þar sem talað er um fyrsta hluthafafund félagsins. Er þessi brtt. aðeins borin fram til þess að samræma 8. gr. við 6. gr., þar sem fyrsti fundur er nefndur aðalfundur.

Næst kemur svo breyt. við 12. gr., í tveim stöðum. Á fyrri staðnum er aðeins orðabreyt., það er gert ráð fyrir, að orðin „aðalskuldheimtumönnum“ og „aðalskuldheimtumanna“ falli burt, en „aðallánardrottnum“ og aðallánardrottna“ komi í staðinn. Þetta er engin efnisbreyt., en hitt þótti aðeins betur fara. Svo er önnur brtt., við b-lið sömu gr., þar er gert ráð fyrir, að aftan við liðinn bætist: Af þessari upphæð fari þó forgangshlutafé ekki fram úr 1¼ millj. kr. Þetta er gert til þess að tryggja það, að ríkissjóður komi þó eftir þessu til að eiga alltaf meiri hl. hlutafjár í þessum nýja banka.

Samkv. 2. gr. er gert ráð fyrir, að hluta-

fé Sjávarútvegsbankans geti verið 2½ millj. kr., af því eigi ríkissjóður 1½ millj., og samkv. 11. gr. 3 millj., eða samtals í þeim sameinaða banka 4½ millj. En samkv. 2. gr. og a-lið 12. gr. geta einstakir, innlendir hluthafar átt 2 millj., og samkv. b-lið brtt. geta útlendir lánardrottnar átt 1¼ millj., ef brtt. n. kemst að. Aðrir en ríkissjóður geta því í þeim sameinaða banka ekki átt meira hlutafé en 4¼ millj. alls. Það er því tryggt, að ríkissjóður hlýtur alltaf að hafa meiri hl. hlutafjárins, en það teljum við, að nauðsynlegt sé, til þess að ríkissjóður geti alltaf ráðið mestu um starfsemi bankans.

Svo eru lítið fleiri brtt. frá meiri hl. n. Það stendur við 8. brtt., að hún sé frá meiri hl. n., en ég er ekki í þeim meiri hl., lét það atriði hlutlaust í n. og tala þess vegna ekki fyrir henni.

Út af 16. gr. skal ég geta þess, að í brtt. hæstv. fjmrh. hefir sýnilega orðið prentvilla, þar sem stendur 13. gr., en á að vera 14. gr., sem sjálfsagt verður lagfært í prentun.

Svo er síðasta brtt. Hún er aðeins til að orða það svolítið skýrar, sem felst í síðustu málsgr. 16. gr. Vona ég, að mönnum verði það ljóst, að þar er gert ráð fyrir að fella niður orðin: „fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um endurkaup víxla í sambandi við seðlainndrátt Íslandsbanka“, en í stað þessa komi orðin: „Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt“. Hugsuninni er ekki raskað með þessu, þetta er aðeins sett skýrara fram en annars væri.

Þá hefi ég ekki meira að segja fyrir hönd n., en ætla að bæta við nokkrum orðum frá eigin brjósti.

Ég hefi heyrt ýmsa menn halda því fram, að stj. og þingið ætti ámæli skilið fyrir það, hve seint hefði gengið að afgreiða þetta mál. En ég vil halda því fram, að þegar allir málavextir eru athugaðir, sé það augljóst, að þessar ásakanir eru óréttmætar. Tíminn mun leiða það í ljós, að stj. og þing hefir sýnt röggsemi í þessu máli og tekið það föstum tökum. Ég lít svo á, að það hefði verið alveg óforsvaranlegt gáleysi af þinginu, hefði það samþ. till. þær, sem komu í þessu máli frá stjórnarandstæðingum í Sþ. og Nd., því að með samþykkt þeirra hefði ríkið eiginlega tekið á sig fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, án þess að nokkur nýtileg rannsókn hefði farið fram á hag hans.

Með því að fella þessar till. var þrýst á þá, sem hagsmuna áttu að gæta í bankanum, að þeir legðu fram fé til stuðnings honum. Árangurinn er hið nýja hlutafé. Hinsvegar var skylda að gera sitt til, að fljótlega væri hægt að afgreiða lög til verndar bankanum, ef á þyrfti að halda, er þá segðu einnig fyrir um skipti á búi hans, ef til þess þyrfti að koma, eins og fyrst leit út fyrir.

Meðan þetta frv. var á leiðinni gegnum þingið, hefir stj. unnið kappsamlega að því að láta þetta mál fá sem bezta lausn. Þetta er stórmál og í fyrsta sinn, sem það kemur fyrir hér á landi, að banka sé lokað, svo að það er eðlilegt, að heppileg lausn þess taki nokkurn tíma. Áhuga sinn hefir stj. fyrst og fremst sýnt með því að láta rannsaka bankann svo ítarlega sem kostur var á stuttum tíma, og með því að að lokinni rannsókninni og fenginni vitneskju um undirtektir lánardrottna bankans að undirbúa þessa merkilegu löggjöf, sem hér liggur fyrir. Auðvitað hafa fleiri unnið vel að þessu en stj. ein. T. d. er mér kunnugt, að hv. þm. V.-Ísf. hefir lagt sig alveg sérstaklega vel fram til að leysa þetta mál í samvinnu við hæstv. stj. Árangurinn af öllu þessu starfi tel ég mikinn, sérstaklega þar sem hér liggur fyrir vísir að heilbrigðum og myndarlegum banka fyrir annan aðalatvinnuveg landsins. Og ef það heppnast að koma bankanum upp, þá held ég, að lítið verði úr þessum ásökunum, sem ég gat um, þegar frá líður.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Við eigum nokkrar brtt. á þskj. 225, ég og hv. 1. þm. G.-K., og ætla ég að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum orðum. En áður en ég kem að brtt., vil ég þakka hæstv. stj. fyrir þá breyttu afstöðu, sem hún hefir tekið, þar sem hún kemur nú fram með þessar brtt. á þskj. 216, sem að forminu til eru bornar fram sem brtt. við frv. um að taka bankann til skiptameðferð-

ar, en að efninu til eru sjálfstæðar till. um það, að halda starfsemi bankans áfram á endurbættum grundvelli.

Það er nú svo, að síðan þetta mál var fyrst til umr. í þinginu um það leyti sem Íslandsbanka var lokað, hefir verið unnið að því að byggja upp nýjan grundvöll bankanum til endurreisnar. Sá undirbúningur hefir sumpart verið með samningaumleitun erlendis við aðalskuldheimtumenn bankans og sumpart innanlands bæði með hlutafjársöfnun og á annan hátt.

Ég skal ekkert um það sakast, þó að fengizt hafi svigrúm til að byggja upp þann grundvöll, sem ekki var fyrir hendi fyrstu dagana eftir lokun bankans. En till. hæstv. fjmrh. koma nú fram í öðru formi en þeir menn hugsuðu sér, sem unnu mest að því að byggja þennan grundvöll, sem ég nefndi. En ég ætla að vona það og treysta því, á meðan ég sé ekkert annað fram komið, að stj. sjái svo um, að þær breyt. á formshliðinni á endurreisn bankans, sem fylgja þessu frv., verði á engan hátt til þess, að neitt missist af því, sem búið var að byggja upp sem grundvöll fyrir endurreisn bankans.

Þá ætla ég aðeins að víkja að brtt. okkar tveggja, sem ég nefndi og standa á þskj. 225 innan um brtt. meiri hl., og er þannig hægt að fylgja röðinni á þskj. við atkvgr.

Fyrsta brtt. okkar er um nafn bankans. Okkur sýnist ekki hentugt, að hann heiti Sjávarútvegsbanki. Til þess liggja tvær ástæður. Fyrst er sú, að þetta nafn er þrengra en sá tilgangur, sem bankanum er markaður eftir till. hæstv. stj. eða fjmrh. í 1. gr., því að samkv. henni er það verkefni bankans sérstaklega að styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna. Í frv., sem nú liggur fyrir Nd., er stungið upp á nafninu Verzlunar- og útvegsbanki. Það nafn fer nær því að grípa yfir allt verksvið bankans. Hér við bætist svo það, að nafnið Sjávarútvegsbanki er óþægilegt út á við. Útlendingar geta hvorki borið það fram né skrifað það óbreytt. En ef farið verður að þýða það á erlend mál, verður það gert með orði, sem verður jafnvel enn þrengra en hið **íslenzka heiti. Við leggjum** til í aðaltill., að bankinn verði látinn heita Verzlunar- og útvegsbanki, en til vara Útvegsbanki Íslands, af því það heiti er miklu þægilegra í meðferð út á við og líka til þess, að útlendingar geti talað það og skrifað óbreytt.

Önnur brtt. okkar er við 2. gr. frv. Upphaf þeirrar gr. hljóðar þannig:

„Hlutafé félagsins (þ. e. Sjávarútvegsbanka Íslands) skal nema allt að 2½ millj. króna". Hér viljum við bæta við: „sbr. þó 11. og 12. gr., ef til kemur", en þar er gert ráð fyrir hlutafé allt að 6¼ millj. króna. Mér finnst ekki allur vafi tekinn af, ef 2. gr. er ekki breytt, því að þá lítur svo út, sem hámarkið sé 2½ millj., en nú getur innstæðufé orðið miklu hærra. Því er nauðsynlegt að vísa til 11. og 12. gr., en það skal ég játa, að þetta er meira forms- en efnisbreyt.

Þá er 7. brtt. á sama þskj. Hún er við 13. gr. frv. Þessi 13. gr. í frv. hljóðar svo:

„Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal afskrifað sem tapað og hlutabréf fyrir því felld úr gildi".

Okkur finnst varhugavert að setja þetta í frv. af ýmsum ástæðum; ekki svo mjög vegna þess, að við álítum, að það sé rangt að hlutafé sé tapað, en við álítum, að ekki hafi farið fram nein sönnunarpróf fyrir því, að það sé tapað, sem telja verður eðlilegt og sjálfsagt, að fari fram, áður en löggjöf um Íslandsbanka ákveður, að hlutabréf séu felld úr gildi. Það er mjög vafasamt, að okkar dómi, hvort ákvörðun eins og þessi án undangengins mats, sem gert er sérstaklega til að meta verð hlutabréfanna, muni geta staðizt fyrir dómstólunum. Það gæti farið svo, að einhver af gömlu hluthöfunum kærði það, að eignarréttur sinn væri brotinn. Þá yrði að sanna það, að þessi hlutabréf væru einskis virði og engin réttindi fylgdu þeim, en ég er í vafa um það, hvernig það færi fyrir dómstólunum. Það væri óþægilegt fyrir nýja bankann, ef það kæmi fyrir, að gamlir hluthafar gætu fengið sér tildæmdan þar atkvæðisrétt, eða rétt til þess, að hlutabréf yrðu verðlögð með mati, sem yrði að fara fram eftir að dómur væri fallinn. Skoðanir lögfræðinga á þessu munu vera **skiptar**, en ég ætla ekki að dæma um, **hvað** rétt er þar, en ég álít, að hér eigi að sjálfsögðu

að viðhafa þá varúð, að ekki sé teflt á tvær hættur.

En svo er annað atriði, sem ég legg þó meira upp úr. Ég held sem sé, að svona aðferð til að afskrifa þetta hlutafé kunni að vekja umtal um landið, sem getur orðið óþægilegt og jafnvel álitsspillandi. Þetta er óvenjuleg aðferð, að fella slík fjárréttindi úr gildi með lagaákvæði, án þess að hægt sé að vísa til mats lagaákvæðinu til stuðnings. Að vísu álíta þeir menn, sem standa kringum bankann, og þar á meðal ég, að þessi hlutabréf séu lítils eða einskis virði, en enginn okkar getur tekið ábyrgð á því, að hluthafarnir úti í löndum taki þetta mál ekki upp. Þeir geta haft sér til leiðbeiningar, hvað hátt hlutabréf þeirra stóðu á kauphöll áður en bankanum var lokað. Þá kemur það í ljós, að kauphallarverð á þessum hlutabréfum var í Kaupmannahöfn milli 24 og 40 danskar kr. fyrir 100 kr. að nafnverði. Og þá er ég nú hræddur um, að þessir hluthafar eigi bágt með að skilja þá ráðstöfun, að nú séu þessar eignir taldar einskis virði, án þess að færðar séu fram þær sannanir, sem venjulega er krafizt í slíkum tilfellum. Sú óánægja getur valdið blaðaskrifum, sem geta orðið leiðinleg fyrir landið og jafnvel álitsspillandi. Þar að auki lít ég svo á, að ef menn eru sannfærðir um, að hlutabréfin séu einskis virði, þurfi enginn að óttast, þó að farið sé hér að samkv. þeim reglum, sem annars eru látnar gilda bæði hér á landi og annarsstaðar, þegar kveða skal á um það, hvers virði einhver eign er, sem ætlazt er til, að menn láti af hendi.

Till. okkar hv. 1. þm. G.-K. eru tvær. Önnur er aðaltill., sem fer fram á, að verð hlutabréfa sé fært niður í sannvirði, að undangengnu mati. Ef komizt verður að þeirri niðurstöðu við matið, að hlutafé sé tapað, verður sannvirðið vitanlega núll. Varatill. fer fram á, að ríkisstj. taki hlutabréfin eignarnámi, einnig eftir mati. Í báðum þessum till. er ætlazt til, að farið sé við framkvæmd matsins eftir þeim lögum, sem gilda um þetta, nr. 61, 14. nóv. 1917. Ekkert mat, sem farið hefir fram á bönkunum, hefir verið gert eftir þeim reglum, sem í þeim lögum eru. Þar er þeim manni heimilað, sem eignarnámið er tekið hjá, að láta einhvern mæta fyrir sig við matið og á kost á að skýra mál sitt skriflega eða munnlega og kynna sér allt, sem fram kemur í málinu, eins og stendur í 3. gr. þessara laga. Ennfremur hefir hann þann rétt samkv. þessum lögum, að ef hann vill ekki una matinu, sem framkvæmt er af tveimur óvilhöllum mönnum, getur hann skotið því til yfirmats. Það er tvennskonar; annaðhvort venjulegt yfirmat, sem er skipað þremur óvilhöllum mönnum, eða sérstakt yfirmat, sem kallað er. Það á eftir lögum að fara fram, þegar um 10 þús. kr. upphæð er að ræða eða þar yfir. Þá menn nefnir landsyfirrétturinn, eða nú hæstiréttur. Það eru þrír menn, einn þeirra er oddamaður. Þessi lög um framkvæmd eignarnámsins eru mjög sæmileg fyrir þjóðfélagið, og ég álít á engan hátt varhugavert að fella þetta hlutafé úr gildi, ef mat, sem fram hefir farið eftir þessum lögum, kemst að þeirri niðurstöðu, að hlutabréfin séu einskis virði. Þá er það tryggt, að gömlu hluthafarnir geta ekki komið af stað neinu umtali um það, sem tekið verður til greina.

Ég skal taka það fram, að það er ekki vegna gömlu hluthafanna, að þessi brtt. er borin fram. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en þeir séu búnir að tapa hlutafénu fyrir fullt og allt og það komi í ljós við matið. En ástæðan er sú, að við viljum komast hjá öllu ámæli um það, að hér hafi verið farið að á annan hátt en þann, sem fyllilega sé samboðinn ríkinu.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 8. brtt., við 15. gr. frv., sem er þess efnis, að gr. falli burt. Hæstv. fjmrh. gat þess í framsöguræðu sinni, að hann hefði verið í vafa, hvort rétt væri að taka þessa gr. upp. Hún heimilar bankanum greiðslufrest á innlánsfé og öðru innstæðufé, sem inni stóð í bankanum 3. febr. 1930. Ég held, að öllum komi saman um það, að bezt muni vera fyrir framtíð bankans, að hann hafi ekki slík ákvæði í lögum sínum. Það er að vísu líklegt, að krafizt verði mikilla útborgana fyrstu dagana eftir að bankinn tekur til starfa, bæði af þeim eðlilegu ástæðum, að hann hefir svo lengi verið lokaður, og einnig vegna þess, að menn verða fyrst í stað ekki sannfærðir um, að bankinn sé fyllilega tryggður. En álit okkar, sem að

þessari brtt. stöndum, er það, að betra sé að taka þessa hrotu þegar í upphafi og vera svo lausir við þetta ákvæði. Til þess að öllu sé óhætt, er nauðsynlegt, að góð samvinna verði á milli þessa banka og seðlabankans. Að vísu má gera ráð fyrir, að bankinn verði svo vel stæður, að hann geti staðizt þessar útborganir þegar í upphafi, en fyrir getur komið, að hann hafi ekki handbæra peninga þá á því augnabliki. Þá þarf seðlabankinn að hlaupa undir bagga og leggja til fé í bili. Þetta kæmi helzt fyrir, ef innstæðufé væri sótt í bankann. En þá mætti fara í Landsbankann, sem ætti að geta hjálpað með bráðabirgðaláni. Annars er rétt, að það verði á ábyrgð hæstv. fjmrh., hvort hann vill hafa þessa gr. í frv., en þó skal ég geta þess, að Privatbankinn, sem hefir verið sanngjarn og velviljaður okkur til handa um aðstoð til endurreisnar bankanum, hefir mælt á móti því, að ákvæði þessarar gr. yrðu tekin upp í stofnlögunum, er bankinn yrði endurreistur.

Þá er 9. brtt. frá okkur við 16. gr. Hún er í tveimur liðum. Sú fyrri fer fram á, að bætt sé aftan við fyrsta málslið 16. gr. Í orðum þeim, sem við viljum bæta þar við, kemur það ótvírætt fram, að forgangshlutafé Íslandsbanka skuli ganga til Sjávarútvegsbankans sem venjulegt hlutafé með fullum hlutafjárréttindum einnig á fyrsta aðalfundi samkv. 6. gr. Það má nú kannske segja, að ekki sé nauðsynlegt að taka þetta fram, ef brtt. meiri hl. við 6. gr. verða samþ. og eins brtt. okkar, að fella niður 2. málsgr. 16. gr. Þó orkar það ekki tvímælis, að þetta forgangshlutafé á að njóta alls réttar þegar á fyrsta aðalfundi. En ef það er svo, að samkv. 2. málsgr. 16. gr. eigi að skerða rétt forgangshlutafjár til arðs Sjávarútvegsbankans, slægi óhug á þá menn innanlands og máske líka utanlands, sem lofað hafa forgangshlutafé. Það verða að vera ákvæði í lögunum, eins og endanlega verður gengið frá þeim, sem taka það skýrt fram, að réttur þessara manna sé á engan hátt skertur. Úti um allt land eru menn, sem þetta skiptir miklu, og ekki hægt að ná til þeirra nema í sima, og væri því erfitt að skýra þetta fyrir þeim. Það er miklu betra, ef hægt er að lesa upp fyrir þeim lagastaf fyrir því, að réttindi þeirra séu ekki skert. Það var aðallega með þetta fyrir augum, að við bárum fram brtt. 9.a. við fyrstu málsgr. 16. gr. En meginatriðið í brtt. okkar er 9. brtt. b., að 2. málsgr. 16. gr. falli niður, en hún segir svo, að réttur til arðs og atkvæðamagns fari eftir því tapi, sem verði á búi Íslandsbanka, og fjmrh. setji um þetta nánari reglur, að fengnum till. fulltrúaráðs Sjávarútvegsbankans.

Það hlutafé, sem hér ræðir um, er forgangshlutafé Íslandsbanka. Felur till. það í sér, að það fái ekki fullan rétt til arðs og atkvæða í hinum nýja banka. Fulltrúaráð Útvegsbankans sýnist því verða að vera skipað áður en ákveðið er, hvort hann taki við búi Íslandsbanka. Þetta á alls ekki heima í tillögunum, eins og hæstv. fjmrh. hefir skýrt þær, og því síður getur það samrýmzt brtt. fjhn., enda er þetta inn komið á síðustu stundu og í losaralegu sambandi við aðaltill. hæstv. fjmrh.

En meginatriðið er það, að verði þetta ákveðið, eru allir, sem lofað hafa forgangshlutafé, leystir frá loforðum sínum, sem þeir hafa gefið á öðrum grundvelli. Þó hafin yrði ný hlutafjársöfnun á þeim grundvelli, að hið nýja hlutafé hefði aðeins takmarkaðan rétt, er ég hræddur um, að hún myndi misheppnast algerlega, og það er fullvíst, að hún yrði málinu til verulegrar tafar. Ég er því hræddur um, að málinu sé þar með siglt í strand, ef 2. mgr. 16. gr. verður ekki numin burt. Vænti ég, að hæstv. stj. geti á það fallizt. Fyrst hún ber fram till. sínar, vil ég mega treysta því, að hún ætli að sigla málinu svo í höfn, að úr endurreisn bankans geti orðið.

Loks vil ég biðja menn að athuga eitt. Hlutafjárskerðing sú, sem hér er farið fram á, snertir jöfnum höndum þær 3 millj. króna, sem ríkissjóður leggur bankanum, það fé, sem safnazt hefir hér innanlands, og það, sem fást kann sem hlutafé frá útlöndum. Því gerir 2. mgr. 16. gr. ekki annað en það að sjá um, að sú 1½ millj. kr., sem lögð er Útvegsbankanum í upphafi, verði rétthærri en annað hlutafé. Tap það, sem kann að verða á búi Íslandsbanka fram yfir hlutafé hans, verður að vinnast upp á starfsemi hins

nýja banka á nokkrum árum. Ef 2. mgr. 16. gr. kemst í lög, yrði það þá til þess, að ríkissjóður ætti að fá vexti af 1½ millj. kr., sem hann leggur fram, í fáein ár, þótt engum öðrum væri greiddur arður af því fé, sem þeir leggja til bankans. Þetta er svo lítið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, að þess vegna má alls ekki sigla í strand þeim undirbúningi, sem endurreisn Íslandsbanka hefir fengið. Ef forgangshlutafé Íslandsbanka verður skert, þá eru þeir, sem lofað hafa að leggja það fram, lausir allra mála, eins og ég hefi þegar bent á. En ég álít, að sá grundvöllur, sem nú hefir fengizt í málinu, sé svo mikils virði, að ríkissjóður megi ekki sleppa honum fyrir vextina af 1½ millj. kr. í örfá ár, einkum þegar þess er gætt, að mjög tvísýnt er, að hægt verði að endurreisa bankann á þeim grundvelli, sem lagður er í 2. málsgr. 16. gr. í brtt. hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég get þakkað hv. fjhn. fyrir það, að hún hefir lagt á sig töluverða vinnu til að athuga brtt. mínar í þessu máli, á þeim stutta tíma, sem hv. n. hefir haft yfir að ráða í þessu skyni. Annars þykist ég ekki þurfa að fara langt út í málið á þessu stigi. Hér liggja fyrir ýmsar brtt., ýmist frá meiri hl. hv. fjhn. eða einstökum meðlimum hennar. Sumar þeirra eru mjög smávægilegar, ekki efnisbreyt., og get ég fallizt á, að ýmsar þeirra séu til bóta. Sé ég ekki ástæðu til að fara út í einstakar þeirra, en mun aðeins snúa mér að þeim brtt., sem ég get helzt búizt við, að verði ágreiningur um. Eru það einkum 3 brtt., sem mér finnst snerta efni málsins.

Vil ég þá fyrst snúa mér að 7. brtt., þar sem tveir hv. fjhn.-menn leggja til, að 13. gr. falli niður, og inn komi ný gr. annars eðlis. Hv. 3. landsk. talaði nokkuð um brtt. þessa. Taldi hann varhugavert að fara þá leið, sem farin er í brtt. mínum, til að fella úr gildi gömlu hlutabréfin í Íslandsbanka. Vildi hann halda því fram, að ekki hefði farið fram sannprófun á því, hve mikils virði hlutabréfin væru, en taldi það þó sína skoðun, að þau væru einskis virði. En hv. þm. hélt því fram, að það mundi geta haft óþægileg eftirköst að fara þá leið, sem ég hefi stungið upp á. — Nú get ég upplýst það, að 13. gr. í brtt. mínum er samin af einum gleggsta lögfræðingi þessa lands, manni, sem hefir einna bezt traust af öllum lagamönnum okkar. Þessi lögfræðingur telur öruggt, að 13. gr. geti haldið, eins og hún er í brtt. mínum. Mun hann telja hana vera í fullu samræmi við l. þau og reglugerðir, sem í gildi eru um Íslandsbanka. — Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp 44. gr. úr reglugerð bankans, nr. 52, 6. júní 1923:

„Meðan einkarétturinn til seðlaútgáfu varir, verður bankinn ekki lagður niður eftir neinni ráðstöfun af hálfu hluthafa. En landstjórninni er heimilt að ganga að honum og gera þær ráðstafanir, er þörf kann að vera á, svo framarlega sem hann fullnægir ekki skyldum þeim, er á honum hvíla samkv. gildandi lögum og reglugerð þessari. En ef nokkru sinni skyldi raskast hlutfall það, er ákveðið er um grundvallan bankans, skal honum þó veittur eins mánaðar frestur til að koma því í lag".

Í þessari gr. er það nú fyrst og fremst ákveðið, að hluthafar bankans hafa ekki einu sinni leyfi til að leggja hann niður, meðan einkarétturinn til seðlaútg. stendur. Er þetta ákvæði sýnilega þarna sett til að koma í veg fyrir það, að hluthafarnir geti eftir eigin geðþótta gert ráðstafanir, sem yrðu til tjóns fyrir ríkið. Hinsvegar er síðar í gr. ákvæði um ráðstafanir, sem ríkisstj. er heimilt að gera, ef eigendur bankans standa ekki við þær skuldbindingar, sem á þeim hvíla.

Þó að till. mín yrði samþ., sé ég ekki að annað hættulegra gæti komið fyrir en að hluthafar Íslandsbanka færu í mál við ríkissjóð eða hinn nýja banka. Við því er auðvitað ekkert að gera. Hv. 3. landsk. sagði, að óheppilegt væri, ef gömlu hluthafarnir fengju sér tildæmdan atkvæðisrétt í bankanum. En þeir geta engan atkvæðisrétt fengið nema þeir sanni, að hlutabréf þeirra séu einhvers virði. Ég vil taka fram, að ég segi þetta ekki alveg út í bláinn. Lögfræðingur sá, sem ég nefndi áðan, hefir sagt þetta sama við mig sem sína skoðun. — Hv. 3. landsk. var að tala um mat á bankanum. Ég vil minna hv. þm. á, að það hefir farið fram mat á bankanum, og að það var

ekki miðað við, að hætt væri að starfrækja bankann, heldur að hann héldi áfram starfsemi sinni. En þegar eigendur bankans geta ekki sjálfir haldið áfram starfsemi hans, er ekki hægt að meta verð hluta þeirra hærra en sem svarar því, hvað fengizt hefði upp í þá, ef bankinn hefði farið til skiptameðferðar. Því ímynda ég mér, að hluthafarnir hugsi sig a. m. k. tvisvar um, áður en þeir fara að leggja í kostnað til að ná svo vafasömum rétti, sem hér um ræðir. Af þessum ástæðum get ég hvorki fallizt á aðaltill. né varatill. hv þm. um þetta atriði.

Þá er 8. brtt. um að 15. gr. falli burt. Ég mun hafa látið það í ljós í hv. deild í gær, að ég héldi ekki fast í að hafa þessa gr. í frv. Það er alltaf vafamál, hvað gera á í þessu efni, hvort leysa skuli bankann undan greiðslu innstæðufjár um takmarkaðan tíma eða ekki. Ég mun því ekki andmæla þessari brtt., þótt hér sé um allmikla efnisbreyt. að ræða.

9. brtt. er einnig allmikil efnisbreyt. Hún er um það, að niður falli 2. mgr. 16. gr. í brtt. minum. Þetta atriði í brtt. minum er vitanlega þess eðlis, að um það geta orðið töluverðar deilur. En ég get ekki fallizt á annað en að það sé í mesta máta ósanngjarnt, að tapið á búi Íslandsbanka komi niður á því fé, sem hinum nýja banka verður lagt. Finnst mér tapið eiga að koma niður á þeim, sem fé eiga í Íslandsbanka, og öðrum ekki. Tel ég það mikinn galla, ef hagnaðurinn af þessum nýja banka á að fara til að borga þau töp, sem á Íslandsbanka hafa orðið. Geri ég ráð fyrir, að atkvgr. hv. þdm. verði að skera úr því, hvað gert verður um þetta atriði.

Jón Baldvinsson: Það er ekki vafamál, að bezta lausnin á þessu máli hefði verið sú, að settur hefði verið upp nýr banki svo fljótt sem kostur var á. Átti að fá honum nýtt fjármagn, en hann gat síðan tekið að sér bú Íslandsbanka. Ég geri nú ráð fyrir, að þessi leið megi teljast úr sögunni, eins og málinu horfir nú við, og er því varla um annað að ræða en að fallast á eitthvað svipað till. hæstv. fjmrh. Enda virðist mér það vera næstbezta leiðin, sem til orða hefir komið. Í þessum brtt. er gert ráð fyrir nýrri stofnun, og töpin lenda þó að nokkru leyti á þeim, sem búnir eru að tapa. Samkv. matinu á bankanum er hann búinn að tapa 3½ millj. kr. umfram hlutafé. Væri það auðvitað réttasta leiðin að jafna tapinu á þá af skuldheimtumönnum bankans, sem ekki hafa veð fyrir skuldum sínum eða ekki fullt veð. Nú er það svo, að bæði ríkissjóður og Landsbankinn hafa nokkur veð fyrir sínum skuldum, og hefði hið beina tap hins opinbera því ekki orðið mjög mikið. En þó er mér sagt, að ríkissjóður muni eiga nokkur hundruð þús. kr. ótryggðar í bankanum, og hefði hann að sjálfsögðu orðið að þola afskriftir af því fé, ef bankinn hefði verið gerður upp.

Ég sagði, að réttast hefði verið að fara þessa leið, stofna nýjan banka. En till. hæstv. fjmrh. ganga út á það, að ríkissjóður gangi freku feti framar um að taka ábyrgð á skuldbindingum bankans. Má vitanlega alltaf um það deila, hversu miklu ríkissjóður mundi tapa á því, að bankinn væri „gerður upp". Má því e. t. v. segja, að það borgi sig fyrir ríkið að leggja fram nokkra upphæð, jafnvel allt að 1½ millj kr., sem alveg mætti teljast töpuð. Getur verið, að þetta sé að sumu leyti betra vegna áframhaldandi starfsemi bankans og vegna hinna erlendu lánardrottna, til þess að gera þá ánægðari. — Fé það, sem ríkissjóður þarf til að greiða þau töp bankans, sem hann tekur á sig, verður vitanlega að taka með sköttum af þjóðinni. Nú er talað um að fá bankanum 3 millj. kr. af „enska láninu" í forgangshlutafé. Það verður aftur á móti til þess, að ætla verður meira í fjárlögum til vaxtagreiðslu og afborgana. En það hefir óhjákvæmilega í för með sér meiri skatta á almenningi eða minni framkvæmdir í landinu. En eins og ég hefi sagt, er ég þó ekki alveg á móti því, að ríkið leggi eitthvað af þessu fé í hættu, eins og till. hæstv. fjmrh. fer fram á.

Ég verð þó að segja, að þegar kom fram till. um að flytja það tap, sem orðið hefir af Íslandsbanka, ekki eingöngu á ríkissjóðinn, heldur líka á þá nýju stofnun, sem fyrirhuguð er, þá þótti mér of langt gengið. Það á sannarlega ekki að meta hlutaféð eftir því, sem efnahagur bankans er nú, og taka hann inn í nýja útvegs-

bankann með því verði, sem nýjasta matið sýndi. Það hlýtur að verða þungur baggi fyrir nýja bankann, sem hefir mjög lítið fé til umráða, að taka líka á sig þann gamla syndabagga og leggja hann á kapítalið frá ríkissjóði. Ég veit ekki, hvort til eru aðrar leiðir til að halda sérstöku því tapi, sem orðið hefir á Íslandsbanka, en þær, sem stungið er upp á í till. hæstv. fjmrh., en ég gæti hugsað mér, að finna mætti annað orðalag, sem þætti mýkra. Ég hefi heyrt sagt, að einn af helztu ráðunautum hv. 3. landsk. hafi stungið upp á fyrirkomulagi í þessu efni, sem mætti notast við; ég væri mjög tilleiðanlegur til að ganga inn á slíkar till., sem gengju eitthvað í þá átt, að halda með sérstöku bókhaldi þessu 3½ millj. kr. tapi út af fyrir sig, og láta það hlutafé, sem nú er lagt inn í bankann, mæta því og afskrifa þegar í stað gamla hlutaféð, ef ákvæðum 16. gr. verður breytt.

Hv. 3. landsk. og aðrir nm., að mér sjálfum undanteknum, hafa komið fram með allmargar till. á þskj. 225. Ég flyt þó 8. brtt., við 15. gr. Ég get verið hv. 3. landsk. sammála um, að rétt sé að fella niður úr brtt. hæstv. fjmrh. ákvæðin um, að leggja megi hömlur á sparisjóðsfé, og ég er alveg samþykkur þeim ástæðum, sem hv. þm. færði fyrir þessu. Það er betra að mæta þessu þegar í upphafi en að eiga það alltaf yfir höfði sér. Flestum hinna brtt. er ég ósamþykkur. Hv. 3. landsk. talar hér eins og hann komi fram sem umboðsmaður þeirra manna, sem lofað hafa stuðningi sínum til endurreisnar Íslandsbanka — eins og hv. þm. orðaði það. En þó að hv. þm. segi við þingið, að ef þetta og þetta verði gert, muni hann og hans samherjar ekki standa við sínar skuldbindingar, álít ég ekki, að það hafi nein áhrif á þingið. Hv. 3. landsk. má ekki ætla sér það, að geta verið einskonar yfirráðherra, sem geti skipað þinginu fyrir verkum. Hv. þm. hefir raunar ekki fært neinar sannanir fyrir því, að hve miklu leyti hann geti talað fyrir hönd þeirra manna, sem vilja leggja fram fé til bankans; en allir vita, hvaða ástæður hafa verið notaðar til að safna fé hér innanlands. Það var látið í veðri vaka, að þeir mundu tapa öllu, ef bankinn yrði gerður upp, og því væri sjálfsagt að leggja fram fé til viðreisnar honum. Hafi þær ástæður verið fyrir hendi þá, eru þær það einnig núna. En þeir líta svona á málið: „Á hvern hátt töpum við minnstu? Töpum við meira á að draga okkur í hlé, eða á að láta bankann til skiptameðferðar?“ Og þeir hljóta að tapa meiru, ef bankinn er tekinn til skiptameðferðar. Það er því hagur þessara manna að leggja fram fé, þó að eitthvað verði klipið af því. Mér finnst þingið geta samþ. þau ákvæði í till. hæstv. fjmrh., sem þetta snerta, enda þótt hv. 3. landsk. þykist tala hér af hálfu þeirra, sem hafa lofað að leggja fram fé til endurreisnar bankanum.

Hv. 3. landsk. talaði fyrir brtt. sinni við 13. gr. í brtt. hæstv. fjmrh. Ein af ástæðum hv. þm. var býsna spaugileg, ef litið er á það, hvernig bæði hann og aðrir hafa um þetta talað áður. Hv. þm. er sannfærður um, að Íslandsbanki eigi ekkert til, og allir eru vissir um það, m. a. hefir bankaeftirlitsmaðurinn gert ráð fyrir því í mati sínu, að hlutaféð sé allt tapað. Samt sem áður vill hv. þm. segja, að „hlutaféð eigi að taka eignarnámi“. En það er ekkert til, og þess vegna ekkert hægt að taka. Og það er þó skárri lögfræðingur, sem stendur að baki orðum hæstv. ráðh., en hv. 3. landsk., þó að hann sé líka að fúska í faginu.

Það hafa komið fram brtt., sem eru ekki mikils virði, um nafn á bankanum. Heitin eru orðin allmörg, en mér finnst það heitið, sem er á bankafrv. í Nd., einna hentugast, sem sé að kalla bankann Útvegsbankann. Það er stutt orð, og útlendingar geta vel skrifað það og borið það fram. Annars getum við ekki hagað löggjöf okkar eftir því, hvað útlendingar geta borið fram. Hitt skiptir miklu máli, að heitið á bankanum sé hentugt og tamt landsmönnum. Og þó að bankinn héti t. d. verzlunar- og útvegsbanki, mundi hann í daglegu tali vera kallaður Útvegsbankinn. Ég býst þá við að bera fram skriflega brtt. um þetta við brtt. hæstv. ráðh. á þskj. 216. En verði það ekki, þykir mér skárra heitið, sem hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. G.-K. bera fram í brtt. sinni.

Ég heíi ekki borið fram aðrar brtt. —

undirtektirnar í hv. n. örvuðu mig ekki til þess —, en ég verð að segja, að mér fyndist mjög eðlilegt, að Landsbankinn hefði átt hlut að máli um hlutaféð í Útvegsbankanum, eins og var í uppkastinu, sem gekk á milli þm. í gær. Vera má þó, að þetta hafi ekki verið tekið upp, af því að ekki hafi verið búið að tala nógu rækilega við framkvæmdarstj. Landsbankans. Það mætti enn gera það, því að þessu liggur ekki svo afskaplega mikið á. Mér finnst sjálfsagt að tala við Landsbankastj. og vita, hvort hún fengist ekki til að styðja hina nýju bankastofnun á þennan hátt. Ég flyt samt enga brtt., eins og ég sagði áðan, af því ég fékk svo lítinn byr í hv. n.

Ég mun, eins og hv. þm. hefir skilizt, samþ. flestar brtt. hæstv. ráðh., þó að ég sé ekki fyllilega ánægður með ýmislegt í þeim. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. fylgi því fast fram í aðalatriðunum, einkum brtt. við 16. gr. Mér þótti vænt um að heyra, að hv. frsm. meiri hl. n. ætlar að styðja að till. hæstv. ráðh.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að samkv. brtt. yrði ríkið í meiri hl. sem hluthafi í bankanum. Ég býst við, að það sé rétt, ef brtt. á þskj. 225 verður samþ. En það er líka orðið dýrt að hafa meiri hl. í bankanum, ef ríkið á að taka að sér eins mikið af tapinu og gert er ráð fyrir í till. hæstv. ráðh., af því sem ríkið þarf ekki að leggja fram fé, þar sem það hefir tryggingar fyrir svo miklu af því, sem það á hjá Íslandsbanka.

Ég leyfi mér, eins og ég gat um áðan, að leggja fram skriflega brtt. um heitið á bankanum.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Ég ætla að minnast svolítið á þær brtt., sem mælt hefir verið fyrir og ágreiningur hefir orðið um í n. Fyrsta brtt á þskj. 225 er um nafnið á bankanum. Mér finnst nafnið „Verzlunar- og útvegsbanki", sem þar er lagt til, vera ákaflega óliðlegt í íslenzku máli. Hitt nafnið er miklu lientugra og svarar sæmilega til starfsemi bankans. Það er líka alveg hliðstætt nafninu á Búnaðarbankanum. — 2. brtt. er þess efnis, að strax í 2. gr. sé vitnað í hlutaféð, sem lagt er fram samkv. 11. og 12. gr. Þetta virðist vera hreinn óþarfi, þar sem það er skýrt tekið fram í 16. gr. Það er óviðfelldið að hafa þetta í lögum um útvegsbankann, ef svo færi, að ekki heppnaðist að framfylgja skilyrðum 12. gr. — 7. brtt. er um það, hvernig fara skuli um gömlu hlutabréfin. Hæstv. fjmrh. hefir þegar svarað því nógu skýrt. Mér finnst ákvæði reglugerðarinnar vera ótvíræð, og þannig leit líka sá lögfræðingur á, sem ég fór til.

Ég er eiginlega í vafa um, hvað ég á að segja um 8. brtt. Ég verð að játa, að það setur hálfgerðan vantraustsblæ á bankann, að setja megi sparisjóðsféð fast. Hinsvegar er, ef öllu er sleppt lausu, nokkur hætta á, að fyrst í stað verði sparisjóðsfé rifið út. Það er töluverður vandi að gera hér upp á milli, en ég teldi varlegra að halda heimildinni fyrst um sinn.

Um 9. brtt. a. skal ég geta þess, að ég álít alveg óþarft að bæta henni við fyrstu málsgr. 16. gr., ef brtt. meiri hl. við 6. gr. verður samþ. Þá er það nefnilega orðið skýrt, að nýju hluthafarnir í Íslandsbanka hafa fullan atkvæðisrétt. Það er því engin ástæða til að samþ. þá brtt.

Ég kem þá loks að aðaldeiluefninu, um burtfellingu 2. málsgr. 16. gr. Mér virðist báðir aðiljar hafa nokkuð til síns máls. Ég get fallizt á, að það væri í sjálfu sér mjög sanngjarnt, að það tap, sem þegar er orðið á Íslandsbanka, lendi fyrst og fremst á þeim, sem leggja hlutafé í hann. Og það er óheppilegt, að það tap þurfi líka að lenda á því hlutafé, sem lagt er beint í útvegsbankann. Það ætti heldur að ganga til varasjóðs handa bankastofnuninni. En hér er á fleiri hliðar að líta. Það er t. d. ekki ósennilegt, eins og hv. 3. landsk. sagði, að það, að setja þetta ákvæði, verði þess valdandi, að því skilyrði í 12. gr. verði aldrei fullnægt, að Íslandsbanki renni inn í nýja bankann. Menn verða að gera upp með sér, hvað sé heppilegast fyrir landið. Ég teldi illa farið, ef það strandaði á lítilfjörlegu atriði, að fyrirtækið komist upp.

Hverju skiptir fyrir ríkið, hvort till. er samþ. eða ekki, ef við vildum nú skipta tapinu, sem virðist vera um 3 millj., á hlutaféð? Ef till. er ekki samþ., ætti tapið að skiptast á hlutaféð eftir 11. og 12. gr., sem er 3 millj. frá ríkinu og að lík-

um 2½ frá öðrum, en sé till. samþ., skiptist tapið líka á 1½ millj. eftir 2. gr., þ. e. 4½ millj. alls frá ríkinu og 2½ frá öðrum. Þá sé ég ekki, að mismunurinn fyrir ríkið gæti orðið meira en ¼ úr millj., þó að miðað sé við það tap, sem metið var af matsnefndinni. Þetta er að vísu nokkur upphæð. Þó er það álitamál — nei það er tæpast álitamál —, á þessu má ekki láta málið stranda eða láta sparifjáreigendur eiga á hættu að tapa stórkostlega sínu fé og kannske að einhverju leyti að stofna lánstraustinu í voða. Ég tel það óverjandi að leggja svo mikla áherzlu á þetta atriði, að láta stranda á því. Þessir hluthafar eru líklega að mestu leyti sparifjáreigendur í Íslandsbanka, sem af fórnfýsi hafa lagt fram fé sitt. Og þá er tæpast sanngirni að ganga svo afskaplega ríkt eftir þessu atriði, þegar höfð er í huga hin till., sem á að tryggja öðrum sparifjáreigendum, að þeir fái allt sitt, og það meira að segja tafarlaust. Mér finnst það lítil sanngirni, ef gert er þannig upp á milli sparifjáreigenda, þeirra, sem vilja leggja af mörkum fé til bankans, og þeirra, sem heimta sitt út skilmálalaust. Ég held þess vegna, þó að ég að sumu leyti hafi ekki algerlega fallizt á það með ljúfu geði, að ég verði að greiða atkv. með því, að þetta atriði falli burt. Og ég vil taka það fram, að ég skoða það ekki, eins og hv. 4. landsk. vildi leggja svo ríka áherzlu á, sem aðalatriði í þessum brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 216, heldur er það vitanlega aðalatriðið að koma upp heilbrigðri lánsstofnun fyrir sjávarútveginn.

Ekki er því að neita, að með því að ríkið leggi svona mikið fram, fórnar það geysilega miklu, eins og hv. 4. landsk. benti á. Það er ákaflega sennilegt, að það verði mikil vaxtabyrði, sem landið tekur á sig, fyrst um sinn a. m. k. Því að ég hefi ansi litla trú á því, sem hv. 3. landsk. var að segja, að töpin myndu vinnast upp á 2—3 árum. Og vegna þeirrar byrði verður að búast við, að minna fé fáist að öðru leyti til atvinnurekstrar. En þá er á það að líta, að atvinnuvegirnir eru líka allmikið styrktir með þessari stofnun. Hvort á heldur að velja? Á að hætta á að þyngja vaxtabyrðina fyrir ríkið eða eiga á hættu, að sjávarútvegurinn eigi enga örugga lánstofnun til, og að allt það fé, sem mundi fara forgörðum við hrun Íslandsbanka, tapist úr atvinnurekstrinum við gjaldþrotaskipti bankans? Þá held ég fyrir mitt leyti, að ekki megi hika við að færa þessa fórn; landið verði að leggja fram það, sem gert er ráð fyrir í till. stj.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál neitt verulega meir en orðið er. Brtt. okkar við 13. gr. viðvíkjandi gamla hlutafénu er fram borin af okkur hv. 1. þm. G.-K. fyrst og fremst til aðvörunar fyrir stj. Því að það fer eftir því, hvernig menn eru sinnaðir, hvort menn hafa tilhneigingu til að leggja á tæpasta vaðið. Ég vil ekki leggja á tæpasta vaðið, ef ég sé önnur tryggari nægilega nálægt. Og okkur hv. 1. þm. G.-K. finnst stj. mega vara sig á þessu. Því að ef eftirköstin koma, þá er það hennar fyrst og fremst að mæta þeim. Hæstv. ráðh. vitnaði til, hvaða mat hafi fram farið. En það hefir ekki farið fram mat á þann hátt, sem alltaf er krafizt. Ég minni á, að útibúin hafa verið metin aðeins af einum matsmanni. Getur verið, að sú rannsókn sé nægileg fyrir stj., en hún er ekki fullgild gagnvart öðrum út á við. Og þeir menn, sem nánastir voru til þess að koma fram sem umboðsmenn hluthafanna, en það voru framkvæmdarstjórar bankans, þeir hafa ekki haft tilefni til að gefa matsmönnunum hér í Reykjavík upplýsingar svo rúmt sem lögin um framkvæmd eignarnáms mæla fyrir. En ég ætla ekki meira um þetta að þrefa, því að við höfum með till. borið fram okkar aðvaranir, og þar af leiðir, að við þvoum hendur okkar af öllum afleiðingum.

Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, finn ég ekki ástæðu til að taka fram annað en að ég hefi alls ekki talað hér sem umboðsmaður þeirra manna, sem loforð hafa gefið um hlutafé innanlands, né þeirra, sem vonast er til, að leggi fram hlutafé utanlands. Ég hefi aðeins talað af kunnugleik mínum á þessum atriðum og hefi stuðzt, að því er snertir innlenda hlutafjársöfnun, við ummæli, sem mér hafa verið færð af þeirri n., sem hefir með höndum umboð flestra þeirra manna, sem lofað hafa hlutafé hér á

landi. Og ég hefi ekki sagt annað um það efni en það, sem ég hefi rétt til að flytja sem skilaboð frá þeim mönnum.

Mér þótti vænt um þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að þótt hann gæti ekki fallizt á brtt. okkar hv. 1. þm. G.-K. 9.a. á þskj. 225 við 16. gr. á þskj. 216, þá væri það ekki af því, að hann væri efni hennar mótfallinn, heldur telji hann þessa brtt. óþarfa, af því að með viðauka þeim við 6. gr., sem meiri hl. n. stendur að, og með burtfellingu 2. málsl. úr 16. gr., sem hv. þm. aftur í staðinn kvaðst mundu styðja, væri það alveg ljóst, að forgangshlutaféð í Íslandsbanka gengi yfir í Sjávarútvegsbankann sem venjulegt hlutafé í þeim banka með fullum hlutafjárréttindum þar. Og hæstv. fjmrh. lét lík orð falla að efni til, og í trausti þess, að hæstv. stj. þó ekki hviki frá þessum skilningi, skal ég eftir samkomulagi við meðflm. minn taka aftur þessa brtt. 9.a., af þeirri ástæðu, að hún er óþörf, þar sem það er viðurkennt af báðum hliðum, að efni hennar er að fullu fram tekið í till. annarsstaðar.

Jón Baldvinsson: Ef enginn er búinn að kveðja sér hljóðs, vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort ekki mætti láta fresta málsafgreiðslunni þangað til á morgun eftir hádegið.

Forseti (GÓ): Mér er illa við það. Þetta mál hefir dregizt nokkuð lengi, og ég vil ekki fresta atkvgr. nema hv. þm. geti komið sér saman við hæstv. fjmrh. um það. Annars mun ég láta atkvgr. fara fram strax.

Jón Baldvinsson: Þessar till., sem hér eru til umr., hafa þó ekki legið lengi fyrir. Þeim var sumum útbýtt í gær, og menn hafa verið með þær í dag á nokkuð mörgum fundum. En það var með tilliti til að koma að nýjum brtt., sem ég var að biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá til morguns.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefði kosið, að málið fengi afgreiðslu nú. En þó vil ég sætta mig við, að því sé skotið undir deildina, svo að hún skeri úr, hvort það er afgr. eða geymt. (**JBald:** Mér er þetta ekkert kappsmál).

ATKVGR.

Till. frá 4. landsk. þm. um að fresta málinu felld með 7:2 atkv.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 227) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 227 felld með 9:3 atkv.

— 225,1. (aðaltill.) felld með 7:6 atkv.
— 225,1. (varatill.) samþ. með 8:5 atkv.
— 216,I.a., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 225,2. felld með 7:6 atkv.
— 216,I.b. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 216,I.c—d. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 225,3. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 216,I.e., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 225,4. samþ. með 10:2 atkv.
— 216,I.f., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 216,I.g. samþ. í e. hlj.
— 225,5. samþ. með 10:1 atkv.
— 216,I.h., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 216,I.i. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla, með áorðinni breytingu, samþ. án atkvgr.

Brtt. 216,I.j. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 216,I.k. samþ. með 10:1 atkv.
— 225,6.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 225,6.b. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 216,I.l., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 225,7 (aðaltill.) felld með 7:6 atkv.
— 225,7 (varatill.) felld með 7:6 atkv.
— 216,I.m. samþ. með 7 shlj. atkv.
— 216,I.n. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 225,8 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 216,I.o. þar með fallin.
— 225,9.a. tekin aftur.
— 225,9.b. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JónJ, JÞ, JKr, PH, BK, HSteins,, IHB.

nei: JBald, EF.

EÁ, IP, GÓ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Brtt. 225,10 samþ. með 9:3 atkv.
— 216,I.p., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 220 samþ. með 7 shlj. atkv.
— 216,II. þar með fallin.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 216,III. samþ. án atkvgr.
— 216,IV., með áorðinni breytingu, samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Á 45. fundi í Nd., 6. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 228).

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv. hefir nú fengið allstóran viðauka frá því það var síðast til umr. í hv. deild. Það upphaflega frv., sem afgr. var héðan til hv. Ed. fyrir nokkru síðan, er 4. kafli þessa frv., sem hér liggur fyrir. En fyrstu þrír kaflar frv. eru að öllu leyti nýir. — 1. gr. 1. kafla frv. fjallar um stofnun hlutafélags, sem heita skal Útvegsbanki Íslands og á að hafa það verkefni að starfrækja banka, sem sérstaklega skal styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun.

Þrátt fyrir allt, sem á milli hefir borið um þetta Íslandsbankamál, þá eru menn þó sammála um það, að hér þyrfti að vera til starfandi banki, sem hefði það sérstaklega með höndum að styðja og efla sjávarútveginn. Í 1. kafla þessa frv. er nú einmitt gert ráð fyrir slíkum banka. Það er gert ráð fyrir, að hann sé hlutafélag, og í 2. gr. frv. er mælt svo fyrir, að hlutafé skuli vera 2½ millj. kr. Af þeirri upphæð skal ríkissjóður leggja til 1½ millj. kr. En viðbótarinnar skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands, samkv. opinberu útboði. Það er gert ráð fyrir því, að þessum banka verði veitt réttindi til þess að reka alla almenna bankastarfsemi, taka við peningum að innláni, bæði með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning, kaupa og selja víxla og ávísanir og veita lán gegn víxlum og tryggingum.

Um stj. þessa banka er það að segja, að aðalfundur hluthafa kýs 5 manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu. Þetta fulltrúaráð er í rauninni yfirstjórn bankans og ræður bankastjóra, og ákveður jafnframt, hvað þeir skuli vera margir. En hvenær fyrsti aðalfundur skuli koma saman og hvernig, það er lagt undir forustu fjmrh.

Þetta frv. er nú í raun og veru þannig byggt, að það er nauðsynlegt að setja nánari fyrirmæli um ýms framkvæmdaratriði. Verður það að sjálfsögðu gert með samþykktum og reglugerðum, sem fulltrúaráðið setur, svo sem um bókhald bankans og reikninga, innstæður, hlutverk bankaráðs, laun þess o. fl.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að það er ekki ólíklegt, að næsta þing kynni að þurfa að endurskoða þessi lög, eftir þeirri reynslu, sem þá kynni að vera fengin, svo framarlega sem bankinn getur komizt á stofn. Ég get vel búizt við, að það þurfi að semja lögin nokkru fyllri en hér er gert ráð fyrir. En hinsvegar mun fyrst í stað mega komast af með það fyrirkomulag, sem hér er bent til, með því að fylla út í eyðurnar með reglugerðum.

Þá er 2. kafli frv., þar sem gert er ráð fyrir, að þessi banki geti tekið við og starfrækt Fiskiveiðasjóð Íslands, ef um hann skyldu verða sett lög, eins og ætlazt er til með frv., sem liggur fyrir þinginu. Verður þá sá sjóður sérstök deild í bankanum með sérstöku reikningshaldi.

3. kafli þessa frv. fjallar um Íslandsbanka. Þar er gert ráð fyrir, að núverandi Íslandsbanki renni inn í þennan útvegsbanka með vissum skilyrðum. Eru þau skilyrði nánar tiltekin í 11. og 12. gr. frv. Ég býst ekki við, að það þurfi að skýra þau neitt nánar. Aðeins vildi ég segja það, að á þessari stundu verður ekkert um það fullyrt, hvort þessi skilyrði, sem um ræðir í 3. kafla, verða fyrir hendi, þó að hinsvegar megi gera sér vonir um, að svo geti orðið. En vegna þess, að ekki er full vissa fyrir því, að þessi skilyrði verði fyrir hendi, þá kemur 4. kafli þessa frv., sem er einskonar varaákvæði, þar sem tiltekið er nánar, hvernig fara skuli að um bú Íslandsbanka, ef ekki verður hægt að koma á

því skipulagi, sem gert er ráð fyrir í 1. og 3. kafla þessa frv.

Ég þykist fullviss um það, að allir hv. þdm. hafi fylgzt svo vel með þessu máli, að það sé aðeins tímaeyðsla að fara út í nánari skýringar á því. Þess vegna læt ég þessi fáu orð nægja. Hinsvegar vildi ég mega vænta þess, að hv. deild greiði sem bezt fyrir þessu máli, svo að því geti orðið sem fyrst ráðið til lykta. Ef bankanefnd sú, sem hér var kosin á dögunum og hafði til meðferðar Íslandsbankamálið, og hv. d., telja nauðsynlegt og rétt að setja þetta mál í nefnd, þá vil ég ekki setja mig beinlínis á móti því, þótt ég hinsvegar hefði kosið, að það fengi afgreiðslu nú. En þá vildi ég vænta þess, ef málið verður sett í nefnd, að n. vildi flýta svo störfum, að málið gæti komið til umr. á morgun sem fyrsta mál klukkan eitt. Og ef svo færi, að málið væri látið ganga til n., þá tel ég ekki sérstaka nauðsyn á að ræða það nú. En sem sagt, ég vil láta hv. d. ráða því, hverja skipun hún hefir á þessu.

Ólafur Thors: Ég vildi leyfa mér að bera fram þá ósk, að málinu verði vísað til bankamálanefndarinnar, og þá með þeirri forsendu, sem hæstv. fjmrh. gat um.

ATKVGR.

Frv. vísað til bankamálanefndar með 15:5 atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 228, n. 234 og 235).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. tók fram í gær, að þetta frv. hefir tekið miklum breyt. síðan það fór úr þessari hv. d. Það er sízt ofsagt, að það sé nærri því óþekkjanlegt, því að nú eru það orðin varaákvæði, sem áður voru aðalákvæði. Eins og frv. var, er það fór héðan, þá var ekki annað sjáanlegt en Íslandsbanki ætti að deyja, en nú virðist mikill meiri hl. með því að bjarga honum.

Þessu máli var vísað til bankamálanefndar, og tók hún það fyrir strax að fundi loknum í gær. Hún fór lauslega í gegnum frv. og kvaddi síðan hæstv. fjmrh. á fund sinn. Það var eitt atriði, sem nm. voru í dálitlum vafa um, hvernig bæri að skilja: um rétt forgangshluthafa Íslandsbanka. Allir voru sammála um, einnig hv. minni hl., að forgangshluthafar Íslandsbanka ættu að hafa sama rétt og hluthafar hins nýja banka, og þessu lýsti hæstv. fjmrh. skýrt og skorinort sem sinni skoðun.

En þó að öll n. væri sammála um þetta, skildi skjótt leiðir, því að hv. 2. þm. Reykv. skarst úr leik og hefir nú komið með sérstakt nál. á þskj. 235, þar sem hann leggur til að gera allmiklar breyt. á frv. Það, sem ég segi nú fyrir n. hönd, verður því fyrir meiri hl. hennar. Ég mun því ekki taka brtt. hv. minni hl. til athugunar fyrr en hann hefir mælt fyrir þeim. Hinir nm. eru með því að samþ. frv. óbreytt. Að vísu lýsti hv. þm. V.-Húnv. því yfir í n., að hann mundi koma með brtt. En þar sem sú brtt. er ekki fram komin, býst ég við, að hann hafi horfið frá því, enda lýsti sami hv. þm. því jafnframt yfir, að þó að brtt. hans félli, mundi hann samt samþ. frv.

Þó að meiri hl. ætli að fylgja frv. óbreyttu, þá má ekki skilja það svo, að allir séu ánægðir með það. En við þóttumst vita, að ekki væri til neins að bera fram brtt., þar sem örlög þessa máls munu þegar ráðin, en hinsvegar lítur meiri hl. svo á, að una megi við þessa lausn málsins a. m. k. til bráðabirgða.

Ég held ég hafi þá ekki fleira að segja fyrir hönd n., svo að það, sem ég kann hér við að bæta, segi ég fyrir minn eiginn reikning.

Ég verð þá að taka það fram aftur, að ég er fjarri því að vera ánægður með allt, sem stendur í frv. þessu, og hefði kosið margt á annan veg fyrir komið, ef þess hefði verið nokkur kostur. Get ég þar fyrst og fremst nefnt nafn bankans, sem ég kann ekki vel við. Hefði ég þar kosið annað, t. d. það nafn, sem hv. þm. V.-Ísf. hafði tekið upp í sitt frv. En um þetta er

ekki til neins að fárast úr því sem komið er.

Í 2. gr. frv. er ákveðið, að hlutafé Útvegsbankans skuli nema allt að 2½ millj. króna. En síðar, í 11. og 12. gr., er gert ráð fyrir, að hlutaféð megi vera eða geti verið miklu hærra, eða 8¾ millj. kr., eftir samruna bankanna. Þetta er mjög óviðkunnanlegt, er sagt er skilyrðislaust á fyrri staðnum, að hlutafé Útvegsbankans skuli vera allt að 2½ millj. kr., en svo ákveðið síðar, að inn í þessa stofnun skuli renna önnur með 6 millj. kr. hlutafé, því að þegar þetta er orðið, þá eru ákvæði 2. gr. röng. Þetta hlýtur að vera af gáleysi gert, og er ég hissa á, að felld skyldi vera í hv. Ed. brtt. við 2. gr. um að vísa til 11. og 12. gr. Ég held þetta geti þó tæplega valdið misskilningi, því að allir munu sjá, að aðaluppistaða hins nýja banka er Íslandsbanki og fé hans. En þetta sýnir, hve illa er frá frv. gengið.

Ég vil ennfremur nefna 13. gr., þar sem talað er um að afskrifa núverandi hlutafé Íslandsbanka sem tapað fé. Ég verð að segja fyrir mig, að ég kann illa við þessa gr. eins og hún er orðuð. Þó er það ekki af því, að ég telji líklegt, að hlutafé Íslandsbanka sé nokkurs virði, en mér finnst óviðkunnanlegt og rangt, að Alþingi sjálft skuli slá því föstu, í staðinn fyrir að láta sérstakt mat fara fram um það. En eins og kunnugt er, hefir ekkert mat farið fram í þessum tilgangi. Ég er ekki í vafa um, að annað orðalag hefði verið heppilegra, enda er ekki útilokað, að hæstv. stj. og þessi nýi banki geti orðið fyrir óþægindum út af þessu. Þess vegna verð ég að líta svo á, að það hefði verið betra að láta fara fram sérstakt mat um hlutaféð.

Þá vil ég nefna niðurlag 15. gr.: „Um ráðstafanir á gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt". Ég vil skilja þetta svo, að sá réttur, sem Íslandsbanki hefir haft, gangi yfir til hins nýja banka þegar Íslandsbanki rennur saman við hann, og þótt nefnt sé nafn Íslandsbanka, þá hlýtur að vera átt við nýja bankann. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort þetta sé ekki rétt skilið, og vænti, að hann lýsi þessu yfir nú í hv. d.

Viðvíkjandi öllum IV. kafla frv. hefi ég það að segja, að ég hefði langhelzt kosið, að hann hefði verið látinn falla niður, enda fæ ég með engu móti séð, að þetta langa skott sé til nokkurra bóta. Að vísu bætir það talsvert úr, að hér er um varaákvæði að ræða, en þó er rófan á þessum gullkálfi hæstv. stj. allt of löng og alveg óþörf.

Jafnvel þó að ég hafi nú talið upp ýmsa galla á frv., þá vil ég þó yfirleitt láta í ljós ánægju mína yfir því, að komið er samkomulag á milli aðalflokka þingsins að reisa Íslandsbanka við. Það eru að vísu fáeinir menn á móti því, en jafnvel þeir fara sér hægt.

Ég býst við því, að taka verði fyrir löggjöfina um bankann þegar á næsta þingi. Því verður sem sé ekki neitað, að talsvert flýtissnið er á þessu frv., en þó er fyrir mestu, að málið sé afgr., svo að ekki getur talizt óhapp, þótt endurskoða verði lögin á næsta þingi.

Í Ed. var fellt úr frv. ákvæði um greiðslufrest á innlánsfé. Ég þykist vita, að þegar bankinn verður opnaður, verði talsverð brögð að því, að menn taki út fé sitt. Þá er það stjórnarinnar að sjá um, að bankinn komist ekki í þrot, og það er hægt með því að sjá um góða samvinnu af hálfu seðlabankans. Vona ég því, að eigi þurfi að hafa alvarlegar afleiðingar, að þessu ákvæði var sleppt, og satt að segja veit ég ekki, nema hættulegra hefði verið að láta það standa.

Því verður ekki neitað, að ríkissjóður tekur á sig miklar byrðar með þessu frv. Hann lofar að leggja fram 4½ millj. króna, og þótt allt gangi vel, má þó búast við, að fyrst um sinn verði hann að leggja fram alla vexti af því fé, eða a. m. k. allmikinn hluta þeirra, og auk þess sennilega einnig afborganir fyrst um sinn. En þetta framlag er veitt af nauðsyn, sem margir hafa séð og skilið frá byrjun.

Þetta mikla framlag þýðir það, að hér eftir ber ríkissjóður í raun og veru ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, því að eftir að ríkissjóður hefir lagt fram 4½ millj. kr. í bankann og ræður framkvæmdarstjórn hans og fulltrúaráði, þá getur ríkið ekki hlaupizt frá skuldbindingum hans og sagt: Við borgum ekki. —

Við höfum séð, hvernig farið hefir um Íslandsbanka, enda þótt ríkissjóður ætti þar enga krónu af hlutafénu.

Ég hygg, að ódýrara hefði orðið að leggja bankanum það lið þegar í byrjun, sem til þurfti, en út í þá sálma skal ég ekki fara að þessu sinni. Allar þær till., sem við sjálfstæðismenn höfum borið fram, hafa gengið í þá átt, að bjarga bankanum við. Það var ekki hlutafélagið Íslandsbanki, sem við bárum fyrir brjósti, heldur hagur landsins. Við létum okkur ekki svo miklu skipta nafnið á bankanum, en það voru viðskipti landsmanna, sem við vildum bjarga út úr ógöngunum. Og af því að við álítum, að þessu takmarki sé náð með frv. því, er fyrir liggur, getum við léð því fylgi okkar, þótt við hefðum kosið ýmislegt á annan veg.

Við sögðum það ávallt, er við vorum að gera tilraunir til að bjarga bankanum, að við vildum taka í hverja framrétta hönd, málinu til styrktar. Hin framrétta hönd lét standa á sér, en hún kom þó, fyrst frá hv. þm. V.-Ísf. og hans félögum, og síðan frá hæstv. stj. með því frv., er hér liggur fyrir. Þess vegna fylgjum við sjálfstæðismenn frv., enda þótt við hefðum kosið sum atriði í því öðruvísi. Með því er bjargað innstæðufé 10 þús. manna. Með því er bjargað lánstrausti okkar erlendis, og við höfum sýnt, að við viljum standa við þær skuldbindingar, sem hægt er að heimta af okkur með réttu.

Ef svo fer, að frv. þetta verður að lögum, sem ég vona að verði í dag, þá kemur til kasta stj. um framkvæmd þess. Ég veit, að mikil ábyrgð er lögð á stj. með þessu frv. Ég skal ekki koma með neinar hrakspár. Ég vona, að úr því að hún fór að lokum inn á þessa braut, þótt seint væri, þá muni hún reyna með alvöru og einlægni að láta framkvæmd laganna fara sem bezt úr hendi.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvenær hann búist við, að hinn nýi banki verði opnaður, og hve langur tími þurfi að líða til þess að beitt verði ákvæðunum í upphafi 16. gr. Ég heimta ekki, að hann svari mér upp á dag, en ég óska að heyra, hvað hæstv. fjmrh. hefir hugsað sér um þetta. Ég vildi ennfremur fá vitneskju um það frá honum, hve langt sé komið þeim umleitunum, er um getur í 12. gr. Samkv. frv. skilst mér, að ríkissjóður leggi fram þegar 1½ millj. kr. í reiðufé, og vil ég nú spyrja hæstv. fjmrh., hvort fé þetta sé fyrir hendi, hvenær sem þarf til að taka. Annars geri ég ráð fyrir, að svo sé.

Út af því, að stöðugt koma raddir fram um það, að tap bankans sé einstökum mönnum að kenna, vil ég í þessu sambandi benda á það, að mestur hlutinn af töpum bankans á rót sína að rekja til stríðsáranna. En allir þeir, sem vilja áfella bankastj., ættu að sjá, að við gátum ekki frekar en aðrar þjóðir losnað við þær fjárhagslegu umrótanir, sem styrjöldin hafði í för með sér. Þetta er okkar fyrsta, og ég vona hið síðasta bankahrun, og engan skyldi furða, þótt hér gæti einhverntíma áhrifa af því, er hundruð milljóna manna á bezta aldri vinna í fjögur ár að morðum og framleiðslu morðvopna, í stað þess að vinna að framleiðslu verðmæta. Þau áhrif taka til alls heimsins, og enginn mannlegur kraftur gat afstýrt því, að þau bærust hingað.

Ég gat þess í upphafi, að ég ætlaði ekki að ræða nál. minni hl., fyrr en hann hefði gert grein fyrir brtt. sínum og nál.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég er í minni hl. í n., og þar sem líklegt er að þetta verði síðasta umr. um málið hér í d., þykir mér ekki fara illa á að rekja hér nokkuð forsögu málsins hér á þinginu. Verð ég fyrst að taka það fram, að við jafnaðarmenn vorum ekki ánægðir með, hvernig stj. tók þessu máli í upphafi. Að vísu bar hún fram frv. um skiptameðferð á bankanum, eins og sjálfsagt var, en hinsvegar gerði hún ekki ráðstafanir til þess, að rannsókn færi fram á hag bankans þá þegar, né heldur til þess að færa viðskipti bankans yfir í annan banka. Hvað stj. hefir hugsað sér í því efni, er ekki vel ljóst, nema hún hafi hugsað sér, að Landsbankinn hefði getað tekið viðskiptin að sér, sem þó var hæpið, eins og sakir stóðu.

Við jafnaðarmenn bárum því fram till. um rannsókn á hag Íslandsbanka. Hún komst tvisvar á dagskrá, en var tekin út í bæði skiptin, í síðara skiptið eftir ósk hæstv. stj., og um sama leyti var skipuð

rannsóknarnefnd á bankann. Var að vísu gott og sjálfsagt, að svo var gert, en það hefði þurft að gera fyrr. Hinsvegar hefir stj. bankans ekki enn verið rannsökuð, en ég geri ráð fyrir, að till. um það komi bráðlega fram. Þegar einstakir menn eða fyrirtæki verða gjaldþrota, þá er svo fyrir mælt í lögunum, að réttarrannsókn fari fram yfir þeim, og hví skyldi hið sama ekki eiga við, þegar svo stórfellt fyrirtæki sem Íslandsbanki verður gjaldþrota? Erlendis, t. d. í Danmörku, fer slík rannsókn ávallt fram, ef banki verður gjaldþrota, og er þá ekki tekið persónulegt tillit til þeirra, sem hlut eiga að máli. Það er alls ekki tilætlunin, að níðzt sé á þessum mönnum, né þeir verði leiknir harðar en rétt er, en ég álít heppilegt fyrir land og lýð að gera hér hreint fyrir sínum dyrum. Það hefir komið fram í þessu máli, að bankastjórarnir hafa annaðhvort ekki vitað um hag bankans eða þeir hafa vísvitandi gefið falskar yfirlýsingar. Þessu til sönnunar má nefna skeytin til Hambrosbanka, viðskipti bankans og borgarstjórans í Reykjavík o. fl. Það hefir einnig komið fram við rannsóknina, að reikningar bankans hafa verið rangir í mörg ár og þessir röngu reikningar verið staðfestir af endurskoðendum, bankastjórum, bankaráði og bankaeftirlitsmanninum sjálfum.

Við jafnaðarmenn bárum hér fram frv. um peningastofnun, er skyldi heita „Útvegsbanki“ og taka skyldi við viðskiptum Íslandsbanka. Var ætlazt til, að þessi banki yrði hliðstæður Búnaðarbankanum, og tæki hann að sér þær atvinnugreinir, sem Búnaðarbankinn ekki styrkir, útveg, iðnað og verzlun. Gert var ráð fyrir, að bankinn yrði ríkisbanki, en þó var okkur jafnaðarmönnum enginn sérstakur þyrnir í augum, þótt einstakir menn legðu fé í bankann, ef ríkið hefði fullkomin yfirráð yfir honum. Við töldum heppilegast, að gert væri hreint borð í Íslandsbankamálinu, og Útvegsbankinn tæki að sér þau fyrirtæki, sem skipt hafa við Íslandsbanka og lífvænleg eru, en þau yrðu gerð upp, sem standa á óheilbrigðum grundvelli. Það er alkunna, að Íslandsbanki hefir haldið við allmörgum fyrirtækjum með því að ausa gegndarlaust í þau sparifé landsmanna, og hag margra þessara fyrirtækja er svo háttað, að alveg vonlaust er, að þau geti nokkurntíma greitt skuldir sínar. Það getur ekki verið gróði fyrir neinn að halda slíkum fyrirtækjum við, því að þó þau kunni að hafa pappírsgróða eitt ár, gengur sá gróði í vexti af lánum, sbr. „8% vaxtakontó“ Íslandsbanka. Fyrir verkamenn er ekki gróði heldur, að slík fyrirtæki lifi, því að þau geta ávallt sýnt fram á tap, vegna þess að of miklar skuldir hvíla á þeim.

Við lítum svo á, að frá þingsins, ríkisins og almennings sjónarmiði væri ekki hægt að hugsa sér, að tapið á lokun bankans lenti á öðrum en viðskiptamönnum bankans, innieigendum, erlendum og innlendum.

En aðstaða íhaldsmanna var sú frá upphafi að endurreisa Íslandsbanka óbreyttan með hjálp ríkissjóðs, halda sömu bankastjórn og nú er og halda við ráðum hluthafanna í bankanum. Hv. frsm. meiri hl. sagði að vísu, að þeir hefðu ekki verið að hugsa um að bjarga hlutafélaginu Íslandsbanka, heldur viðskiptum hans. En hvernig stendur þá á því, hve mikla áherzlu flokkurinn lagði á það, að hlutabréfin væru metin, enda þótt allir vissu að þau væru raunverulega einskis virði? Það getur ekki stafað af öðru en því, að flokkurinn hefir ætlað sér að fá hagkvæmt mat á þeim, til þess að halda við ráðum hluthafanna gömlu og gæta þeirra hagsmuna. Þeir heimtuðu ekkert framlag af viðskiptamönnum bankans til að endurreisa hann. Öllu átti að demba á ríkissjóð. Stefnan var sem sagt sú, að ríkissjóði ætti algerlega að blæða fyrir Íslandsbanka, en annars ætti allt að sitja við það sama. Það leit nú ekki vænlega út fyrir framgangi þessa frv. Íhaldsins í fyrstu, enda var það fellt. En þá taka nokkrir menn úr Framsóknarflokknum sig út úr, skerast úr leik og fara á bak við flokk sinn og þá stj., er þeir þykjast styðja, og bera fram nýtt frv., sem samið var af hv. þm. V.-Ísf. og hv. 3. landsk.

Það var sagt, að nauðsynlegur undirbúningur hefði þegar verið gerður til þess að geta komið þessu frv. fram, og sá nauðsynlegi undirbúningur átti að hafa verið á þann hátt, bæði utanlands

og innan, að fé hefði verið útvegað hjá lánardrottnum bankans. Nú er það rétt, að fé er lofað frá innlánseigendum bankans, og hygg ég, að það sé rétt, sem sagt er, að það séu vissir peningar. Það er rétt að viðurkenna það starf, sem á bak við liggur hjá þeim mönnum, sem safnað hafa fénu. Einnig er hægt að skilja, að menn hafi lofað fjárframlögum til þess að bjarga, þótt ekki væri nema nokkrum hluta af fé sínu, og meta það hjá mörgum, er gert hafa þetta jafnframt til þess að auðveldara væri að stofna nýjan banka, eða draga Íslandsbanka upp úr foraðinu. En aftur veit ég, að allt það skraf, sem verið hefir í útlöndum um föst loforð um fjárframlag, er hreint fals, og þá ekki síður mörg ummæli um málið, sem höfð hafa verið eftir útlendum mönnum, en tilgangurinn er auðséður.

Því var haldið fram, m. a. í Morgunblaðinu, og hefir verið sagt af ýmsum hv. þm., að ríkissjóður Dana hefði fallizt á að láta fé sitt að áhættufé, og ég veit ekki betur en að hv. þm. V.-Ísf. hafi sérstaklega byggt á þessu, en mér er nú kunnugt um það, og einnig er komin yfirlýsing í Morgunblaðinu um það, að danska stj. muni ekki hafa gefið neinar yfirlýsingar um það, áður en íslenzka stj. fór að spyrja hana. Sama er mér kunnugt um, þar sem sagt er, að Privatbankinn hafi gefið föst loforð um að leggja fram hlutafé, að engin loforð höfðu verið gefin. Og eins er það með Hambrosbanka; hann hafði ekki gefið föst loforð í þessu efni, svo að sá undirbúningur, sem hv. flm. þessa frv. töluðu um, er algerlega haldlaus. Hann er sem sé enginn, svo að það var ekki ástæða til að flytja frv. af því, að allt væri í lagi.

Jafnframt vil ég tala um einstök atriði þessa frv., og ætla ég þá sérstaklega að minnast á það, hve mikil ósvífni það er að vilja setja íslenzk lög um það, hvernig erlent ríki hagar sínum lánum, og á ég þar við greinina um að innieign póstsjóðsins danska skuli vera áhættufé. (ÓTh: Eru það skilaboð frá Stauning?). Mér þætti gaman að sjá hv. 2. þm. G.-K. koma fram með frv. um það, að enska ríkið skyldi leggja fram fé til þessa eða annars. Ætli hann yrði ekki lægri í loftinu, ef um annað land væri að ræða en föðurland hans, Danmörku?

Þá áttu hlutabréf bankans eftir frv. að vera metin eins og íhaldsmenn vildu, til þess að vernda hlunnindi hluthafanna. Svo átti seðlainndráttur bankans að fara fram þegar bankastj. óskaði þess, til þess að honum væri hægt að skjóta á frest, og svo loks þetta mikla atriði, að engin ábyrgð skyldi falla á neina innieigendur bankans.

Ég get nú að nokkru leyti skilið aðstöðu hæstv. stj., þegar þetta frv. kemur fram, þótt ég fallist ekki á hana. Sennilega hefir stj. viljað reyna að vernda sinn flokk og halda honum saman hér á þingi, en till. þær, sem komið hafa fram hjá hæstv. stj., eru sambland af till. þeim, sem komið hafa frá litla Íhaldinu, þ. e. klofningsmönnum Framsóknarflokksins, og því, sem við jafnaðarmenn komum fram með. Við gerðum okkar aths. við þetta frv., og ég verð að viðurkenna það, að hæstv. stj. tók þær að sumu leyti til greina, t. d. um það atriði, að Útvegsbankinn skyldi stofnaður og hefði ekki aðeins heimild til að setja tryggingu fyrir sparisjóðsfé, heldur skyldu, o. fl. þvílíkt, og að ríkissjóður hefði alltaf meirihlutaráð í bankanum.

En svo kom aðalatriðið, sem gerði það, að ég hefi ekki getað fylgt meiri hl. n. í þessu máli, og það er, hvernig töpin á bankanum skuli borin.

Í frv. eins og það var borið fram af hæstv. fjmrh. var þó gert ráð fyrir því, að innieigendur bankans skyldu í raun og veru bera töpin, því að arðurinn af hlutafénu yrði meiri eða minni eftir því, hvort hlutaféð væri nýtt fé eða frá lánardrottnum bankans fyrir gjaldþrotið. Ef þetta hefði verið samþ., þá hefði ekki ábyrgðinni fyrir tap bankans verið skellt á ríkissjóð eins óþyrmilega og orðið er, en í annan stað hefði þetta verið nokkuð hart fyrir þá, sem hefðu lagt innieignir sínar í bankanum í nýtt hlutafé, samanborið við þá, sem ekkert lögðu fram. Þess vegna hefði okkur fundizt réttara, að svo sem 25% af allri innieign væri bundið handa sérstökum afskriftarsjóði. Tapið hefði á þann hátt verið tekið hlutfallslega jafnt af innieignum manna í bankanum. En þeg-

ar svo fer í hv. Ed., að ekki er gengið inn á þessa leið, heldur jafnvel með öllu tekin ábyrgðin af innieigendum bankans, að öðru leyti en þeim, sem leggja fram hlutafé, og einnig miklu meiri ábyrgð skellt á ríkissjóð heldur en hann hefði nokkurntíma þurft að bera, þá getum við ekki fylgt frv. Ég hefi lauslega verið að gera mér grein fyrir því, þótt ég hafi ekki nákvæmar tölur fyrir mér, hve miklu ríkissjóður myndi tapa á því, ef bankinn yrði gerður upp, og mér virðist það, þótt gert sé ráð fyrir 25% tapi á ótryggðu fé og þar á meðal af ótryggðum seðlum, og þar að auki tekið tillit til þess, hve miklu dýrara það yrði fyrir ríkissjóð að taka að sér brezka lánið heldur en að láta bankann ávaxta það, þá mundi þó tapið aldrei fara fram úr einni millj. kr. En sé frv. samþ. óbreytt með 3 millj. kr. framlagi frá ríkissjóði, 3 millj. kr. framlagi frá innlendum og erlendum lánardrottnum, og þar að auki 1½ millj. frá Útvegsbankanum nýja, þ. e. a. s. ríkissjóði, samtals 7½ millj. kr., þá kemur 47% tap á allt stofnfé, eftir nýja matinu á bankanum. Á stofnfjárhluta ríkissjóðs, 4½ millj. kr., verður tapið yfir 2 millj. kr. Á þennan hátt er yfir 1 millj. kr. bókstaflega kastað í sjóinn úr ríkissjóði á móts við það að láta gera bankabúið hreinlega upp. Það er ekki lítil upphæð, sem almenning á að blæða um til að hjálpa fáum einstaklingum. Það er ekkert að segja um þann hluta tapsins, sem ríkið var skyldugt til að taka á sig, en það er lagt miklu meira fram en nauðsyn krefur til þess að koma bankamálunum í gott horf. Það vil ég ekki samþykkja. Og fyrir hverja er þetta gert? Fyrir lánardrottna bankans. Hv. 1. þm. Skagf., kom með þá tölu, að 10000 væru lánardrottnar bankans. Það getur vel verið, að það séu 10000 menn, sem þar hafa einhverra hagsmuna að gæta, en hve margir af þeim eru það, sem munar sérstaklega um tap sitt. (MG: Þá fátæku munar um lítið). Þeir fátæku eiga ekki svo mikið þar inni. En það er sjáanlegt, að þegar 700 menn af þessum eiga yfir 10000 kr. hver, að það eru þeir, sem á að hlífa með þessu. Mér finnst það vera nokkuð langt gengið að seilast svo mjög í ríkissjóð fyrir fáa menn. Við ættum að líta á það, að við erum þó fyrst og fremst fulltrúar allrar þjóðarinnar, en ekki þessara fáu manna sérstaklega, og ríkissjóðurinn er allra eign, en ekki þessara fáu.

Ég verð að segja hæstv. stj. það, sem fylgir þessu máli fram, eins og reyndar mestallt þingið virðist gera, að ég álít það í sjálfu sér merkilegt, hvernig hún bregzt við tiltektum sumra flokksmanna sinna. Sæmra hefði henni verið að standa eða falla með frv. eins og fjmrh. hafði loks gengið frá því, heldur en að láta beygja sig til að verja hagsmuni fárra manna gegn allrar þjóðarinnar, með hótun um vantraust. En stj. hefir verið kærara að sitja en leggja út í baráttu við Íhaldið og svikarana úr sínum eigin flokki og metið meira að geta sýnt út á við, á yfirborðinu, að Framsóknarflokkurinn væri einn og óskiptur heldur en að meiri hl. hans fylgdi réttum málum. Ég get sagt eins og Árni Pálsson sagði einu sinni við svipað tækifæri, að það væri mannlegt, en ekki mikilmannlegt.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég get þakkað hv. n. fyrir það, að hún hefir veitt þessu máli skjóta afgreiðslu. — Ég hefi ekkert út á afstöðu meiri hl. n. að setja. Mér hefir skilizt, að meiri hl. hv. n. muni fylgja þessu frv. óbreyttu, eða því sem næst, og þess vegna hefi ég ekkert að athuga við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði af n. hálfu. Hinsvegar kom hann með nokkrar hugleiðingar frá sjálfum sér, og vildi ég aðeins drepa á einstöku atriði af því.

Hv. þm. sagði m. a., að það væri auðséð á þessu frv., að það væri ekki tilgangurinn, að Íslandsbanki ætti að deyja. Ég skal ekkert metast við hv. þm. um það. Það, sem ég vildi segja um þetta, er það, að viðskipti Íslandsbanka eiga að lifa, þau, sem eru þess verð. Ef hv. þm. er einhver hugnun í því, að við köllum bankann lifandi Íslandsbanka, þá er náttúrlega ekkert út á það að setja frá minni hálfu, — það er eins og segir í vísunni:

Vakri Skjóni hann skal heita,
honum vil ég nafnið veita,
þó að meri það sé brún.

Hv. þm. sagði ennfremur, að aðaluppistaðan í þessum nýja banka væri Íslandsbanki og hans fé. Nú er þetta í raun

og veru svo, að þessi nýi banki tekur við banka, sem á minna en ekki neitt, og þá kem ég að því, sem hefir verið rætt hér um, bæði í hv. Ed. og eins kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að það væri réttari leið og kurteisari, að mér skilst, að meta hin gömlu hlutabréf Íslandsbanka heldur en að ákveða það með lögum, að þau skuli felld úr gildi sem einskis virði. Þeir hv. þm., bæði í hv. Ed. og neðri, sem á þetta hafa minnzt og haldið þessu fram, þeir hafa jafnframt látið það í ljós, að það væri þeirra skoðun, að þessi bréf væru einskis virði. En ég skil ekki, hvers vegna þá á endilega að fara að setja á stað eitthvert „apparat“ til að meta hluti, sem allir vita, að eru einskis virði; mér sýnist það ekki vera neinn sérstakur hrekkur við eigendur þessara hlutabréfa, þótt þeir verði sjálfir látnir sækja þann rétt á hendur ríkinu, sem þeir þættust kunna að eiga.

Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þegar matið fór fram á Íslandsbanka um daginn, þá var hann ekki metinn í þeim tilgangi, að það ætti að koma fram, hvers virði gömlu hlutabréfin væru, því ef það hefði átt að gera, hefði orðið að meta eftir allt öðrum reglum. Ef hefði átt að meta hann þannig, þá hefði orðið að meta hann eins og hann liggur nú ósjálfbjarga, þegar hluthafarnir hafa ekki verið færir um að reisa hann við, og ef ætti að meta bankann þannig, að ráð væri gert fyrir því, að hann ætti að fara til skiptameðferðar, mundi hagur hans verða talsvert verri heldur en hjá þeirri n., sem mat hann síðast.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl. á IV. kafla þessa frv. og taldi það óþarfa rófu á gullkálfinn. Nú er það, eins og hv. frsm. meiri hl. veit, að náttúran hefir skapað rófuna á þau dýr, sem bera hana, í einhverjum vissum tilgangi, og hún er þeim nauðsynleg á margan hátt. En nú vil ég segja, að það, sem hv. frsm. meiri hl. kallaði óþarfa rófu, það hefir orðið mjög ráðandi um það, hvernig þessu máli lyktar að lokum, því að það vil ég fullyrða, að ef það frv. hefði ekki komið fram, og ef það hefði ekki gengið eins langt og það gekk í þinginu, þá hefði aldrei verið hægt að knýja fram það framlag, sem fengizt hefir hjá þeim, sem inni hafa átt hjá Íslandsbanka. Nei, það er áreiðanlegt, að þessi rófa er ennþá nauðsynleg á þessu frv., því hún er til þess gerð á dýrunum að verja þau fyrir ágangi flugna og ýmsra annara kvikinda, og þessi rófa hefir verið mjög heppilegur vöndur á þá, sem í byrjun þessa máls vildu óvægir ganga lengst í því, að ríkissjóður tæki þennan ósjálfbjarga banka að fullu og öllu upp á sína arma.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um það, að þetta fyrirkomulag yrði byrði á ríkissjóði. Það er alveg rétt. Þetta er byrði á ríkissjóði eins og komið er málefnum Íslandsbanka; en þó að þjóðin í heild sinni eigi enga sök á, þá var alveg óhjákvæmilegt, að þjóðin og ríkissjóður biðu skaða eins og komið var.

Hv. frsm. meiri hl. slær því föstu, að með þessu frv. taki ríkið á sig allar skuldbindingar Íslandsbanka og hljóti að bera þær. Mér fannst það mikill óþarfi hjá hv. frsm. meiri hl. að lýsa þessu yfir hér á þingi. Ég vil þvert á móti lýsa yfir því, að samkv. þessu frv. bera hluthafarnir alveg ábyrgð á bankanum, það sem hlutaféð nær, og mér finnst það óviðeigandi að gera slíka yfirlýsingu, sem hv. frsm. meiri hl. hefir gert um þetta. Hv. frsm. meiri hl. tók það fram oftar en einu sinni, að það hefði verið ódýrara og að það hefði verið betra að leggja bankanum lið strax í byrjun. Um þetta má auðvitað frá hans sjónarmiði deila, en ég vil minna hv. þm. á það, að þær fyrstu till., sem komu frá hans flokki, voru á þá lund, að ríkissjóður tæki á sig allar skuldbindingar Íslandsbanka, án þess að nokkuð kæmi á móti frá öðrum. (**Margir þm.**: Þetta er mesti misskilningur). Það kom fram sú till. á lokaða fundinum, þar sem skorað var á stj. að koma Íslandsbanka á stað aftur til starfrækslu, og það var ekkert talað um það, á hvern hátt stj. ætti að gera það, og á því stigi málsins var ekki hægt að telja annað fært en að taka fulla ábyrgð á bankanum.

Hv. frsm. meiri hl. spurðist fyrir um það, hvort hægt væri að gera ráð fyrir því, hvenær bankinn yrði opnaður. Ég get ekki gert grein fyrir því eða sagt það eins og stendur, vegna þess að það er enn eftir að leita þeirra samninga, sem

gert er ráð fyrir hér í frv., við ýmsa skuldheimtumenn bankans. Og að öðru leyti getur það vel komið fyrir, þar sem hv. Ed. felldi eina gr. úr frv., þar sem var heimild til þess að veita bankanum greiðslufrest, að það geti frekar tafið fyrir bankanum heldur en hitt. Ég geri ráð fyrir, að það geri þá þörf enn brýnni að tryggja bankanum aukið rekstrarfé.

Ég get ekki sagt um það, hve langt er komið samningaumleitunum samkv. 12. gr. frv., það er komið nokkuð á stað, en það er ekki hægt að ganga frá neinu fyrr en séð er fyrir endann á afgreiðslu þessa frv. í þinginu, en undir eins og það er tilbúið, býst ég við, að allt sé til reiðu um að taka upp samningaumleitanir við þá útlendu lánardrottna, sem um getur verið að ræða.

Um það, hvort stj. hafi til þá 1½ millj. kr., sem gert er ráð fyrir að verði lögð Útvegsbanka Íslands, þá býst ég við, að ekki þurfi á því að standa. En jafnframt býst ég við, að það þurfi að gera frekari ráðstafanir um rekstrarfé fyrir bankann, og því sé ekki hægt að segja neitt um það, hvenær bankinn geti tekið til starfa, en vitanlega verður að hraða þeim undirbúningi eftir því sem föng eru á.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær brtt., sem hér hafa komið fram frá hv. minni hl. n. Ég get vitanlega ekki fallizt á þær; þær eru til að umturna frv., en þá er vitanlega engin önnur leið en sú, sem gert er ráð fyrir í 4. kafla þessa frv.

Ásgeir Ásgeirsson: Það hafa komið fram nokkur ummæli við þessa umr., sem mér er skylt að svara. — Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ekki hafi litið út fyrir annað en að Íslandsbanki væri farinn veg allrar veraldar, þegar þetta frv. var afgr. frá þessari deild. Í því sambandi vil ég minna á till., sem hæstv. fjmrh. bar þá fram. Sú till. fól í sér, að frestað skyldi framkvæmd laganna um tiltekinn tíma. Þann frest átti að nota í ákveðnu augnamiði, sem sé til þess að fá nýtt mat á bankanum, semja við erl. lánardrottna og til þess að afla innlends hlutafjár til endurreisnar bankanum. Þegar frestur er gefinn til slíkrar rannsóknar, liggur það í hlutarins eðli, að það á að taka tillit til niðurstöðunnar af rannsókninni og málaleitununum, og það frv., sem nú liggur fyrir deildinni, sýnir, að fullt tillit hefir verið tekið til hennar. Frestinn hafa margir menn notað til hins ýtrasta og unnið öfluglega að viðreist bankans. Stj. hefir látið fara fram mat á bankanum, og útkoman sýnir, að unnt er að „rekonstrúera“ bankann. Bankaráð Íslandsbanka hefir látið fara fram samninga við hina erlendu lánardrottna. Að þeim samningum hefir Jón Þorláksson unnið fyrir hönd bankaráðsins í samráði við Svein Björnsson sendiherra. Þá hefir fjöldi manns unnið að því undanfarnar vikur að safna hlutafé innanlands. Árangurinn af þessu starfi er glæsilegri en nokkur gat gert sér í hugarlund, áður en sá frestur var gefinn, sem till. hæstv. fjmrh. fól í sér. Allt þetta, sem unnið hefir verið að, var óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að hugsandi væri til að endurreisa bankann.

Þá spurði hv. þm. þess, hvort Íslandsbanki væri það sama og Sjávarútvegsbankinn í niðurlagi 15. gr. Þessi gr. var upphaflega í frv. mínu á þskj. 200. Þar er Landsbankanum og stj. hans heimilað að taka við allri seðlaútgáfunni nú þegar. Um ráðstafanir á gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum af Íslandsbanka fer þá eftir þeim reglum, sem landsbankalögin setja. Tilgangurinn með þessari till. er sá, að losna við þann tvískinnung, sem verið hefir á seðlaútgáfunni, og gera Landsbankann ótvírætt að einasta seðlabanka landsins. Erlendir sérfræðingar í þessum efnum, sem ég hefi átt tal við í tilefni af gengismálinu, hafa hvað eftir annað talað um nauðsyn þessa og hina auðveldu framkvæmd. Meðal annara vil ég nefna próf. Cassel og Sir Ernest Harvey.

Hv. 2. þm. Reykv. þótti illt, að í mínu frv. er engin kvöð lögð á Landsbankann um það, hvenær inndráttur Íslandsbankaseðlanna skuli fara fram. Er það m. a. vegna þess, að ég er því yfirleitt mótfallinn, að Landsbankanum sé skipað fyrir. Hann á að vera sem sjálfstæðust stofnun, óháð hinu pólitíska valdi, eins og hæstiréttur. Þessu verður ekki algerlega fullnægt, en því óháðari sem hann er skyndibreytingum stjórnmálalífsins, því betur! Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hefi viljað láta Landsbankann ráða þessu.

En ef það er rétt, að Landsbankinn óski fremur að fá skipun um þetta frá þinginu en heimild, þá er ég jafnánægður með það, sem stendur í hinu mjög svo endurbætta stjórnarfrv.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að hið mikla hlutafé, sem ríkissjóður leggur bankanum til, sé sama og fullkomin ábyrgð á bankanum, eins og frv. Sjálfstæðisflokksins fól í sér. Í því sambandi vil ég minna á það, sem gerðist á lokaða fundinum, sem fyrstur var haldinn í þessu máli. Þar greiddi ég hiklaust og ákveðið atkv. á móti því, að ríkið tæki ótakmarkaða ábyrgð á Íslandsbanka. (**JÞ:** Það fór engin atkvgr. fram um það). Þær till., sem lágu fyrir frá bankaráðinu, fólu það í sér, að ríkið tæki fullkomna ábyrgð á bankanum. (**ÓTh:** Þær till. komu aldrei til atkv. — **JJós:** Þetta var aldrei borið undir atkv.). Nei, að vísu ekki, en þetta var þó í raun og veru það, sem þá var greitt atkv. um. En ef svo er, sem hv. 1. þm. Skagf. segir, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, bindi ríkissjóð svo, að kalla megi fullkomna ábyrgð á bankanum, og þeir hv. innan- og utandeildarþingmenn, sem nú grípa fram í, eru þó fylgjandi — hvernig stendur þá á því, að þessum sömu þingmönnum er svo mikið áhugamál að afsanna, að þeir hafi nokkurntíma áður verið fullkominni ábyrgð fylgjandi? Það er býsna tilgangslítið að ætla annarsvegar að þvo sig hreinan af því að hafa áður verið fylgjandi ótakmarkaðri ábyrgð á bankanum, og hinsvegar að sanna, að þær till., sem allir eru nú sammála um að fylgja, feli í sér samskonar ábyrgð. Það er óþarft að leggja á sig þetta erfiði — ekki sízt þar sem hvorttveggja er rangt! Ríkissjóður leggur fram ákveðna fjárupphæð sem hlutafé. Í 7. grein reglugerðar um Íslandsbanka stendur, að enginn hluthafi sé ábyrgur umfram sitt eigið hlutafé. Sama máli gegnir um það hlutafélag, sem hér er sett á stofn. Ríkið tekur enga ábyrgð á bankanum umfram það hlutafé, sem lagt er fram í byrjun. Ríkið getur því á hvaða tíma sem er gert þær ráðstafanir, sem heppilegastar eru, án nokkurrar ábyrgðar á skuldbindingum bankans gagnvart öðrum. En hverjar þær ákvarðanir verða, sem framtíðin ber í skauti sér, vitum við ekkert um að svo stöddu, og er tilgangslaust að tala um annað en það, sem nú liggur fyrir að taka ákvörðun um. Ríkið er aðeins einn hluthafinn og lýtur þar sömu lögum og aðrir hluthafar. Ábyrgð þess nemur hlutafénu, og engum eyri þar umfram. Þetta er eitt höfuðatriði bankamálsins.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi, að það hefði verið betra fyrir ríkissjóð að leggja til þegar í upphafi það fé, sem með þurfti, og taka þá ábyrgð á bankanum í einhverri mynd. En það er áreiðanlegt, að hér á ekki við að segja: Því fyrr, því betra! Því að ef ríkið hefði tekið allt á sig í upphafi, þá hefðu þær samningsumleitanir og hlutafjársöfnun, sem farið hefir fram nú á síðustu vikum, aldrei komið til. Óþarfur dráttur er að vísu skaðlegur, en í landi, sem er óvant svona málum, gengur eðlilega tregar en annarsstaðar að leiða þau til lykta. Þó hefir einmitt sá frestur, sem kvartað er um, orðið til þess, að í staðinn fyrir að bankinn væri tekinn til skiptameðferðar, heldur hann áfram með stórlega auknu hlutafé. Bankinn mun verða tryggari en bankar eru yfirleitt í nágrannalöndum okkar. Hann verður jafnvel sterkari að eigin fé en sænska bankalöggjöfin heimtar, og er þá mikið sagt, því að Svíar eru varfærnir í þessum sökum.

Hv. 2. þm. Reykv. vék nokkuð að afskiptum mínum og annara af þessu máli. Þar gaf hann þær upplýsingar, sem ég hefi ekki heyrt áður, að frv. það, sem ég og tveir aðrir þm. bárum hér fram, hefði verið samið af mér og Jóni Þorlákssyni. Ég hefði ekkert skammazt mín, þó svo hefði verið, en sannleikurinn er sá, að frv. var samið af mér einum, en yfirlitið af prófessor Ólafi Lárussyni. Jón Þorláksson var einn af þeim, sem sá það áður en það var prentað. Jón Þorláksson símaði frv. eftir minni beiðni til sendiherra okkar, Sveins Björnssonar, því að það var áríðandi, að í frv. væri ekkert gagnstætt vilja hinna erlendu lánardrottna, sem þá var verið að semja við um hlutafjárframlög og afborgunarskilmála, því að engir möguleikar voru um endurreist bankans, nema hægt væri að komast að góðum samningum við þá.

Þá lagði hv. 2. þm. Reykv. mikla á-

herzlu á það, hve allt væri haldlaust í því frv., sem ég bar fram, og yfirleitt á engu að byggja, sem þar stæði. T. d. sagði hann, að a- og b-liðirnir í frv. væru hreint fals. Ég vil benda hv. þm. á það, að hann hefði átt að fylgjast betur með þeim samningaumleitunum, sem gerðar hafa verið, eins og ég og fleiri þm. hafa gert, svo hann hefði a. m. k. losnað við að gera sig beran að því að vita ekki, hvernig þessum málum nú er komið.

Þá skildist mér á hv. þm., að hann legði það mér til ámælis, að ég hefði samneytt bersyndugum manni, þar sem Jón Þorlákssson var. Raunar hefði ég fremur viljað starfa með einhverjum flokksbróður mínum; það hefði valdið mér engu minni ánægju en að umgangast Jón Þorláksson. En einhver varð að fara með þetta starf, samninga við erlendu lánardrottnana, og bankaráð Íslandsbanka fól það Jóni Þorlákssyni með vilja stjórnarinnar, og Sveinn Björnsson sendiherra var fenginn til að vinna með honum, og leystu þeir báðir starf sitt prýðilega af hendi. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði þess, hvaða möguleikar séu nú fyrir hendi eða muni verða, en aðeins geta þess, að stj. byggir á því í sínu frv., að þeir möguleikar, sem nefndir eru í mínu frv., séu raunverulegir. Að vísu kom yfirlýsing í Morgunblaðinu um afstöðu dönsku stj. Ég skal ekkert um hana segja á þessu stigi; mér er nóg, að það mun koma á daginn, að danska stj. er fáanleg til að gera það, sem henni er ætlað í mínu frv. Ég veit, að Stauning, flokksbróðir hv. 2. þm. Reykv., gerir sitt bezta í þessu efni, enda fær hann, sem lánardrottinn bankans, þannig bezt málalok. Annað er ekki farið fram á við lánardrottnana en að hver geri það, sem hann telur bezt fyrir sína eigin hagsmuni. Það er það, hvað sé bezt fyrir þá sjálfa, sem Privatbankinn og Hambrosbanki hafa tekið ákvörðun um. Það hefir að sönnu heyrzt, að einhver afturkippur hafi komið í Hambrosbanka, en ókunnugt vegna hvers. Raunar var hann þó sama hugar og aðrir um nauðsynina á endurreist bankans. En sem betur fer, þarf engum afarkostum að taka af Hambrosbanka. Hann getur verið með eða ekki, eftir því sem honum lízt. Útvegsbankinn verður stofnaður, þó að hann dragi sig til baka. Það er því rangt hjá hv. þm., að allur undirbúningur míns frv. sé haldlaus. Það mun allt standast, sem þar stendur. Hv. þm. veit lítið um þann undirbúning, sem fram hefir farið erlendis. Honum virðist vera það eitt ljóst, að ég sé óhreinn af því að hafa samneytt óhreinum manni, þar sem Jón Þorláksson er, og hann sem jafnaðarmaður geti engin mök átt við mig eða mínar till. vegna þess. Þetta virðist vera það eina, sem hann leggur áherzlu á um hið mesta alvörumál, er fyrir þinginu liggur.

Þá sagði hv. þm., að það væri ósvífni að setja ákvæði um útlendar stofnanir eða ríki í íslenzk lög. Í frv. stj. stendur aðeins það, að ríkissjóður leggi 3 millj. til bankans, ef vissum skilyrðum, sem nefnd eru, verður fullnægt, en um það stendur vitanlega hvergi, að einhverjum útlendingi eða erl. ríki sé skylt að fullnægja þeim. Ég vona því, að þessi „ósvífni" mín rætist nú samt og að viðkomandi ríki geri það, sem um er að ræða, þó að það hafi ef til vill verið nefnt nokkrum dögum áður en nauðsynlegt var, hvað til stendur að það geri, ef íslenzka stjórnin óskar þess. Þá sagði hv. þm., að ég hefði, eins og íhaldsmenn, verið að reyna að bjarga gömlu hluthöfunum. Hv. þm. og flokksbræður hans láta eins og þeir séu að forða þjóðinni frá allt að 4½ millj. kr. tapi, sem af því gæti leitt, að enn eitt mat fari fram á bankanum vegna gömlu hluthafanna. Mér þótti það réttara að forminu til, að nýtt mat á hlutabréfunum færi fram, en get þó fallizt á það ákvæði stjfrv., að byggt sé á því mati, sem þegar hefir farið fram á bankanum, því um það efast enginn, að hlutabréfin eru einskis virði. Og ef einhver gömlu hluthafanna efast um, að svo sé, sem vart kemur til, þá er opin leið til málshöfðunar. Annars er engin hætta á, að til málshöfðunar komi, því að hlutabréfin eru, eins og ég sagði, einskis virði, og verða því ekki mikil málaferli út af þeim. Þess vegna eiga hv. þm. ekki að láta hátt um, að þeir séu að forða frá milljónatapi, þó þeir séu mótfallnir nýju mati. Enda er það eggjun til rána og gripdeilda, ef nokkuð væri til í fullyrðing þeirra um, að endurmat þyddi milljónir króna í vasa eldri hluthafa.

Loks taldi hv. þm. þann ókost á minu frv., að engin ábyrgð væri tekin á innstæðufé. En það ánægjulegasta er einmitt það, að ef þessar till. í minu frv. og stjfrv. ná fram að ganga, þá fær hver sitt, þó um enga ábyrgð á innstæðufé umfram það, sem nemur hluta- og áhættufé, sé að ræða. Bæði ég og aðrir, sem styðja stjfrv., byggjum á því. Innstæðueigendur og erlendir lánardrottnar fá allir sitt. (HV: En ríkissjóður?). Hann fær sitt fé líka. (HV: Hvernig?). Bankinn græðir, og þá fær ríkissjóður vexti af framlögðu hlutafé. Og skuld hans við ríkissjóð verður jafntrygg eins og annað. Ég verð því að segja, að ef þetta er höfuðgallinn, þá er ekki margt athugavert við frv.

Mótbárur hv. þm. gegn frv. minu, og þá um leið stjfrv., voru yfirleitt veigalitlar, en aftur á móti eru veigameiri meðmæli með hvorutveggja í nál. hv. þm. Þar skýrir hann frá stefnu Alþýðuflokksins í þessu máli, og þar eru talin ýms höfuðatriði stjfrv. og frv. míns.

Ég sé ekki ástæðu til að koma með mikla útreikninga í sambandi við þetta mál, en læt mér nægja að geta þess, að ríkið tapar mestu, ef bankanum verður lokað. En jafnvel þó það væri rétt, að ríkissjóður tapaði nokkru fé á því, að Útvegsbankinn sé stofnaður, þá er ekki þar með sagt, að ríkið tapi raunverulega á því. Stofnun bankans styður atvinnuvegina. Lánstraustinu er borgið að því leyti sem unnt er. Og afgreiðsla málsins verður þjóðinni til sóma. Ég mun því greiða atkv. með stjfrv., en móti öllum brtt.

Hannes Jónsson: Ég ætla aðeins að taka það fram, að hv. frsm. bankanefndarinnar talaði ekki fyrir mína hönd, og hefi ég því óbundnar hendur um afgreiðslu þessa máls. Ég flyt brtt. við frv., en mun greiða því atkv., þó að hún nái ekki fram að ganga. Annars komu fram ýmsar fullyrðingar hjá hv. frsm., sem ég var ekki sammála, en þar sem hæstv. fjmrh. hefir minnzt á þær, þarf ég ekki að tala um þær nú. Ég ætla samt að minnast á eitt, sem honum varð tíðrætt um, en það var það, að Íslandsbanki héldi áfram að lifa.

Ég skal ekki deila um það við hann, en ég vil benda honum á 13., 14. og 15. gr. frv. Ef bankinn lifir áfram þrátt fyrir það, að þær gangi í gildi, þá held ég, að hann sé ódauðlegur. — 13. gr. tekur fram, að hlutafé skuli strikað út. Hann gæti nú lifað fyrir því. En 14. gr. tekur fram, að Útvegsbanki Íslands skuli taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka og að Íslandsbanki sé þá ekki lengur til sem sjálfstæð stofnun. Þetta virðist mér taka af öll tvímæli.

Ég býst við, að hv. þm. þættist ekki vera lengur 1. þm. Skagf., ef annar maður kæmist þar að. Hann mundi alls ekki telja sig þm. nema hann gæti setzt í eitthvert annað þingsæti. (MG: Ég gæti t. d. orðið þm. Vestur-Húnavatnssýslu). Já, það er hugsanlegt, en ef það mistækist líka, þá myndi hann hverfa af sviði stjórnmálanna. Hann væri pólitiskt dauður. — Ákvæði 15. gr. frv. eru einnig nokkuð skýr í þessu efni, þótt hv. þm. V.-Ísf. vildi snúa þeim nokkuð á annan veg. Þar er það tekið fram í 2. mgr., að seðla Íslandsbanka, þá sem í umferð eru, skuli draga inn og ónýta, ef bankinn kemur til með að renna inn í Útvegsbankann. Ef Íslandsbanki á að halda áfram, þá sýnist það heldur undarlega til fundið, að leyfa seðlum hans ekki að vera í umferð áfram. — Annars er þetta út af fyrir sig ekkert höfuðatriði, en þó hefir mér þótt rétt að geta þess, svo að það sæist, að hv. frsm. meiri hl. fór um þessi atriði ekki alveg rétt með skoðanir alls meiri hl. (MG: Ég sagði þetta fyrir sjálfan mig, en ekki í nafni n.).

Hv. frsm. minntist á það, sem rétt er, að með þessu frv. tekur ríkið á sig allmiklar fjárhagsskuldbindingar, þar sem það tekur í raun réttri ábyrgð á skuldum bankans. A. m. k. vextirnir um langan tíma og e. t. v. eitthvað af höfuðstól þeim, sem fram verður lagður, má teljast glatað. Ég vil nú gera tilraun til að draga nokkuð úr þessu tapi fyrir ríkissjóð á fullkomlega sanngjarnan hátt. Vil ég því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við 15. gr. frv., svo hljóðandi, ef hæstv. forseti vill leyfa mér að lesa hana upp:

„Við 15. gr.:

Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Arður af þessu hlutafé skal ganga til afskrifta á töpum á búi Íslandsbanka, þar til þau eru að fullu upp unnin".

Til þess að greiða fyrir umr. um þetta atriði, skal ég þegar taka til meðferðar það, sem ég held að verði helztu mótbárurnar gegn brtt. minni, þ. e., að hún ætti að geta hindrað, að lagt yrði fram það hlutafé, sem lofað hefir verið gegn því, að ríkið leggi fram 3 millj. En það er alveg misskilningur, að till. gangi í nokkru gegn rétti þeirra manna, sem lofað hafa að leggja fram hlutafé, því að í 11. gr. stendur eftir sem áður, að ríkissjóður leggi Íslandsbanka 3 millj. króna sem forgangshlutafé, og í 2. gr. stendur, að ríkissjóður eigi að leggja Útvegsbankanum 1½ millj. króna sem hlutafé. Það hefir aldrei verið skilyrði frá hluthafanna hálfu, að þessi 1½ millj. kr. yrði fram lögð frá ríkinu. Hluti ríkisins af Íslandsbankahlutafénu kemur, þrátt fyrir brtt. mína, til að hafa fulla áhættu í bankanum. Þeir, sem lofuðu hlutafénu, hafa aðeins sett það skilyrði, að ríkissjóður legði fram 3 millj. króna, og því skilyrði fullnægir brtt. mín. Þrátt fyrir samþykkt hennar mun því ekkert verða, er hlutafjárlofendur geta hengt hatt sinn á, ef þeir vilja ekki standa við loforð sín. Öllum skilyrðum, sem þeir hafa sett, hefir verið fullnægt.

Ég hygg, að flestum hv. þdm. muni kunn ákvæði þessarar brtt. minnar, nú þegar fyrir fundinn. Ég ræddi um þessa till. í n. og hefi síðan í gærkvöldi fært hana í tal við ýmsa hv. þdm.; þótt hún hafi eigi legið fyrir skýrt orðuð fyrr en nú. Það, að ég kom ekki opinberlega fram með hana áður, svo að hún gæti orðið prentuð og útbýtt á fundinum, stafar af því, að ég vildi fyrst ganga alveg úr skugga um það, að brtt. gæti ekki orðið til þess að draga úr því, að aðrir hluthafar legðu fram sitt hlutafé. Og eftir að hafa athugað málið svo vel, sem ég átti nokkurn kost á, hefi ég ekki getað séð neina ástæðu til ótta í þessu efni.

Ég hefði haft tilhneigingu til að koma með fleiri brtt., t. d. um að bæta aftur inn í frv. einu atriði, sem niður var fellt í hv. Ed. Á ég þar við heimildina til að veita bankanum „moratorium" á einhverju eða öllu innstæðufé sparifjáreigenda um takmarkaðan tíma. Ég er hræddur um, að það geti orðið erfitt hinum nýja banka að greiða allt það innstæðufé, sem heimtað verður út í byrjun. En þar sem atkvgr. í hv. Ed. sýndi skýrt og greinilega afstöðu þeirrar deildar til þessa atriðis, vil ég ekki tefja málið með því að bera fram brtt. í þessa átt.

Um gang málsins hér á Alþingi álít ég þýðingarlaust að ræða. Nú hefir dregið saman með mönnum, og er það aldrei nema gott. Þeir, sem áður vildu láta ríkið taka alhliða ábyrgð á bankanum, eða sama sem, hafa nú fallið frá þeirri kröfu. Bankinn hefir nú fengið loforð fyrir svo miklum styrk úr öðrum áttum, að það verður að teljast gerlegt að samþykkja þetta frv. Vænti ég, að hv. þm. leggi nú meira upp úr því að fá góða úrlausn málsins heldur en að nota það sem pólitískt bitbein eða árásarefni. Ef mér sýndist svo, ætti ég sjálfsagt hægt með að beina ýmsum árásum til andstæðinga minna, vegna afskipta þeirra af málinu, en ég kýs heldur að láta það vera.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegu brtt. (verður þskj. 243) leyfð og samþ. í e. hlj.

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. fjmrh. lét nokkur orð falla til þeirra, sem greiddu atkv. á móti skiptafrv. hér úr hv. deild. Þótt mér væru ekki ætluð þessi ummæli sérstaklega, vil ég svara þeim fáeinum orðum. Ég greiddi atkv. gegn skiptafrv. hæstv. stj. á sínum tíma í þeirri trú, að ég væri að gera hið rétta í málinu, og síðan hefi ég sannfærzt æ betur og betur um það, að afstaða mín var rétt. Mér var það ljóst, að íslenzka ríkið mátti miklu fórna til að koma í veg fyrir þau lánstraustsspjöll, sem nú þegar eru fram komin. Í veltufjárlausu landi, eins og hér, er það einhver hættulegasti leikurinn að tefla lánstraustinu í voða. — Þegar á fyrsta næturfundinum um málið lá fyrir mat á bankanum frá bankaeftirlitsmanninum og öðrum manni til. Var vitanlegt, að talsvert mátti byggja á því mati, enda þótt það gæti ekki verið nákvæmt í öllum einstökum atriðum. Ég hefi aldrei viljað taka ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, og ég vildi, að bankinn yrði

„gerður upp", svo að það sannaðist, hvers virði hlutabréfin eru. Þetta hefi ég viljað ávallt síðan 1921, og það var þetta, sem fyrst og fremst þurfti að gera til þess að koma bankanum á heilbrigðan grundvöll. En þar fyrir var það alls engin nauðsyn að loka bankanum.

En þetta eru hlutir, sem ekki tjáir um að tala héðan af, enda er ég að mestu sammála þeim till., sem hæstv. fjmrh. nú ber fram í málinu. Verð ég þó að játa, að mér þykir undarlega farið að formhlið þessa máls, þar sem hæstv. ráðh. flytur endurreisnartill. sínar sem brtt. við frv. það, er lá fyrir hv. Ed. Fær málið því í raun og veru aðeins eina umr. í hvorri deild, og hygg ég, að þessi aðferð megi kallast vera á takmörkum þess að vera lögleg. Ég mun þó ekki tala frekar um formhliðina, en snúa mér að því, sem meiru varðar, efnishliðinni.

Aðalatriðið er það, að hér á að koma upp tiltölulega traustum verzlunar- og útvegsbanka. En þótt þetta sé sterkasti banki, sem hér hefir verið stofnsettur, og hlutafé hans og tryggingarfé sé allmikið á pappírnum, fær hann í rauninni ekki nema 1½—2½ millj. króna sem nýjan höfuðstól. Hitt er „dautt kapital", fé, sem nú stendur fast í bankanum. Því er það augljóst, þótt þetta frv. verði samþ., að veita verður í bankann nýju blóði, auka starfsfé hans til mikilla muna með innlendum eða erlendum peningum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, finnst mér stórum aðgengilegra en frv. hv. þm. V.-Ísf. og félaga hans, sem nokkuð hefir komizt hér inn í umr. Bæði er bankanum ætlaður mun meiri höfuðstóll, og eins á að leysa út innstæður manna í Íslandsbanka, þegar er þess er óskað. Legg ég sérstaklega mikið upp úr hinu síðara atriði, því að það hlyti að verða til að draga til stórra muna úr trausti hins endurreista banka, ef hann byrjaði starfsemi sína þannig, að geta ekki leyst út innstæður manna.

Ég bar í upphafi lítið traust til hæstv. landsstj. í þessu máli, og skal ég játa, að það traust hefir frekar aukizt nú. En þó mun ég ekki bera fullt traust til hennar fyrr en ég sé, að hún leggur sig fram til að gera bankann trausta og sterka stofnun. Ef hæstv. stj. stendur vel í stöðu sinni, er ég viss um, að bankinn mun fljúga margefldur úr rústum hins, eins og fuglinn Fönix úr ösku sinni.

Frv. sjálft, sem hér á að fara að samþykkja, er í rauninni hálfgerður vanskapnaður, eins og oft vill verða, þegar öllum á að gera til geðs. Ég er sammála hv. frsm. meiri hl., að réttast væri að láta ekki sjást „ljósið í rófunni" á frv., sem þar er sett lokunarmönnum til augnagamans. Eins er ég óánægður með heiti bankans. Í 1. gr. frv. er skýrt, hvert verkefni bankanum er ætlað, sem sé að „styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna". Er mér óskiljanlegt, af hverju þetta má ómögulega sjást af heiti bankans. — Fleira er í frv., sem ég er ekki allskostar ánægður með. En þar sem mér líka vel stærstu atriði þess, mun ég ekki gera leiðréttingu þessara galla að kappsmáli, en greiða frv. atkv. óbreyttu.

Loks vil ég áminna hæstv. stj. um að sjá til þess, að þessi banki verði til að lækka okurvexti þá, sem hér eru nú. Það er óneitanlega hjákátlegt, þegar fregnirnar um vaxtalækkanir berast utan úr löndum svo að segja í hverri viku, að Íslendingar verða enn að búa við hin allraverstu vaxtakjör, sem þeir hafa nokkurntíma haft. Vextirnir verða að lækka hér eins og annarsstaðar.

Sigurður Eggerz: Ég hafði ekki ætlað mér að tala hér í dag, en viss orð, sem hafa fallið í hv. deild, koma mér til að standa upp.

Niðurstaða sú, sem nú er að fást í þessu máli, er þannig löguð, að vel má við hana una, og eins og málinu horfði við á tímabili, er mikil ástæða til að gleðjast yfir þessari niðurstöðu. Bæði hv. 2. þm. Rang. og fleiri hafa sýnt fram á það, hversu sterkur sá banki á að verða, sem hér verður starfræktur framvegis í stað Íslandsbanka. Hlutafé „Útvegsbankans" skv. 2. gr. á að vera 1½ til 2½ millj. kr., en auk þess leggur ríkissjóður Íslandsbanka 3 millj. kr. sem forgangshlutafé, ýmsir aðrir 1½—2 millj. og aðallánardrottnar bankans erlendis leggja fram í hlutafé og tryggingarfé ekki minna en 4½ millj. króna. Ég held því, að um það geti ekki orðið deila, að hér er verið að koma af stað öruggum banka. En af því

leiðir aftur það, að þeir, sem eiga inni í Íslandsbanka, fá allt sitt greitt að fullu. Yfir því gleðst ég sérstaklega, og það veit ég, að allir gera. Við samþykkt þessa frv. má vona, að lánstraust landsins, sem þegar hefir beðið mikinn hnekki, verði nú endurreist.

Hér hafa heyrzt raddir um það, að með þessu frv. sé ekki verið að endurreisa Íslandsbanka, heldur stofna annan banka og leggja Íslandsbanka niður. Þetta er nú að vísu formið á frv., sem hér liggur fyrir, en nánari athugun sýnir, að það er Íslandsbanki, sem á að starfrækja áfram. Hlutafé þessa „nýja banka" á að vera 1½ til 2½ millj. kr. En hvað segir slík smáupphæð, þegar um það ræðir að koma nýju bankafyrirtæki af stað? Vitanlega verður það Íslandsbanki með öllum sínum samböndum, sem verður grundvöllurinn undir Útvegsbanka Íslands. En ef einhverjir gleðjast af því, að hann heiti nýju nafni, og geta notað það til að friða samvizku sína eftir að hafa snúizt á rétt mál, þá er ekkert út á það að setja. Aðalatriðið er það, að nú sýnast horfur á, að bæta megi þann hnekki, er lánstraust þjóðarinnar hefir beðið.

Tilefnið til þess, að ég stóð hér upp, voru annars nokkrar aths. frá hv. 2. þm. Reykv. Í umr. um Íslandsbankamálið hefi ég til þessa ávallt lagt alla áherzlu á að vinna að því, að bankinn verði endurreistur, og að allt, sem unnt er, væri gert til að koma í veg fyrir spjöll á lánstrausti Íslands. Ég hefi aldrei flutt neinar varnarræður fyrir mig eða aðra bankastjóra Íslandsbanka. Enda þurftum við ekkert að verja. Við eigum enga sök á því, hvernig komið er. Við höfum unnið eins og við gátum á móti því, að bankinn þyrfti að loka. En um síðir fór svo, að hin köldu ráð, er bankanum voru ráðin bak við tjöldin, urðu okkur um megn. Og ég býst við, að eins hefði farið fyrir flestum öðrum í okkar stöðum. — Það er ekki neitt nýtt, þótt ég fái nú að heyra hótanir frá hv. 2. þm. Reykv. um sakamálshöfðanir og refsingu. Það hefir verið einskonar hersöngur í sumum stjórnarblöðunum nú um langan tíma, marrið í tukthúsdyrunum. Í hvert skipti, sem hæstv. stj. mislíkar eitthvað, þá er hlaupið til að opna tukthúsdyrnar, og það er eins og innstu óskir sumra aðdáenda hennar séu uppfylltar, þegar þeir heyra braka í hjörunum, Grimmdin í þessum mönnum er ekki lítil. Þeim er ekki nóg að ná stöðunum frá andstæðingum sínum. Nei: Tukthús, tukthús! Það er herópið. Maður kannast við sum af þessum tryggðatröllum, sem nota hvert tækifæri til að níðast á andstæðingunum. — En hvað er það þá eiginlega, sem þeir vilja höfða mál gegn okkur bankastjórunum fyrir? — Það var borið út um bæinn, af mönnum, sem eru kannske ekki alveg óskyldir þeim, sem nú standa með refsivöndinn, að bankinn mundi skulda 10—15 millj. kr. umfram eignir. Þetta flaug út um hverja smugu í bænum. Þá framkvæmdu þeir mat á bankanum Jakob Möller bankaeftirlitsmaður og Pétur Magnússon bankastjóri í Búnaðarbankanum. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, að bankinn mundi eiga fyrir skuldum, ef hann héldi áfram starfsemi sinni. Þar með var rothögg slegið á slúðursögurnar um skuldir bankans. Nú höfðu óvinir bankans ekki nema eitt ráð. Þeir hrópuðu: Hvað er að marka mat þeirra J. M. og P. M.? Þetta eru íhaldsmenn! — Og árásunum á þessa menn linnti ekki. Síðan skipaði landsstj. sína eigin trúnaðarmenn til að meta bankann. Niðurstaða þeirrar matsnefndar var ákaflega lík og nærri hin sama, sé tekið tillit til aths. matsmannanna. Þegar því einn af höfuðfulltrúum jafnaðarmanna metur bankann, kemst hann að nærri sömu niðurstöðu. Þetta er því algert rothögg á þá kenningu fjandmanna bankans, að bankann vanti 10—15 millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum.

En þegar nú þessi draugur var kveðinn niður, þá var næst ráðizt á bankastjórana. Einhvern þurfti endilega að hálshöggva. Fyrst ekki tókst að hálshöggva bankann, þá þurfti þó einhvern að hálshöggva, og þá voru það bankastjórarnir. En ég hefi nú aldrei séð hámark hræsninnar eins skýrt eins og hjá hv. þm., þegar hann var að láta marra í tukthúsdyrunum. Þetta er hámark hræsninnar! Fyrir tveimur árum var Landsbankinn metinn, og eftir því mati var það á allra vitorði, að bankann vantaði miklu meira en Íslandsbanka til þess að hann ætti fyrir skuldum. En hvað var þá gert? Og hvað

gerðu fulltrúar jafnaðarmanna þá? Bankastjórar Landsbankans eru hinir sömu menn og þá voru enn í dag. Þeir eru leiðandi menn í fjármálalífi þjóðarinnar. Og til þeirra er enn leitað ráða, og þá einnig um það, hvað gera skuli við Íslandsbanka. En jafnaðarmannaforingjarnir liggja í duftinu, ef minnzt er á bankastjóra Landsbankans. Er það af því, að þeir fá keypta víxla þar? Sömu menn, sem vilja hefja stj. á Landsbankanum hátt til skýjanna, vilja opna tukthúsdyrnar fyrir bankastjórum Íslandsbanka! Er ekki þetta hámark hræsninnar? Tala ærlegir menn á þann hátt? Eða er heiftin búin að blinda svo sýn þessara manna, að þeir séu búnir að gleyma því, sem gerðist fyrir tveimur árum? — Yfirleitt hafa þeir kannske haldið, að þeir hafi sýnt mikla karlmennsku, þegar þeir voru að reyna að drepa Íslandsbanka. En nú hefir stj. tekið þá aðstöðu að leggja til, að bankinn fái að lifa. En hvað gera þá jafnaðarmannaforingjarnir? Jú, hv. 2. þm. Reykv. vítti þetta lítilsháttar, en kom ekki fram með neinar verulegar ákúrur til stj. Það er því auðséð, að stj. á að lifa góðu lífi. Og af hverju? Af því að hv. frsm. jafnaðarmanna mun hafa séð í kíki einn lítinn bankastjóra handa jafnaðarmönnum. Og það er sagt, að auðvaldsdjöfullinn hafi hvíslað því að honum, að þessi bankastj. ætti að fá að launum 24 þús. kr., og að þá hafi hv. þm. bráðnað og vilji síðan í hjarta sínu endilega, að bankinn sé opnaður. — Já, auðvaldsdjöfullinn! Það hlýtur að vera einhver sá versti djöfull, sem til er, þegar þessi miklu karlmenni gleyma sér svona algerlega. Hv. jafnaðarmenn vilja endilega draga mig undir hegningarlögin. En ég verð að segja það, að ef lögin væru eins og þau ættu að vera, þá ættu þau að hafa til hegningarákvæði handa þeim, sem drepa vilja virðingu, sjálfstæði og lánstraust þjóðarinnar út á við og inn á við. Þeir menn ættu að titra og skjálfa fyrir refsiákvæðum laganna, en ekki þeir, sem berjast fyrir, að þessi beiski kaleikur víki frá þjóðinni. En sá dagur kemur, þegar þjóðin hefnir þess, sem misgert hefir verið í þessu máli sem öðrum. Og sá dagur er nær en þá sjálfa grunar. En hver eru svo ákæruatriðin, sem þeir bera fram á hendur bankastj. Íslandsbanka? Hið fyrsta er símskeytið til Hambros upp á þá fyrirspurn, hvers vegna hlutabréf bankans væru að falla í verði. En sú fyrirspurn kom nokkrum dögum áður en bankanum var lokað. Þeirri fyrirspurn var svarað með því einu, sem rétt var, að við vissum ekki orsökina til þess að verðbréfin féllu erlendis, en bentum á, að þau væru að hækka í verði aftur. Þetta var alveg rétt svar. Við vissum ekki ástæðuna. Vegna uppsagnar Privatbankans gat það ekki verið, því það er áreiðanlegt, að hann hefir ekki farið að auglýsa þá uppsögn. Og viðskipti Íslandsbanka við þann banka eru orðin svo löng, að enginn vafi leikur á því, að samningar hefðu tekizt um skuldina, ef Íslandsbanki hefði getað sett fullnægjandi tryggingu.

Þá er það þessi fölsun, sem á að hafa átt sér stað í reikningum bankans. En í aths. þeim við matið, sem stjórnskipaða n. lét frá sér fara, stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Virðist okkur bókfærsla bankans ljós og óbrotin og bækurnar vel færðar og greinilega. Að sjálfsögðu höfðum við ekki aðstöðu til að fara í neinskonar endurskoðun á þessum stutta tíma, en sú eina aths., sem við gerðum við færslu bókanna, komum við að er jafnaðarreikningurinn er rakinn hér á eftir". — Ég veit ekki fyrir víst, við hvað matsnefndin á með þessari aths. En líklega er það þó uppfærsla sú, er matsnefndin gerði á skuldum banka vegna gengisreiknings. En í því sambandi vil ég þá minna á það, að í landsreikningnum 1928 er enska lánið frá 1921 uppfært með gengi hvert £ á kr. 21.10. Afleiðingin af því er sú, að hagur ríkissjóðs verður á reikningi kr. 125.561.33 betri en ella. Ja, hvernig fer nú fyrir stj.? Verður tukthúsið opnað fyrir henni? Þarna hefir stj. reiknað gengið lægra en stranglega tekið er rétt. Ætla hv. jafnaðarmenn að ógna stj. með marri í tukthúshurðinni vegna þess arna? En ef þeir gera það ekki, þá skil ég ekki í því, að sú sök verði þung á okkur bankastjórunum fyrir það að hafa reiknað £ á kr. 22.00, þegar stj. reiknar sinn hluta með 21.10 og lætur það koma fram í opinberum reikningum. Ég held, að það þurfi að vanda alveg sérstaklega

val á dómara, ef hann á að dæma okkur bankastjórana í tukthús fyrir þessa sök. Mín samvizka er svo góð, að ég get dáðzt að jafnaðarmannaforingjunum, ef þeir geta fundið þann rannsóknardómara, sem gæti dæmt mig í tukthúsið.

Þá er mikið talað um það, að reikningar bankans hafi verið rangir, þannig að þeir sýni betri útkomu heldur en matsnefndin hefir komizt að um hag bankans. Ef reikningar bankans ættu ávallt að vera í samræmi við slíkt mat, þá þyrfti að meta hag bankans mánaðarlega. Og hvernig er þetta svo með aðra banka? Hvernig er með reikninga Privatbankans og hvernig með reikninga Landsbanka Íslands? Haldið þið virkilega, ef þeir bankar væru metnir, að niðurstöður n. mundu ekki verða aðrar en bankareikningarnir sýna? Jú, vissulega! — Þegar Íslandsbanki var metinn, þá var niðurstaðan þegar færð í reikninga bankans. Fyrir tveim árum var Landsbankinn metinn. Hefir sú niðurstaða, sem þá fékkst, verið tekin til greina í reikningum bankans? Nei, það hefir ekki enn verið gert. Eða ég veit ekki til, að það sjáist þar. Ég er ekki í neinum vafa um, að reikningar beggja þeirra banka, sem ég nefndi, sýna ekki rétta spegilmynd af ástandinu eins og það er á hverjum tíma. Það sýna einmitt afskriftirnar. Ég skal fúslega játa, að ég er enginn sérfræðingur í bókfærslu. En ég sé ekki, hvernig þeir menn, sem lofsyngja Landsbankanum í hvívetna, geta vítt aðra banka fyrir nákvæmlega það sama og Landsbankinn gerir. Ég veit því ekki, hvernig þeir fara að því að halda svona ræður eins og þeir gera hér. — Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. hefir enn ekkert lært af meðferð þessa máls hér í þinginu. Fyrir honum er það enn „fiks Idé" að bankinn þurfi endilega að drepast. Hann gleymir enn, að um leið og bankinn er drepinn, þá er líka lánstraust landsins drepið um leið. Og hv. þm., sem alltaf þykist hafa hina fátæku hjá sér og vera þeirra málsvari, ætti ekki að gleyma þeim 10 þús. fátæku innstæðueigendum, sem hafa trúað bankanum fyrir aleigu sinni. — Yfirskriftin yfir dyrum hv. þm., sú, að hann sé málsvari hinna fátæku, gleymist alveg, þegar um þessa fátæku menn er að ræða. Nei, svo harðbrjósta eru þessir svonefndu leiðtogar alþýðunnar, að þeir vilja fyrir hvern mun traðka rétti þessara manna. Og hvernig geta þeir verið leiðtogar alþýðunnar áfram, sem gleyma henni hvenær sem eitthvað örðugt kemur fyrir. Ef jafnaðarmenn réðu hér á þingi, þá vitum við, hvað gert væri. Þá yrði frv. drepið, réttur innstæðueigenda fyrir borð borinn og lánstraust landsins drepið. Og þessir menn leyfa sér að tala stór orð. Það er alveg furðulegt, að þeir skuli leyfa sér að tala slík orð. Það er sannarlega hámark hræsninnar, hvernig þeir leyfa sér að tala í þessu máli!

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég ætla að svara hér nokkru af því, sem að mér hefir verið vikið af ýmsum hv. þm., sem talað hafa eftir mína fyrri ræðu.

Hv. þm. V.-Ísf. kvartaði mikið um, að ég grunaði sig um illar hvatir í þessu bankamáli. Mér fannst hann afarreiður yfir orðum mínum. Það var fjarri því, að ég ætti við illar hvatir, nema ef illt skal telja, að hann hefir þá stefnu í þessu máli, sem íhaldsmenn hafa. En það finnst mér hafa komið fram nógu glöggt. Enda hefir hann viðurkennt, að aðalráðamaður hans við samningu frv. hafi verið fyrrv. form. Íhaldsflokksins, hv. 3. landsk. Fleiri menn kunna að hafa komið þar að, en ég hygg, að það sé rétt, sem ég hélt fram fyrst, að hann mundi eiga mestan þátt í framkomu frv., þó að hv. þm. V.-Ísf. tæki á sig að koma því á framfæri og vera fyrsti flm.

Þá var annað atriði, sem ég lagði áherzlu á í fyrri ræðu minni. Ég efast um, að sá undirbúningur hafi farið fram erlendis, sem nauðsynlegur er til þess, að hv. þm. V.-Ísf. hafi nokkra vissu fyrir því, að fyrirmæli þessa frv., sem hann bar fram, muni geta fundið náð fyrir augum erlendra lánardrottna, eins og þó hv. þm. alltaf fullvissar okkur um. Hann talaði um, að hv. 3. landsk. þm. hafi staðið í samningum við erlenda lánardrottna fyrir milligöngu Sveins Björnssonar sendiherra, en hann vildi láta svo skilja, að hann sjálfur hafi sérstaklega fylgzt með þessum samningaumleitunum, svo að hann vissi fyrir víst, að erlendu lán-

ardrottnarnir mundu ganga að þessu. Þetta verð ég að vefengja og mótmæla því, að Sveinn Björnsson komi fram sem sendiherra Íslands á þann hátt, sem hv. þm. lýsti. Hefir þá stj. fengið Jóni Þorlákssyni sendiherra landsins til að vinna með? Hvort er það þá lengur lögleg stj. landsins, sem stjórnar, eða Jón Þorláksson? Ég hygg, að Sveinn Björnsson hafi komið þar fram sem „prívat"-maður, en ekki á neinn hátt af landsins hálfu, og þess vegna ber landið ekki ábyrgð á því, og getur ekki veitt neinn stuðning því, sem hann hefir sagt fyrir hönd Jóns Þorlákssonar um þetta efni. Þetta var aðeins tilraun til að blekkja landslýð, að það hafi verið þegar fengnir samningar, og þess vegna komi frv. fram. Þetta kom líka fram í Morgunblaðinu, sem sérstaklega heldur fram íhaldsmálstaðnum hér í bænum, með líkum ummælum og hjá hv. þm. Og þó að hv. þm. V.-Ísf. þykist sitja inni með alla vizku í þessu máli, þá leyfi ég mér að segja, að það sé ósatt, sem hann hélt fram í þessu efni, og eingöngu gert í þeim tilgangi að tæla menn til þess að samþykkja frv. Og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. sem formann bankaráðsins að láta birta opinberlega öll þau símskeyti, sem farið hafa milli hans sjálfs og sendiherra Íslands eða send hafa verið til annara manna erlendis um þetta mál, og sömuleiðis þau símskeyti, sem Jón Þorláksson hefir sent Sveini Björnssyni, og þau svör, sem hann hefir fengið, því að þar hefir hann komið fram sem bankaráðsmaður. Það hafa komið fram svo mörg ósannindi í þessu máli, svo mikið verið gert til að rægja lánstraust landsins erlendis, og allt makkið við útlendingana er svo tortryggilegt, að ég hygg, að það eigi að verða lýðum ljóst, hvað gert hefir verið, og eins, hver árangurinn hefir orðið af þessum samningaumleitunum, sem hv. þm. V.-Ísf. gefur í skyn, að hafi verið fullgerðar, þegar frv. hans kom fram. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. taki þessa áskorun til greina og svari henni á þessum fundi, þegar hann talar. En til viðbótar vildi ég óska, að hv. þm. V.-Ísf. skýrði frá, hverju danska ríkisstj. hefir lofað, hverju Hambros Bank hefir lofað, hverju Privatbankinn hefir lofað. Hann hefir alla þekkinguna á þessu, svo að honum er auðvelt að gera það. Ég efast ekki um fyrir mitt leyti, að þessir tveir bankar muni vilja gera margt til að bjarga fé sínu og bankaviðskiptum hér, en ég vefengi, að ákveðin loforð hafi verið látin uppi.

Mér fannst það nú ekkert smáatriði, sem hv. þm. gat um, að seðlainndrátturinni ætti að fara eftir óskum stj. Landsbankans. Því að það er ekki verið að ræða um venjulegt framkvæmdaratriði innan bankans, heldur um vald Landsbankans gagnvart löggjafarvaldinu. Það er eðlilegra, að Alþingi ráði slíku, heldur en að vera að búa til nýtt vald yfir fjármálunum í landinu. Þetta veit ég, að hv. þm. skilur, þó að hann óski annars.

Um burtfellingu hluthafafjár vil ég ekki deila við hv. þm. Ef hann væri viss um, að hlutabréfin yrðu afskrifuð, hví þarf þá nýtt mat? Og hvernig vildi hann hafa það mat? Ég held, að hann tali móti betri vitund, og veit annars, að hann hugsar sér að hafa það mat þannig, að enginn, sem væri jafnaðarmaður, sæti í matsnefndinni. Slíka matsnefnd mun hann hafa heimtað af stj. Og auðvitað ætti nefndin að vera skipuð í þeim tilgangi að fá ákveðinn lit á matið.

Þá sagði hv. þm., að allir þeir, sem stjfrv. fylgi, vilji láta alla fá sitt. Það leit svo út, sem hann talaði fyrir sinn flokk, ekki aðeins fyrir þessa 5 eða 6 menn, sem nú er farið að kalla flokk, heldur fyrir þann flokk, sem hann telur sig ennþá að nafninu til, Framsóknarflokkinn. En mér er kunnugt persónulega, að mörgum mönnum úr Framsóknarflokknum er ekki vel við það ákvæði að skella allri ábyrgð á ríkið, þó að þeir hafi fallizt á að greiða frv. atkv. Enda talaði einn framsóknarmaður í þá átt í kvöld, að töpin ættu að færast yfir á hlutafé, sem kæmi úr Íslandsbanka. Það sýnir ekki sömu skoðun á málinu sem hv. þm. V.-Ísf. hefir. Hv. þm. V.-Húnv., sem ég á við og borið hefir fram brtt. um þetta, kvaðst samt mundu greiða frv. atkv., þó að sú brtt. næði ekki að ganga fram. Þetta sýnir, hve ólíkar skoðanir geta mætzt til að samþykkja frv. stj.

Hverjir „allir" fá sitt? Innieigendur fá sitt. Þeir, sem leggja fram hlutafé, eiga að fá sitt, þó að gefið sé, að hlutabréfin

verði í raun og veru ekki nema 53% að sannvirði í byrjun. Það má vera, að þeir fái sitt með tímanum, ef vel gengur. En ef illa gengur, fá þeir það ekki. Þeir hljóta að tapa í byrjun og hafa hlutafé sitt arðlaust. En ríkissjóður tapar þeim mun meiru, sem hann leggur meira fram en þeir. En þeir, sem fá sitt, eru erlendir og innlendir menn, sem leggja ekki fram neitt fé til stuðnings Útvegsbanka Íslands og flytja ekki viðskipti sín yfir í hann. Fyrir þá er þessi leiðin bezt. Ég er ekki á þeirri skoðun, að hægt sé að leysa öll vandamál og forðast öll töp með því einu að dengja þeim á ríkissjóð. Því að einhverjir verða að borga í ríkissjóð.

Hv. þm. Dal. var að tala um fátæku mennina, sem ættu inni í Íslandsbanka. Það er nú ekki almennt álitið, að þeir, sem allra fátækastir eru, hafi mikið af bankainnieignum. En hitt er áreiðanlegt, að það fé, sem þarf að afla ríkissjóði og sem notað verður til að greiða töp ríkissjóðs á Íslandsbanka, það er mikið til lagt á allra fátækustu mennina, eins og lýst er í greinargerðum fyrir frv., sem liggja fyrir þinginu um tekjuskatt og eignarskatt og um fasteignaskatt. Ég veit, að hv. þm. V.-Ísf. skilur það mál og hann gerir því vísvitandi þessa árás á fátæka alþýðuna í landinu.

Hv. þm. gat um, að hann hefði mikla útreikninga um það, hverju ríkið hefði tapað, þó að bankinn hefði gengið til skipta. Mér er spurn: Hvers vegna koma þeir útreikningar ekki fram? Ég hygg, að orð hans sem reikningsmanns og fjármálamanns megi sín varla svo mikils, að óhætt sé að treysta, þó að hann gefi ekki upp neinar tölur, en fyrir honum virðist þetta vera svo einfalt mál, að hann hlýtur að eiga auðvelt með að finna, hvað beinn halli ríkissjóðs hefði orðið mikill, og láta það heyrast. En kannske útreikningarnir þoli ekki dagsins ljós frekar en „undirbúningurinn"?

Það var hv. þm. Dal., sem gladdist yfir niðurstöðunni og talaði um, að Íslandsbanki væri aðalstofninn í þessum nýja banka. Ég hefi ekki skilið gleði hans. Það er ekki hægt að segja, að eignir Íslandsbanka séu meginstofn í Útvegsbankanum, þegar maður veit, að þær eru minni en ekki neitt. Hann virtist afarreiður yfir því, að ég talaði um það sem sjálfsagðan hlut, að það færi fram réttarrannsókn, eins og tíðkast í svipuðum tilfellum, þegar bankar hrynja, og eins og lögskipað er um fyrirtæki einstakra manna. Fyrst sagði hann að vísu það, að hann vissi ekki neinar sakir á sér og sínum. Ef svo væri, þarf hann ekki að óttast réttarrannsókn. Hún gæfi honum tækifæri til að hreinsa sig af öllum ásökunum. En svo kom á eftir hjá honum, að slík sakamálsrannsókn þýði sama og tukthús. Hvernig getur hún þýtt tukthús fyrir saklausan mann? Hv. þm. hefir þó margsinnis lýst trú sinni á hæstarétti. Hann sagði, að við, sem vildum réttarrannsókn í þessu máli, mundum ekki láta okkur nægja að taka af sér stöðuna, heldur líka æruna. Það er svo fjarri því. Við vildum aðeins vita, hvort bankastj. hafi sök í málinu, og hafi hún sök, þá hvort hún sé afsakanleg eða ekki. Þetta er ákaflega eðlilegt og ég held bezt fyrir alla aðila. Þessi skelfing hv. þm. er mjög svo furðuleg.

Hv. þm. fór að tala um töp Landsbankans, hversu mikil þau væru. Ég hygg, að varla sé tími til að blanda því inn í þetta mál. Og ég segi fyrir mitt leyti, að þetta „hámark hræsninnar", sem hann talaði um, kemur mér ekki við. Ég hefi aldrei séð þetta mat á Landsbankanum og þeir, sem fengu að sjá það, voru bundnir þagnarloforði. En hinsvegar er mér kunnugt, að til þess mats var þannig stofnað, að niðurstaða þess hlaut að sýna tapið í mesta lagi, — einlitir fjandmenn bankans í matsnefndinni —, og ef Íslandsbanki hefði verið metinn á sama hátt, hefði hagur hans varla orðið fallegur, né glæsilegri en nú.

Hv. þm. talaði um auðvaldsdjöfulinn, sem væri allra djöfla verstur og lokkaði menn með hvísli sínu í bankastjórastöðuna. Hv. þm. þekkir þetta vel af eigin reynd. Raunaleg er saga hv. þm. og fyrrv. ráðherra. Nemesis hefir sannarlega verið að verki kringum hann.

Hver taldi sig beztan útvörð frelsis og sjálfstæðis okkar Íslendinga hér fyrrum, nema hv. þm.? Og hver hefir undirskrifað beiðni til Danastjórnar um, að danska ríkið legði póstféð fram sem hlutafé í hinum nýja íslenzka Íslandsbanka, er

þm. vildi endurreisa, nema innlimunarmaðurinn hv. þm. Dal.?

Hver taldi sig mestan fjármálamanninn, fyrst til þess að stjórna fjármálum ríkissjóðs og síðan Íslandsbanka, nema hv. þm. Dal.? Og hver sökkti fyrst ríkissjóði í skuldaforað og setti síðan, með félögum sínum, Íslandsbanka á höfuðið með stjórn þeirra, nema hv. þm. Dal.?

Hver notaði sér aðstöðu sína sem ráðherra til að veita sjálfum sér hæstlaunuðu stöðuna í landinu, bankastjórastöðuna við Íslandsbanka? Og hver felldi sjálfan sig og liggur nú flatur í eigin gerðum nema hv. þm. Dal.? Skyldi hv. þm. ekki vera orðinn sæmilega kunnugur auðvaldsdjöflinum?

Ég held nú sannast að segja, eftir ræðum hv. þm. Dal. og framkomu hans í þessu máli fyrr og síðar, að hann beri minnur öðrum þm. skyn á stjórnmál, og væri honum bezt að þegja um þau framvegis.

Ólafur Thors: Það er búið að ræða þetta mál svo mikið, bæði nú og áður, að ekki er ástæða til að fara um það mörgum orðum. Ég tel þó rétt, að málið fari ekki svo út úr deildinni að þessu sinni, að ég segi ekki nokkur orð.

Vil ég þá fyrst drepa á brtt. hv. þm. V.-Húnv., sem hnígur að því, að sá arður, sem kynni að verða af hinu nýja hlutafé, skuli ganga til þess að borga þau töp, sem talið verði, að orðið hafi á Íslandsbanka sérstaklega.

Út af þessu vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm. V.-Húnv., hvað hann álíti þau töp mikil, og á hvern hátt hann hugsi sér að slá því föstu, hve miklu þau nemi.

Samkvæmt síðasta mati er tap bankans 3½ millj. Nú nemur hið nýja hlutafé ca. 6 millj kr., og ef því er ætlað að bera hallann, sem orðið hefir á Íslandsbanka, er þar með lögð óeðlilega há kvöð á þá menn, sem sýnt hafa viðleitni í þá átt að reisa bankann við, með ríkissjóð sem aðilja að nokkru leyti. Ég er ekki viss um, að hv. þm. V.-Húnv. hafi gert sér ljóst, hver hin reikningslega niðurstaða af þessu verður, og skal því gera nokkra grein fyrir því.

Ef þeir, sem standa að endurreisn bankans með ríkissjóði, hefðu ekki lagt fram fé í því skyni af innstæðum sínum, hefðu þeir komið fram sem kröfuhafar í væntanlegu búi bankans, en vegna þess að þeir sýndu viðleitni í þá átt að reisa bankann við, mundu kröfur þeirra, ef till. hv. þm. V.-Húnv. næði fram að ganga, samkv. síðasta mati afskrifast með 3½ millj. niður í 2½ millj., eða sem svarar 58⅓%, en það mundi jafngilda því, að allir skuldheimtumenn bankans hefðu tapað 18.666.000 kr. af kröfum sínum, ef bú bankans hefði verið tekið til skiptameðferðar, og vænti ég þess, að hv. þm. sé mér sammála um, að litlar líkur séu til, að svo hefði orðið. Till. hv. þm. V.-Húnv. miðar því að því að gera hlut þessara manna enn þyngri en hann hefði orðið, ef þeir hefðu brugðizt illa við um að endurreisa bankann. Það er engin sanngirni í því, að sá, sem á 10.000 kr. sem innstæðu í bankanum og er reiðubúinn til þess að leggja það fram sem hlutafé, skuli fá innstæðu sína niðurfærða í 4100 kr., en að annar maður, sem einnig á 10.000 kr. inni í bankanum, en ekki vill hætta þeim sem hlutafé, skuli geta tekið allt sitt út affallalaust. En þessi er afleiðingin af því, ef till. hv. þm. V.-Húnv. verður samþ. Má vera, að hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir því, og að hann mundi ekki hafa komið fram með till., ef hann hefði athugað þetta.

Vilji hv. þm. V.-Húnv. aftur á móti slá því föstu með mér, að tap Íslandsbanka sé ekki 3½ millj., eins og matsnefndin gerir ráð fyrir, heldur minna, breytir það vitanlega þessari afstöðu, þannig að halli hlutaðeigandi fjáreigenda samkv. till. hans verður hlutfallslega minni, en þá verður áhætta ríkissjóðs það vitanlega líka.

Ef ætla mætti, að 1.791.000 kr. af tapi bankans mundi vinnast upp, ef hann héldi áfram, og þeim mönnum og fyrirtækjum, sem þetta skulda, gæfist þannig kostur að halda áfram atvinnurekstri sínum — en fyrir þessu hefir matsnefndin gert ráð í skýrslu sinni —, lækkar sú upphæð, sem bankinn er talinn skulda umfram eignir, um helming. Ef þess er ennfremur gætt, að bankinn græðir 430 þús. kr. á týndum seðlum, að 135 þús. kr. skekkja varð við matið á útibúi bankans í Vestmannaeyjum, að hús bankans

hér í Reykjavík er vanmetið um eitthvað 150 þús. kr., og að bankanum er að óþörfu, hvað efnishliðina snertir, reiknað sem tap 850 þús. kr. vegna gengishækkunar, — ef tillit er tekið til þessa alls, verður tap bankans ekki metið meira en 1 millj. kr. í mesta lagi. En ef tapið er fært svo niður, eins og ég hefi sýnt fram á, að rétt sé að gera, munar það 100 þús. kr. fyrir ríkissjóð, hvor leiðin verður farin, leið hv. þm. V.-Húnv. eða leið hæstv. stj.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að skýra þetta nánar, en skal hinsvegar gera það, ef vefengt verður. Vænti ég þess, að hvorki hv. þm. V.-Húnv. né aðrir hv. þm. vilji stefna þessu máli í voða, með því að halda þessari brtt. til streitu, þar sem þetta munar ríkissjóðinn ekki meiru en ég hefi sýnt fram á. Sjálfur mun ég, m. a. af þeim ástæðum, greiða atkv. gegn till., og vænti ég þess fastlega, að svo geri fleiri. Það er nú svo, að þetta bankamál hefir hvílt eins og mara á flestum þm., síðan það kom á döfina, og geri ég ráð fyrir, að fleirum en mér hafi létt í skapi við það, að nú er loksins svo komið, að telja má víst, að sú lausn fáist á þessu mikilvæga máli, er eftir atvikum verður að teljast ágæt. Hitt er annað mál, hvort allir flokkar þingsins hafa jafnan sóma af framkomu sinni í þessu máli, og víst er um það, að ræða hv. 2. þm. Reykv. varð ekki skilin nema sem tilraun frá hans hálfu til þess að þvo skjöld sinn og flokksbræðra sinna. Ræða þessa þm. bar það greinilega með sér, að honum var ljóst, að stj. hefir snúizt í þessu máli, þar sem hann var að reyna til að breiða yfir snúning stj., svo að honum mætti verða nokkur afsökun fyrir að styðja hana áfram í stóli. En hv. 2. þm. Reykv. finnur það vel, að hann og flokksbræður hans eru tjóðraðir af fyrri orðum sínum í þessu máli, og er því ekki nema eðlilegt, að hann reyni að rykkja í tjóðurbandið.

Áður en ég vík að efnishliðinni í ræðu hv. 2. þm. Reykv., vil ég leyfa mér að mótmæla þeirri staðhæfingu hans, að bankastj. Íslandsbanka hefði gert sitt til að spilla áliti og trausti landsins út á við, með því að gefa í símskeytum rétt á undan lokun bankans rangar upplýsingar til útlanda um hag hans. Ég greip fram í fyrir hv. 2. þm. Reykv., er hann staðhæfði þetta, og spurði, hvað hann hefði fyrir sér í þessu, og svaraði hann mér því, að hann ætti við skeyti, sem farið hefði milli Sir Charles Hambro og hr. Eggerts Claessens. Ég hefi nú leitað fyrir mér um það, hvað hæft er í þessum áburði, og fór sem mig grunaði, að hann var með öllu rangur. Vil ég í þessu sambandi geta þess, að hæstv. fjmrh. lét sviputð orð falla í hv. Ed. við 2. umr. málsins þar, og er fyrir þá sök því meiri ástæða til þess að Þingtíðindin beri það með sér, að hér er hallað réttu máli.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að bankastjórnin sem slík hefir ekkert símað til útlanda um hag bankans vikuna áður en honum var lokað. Hinsvegar fóru símskeyti á milli Sir Charles Hambro og Eggerts Claessens, sem þá var sjúkur heima hjá sér, mánudaginn 27. jan., eða viku áður en bankinn lokaði, en í þessu skeyti frá Claessen eru engar rangar upplýsingar um hag bankans. Vil ég leyfa mér að lesa þessi skeyti hér upp til sönnunar máli mínu. Skeytið, sem Sir Charles Hambro sendi til Eggerts Claessens, er á þessa leið:

„Vísa til símskeytis yðar 26. þ. m. Þykir leitt að verða að láta yður vita, að hér er óhagstæður orðrómur á sveimi um ástand banka yðar, og er honum fremur trúað vegna þess, að hlutabréfin hafa ennþá fallið. Getið þér símað oss opinbera neitun".

Þessu skeyti svaraði Eggert Claessen svo samdægurs:

„Þakka fyrir vingjarnlegt skeyti yðar. Við vitum ekki um orsakir fyrir óhagstæðum orðrómi um bankann. Á kauphöllinni í Kaupmannah. fellur verð hlutabréfa vorra oft og stígur án nokkurra annara orsaka en spákaupa einstakra manna, og framboð á einungis fáum þúsundum getur orsakað töluverðar sveiflur. Annars eru hlutabréfin nú hækkandi og hafa stigið úr 24 upp í 30. Ekki hefir orðið vart við neinn óróa um bankann hér".

Þessi skeyti eru send viku áður en bankinn lokaði, eins og ég tók fram, og eru algert einkamál þessara tveggja manna, sem að þeim standa. Hygg ég, að hvorki hv. 2. þm. Reykv. né flokksbræður muni vilja neita því, þó að þeim að

öðru leyti verði ekki bylt við að ganga á snið við sannleikann, að enginn óhagstæður orðrómur hafi þá verið á sveimi um bankann.

Ég hefi hér fyrir mér skýrslur, sem sýna það, að verðlagsskrár hlutabréfanna hafa verið mjög óstöðugar á kauphöllinni alla tíð, og staðfestir það það, sem Eggert Claessen segir, að útboð nokkurra þúsunda hefir oft valdið verðhruni á hlutabréfunum. Ég leyfi mér því að vísa áðurnefndum aðdróttunum hv. 2. þm. Reykv. heim til föðurhúsanna, jafnframt því sem ég vænti þess, að hv. þm. endurtaki ekki þessar aðdróttanir, þegar svo skýr og ótvíræð rök hafa verið færð fyrir því, að hv. þm. hefir misboðið sannleikanum í þessu efni.

Ég get ekki neitað því, að mér þykja tilraunir jafnaðarmanna til þess að friðþægja samvizku sinni skemmtilegar. Hv. 2. þm. Reykv. skýrði frá því, að hann skildi vel aðstöðu stj., og vildi reyna að afsaka hana á einn og annan hátt. Sagði hann, að það frv., sem hér liggur nú fyrir, væri sambræðsla úr þrem frv., skiptafrv., frv. frá hv. þm. V.-Ísf. og frv. jafnaðarmanna. Þetta er ekki nema að hálfu leyti rétt. Í raun og veru er það frv. hv. þm. V.-Ísf. og frv. Sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir. Skiptafrv. er eins og hali, til þess að verja stj. gegn mývarginum, sósialistunum, svo að ég noti hina ágætu samlíkingu hæstv. fjmrh. Efast ég ekki um, að stj. sé þörf á þessum hala, til þess að inna þetta af hendi, á sinn hátt eins og skepnunum er þörf á sínum hala til þess að verjast ágangi mývargsins. Hitt, að hér er skellt framan við frv. jafnaðarmanna um hinn lítilmótlega Útvegsbanka, er algert aukaatriði. Hið eina, sem barizt hefir verið um í þessu máli, er það, hvort standa ætti við skuldbindingar Íslandsbanka eða ekki. Strax á loknaða fundinum báru Sjálfstæðismenn fram till., sem heimilaði stj. að gera þetta á hvern þann hátt, sem henni sýndist réttastur. Þessari till. var ekki sinnt, til mikils óhagræðis fyrir alla aðilja. En nú er þó svo komið, að eftir atvikum er viðunandi lausn fengin á þessu mikla vandamáli. Stofnun Útvegsbankans er gleðiefni fyrir alla þá, sem vildu, að Íslandsbanki yrði endurreistur sem öflugastur.

Mér skildist hv. 2. þm. Reykv. leggja höfuðáherzluna á að sýna fram á mismuninn á frv. stj. og frv. Sjálfstæðismanna. Skildist mér, að þessi munur ætti að liggja í því, að eftir frv. Sjálfstæðismanna væri ætlazt til þess, að Íslandsbanki starfaði áfram með sínu gamla hlutafé og með sömu bankastjórum. Þetta stendur nú að vísu ekki í frv. Frv. gerir ráð fyrir, að stj. ráði bankastjórana í samráði við þá aðilja, sem leggja fram fé sitt til þess að endurreisa bankann. En ég verð að segja það, að ég sé enga ástæðu til þess að skipta um bankastjóra, þó að bankinn sé endurreistur, þar sem engar sannanir liggja fyrir um það, og engar líkur eru fyrir því heldur, að bankastjórarnir hafi unnið til sektar vegna stjórnar sinnar á bankanum. Töp Íslandsbanka eru sambærileg við það, sem upplýst var um töp Landsbankans hér um árið. Datt þá engum í hug að kenna bankastjórum Landsbankans um þau töp. Þessi töp voru eðlileg afleiðing þess ölduróts, sem þá gekk yfir okkar þjóð sem aðrar þjóðir. Lögmál þessa fyrirbrigðis var þá ekki kunnugt og því ekki hægt að varast það, og hlutu því afleiðingar þess að skella á okkur sem öðrum. Fyrir þær sakir er engin ástæða til þess að vera að áfellast bankastjóra okkar, fyrr en sönnur hafa verið á það færðar, að þeir eigi hér til sakar að svara. Það er eftirtektarvert, að þessi töp beggja bankanna virðast vera staðbundin. Þannig er tap á útibúunum á Ísafirði og Austurlandi, en hinsvegar á hvorugu útibúanna á Akureyri. Virðist því svo, sem eðlilegt orsakasamband sé á milli tapanna og þess atvinnurekstrar, sem stundaður hefir verið á hverjum þessara staða, en alls ekki vera því að kenna, að bankastjórarnir hafi ekki gætt skyldu sinnar um að gera það, sem aðrir fjármálamenn hefðu gert í þeirra sporum. (GunnS: Þetta er vafasamt). Það liggur ekkert fyrir, sem bendi í aðra átt. Dettur mér þó auðvitað ekki í hug að synja fyrir það, að bankastjórarnir hafi gert afglöp. Það liggur í hlutarins eðli, að allir bankastjórar gera meiri og minni afglöp. Þeir eru ekki alvitrir, fremur en aðrir dauðlegir menn.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að

við Sjálfstæðismenn vildum láta meta hlutabréf Íslandsbanka með hagsmuni hinna gömlu hluthafa fyrir augum. Ég verð nú að segja það, að ég sé enga ástæðu til þess að ganga á rétt þessara hluthafa, hvort sem þeir eru danskir eða íslenzkir. Þetta fé leitaði til Íslands, meðan ekki var völ á öðru, og hefir orðið hér að undirstöðu stórfelldara atvinnulífs en áður þekktist hér á landi. Ef það hefði ekki borizt hingað, má telja víst, að við værum ekki þar á vegi staddir um þróun atvinnulífsins og við nú erum. Og þótt eiginhagsmunir hafi staðið á bak við, að þetta fé barst hingað, hefir koma þess hingað orðið okkur Íslendingum til mikillar blessunar, og ég verð að segja það, að ég er ekki þannig skapi farinn, að ég vilji, ef hjá því verður komizt, leiða tap yfir þá menn, sem hafa gert mér mikinn greiða, jafnvel þó að þeir hafi gert það í eiginhagsmunaskyni. Hitt er annað mál, að það er óhjákvæmileg staðreynd, að þessir peningar eru tapaðir, en það er síður en svo, að það sé neitt gleðiefni.

Út af fullyrðingum hv. 2. þm. Reykv. viðvíkjandi aðstöðu okkar Sjálfstæðismanna til mats hlutabréfanna vil ég leyfa mér að lesa hér upp það, sem um þetta segir í frv. okkar. Þar stendur svo:

„Verð hinna eldri hlutabréfa skal ákveðið með mati og nafnverð þeirra fært niður í samræmi við það á næsta aðalfundi bankans. Matið skal framkvæmt af bankaeftirlitsmanni og fjórum mönnum öðrum, sem kosnir séu hlutfallskosningu í sameinuðu þingi".

Tvo af þessum fjórum mönnum, sem samkv. till. okkar sjálfstæðismanna eiga að meta hlutabréfin ásamt bankaeftirlitsmanninum, hafa framsóknarmenn og sósíalistar á sínu valdi að skipa. Nú hefir bankaeftirlitsmaðurinn lýst yfir því, að hann telji hlutabréfin einskis virði, og er sósíalistum og framsóknarmönnum þannig gefið að mynda meiri hl. í matsnefndinni með honum. Það er því ekkert annað en rugl hjá hv. 2. þm. Reykv., að við sjálfstæðismenn viljum láta framkvæma þetta mat með hagsmuni hluthafanna fyrir augum — litilmótleg tilraun til þess að afsaka snúning sinn og hringlandaháttí þessu máli. Satt að segja finnst mér það hálfundarlegt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli ekki takast að finna betri brýr milli sín og stj. en svo, að hver maður getur rifið niður.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þeirri fullyrðingu hv. þm., að þær fréttir, sem borizt hafa af störfum þeirrar n., sem starfað hefir að samningum við erlenda skuldheimtumenn með aðstoð sendiherra Íslands, séu rangar. Hv. þm. V.-Ísf. hefir hrakið þau ummæli, en ég vil aðeins bæta því við, að í 3. kafla þessa frv. er það lagt til, að bankinn sé því aðeins tekinn til gjaldþrotaskipta, að aðgengilegir samningar náist ekki við skuldheimtum. bankans, svo sem umgetnar fregnir herma, að útlit sé til. Og ef hv. þm. trúir því ekki, að samningar muni takast, hvers vegna kemur hann þá með brtt. um að fella þetta ákvæði niður? Vitanlega gerir hann það af því, að hann veit, að fregnirnar eru sannar.

Hv. þm. (HV) staðhæfði, að ef Íslandsbanki væri tekinn til skiptameðferðar, þá myndi tap ríkissjóðs aðeins verða ein millj., og fullyrti um leið, að afföllin hefðu orðið 25%, en hinsvegar sagði hv. þm., að ef ríkið legði fram 4 millj. til endurreisnar bankanum, þá myndi tapið nema 2,115.000 kr., og með þessu væri verið að gera leik að því að kasta einni millj. í sjóinn, eins og hann orðaði það. Ég hygg nú, að þótt Íslandsbanki hefði verið tekinn til skiptameðferðar, þá hefði ekki þótt fært annað en að þjóðbankinn og ríkissjóður hefðu orðið að gefa eftir sinn forgangsrétt til þess að hægt hefði verið að standa í skilum við erlenda skuldheimtumenn í sama hlutfalli og þessa aðila. Það hefði þótt ósæmandi og óverjandi, ef ríkið eitt hefði tryggt sinn rétt, en látið alla aðra skuldheimtumenn um tapið. Hinsvegar er ég sannfærður um það, að eftir því sem málið liggur fyrir, þá mun ríkið engu tapa, ef bankinn verður endurreistur á skynsamlegum grundvelli, því að það mun vinnast upp, sem þegar hefir tapazt.

Hv. þm. spurði, hvað stj. ætlaði nú að gera við sexmenningana, hv. þm. V.-Ísf. og félagsbræður hans, og taldi hann það víst, að hún myndi fyrirgefa þeim. Tók hann orð Árna bókavarðar Pálssonar sér í munn og sagði, að það væri „mannlegt, en ekki stórmannlegt".

Nú skulum við athuga, hvað Alþýðublaðið segir um frv., sem sjálfstæðismenn báru fram. Það komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„En þetta er aðalatriðið, að koma ábyrgðinni af bankanum á ríkissjóðinn. Það er þetta, sem Íhaldið hefir barizt fyrir".

Þetta frv. var alveg eins að efni til og frv. það, sem hér er til umr. — Svo heldur blaðið áfram:

„Þess vegna þarf ekki að efa, að íhaldsmenn taka þessu frv. Ásgeirs, Bjarna og Lárusar fegins hendi.

Hvað gerir Framsókn? Klofnar hún í þessu máli? — Málinu, sem ráðherrarnir kalla stærsta mál þingsins? Eða lætur meiri hl. flokksins undan minni hlutanum?"

Nú vil ég spyrja, hvað ætla sósialistarnir að gera? Ætla þeir að bætast í varalið Íhaldsins, eins og blaðið kallar sexmenningana? Ætla þeir að fyrirgefa stj.? Ætla þeir að hverfa frá jötunni og segja af sér þeim bitlingum, sem þeir hafa haft?

Ónei. Jafnaðarmennirnir verða áreiðanlega spakir við jötuna. Þeir bogna, eins og stj. hefir þegar gert. Það er „mannlegt, þó það sé ekki stórmannlegt".

Magnús Torfason: Ég ætla mér ekki að hætta mér út í þær almennu umr., sem orðið hafa um þetta mál, enda finnst mér margt af því, sem sagt hefir verið hér í hv. d. nú í dag, eiga betur heima við eldhúsdagsumr., en hans mun nú næsta skammt að bíða.

Það er þó eitt atriði, sem ég finn ástæðu til að mótmæla sérstaklega, og það er, að þetta frv. sé skylt þeim till., sem fyrst lágu fyrir í málinu, því að þær minntu mig á gamlan reykvískan málshátt, sem hljóðaði svo: „Robb borgar brúsann". Þá átti ríkissjóður að standa ábyrgð á öllum skuldum Íslandsbanka, en nú er allt annað uppi á teningnum.

Ég var einn þeirra manna, sem í fyrstu vildu láta taka bú Íslandsbanka til skiptameðferðar, en áleit þó rétt að athuga, hvort einhverju væri ekki offrandi á hann. Ég hélt því fram, að sjálfsagt væri að endurreisa bankann, ef þeir menn, er ættu fé hjá honum, vildu fórna einhverju til að halda við starfsemi hans. Þetta hefir nú komið í ljós, og þeir menn eiga aðeins þakkir skilið fyrir að hafa sýnt fórnfýsi sína og áhuga í þessu vandræðamáli, en mestar þakkir álít ég þá eiga, sem stuðlað hafa að því, að ríkið leggur svo mikið fé fram og raun er á orðin. Ef ríkið á að hjálpa, þá verður upphæðin að vera svo rífleg, að bankinn geti orðið nógu sterkur til að leysa þau verkefni af hendi, sem fyrir honum liggja, og ávinna sér traust allra landsmanna.

Þetta hefir nú verið gert svo ríkmannlega, að hv. þm. V.-Ísf. lét þau orð falla, að bankinn yrði nú svo sterkur, að hann gerði meira en fullnægja þeim kröfum, sem gerðar væru erlendis til hliðstæðra banka. Þykir mér þetta gott að vita, þótt fjárhagur ríkisins sé nú hinsvegar svo þröngur, að það hafi ekki ráð á að láta meira fé af hendi en nauðsynlegt er. Till. hv. þm. V.-Húnv. gengur í þá átt, að þeir, sem leggja fram fé til bankans, geti fengið greiddan arð af því, og fengið með því nokkra uppbót. Segjum nú t. d., að ríkissjóður reikni sér 6% í vöxtu, þá myndi þetta nema 90 þús. kr. á ári, en það ætti ekki að spilla fyrir því, að aðrir hluthafar gætu fengið arð.

Mér virðist, að með þessu væri fé ríkissjóðs ekki kastað á glæ, og komið í veg fyrir, að hann legði fram meira fé eða dýrara en þörf er á. Þess vegna mæli ég fast fram með till. hv. þm. V.-Húnv. og vona, að sem flestir hv. þm. vilji ljá henni fylgi sitt, og sýna með því ríkissjóði þá linkind, sem í rauninni virðist sjálfsögð.

Þetta mál hefir borið brátt að og lítill tími hefir gefizt til vandlegrar íhugunar, og því er ekki að furða, þótt misspor hafi verið stigin, og það því fremur, sem ekkert tilfelli þessu líkt hefir komið hér fyrir áður. Ýmsar till. hafa komið fram, en ekki verið ræddar nógu vel áður en samþykktir hafa verið gerðar, enda hafa sumar þeirra þá ekki verið nægilega undirbúnar. Nú er það svo með þá till., sem hv. þm. V.-Húnv. ber fram, að hún var í undirbúningi, er þetta mál var til umr. í Ed., og það var meira að segja farið fram á, að málinu væri frestað þar vegna þessarar till., en af því varð þó ekki. Ég er þess fullviss, að ef þessi till. hefði komið fram við umr. í Ed., þá hefði hún verið samþ. þar og frv. ekki verið breytt hér í

þessari hv. d. frá því, sem Ed. hefði afgreitt það. Vona ég því, að menn greiði till. þessari atkv. sitt, en sérstaklega vil ég beina því til hv. þm. V.-Ísf., því að ég veit, að ef hann leggst á eitt með hæstv. fjmrh., þá nái till. þessi fram að ganga.

Ég skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en vil að endingu leggja sérstaka áherzlu á það, að till. þessi er svo sanngjörn, að enginn bíður tjón, þótt hún verði samþ., og ég vil bæta því við, að hún er hið eina merkilega, sem komið hefir fram í þessu máli við þessa umr.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Ég hefi ekki öðrum að svara en hæstv. fjmrh. Fannst mér hann svara mér í nokkuð öðrum tón en ég hafði búizt við. Virtist hann mjög óánægður með ræðu mína, sem þó var hæstv. ráðh. í vil og fylgjandi frv. hans. Hinsvegar var hæstv. ráðh. harðánægður með ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem þó var frv. mótfallinn í öllum verulegum atriðum. Ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. ráðh. gera helzt til mikinn mun sinna barna, enda þótt ég geti vel skilið það, að hann líti nokkuð öðrum augum á hv. 2. þm. Reykv. en mig. Hélt ég þó, að hann myndi ekki í þessu tilfelli gera svona mikið upp á milli okkar. (HV: Ég er með frv. með breytingum). Já, að vísu, en með þeim breyt., sem hæstv. ráðh. vill ekki ganga inn á. Virðist hæstv. ráðh. vilja sýna hv. 2. þm. Reykv. alla linkind í þessum viðskiptum, til þess að styggja hann ekki. Auðskilið er, hvers vegna hæstv. ráðh. gerir svona mikinn mun mín og hv. 2. þm. Reykv. Ég hefi ekki í hendi mér líf stj., en það hefir hv. 2. þm. Reykv.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég legði of mikið upp úr því, hvort hægt væri að segja, að Íslandsbanki lifði áfram eða ekki, en að hann léti sig það engu skipta. Þetta er misskilningur. Ég legg enga höfuðáherzlu á það, hvort nafn stofnunarinnar er áfram Íslandsbanki eða ekki, ef starfsemin heldur áfram. Það er meginatriði málsins, og það hefir verið okkur sjálfstæðismönnum ljóst frá upphafi. En hitt er vitanlega fjarstæða, að Íslandsbanki deyi með samþykkt þessa frv., því ef svo væri í raun og veru, hvers vegna er þá ríkið að leggja 3 millj. kr. inn í deyjandi stofnun, og hvernig fer Alþingi að ætlast til þess, að útlendir menn og innlendir leggi stórfé til hennar, ef hún á að deyja? Nei, eins og sá maður lifir áfram, en deyr ekki, sem skiptir um nafn, eins lifir Íslandsbanki áfram þótt hann heiti framvegis Útvegsbanki. Það er viðskiptalíf landsins inn á við og út á við, sem lifir áfram með endurreisn Íslandsbanka.

Hæstv. ráðh. hélt því fram í sambandi við 13. gr., að matið, sem ég talaði um, væri með öllu þýðingarlaust. Ég hefi haldið því fram, að slíkt mat bæri fyrst og fremst að skoða sem öryggisráðstöfun. En úr því að hæstv. ráðh. þykist svo viss í sinni sök, skal ég ekki deila við hann um þetta að sinni, en tíminn mun leiða það í ljós síðar, hvor réttara hefir fyrir sér. Með þessu vil ég þó ekki halda því fram, að þetta þurfi endilega að koma að sök, en hitt sýnist mér þó viturlegra, að byrgja þegar í upphafi alla þá brunna, sem möguleikar eru á að detta ofan í.

Þá virtist hæstv. ráðh. taka það mjög illa upp við mig, er ég sagði, að samþykkt þessa frv. þýddi sama og að ríkið tæki ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Ég sagði, að þetta væri svo í raun og veru, því að vitanlega bera hluthafar bankans ekki frekari ábyrgð en hlutafé þeirra nær, og ríkinu ber því ekki lagalega að ábyrgjast bankann, nema að því leyti, sem hlutafé ríkisins nemur. En það er annað, sem veldur því, að ríkið verður að halda bankanum áfram, ef illa fer. Ég hefi sterkar líkur á reiðum höndum fyrir þessu, þegar ég bendi á það, að ríkið, sem nú á ekki eina einustu krónu í Íslandsbanka, skuli þó ekki sjá sér annað fært en að hlaupa undir bagga með bankanum og leggja fram stórfé til þess að viðskipti hans geti haldið áfram.

Hversu miklu sterkari verður þá ekki „pressan“, sem þing og stj. liggur undir, er ríkið á að eiga 4½ millj. kr. sem hlutafé í bankanum. Þegar svona verður að fara að, þótt ríkissjóður eigi ekki einn eyri í bankanum, hvernig mundi þá verða farið að, er ríkissjóður á 4½ millj. kr. í honum? Þetta er stórfé á okkar mælikvarða, fé, sem við neyðumst til að leggja fram vegna viðskiptalífsins. Sú nauðsyn verður á öllum tímum jafnrík.

Þetta sáum við sjálfstæðirmenn þegar

á næturfundinum forðum. Okkur var það ljóst, að að því myndi reka fyrr eða síðar, að ríkið tæki ábyrgð á þessum banka að meira eða minna leyti, ekki vegna bankans sjálfs sem hlutafélags, heldur vegna viðskipta landsmanna.

Hæstv. ráðh. sagði, að till. okkar sjálfstæðismanna í þessu máli hafi gengið út á að taka ótakmarkaða ábyrgð á bankanum. Þetta er ekki rétt, því að í lok næturfundarins bárum við sjálfstæðismenn fram till. um það, að fela stj. að gera allt, sem hún teldi þurfa, til þess að bankinn lokaði ekki. Hétum við stj. stuðningi okkar flokks í því. En hæstv. stj. var þá ekki viðbúin því að taka ábyrgð á bankanum. Ég mun ekki að sinni fara frekar út í það, hvers vegna stj. tók þá afstöðu til málsins í upphafi. Ef hún hefði þá flutt till. eins og þær, sem hún nú flytur, þá hefði hún verið viss um stuðning okkar sjálfstæðismanna um þær.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að tryggja þyrfti hinum nýja banka nægilegt rekstrarfé. Mér hefir skilizt, að þessa 1½ millj., sem ríkið leggur Útvegsbankanum, ætti að leggja fram strax þegar bankinn opnar, og sömuleiðis geri ég fastlega ráð fyrir því, að Íslandsbanki hafi síðan hann lokaði safnað töluverðum sjóði, því að síðan hafa einungis innborganir átt sér stað, en engar útborganir. Ég býst þess vegna við, að bankinn muni hafa nokkurnveginn nægilegt fé til þess að mæta þeirri eftirspurn af innlánsfé, sem ég viðurkenni, að muni verða fyrst eftir að bankinn opnar aftur. Það er vel, að hæstv. stj. sér, að tryggja þarf bankanum nægilegt rekstrarfé, og ég held, að hún hafi það nokkurnveginn í hendi sér, með tilstyrk Landsbankans.

Ég lagði þá spurningu fyrir hæstv. ráðh., hvenær hann byggist við, að bankinn opnaði á ný. Sagðist ég ekki heimta svar upp á ákveðinn dag, heldur vildi ég fá að vita þetta hér um bil. Ég verð að segja, að ég varð fyrir vonbrigðum af svari hæstv. ráðh. Og sérstaklega þótti mér einkennilegt, að hæstv. ráðh. skyldi ekki vilja segja neitt um það, hvort þessi 1½ millj., sem ríkið á að leggja Útvegsbankanum, væri til í reiðum peningum eða ekki. Mér hefir skilizt á hæstv. ráðh., að ekki væri enn búið að eyða öllu enska láninu frá því í haust, og að nokkuð af því lægi enn ónotað. Um fjárhag ríkissjóðs er mér hinsvegar ekki svo kunnugt, að ég viti, hvort laust fé sé nú fyrir hendi svo nokkru nemi.

Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurn minni viðvíkjandi niðurlagi 15. gr., og þarf ég því engu að svara viðvíkjandi því atriði, en endurtek spurninguna.

Hv. þm. V.-Ísf. þarf ég litlu að svara, enda er það lítið, sem okkur ber á milli. Auk þess vil ég ekki deila við þann hv. þm.; ég er honum þakklátur fyrir þann hlut, sem hann á í lausn þessa máls. Ég get vel skilið það, að hv. 2. þm. Reykv. er mjög reiður við þennan hv. þm., því að skoðanir þeirra eru gagnólíkar og sömuleiðis þær leiðir, sem þeir vilja fara í þessu máli. Ég vil taka undir með hv. þm. V.-Ísf. um það, að ríkið tapi mestu, jafnvel beinlínis, á því að loka bankanum. Ég er hv. þm. fyllilega sammála um það, að endanleg lokun bankans væri eitthvað það versta, sem fyrir þessa þjóð gæti komið.

Ég þarf ekki að svara hv. þm. V.-Húnv. miklu. Hann var óánægður yfir því, að ég hefði sagt meira í framsöguræðu minni heldur en ég hefði haft leyfi til af hálfu n. eða meiri hl. hennar. Þessu vil ég mótmæla. Ég lauk því af máli mínu, sem ég talaði fyrir hönd meiri hl., á tæpum 5 mín., en það, sem fram yfir var, var frá eigin brjósti. Annars hefi ég enga löngun til þess að deila við þennan hv. þm. um það, hvort Íslandsbanki lifi eða ekki. Hann vildi snúa út úr orðum mínum og segja, að ég hefði sagt, að bankinn lifði þótt hann deyi. Ég vil aðeins spyrja hann, hvort hann álíti, að það sé dauð stofnun, sem gengur með 6 millj. kr. hlutafé yfir í aðra stofnun, sem hefir ekki nema 2½ millj. að hlutafé. Annars ræður það að líkindum, að ég get ekki fylgt brtt. hans, og held ég, að ég geti þar talað fyrir hönd meiri hl. n., því að okkur er það öllum ljóst, að samþykkt slíkrar till. hlyti að valda því, að þeir, sem þegar hafa lofað að leggja fram hlutafé, myndu draga sig til baka. Gæti þetta þannig orðið til þess, að þetta frv. næði ekki tilgangi sínum, og situr sízt á hv. þm. V.-Húnv. sem stuðningsmanni stj. að bregða fæti fyrir

þetta fóstur hennar. Það kæmi úr hörðustu átt. Annars er það alkunnugt, að um þetta mál hefir orðið mikill reipdráttur innan stjórnarliðsins og ósamlyndi í mesta máta, og skal ég fyrir hlífðar sakir ekki fara frekar út í þá sálma við hv. þm. V.-Húnv.

Þá er eftir hv. 2. þm. Árn., og get ég verið stuttorður í svari mínu til hans. Mér skildist á byrjun ræðu hans, að nú væri að rætast einhver draumur, sem hann hefði dreymt endur fyrir löngu. Það er verst, að hv. þm. skuli ekki hafa sagt frá þessum draumi fyrr, til þess að hægt hefði verið að láta hann rætast fyrr. En svo var eins og það drægi úr dýrðarljómanum af þessum draumi, því að hv. þm. var óánægður með frv. eins og það liggur fyrir. Virtist hv. þm. standa geigur mikill af því, að þótt frv. væri breytt í það horf, sem hv. þm. V.-Húnv. vildi vera láta, þá myndi það eigi að síður verða samþ. í Ed. Annað hefir okkur verið sagt, því að það hefir ekki verið talið vænlegt að senda frv. aftur til Ed., heldur samþykkja það óbreytt hér. Væri því gott að fá skýringu á því, hvaðan hv. 2. þm. Árn. kemur þessi speki.

Ásgeir Ásgeirsson: Í tilefni af þeirri skriflegu brtt., sem fram hefir komið, verð ég að endurtaka fyrri ummæli mín um það, að heppilegast muni, að frv. gangi nú óbreytt fram. Það er nokkuð líkt um þessa brtt. og sumar aðrar, að þær koma fullseint fram í málinu. Slík till. hefði helzt þurft að koma fram, þegar hlutafjársöfnunin byrjaði, til þess að valda á engan hátt tortryggni hjá þeim, sem lofað hafa að leggja fram hlutafé. Þar að auki hygg ég, að það muni ekki skipta ríkissjóð það miklu, hvort till. er felld eða samþ. Það hefði kannske vegna annara hluthafa verið eins gott að leggja til, að ríkið legði aðeins fram 1½ millj. og sleppa þá þessari 1½ millj., sem kölluð er stofnfé Útvegsbankans. Þeirri till. hefði ég raunar ekki getað fylgt heldur á þessu stigi málsins, þó fram hefði komið, þar sem margir góðir menn vilja láta auka hlutaféð frá því, er ég lagði til, enda verður bankinn mun öflugri við það. En hið aukna tillag má ekki verða þess valdandi, að nein tortryggni kvikni hjá öðrum, sem hafa lofað fé. Margir þm. hafa og gert ráð fyrir, að frv. yrði samþ. óbreytt, og þess vegna ekki borið fram þær brtt., sem þeir hefðu annars gert. Það gæti verið um breyt. að ræða á þessu frv., þótt þær væru ekki stórfellds efnis, sem ég hefði viljað fylgja, ef á annað borð nokkrar till. hefðu verið samþ. Ég hygg því, eins og ég hefi áður sagt, að málinu sé svo bezt farið, að það verði afgr. í kvöld sem lög frá Alþingi.

Hv. 2. þm. Reykv. mótmælti því, að Sveini Björnssyni hefði verið falin framkvæmd samninga við erlenda lánardrottna sem sendiherra. Mér finnst það gilda einu, hvort það er Sveinn Björnsson sem maður eða sem sendiherra, sem hefir framkvæmt þetta; honum hefir verið falið þetta starf og honum hefir farizt það mjög vel úr hendi. Honum var falið þetta af bankaráði Íslandsbanka, með leyfi landsstj. Og ef Sv. Bj. sendiherra er sómamaður, hygg ég, að Sv. Bj. sem „privat"-maður sé það einnig. Ástæðan til þess, að honum var falið þetta nú, og ástæðan til hins, að hann er sendiherra okkar, mun vera ein og hin sama, að manninum er trúandi til að framkvæma ábyrgðarmikil störf.

Hv. þm. endurtók, að það væri tilraun til blekkingar, sem um getur í mínu frv., að kostur muni vera á góðum kjörum hjá erlendum lánardrottnum bankans. Hann spurðist fyrir um það, hverju danski ríkissjóðurinn hefði lofað, hverju Privatbankinn og hverju Hambrosbankinn hefðu lofað. En hví spyr hann mig um þetta? Hví spyr hann ekki hæstv. stj., vegna þess frv., sem hún hefir lagt fyrir þingið, hvort hún hafi von um að þetta sama náist? Ég hefi áður sagt nokkuð frá því, hvernig þessar stofnanir hafa tekið í málaleitanir og tel ekki ástæðu til að segja gerr frá því. Og þótt hv. þm. þyki allt þetta svífa nú í lausu lofti, vil ég biðja hann að minnast deilu okkar og frv. míns, ef sá skyldi endir á verða, að raunin yrði þessi, sem segir í mínu frv. og stjfrv. Skyldi það þá ekki eiga rót sína að rekja til þess, að eitthvað hafi verið litazt um, og einhverja hugmynd hafi menn haft um það nú, hverra kosta væri von. Ég sætti mig við það, ef þessi verður raunin á, án þess að pexa um það frek-

ar við hv. þm., hvað hafi verið útkljáð, þegar mitt frv. kom fram.

Hv. þm. notaði allhörð orð í sambandi við afskriftir gamla hlutafjárins og taldi mig segja beinlínis ósatt, þegar ég sagði, að samkv. mínu frv. mundi allt hlutafé verða afskrifað, eins og hann vill verða láta. Inn í þetta atriði blandaði hann óskyldu máli og spurði, hvort ég þyrði að neita því, að ég hefði barizt á móti því, að jafnaðarmaður kæmist inn í matsnefndina, sem var skipuð fyrir þrem vikum. Ég bar fram mitt frv. eftir að sú matsnefnd hafði starfað, svo að það mat, sem gert er ráð fyrir í mínu frv., kemur ekkert við þessum fullyrðingum. En ég þori að segja sannleikann í þessu efni, þótt það komi ekki þessu við, og hann er sá, að ég amaðist við því, að jafnaðarmaðurinn Stefán Jóh. Stefánsson kæmi inn í matsnefndina. En af hvaða hvötum? Sennilega af þeim hvötum, segir hv. þm., að ég vilji þeim jafnaðarmönnum allt illt og hafi stöðugt gert þeim bölvun. Ég man samt þá tíð, þegar við höfum staðið hlið við hlið á móti vinnudómi, og ég hefi heyrt talað hér um varalögreglu og slíka hluti. En ég skal ekki vera að bera af mér þær ásakanir, sem hv. þm. vill bera á mig núna. Mínar hvatir voru þær, að ég óskaði, að skipuð væri matsnefnd, sem enginn grunur léki á, að væri pólitískur fulltrúi í. En eftir á skal ég geta þess, að ótti minn um, að þessi maður líti á sig sem flokksfulltrúa mun ekki hafa verið byggður á fullum rökum. Stefán Jóhann er sæmdarmaður, og matið, sem þessir þrír menn skiluðu að lokum, er sammála álit þeirra allra, bæði tölur og athugasemdir. Og matið sýndi líka, að stofnunin var sannarlega ekki verr stæð en það, að vel er kleift að koma henni á fót aftur, eins og reyndar allir flokkar þingsins eru nú sammála um.

Þetta tilheyrir sögu málsins, og hv. þm. má hugga sig við það, að ég hafi ekki viljað heyra jafnaðarmann nefndan í sambandi við matið. Ég vildi ekki heyra nefnda flokksfulltrúa, heldur aðeins óhlutdræga matsmenn.

Ég skal ekki víkja frekar að útreikningum hv. þm. eða slíku. Það er ekki ástæða til þess, enda mun landsstj. hafa komizt að þeirri niðurstöðu og sýnt það með frv. sínu, að hún telur hag landsins bezt borgið með þeirri aðferð, sem hún leggur til í frv. sínu. En auk þess, sem mætti sýna fram á það með tölum, að landið og Landsbankinn hefði tapað meira með „likvidation" heldur en með endurreist, má ekki gleyma öllu því, sem græðist óbeint með þessu frv. Skattar og tollar verða öruggari heldur en ef Íslandsbanki hefði orðið að loka, lánstraust og vextir, sem þarf að borga út á við, og margir hlutir, sem ekki verða með tölum taldir. Ég hefi jafnvel haft grun um, að jafnaðarmenn væru ekki svo ákaflega mótfallnir þessari aðferð, þó að þeir hafi snúizt harðar gegn henni í kvöld en undanfarna tvo daga. En ég skal ekki lá þeim það, sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., sem er fulltrúi þeirra manna, sem hafa allar upplýsingar sínar um bankamálið úr Alþýðublaðinu eins og það hefir verið ritað undanfarinn mánuð. Ég tel það skynsamlegt fyrir þann hv. þm. að vera á móti þessum till.

Annars mun ég ekki orðlengja þetta. Margir hafa lýst gleði sinni yfir þessum málalokum, og ég vil taka undir með hv. þm. Dal., sem hér hefir sætt allþungum ummælum frá hv. 2. þm. Reykv., að það sé ástæða til að gleðjast yfir þessum málalokum. En yfir hverju hefir hv. þm. Dal. ástæðu til að gleðjast? Hefir hann ástæðu til að gleðjast yfir því, að varðveita sína góðu stöðu? Nei, hann missir stöðu sína og fær enga leiðréttingu af því frv., sem hann gleðst yfir. Ég vil gjarnan vekja athygli hv. d. á þessu, að sá, sem verður verst úti, hann gleðst yfir málalokunum, eins og við hinir, sem þingmaður og góður þegn okkar þjóðfélags.

Það er sannarlega ástæða til þess að gleðjast og þakka hæstv. stj. fyrir þær endanlegu till., sem hún hefir gert í þessu máli.

Haraldur Guðmundsson: Brtt. hv. 2. þm. Reykv. hníga í þá átt að fella burtu allan 3. kafla þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., 11.—15. gr., sem eru um fjárframlög til Íslandsbanka og ákvæði um það, hvort og með hverjum hætti hann skal renna inn í Útvegsbankann og Útvegsbankinn þá taka við búi hans.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, fæ ég ekki séð, að nokkur grein sé gerð fyrir því, hvernig hæstv. stj. hugsar sér ástandið frá því er þetta frv. verður samþ., ef það verður samþ., og þangað til gengið er úr skugga um, hvort fjárframlög frá ríkissjóði og öðrum eru fyrir hendi. Ég þykist vita, að það muni taka nokkurn tíma. Það þarf að semja við erlenda lánardrottna um hagkvæm lánskjör og greiðslu hlutafjár og áhættufjár og við innlenda menn um hlutabréfakaup fyrir a. m. k. 1½ millj. kr. Mér er reyndar tjáð, að loforð séu þegar fengin fyrir1700000—1900000 kr., eða nokkru hærra en lágmarki því, sem ákveðið er í frv. Mest af þessum loforðum er frá mönnum, sem eiga fé inni hjá bankanum, að því er mér er sagt, en þó einnig eitthvað talsvert frá mönnum, sem ekkert eiga þar inni. Að sjálfsögðu verður fyrst og fremst að ganga úr skugga um, hversu margir af þessum mönnum ætla að standa við loforð sín, og hversu margir geta það. Ég hygg það rétt, sem mér hefir verið tjáð, að sumir þeirra, sem fjárframlögum hafa lofað, séu talsvert skuldskeyttir bankanum, svo að þeir jafnvel skuldi meira sumir hverjir en innstæðufé þeirra nemur. Í mörgum tilfellum þarf ekkert að vera við þetta að athuga, ef þeir eru fésterkir, en séu þeir hinsvegar tæpir, er varla ráðlegt fyrir bankann að breyta innstæðu þeirra í hlutafé.

Allt þetta þarf að rannsaka, og að sjálfsögðu tekur það nokkurn tíma, og þá einnig hitt, að semja við erlenda lánardrottna.

En hvernig verður starfsemi Íslandsbanka þennan tíma? Á hann að halda áfram að vera lokaður fordyramegin, en opinn bakdyramegin? Og hverjir stjórna Íslandsbanka á meðan? Er það núv. bankastj., eða verða jafnskjótt og þetta frv. hefir verið samþ. gerðar ráðstafanir til þess, að önnur bankastj. taki við? Í þessum löngu umr. hefir ekki verið drepið einu orði á þetta. En það má ekki minna vera en að upplýsingar komi um það, áður en gengið verður til atkv.

Í fáum orðum tel ég, að það, sem vinnst við samþykkt þessa frv., sé það, að lög eru sett um stofnun sérstakrar lánsstofnunar, Útvegsbankans, sem tekur við viðskiptum Íslandsbanka og fær nokkurt viðbótarfé til umráða. Ég tel það þýðingarmikið spor í rétta átt. Ég lýsti því yfir strax í fyrra, þegar rætt var um Búnaðarbankann, að ég teldi sjálfsagt, úr því að Alþingi hvarf frá því að hafa einn fasteignabanka og stofnaði sérstakan banka fyrir landbúnaðinn, þá yrði það að hlutast til um stofnun banka til þess að fullnægja lánsþörf sjávarútvegsins. Ég tel vel farið, að nú er horfið að því ráði. Því er ég fullkomlega samþykkur 1. og 2. kafla þessa frv. Ennfremur er ég samþykkur 4. kafla frv., úr því sem komið er, því önnur lausn mun ekki vænlegri til að gera upp bú Íslandsbanka. Hinsvegar er ég alveg sammála hv. 2. þm. Reykv. um, að III. kafla frv. sé eðlilegast og réttast að fella niður.

Ég er ekki í mörgum nefndum þessarar hv. deildar, en þó er ég í fjvn. Við erum nú um það bil að afgreiða fjárl. til 2. umr., og ég hygg, að ég mæli það með samþykki meðnm. minna, að okkur veitist fullörðugt að láta tekjur og gjöld standast á. Við höfum allir ríka tilhneigingu til að hækka ýmsa útgjaldaliði allverulega. Miklu meira en till. n. sýna. Verði 3. kafli frv. að lögum, eru ríkissjóði bundnir þeir baggar að leggja til Íslandsbanka 3 millj. kr. umfram það framlag, sem lögboðið er til Útvegsbankans. Þessar 3 millj. á að leggja fram af enska láninu, sem Íslandsbanki skuldar ríkissjóði. Vextir og afborganir af þessum þrem millj. nema réttum 360 þús. kr. á ári næstu ár. Ég tel ekkert vit í því að áætla ríkissjóði tekjur af þessum hlutabréfum fyrst um sinn; meginhluti þessa fjár fer til að mæta áorðnum töpum Íslandsbanka. Þetta þýðir það, að næst þegar fjvn. athugar fjárlagafrv., þarf hún að hækka 7. gr. þess um þessar 360 þús. kr., úr 1170000 kr. upp í 1530000 kr. Þetta er árleg greiðsla, þangað til þessar 3 millj. eftir skamman eða langan tíma fara aftur að gefa ríkissjóði eitthvað í aðra hönd. Eigi fjárl. ekki að verða afgr. héðan með verulegum tekjuhalla, verður því að sjá fyrir nýjum tekjum handa ríkissjóði. En að auka tekjurnar, þar sem ekki er um aðrar tekjur að ræða en skatta og tolla, getur ekki þýtt annað en að hækka skatta og tolla á landsmönnum.

Eða ef sú leið verður ekki farin, þá verður að draga úr gagnlegum og nauðsynlegum framkvæmdum. Og ég vil spyrja hv. þm., hvaða liði þeir vilja helzt skera niður. Vilja menn lækka jarðræktarstyrkinn, framlög til vega og brúa og síma, eða til skóla eða heilbrigðismála?

Það hefir furðulítið verið um það rætt, hvað það kostar ríkissjóðinn að leggja bankanum þetta fé. Menn tala um gífurlegt tjón, sem þjóðin hljóti að bíða af stöðvun bankans. En þeir hafa alls engar tölur að sýna því til sönnunar, nema hvað gert er ráð fyrir, að ríkissjóður og Landsb. muni tapa allt að 1 millj. króna sem lánardrottnar og við ábyrgð á seðlunum, ef Íslandsbanki er tekinn til skipta. Það er þó eigi nema ⅓ þess fjár, sem frv. ætlast til, að sett sé í bankann. Og um þjóðartjónið er það að segja, að Íslandsbanki hefir nú verið lokaður í meira en 5 vikur á hinn allra óþægilegasta hátt, án þess nokkurt atvinnufyrirtæki hafi stöðvazt eða verulegt tjón af hlotizt.

Hitt sjáum við berlega, að með því að samþ. þetta frv. er ríkissjóði um ófyrirsjáanlegan tíma bundinn 360 þús. króna árlegur baggi á herðar. Ég vildi ekki láta frv. fara svo úr hv. d., að ekki sæist, að þm. gerðu sér þessa hlið málsins nokkurnveginn ljósa.

Ég tel, að frv. sé neyðarúrræði, sem engin þörf sé á að grípa til. Ég er sammála hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Húnv. um það, hver sé hin eðlilega lausn á þessu máli. Hún er sú, að lánardrottnum bankans hefði verið gefinn kostur á að breyta einhverju af innieignum sínum í hlutafé, segjum t. d. 50%, sem þó ekki hefði þurft, en aftur yrðu lagðar þær kvaðir á hina, sem ekki vildu hjálpa bankanum á þennan hátt, að fast yrði sett af innieignum þeirra t. d. 25%, þar til fullnaðaruppgerð bankans hefði verið lokið.

Ég vil benda hv. þm. á það, að með þessu frv. er í raun og veru framið ranglæti einmitt gagnvart þeim mönnum, sem þessir fylgismenn bankans látast bera sérstaklega fyrir brjósti, innstæðueigendum. Hv. þm. Dal. upplýsti við fyrri umr. þessa máls, að innstæðufé næmi kringum 10 millj. kr. Af þessu innstæðufé hafa aðeins eigendur 3—4 millj. — loforðin eru 1700—1900 þús. — lofað að kaupa hluti í bankanum. Það er því aðeins ⅓—⅖ hlutar þeirra, sem hætta fé sínu eða helmingi þess til viðreisnar bankanum og taka á sig ábyrgðina. En allir hinir, ⅗—⅔ hlutar, eiga að fá fé sitt að fullu greitt. Það virðist næsta öfugt, að þeir, sem helzt vilja hjálpa, skuli af vildarvinum bankans vera harðast leiknir. Þeir verða að sætta sig við að láta helming innstæðufjár síns í mjög ótrygg hlutabréf, bréf, sem ekki geta talizt vera verð nema 40—50% hins skráða nafnverðs. En hinir, sem ekkert hjálpa, fá allt sitt greitt.

Ég neita því ekki, að fyrir hina smærri innstæðufjáreigendur hefði það, að verða að setja fast 25% af fé sínu, að vísu verið tjón, sem ýmsum hefði komið allilla. En þá hefðu þeir líka losnað við að greiða sinn hluta af 360 þús. kr. árlegri greiðslu, sem ugglaust verður tekin sem tollar til ríkissjóðs. Ég er viss um, að fyrir alla smærri innstæðueigendur hefði það verið stór ávinningur að losna við 360 þús. króna tollabyrði á næstu árum, þótt það hefði kostað þá ¼ innieigna þeirra í Íslandsbanka. Það mun vera auðvelt að sanna með útreikningum, ef til þess kæmi, hversu þung sú tollabyrði yrði almenningi. En hinir, sem eiga tugi þúsunda í bankanum, græða auðvitað á þessu.

Ef þetta frv. verður samþ., tekur ríkissjóður á sig langmestan hlutann af töpum Íslandsbanka, sem fram eru komin. Hann lætur í hlutafé 4½ millj. á móti 2—2½ millj. kr., sem gert er ráð fyrir, að komi annarsstaðar að. Ríkissjóður tekur þannig á sig fulla ⅔ hluta af töpum bankans. Einhver hv. þdm. sagðist vera glaður yfir þessu frv., því að yrði það samþ., fengi hver sitt. Ríkissjóður fær ekki sitt. Hann bætir tapi á tap ofan. Það er ekki erfitt að láta bankann skila „hverjum sínu“, hverjum hinna sínu, ef ríkissjóður á að bera ⅔ af töpum hans, og ⅖ af innstæðueigendum er látinn taka að sér að greiða ⅓ hluta tapsins. En allir stærstu lánardrottnar bankans græða á þessu. En ríkissjóður tapar og smærri innstæðufjáreigendur tapa, jafnvel þótt þeir fái innieign sína. Þeir verða svo harðlega fyrir tollum og sköttum, að hún verður öll af þeim tekin, og meira til, en svo er um alla alþýðumenn.

Ég hefi nú greint ástæður til þess, að

ég mun greiða brtt. hv. 2. þm. Reykv. atkv.

Hv. þm. Dal. flutti hér alllanga tölu, mest um sjálfan sig. Það var í sjálfu sér ekki margt í henni, sem þarf að svara, en þó ætla ég að fara stuttlega út í nokkur atriði hennar.

Það verður ekki hjá því komizt að minna þennan hv. þm. á ýmislegt í sambandi við það, sem hann var að tala um litla umhyggju okkar jafnaðarmanna fyrir sparifjáreigendum í bankanum.

Bankastjórum Íslandsbanka hefði verið nær að muna eftir umhyggjunni fyrir smælingjunum, þegar þeir með loforðum um hærri vexti en annarsstaðar voru fáanlegir, og með því á eftir að gefa út ranga og falsaða reikninga, voru að ginna fólk til þess að leggja sparifé sitt inn í bankann. Hv. þm. er einn þessara bankastjóra. Hún kemur nokkuð seint, umhyggja hans fyrir fátæklingunum, þegar bankinn er búinn að týna fénu, sem þeir voru gabbaðir til að trúa honum fyrir.

Ég get verið fáorður um það, sem þessi sami hv. þm. sagði um þáltill. okkar Alþýðuflokksmanna um rannsókn á stj. og rekstri bankans á undanförnum árum. En það verð ég að segja, að ef nokkrir menn á þessu landi ættu að óska þess af alhug, að rannsókn fari fram á stj. bankans á undanförnum árum, þá eru það einmitt bankastjórar Íslandsbanka. Þeim ætti að vera það áhugamál, að hið sanna komi í ljós. Þeir hljóta að fá, verðskuldað eða óverðskuldað, ámæli margra manna. Þeim ætti því að vera það kappsmál, að óhlutdræg rannsókn færi fram, ef þeir tryðu því, að hún sýndi, að þeir væru alsaklausir af því ámæli, sem þeir hafa orðið fyrir. Hafi þeir ekkert saknæmt aðhafzt, þá kemur það í ljós, og þeir eiga heimtingu á, að það komi í ljós. Hafi þeir eitthvað af sér gert, á þjóðin heimtingu á, að það verði gert öllum kunnugt.

Persónulega álít ég, að þessi hv. þm. hafi ekki vitandi vits gert neitt það, sem hann áleit bankanum til óhags, og persónulega er ég fullviss um, að þessi hv. þm. hafi engan eyri dregið sér af fé bankans, og engan ábata af honum haft fjárhagslega, nema þau laun, sem hann tók sem bankastjóri. Þar með er þó ekki sagt, að hann eigi ekki sinn þátt í því, hvernig komið er fyrir bankanum, og honum og þjóðinni ætti að vera það áhugamál að vita, hvernig á því standi, að svo er komið, og hvort hægt sé að ámæla honum nokkuð fyrir það. Það er ennfremur vitanlegt, að mörg af þeim töpum, sem bankinn hefir orðið fyrir, voru til orðin áður en þessi hv. þm. varð bankastjóri, og aðrir, en ekki hann, eiga sök á þeim.

Það mátti draga það af orðum hv. þm., að ég hefði viljað fá hann settan í tukthúsið. Þetta er heilaspuni hv. þm. Mér félli það mjög illa, ef slíkt kæmi fyrir hann, margra hluta vegna. Ég álít hann ráðvandan mann, sem ekkert hafi gert viljandi bankanum til óhags. Hinsvegar get ég ekki neitað því, að ýms ummæli hv. þm., sem fallið hafa hér í þessari hv. d., sýna, að hann hefir ekki fylgzt svo vel með hag bankans sem mætti vænta af manni í hans stöðu. Hv. þm. sagði t. d. við fyrri umr. þessa máls, að bankastj. hefði átt miklu hægra og hagur bankans verið betri nú upp á síðkastið en áður, því áður hefði hún oft ekki vitað það að morgni, hvort hægt yrði að halda bankanum opnum þann daginn. Og í þeirri góðu trú, að allt væri að lagast og hagur bankans að batna virðist þessi bankastjóri hafa staðið þangað til allt í einu, að bankastj. tók eftir því, að farið var að minnka í kassanum. (SE: Þessu mun verða svarað rækilega). Þessu þarf ekki að svara. Þetta eru ummæli, sem fallið hafa af vörum hv. þm. sjálfs. Mig undrar mest, að bankastj. skyldi ekki taka eftir þessu tómahljóði í kassanum fyrr en svo skömmu áður en bankanum var lokað, sem raun varð á.

Hv. 2. þm. G.-K. las hér upp skeyti, sem einn bankastjóri Íslandsbanka sendi Hambrosbanka viku áður en bankanum var lokað. Ég hefi reyndar heyrt í hv. Ed., að það hafi verið einum tveim dögum áður en bankinn lokaði. Annars skiptir þetta ekki miklu máli. Ég geri ráð fyrir, að bankastj. hafi átt að geta séð viku fram í tímann og séð þá, hvort farið var að minnka svo í kassanum, að loka yrði bankanum.

Ég sagði áðan, að reikningar bankans hefðu í mörg undanfarin ár verið rangir. Ég mun víkja að því síðar. En áður en ég kem að því, verð ég að víkja nokkr-

um orðum að hv. þm. Dal. og því, sem hann tók úr skýrslu matsnefndar til þess að afsanna, að reikningarnir væru falsaðir.

Hv. þm. las þau ummæli upp úr skýrslu bankamatsnefndarinnar, að bókfærslan í bankanum hefði verið í góðu lagi. Það er alveg rétt, en það segir ekkert um það, hvort reikningar bankans eru réttir eða rangir. Það segir það eitt, að starfsmenn bankans hafi fært bækurnar skýrt og greinilega og þeim borið samin innbyrðis. Ekkert meira. Þó vil ég benda á nokkra galla, ekki á bókfærslunni sjálfri, heldur því, hvernig lagt var fyrir starfsmenn bankans að haga henni. Það er t. d. upplýst eftir þessari sömu skýrslu, að ógreiddir vextir af ýmsum víxlum voru ekki færðir á venjulega viðskiptakontó þeirra manna, sem höfðu samþykkt víxlana, heldur á „ýmsa skuldunauta". Einn stór skuldunautur bankans skuldar þar t. d. 40—50 þús. kr., sem eru ógreiddir vextir af víxlum. Með þessu er beinlínis reynt að fela skuld þessa mjög vafasama skuldunauts. Gengismunur er enginn reiknaður af póstsjóðsláninu danska, en hann mun nema um 820 þús. kr. Fleira mætti til tína, en þetta nægir til þess að sýna, að reikningarnir eru rangir, þótt bækur séu greinilega færðar. Og þó er hitt stórkostlegasta fölsunin, að milljónir tapaðra skulda skuli ár eftir ár taldar til eigna bankans.

Í Lögbirtingablaðinu 16. jan. síðastl. er yfirlit yfir hag bankans í árslok 1929. Þar stendur, **að bankinn eigi hvorki meira né minna en 5 millj. og 700 þús. kr. eigið fé. Þar af er 4½ millj. kr. hlutafé, en 1200 þús. kr. til að mæta töpum.**

Þessi yfirlýsing bankastjóra Íslandsbanka var prentuð 16. jan., eða réttum hálfum mánuði áður en bankinn lokaði og Pétur Magnússon bankastjóri og Jakob Möller bankaeftirlitsmaður mátu, að bankinn ætti engan eyri til. Og bankastj., sem gaf þessa yfirlýsingu 16. jan., hefir játað, að það sé rétt, að bankinn eigi engan eyri, ekkert hlutafé og engan varasjóð þann 1. febr., hálfum mánuði eftir að þeir sögðu bankann eiga nærri 6 millj. kr.

Og svo lætur hv. þm. Dal. fyllast vandlætingu yfir því, að ég skuli segja, að reikningar bankans og yfirlýsingar hafi verið rangar.

Mér er þetta alveg óskiljanlegt. Hvernig er hægt að sanna mitt mál betur en með yfirlýsingu bankastjóranna 16. jan., að bankinn eigi 5,7 millj. kr., en hálfum mán. síðar er þetta allt tapað. Eða á ég að trúa því, að þeir hafi tapað 5,7 millj. kr. þennan stutta tíma? Nei, yfirlýsing bankastjóranna um hag bankans 31. des. var vitanlega röng, eintómt fals.

Hv. þm. Dal. afsakaði sig með því, að það væru fleiri en bankastjórar Íslandsbanka, sem gerðu þetta. Bankastjórar Landsbankans og Privatbankans o. fl. hefðu líka gert þetta. Mér er ekki um þetta kunnugt, en þótt það væri rétt, er það engin afsökun fyrir Íslandsbankastjórana. Og það er frámunalega fávíslegt af honum að vera að ámæla okkur jafnaðarmönnum fyrir að halda því fram, að reikningarnir hafi verið rangir, þar sem það er viðurkennt beinlínis af honum sjálfum, að svo sé.

Skýrsla nefndarinnar sýnir ennfremur, að í janúarmánuði var greitt út úr bankanum yfir 1 millj. kr. meira en greitt var inn í hann. Þá á að hafa farið að minnka í kassanum, eins og hv. þm. orðaði það. En hvaðan fékk þá bankinn þessa einu millj., sem hann greiddi út fram yfir það, sem greitt var inn? Það er atriði, sem vert er að athuga.

Þessu er líka svarað í skýrslunni. — 28. des. síðastl. er lagt þar inn vegna bæjarsjóðs Reykjavíkur 750 þús. kr. og um svipað leyti 565 þús. kr. vegna ríkisbankans þýzka. Er það fé til tryggingar útvarpsstöðvarinnar. Þessir tveir aðiljar, bæjarsjóður Reykjavíkur og ríkisbankinn þýzki, hafa því lagt bankanum til þessa einu millj. 315 þús. kr., og þetta fé hefir fleytt Íslandsbanka frá því um áramót og þangað til hann lokaði. Mig undrar það, ef bankastjórar Íslandsbanka hafa tekið við þessari einu millj. og 315 þús. í fullkomlega góðri trú á það, að þeir gætu skilað því aftur hvenær sem þess væri krafizt, nema þeir hafi séð skemur fram í tímann en gera verður ráð fyrir um menn í slíkri stöðu, sem þeir eru, og vitað minna um hag bankans en þeim var skylt.

Hv. 2. þm. G.-K. stóð hér upp og vitn-

aði. Kvaðst hann fyrir sitt leyti vera þess fullviss, að ríkissjóður tapaði engu af þessum 3 millj., sem hann á að leggja fram til Íslandsbanka, áður Útvegsbankinn tekur við búi hans. Þetta er fullyrðing, sem ekki er hægt að setja annað á móti en aðra fullyrðingu. Ég er þess fullviss, að fyrst a. m. k. kostar þetta ríkissjóð 360 þús. kr. árlega greiðslu til vaxta og afborgana. Fyrsta árið a. m. k. fær ríkissjóður engan eyri upp í þetta. Ég skal ekkert um það segja, hversu langt eða skammt verður þangað til ríkissjóður fær eitthvað upp í þessar 3 millj. En ef miðað er við afkomu bankanna hingað til, er full ástæða til að ætla, að þess verði æðilangt að bíða. Græðist bankanum fé, veitir áreiðanlega ekki af að leggja það í varasjóð hans fyrst um sinn og til aukningar starfsfé hans. Slíkt ber að meta meir en að greiða arð af hlutabréfunum.

Þá brá hv. 2. þm. G.-K. sér í biðilsbuxurnar og talaði utan að því, hvort við jafnaðarmenn vildum ekki vera svo elskulegir við Íhaldsflokkinn að flytja vantraust á núv. stj. Ef hv. þm. langar til að vita þetta, getur hans flokkur flutt vantraust á hæstv. stj. og skal ég þá svara þessari málaleitun hans á viðeigandi hátt, þ. e. með atkv. mínu um vantrauststill. (ÓTh: Er hann að tala við mig?). Það er misskilningur hjá hv. þm., að það séum við jafnaðarmenn, sem höldum lífinu í hæstv. stj. Við erum algerlega hlutlausir, eins og við höfum margsinnis lýst yfir. (ÓTh: Heyr á endemi!). Hjálparhellur núv. hæstv. stj. eru þeir þm. Íhaldsflokksins, sem um eitt skeið fóru með völdin í þessu landi. Það eru verknaðarsyndir þeirra og vanrækslusyndir, sem valda því, að Framsókn fer nú með völdin. Það er minningin um afglöp og ósvinnu Íhaldsins, sem heldur lífinu í núv. stj.

Gunnar Sigurðsson: Ég get verið hæstv. fjmrh. þakklátur fyrir það, að hann hefir tekið eftir því, að þessi banki, sem væntanlega verður stofnaður, mundi þurfa rekstrarfé. Hann skilur þetta alveg rétt. Þessi 2½ millj. hrekkur mjög skammt. Ef bankinn á að vera bæði verzlunar- og útvegsbanki, þarf hann mikið rekstrarfé og fjármálastj. verður að hafa það hugfast að fá sem allra bezt kjör erlendis. Ég er alveg viss um, að þessar 12 millj., sem gert er ráð fyrir að taka að láni, hrökkva skammt til veðdeildar Búnaðarbankans, útvarps og fleira.

Ég minntist nokkuð á vexti í fyrri ræðu minni. Nú vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann líti ekki svo á, að þegar maður er búinn að fá svo sterkan banka sem þennan, sé kominn tími til að lækka vextina. Þetta var mjög erfitt fyrir Íslandsbanka áður, en ætti að vera hægt nú. Hæstv. stj. getur nú ráðið þessu, þar sem Landsbankinn er ríkiseign.

Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. Ísaf. Það stendur öðrum nær. Þó þótti mér það einkennileg skoðun hjá honum, að telja það fé, sem einstaklingar og ríkið leggja í þessa stofnun, hálfgert tapað. En ég er viss um, að ekkert hlutafé er tryggara en hlutafé í þessum banka.

Úr því hér er farið að taka upp góðlátlega rabb um ýmsa hluti, get ég ekki komizt hjá því að svara hv. 2. þm. G.-K. nokkrum orðum. Ég skrifaði það orðrétt eftir hv. þm., þegar hann sagði: „Það er enginn, hvorki ég eða aðrir, sem kenna bankastjórum Íslandsbanka þessi töp". — Ég vil þessum mönnum ekkert illt, en mér þykir mikið, ef þetta er ekki rangt. Ég og fleiri hafa tekið eftir því, að það, sem mestu tjóni hefir valdið, er það, hversu lítinn mun bankinn gerir á fasteignalánstrausti og persónulánstrausti. Það er mikill munur að lána gegn 1. veðrétti í eignum Kveldúlfs eða gegn persónulegri ábyrgð hv. 2. þm. G.-K., þótt hann gæti það sem slíkur. (ÓTh: Heyr!). Á þessu hefir bankinn tapað mestu. Þetta vona ég, að nýju bankastjórarnir hafi hugfast. Það er einn reginmunur að lána gegn 2. veðrétti í fasteign eða gegn persónulegri ábyrgð, hvað þá ef það er 1. veðréttur.

Fasteignamat húsa í Reykjavík er um 90 millj. kr. Án þess að óska eftir því, að þessi eign væri öll veðsett, vil ég þó benda á það, hversu mikil trygging er í þessari eign. Og menn hafa tapað milljónum króna á því að lána á nöfn, en ekki gegn veði.

Ég get að nokkru leyti verið sammála hv. þm. Ísaf., að ég tel það afsökun bankastjóranna, að þeir hafi litið of björtum

augum á hag bankans. Eftir mati þeirra á bankanum stóðu hlutabréfin í 92% nafnverðs, en síðar kom það í ljós, að þau voru einskis virði. Þeir hafa svo verið ógætnir með reikningana, svo ég noti ekki stærri orð. Þeir gátu ekki afskrifað töpin, af því bankinn stóð öðruvísi en þeir vildu vera láta. Þetta er þeirra stærsta afsökun.

Úr því að ég minntist á ræðu hv. 2. þm. G.-K., ætla ég aðeins að leiðrétta það ómerkilega atriði hjá hv. þm., að það voru aðeins 3 af sexmenningunum, en ekki þeir allir, eins og hv. þm. sagði, sem fluttu þetta frv. Ég vissi um undirbúning þess, en átti þar engan þátt í og hefði aldrei greitt því atkv. eins og það var. Það hefði verið vanvirða að stofna slíkan banka og hann hefði ekkert innstæðusparifé fengið. En nú álít ég, að málið sé komið á svo góðan rekspöl, að óhætt sé að fylgja því.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég held fast við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að enginn einasti þm. mundi vera ánægður með þetta frv. (**GunnS:** Ekki að öllu leyti). Þótt mikill meiri hl. muni greiða því atkv., er ég viss um, að enginn er ánægður með það.

Annars ætlaði ég að snúa mér að hv. 2. þm. G.-K. og þeim orðum, sem hann vék að mér. Því, sem hv. þm. sagði um afstöðu hæstv. stj. til þessa máls, er fyrst og fremst hennar að svara. Hv. þm. var hér að tala fyrir Alþingistíðindin um það, að stj. hefði snúizt á málstað Sjálfstæðisflokksins. Þetta er ekki rétt. Það mætti alveg eins segja, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði snúizt á málstað stj. Það eru einstakir menn úr Framsóknarflokknum, sem koma þessu á með aðstoð Sjálfstæðismanna, réttnefndra Íhaldsmanna.

Þá vildi hv. þm. afsaka villandi upplýsingar, sem bankastjórarnir höfðu gefið um hag bankans áður en bankanum var lokað, t. d. svörin við skeytinu frá Hambrosbanka til Eggerts Claessens bankastjóra. Enginn maður, sem les þetta skeyti og svar Eggerts Claessens bankastjóra, getur sagt, að það sé nokkurt svar. Í skeytinu frá Hambro er sagt, að það gangi óhagstæður orðrómur um bankann og hann áliti, að hlutabréfafallið í Danmörku stafi af því. Beðið um opinber mótmæli. — Eggert Claessen svarar aðeins, að slík hækkun og lækkun verðbréfanna sé algeng, svo ekkert sé við það að athuga. Hann svaraði ekki því, sem mörg hundruð manna vissu, að Íslandsbanki var valtur og reikningarnir rangir um mörg ár. Ég er viss um, að hv. 2. þm. G.-K. hefir lengi vitað, að bankinn var valtur. Hvernig stendur þá á því, að bankastj. Ísl.banka skýra ekki einum stærsta lánardrottni sínum frá þessu, þegar þeir eru spurðir í trúnaði? Ég álít það meira en vítavert, saknæmt. Bankastjórinn gat a. m. k. viðurkennt, að bankinn ætti við örðugleika að stríða, sem gætu leitt til lokunar, ekki sízt þar sem menn vissu, að bankinn hafði ekki greitt dollaravíxilinn mikla, þó komið væri þrjá mánuði fram yfir gjalddaga. Slíkt er ekki talin skilvísi þegar einstaklingar eiga í hlut, hvað þá ef það eru bankar, sem eiga að vera fyrirmynd almennings í peningaviðskiptum. En enginn fékk að vita sannleikann, fyrr en búið var að loka. Og hv. 3. landsk., bankaráðsmaður Íslandsbanka, hefir sagt það blátt áfram í Ed., að undir svona kringumstæðum **mætti ekki segja sannleikann** fyrr en búið væri að loka. Þannig er „mórall" þessara manna.

Svo er annað atriði, sem er vítavert, ef satt er, og sem mér þykir undarlegt, ef ekki varðar við lög. Á ég þar við það, sem fullyrt er, að Íslandsbanki hafi látið veð Landsbankans „rýrna" um 100 þús. kr. Ef þetta er ekki rétt, þá gefst nú hv. þm. Dal. tækifæri til að mótmæla því.

Og fleiri atriði viðvíkjandi stjórn bankans þarf að athuga. Hafi bankastjórarnir eitthvað sér til afsökunar, væri það mjög æskilegt, að það gæti komið fram. En hafi þeir engar ókunnar afsakanir á stj. sinni, eiga þeir að sæta ábyrgð gerða sinna. Það er ekki nóg að leggja bankann niður. Það þarf líka að gera hreint fyrir um hag hans allan og stjórn á undanförnum árum. Það er áreiðanlega heppilegast fyrir alla hlutaðeigendur og nauðsynlegt til að girða fyrir mistök og óstjórn framvegis á peningastofunum í landinu.

Mér þótti það fremur ótrúlegt, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að margir mundu taka

undir þau ummæli hans, að rétt væri að hafa sömu bankastjórana áfram. Lánardrottnar bankans erlendis eru sjálfsagt ekki á sömu skoðun og hann um það atriði. Ég held, að það mundi eyðileggja með öllu lánstraust bankans og landsins erlendis, ef bankastjórar Íslandsbanka yrðu látnir taka við stjórn hins nýja banka.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að Útvegsbankinn nýi sé ekki nema smábanki. Jæja, talsverður munur er nú á honum, með 1½ millj. kr. nýja hlutafénu frá ríkissjóði, auk aukningar hlutafjárins frá lánardrottnum, er nemur 6 millj. króna, og Íslandsbanka, sem á 3 millj. kr. minna en ekki neitt hlutafé. Og við Íslendingar erum nú ekki ennþá orðnir svo stórir, að 2½ millj. kr. sé ekki talsvert mikið fé á okkar vísu. A. m. k. eru þær stórfé miðaðar við þær 650 þús. kr., sem hv. þm. Dal. hélt fram, að hefðu getað bjargað Íslandsbanka.

Hv. þm. (ÓTh) gladdist yfir því, að í raun og veru væri nú verið að fallast á frv. hans og hv. 1. þm. Skagf. En ég sé nú ekki margt sameiginlegt með frv. því, sem hér liggur fyrir, og frv. þeirra. Í þeirra frv. er ekki gert ráð fyrir, að þeir, sem eiga inni í bankanum, leggi neitt af mörkum til að endurreisa hann. Þar er aðeins gert ráð fyrir, að einhverjir samningar séu gerðir við lánardrottna bankans erlendis, og síðan tæki ríkissjóður ábyrgð á öllu saman, ekki aðeins siðferðislega, heldur líka lagalega. Svo gerir það ráð fyrir, að fram fari mat á hlutabréfum bankans, og kem ég þá að ummælum hv. 2. þm. G.-K. um mat þetta. Það er sama, hvernig hann reynir að fegra það, og þó hann segist hafa viljað láta matið sýna, að hlutabréfin væru orðin verðlaus. Það vita allir, að íhaldsmenn hafa haldið fram og halda enn fram rétti hinna útlendu og innlendu hlutafjáreigenda. Þess vegna vildu þeir tryggja sjálfum sér rétt til að skipa 2 menn af 5 í matsnefndina og láta svo mann úr miðstjórn síns eigin flokks vera sjálfkjörinn oddamann í henni. Hann afsakar þetta með því, að sá maður, Jakob Möller bankaeftirlitsmaður, hafi áður verið búinn að lýsa því yfir, að hann áliti hlutafé bankans allt tapað. En þessi sami maður hefir áður framkvæmt mörg möt, og þau hafa getað færzt til á ýmsa vegu og ekkert þeirra þó staðizt rétt yfirmöt. Og ég sé enga ástæðu til að treysta honum til að gera nýtt mat, sem ábyggilegra reyndist en þau fyrri, allra sízt þegar það átti að vera síðasta mat, sem ekki var hægt að búast við neinni endurskoðun á.

Hv. þm. sagði, að þó bankinn hefði verið gerður upp, myndu menn ekki hafa séð annað fært en láta ríkissjóð og Landsbankann gefa eftir veð sitt í Íslandsbanka. En ég vil benda honum á, að það er ekki einu sinni í frv., sem nú liggur fyrir, gert ráð fyrir, að Landsbankinn veiti bankanum neinn stuðning. Og allir vita, hvernig skuld Íslandsbanka við ríkissjóð er til komin, að bankinn fékk hluta af enska láninu til að borga með gamlar skuldir. Er því ekki nema eðlilegt, þó hún sé vel tryggð. Ég skil ekki, að afsakanlegt hefði verið að kasta burtu þessum tryggingum hins opinbera fyrir lánum, sem veitt voru bankanum eftir að hann hefði átt að vera tekinn til gjaldþrotaskipta. Yfirleitt sýnist ekki vel skiljanleg afstaða íhaldsmanna til þessa máls; að þeir skuli nú vilja, eftir alla baráttu gegn því, að ábyrgð væri tekin á þjóðbankanum, að tekin verði ótakmörkuð ábyrgð á Íslandsbanka, sem er einkafyrirtæki, þó hið opinbera skipi nokkra menn í stjórn hans.

Hv. þm. sagði, að hlutafé Íslandsbanka væri erlent fé, sem hingað hefði leitað í góðri trú, og það ætti sama rétt á sér og annað fé. Þetta er nokkurnveginn rétt, þó nú sé ⅓ af hlutafénu íslenzk eign. En það getur aldrei komið til mála að gera bankahlutafénu hærra undir höfði en öðru fé. Það er svo sem ekkert nýtt, þó erlent fé tapist hér eða annarsstaðar. Til dæmis má benda á, að selstöðuverzlanirnar hafa margar tapað hér miklu fé, og t. d. Milljónafélagið forðum. Það er ómögulegt að koma í veg fyrir slíkt, eða á kannske ríkissjóður að borga öll töp, sem útlent fjármagn verður fyrir hér á landi, til þess að vernda lánstraustið? Nei, þá væri áreiðanlega snúið inn á ranga braut.

Um það, sem hv. þm. var að tala um viðvíkjandi vantrausti á stj., get ég sagt

það sama og hv. þm. Ísaf. Við erum yfirleitt ekki fylgjandi stj., þó við höfum verið hlutlausir í hennar garð það sem af er, og framkomu hennar í ýmsum málum teljum við ekki verjandi. En hvort við höldum hlutleysinu áfram, getur hann sjálfur reynt, eins og honum var bent á, með því að bera fram vantraustsyfirlýsingu á stj.

Hv. þm. V.-Ísf. minntist nokkuð á sendiherrann. Lækkaði hann nú seglin og kannaðist við, að Sveinn Björnsson hefði ekki komið fram við samningatilraunir fyrir Íslandsbanka sem sendiherra Íslands eða eftir skipun stj., heldur hefði hún aðeins leyft honum að vinna að þeim sem „privat"-maður. Hann þóttist ekki sjá mikinn mun á því, hvort Sveinn Björnsson ynni sem sendiherra eða bara sem Sveinn Björnsson. En auðvitað hefir hann meira vald, þegar hann kemur fram fyrir hönd stj. heldur en sem „privat"-maður. Hygg ég það komi á daginn, að allt þetta sendiherrabrölt, sem átti að vera til að undirbúa endurreisn bankans, verði ekki til annars en stórspilla fyrir málinu. Án „privat"-milligöngu Sveins Björnssonar, hv. þm. V.-Ísf. og hv. 3. landsk. væri málið nú komið í góða höfn.

Einstakir bankaráðsmenn hafa látið bjóða hvert boðið öðru betra, og þannig veikt hinn íslenzka málstað gagnvart hinum erlendu lánardrottnum. Hefði eflaust verið betra, að stj. hefði sjálf staðið fyrir öllum samningum þessu máli viðkomandi. Vil ég endurtaka þá ósk, að hæstv. forsrh. sjái um, að öll símskeyti, sem farið hafa á milli sendiherrans og stj. eða bankaráðsmannanna út af bankamálinu, verði birt opinberlega.

Hv. þm. V.-Ísf. minntist á, að hann hefði verið á móti vinnudómi, varalögreglu o. fl. slíkum áhugamálum íhaldsins, og á hann auðvitað þakkir skilið fyrir það. En þá var ekki annað eins fjárhagsmál um að ræða eins og nú. Þá lá ekki á honum slíkur þungi og aðrar eins tilraunir af hálfu íhaldsmanna til að draga hann í sinn dilk eins og nú.

Það, sem við Alþýðuflokksmennirnir höfum alltaf barizt fyrir í þessu máli, er það, að sæmilegur grundvöllur fáist fyrir tryggri peningastofnun handa sjávarútveginum, og að tap ríkissjóðs og þjóðarinnar vegna hruns Íslandsbanka verði ekki þungbærara heldur en nauðsyn krefur. Þetta virðist nú ekki ætla að takast að öllu leyti. Þó er nú gert ráð fyrir að koma á fót sterkum banka, og er það mjög gleðilegt. En við jafnaðarmenn getum ekki fallizt á, að sá nýi banki taki við búi Íslandsbanka og öllu tapinu, sem á því hvílir. En til þess að Framsóknarflokknum gefist tækifæri til að samþykkja brtt. hv. þm. V.-Húnv., sem er til mikilla bóta, án þess að það verði frv. að falli, vil ég bjóða honum fyrir hönd okkar Alþýðuflokksfulltrúanna, að við greiðum atkv. með því, að frv., sem nú liggur fyrir, verði að lögum, ef þeir samþykkja brtt. hv. þm. V.-Húnv. við það. Við erum 3 hér og 2 í Ed., svo þess er enn kostur að lækka tap ríkissjóðs til muna, ef Framsóknarflokkurinn er einhuga um það. Hlutafé til Útvegsbankans hlýtur að fást eins fyrir það, þó þessi breyt. verði samþ. á frv., því loforð um að leggja það fram hafa víst ekki verið öðrum skilyrðum bundin en að ríkissjóður legði fram 3 millj. á móti. Sú 1½ millj., sem ríkið leggur í Útvegsbankann, er því nýtt fé, sem ekki er bundið af þeim loforðum til að taka þátt í tapi Íslandsbanka.

Ef maður gerði ráð fyrir, að það yrði 10% arður af hlutafé bankans, ef hann þyrfti ekki að leggja neitt til að afskrifa gömlu töpin, þá yrðu það um 600 þús. krónur á ári, sem eftir brtt. rynnu til að borga tapið á Íslandsbanka. Greiddist það þá að fullu á 5—6 árum, og væri það góð niðurstaða. Á sama tíma fengi ríkissjóður 750—900 þús. kr. í arð af þeirri 1½ millj., sem hann leggur fram sem hlutafé í Útvegsbankann. Það munaði því talsvert miklu fyrir ríkissjóð, ef þessi brtt. væri samþ., og væri málinu þó engu verr fyrir komið. Ég skýt þessu nú til framsóknarmanna, og er það á þeirra ábyrgð, hvort þeir ganga að því eða ekki.

Ólafur Thors: Ég er nú líklega búinn að halda einar 20 ræður í allt um þetta mál, og er því orðinn hálfþreyttur á að tala um það. Ég mun því ekki svara

miklu að þessu sinni. Það yrði ekki til annars en að endurtaka eitthvað af því, sem ég hefi áður sagt.

Hv. 2. þm. Reykv. var að reyna að telja mönnum trú um, að það væri eitthvað allt annað í því frv., sem nú liggur fyrir, heldur en í því frv., sem við hv. 1. þm. Skagf. lögðum fyrir þessa hv. þd., og annað heldur en það, sem var í frv. hv. þm. V.-Ísf. En það er nú ekki annað en misheppnuð tilraun til að skjóta skildi fyrir hæstv. stj. Það er ekki nema eitt, sem frá upphafi hefir verið barizt um í þessu máli, og það er: eigum við að standa við skuldbindingar Íslandsbanka eða ekki? Frá byrjun hafa sjálfstæðismenn haldið fram, að það ætti að standa við þær, því með því einu móti væri bjargað lánstrausti landsins, og um leið eignum 10 þús. sparifjáreigenda. Og við tókum strax fram, að við værum tilbúnir að berjast með hverjum sem væri og hvaða heppileg leið, sem farin væri, til að ná þessu takmarki. Í frv., sem nú liggur fyrir, er einmitt þetta aðalatriði, að standa við skuldbindingar bankans; viðbótunum við aðalefni þess, eins og t. d. því, að bankinn á framvegis að heita Útvegsbanki, hefi ég ekkert á móti. Þær skipta ekki svo miklu máli. Það er alveg tilgangslaust fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera að skjóta skildi fyrir sína kæru stj. í þessu máli; hún hefir nú snúið frá villu síns vegar og inn á okkar sjálfstæðismanna sannleiksbraut, og veri hún velkomin.

Ég nenni ekki að vera að þrátta við hv. þm. um, hvort Eggert Claessen hafi komið sviksamlega fram gagnvart Hambrosbanka. Ég las skeytin upp, þau verða skjalfest í Alþt. og þau tala sínu máli.

Hv. þm. sagði, að bankastjórarnir hefðu átt að vita með viku fyrirvara, að bankinn mundi þurfa að loka. En ég get fullyrt, að viku áður en bankinn lokaði stóð hann ekkert verr heldur en hann oft hafði gert á síðustu tíu árum. Þó ekki sé hægt að sýna það með ótvíræðum tölum, hafa þyngstu áföll Íslandsbanka orðið af afleiðingum ófriðarins. Af sömu ástæðu hafa bankar annarsstaðar tapað, og hlíðstæðu tapi varð Landsbankinn fyrir hér. En síðan 1920 hefir Íslandsbanki heldur verið að bæta hag sinn. Hvort banki er valtur eða ekki má alltaf deila um. Var t. d. Landsbankinn valtur í hitteðfyrra, þegar hann vantaði 6 millj. til að eiga fyrir skuldum? Reynslan sýndi, að hann hafi ekki verið sérstaklega valtur. Enda er það svo, ekki sízt hér á landi, að á fleiru veltur um traustan grundvöll banka en því, hvort hann skuldar fleiri eða færri millj., t. d. hvort valdhafarnir eru honum velviljaðir og hvort nokkur órói verður um hann meðal almennings. Ef órói skapast um banka, er hann valtur meðan á honum stendur, en hvort slíkur órói verður bankanum að falli, er aldrei hægt að fullyrða neitt um fyrirfram.

Hv. þm. heldur enn fram, að mat á hlutabréfum Íslandsbanka eftir okkar till. hefði ekki orðið þannig, að hann hefði getað sætt sig við það. En nú áttu hans flokkar að ráða 2 mönnum í n., sá þriðji átti að vera bankaeftirlitsmaðurinn, sem búinn var að lýsa því yfir, að bankinn eigi varla fyrir skuldum, þ. e. a. s., að hlutaféð sé tapað.

Er nú líklegt, að eftirlitsmaðurinn telji hlutabréfin meira virði eftir að búið er að loka bankanum? Býst hv. þm. við, að t. d. Stefán Jóhann mundi breyta sínu mati? — Nei.

Ég ætla þá að víkja að ræðu hv. þm. Ísaf. Hann sagði, að þar sem hann væri í fjvn., væri sér vel kunnugt um þá örðugleika, að láta tekjur ríkissjóðs hrökkva fyrir gjöldunum. Ég leyfi mér að leiða athygli þessa hv. fjármálaspekings að því, að á árinu 1929 urðu tekjur ríkissjóðs 5 millj. umfram áætlun, og skal mig því ekki kynja, þó að hv. þm. kikni undir því að bæta 360 þús. á gjaldamegin. En það er bara rugl, að um 360 þús. króna aukinn útgjaldabagga sé að ræða. Í fyrsta lagi er ekkert viðurkennt um það, hvað tap bankans er mikið. Ef tapið er ekkert, því má þá ekki ætla ríkissjóði fulla vexti af sínu framlagi? Ef tapið er 1½ millj., því á þá að afskrifa allt á fyrsta árinu? Ef fjárhagur ríkisins stendur höllum fæti, er ekkert hægara en að deila tapinu niður á mörg ár og láta arðinn ganga til þess að greiða ríkissjóði a. m. k. nokkurn arð af sínu fé. Hv. þm. hlýtur að sjá, að þetta er vel hægt.

Annars þarf ég að leita í blaði hv. þm. að ummælum hans. Ég hefi reynslu fyrir því, að betra er að eiga við það, sem

skjalfest er eftir hann, en það, sem hann segir hér í þingsalnum. Hv. þm. sagði, að ég hefði brugðið mér í biðilsbuxurnar og biðlað til jafnaðarmanna um að vera mér nú hjálplegir til að fella stj. Þetta gerði ég ekki. Ég las aðeins upp ummæli hv. þm. Ísaf. úr hans eigin blaði, Alþýðublaðinu, og spurði hv. þm., hvort hann ætlaði að standa við þau. Þau voru skrifuð, þegar þeir þremenningarnir báru fram frv. sitt, sem í aðalatriðunum var eins og frv. stj. Nú er stj. farin að berjast fyrir því sama, sem hún mátti þá ekki heyra nefnt. Þá sagði hv. þm.: „Hvað gerir Framsókn? Klofnar hún í þessu máli? Málinu, sem ráðherrarnir hafa kallað stærsta mál þingsins? Eða lætur meiri hluti flokksins undan minni hlutanum? Og ef svo er ekki, hvað gera þá þessir „Framsóknar"-menn? Greiða þeir atkvæði með vantraustsyfirlýsingu á „Framsóknar"-stjórnina, ef íhaldsmenn bera slíka tillögu fram?"

Í tilefni af þessum orðum hv. þm. spurði ég hann, hvað jafnaðarmenn ætluðu nú að gera? Nú eru þeir komnir í sömu aðstöðu gagnvart stj. og þremenningarnir um daginn. Ætla þeir að fella stj.? Ætla þeir að segja: „Stjórnin hefir svikið okkur í máli málanna og við þolum henni það ekki", eða ætla þeir að sitja áfram við jötuna? Það væri að vísu mannlegt, en ekki mikilmannlegt. Ég skal játa, að þetta var fremur einfeldnislega spurt, því að þeir hafa aldrei komið fram sem mikilmenni hér á Alþingi, hv. þm. og samherjar hans.

„Vér brosum", eins og þar stendur, þegar hv. þm. fór að lýsa yfir því, að sósialistar væru hlutlausir gagnvart ríkisstj. Hann sagði: „Það erum ekki við, sem styðjum stjórnina, heldur fyrrverandi valdhafar í landinu". Guð hjálpi mér! Nú þykir mér skörin færast upp í bekkinn! Hv. þm. segir sem sé, að hæstv. dómsmrh. lifi á syndum annara. Ég verð að segja, að ef hægt er að lifa á syndum, þá tel ég hæstv. ráðh., og einkum hæstv. dómsmrh., vera ríkustu mennina á landinu, og ég neita því, að taka þá á fátækraframfæri hjá Sjálfstæðisflokknum. — Nei, jafnaðarmenn eru ekki hlutlausir í neinum skilningi. Þeir hafa fengið sinn fulla hlut.

Bjarni Ásgeirsson: Áður en umr. fjara út, vildi ég minnast á eitt atriði, sem hefir verið dregið inn í umr., þó að það sé óviðkomandi kjarna þessa máls. Ég ætla ekki að víkja að frv., sem við 3 framsóknarmenn höfum borið hér fram, því að hv. þm. V.-Ísf. hefir gert það svo vel, að ekki stendur steinn yfir steini af árásum andstæðinga okkar.

Hv. þm. Ísaf. kom fram sem forsvarsmaður nýju hluthafanna í Íslandsbanka. Hann vorkenndi þeim og vildi rétta hlut þeirra. En ég er ekki viss um, að sú umönnun verði vel þegin. Ég býst við, að þeir, sem hafa lofað að leggja fram fé, hafi gert það upp við sig, hverju þeir hættu með því. En allt þetta skraf hv. þm. um ástæður þessara manna hnígur að því að mæla gegn þeirri till., sem hv. 2. þm. Reykv. talaði fyrir, og gerir hlut þeirra enn þyngri en hann er þegar orðinn.

Hv. þm. var að svara hv. þm. V.-Ísf., þegar hann sagði, að hver fengi sitt og að það væri gert á kostnað ríkissjóðs. Ég neita því ekki, að ríkissjóður leggur nokkuð í sölurnar. En ég vil halda því fram, að það, sem ríkissjóður leggur til samkv. frv. okkar, er minna en hann hefði orðið að gera, ef bankinn hefði verið tekinn til skiptameðferðar. Það er mikill munur á því tvennu, að hver fái sitt á kostnað ríkissjóðs, eða að allir tapi miklu, með miklum kostnaði fyrir ríkissjóð.

Hv. þm. Ísaf. kallaði hv. þm. V.-Ísf. flugumann og sagði, að fyrir afskipti hans væri verið að kasta millj. krónum í sjóinn. „Ómerk eru ómagaorðin". Ég legg það óhræddur undir dóm þjóðarinnar, hvor hafi orðið til meira gagns í þessu máli, hv. þm. Ísaf. eða hv. þm. V.-Ísf. Ef afskipti hv. þm. V.-Ísf. hafa kostað 1 millj., þá hefðu afskipti hv. þm. Ísaf. kostað 10 millj., ef eftir tillögum hans hefði verið farið.

Ég stóð annars upp aðallega út af því, sem nábúar mínir til beggja handa hafa verið að tala um, nefnilega hvernig fari nú fyrir vesalings Framsóknarflokknum. Ég vil biðja þessa hv. þm. að gera heldur hreint fyrir sínum eigin dyrum. Við munum vissulega aldrei leita til þeirra með okkar innanflokksmál. A. m. k. ætti hv. 2. þm. Reykv. ekki að bæta á sig áhyggjum út af vandamálum Framsóknar. Hann ætti

sjálfur að hafa nægar áhyggjur út af ástandinu í sínum eigin flokki, þar sem allt er klofið, langsum og þversum frá vinstri til hægri. Og mér er sagt, að þar sé hv. þm. ekki kallaður „litla íhaldið" heldur „stóra íhaldið", og það með réttu.

Þegar Framsókn hirti þennan þm. og samherja hans upp af götu sinni, voru þeir ekki annað en munaðarlausir og umkomulausir pólitískir vergangsmenn. Það var Framsókn, sem setti þá til embætta og valda og virðinga, í þeirri von, að takast mætti að auka manndóm þeirra og glæða ábyrgðartilfinningu þeirra, en ég er hræddur um, að það ætli allt að mislukkast. Og nú þykir mér skörin færast upp í bekkinn, þegar þeir ætla að fara að skipa stj. fyrir um það, hvað hún skuli segja og gera við samflokksmenn sína. Það minnir mig á gamlan málshátt, sem hljóðar svona: „Naar Skarn kommer til Ære, ved det ikke hvordan det skal være". Ég vona, að hv. þm. meti þetta gullkorn ekki síður, þó að það sé danskt.

Sigurður Eggerz: Ég ætla að svara með nokkrum orðum aths., sem komið hafa fram í garð bankans. En áður en ég geri það, vil ég minnast á það atriði í ræðu hv. þm. Ísaf., þegar hann talaði um það sem fjvnm., hversu þungar byrðar það væru fyrir ríkissjóð, ef bankanum yrði lagt fé, hve mikið vaxtabyrðin yrði aukin. Ef hv. þm. hefði litið á hina hliðina og athugað, hversu mikið það getur dregið úr framleiðslu landsins, ef bankinn verður stöðvaður, býst ég við, að honum hefði þótt ríkissjóðstekjurnar minnka allmikið meira en svarar útgjaldaaukanum af vaxtabyrðinni. Framleiðslan getur minnkað svo milljónum skiptir á fyrstu árunum eftir stöðvun bankans. Það er hin mesta skammsýni að láta sér detta í hug, að vextir þeir, er hv. þm. minntist á, vegi nokkuð á móti því tjóni, sem af því hlýzt, ef bankinn verður ekki endurreistur. Og hér kemur annað atriði til greina, nefnilega aðstaða þeirra, sem unnið hafa að því að útvega hlutafé í hinn fyrirhugaða nýja banka. Megnið af því hlutafé er framlag frá sparisjóðseigendum, og þeir hafa ekki einungis lagt það fram til að bjarga sínu eigin fé, heldur líka af því, að þeir hafa séð, hvílík ógæfa það yrði fyrir land og þjóð, ef bankinn yrði stöðvaður. Þessir menn eiga sannarlega miklar þakkir skilið fyrir það, að framlag þeirra er ein af höfuðástæðunum fyrir því, að hægt verður að endurreisa bankann.

Það kom illa við hv. þm. Ísaf., að ég minntist á þá fátæku og hversu ráð jafnaðarmannaleiðtoganna væru köld í þeirra garð, þar sem þeir leggja svo mikla áherzlu á að drepa bankann. Hv. þm. sagði, að mér færist ekki að tala djarft um þetta, mér væri nær að vera ekki að lokka inn sparisjóðsfé með háum vöxtum. Ég neita því, að bankastj. hafi nokkurntíma gert tilraun til að lokka inn sparisjóðsfé. Þetta, sem bæjarsjóður lagði inn í bankann, var sagt í skýrslunni, að hefðu verið 750 þús. Það er rétt, að þessi upphæð kom inn í bankann, en bæjarsjóður var áður búinn að fá yfirdrátt á hlaupareikning, sem nam 268 þús. og var samtímis borgað út. Ennfremur voru borgaðar út 2 upphæðir, sem námu 70—80 þús., og þetta fé var með sömu kjörum og fé á innlánsskírteini, enda sögðum við, að við tækjum ekki við því, nema það væri látið standa ákveðinn tíma inni í bankanum.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á þeim ummælum, sem ég hefi einu sinni haft, að á fyrri tímabilum hafi stundum verið svo ástatt í bankanum, að bankastj. hafi ekki vitað á morgnana, hvort hún gæti annað greiðslum dagsins. En þetta er hreinn og beinn sannleikur. Það hefir ekki alltaf verið tekið út með sitjandi sælunni að vera bankastjóri í Íslandsbanka. En sannleikurinn er sá, að bankinn gat unnið áfram þrátt fyrir allt, og hefði enn getað það, ef hann hefði fengið sjálfsagðan stuðning. Ég hefi áður rakið aðdragandann að stöðvun bankans og ætla ekki að endurtaka hann hér. Aðeins vil ég enn einu sinni benda á það, að óróinn um bankann skapaðist ekki fyrr en á seinustu stundu, og bankastjórarnir trúðu því fram til seinustu stundar, að bankinn mundi fá stuðning. Bankinn átti heimtingu á að fá endurkeypta víxla af Landsbankanum vegna inndráttarins fyrir 625 þús. kr. Þessu neitaði Landsbankinn. Og þessi neitun var aðalorsökin til stöðvunarinnar. Ég hefi skýrt frá því, að 1926 komst bankinn fram úr vandræðun-

um, sem hann þá var í, er hann fékk eina millj. frá Landsbankanum, og því skyldu þá ekki 625 þúsundirnar hafa dugað nú?

Að gera þá kröfu, að bankinn neiti að taka við sparisjóðsfé, nær engri átt; það væri sama og að loka bankanum. Sú krafa felur í sér svo mikið ofsóknaræði, að ég get ekki tekið hana alvarlega.

Hv. þm. gat ekki hrakið það, sem stóð í skjölum matsnefndar, að bókhald allt hafi verið í góðu lagi í bankanum. Hann vildi þá dvelja við það, að ógreiddir vextir af kontó hafi verið færðir á ýmsa liði. En þessu var matsnefndinni skýrt frá, og hvernig á því stóð. Í öðru lagi tilnefndi hv. þm. gengismuninn á dönskum og íslenzkum krónum. Ég hefi margsinnis gert grein fyrir þessu. Þetta var póstfé, sem eftir samþykki dönsku ríkisstj. var lagt inn í Íslandsbanka. Þá var enginn munur á danskri og íslenzkri krónu. Svo kom gengismunurinn og Danir heimtuðu greiðslu á skuldinni í dönskum krónum. En samningar tókust á þann hátt, að danskar krónur voru viðurkenndar í orði, en lánskjörin voru að öðru leyti svo góð, að fyrir oss voru þetta raunverulega íslenzkar krónur, og vísa ég til samninga um þetta atriði.

Þá var hv. þm. að tala um þessar 5700 þús. Hjá nefndinni eru tilfærðar 9328033,-02 kr. í tap. Svo eru dregnar frá eignir bankans og hlutafé, 4500 þús. kr., það sem lagt er til hliðar fyrir tapi, 853,088,18 kr. og ágóði ársins 1929, sem er 441,870,-82 kr.

Sjálfri matsnefndinni þykir rétt að setja þetta svona upp, enda bera reikningar bankans þetta með sér. Í þeim var mat bankaeftirlitsmannsins lagt til grundvallar. Það, sem ég sagði um þetta atriði, er það, að það mundi erfitt að finna nokkurn bankareikning, sem gerður væri þannig upp, að hann mundi svara til mats, sem gert er á einhverju augnabliki. Enda er það rétt, sem ég hefi skýrt frá, að ef farið væri að athuga þjóðbankann, þá mundi það sýna sig á ýmsum tímabilum, að reikningar bankans mundu gefa til kynna betri niðurstöðu en sú raunverulega niðurstaða er. Þessu mun enginn geta neitað. Hitt er líka víst, sem ég tók fram í fyrri ræðu minni, að þegar bankaumsjónarmaðurinn var búinn að meta Íslandsbanka, var strax skýrt frá matinu á reikningum bankans. En á reikningum Landsbankans hefir ekki verið skýrt frá niðurstöðu þess mats, sem fram fór á honum. Og það er þetta ósamræmi, sem ég saka hv. þm. jafnaðarmanna um í framkomu þeirra gegn bönkunum. Ef Íslandsbanki hefir ekki skýrt frá mati bankaumsjónarmannsins, þá er ég hræddur um, að sungið hefði í jafnaðarmönnum, en ekki dettur þeim í hug að hreyfa slíku ef Landsbankinn á í hlut. Alltaf sama falsið. Hv. þm. jafnaðarmanna viðurkenna Landsbankann fyrir það sama, sem þeir níða niður fyrir allar hellur hjá Íslandsbanka. Það er óheppileg aðstaða — það verður aldrei sagt of oft —, að vilja láta annan höfuðbanka þjóðarinnar hrynja, og það þrátt fyrir það, að matsnefndin, sem þeir eiga fulltrúa í, hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að bankinn eigi nærri því fyrir skuldum. Hvað er það þá, sem er tapað? Það er þetta hlutafé, sem þeir hafa hatað eins og pestina, — það er nú annars skrítið, að þessir menn skuli hata danskt hlutafé.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykv. um eina ákæru, hvort hún væri sönn, — hvort það hefði komið fram eftir lokunina, að 100 þús. kr., sem átti að borga inn á veð til Landsbankans, hafi ekki verið borgað inn á þetta veð. Sannleikurinn er sá, að eins og allir vita, hefir Íslandsbanki „kontó“ hjá Landsbankanum, 3365000 kr., og til tryggingar þessari „kontó“ hafa verið settir víxlar úr Íslandsbanka. Sá siður hefir verið um þessi viðskipti, að þegar víxlar eru fallnir í gjalddaga, er ekki farið með peninga í Landsbankann, heldur er farið með nýja víxla til tryggingar í stað þeirra, sem borgaðir voru. Þessi viðskipti fóru þannig fram, að einn viss maður úr Landsbankanum og annar viss maður úr Íslandsbanka gerðu þetta upp á nokkrum fresti. Þegar bankanum var lokað, hafði þessum mönnum yfirsézt um þetta, og því lentu þessir peningar ekki í Landsbankanum, eins og átti að vera. Bankastj. vissi ekki um þetta fyrst, en síðar skýrði hún matsnefndinni frá því.

Ræðu hv. 2. þm. Reykv. sé ég svo ekki í sjálfu sér ástæðu til að svara miklu meira en ég hefi gert, — get látið mér að

mestu nægja að vísa til þess, sem ég sagði í ræðu minni í kvöld. Frá hans hendi kom ekkert nýtt fram. Hann nefndi bankastjóraskipunina. Það mál er svo gamalt, að mér þykir ekki ástæða til að fara að færa fram varnir, sem ég hefi áður fært fram, en þess má aðeins geta, að auðvitað var ég ekki einn um þá skipun, heldur annar ráðh. með. Mín undirskrift var aðeins formsatriði, enda svo ákveðið, að forsrh. undirritaði skipunarbréf í hin hærri embætti, enda þó veitingin eða till. um hana heyrði undir annan ráðh. En auðvitað réð fagráðherrann raunverulega mestu um skipunina. Hv. þm. sagði, að Nemesis hefði kveðið upp þann dóm yfir mér, að ég færi úr bankanum. Ég skal ekki um það segja, hvort forsjónin er að koma einhverri hefnd á hendur mér, ég get ekki sjálfur gert þann hlut upp. En það vil ég láta hv. þm. vita, að það hafa verið gerðar fleiri en ein atrenna til þess að koma mér burt úr bankanum. En ég hefi þrátt fyrir þetta haldið rólega áfram minni stefnu í stjórnmálunum og ekki kært mig um bankastjórastöðuna. Seinast nú, þegar bankanum var lokað, hefi ég sagt, að ef það yrði til þess, að stj. vildi bjarga bankanum, gæti mín bankastjórastaða verið laus hvenær sem væri. Og ég get líka sagt þessum hv. þm. það, að þann tíma, sem ég hefi verið bankastjóri, hefir verið margt annað að gera en að taka á móti launum. Sannarlega eru það margar áhyggjustundir, sem fylgt hafa því starfi, og m. a. hafa skapazt af þeim óróa og ófriði, sem gerður var kringum bankann. En það er mér óhætt að fullyrða, að öll starfsemi bankastj. hefir miðað að því að leiða bankann gegnum þessar hættur. Og því er ekki að neita, að bankastj. tókst að leiða hann gegnum margar hættur. En þegar andstaðan að lokum kom frá þeim, sem maður bjóst við hjálp af, þá var ekki lengur á valdi bankastj. að leiða bankann gegnum brim og boða stjórnmálanna. Ég veit, að hv. þm. gleðst yfir, að ég fer úr bankanum — en verður gleðin seinna eins mikil og hún er nú?

Annars er vert að athuga einn hlut í þessu sambandi. Það er það, að fyrir starfsemi beggja bankanna — og ekki síður Íslandsbanka — hafa með þjóð vorri skapazt ákaflega sterkir atvinnuvegir. Útflutningur þeirra nemur 60—70 millj. króna. En þessi starfstími felur í sér mjög erfið ár, þegar bankar annarsstaðar hafa hrunið, svo að okkar bankar hafa tapað stórfé. En mikið af þessum töpum hefir runnið til atvinnuveganna og því ekki farið til einskis. Og nú er okkar atvinnulíf orðið svo margbrotið og stórfellt, að bankarnir eru orðnir allt of litlir til þess að geta fullnægt öllum þeim kröfum, sem útvegur, verzlun og landbúnaður gerir til slíkra stofnana. Atvinnuvegirnir hafa vaxið stórkostlega, en við höfum ekki gætt þess, að láta bankana vaxa líka. Þess vegna væri það sá háskalegasti misskilningur, þegar atvinnuvegirnir eru í vexti, að stöðva annan höfuðbankann. Fyrir atbeina góðra manna er líka verið að stýra hjá þessu skeri.

Ég þykist nú hafa svarað í höfuðdráttum þessum árásum og aths., sem hér hafa komið fram; og satt að segja er mér óljúft að þurfa að endurtaka það sama, sem ég er margbúinn að setja skýrt fram.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Vegna þess að ég hefi ekki nema stutta aths. eftir, nenni ég ekki að eltast við orð hv. þm. Dal., en langaði aðeins til að segja nokkur orð um hina stuttu ræðu hv. þm. Mýr. Í raun og veru væri nægilegt að segja, að sannleikanum verður hver sárreiðastur, því að öll sú vonzka, sem kom fram í ræðu hans, var einungis út af því, sem ég sagði satt um atferli hv. þm. V.-Ísf. og hans í þessu máli, — að þeir, að fornspurðum flokki sínum og í óþökk hans og hæstv. stj., sem þeir enn þykjast styðja, komu fram sem flugumenn á Alþingi, og að afleiðingarnar verða augsýnilega þær, að lánardrottnar Íslandsbanka fá miklu betri kjör — á kostnað almennings hér á landi — heldur en ella. Og hv. þm. Mýr. veit það ósköp vel, að eins og hefir verið sundurlyndi innan Framsóknarflokksins á þingi um þetta mál, eins er ekki síður óánægja meðal kjósenda þess flokks úti um sveitir landsins, vegna framkomu flugumannanna.

Það er satt að segja hlægilegt, þegar þyngsti landsómaginn, sem til er, fer að

tala um bitlinga —, maður, sem meiri hl. þings og stjórnar hefir orðið að skapa embætti handa, hvert á fætur öðru, til þess að hann gæti lifað. Einn gagnkunnugur samflokksmaður hans sagði nýlega, þegar þetta bankamál var til umr. og þessi hv. þm. talaði: „Þú hefðir ekki talað svona, ef þú hefðir ekki verið orðinn bankastjóri Búnaðarbankans!“ — Þetta sýnir ákaflega vel það álit, sem er á honum innan flokks hans sjálfs. Það kannast allir við söguna um asnann, sem stóð milli tveggja jatna fullra af heyi og dó vegna þess að hann vissi ekki, úr hvorri jötunni hann ætti að éta. En hv. þm., sem fyrrum var svipaðastur þessu vesalings dýri, er þó nú orðinn svo mikill fjármálamaður, sem enginn hefði trúað honum til áður, að hann er farinn að éta úr báðum jötunum í einu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er eins og hv. þm. hafi það á tilfinningunni, að nú sé verið að heyja lokasennuna í þessu máli, — og að þeir þess vegna telji sér mikla þörf á að rifja upp gamlan ágreining og jafna sakirnar. Ég er ekki sérstaklega að lasta þetta. En hitt er aðalatriðið, að þetta mál fái nú afgreiðslu í þeirri mynd, sem það liggur fyrir, og að allir góðir menn vilji styðja að því, að sú stofnun, sem hér er ráðgerð með þessu frv., megi verða þjóðinni til gagns.

Ég hefi ekki neina ástæðu til að blanda mér í þær almennu ræður, sem hér hafa farið fram. Þær snerta tiltölulega lítið þetta frv. Það er aðeins eitt eða tvö atriði, sem nokkuð greinir á milli mín og hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. Hv. 1. þm. Skagf. talaði aftur um það í sinni ræðu, að í raun og veru tæki ríkissjóður bankann á sína ábyrgð. Hann yrði að lokum að verða þar ábyrgur fyrir öllu, jafnvel þótt hann — eins og hv. þm. játaði — bæri ekki lagalega ábyrgð á honum nema að sínum hluta. Þetta byggði hv. þm. á því, að Íslandsbanki væri svo fléttaður inn í fjármálalíf þjóðarinnar, að ríkið yrði undir öllum kringumstæðum að hlaupa undir bagga með honum, því að annars væri fjárhagslegur voði á ferðum fyrir þjóðina. Og eins mundi fara með þennan nýja banka. Ef við gerum nú ráð fyrir því, að hér væri banki starfandi í landinu, sem ríkið ætti engan hlut í, og hefði enga ihlutun um stjórn hans; sá banki hefði mjög víðtæk viðskipti í landinu, en að lokum ræki að því, að hann færi á höfuðið. Ja, þá er alveg sama skyldan, sem hvílir á ríkissjóði, þó að bankinn komi honum ekki neitt við. Hann er fléttaður inn í fjármálalíf þjóðarinnar, og þá verður — samkv. kenningu hv. þm. — ríkið að hlaupa undir bagga með þessum banka. Þess vegna get ég ekki séð, að það skipti neinu máli, eftir þessari skoðun hv. þm., hver á bankana, sem í landinu starfa.

Því hafa bæði hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. haldið fram, að það hafi ekki verið meiningin fyrir þeim, að ríkissjóður tæki ábyrgð á öllum skuldbindingum Íslandsbanka í upphafi. Sú aðaltill., sem hér lá fyrir á fyrsta fundi um þetta mál, — lokaða fundinum — hún var sú, að ríkið tæki á sig ábyrgð á Íslandsbanka alveg á sama hátt og það ber ábyrgð á Landsbankanum. Þessi till. kom fram frá bankar. Íslandsb. Nú kom fram á þessum sama fundi almenn till. um það, að skorað væri á hæstv. stj. að sjá um, að bankinn héldi áfram starfsemi sinni. Í þessu fólst vitanlega það, að stj. væri gefin heimild til þess að taka á ríkissjóð alla ábyrgð á Íslandsbanka. Það gat enginn, sem samþ. slíka till., hlaupið frá því, þó að stj. hefði gert þetta. Og það var líka vitanlegt, að á þeirri stundu var ómögulegt að bjarga bankanum, svo að hann gæti opnað daginn eftir, með öðru móti en þessu. Það var enginn tími til neins annars þá. Svo að það verður ekki undan því komizt, að þeir, sem lögðu þetta til, þeir lögðu það til beinlínis, að ríkissjóður tæki á sig fulla ábyrgð á bankanum.

Nú þegar því er haldið fram, að samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, taki ríkissjóður á sig fulla ábyrgð á bankanum, þá vil ég geta þess, að það er mjög mikill munur á þessu tvennu, fyrstu till., sem kom fram, og þessu frv. Munurinn liggur í þessu, að skuldheimtumenn bankans leggja fram 6—6½ millj. kr. í hlutafé og ríkissjóður leggur fram 3 millj. Þeir taka á sig ⅔ af áhættunni, þegar ríkissjóður tekur á sig ⅓, í staðinn fyrir, að ríkissjóður hefði orðið að taka á sig alla ábyrgðina. Á þessu er svo greinileg-

ur mismunur, að það er ekki hægt að bera það saman. Í því frv., sem hv. 2. þm. G.-K. minntist á og hann flutti snemma á þingi, er alls ekki gert ráð fyrir, að þeir menn, sem inni eiga í bankanum, leggi neitt í hættu. Það er aðeins gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki á sig ábyrgðina á innlánsfénu og innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum.

Í raun og veru er það ekki annað, sem ég sé ástæðu til að fara út í. Það eru orðnar langar umr. um þetta mál, og ég tel óþarft að fara almennt út í þær. Aðeins vildi ég drepa á þessa brtt., sem hefir komið fram frá hv. þm. V.-Húnv. Um hana vildi ég segja það, að hefði hún komið fyrr, t. d. í Ed., þá hefði verið mjög gott, að hún hefði komizt inn í frv. Hinsvegar vil ég ekki ráða til þess að stofna frv. í tvísýnu út af till.

Bjarni Ásgeirsson: Það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um mitt innræti og hvatir þær, sem réðu minni framkomu í opinberum málum, er ekkert til að undrast yfir. Þetta hlaut svo að vera hjá honum. Vitanlega verður hann að gera ráð fyrir sama „moral", sem stjórni öðrum, eins og fyrir löngu er landskunnugt að stjórnar öllum gerðum þessa hv. þm. En út af því, sem hann sagði um mín mök við íhaldið, þá get ég viðurkennt, að það út af fyrir sig gerir engan að meiri manni að rugla reitunum saman við þá menn. En þó er það nú þannig, að það kám, sem maður fær á sig frá þeim, verkar á mann eins og sápa á móti þeim pólitíska óþrifnaði, sem stafar af mökum við hv. 2. þm. Reykv. og hans líka.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Ég get tekið undir orð hæstv. fjmrh. um, að umr. mættu fara að styttast, og skal því verða stuttorður. En ég verð þó að leiðrétta það, sem hann sagði viðvíkjandi mínum orðum í kvöld. Hann kvað mig hafa látið í ljós, að ríkið yrði undir öllum kringumstæðum að bera ábyrgð á bönkum, vegna þess að þeir væru svo fléttaðir inn í viðskiptalífið í landinu. Hann gleymdi mjög mikilsverðum þætti úr því, sem ég tók fram, og það er, hvernig stj. bankans er fyrir komið. Mér dettur ekki í hug að halda slíku fram, þegar stjórn bankans er þannig, að hluthafar, eða einhverjir aðrir en hin opinberu stjórnarvöld, hafa með stj. bankans að gera. En um þann banka, sem hér á að stofna, er það þannig, að stj. á að ráða öllum bankastjórunum og stj. á að ráða meiri hl. bankaráðs. Undir þeim kringumstæðum getur ríkið ekki komizt hjá að svara til skuldbindinga bankans. Þetta er mín fasta skoðun. Við vitum það allir, að þrátt fyrir það, þótt ríkið ætti ekkert framlag í Íslandsbanka, þá er litið á hann sem opinbera stofnun, a. m. k. í útlöndum. Það er af því, að stj. skipar meiri hl. bankastjóranna, þingið velur 3 menn í bankaráð og forsrh. landsins er formaður bankaráðsins.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, hver hefði verið okkar till. fyrst. Rétt er það, að till. var um það, að fela stj. að ráða fram úr málinu þannig, að bankinn stöðvaðist ekki. Hann má ekki blanda þessu saman við till. bankaráðs um það að taka ótakmarkaða ábyrgð á bankanum. Það komu fram aðrar till. frá bankastjórunum um það, að leggja fram 1½ millj. handa bankanum og taka ábyrgð á innstæðufénu. Þessa leið gat hæstv. stjórn líka farið. Við settum henni ekki fyrir, hvaða leið hún færi. Það voru margar aðrar leiðir en að taka ábyrgð á bankanum að öllu leyti, — ótal leiðir.

Hann sagði sem satt er, að væntanlegir hluthafar bankans taka á sig áhættu í þessu sambandi, sem ekki var gert ráð fyrir í byrjun, en ég vil benda á það, að þó að ríkið hefði veitt hjálp til þess að halda bankanum opnum, þá var ekkert því til fyrirstöðu, að lánardrottnar bankans og innstæðueigendur veittu honum sinn stuðning með hlutafjárframlögum. Og stj. gat sagt við þá: Ríkið leggur ekki meira fé til bankans, nema þið hlaupið undir baggann líka, annars verður bankanum lokað. — Það var nægileg hvöt fyrir hlutaðeigendur.

Mig undraði mjög að heyra hæstv. fjmrh. halda því fram, að brtt. hv. þm. V.-Húnv. væri til bóta. Mér er óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að hæstv. stj. skuli ekki vilja fá þessa umbót á sínu eigin frv. og mæla á móti brtt., ef hún lítur svona á hana. Hún hefir þó, eins og kunnugt er, öflugan meiri hl. í Ed. Og hver trúir því,

að hún geti ekki komið frv. í gegnum þingið með þessari breyt., ef hún vill? Ég trúi því ekki. En hvað á maður að halda, þegar stj. leggur áherzlu á, að frv. verði samþ. óbreytt, þó að fyrir liggi brtt., sem hún álítur vera til bóta? Hæstv. fjmrh. þarf að vera skorinorðari en hann er, til þess að gera ljósa þessa afstöðu sína; en það skortir hann venjulega. Ég er viss um, að hann trúir því ekki, að brtt. sé til bóta, og óskar ekki eftir því í hjarta sínu, að hún verði samþ. Hann hlýtur að sjá, að ef brtt. verður samþ., þá getur hún orðið til þess að kippa fótunum undan frv. og framkvæmd þessa máls yfirleitt. Ég vil vona, að hæstv. ráðh. leysi úr þessu máli af einlægni og alvöru, en ég á erfitt með að halda í þá von, er ég heyri hann haga þannig orðum sínum og verð þess var, að hann þorir ekki að mæla á móti stuðningsmönnum, jafnvel er þeir flytja brtt., sem miða að því að eyðileggja frv., sem hann telur sitt.

Hannes Jónsson: Hv. 1. þm. Skagf. sagði nú síðast í ræðu sinni, að brtt. mín mundi leiða til þess, ef hún yrði samþ., að kippa fótunum undan frv. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. getur sagt annað eins og þetta án þess að færa nokkur rök fyrir því. (**MG:** Ég var búinn að því áður). Ég vil þá benda á það, sem ég hefi áður fært rök að, að þó þessi brtt. verði samþ., þá verður fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir framlögum hlutafjárins, og þar á meðal því aðalatriði, að ríkissjóður leggur fram 3 millj. króna með sömu áhættu og annað hlutafé. Skilyrðunum er hvergi breytt að öðru en því, að ríkissjóður leggur samkv. þessu frv. 1½ millj. kr. meira til hins nýja banka en farið var fram á eða gert ráð fyrir, þegar hlutafénu var lofað. Er það nú ósanngjarnt, að vextirnir af þessari 1½ millj. kr. fari til ríkissjóðs? Ef Íslandsbanki hefði verið endurreistur á þann hátt, sem hinir nýju hluthafar ætluðust til, þá hefði hann þurft að fá 1½ millj. kr. lán af handbæru fé, og það hefði hann vitanlega ekki getað fengið vaxtalaust. Og ég held, að hv. 1. þm. Skagf. hefði ekki veitt bankanum vaxtalaust lán.

Ég held, að það sé alveg ástæðulaus ótti hjá hæstv. fjmrh., að frv. komist ekki í gegnum Ed., þó að þessi brtt. verði samþ. hér, því að það hlýtur að vera öllum hv. þdm. svo ljóst, að hér er ekkert vikið frá þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir söfnun hlutafjárins. Og ekki ætti það að spilla fyrir, þó reynt væri að tryggja ríkinu vexti af því hlutafé, sem það leggur í bankann fram yfir það, sem um var talað meðan verið var að safna loforðum um hlutafé hjá innstæðueigendum.

Hv. þm. Ísaf. hefir áður bent á það, að af framlögum ríkissjóðs til bankans af enska láninu verður ríkissjóður árlega að greiða 360 þús. kr., er þá reiknast sem aukin útgjöld frá því, sem nú er. Þar við bætast vextir af láni til þess að leggja 1½ millj. kr. í Útvegsbankann, þannig að hin árlega vaxta- og afborganabyrði ríkissjóðs af þessum fjárframlögum til bankans eykst um ½ millj. króna.

Það er þess vegna ekki ástæðulaust að tryggja ríkissjóði a. m. k. vexti af þessu nýja framlagi — 1½ millj. kr. Því fremur, sem ýmsir fylgismenn frv. hafa í ræðum sínum hér í þd. í dag talað svo mikið um, hvað bankinn yrði öflugur með þessu nýja hlutafé, og næstum því óþarflega sterk stofnun.

Hv. 2. þm. G.-K. kom með ýms reikningsdæmi til þess að sýna, hvað brtt. mín væri ósanngjörn. En ég verð að játa, að ég skyldi ekki vel þá reikningsfærslu hans. Hv. þm. gengur út frá því, að bankanum séu tryggðar 6 millj. kr. í hlutafé, enda mun það vera nálægt sanni; og að tap Íslandsbanka sé 3½ millj. kr. samkv. niðurstöðu matsnefndarinnar. (**ÓTh:** Nei). Jú, hv. þm. reiknaði með þessu hvorutveggja og komst að þeirri niðurstöðu, að tapið væri 58% af framlögum hinna nýju hluthafa. Þetta er ekki fjarri því að vera rétt reiknað. Hann benti ennfremur á, að Íslandsbanki ætti útistandandi í lánum ca. 32 millj. kr. Og svo fer hv. þm. aftur að reikna með þessum gefnu tölum og kemst að þeirri niðurstöðu, að ef bankinn væri gerður upp nú með sama tapi fyrir þá innstæðueigendur, sem ætla að kaupa hlutafé í bankanum, þá yrðu töp bankans að vera 18 millj. kr. — og finnst honum slík niðurstaða ósennileg, sem vonlegt er. Á þennan hátt þykist hann vilja sýna, hvað brtt. mín sé nærgöngul við hlutafjáreigendur.

Ég vil nú benda hv. þm. á, að með því að reikna þetta dæmi upp eftir því, sem frv. er nú, án nokkurra breytinga frá mér, þá verður ekki ýkjamikill munur á niðurstöðunni. Hlutaféð má þá telja 7½ millj. kr., og sé gengið út frá tapi samkv. matinu, 3½ millj. kr., myndi tap á hlutafénu nema 47%, sem þá hefði sömu afleiðingar fyrir hlutafjáreigendur eins og bankinn væri gerður upp nú, eftir hin nýju hlutafjárframlög, með 15 millj. kr. tapi. Vill hv. þm. viðurkenna, að tapið verði svona mikið, ef bankinn yrði gerður upp nú? Þetta er þó reiknað nákvæmlega eftir þeirri formúlu, sem hann gaf. — Ef hv. 2. þm. G.-K. heldur fast við útreikning sinn, þá verður hann að játa, að miklu meira tap á Íslandsb. sé lagt til grundvallar þessu frv. en hann hefir hingað til viljað kannast við. Hinsvegar skal ég játa, að ég legg ekkert upp úr þessum útreikningi hv. þm., af því að hann er byggður á röngum grundvelli og hefir því ekkert gildi. Það, sem þýðingu hefir í þessu máli, er þetta: að ef arði af öllu hlutafénu yrði varið til afborgana á töpum bankans, og til þess þyrfti t. d. 4 ár, þá þyrfti eftir minni till. 5 ár til þess að vinna tapið upp með Íslandsbankahlutafénu einu saman. Hlutföllin milli þessara tveggja leiða eru þá eins og 4:5 hvað snertir tímalengd til afborgana á töpunum. Hitt get ég látið liggja á milli hluta, hvað tap Íslandsb. í raun og veru er; hvernig sem um þá niðurstöðu fer, breytast ekki þessi hlutföll.

Hv. 1. þm. Skagf. var í síðustu ræðu sinni að leiðrétta það, sem ég hafði sagt, að hann hefði talað nokkuð djarflega í framsöguræðu sinni fyrir hönd n. Vera má, að það hafi farið framhjá mér, að hann hafi sagzt tala frá sínu eigin brjósti, en ekki fyrir hönd n. En mér þótti rétt að gera aths. við ræðu hans, af því að hún var röng í ýmsum atriðum. Hann sagði, að stöðvun Íslandsbanka væri hið eina bankahrun hér á landi, en jafnframt hélt hann því fram, að bankinn væri enn lifandi. — Hann hefir sjálfsagt haft í huga orðtækið: „maðurinn lifir, þótt hann deyi", og tjáir ekki að þrátta við hann um slíka hluti. Þó að bankinn hrynji og hætti störfum, þá lifir hann eftir sem áður. Ég veit ekki, hvernig er hægt að fara með Íslandsbanka, svo að hv. þm. telji hann eigi alltaf lifandi.

Það verður ekki annað sagt en að brtt. mín hafi fengið fremur kaldar viðtökur hér í d. En hvernig sem um hana fer, þá sætti ég mig við það, að margir þdm. hafa lýst því yfir, að þeir álitu hana til bóta. En ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að ég skil ekki, hvers vegna ekki má samþykkja brtt., fyrst hún er álitin að vera til bóta, né hvaða ástæða er til þess að ætla, að fylgismenn stj. í Ed. verði henni andvígir.

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti talið flokksmönnum stj. í Ed. trú um það, að þessi brtt. megi ganga fram. Hv. frsm. jafnaðarmanna hefir lýst fylgi þess flokks við brtt. Og ef fulltrúar þessara tveggja flokka beita sér fyrir brtt., þá treysti ég því, að hún verði samþ. í báðum deildum.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki tefja umr. mikið; þær eru orðnar ærið langdregnar nú þegar. Hv. 2. þm. Rang. hefir að ég ætla í ræðu sinni flutt gott sýnishorn af rökvísi og gaumgæfni ýmsra hv. þm. og skilningi þeirra á bankamálum. Hann byrjaði ræðu sína á því, að mælast til þess, ef hinn fyrirhugaði útvegsbanki yrði stofnaður, að þá yrðu útlánsvextir bankanna tafarlaust lækkaðir. Þetta var vel mælt. Og ég vil taka undir þetta með honum; álít mál til komið, að vextirnir verði lækkaðir svo mikið sem unnt er. Þetta var nú fyrsti kaflinn í ræðu hv. þm. Hann var góður. En í öðrum kafla ræðunnar skýtur nokkuð skökku við. Þar talaði hv. þm. um þá miklu gróðamöguleika, sem ríkið hefði í sambandi við rekstur bankans, og arðinn, sem ríkissjóður myndi fá af því fé, sem lagt væri til Íslandsbanka. Hv. þm. fullyrti, að töp Íslandsbanka mundu bætast að fullu á stuttum tíma; en það mega teljast undarlega góðar vonir. Ég verð að segja það, að þessi bjartsýni virðist ekki á miklum rökum byggð. Það er öllum ljóst, að Íslandsbanki hefir alltaf verið að tapa undanfarin ár, þrátt fyrir góðæri til lands og sjávar, og Landsbankinn hefir að miklu leyti sömu sögu að segja, eða svo fullyrða a. m. k. formælendur Íslandsbanka. Hv. 2. þm. Rang. vill á sama tíma lækka

útlánsvexti bankans og vinna upp töp Íslandsbanka, 3½ millj. kr., með vaxtatekjum hans. Þetta er óskiljanleg bjartsýni. A. m. k. þarf þá að stjórna Útvegsbankanum betur en Íslandsbanka hefir verið stjórnað, ef hann á að geta stórgrætt samtímis því, sem hann lækkar útlánsvexti.

Hv. þm. gerði lítið úr hinum fjárhagslegu örðugleikum og útgjöldum ríkissjóðs vegna fjárframlaga til bankans. Það getur ekki kallazt bjartsýni, en mun af flestum verða talið vísvitandi gyllingar. — Að ætla hinum nýja banka í fyrsta lagi að vinna upp á fáum árum 3½ millj. kr. tap, í öðru lagi að greiða hluthöfum arð eða vexti af hlutafé sínu, og í þriðja lagi að lækka útlánsvexti sína, — það er alveg frámunaleg fjarstæða.

Ýmsir hv. þm. hafa drepið á það, sem ég sagði um reikningsfærsluna í Íslandsbanka, þar á meðal hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. G.-K. Hv. þm. Dal. þótti ég vera ómjúkur í orðum, þar sem ég sagði, að reikningarnir hefðu verið falsaðir. En hann ætti þá fremur að snúa sér að hv. 2. þm. G.-K. og víta hann fyrir ummæli hans um reikningsfærslu bankans. Því að hv. 2. þm. G.-K. tók svo til orða í síðustu ræðu sinni, að síðastl. 10 ár hefði hagur Íslandsb. aldrei verið betri heldur en síðustu vikuna áður en hann lokaði. Ég veit ekki, hvernig hægt er að fordæma reikningsfærslu bankans meira en gert er með þessum orðum hv. þm. — Þegar bankanum er lokað, á hann engan sjóð og engar eignir, en skortir 3½ millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum þótt allt hlutaféð sé strikað út. Þetta segir hv. 2. þm. G.-K., að hagur bankans hafi verið beztur á síðastl. 10 árum. Sé þetta rétt hjá hv. 2. þm. G.-K., hefir reikningafölsun Íslandsbanka verið ennþá stórkostlegri en ég hefi gert ráð fyrir. Árið 1920 var eigið fé bankans í reikningum hans talið 8½ millj. króna, eða hagur hans sem svarar 12 millj. kr. betri en nú er. En hv. þm. segir nú, að hagur bankans hafi í raun og veru verið verri þá en nú. Hafa því reikningarnir logið til þá um ca. 12 millj. króna, að því er þessi hv. þm. segir, og um hátt upp í það sömu upphæð ár hvert æ síðan.

Mér finnst, að hv. þm. Dal. ætti sérstaklega að tala við þennan hv. þm. um reikninga Íslandsbanka. — Þegar hv. 2. þm. G.-K. var rétt búinn að gefa þessa yfirlýsingu, að hagur bankans hefði alltaf verið verri undanfarin 10 ár heldur en dagana áður en honum var lokað, þá fór hann að tala um, að eitt blað hér í bænum hefði gert mikið til þess að skapa óróa um bankann fyrir 10 árum síðan, og að það hafi leitt til þess, að innstæður voru fluttar úr bankanum. Ég veit ekki með vissu, við hvað hv. þm. á; en ég minnist þess, að einn maður, Ólafur Friðriksson, var eitt sinn dæmdur til þess að greiða 20 þús. kr. fyrir það að segja sannleikann um Íslandsbanka. Og þjóðin stendur vissulega í þakklætisskuld við þá menn, sem hafa sagt satt um hag bankans, en hinum, sem í því efni hafa farið með fals og blekkingar, hlýtur hún að gjalda margfalda óþökk. Hafi Ólafur Friðriksson fengið réttlátan dóm fyrir sína umsögn um hag Íslandsbanka, sem ég vitanlega neita, enda þótt hann hafi aldrei talið bankann ljúga til um 12 millj. um efnahag sinn, þá ætti hv. 2. þm. G.-K. að fá tvöfalda sekt við hann fyrir gífuryrði sín um hag og reikningsfærslu Íslandsbanka síðustu 10 árin. — Ég veit ekki, hvers vegna forsvarsmenn bankans hafa verið að bera á móti því, að reikningar bankans hafi verið rangir, þegar þeir í öðru orðinu viðurkenna, að hagur bankans hafi jafnan verið allur annar og verri en reikningarnir hafa sagt. Slíkt er reikningafals. Ekkert annað.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að það væri „rugl" hjá mér, að útgjöld ríkissjóðs mundu fyrst um sinn árlega aukast um ca. 360 þús. kr. vegna vaxta og afborgana af hlutafjárframlagi til Íslandsbanka af enska láninu. Hann má kalla það hvað sem hann vill; en það sér hver heilvita maður, að þegar Útvegsbankinn verður að taka á sig strax í byrjun ⅔ af hallanum á búi Íslandsbanka, þá verður ekki hægt að greiða arð af hlutafénu meðan verið er að vinna upp þessi töp, 3½ millj. króna, og þann tíma verður ríkissjóður að greiða vexti og afborganir af enska láninu, sem, eins og áður er sagt, nemur 360 þús. kr. árlega. Ef bankinn ætti að greiða þetta, þá yrði hann að greiða 12% í arð af hlutafénu. — Vilji hæstv. forseti leyfa, að um það sé haft viðeigandi orð, þá verður beinlínis að telja það vitleysu,

að hugsa sér slíkt. Það dettur engum óvitlausum manni í hug, að bankinn geti greitt 12% í arð af hlutafénu fyrst um sinn, þó að Íslandsbanki leyfði sér að gera það 1918. Til þess það væri hægt, yrði að íþyngja landsmönnum stórkostlega með okurvöxtum. Hv. 2. þm. G.-K. sagði enn, að sér væri það mjög kærkomið, ef stj. yrði að víkja frá völdum, svo að aðrir gætu komizt að jötunni, og beindi hann því sérstaklega til okkar jafnaðarmanna, að hjálpa nú til að steypa stj. Ég svara þeim tilmælum hans á sama hátt og áður. Hv. þm. getur reynt að bera fram í þessari hv. þd. vantraustsyfirlýsingu á stj., og þá skal ekki standa á svörum frá mér og mínum flokksbræðrum við þeirri tillögu.

Hv. 2. þm. G.-K. er sí og æ með harmagrát út af því, hvað jafnaðarmenn fái mikið úr jötunni hjá ríkisstj. Ég sé nú ekki mikla ástæðu til þess fyrir hann að vera með slíka kveinstafi, þar sem hann hefir sjálfur lýst því yfir, að hann hefði eitt bein, sem gæfi honum 400 kr. á hverri klst., sem hann væri við störf. Hygg ég, að hann skari fram úr flestum hér og hafi sett met í beinaáti, þ. e. að taka laun fyrir ekkert. Sjálfur hefi ég ekkert bein frá stj. Ég hefi að vísu setið í milliþinganefnd í skattamálum með hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. N.-M. En það er þessi hv. deild, en ekki stj., sem hefir veitt okkur það bein, sem vitanlega er ekki rétt að kalla því nafni, þar sem aðeins er um að ræða viss daglaun fyrir ákveðin störf. — Þessi beina- og harmagrátur hv. þm. er fremur broslegur, en hann virðist ekki koma bankamálinu neitt við. Nema svo beri að skilja þetta, ef ný stj., íhaldsstj., settist að völdum, þá myndi hún velja sér það hlutverk að ívilna gjaldþrota skuldunautum Íslandsbanka svo með beinum úr ríkissjóði, að þeir gætu staðið í skilum við bankann og greitt honum skuldir sínar.

Sessunautur minn, hv. þm. Mýr., mælti nokkur hlýleg orð í garð okkar jafnaðarmanna, sem mér er skylt að þakka fyrir, enda þótt flokksbróðir minn, hv. 2. þm. Reykv., hafi þegar þakkað honum fyrir sig. En af því hann er ekki viðstaddur, get ég beðið með það og snúið mér að hv. þm.Dal. (PO: Það verður að sækja hann).

Hv. þm. Dal. hélt eina af sínum alkunnu, háfleygu, loftkenndu ræðum og varpaði fram þeirri spurningu, hversu mikið það myndi draga úr framleiðslunni, ef Íslandsbanki hætti störfum. Þessu hefir þegar verið svarað að nokkru. Íslandsbanki hefir nú þegar verið lokaður í 5 vikur á versta tíma og á þann óþægilegasta hátt, sem hægt er að hugsa sér, þar sem óvíst er og almenningi hulið, hvað gert hefir verið í bankanum á þessu tímabili, og viðskiptamenn hans hafa ekkert vitað, hvort bankinn myndi lifa eða deyja, og því ekki getað snúið sér til annara lánsstofnana, enda átt fé sitt fast í Íslandsbanka eða eignir sínar veðbundnar honum. Þrátt fyrir þetta er mér ekki kunnugt um, að nokkurt atvinnufyrirtæki hafi stöðvast ennþá vegna lokunar Íslandsbanka, eða hið minnsta dregið úr framleiðslunni. Aldrei hefir meiri fiskur komið á land en það, sem af er þessu ári, á jafnskömmum tíma. Ég er þess fullviss, að ef þegar í upphafi hefði verið horfið að því ráði að stofna Útvegsbankann og honum lagt til starfsfé eftir till. okkar jafnaðarmanna, þá hefði engin minnsta hindrun átt sér stað í framleiðslustarfseminni í landinu, enda þótt Íslandsbanka hefði verið lokað til fulls. Hitt, að af lokun bankans hefði stafað eitthvert ógurlegt tjón, er ekkert annað en grýla hjá hv. þm. Dal. og öðrum íhaldsmönnum, tilbúin í þeim tilgangi að hrella einstaka þm. í þessari hv. þd. og reyna að hræða almenning.

Um þel mitt og hv. þm. Dal. til fátæklinganna skal ég fátt eitt segja. Fátæklingarnir hafa, sem aðrir viðskiptamenn Íslandsbanka, verið lokkaðir með fölskum reikningum bankans til þess að trúa honum fyrir fé sínu til geymslu, þó að bankann hafi síðastl. 10 ár alltaf vantað meira en 3½ millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum, samkv. því, sem hv. 2. þm. G.-K. fórust orð um hag bankans í síðustu ræðu sinni. (ÓTh: Þetta hefi ég aldrei sagt). Jú, hv. þm. sagði, að bankinn hefði aldrei verið eins vel staddur fjárhagslega síðastl. 10 ár eins og síðustu dagana áður en honum var lokað. Og af því leiðir vitanlega, að bankann hafi öll þessi ár vantað meira en 3½ millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum. (ÓTh: Ég hefi aldrei við-

urkennt, að tap bankans umfram eignir sé 3½ millj. kr.). Jú, hv. þm. hafði þessi ákveðnu orð um hag Íslandsbanka. En það er svo sem ekki ný bóla, þó hann éti ofan í sig í öðru orðinu það, sem hann hefir sagt í hinu. Annars lýsir það sæmilega hugarfari hv. þm. Dal. og flokksbræðra hans til fátæklinganna, að vilja nú auka við skattabyrði þeirra 360 þús. kr. á ári, til þess að bæta fyrir afglöp Íslandsbankastjóranna.

Fullyrðingar hv. sama þm. um, að Íslandsbanki hefði getað haldið áfram að starfa, ef hann hefði fengið þær 650 þús. kr., sem meðhaldsmenn bankans eru alltaf að stagast á, þarf ég ekki að svara. Það er búið að margsanna, að sú upphæð hefði ekki komið að neinu gagni og bankinn verið jafnmáttlaus eftir sem áður.

Það er margt fleira í ræðu hv. þm. Dal., sem ég hirði ekki um að svara, eins og t. d. um bankareikningana og þá aðferð, sem bankastjórar hafa haft um að færa ógreidda víxlavexti á aðra kontó en þá venjulegu og telja danskar krónur sem íslenzkar, til þess að reikningarnir líti betur út.

Ég hirði heldur ekki um að svara þeirri fullyrðingu hans, að síðara matið hafi staðfest skyndimatið svonefnda. Ég hefi heyrt marga aðra fullyrða þetta sama, en þó hefir verið margsinnis sýnt fram á, að munurinn er 3½ millj. kr. Og þó að bankastjóri skrifi einhverjar aths. um mat n. og vilji gera minna úr tapinu, þá sé ég ekki ástæðu til að leggja mikið upp úr því. Yfirlýsingar bankastjóranna um hag bankans hafa til þessa reynzt fals eitt og markleysa.

Að lokum vildi ég segja það við hv. þm. Dal., ef ég má taka upp orð annars manns, sem fallið hafa hér í hv. d., að ég get vottað honum samúð mína sem manni í þessum raunum hans; en sem bankastjóra get ég ekki sagt neitt um hann, sem honum getur orðið til huggunar. Nema ef vera skyldi: Fyrirgef honum, hann viss eigi, hvað hann gerði.

Þá er sessunautur minn, hv. þm. Mýr., kominn í leitirnar, en við hann þurfti ég að segja fáein orð. Það er nú venjulega svo með þessa „penu“ menn og dagfarsprúðu, að þegar þeir reiðast, þá hættir þeim við að taka í munn sinn heimskulegustu stóryrðin, sem þeir hafa heyrt orðhákana nota.

Hv. þm. Mýr. hafði skamma stund talað, þegar fór að slá svo út í fyrir honum, að hann vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Hann sagði þó eitt af viti: að ómerk væru ómagaorð. Það staðfesti hann sjálfur átakanlega og sannaði með orðaskvaldri sínu. Þessu hv. þm. hlýtur og að vita það, að ýmsir hv. flokksbræður hans hér á Alþingi hafa þau orð um hann, að ráðandi menn Framsóknar hafi tekið hann upp af götu sinni og hlaðið svo undir hann, að hann sé nú orðinn einn af þyngstu ómögum flokksins, efnalega og andlega.

Samt leyfði þessi hv. þm. sér að segja, að þm. Alþýðuflokksins hefðu verið pólitískir vergangsmenn, þegar Framsókn tók þá upp á arma sína. (ÓTh: Kámugir vergangsmenn!). Já, ég kem að því síðar. Hann sagði, að þessir vergangsmenn hefðu orðið að koma til Framsóknar til þess að fá hjálp hennar til að koma fram þeim fáu umbótamálum, sem þeir hefðu komið fram. Þetta fannst honum einskonar ölmusa, sem Framsókn hefði veitt jafnaðarmönnum af eintómri náð og miskunnsemi. En ég hygg, að hv. þm. Mýr. hafi rekið sig á það, að Framsókn hefir ekki síður þurft að halda á styrk og aðstoð okkar jafnaðarmanna til þess að koma fram sínum fáu umbótamálum, svo að þar mun vera kaups kaups. Þessi hv. þm. lætur svo sem hann hafi orðið kámugur af samvinnunni við jafnaðarmenn, þ. e. af því að hjálpa þeim til að koma fram því, sem hann sjálfur viðurkennir, að hafi verið og séu sannnefnd „umbótamál“. — Hver eru þessi mál, sem hv. þm. hefir orðið kámugur af? Það eru t. d. togaravökulögin um 8 stunda hvíld á sólarhring, lækkun aldurstakmarks til kosningarréttar í sveitar- og bæjarstjórnarmálum, lögin um verkamannabústaði, slysatryggingar, greiðslu verkkaups og ábyrgðin fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga fyrir láni til bátakaupa.

Hafi hv. þm. orðið kámugur af því að hjálpa okkur til að koma þessum umbótamálum fram, hefir hann verið skrítilega þveginn áður. Nema hann eigi við það, að hann hafi áður verið kolsvartur

af íhaldsskít og við þetta hafi sézt í hvíta bletti á honum, bletti, sem hann nú vill aftur gera kolsvarta með því að nudda sér sem fastast aftan undir hv. 2. þm. G.-K. og aðra íhaldsmenn. — Hann um það.

Annars veit ég ekki betur en að einmitt þau málin, sem Framsókn hefir mest hælt sér af og helzt hafa bætt fyrir henni meðal kjósenda, séu einmitt þau mál, sem við jafnaðarmenn höfum knúð hana til að hjálpa okkur að koma fram. Einmitt málin, sem ég áðan nefndi og þessi hv. þm. nú er að reyna að „þvo" sig af.

Magnús Torfason: Ég ætla ekki að skemmta áheyrendum í þetta sinn, heldur beina nokkrum orðum til hv. þdm. út af till. hv. þm. V.-Húnv., sem ég hefi talað lítilsháttar um áður. Mér þótti leitt, að hv. þm. V.-Ísf. skyldi ekki geta fallizt á hana, þótt ég hinsvegar verði að taka fram, að ástæður þær, sem hann færði fyrir því, virtust ekki mikils virði. Hann sagðist ekki geta fylgt brtt., af því að samþ. hennar mundi geta spillt fyrir hlutafjársöfnuninni. En ég get ekki gert neitt úr þessu. Rófan er nú einu sinni föst aftan við frv. þetta. Og þeir, sem eiga fé í Íslandsbanka, bjarga bezt sínum hag með því að leggja það fram bankanum til styrktar.

Annað, sem hv. þm. V.-Ísf. bar fyrir sig, var það, að samtök væru um það gerð að láta frv. ná fram að ganga óbreytt í því formi, sem það er nú. Ég þekki ekkert til þessara samtaka og get fullyrt, að ekki hefir það verið borið undir Framsóknarflokkinn. Sé um einhverja samninga að ræða í þessu efni, þá eru þeir á milli hv. þm. V.-Ísf. og einhverra manna, en alls ekki Framsóknarflokksins sem slíks.

Þá fór hann mörgum fögrum orðum um þetta nýja gróðafyrirtæki, sem hér væri í uppsiglingu. Ef það er rétt hjá honum, að þetta verði gróðafyrirtæki — sem ég ætla hvorki að sanna né afsanna —, þá er það eitt út af fyrir sig ein ástæðan enn til þess að samþ. brtt. hv. þm. V.-Húnv.

Hv. 1. þm. Skagf. spurði mig, eftir hverjum ég hefði það, að frv. mundi óhætt í hv. Ed., ef brtt. yrði samþ. Ég hefi ekki leyfi til að skýra frá því, sem hv. þm. Ed. hafa við mig talað, og mun heldur ekki hafa það í hávaða, sem sagt er við mig einslega. Annars hélt ég, að hv. 1. þm. Skagf. hefði verið auðvelt að afla sér upplýsinga um þetta, því að þeir fáu hv. þm., sem þetta veltur á, hafa verið hér í kvöld. Auk þess mætti benda honum á, að 6 þm. í hv. Ed. vildu samþ. till., sem var miklu harðari og gekk lengra en þessi brtt. hv. þm. V.-Húnv.

Hv. 1. þm. Skagf. lét í veðri vaka, að mig hefði verið að dreyma. Ég held, að ég hafi ekki farið með neitt draumarugl eða slegið út í fyrir mér á neinn hátt. En ég held, að þetta orsakist af því, að hann sjálfan hafi verið að dreyma um það, að þetta mál mundi geta orðið hæstv. stj. að falli, en vaknar svo við þann skelfilega veruleika, að svo muni ekki verða.

Það er játað af ýmsum hv. þdm., og hæstv. fjmrh. hefir einnig lýst því yfir, að brtt. væri til bóta. Þess vegna fæ ég ekki skilið, hvers vegna ekki má þá samþykkja hana. Mér finnst, að í þessu liggi vantraust til hv. þm. Ed. um, að þeir mundu seinka málinu og neita um afbrigði, ef málið yrði endursent þangað. En slíkt vantraust verð ég að telja óverðskuldað á meðan annað kemur ekki í ljós. Ef brtt. yrði samþ., mætti taka málið þegar til meðferðar á morgun í hv. Ed. og ganga þá endanlega frá því.

Gunnar Sigurðsson: Það er aðeins örstutt aths. viðvíkjandi ummælum hv. þm. Ísaf. Hann talaði um lækkun vaxta út frá því, sem ég hafði áður sagt, og tók að vonum vel í það. En svo brá hann mér um fullmikið þjartsýni, þar sem ég hafði talið hlutaféð vel tryggt, en hann vildi álíta það illa tryggt. Áður nam hlutafé Íslandsbanka 4 millj. króna, en tap bankans metið 3½ millj. Nú er þessum nýja banka ætlað að hafa 8—9 millj. króna í hlutafé, og má þá einkennilegt vera, ef ekki verður allmikill gróði af slíku fyrirtæki, og ekki sízt, þegar þess er gætt, að Íslandsbanki, sem aldrei hefir verið talinn til öruggra fyrirtækja, græddi þó síðastl. ár um 400 þús. kr. Það mun áreiðanlega sannast, að hlutafé hins nýja banka verður vel tryggt og bankinn gróðavænlegt fyrirtæki.

Læt ég svo útrætt um þetta, og mun ekki taka aftur til máls í þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi ekki séð ástæðu til þess að tala um þetta mál, og liggja til þess þær ástæður, að hæstv. fjmrh. hefir talað af hálfu stj., og þarf ekki við það að bæta, og svo eru forlög þessa máls þegar ráðin. Það eru aðeins tvö smáatriði, sem ég vildi minnast lítilsháttar á.

Hv. frsm. minni hl. fór fram á, að öll skeyti væru birt, sem farið hafa á milli stj. og umboðsmanna hennar erlendis um þetta mál. Hv. þm. getur fengið að sjá þessi skeyti, og býst ég þá við, að við getum orðið sammála um, hvað af þeim skuli birta og hvað ekki.

Hitt atriðið er viðvíkjandi brtt. hv. þm. V.-Húnv., og get ég þá sagt, að fyrir mitt leyti hefði ég getað samþ. hana. En í hv. Ed. varð það að samkomulagi í fyrradag að afgreiða málið á þeim grundvelli, sem er í von um endanlegt samkomulag. Og þar sem ég átti minn þátt í þessu samkomulagi, mun ég standa við það með atkv. mínu nú.

Að síðustu vildi ég svo bæta við örfáum orðum út af þeim reipdrætti, sem hefir verið um þetta mál. Það hefir oft verið haft að orðtaki um okkur Íslendinga, að við værum helzt til oft ósammála um það, sem bezt má gegna, og það ekki hvað sízt nú á síðari tímum.

Þegar þetta mál kom fram, tóku menn strax eftir þeim deilum, sem út af því spunnust, og eins og áhorfðist, þá hefðu menn getað búizt við frekari deilum, sem ekki mundi lægja í bráð. En samt fer nú svo, að þegar binda á enda á þetta mál, þá fallast báðir aðalflokkar þingsins í faðma og taka saman höndum um afgreiðslu þess. Og þó að raddir heyrist frá þriðja flokknum — jafnaðarmönnum —, sem ganga á móti frv., þá er nú ekki ýkjamikið djúp staðfest þar á milli eða mikið, sem skilur. Enda fórust formanni Alþýðuflokksins (JBald) þannig orð í hv. Ed., að þetta frv. væri næstbezta lausnin á málinu, eins og því væri komið.

Ég verð því að segja, að það sé ánægjulegt að geta sýnt, að þó að við Íslendingar deilum innbyrðis, þá getum við þó orðið sammála og tekið höndum saman, þegar mikið liggur við. Í því sambandi vil ég minna á það, sem kveðið var til forna um Einherja:

„Val þeir kjósa
og ríða vígi frá
sitja meirr of sáttir saman".

Þegar þetta mikla áfall, sem landið hefir orðið fyrir með lokun Íslandsbanka, er liðið hjá, vil ég vona, að upp úr rústunum rísi ný og öflug stofnun til mikillar farsældar fyrir þessa þjóð og atvinnuvegi hennar.

Haraldur Guðmundsson: Út af orðum hæstv. forsrh. og ummælum þeim, sem hann hafði eftir hv. 4. landsk. í hv. Ed., að frv. væri næstbezta lausnin á bankamálinu, þá vil ég upplýsa það, að þau orð féllu um frv. hæstv. stj. áður en því var breytt þannig, að hlutafé Íslandsbanka skyldi hafa sama rétt til arðs og áhrifa á stjórn Útvegsbankans og hlutafé þess banka, en ekki vera metið til þess að mæta töpum Íslandsbanka sérstaklega. — Á þessu tvennu er gífurlegur munur. — En það get ég játað, að ekki er þetta frv. hæstv. stj. alveg jafnfráleitt og till. þær, er íhaldsmenn báru hér fram fyrr á þinginu.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Út af svari hæstv. forsrh. vildi ég taka fram, að ég er hvergi nærri ánægður með það. Ég vildi, að öll skeytin yrðu birt, sem bárust milli hans, bankaráðsins og hv. 3. landsk. annarsvegar og umboðsmannanna erlendis hinsvegar. Og þessu hefði hæstv. forsrh. getað komið til vegar, og gæti enn, ef hann vildi það. Er engin ástæða fyrir hæstv. ráðh. til þess að vilja breiða blæju leyndarinnar yfir störf sendiherrans, hv. þm. V.-Ísf. og hv. 3. landsk. eða þeirra nóta. Almenningur á fulla kröfu á, að allt þeirra framferði verði opinskátt.

ATKVGR.

Brtt. 235,1—3 felldar með 25:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, SÁÓ, HG.

nei: HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, BSv.

Brtt. 243 felld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, IngB, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, HJ.
nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, BSv.

Frv. samþ. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSv.
nei: HG, HV, SÁÓ.

EJ greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

26. Rafmagnsdeild við vélstjóraskólann.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 42).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég flutti þetta frv. á þingi í fyrra, eftir ósk nokkurra manna og félaga í bænum, en með því að það kom of seint fram, náði það ekki afgreiðslu. Nú ætti ekkert að hamla framgangi þess, enda mælir öll sanngirni og skynsamleg rök með því, að gerðar séu af hálfu ríkisins ráðstafanir til þess að veita almenna fræðslu í rafmagnsfræði. Rafmagnsnotkun hefir vaxið gífurlega á síðustu árum hér á landi, og eru miklar líkur til þess, að hún aukist enn meir á næstu árum. Þeir, sem ætla að leggja þessa iðn fyrir sig, verða nú að leita til annara landa, en slíkt er býsna kostnaðarsamt, vegna ferðakostnaðar og einkum vegna þess, að menn þurfa að læra hið erlenda tungumál til nokkurrar hlítar áður byrjað er á námi. Ég er ekki í minnsta vafa um, að nægileg aðsókn fengist að þessari skóladeild, því árlega bætast að jafnaði 10—12 menn við rafvirkjastéttina í landinu. Almenningur hefir enga tryggingu fyrir, að raflagningar séu vel af hendi leystar, nema skólalærðir menn hafi þær með höndum. Það virðist eðlilegt að hafa þessa kennslu í sambandi við vélstjóraskólann, vegna þess að rafmagnsvélar eru nú að heita má í öllum skipum og vélgæzla stórra rafstöðva á landi krefst mikillar kunnáttu í rafmagnsfræði. Einsætt er, að landið verður að bera kostnaðinn af þessari kennslu, eins og öðrum landsskólum. Um aukakostnaðinn vil ég aðeins vísa til grg., sem gerir ekki ráð fyrir honum meiri en 10 þús. kr., og er það vitanlega miklu minna en ef sett væri á fót sérstök kennslustofnun í þessum greinum.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 169).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er hvorttveggja, að frv. þessu fylgir ítarleg grg. og að ég gerði allítarlega grein fyrir því við 1. umr., enda hefir menntmn. lagt til, að það væri samþ. óbreytt. Meðan ekki koma fram brtt. eða mótmæli, sé ég því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi. í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 42).

Á 39. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 252).

Frsm. (Jón Þorláksson): N. hefir orðið sammála um nauðsyn þeirrar rafmagnsdeildar við vélstjóraskólann í Reykjavík, sem frv. þetta fer fram á, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt að efni til. En n. hefir leyft sér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 252, sem eru þó aðeins orðabreyt. og hníga í sömu átt, að breyta orðinu „raf" í samsettum orðum í „rafmagn", t. d. að í staðinn fyrir „rafvélar", eins og stendur í frv., komi rafmagnsvélar.

Þessi orðabreyting á sér dýpri rætur en í fljótu bragði virðist. Orðið „raf" táknar efni, sem fundizt hefir á sjávarströndum norðlægari landa og er kunnugt allt frá fornöld. Þetta efni ætla menn að sé hörðnuð viðarkvoða, og var snemma notað til kvenskrauts og annara smáhluta.

En menn tóku eftir því snemma á öldum, að með því að núa þetta efni með tilteknum öðrum efnum, þá kom fram einskonar afl eða orka í rafinu, og þetta afl eða orku nefnum vér rafmagn. Á grísku nefnist rafið „elektron" og á flestum Norðurálfumálunum heitir rafmagnið „elektricitet", sem þýðir aðeins einhvern eiginleika ótiltekinnar tegundar, sem fylgir rafinu.

Íslenzk tunga hefir komizt þarna fram úr tungum annara þjóða og búið til orð, sem hún ein á út af fyrir sig, og lýsir með gleggri hugsun en aðrar tungur þeim eiginleika rafsins, sem hér um ræðir.

Nú hefir það verið svo alltaf, að Íslendingar hafa viljað geyma og vernda verðmæti og eiginleika tungunnar og sízt viljað slíta rökfestu og rökvísi hennar og skarpa hugsun í myndun samsettra orða. Þó hefir verið uppi önnur stefna, og hún vaðið sérstaklega uppi í öðrum tungum, sem lýsir sér í því, að leyfa að nota orð og orðmyndir, sem hentug þykja í bili, eftir því sem hver vill. Þessi stefna hefir teygt anga sína hingað og lýst sér m. a. í því, hvernig ruglað hefir verið með réttritun okkar. Nú að síðustu hefir þó verið tekið af skarið í þessu efni og fyrirskipuð réttritun, sem sýnir vilja til að varðveita uppruna og samhengi tungumáls okkar.

N. hefir verið sammála um að nema á brott latmæli þetta, sem slæðzt hefir inn í frv., og vill halda fast í að glata ekki þeirri rökréttu hugsun tungunnar um þetta efni, sem geymzt hefir fram á okkar daga.

Vona ég svo, að þessar brtt. finni náð fyrir augum hv. þdm. og að ekki þurfi frekar að mæla fyrir þeim.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 252,1—2 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 253,3.a.—g. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 252,4. samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 252,5. samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 274).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 274).

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

27. Háskólakennarar.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um háskólakennara (þmfrv., A. 45).
Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Hv. 1. þm. Reykv. flutti þetta frv. á þinginu í fyrra. Gekk það viðstöðulítið í gegnum þessa deild, en var stöðvað í Ed. á síðasta degi þingsins, vegna tímaleysis til afgreiðslu. Það, sem hér er farið fram á, snertir 2 eða 3 menn lítillega fjárhagslega, en þó einkum að því leyti, að þeir fái lítilsháttar viðurkenningu, er þeir hafa gegnt dócentsstörfum í 6 ár. Í rauninni er mjög lítill munur á kennslu og störfum dócenta og prófessora, nema í dócentsembættin eru venjulega settir yngri menn, sem svo eru venjulega gerðir prófessorar síðar. Frv. tryggir það, að menn sitji ekki um aldur og ævi sem dócentar, heldur fái eðlilega hækkun á stöðum.

Vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., en sé ekki ástæða til að láta vísa því til nefndar, þar sem það var í n. í fyrra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.
Till. um að vísa málinu til menntmn. felld með 10:5 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 13:2 atkv.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 150).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Það þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli. Það var flutt hér á síðasta þingi og flaug í gegnum Nd., en stöðvaðist í Ed., af því að enginn tími var til að lykta málinu þar.

N. hefir ekki getað orðið sammála um frv. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt. Honum finnst ekki nema sanngjarnt, að þeir, sem sinna þessum störfum, fái nokkra launaviðbót, þegar þeir hafa starfað um ákveðinn tíma.

Hannes Jónsson: Minni hl. hefir ekki skilað neinu áliti í þessu máli. (**ÓTh:** Er hann þá álitslaus?). Málið virðist hafa eindregið fylgi, og því nær það fram að ganga, hvað sem sagt er eða skrifað. Hinsvegar vil ég benda á það, að mjög óeðlilegt er að fara nú að breyta lögum um laun sumra embættismanna, þar sem komið er að þeim tíma, að endurskoðun launalaganna fari fram. Það skiptir því ekki miklu máli, þótt þetta mál bíði og menn láti sér nægja þær breyt., sem gerðar verða á launununum á sínum tíma. (**MG:** Hvaða tími er það?). Það er ómögulegt, að hugsa sér annað en að sá tími komi bráðlega. Dýrtíðaruppbótin hefir ekki verið framlengd nema til eins árs og er því varla hægt að bíða lengi með að endurskoða launalögin. Það hafa engar ástæður verið færðar fyrir þessari dulbúnu launahækkun, sem sanni réttmæti hennar. Hv. þdm. er þetta efni svo ljóst, að það þýðir ekki að hafa langar umr. um svo einfalt mál. Hér er heldur ekki um neina stórfellda breyt. eða launahækkun að ræða, sem hafi verulega þýðingu fyrir hlutaðeigandi embættismenn, og slík breyt. yrði ekki til þess að fyrirbyggja nýjar breyt. á þeim, þegar launalögin verða endurskoðuð.

Vegna þessa telur minni hl. ástæðulaust að gera þessa breyt. og leggur því eindregið á móti frv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég sé, að mótstaða hv. þm. V-Húnv. er byggð á misskilningi. Laun dócenta sem slíkra eiga alls ekki að hækka úr því, sem nú er, heldur verða þeir aðeins eftir ákveðinn tíma prófessorar og fá þess vegna hærri laun síðar. Þetta kemur því ekkert launalögunum við eða yfirleitt kjörum embættismanna, þar sem bæði dócenta- og prófessoralaun verða óbreytt. Getur hv. þm. því ekki verið á móti frv. af þessari ástæðu.

Hannes Jónsson: Ég held, að það sé

fremur hv. frsm., sem misskilur þetta frv., heldur en ég. Hv. 1. þm. Reykv., sem flutti þetta mál í fyrra, taldi það launamál eins og ég. Mér finnst það hefði átt að vera meira samræmi í skoðunum þeirra flm. á því, hvað í frv. felst, og að framsaga þess hefði mátt vera dálitið rækilegri.

Ég held, að það sé ekki prófessorsnafnbótin, sem er aðalatriði þessa frv. fyrir dócentana, heldur launahækkunin, sem henni fylgir. Og ef laun dócentanna eru of lág nú, er auðvitað rétt að hækka þau á sínum tíma; en mér finnst það ætti að bíða þangað til endurskoðun launalaganna í heild sinni fer fram, sem hlýtur að verða innan skamms.

Magnús Jónsson:* Þó að hv. þm. V.-Húnv. finni ekki mikið til þess sjálfur, þá getur öðrum leiðzt það, að hann skuli ekki átta sig á þessu máli, þar sem hann er þó frsm. minni hl.

Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, að enginn dócent sé svo hégómlegur að sækjast eftir prófessorsnafnbótinni, ef hann fengi ekki um leið prófessorslaun. Þetta er auðvitað launamál að því leyti, sem dócentum er veittur réttur til að vinna sig áfram og ná sama rétti til launahækkana og prófessorar. En sér ekki hv. þm. V.-Húnv., að þetta kemur ekkert við endurskoðun launalaganna? Ég nenni ekki að vera að elta ólar við að koma hv. þm. í skilning um þetta, ef hann vill ekki skilja það.

Það er sem sagt tvennskonar misskilningur að vera að tala um endurskoðun launalaganna í sambandi við þetta mál. Fyrst og fremst virðist aldrei ætla að koma að því, að þessi margumtalaða endurskoðun sé framkvæmd, og í öðru lagi myndi hún ekki breyta þeim mun, sem gerður hefir verið á prófessorum og dócentum.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. frsm. minni hl. vítti mig fyrir litla framsögu. Ég gerði reyndar ráð fyrir, að allir hv. þm. hefðu lesið frv. En þar sem ekki er hægt að sjá, að hv. frsm. minni hl. hafi gert það, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 1. gr. frv.:

„Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti í 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum".

Það er greinilegt, að hér er hvorki að ræða um launhækkun dócenta eða prófessora, heldur hitt, að dócentar geti undir vissum kringumstæðum orðið prófessorar. Vænti ég, að hv. frsm. minni hl. geti að fengnum þessum upplýsingum snúizt á sveif með meiri hl.

Hannes Jónsson: Það er ekki hægt að segja, að mikill svipur sé með því, sem hv. flm. þessa frv. segja. Annar telur, að ég fari með rétt mál, en hinn rangt; og þó kemur þeim báðum saman um, að ég misskilji frv. Hv. 1. þm. Reykv. var líka flm. þessa frv. í fyrra, og hafi hv. 2. þm. Reykv. á réttu að standa nú, hefir hv. 1. þm. Reykv. ekki vitað, hvað það var, sem hann samdi og bar fram þá. En mér finnst miklu sennilegra, að það sé hv. 2. þm. Reykv., sem veður reyk og villu í þessu máli nú, og að það sé misskilningur hjá honum, að hér sé ekki um launamál að ræða.

Ég endurtek því, að mér finnst þetta ætti að bíða eftir endurskoðun launalaganna, ef hv. þm. á annað borð trúa því, að hún verði gerð, og ég tel sjálfsagt, að svo sé, þar sem dýrtíðaruppbótin er framlengd nú aðeins til eins árs.

Þetta er að vísu ekki stórvægilegt mál, en það verður ábyggilega ekki til að greiða fyrir endurskoðun launalaganna í heild, þegar hún fer fram, ef nú á að ganga inn á þá braut að gera breyt. á kjörum einstakra embættismanna, heldur þvert á móti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:7 atkv.
2—3. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13: 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 45).
Á 40. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 50. og 52. fundi í Ed., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 18. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 45, n. 253).

Frsm. (Jón Baldvinsson):* Þetta mál lá fyrir þinginu í fyrra, en dagaði uppi, af því að ekki fengust afbrigði síðasta eða næstsíðasta daginn, að því er mig minnir.

Frv. fer fram á, eins og 1. gr. er orðuð, að þegar dócentar við háskólann hafa starfað í embætti um 6 ár, verði þeir prófessorar, með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum. — Þetta myndi að vísu hafa dálítil aukin útgjöld í för með sér, en þó er það ekki teljandi, því að dócentar eru ekki svo margir við háskólann. Hitt ber að athuga, að þetta er virðingarauki, sem ber að skoða sem viðurkenningu fyrir vel unnið starf.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vil geta þess að endingu, að fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ., þ. e. a. s., hún hefir ekki skipt um skoðun í málinu síðan í fyrra, enda hefir frv. þetta engum breyt. tekið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 325).

---

28. Ríkisborgararéttur.

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisborgararétt (þmfrv., A. 50).

Á 12. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Svo stendur á þessu frv., að seint á þingi í fyrra bárust mér tilmæli frá manni þeim, er um ræðir í frv., um að flytja frv. þess efnis, að honum yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Frv. um veitingu ríkisborgararéttar var þá til meðferðar í þinginu og komið til síðari deildar, og var með því fjórum mönnum veittur ríkisborgararéttur. En með því að mér bárust tilmæli þessi svo seint, taldi ég ekki rétt að bæta þessum manni við þá, þar sem það gat orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á því þingi, og væri skjólstæðingur minn þá engu bættari, enda voru plögg þau, er ég hafði frá honum þá, heldur eigi fullnægjandi.

Nú hefi ég flutt þetta frv. eftir beiðni hans, og vona ég, að deildin bregðist vel við ósk hans. Þessi maður hefir verið búsettur í Neskaupstað síðan 1924, er giftur íslenzkri konu, og eiga þau tvö börn. Hann skilur íslenzku allvel. Hann hefir eignazt hús þar í kaupstaðnum og óskar nú fyrir sína hönd og konu sinnar, sem misst hefir ríkisborgararétt við giftinguna, að mega gerast íslenzkur borgari. Þar sem ég á sæti í n. þeirri, er mun fá málið til meðferðar, mun ég gefa þar nánari upplýsingar. Ég skal aðeins bæta því við, að þessi maður hefir kynnt sig mjög vel og er hið bezta látinn af samborgurum sínum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 96).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Meðan allshn. hafði þetta mál til meðferðar, bárust henni til athugunar 4 nýjar umsóknir og gat hún ekki annað séð af skjölum þeim, er umsóknunum fylgja, en að rétt væri að veita einnig þessum umsækjendum ríkisborgararétt, svo sem lagt er til í nál. á þskj. 96. Síðan n. skilaði áliti sínu, hafa henni enn borizt tvær umsóknir. Er annar umsækjenda búsettur í Reykjavík, en hinn í Hafnarfirði, og geri ég ráð fyrir, að ef n. hefir ekkert við þær að athuga, komi hún með vatill. við 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 96,1 (ný frvgr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 96,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 105, 111).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að eftir að n. hafði skilað áliti sínu, bárust henni 2 umsóknir til athugunar milli umr.
Nú hefir n. athugað þessar umsóknir og meðfylgjandi skjöl og leggur til, að þær verði samþ., eins og brtt. á þskj. 111 ber með sér. Fleira hefi ég svo ekki að segja fyrir n. hönd.

ATKVGR.
Brtt. 111 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 125).

Á 31. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 170).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 125, 187).

Frsm. (Magnús Torfason): Ég skal aðeins geta þess, að n. hefir athugað skjöl þau, er fyrir liggja og fylgja umsóknum þeirra manna, sem um ríkisborgararétt hafa sótt og um getur á þskj. 187. N. vill eindregið mæla með því, að brtt. þskj. 187 verði samþ. og þessum þremur mönnum veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

ATKVGR.
Brtt. 187 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 56. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 318).
Á 58. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 341).

29. Gengisviðauki.

Á 44. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki] (þmfrv., A. 223).

Á 47. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Hannes Jónsson): Eins og hv. þdm. sjá, er þetta frv. flutt að tilhlutun fjmrh., og er ekki annað en framlenging á gildandi lögum. Að sjálfsögðu getur ríkissjóður ekki misst af þeim tekjum, sem lög þessi ákveða. Þessi gengisviðauki kemur fram af áfengistolli 440 þús. kr., af tóbakstolli um 1 millj., af aðflutningsgjaldi 250 þús., af vitagjaldi 450 þús., og af afgreiðslugjaldi um 200 þús. Það verður samtals 2320 þús. kr.

Það þarf þá ekki langt mál um þetta. Allir sjá, að þegar um svo mikið fé er að ræða, verður að gera annaðhvort af tvennu, að samþykkja framlengingu þessarar löggjafar eða útvega ríkissjóði tekjur á annan hátt. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða fyrir hönd n., að hún sjái sér ekki fært að leggja til, að þessara tekna yrði aflað á annan hátt frekar.

Héðinn Valdimarsson: Ég var ekki viðstaddur í n., þegar málið var afgr., en er þó í minni hl., vegna þess að ég er mótfallinn framlengingu þessa gengisviðauka. Og það er af tveimur ástæðum. Önnur er sú, að ég áleit, að ýmsar af þessum vörum ætti ekki að tolla hærra en gert væri án gengisviðauka, og hin var sú, að ég álít, að þegar gengið er óbreytt frá ári til árs, þá eigi að festa tollhæðina, en ekki hafa sérstakan gengisviðauka. Ég legg því til, að frv. þetta verði fellt.

Fjmrh. (Einar Árnason): Eins og frv. ber með sér, hefir fjhn. flutt það fyrir mín tilmæli, og vil ég þakka henni fyrir að hafa orðið við því.

Ég býst við, að flestum þm. komi saman um, að eins og nú stendur um útgjöld ríkissjóðs, geti hann ekki misst tekjurnar af gengisviðaukanum. Það hefir verið gert ráð fyrir, að milliþinganefndin, sem starfað hefir og starfar eitthvað áfram að skattalöggjöf og tollamálum, taki þetta mál fyrir, þegar henni vinnst tími til. Mþn. hefir nú afgr. frv. um tekjuskatt og eignarskatt og jafnframt frv. um verðtoll, en um önnur tollamál hefir hún ekki getað gert till. enn. Og því er þetta frv. nauðsynlegt, til þess að ríkissjóður geti haldið þessum tekjum, þangað til n. hefir fundið annan grundvöll undir tollalöggjöf.

Mér skilst, að þar sem fjhn. hefir flutt frv. þetta, þá sé þýðingarlaust að vísa því til n. aftur. Ég óska, að hv. deild láti málið ganga áfram sem greiðast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 50. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:3 atkv.

Á 52. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, JörB.
nei: SÁÓ, HG, HK.
Átta þm. (ÓTh, TrÞ, BSv, GunnS, HV, IngB, MJ, MT) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 223).

Á 53. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 306).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir ekki orðið fyllilega sammála um þetta frv. Hv. 4. landsk. skrifaði ekki undir nál. á þskj. 306, tjáði sig ekki mundu skila nál., en gera grein fyrir afstöðu sinni við umr. málsins í deildinni. Meiri hl. n. lítur svo á, að ekki sé fært annað en að samþ. þetta frv., þar sem nú er svo áliðið þings og litlar líkur til, að nokkur veruleg tekjuaukafrv. geti gengið fram á þessu þingi. Að vísu hafa komið fram í Nd. frv. um tekjuauka, en ég tel litla von, að þau gangi fram. Hinsvegar gerir fjárlagafrv., sem nú er í meðferð, ráð fyrir þessum tekjustofni áfram. Og eftir því, sem út lítur með afgreiðslu fjárlagafrv., þá eru ekki líkur til, að ríkissjóður geti misst af þessum tekjum. Hinsvegar er rétt að taka fram, að það er aðeins af þessum ástæðum, að meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en vildi helzt, að þessi tekjustofn væri numinn burt. En þar sem auðséð er, að það er ekki hægt á þessu þingi, nema því aðeins, að afkomu ríkissjóðs sé stefnt í óheillavænlegt horf, þá leggjum við til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 349).

---

30. Jón Emil Ólafsson.

Á 47. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi (þmfrv., A. 248).

Á 49. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Með lögum frá 1911 er þeim kandídötum, sem tekið hafa embættispróf erlendis, bannað að fá embætti hér á landi 5 árum eftir að háskólinn hefir tekið til starfa. Þeir menn íslenzkir, sem tekið hafa erlendis embættispróf seinna, geta ekki komið til greina við embættaveitingar hér á landi, nema með sérstökum lögum. Ég veit til, að einusinni áður hefir verið veittur slíkur réttur, Sveinbirni Högnasyni á Breiðabólsstað, og var eins ástatt um hann og mann þann, er ræðir um á þskj. 248.

Allshn. Ed. hefir borizt erindi um þetta frá Jóni Ólafssyni lögfræðingi. Fylgja þessu erindi hans ýms skjöl og vottorð, og hefir n. kynnt sér þau, þar á meðal skipunarbréf Jóns Ólafssonar sem „Sekretær i Kbh. Magistrat", meðmæli skrifstofustjóra í „Magistraten", meðmæli 2 málafærslumanna í Kbh., meðmæli Jóns Ásbjörnssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, meðmæli Guðm. Ólafssonar formanns Málaflutningsmannafélags Íslands, og svo að lokum umsögn lagadeildar háskólans, og hún er því heldur hlynnt, að þessi undanþága frá lögum verði veitt. Ætla ég að leyfa mér að lesa upp það, sem lagadeildin segir um þetta, enda verður það sennilega þyngst á metunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Með það fyrir augum, að umsækjandinn hefir verið hér búsettur nál. 4 árum og haft með höndum lögfræðisstörf undir handleiðslu ágætra lagamanna, telur deildin verjandi að veita honum umbeðin réttindi, en vill jafnframt láta þess getið, að einungis þegar mjög sérstaklega stend-

ur á, getur verið viðlit að veita slíkar undanþágur".

N. hefir sem sagt tekið þetta erindi til greina og flutt það í frv.formi og vill mæla með því, að hv. d. samþykki það.

Ég álít ekki, að frv. þurfi að fara til n. aftur. Það er svo einfalt mál, en vænti þess, að það geti gengið áfram viðstöðu- og mótstöðulítið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 248).

Á 57. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 332).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

---

31. Greiðsla verkkaups.

Á 32. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við l. nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (þmfrv., A. 159).

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Með lögum, sem samþ. voru á þinginu 1927, var verkafólki heimiluð ókeypis aðstoð dómara til að ná kaupi sínu. Þetta var í tilteknum atvinnugreinum, en nokkrar voru undanskildar, eins og t. d. algeng sveitavinna, þar sem verkafólk hefir húsnæði og fæði sem hlut úr kaupi sínu. Nú var það ætlunin í raun og veru, að orðið „verkafólk" tæki einnig til iðnaðarmanna. En vart hefir orðið við það, að ýmsir dómarar landsins hafa skilið þetta svo þröngt, að þeir hafa ekki álitið, að iðnaðarmenn gætu komið undir lögin. Og nú hafa bæði mér og öðrum þm. borizt áskoranir frá þeim mönnum um það, að flytja þá till., að þeir nytu sömu réttinda um aðstöðu til kaups síns og annað verkafólk. Það frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á að veita þennan rétt.

Meginhluti laganna frá 1927 er tekinn

upp í þetta frv. Ætlazt er til, að þetta nái fyrst og fremst til þeirra iðnaðarmanna, sem vinna hjá öðrum, þ. e. a. s. manna, sem ganga í vinnu hjá meisturum. Þeir eiga rétt á að fá kaup sitt innheimt kostnaðarlaust. Við flm. ætlumst líka til, að frv. nái til manna, sem starfa saman í félagi, einn, tveir eða fáir í samvinnu um verk, sem þeir hafa tekið að sér fyrir ákvæðiskaup eða sumpart tímakaup. Við viljum, að þeir hafi þennan rétt gagnvart þeim, sem fær þá til að vinna, sem sé að ákveða fasta vikulega útborgun á kaupi þeirra.

Sömuleiðis er ætlazt til, að þetta nái til manna, sem vinna með venzlamönnum sínum. Ég þekki marga, sem láta sonu sína læra sömu iðn og þeir stunda sjálfir, og ganga þeir þá í vinnu ásamt þeim. Á sama hátt tekur frv. til iðnnema. Þessi lög eiga að veita þeim sömu réttindi.

Það er ekki ætlazt til, að þetta taki til hinna stóru verktakenda, sem vanir eru að semja um greiðslu á annan hátt, þegar þeir taka að sér að framkvæma einhver fyrirtæki. Aðeins þeir smáu þurfa að hafa rétt á kostnaðarlausri innheimtu, því að kostnaðurinn yrði of mikill fyrir þá, ef þeir yrðu að fara í málarekstur út af innheimtu á kaupi, sem nemur fáum tugum króna, eða hundruðum í mesta lagi.

Ég vona, að hv. deild taki málinu vel, og mælist til, að því verði vísað til allshn., að lokinni þessari 1. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 159, n. 211).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Við 1. umr. gerði ég grein fyrir aðalatriðum þessa frv., sem eru þau, að tryggja iðnaðarmönnum sama rétt og verkamönnum var tryggður með l. nr. 55, 31. maí 1927. En hann er aðallega í því fólginn, að þeir geta leitað aðstoðar dómara eða lögreglustjóra til þess að ná því kaupi, sem þeir eiga hjá þeim, sem þeir vinna hjá. Þetta nær aðeins til þeirra einstaklinga, sem vinna hjá öðrum, og smærri atvinnurekenda, sem vinna með venzlafólki sínu eða nemendum.

Allshn. getur í raun og veru fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt, og þótt hún flytji hér 6 brtt. við frv., þá eru það aðeins formsatriði. N. vill færa lögin frá 1902 og 1927 saman og taka þau upp í þetta frv. Allar brtt. n. miða að þessu.

Eins og hv. þm. er kunnugt, voru lögin frá 1902 sett til þess að skylda verzlanir til að borga verkafólki kaup sitt í peningum. Það átti að hætta skuldaverzluninni, sem þá var svo algeng — og er reyndar ekki alveg horfin ennþá — og veita verkafólki þann rétt, að það þyrfti ekki að hlíta því, að fá kaupið greitt með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður sérstaklega verið um samið.

Samkv. lögum nr. 55, 31. maí 1927, átti verkafólk að fá kaupið greitt vikulega, nema öðruvísi væri um samið. Sama skyldi gilda um verkkaup fyrir ákvæðisvinnu, nema öðruvísi væri um samið.

Eftir lögunum frá 1927 var verkamönnum einnig heimiluð aðstoð dómara til þess að innheimta kaupið, og þurfti ekki að fara í mál til þess. Það er líka augljóst, að það borgar sig ekki að fara í mál út af einum 70 krónum, jafnvel þótt maður fái sér einhvern málskostnað dæmdan. Þetta voru því þörf ákvæði.

Nú hafa dómarar litið svo á, að lögin frá 1927 taki ekki til iðnaðarmanna, en áskoranir hafa komið frá þeim, að lögin skuli einnig taka til þeirra. Eftir þessu frv. eiga iðnaðarmenn, einnig þeir, sem taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup, að geta leitað aðstoðar dómara til að innheimta kaup sitt. Þetta tekur þó ekki til stórra verktaka, en það gildir gegn þeim.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv., en mælist til þess, að brtt. allshn. verði samþ., því þær eru aðeins breyt. að formi til, en ekki efni, þ. e. að hafa öll þessi lög í einu lagi.

ATKVGR.

Brtt. 211,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. í e. hlj.

— 211,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 211,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 211,4 samþ. í e. hlj.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 211,5.a. (ný gr., verður 5. gr.) samþ. í e. hlj.
— 211,5.b. (ný gr., verður 6. gr.) samþ. í e. hlj.
— 211,6 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um greiðslu verkkaups.

Á 45. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 224).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 224).

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Ég vil leyfa mér að mælast til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 320).

Frsm. (Magnús Torfason): Þetta er ekki mikið mál. Það eru að mestu sömu ákvæðin og áður voru í lögunum. En aðalbreyt. er sú, að þessi ákvæði um greiðslu verkkaups ná hér eftir til iðnaðarmanna. Um aðrar efnisbreyt. er ekki að ræða. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

Önnur brtt. n. hnígur einungis að því, að færa frv. til betra máls, en snertir ekkert efni þess. Síðasta brtt. er gerð til þess að skýra atriði, sem var dálítið óljóst í frv. eins og það var orðað. Þess vegna bætti n. inn í það, til þess að það sæist gleggra.

Ég leyfi mér svo að vænta þess, að hv. þingd. afgreiði þetta mál á þann hátt, sem n. leggur til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 320,1. samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 320,2.a. samþ. án atkvgr.
— 320,2.b. samþ. með 14:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 340).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 340).

Á 62. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er komið aftur frá Nd., og hefir verið samþ. þar óbreytt að efni til, aðeins hefir verið bætt inn 2 orðum í 3. gr. frv., þannig að þar skuli standa: „verkinu eða verkshluta". Þetta er aðeins til skýringarauka, en engin efnisbreyt., og hv. d. mun því vafalaust samþ. frv., eins og þegar það lá hér fyrir áður.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

32. Fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóðir.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði (þmfrv., A. 195).

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Í l. frá 1917 um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði er meðal annars kveðið á um það, að gera megi samþykktir í verstöðvum þess efnis, að allir bátar, sem stunda fiskveiðar þaðan, skuli róa á svipuðum tíma. Þetta þykir mjög hagkvæmt, sérstaklega á vetrarvertíðinni, og ber margt til þess. Meðal annars, að það er mikið öryggi í því, að allir bátar séu á sjó á sama tíma, og því fremur, sem bátar frá sömu verstöð sækja venjulega á sama mið. Auk þess er það mikið hagkvæmnisatriði gagnvart veiðarfærum, að þeir leggi þau á svipuðum tíma, því að þá verða þau miklu reglulegar lögð og flækjast því minna saman. En af því stafa oft miklir erfiðleikar og tjón. En þegar l. um þetta voru sett, þá náði heimild í þessu efni ekki til stærri báta en 30 smál., en þá var líka lítið til af stærri bátum. Eins og kunnugt er, hafa bátar mjög stækkað í seinni tíð, og fáist ekki samkomulag aðilja um þetta atriði, þá er ekki hægt að setja neinar bindandi reglur um stærri báta en 30 smál., nema lagaákvæði komi til. Þess vegna er hér farið fram á, fyrir uppástungu nokkurra útvegsmanna á Akranesi, að þessi ákvæði séu miðuð við núverandi aðstöðu, og stærð báta færð upp í 60 smál.
Það má fullkomlega gera ráð fyrir, að þessi breyt. komi sér víðar vel, þar sem svipað stendur á og á Akranesi. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. deild taki vel í þetta mál. Og þar sem það er svo einfalt, sé ég ekki ástæðu til að gera till. um, að það gangi í nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 195).
Á 49. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 331).

Frsm. (Halldór Steinsson): Með lögum um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði frá 14. nóv. 1917 er sýslunefndum heimilað að semja reglugerðir um ýmislegt, sem varðar útgerð á opnum róðrarbátum og mótorbátum. Nú hafa slíkar

samþykktir komizt á á nokkrum stöðum, reyndar fáum, en það hefir nú sýnt sig, að á þeim stöðum hafa bátarnir stækkað ár frá ári, svo að á þessum stöðum, sem samþykktir gilda fyrir, eru margir bátar stærri en 30 smálestir. En þar sem það er í sjálfu sér eðlilegast, að slíkar samþykktir nái til allra báta á samþykktarsvæðinu, er þetta frv. komið fram, að breyta stærðarákvæðinu, 30 smálestir, þannig að framvegis sé miðað við 60 smálestir. Það er þess vegna aðeins örlítil breyt. til samræmis við lögin og til þess að hægt sé að beita þeim við alla báta, sem stunda sjó þar, sem samþykktin nær yfir.

Sjútvn. hefir gert örlitla breyt. á frv. frá því, sem það kom frá hv. Nd., til samræmis. Nd. ætlaðist til, að gerð væri breyt. á 1. gr. frv., en n. var það ljóst við yfirlestur laganna, að sama kemur einnig fram í 6. gr., og er því nauðsynlegt til samræmis að gera brtt. við báðar þessar greinar. Þess vegna leggur n. til, að bæði í 1. og 6. gr. laganna komi fyrir „30 smálestir“ orðin „60 smálestir“.

Ég hygg, að ekki þurfi að skýra þetta nánar, það er svo einfalt og ljóst.

ATKVGR.

Brtt. 331 (ný frvgr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 347).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 347).

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Pétur Ottesen: Þetta frv. kemur frá hv. Ed. Þær breyt., sem þar voru gerðar á því, eru í raun og veru aðeins leiðréttingar, sem eru í samræmi við þær breyt., sem áður höfðu verið gerðar á frv. hér í deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

---

33. Slysatryggingar.

Á 32. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar (þmfrv., A. 142).

Á 35. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Á þinginu 1928 var gerð töluverð breyt. á slysatryggingalögunum. Bætur hækkuðu, og annað, sem ekki var síður til bóta, var, að þá komu dagpeningar, þegar menn urðu fyrir slysum. Þó var það tímatakmark sett, að menn fengju ekkert fyrsta mánuðinn eftir slysið, þótt þeir væru ekki vinnufærir. En sjómenn hafa rétt til bóta og alls sjúkrakostnaðar mánuð frá því, að þeir eru skráðir úr skiprúmi eftir sjólögum. Að því, er snertir sjómannatryggingar, kemur nú ekki til hækkunar, því að þeir hafa bætur allan tímann. En fyrir fátæka verkamenn og iðnaðarmenn getur þessi bótalausi frestur valdið erfiðleikum, ef þeir verða fyrir slysum og verða að vera rúmfastir af þeirri ástæðu um langan tíma. Dagpeningarnir, sem menn fá eftir fyrsta mánuðinn, eru 5 kr. á dag, og munar talsvert um það. Frv. fer fram á, að styttur sé tíminn, sem menn verða bótalausir, niður í eina viku.

Ég get þess, að eftir því, hvernig slysatrygging ríkisins stendur sig nú, þá virðast allar líkur til, að hægt sé að gera

þetta án þess að hækka nokkuð iðgjöld frá því, sem er. — Ég vonast eftir, að frv. gangi til 2. umr. og allshn.

Halldór Stefánsson: Ég stend alls ekki upp til að mótmæla þessu frv., því að mér þykir það ekki nema eðlilegt, að það sé leitað einhverra bóta á dagpeningum til samræmis við það, sem aðrar bætur voru hækkaðar 1928, svo sem dánarbætur og öryrkjabætur.

Frv. fer að vísu ekki fram á hækkun hinna ákveðnu dagpeninga, heldur að menn fái rétt til bóta þremur vikum fyrr en áður var. Ég held, eins og hv. flm., að þetta væri hægt að gera án þess að hækka iðgjöldin frá því, sem þau eru nú ákveðin. Ég hefi gert lítilsháttar athugun á því, hverri útgjaldahækkun fyrir trygginguna þetta mundi valda, ef það væri samþ., og ég hygg, að það megi telja 10—20 þús. kr., sem auðvitað fer eftir því, hvað slys verða mörg árlega. Því að mér telst til, að þetta mundi nema rúmum 100 kr. fyrir hvern slasaðan mann, og slys eru einhversstaðar á milli 100 og 200 á ári. Það er talsvert mismunandi.

En þó að ég segi þetta, þá þykir mér fulllangt gengið að ætla ekki nema eina viku frá því að slys vill til þar til hefst réttur til bóta. Það mundi auka ákaflega skriffinnsku og fyrirhöfn við trygginguna og valda vafa í ýmsum tilfellum. Þá mundi þurfa að hefja skriftir, vottorðagjafir og skýrslugerð undir eins, hvað lítið áfall eða meiðsli sem fyrir kemur, því vel getur farið svo, þó að meiðslið sé lítið í upphafi, að það hafist illa við og geti valdið vinnutjóni um lengri tíma en eina viku. Ég vildi beina því til hv. flm., hvort hann gæti ekki sætt sig við, að það yrðu ákveðnar tvær vikur í staðinn fyrir eina. Sömuleiðis vildi ég benda hv. allshn., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, á að athuga þetta.

Frv. tekur, eins og það liggur fyrir, ekki til annars en þessara breyt. En ef lögunum væri breytt á annað borð, þá virðist mér þurfa að taka til athugunar, hvort ekki þurfi að gera fleiri breyt. Og það, sem ég hefi þá einkum í huga, er breyt., sem gerð var 1928, þess efnis, að jafnan skuli vera skylt að halda próf í hverju slysamáli. Fyrr var svo ákveðið, að próf skyldi haldið, þegar lögreglustjóra þætti ástæða til, eða ef tryggingarstofnunin óskaði þess. Þau ákvæði voru skynsamleg og alveg fullnægjandi. Ég býst við, að það hafi vakað fyrir mönnum, þegar breytingin var gerð, að það væri nauðsynlegt í öllum tilfellum að fá próf um slysið, til að upplýsa það, hver væri hin raunveruleg orsök þess. Ég hefi nú kynnzt þessum málum síðan ég tók við stjórn tryggingarinnar, og það má segja nærri undantekningarlaust, að prófin upplýsi ekkert annað en það, sem hin önnur skjöl málsins, tilkynningarnar og læknisvottorðin, upplýsa. Prófin hafa því reynzt í þessu tilliti þýðingarlaus og gagnslaus. En þau kosta mikla fyrirhöfn og nokkurt fé. Þar á ég bæði við kostnað við réttarhöldin og tímatöf og bein og óbein útgjöld þeirra, sem kallaðir eru til prófs. Þetta getur verið talsvert dýrt, ef langt þarf að sækja til prófs. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að úti um sveitir landsins vilja slysin oft til í mikilli fjarlægð frá sýslumönnunum, og til þess að geta haldið próf, sem nokkuð er á að byggja, þurfa þeir að kalla fyrir rétt sjónarvotta að slysinu og þá, sem slasast. Það tefur afgreiðslu málanna og er mjög fyrirhafnarsamt og tefur fyrir því, að slösuðu fái réttmætar bætur. Ég vil á ný vekja athygli á ákvæðum laganna eins og þau voru fyrir 1928, því að þau voru miklu skynsamlegri. Ég teldi réttast að breyta lögunum í líkt horf og þá. Ég skyldi ekki hafa á móti að fá eitthvað skýrar ákveðið í greininni, að jafnan, þegar lögreglustjóra eða tryggingunni þætti ástæða til að halda, að slysið hefði viljað til fyrir hirðuleysi atvinnurekanda eða annara, eða fyrir illan útbúnað á vinnutækjum, þá skyldi jafnan halda próf.

Enn vildi ég vekja athygli á því, hvernig lögin eru orðuð um stjórn tryggingarinnar, þótt það sé reyndar minna vert. Nálega jafngömul og slysatryggingalögin frá 1928 eru lögin um samstjórn tryggingastofnana ríkisins, þar sem svo var ákveðið, að forstjóri tryggingastofnananna skuli verða framkvæmdarstjóri hinna einstöku tryggingadeilda. En orðalagið í þeirri grein slysatryggingalaganna, sem

segir fyrir um þetta, er ekki í samræmi við lögin um samstjórn tryggingastofnananna.

Þá vildi ég benda á það, að stjórn tryggingannna hefir sér til ráðuneytis lækni til þess að athuga hin ýmsu sérfræðilegu atriði, er fyrir koma, og gera till. út frá því. Þetta er eðlilegt og nauðsynlegt, vegna þess að stj. tryggingarinnar hefir ekki sérþekkingu á því, hvernig sjúkdómum út af meiðslum er varið. Einnig eru læknisvottorðin margoft rituð að mestu leyti á latínu, sem ekki er nema lærðra manna og sérfræðinga að skilja. Það gæti verið hagkvæmt fyrir tryggingarnar, ef annar stjórnandinn væri læknir. Þá mundi geta að mestu eða öllu sparazt sérstök þóknun til hans. Eins væri miklu hentugra að hafa lækni til viðtals á fundum, þegar slysamál liggja fyrir. Ég hefi viljað vekja athygli bæði nefndar og deildar á þeim atriðum, sem ég hefi gert að umtalsefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngB, JJós, JÓl, JS, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, JörB.

Tíu þm. (HK, JAJ, SE, SÁÓ, TrÞ, BSv, ÁÁ, GunnS, HJ, HG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 250).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Allshn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefir leyft sér að bera fram á þskj. 250.

Í frv. er farið fram á, að verkamenn, sem fyrir slysum verða við vinnu sína, fái bætur strax eftir viku, en n. hefir orðið ásátt um að leggja til, að bæturnar skuli miða við 10 daga, í stað þess, sem í núgildandi l. er biðtíminn í iðntryggingunni, unz dagpeningar fást, mánuður. Samkv. sjólögunum eru útgerðarmenn skyldugir til þess að greiða sjómönnum hjúkrunarkostnað allan fjórar fyrstu vikurnar, og er sjómannatryggingin því að þessu leyti á undan iðntryggingunni. Þó þótti n. rétt að miða þetta við 10 daga, vegna þess hve erfitt er að dæma um þetta, ef um lítil slys er að ræða.

Í öðru lagi varð það að samkomulagi í n. að flytja brtt. við frv., samkv. frumkvæði forstjóra slysatryggingarinnar, þess efnis, að því aðeins skuli halda réttarpróf út af slysförum, ef ástæða sé til að ætla, að slysin hafi orðið af illum útbúnaði eða hirðuleysi. Það hefir sýnt sig víða úti um landið, að erfitt er að koma þessum réttarprófum við, þar sem fámennt er og langt til yfirvalda, og virðist því rétt að fela slysatryggingunni að kveða á um í hverju tilfelli, hvort þau skuli halda, enda var sá tilgangurinn með þessu ákvæði, þegar það var sett, að réttarprófin myndu leiða í ljós, að hve miklu leyti slysin væru útbúnaði að kenna, svo að þannig gæfist kostur á að girða fyrir þau.

Ég get að lokum getið þess, að það er álit stjórnar slysatryggingarinnar, að ekki muni þurfa að hækka iðgjöldin vegna þessarar breytingar.

ATKVGR.

Brtt. 250,I (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 250,II (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd. 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 285, 290).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 290. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 290 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 18. marz, var frv. út-

býtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 296).

Á 56. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 345).

Frsm. (Jón Baldvinsson):* Frv. þetta hefir nú gengið í gegnum hv. Nd., og var því svolítið breytt frá því frv., sem upphaflega var lagt fyrir þingið. Það varð að samkomulagi þar, að biðtími þeirra, sem fyrir slysum verða, skuli vera framvegis 10 dagar, en eftir núgildandi lögum er hann 3 vikur. Það verður að teljast óhæfilega langur biðtími, því verkamenn geta orðið fyrir allmiklu tjóni, ef þeir liggja fast að 3 vikum, en fá þó enga dagpeninga. Á þessu er ráðin talsverð bót, ef þetta frv. er samþ., og ætti þó að ganga lengra í því að stytta biðtímann, eftir því sem slysatryggingunni vex fiskur um hrygg.

Þetta mál hefir verið borið undir forstjóra slysatryggingarinnar, og telur hann fært að stytta biðtímann það, sem frv. gerir nú ráð fyrir. Leggur því allshn. til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég hefi nú talað um aðalbreyt. frá núgildandi lögum, sem felst í þessu frv. Auk þess er bætt inn í lögin ákvæði um það, að slysatryggingin geti óskað eftir rannsókn á, hvernig slys atvikast, ef henni finnst ástæða til. Aðrar breyt. felast ekki í þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 380).

---

34. Löggilding Selárvíkur.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi (þmfrv., A. 300).

Á 58. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 334).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég vil aðeins skýra frá því, að n. leggur öll til, að frv. verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 300).

Á 65. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 389).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er sama eðlis og önnur slík frv., um löggilding verzlunarstaða, sem fyrir Alþingi hafa legið nú oft undanfarin ár, og venjan hefir verið sú, að samþykkja þau, og sér allshn. ekki ástæðu til að víkja frá þeirri venju. Hér er líka jafnvel um frekari ástæðu að ræða en annarsstaðar, eins og grg. ber með sér, því að það er tekið fram, að ekki sé hægt að fá vélbáta tryggða við Eyjafjörð, nema þeir séu skrásettir á stað, sem löggiltur er. Þetta frv. er því frekari ástæða til að samþ. en ýms önnur samskonar frv., sem legið hafa hér fyrir hv. d.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

---

35. Útflutningur hrossa.

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Ég læt að þessu sinni nægja að vísa til grg. frv. og að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni, og til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 90).

Frsm. (Jón Sigurðsson):* Ég get sparað mér langa framsögu í þessu máli. N. hefir verið á einu máli um að styðja frv. með litlum breyt. Undanfarin ár hefir lítið verið hægt að selja af íslenzkum hrossum til útlanda, og hafa þau því fallið mjög í verði. N. finnst sjálfsagt, að öll ráð, sem líkleg eru til að greiða úr þessu máli, verði reynd, og þar á meðal þetta, sem frv. talar um. Útflutningur tveggja vetra hrossa er efalaust spor í áttina, að áliti nefndarinnar. Útlendingar eiga þess betri kost að auka þroska hestanna og ala þá upp eftir þeirra þörfum, ef þeir fá hestana tvævetra. Ætti þetta fremur að auka markaðinn fyrir hesta okkar. Hinsvegar er það svo með hesta þá, sem hingað til hafa einkum verið fluttir út, að þeir hafa verið þetta 4—5 vetra, og þess vegna búnir að fá nokkurnveginn þann þroska, sem þeir geta tekið á móti. Fyrir hrossaeigendur ætti þetta að vera fremur til bóta. Þar sem hrossarækt er komin í nokkurt lag, ganga tryppin undir hryssunum þar til þau eru tvævetur, og þess vegna verður þriðji veturinn langsamlega kostnaðarsamastur fyrir hrossaeigendur. Ef tekst

að gera tvævetur hross að útflutningsvöru, þá losna hrossaeigendur við þennan kostnað. Það, sem n. telur því vinnast við þessa breyt., er í fyrsta lagi, að útlendingar fá betri hesta til eldis og við þeirra hæfi, og í öðru lagi, að bændur þurfa styttri tíma til þess að fá verð fyrir þessa framleiðsluvöru sína. Auk þess losna þeir þannig við áhættuna af hrossunum, bæði af vanhöldum og fóðurskorti, sem víða í hrossasveitum setur annan búpening í voða, ef hart er í ári.

Að þessu athuguðu leggur n. eindregið með frv., en þó með þeirri breyt., að sett sé ákveðið stærðarmark sem lágmark, 48 þuml. eða 126 cm., og megi ekki flytja út tvævetur hross, nema þau nái þessu máli. N. hefir borið þetta undir hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélagsins, og er hann þessu meðmæltur. Tel ég svo ekki ástæðu til að tala lengur um þetta, nema sérstök andmæli komi fram.

Gunnar Sigurðsson: Með því að ég hélt enga framsöguræðu við flutning þessa frv. hér í deildinni, þykir mér nú rétt að segja nokkur orð, aðallega til þess að þakka hv. landbn. og hv. frsm. réttan skilning og ágætar undirtektir. Ég er að mestu leyti sammála brtt. n. um ákveðið lágmark, 48 þuml., enda hafa öll hross, sem ég hefi selt til Danm. upp á síðkastið, verið með þessu máli minnst. En eitt er þó vert að athuga í þessu sambandi, nefnilega ef tekst að koma á útflutningi íslenzkra hrossa til Írlands, eins og áður var gert. Er ekki með öllu vonlaust um, að það gæti tekizt. Ef það heppnaðist, þá væri þetta stærðarmark með öllu óþarft, en að öðru leyti get ég sætt mig við það.

Ég hefi svo litlu að bæta við hina skýru og greinagóðu ræðu hv. frsm. Ég vil aðeins benda hv. þdm. á, að Danir nota hesta öðruvísi en við, því þeir nota þá mest fyrir léttar kerrur. Til þess geta þeir notað röska tvævetra hesta. Danir þekkja orðið íslenzka hesta vel. Þeir vita, að ef þeir fá þá unga og ala þá eins og þeir ávallt gera, verða þeir mun sterkari en þeir, sem hér alast upp á útigangi, og svo er annað: tamning yngri hesta verður mun auðveldari en hinna eldri.

ATKVGR.

Brtt. 90 samþ. með 17:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 106).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 106).

Á 28. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 401).

Frsm. (Jón Baldvinsson):* Eins og sést á nál. landbn., leggur hún óskipt til, að frv. verði samþ. — Frv. þetta gerir þá breyt. á l. um útflutning hrossa frá 1907, að aldur þeirra hrossa, er út má flytja, er færður niður um eitt ár. Eftir þeim l. mátti flytja hross út yngst 4 vetra, en þó var heimild til að leyfa útflutning á 3 vetra hrossum. Eftir frv. verður nú leyft að flytja út 3 vetra hross, en heimild gefin til að leyfa útflutning á 2 vetra hrossum, ef þau líta vel út og eru minnst 126 cm. á hæð.

Þeir, sem eru málum þessum kunnugir, telja, að þetta geti orðið til hags fyrir bændur. Útlendingar, sem hrossin kaupa, einkum Danir, vilja gjarnan fá þau ung. Hrossin verða betri með því fóðri, er þau fá þar, og þeir geta strax farið að

venja þau við þá vinnu, sem þeim er ætluð.

Þeir, sem kunnugir eru, segja líka, að þetta sé hagur bænda, að geta selt hrossin 2 vetra, því að á 3. vetri felli þau tennur og séu þá oft fóðurþyngri þess vegna. Ég hefi svo ekki meira að segja frá n. hálfu. Hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

---

36. Vigt á síld.

Á 13. fundi í Ed., 4. febr. var útbýtt:
Frv. til l. um vigt á síld (þmfrv., A. 64).

Á 15. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Á síðasta þingi flutti ég frv. sama efnis og þetta. Hlaut það góðar viðtökur hér í deildinni og var afgr. með flestum atkv. til Nd., en þar dagaði það uppi. Nú flyt ég þetta frv. aftur, því að ég tel það skipta talsverðu máli, að núverandi ástand um sölu síldar til bræðslustöðvanna haldist ekki lengur. Þar, sem síldin er mæld, mun ekki vera fylgt fyrirmælum í tilskipun um mælitæki og vogaráhöld frá 13. marz 1925, sem þó ættu að gilda við mælinguna. Að vísu hafa allmargir tekið upp vigt á síld, en almennt er það ekki ennþá, enda ekki í lögum, og leiðir af þessu óreglu um afhendingu síldar til verksmiðjanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um mál þetta, þar sem það fékk svo góðar undirtektir í fyrra, en óska, að því verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 73).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Eins og kunnugt er, er það shlj. frv., sem lá fyrir hv. Ed. í fyrra og þá var samþ. hér með öllum meginþorra atkv. Sjútvn. er á einu máli um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Vænti ég þess og fastlega, að hv. deild geti fallizt á að samþ. það. Þær undirtektir, sem frv. fékk hér í fyrra, mættu a. m. k. gefa vonir um, að svo mætti fara.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en mun að sjálfsögðu halda uppi svörum fyrir frv., ef einhver hv. þdm. skyldi verða til að andmæla því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 64).

Á 24. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Mál þetta er komið frá hv. Ed. og var hér fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi. Ég skal spara mikið mál með þessu frv.; þess gerist ekki þörf. Hv. Ed. hefir mælt með frv. óbreyttu, og vona ég, að þessi hv. d. sjái sér einnig fært að fylgja málinu fram. Óska ég, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 64, n. 352, 366).

Sveinn Ólafsson: Það er lítið um þetta mál að segja, og sennilega verður ekki lengi um það deilt. Því að það má þegar sjá í hendi sér, að hér er aðeins um að ræða að koma haganlegri skipun á þessa sölu síldar en verið hefir.

Sú litla breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á frv. og kemur fram á þskj. 352, lýtur að sektarákvæðum. N. þótti þar óþarflega djúpt tekið árinni, því að sennilega mundi fara svo, þegar frá því yrði vikið að vega síldina, að gildar ástæður væru til og erfiðismunir miklir að fylgja fyrirmælum laga.

Brtt., sem liggur fyrir á þskj. 366, er eiginlega aðeins til skýringar óljósu orðalagi frv.

Ég ætla svo ekki að tefja tímann; ég geri ráð fyrir, að frv. ásamt brtt. geti gengið fram ágreiningslaust.

Ólafur Thors: Það má að vísu segja, að þetta sé ekki stórvægilegt mál; en ég hygg þó, að þeir, sem hafa nokkurn kunnugleika til að bera um þennan atvinnurekstur, sem hér á hlut að máli, hljóti að koma auga á, að fyrirmæli frv. eru til óþæginda, ekki aðeins þeim, sem síld kaupa, heldur þeim, sem síldina selja.

Venjulega er það svo um þau skip, sem veiða síld til bræðslu, að þau koma inn mörg í einu, svo að oft þarf að losa 6—10 skip á sömu bræðslustöð á stuttum tíma. Fram að þessum tíma hefir það þannig gengið, að sjálfir skipverjar sjá um losun skipanna og síldin er mæld í vögnum eða kerum, þannig að engin töf hlýzt að, og eftirlit fer þannig fram, að sjómenn, sem losa skipin, telja vagnana.

Nú er svo mælt fyrir, að í staðinn fyrir þessa aðferð skuli vigta hvert einasta mál. Og til þess að hafa eftirlit með þeirri vigt þarf þá að löggilda svo og svo marga vigtarmenn o. s. frv. Það liggur í hlutarins eðli, að talsverðan aukinn kostnað leiðir af þessu fyrir framleiðandann. En auk þess er ég sannfærður um það, að ef slík fyrirmæli á að lögfesta, þá verður að gefa stöðvunum hæfilegan fyrirvara til þess að afla sér vigtartækja og koma þeim fyrir.

Ég vil ennfremur leyfa mér að benda á, að hér er ákveðið, að eitt mál af síld skuli vega 135 kg. Ég man, að í þeirri bræðslustöð, sem síldin var vigtuð síðastl. sumar, reyndist málið um 140 kg. Virðist því a. m. k. mjög orka tvímælis að slá föstu, að málið jafngildi 135 kg.

Ég held ég megi fullyrða, að þetta litla frv. muni mæta andmælum frá þeim, sem síld selja, og kaupendum síldarinnar líka. Það mun auka kostnað og óþægindi við móttöku síldarinnar.

Af þessum ástæðum er ég á móti þessu frv. Ef frv. hefði verið nokkuð rætt í n., býst ég við, að meiri hl. hefði verið á móti. Sjálfur gat ég ekki verið viðstaddur, þegar ákvörðun var tekin í n.

Sveinn Ólafsson: Ég ætla ekki að leggja neitt kapp á afgreiðslu þessa máls, þó að ég álíti rétt, að það gangi fram.

Það er kunnugt, að ákveðið hefir verið um flestar varningstegundir, að þær skuli seldar eftir vigt, en ekki eftir máli. Þetta getur engu síður átt við um síld en aðrar varningstegundir, og er það oftast tryggilegra að vega en mæla. Ég hefi oft verið við síldarsölu og síldarveiðar og hefi tekið eftir því, að síld mælist misjafnlega vel, eftir því, hvort hún er fyrir stuttu eða löngu veidd.

Annars er það um aths. hv. 2. þm. G.-K. að segja, að ég get ekki verið honum sammála um, að þessi fyrirmæli um að

vega síldina baki kaupendum og seljendum nein sérstök óþægindi. Að vísu þarf að vera til vog og sérstakur maður til að vega, og ennfremur hverskonar ílát, sem notuð eru. Ég hygg, að víðast séu vandlaupar hafðir til þess að losa síldina í. En að það þurfi að tefja verkið eða valda sérstökum óþægindum, þó að síldin sé sett á vog, get ég ekki skilið. Kostnaðaraukinn er enginn annar en vog, en hún hygg ég sé til á öllum söltunarstöðvum og er nauðsynlegt áhald hvort sem er.

Ég get sem sagt ekki skilið, að það geti neitt verið því til fyrirstöðu frá hendi seljenda, þó að svona verði að farið. Hugsanlegt aðeins, að kaupendum þætti miður að þurfa að hafa vogir standandi á bryggju, af því að þær geta hæglega orðið fyrir áfalli. En ég sé heldur ekki annað, sem gæti verið athugavert við þetta frá kaupenda hálfu.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 1. þm. S.-M. hefir réttilega bent á, að það sé rangt, að það baki seljendum og kaupendum síldar nokkur óþægindi, þó að frv. þetta verði að lögum. Enda er mér sagt, að þar, sem mest er keypt af síld til bræðslu á Norðurlandi, sé hún undantekningarlaust vegin, en ekki mæld. Ég ætla, að vögnunum sé ekið yfir vog og síldin þannig vegin um leið og þeir renna yfir vogina. Tekur þetta ekki nema brot úr mínútu með hvern vagn.

Við sjáum því, að þar, sem bræðslustöðvar eru elztar og hafa mesta umsetningu, hafa þær viðurkennt nauðsyn þess og hagkvæmni að vega síldina. Þá verður ekki um það deilt, hvað mikið síldarmagnið er, sem skipin láta af hendi.

Hv. 2. þm. G.-K. vildi segja, að ákvæðið um mælikerið, sem sett er í frv., sé þýðingarlaust, og ennfremur bætti hann við, að eftir frv. væri gert ráð fyrir, að mæliker taki 6 kg. meira en hv. 3. landsk. reiknaði með, þegar hann rannsakaði og undirbjó stofnun síldarverksmiðju. Þetta er hvorugt rétt hjá hv. þm. Það hefir að sjálfsögðu mikla þýðingu vegna sjómanna, sem fá premíu af afla, að ákveða, hversu mikinn þunga mælikerið skuli taka. Hitt kann að vera rétt, að það skipti ekki verulegu máli, hvort kerið tekur 135 kg. eða eitthvað annað, ef stærð þess aðeins er ákveðin. En hv. 3. landsk. reiknaði ekki með 139 kg. Ég hefi fyrir satt, að hann hafi reiknað með 137 eða 138 kg., en annars má sjá það í skýrslu hans. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, að það sé tryggt, að rétt sé virt til verðs og vegin síldin, sem skipin afhenda og verksmiðjur kaupa. Og það verður ekki betur gert en með því að ákveða, að síldin skuli öll vegin á vog, eins og verksmiðjur gera nú á Norðurlandi, sem lengst hafa við þetta fengizt. Ég sé enga ástæðu til að leyfa öðrum verksmiðjum að komast hjá að viðhafa sömu nákvæmni.

Ólafur Thors: Ég held það sé rangt með farið, að það sé venjulegt á Norðurlandi að vega síldina. Ég veit alveg fyrir víst, að um suma staðina er þetta með öllu rangt. Það getur verið, að á öðrum stöðum sé nokkuð af síldinni vegið. En ég veit, að hjá engri verksmiðju er það ófrávíkjanleg regla að vega síldina.

Hv. þm. hefir algerlega misskilið mig að því er snertir þyngd síldarmálanna. En það skiptir ekki ákaflega miklu máli, og ekki heldur hitt, hvort hv. 3. landsk. hefir í skýrslugerð sinni áætlað málið 139 kg.

Hv. 1. þm. S.-M. kvað það ófrávíkjanlega reglu, að öll vara væri vigtuð, og því væri það ekki óeðlilegt um þessa vöru líka. Það stendur nú einmitt mjög líkt á um þessa vöru og salt. Fyrirmæli eru til um það, að salt skuli vigtað, en þeim er sjaldan fylgt. (HG: Það er alltaf vegið). Það er í mesta lagi tíunda til fimmtugasta hvert mál vegið eða svo. Og ákaflega oft er það svo, að málið eitt er látið gilda.

Náttúrlega væri það nokkuð annað, ef um það væri að ræða að vigta aðeins fimmtugasta hvert mál síldar upp úr skipi. Það væri minni fyrirhöfn. En það, sem ég hefi á móti þessu fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, er aukin vinnutöf og kostnaður, sem af því leiddi. Það er algerlega rangt hjá þessum háu herrum, að þessu fylgi enginn kostnaður. Það þarf að hafa lögskipaða vigtarmenn, kaupdýra menn, til þess að líta eftir, og ég sé ekki annað en það verði þeirra eina starf. Og þessi aukni kostnaður hlýtur vita-

skuld að lenda á framleiðendunum, en ekki á kaupendum.

Hugmyndir hv. 1. þm. S.-M. um afgreiðslu síldarskipa, þegar veitt er til bræðslu, eru ákaflega kyndugar. Hann virðist halda, að það sé eitthvað svipað að vigta síld eins og að láta úti eitt pund af neftóbaki.

En þetta gengur allt öðruvísi. Hér er um að ræða ákaflega mikið vörumagn, sem þarf á skömmum tíma að losa frá skipunum, ekki einu skipi í einu, heldur mörgum í einu. Hv. þm. á að vita það, úr því hann hefir óskað að gerast framsögumaður þessa máls, að það veldur óhjákvæmilega bæði töf og kostnaði að þurfa að vigta síldina. Og mér er nær að halda, að hv. 1. þm. S.-M. hefði aldrei átt frumkvæði að slíku frv., enda þótt hann hafi lagt því lið, eins og öllu, sem fram kemur í þessari hv. deild frá jafnaðarmönnum. Þetta frv. mun vera samið af hv. þm. Ak., enda með hans merki, þeim venjulegu lausatökum á öllu. „Bara ef lúsin íslenzk er"; bara ef eitthvað kemur frá jafnaðarmönnum, þá er þessi hv. þm. búinn að kokgleypa það, hvað mikil vitleysa sem það er.

Haraldur Guðmundsson: Þetta eru þau venjulegu rök hv. 2. þm. G.-K. Uppástungan er frá jafnaðarmönnum og þess vegna er hún vitleysa og ég á móti henni. Ef til vill sæma þessi rök hv. þm., en þau sæma ekki þessari hv. deild.

Út af því, sem hann sagði um það, að síldin væri ekki undantekningarlaust vegin á Norðurlandi, þá get ég bætt því við það, sem ég áður sagði, að síldin, sem Krossanesverksmiðja og dr. Paul kaupa, er undantekningarlaust vegin. Verksmiðja Goos á Siglufirði mun yfirleitt hafa vegið síldina, en hvort það er undantekningarlaust, er mér ekki fullkunnugt um. Og ég sé enga ástæðu til þess, að hv. 2. þm. G.-K. sé látinn sleppa við það að taka upp sömu reglu, sömu sjálfsögðu reglu, í bræðslustöð þeirri, sem hann og bræður hans eiga á Hesteyri. Hann sagði, að kostnaður hlyti að verða mikill af þessu og leggjast á framleiðendur. Þ. e. verða til þess að lækka verðið á síldinni. Ég geri ráð fyrir, að einhver kostnaður kunni að stafa af þessari breyt., en auðvitað verða verksmiðjurnar að bera hann. Það er kaupmannsins að vega vöruna, vega hana rétt.

Það geta ekki talizt heilbrigð viðskipti, ef seljandinn veit ekki nákvæmlega, hversu mikið af vörunni hann lætur af hendi. Þykir mér næsta undarlegt, að hv. 2. þm. G.-K. skuli snúast svo öndverður gegn þessu máli. Hann mætti þó muna atburðina í Krossanesi, þegar seljendur seldu síld sína eftir málum, sem þeir héldu, að tækju ekki nema 150 lítra, en tóku þó í raun og veru 170. Get ég satt að segja ekki trúað því, að hv. 2. þm. G.-K. vilji halda verndarhendi yfir slíkum viðskiptamöguleikum.

Hv. þm. sagði, að það væri fjarri sanni, að allar vörur væru vegnar, t. d. væri salt ekki vegið. Það er rétt, að hver saltpoki er ekki veginn, en ég veit ekki betur en að 10.—20. hver poki sé venjulega veginn. (**ÓTh:** Ég get verið samþykkur frv. með þessum skilningi). Ég fæ ekki annað séð en að kostnaðurinn við að vega 10.—20. hvert mál sé sá sami og við að vega hvert mál, þar sem fella má vogirnir niður í sporin. (**ÓTh:** Það er óvíða hægt að koma þeim fyrir). Jú, það er hægðarleikur. Þegar síldinni er ekið í þró á annað borð, kostar það ekki mikið að setja dálitla lykkju á sporin út á vogina. Hefi ég séð þessum vogum þannig fyrir komið, og virtist mér sem vel færi á því.

Ég vænti þess, að þetta mál mæti þeim skilningi hér í þessari hv. deild, að það nái fram að ganga, því að það er frumskilyrðið fyrir heilbrigðu viðskiptalífi á þessu sviði, að seljendur síldarinnar viti, hve mikið þeir láta af hendi, og kaupendur hve mikið þeir fá.

Sveinn Ólafsson: Ég vildi aðeins leiðrétta tvö atriði í ræðu hv. frsm. minni hl., hv. 2. þm. G.-K. Hið fyrra var það, að hann sagði, að ég hefði óskað eftir að taka að mér framsögu fyrir hönd meiri hl. n. Þetta er á misskilningi byggt. Frsm. meiri hl. var ekki viðstaddur, og varð ég því til að hlaupa í skörðin, þó að mér væri það nauðugt.

Hitt atriðið var það, að hv. 2. þm. G.-K. dróttaði því að mér, að ég hefði léð þessu máli fylgi mitt af því, að jafnaðarmenn hefði borið það fram. Þetta er of-

mælt, enda hygg ég, að jafnaðarmenn séu ekki sammála hv. 2. þm. G.-K. um þetta atriði. A. m. k. kvarta þeir yfir því, að við framsóknarmenn veitum þeim litla áheyrn um mál þeirra. Hinsvegar skal ég ekki neita því, að ég læt góð mál ekki gjalda þess, þó að þau komi frá jafnaðarmönnum. En um þetta mál er það að segja, að það stuðlar að betri og heilbrigðari viðskiptaháttum á sviði síldarútvegsins, og af þeim ástæðum er ég málinu fylgjandi. Og sannast að segja fannst mér hv. 2. þm. G.-K. ekki svo mikil alvara með þessum aðdróttunum í minn garð, að hann hefði ekki getað látið vera að núa þeim mér um nasir.

Ólafur Thors: Ræða hv. frsm. meiri hl. gefur mér ekki tilefni til neinna andsvara. Hafi ég móðgað hann með því að setja stuðning hans við þetta mál í samband við það, að jafnaðarmenn standi að því, stafar það af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið af samvinnu við þennan hv. þm. í sjútvn., því að honum hefir verið gjarnara að styðja þar málstað jafnaðarmanna en hollt mætti þykja fyrir kjörfylgi hans sem framsóknarmanns, ef bændur yrðu alls vísari um þetta framferði. Annars hygg ég, að hv. frsm. meiri hl. hafi ekki gert sér ljóst, hvað í þessu máli felst.

Hv. þm. Ísaf. ber ekki mikið skyn á það mál, sem hér er um að ræða, og er auðfundið, að sá maður, sem hann hefir við hlið sér, er miður góð heimild en hann vill vera láta.

Hv. þm. þótti mér vansæmd að því að vilja ekki stuðla að því, að viðskiptamenn síldarbræðslustöðvanna vissu, hve mikið þeir láta af hendi af síld. Mér er nú spurn: Ef viðskiptamenn síldarbræðslustöðvanna vita ekki, hve mikið þeir láta af höndum, þegar síldin er mæld, hvernig mega þeir þá öðlast vissu í þessum efnum, þó að farið verði að vega síldina? Ég fæ ekki betur séð en að jafnauðvelt sé að falsa vog sem mæli, ef út í það fer. Þetta er því ekkert annað en meinloka, sem hv. þm. Ísaf. hefir drukkið í sig frá ráðunaut sínum í þessu máli, hv. þm. Ak., sem hefir barizt fyrir þessu máli í mörg þing. Virðist nú loks sem takast ætli að koma málinu gegnum þingið, enda er það engin furða, þar sem jafnaðarmenn standa að því, því að þeir mega nú heita hinir sönnu ráðamenn þingsins.

Þó að hér sé í raun og veru um smámál að ræða, veldur það talsverðum óþægindum, ef að l. verður. Geri ég ráð fyrir, að ýmsir muni heldur kjósa að greiða sekt en að taka upp þessar vogir.

Ég gæti eftir atvikum sætt mig við það, að 50. hvert mál bræðslusíldar væri vegið, og mundi fylgja frv., ef hv. þm. Ísaf. kæmi fram með brtt. í þá átt. Ef hv. þm. hugsar sér, að höfð verði ein vog, sem öll síld gengi um, er ég hræddur um, að umferðin um þá vog yrði óeðlilega mikil!! Á öllum hinum stærri bræðslustöðvum mundi þurfa að hafa vog á hverri bryggju, og mundi slíkt baka útgerðinni mikinn kostnað og valda ýmsum óþægindum, auk þess sem slíkum vogum verður blátt áfram ekki komið fyrir á sumum eldri stöðvanna.

Hv. þm. Ísaf. játaði, að kostnaður mundi fylgja þessari nýbreytni. Mér þykir því vænna um þá játningu, sem það er sjaldgæfara, að þessi þm. viðurkenni sannleikann, þótt hann komi auga á hann. En þm. var svo sem ekki lengi að slá varnaglann. „Verksmiðjurnar greiða þennan kostnað", sagði þm. Ég nenni nú ekki að þrátta við þennan speking um stafróf viðskiptalífsins. Hann verður að útvega sér barnafræðslu hjá öðrum. Ég bendi honum aðeins á þá staðreynd, að hann getur með sama rétti sagt: „Hækkið þið bara tolla á kaffi, sykri og nauðsynjum, því kaupmaðurinn borgar".

Haraldur Guðmundsson: Ég er ekki viss um það, hvor okkar hv. 2. þm. G.-K. hefir meira vit á síldarmálum. Mér er kunnugt um þekkingu hans á því sviði. Ég hefi verið síldarmatsmaður 3—4 sumur og efast um, að hv. 2. þm. G.-K. hafi haft meiri kynni af þessum útveg. (**ÓTh:** Hefir þm. nokkurntíma komið á bræðslustöð?). Já, það hefi ég gert. (**ÓTh:** Þá beygi ég mig). Það var líka bezt fyrir þm.

Hv. 2. þm. G.-K. hélt því fram, að með því að lögbjóða vigt á síld væri engin trygging fengin fyrir heilbrigðum viðskiptum, af því að jafnauðvelt væri að svíkja vog sem mæli. Ég fæ ekki fallizt

á þetta. Ég hygg, að það verði meiri erfiðleikum bundið að svíkja vog en mæli, ef menn hafa tilhneigingu til slíks atferlis, eins og reynslan frá Krossanesi bendir óneitanlega til, að sumir hafi. En auk þess er á það að líta, að það getur verið misjafnt í mælikerunum eftir uppskipunaraðferðunum, sum verið kúfuð, en sum ekki nema hálffull, svo að um ófullkomnara mat verður alltaf að ræða, ef síldin er mæld, heldur en ef hún væri vegin. Ég álít, að sjálfsagt sé að vega hvert mál, þó að ég hinsvegar játi, að nokkru öryggi má ná í þessu efni með því að vega aðeins 10.—20. hvert mál. Stendur að vísu í frv., að öll síld skuli vegin, en þar fyrir er ég ekki viss um, að þörf sé á að setja ákvæði í frv. í þá átt, þó að þessu yrði hagað svo í framkvæmdinni. En eins og ég hefi tekið fram, álít ég, að bezt væri, að hvert mál væri vegið, því að þá fyrst verður um eins mikið öryggi að ræða í þessum efnum og hægt er að koma á. Væri slíkt æskilegast fyrir báða aðilja, enda er mér kunnugt um það, eins og ég áður sagði, að flestar bræðslustöðvar hafa þegar tekið upp vogir af sjálfsdáðum.

Jón Auðunn Jónsson: Mér þykir mjög varhugavert að lögbjóða vigt á allri síld, sem seld er í bræðslu. Á hinum minni stöðvum, sem taka síld til bræðslu, hagar víðast svo til, að slíkt mundi tefja fyrir uppskipuninni, því að síldin er misþung, eftir því hvort hún er ný eða legin, söltuð eða ósöltuð. Og ég get sagt það fyrir mína parta, að ég er ánægður með að selja síldina eftir máli. Hefir mér reynzt, sem það gæfi ekki lægra verð, heldur þvert á móti betra, þau tvö sumur, sem ég hefi haft með slíkt að gera.

Í frv. er gert ráð fyrir, að mælikerin taki 135 kg. Skiptir slíkt ekki máli í sjálfu sér, við hvað er miðað, en venjan hefir verið sú, að miða við 100 kg., þegar selt hefir verið eftir vigt. Annars kynni ég betur við, að ekkert væri ákveðið um það, hversu stór mælikerin skuli vera, úr því að ekki á að mæla síldina, heldur vega hana.

Það er staðreynd, sem ekki er hægt að loka augunum fyrir, að það veldur meiri töfum við uppskipun að vega síldina en mæla, og mun sumstaðar þurfa fleiri en eina vog til þess að ekki standi á. Ríður mikið á því, að hin stærri skip fái fljóta afgreiðslu, því að það getur oft oltið á einni klukkustund, hvort skipin ná í 500—600 mál af síld eða ekki. Eins og nú er, eru mælikerin jafnaðarlega eftirlitin af seljanda jafnt sem kaupanda, en verði horfið að því að lögbjóða vigt á síld, hygg ég, að nægja mætti að vega 10.—20. hvert mál. Annars finnst mér öll sanngirni mæla með því, að seljanda og kaupanda sé í sjálfsvald sett, hvort þeir kjósi heldur að nota vog eða mæli, og mun ég því koma með brtt. í þá átt við 3. umr. Þess verður að gæta, að hér er um mikinn kostnað að ræða fyrir síldarbræðslustöðvarnar, því að þessar vogir kosta um 14 þús. kr. með öllum útbúnaði. (**ÓTh:** Þetta hefði þá 70—80 þús. kr. útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkið vegna ríkisbræðslunnar á Siglufirði. — **EF:** Það er lygi hjá hv. 2. þm. G.-K.).

Ólafur Thors: Herra forseti! Ég vildi aðeins benda á það, að þm., sem ekki á sæti í þessari hv. deild, leyfir sér að viðhafa hér orðið lygi. (**EF:** Hv. 2. þm. G.-K. hefir tekið fram í fyrir mér í Ed. á svipaðan hátt, enda þótt hann eigi þar ekki sæti, frekar en ég hér. — Forseti hringir). Þetta er ósatt, og vænti ég, að forseti vísi hv. þm. Ak. út, ef hann fær ekki setið á strák sínum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 366 (ný 3. gr.) samþ. með 13:2 atkv.
— 352 sjálffallin.
4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 423, 428).

Sveinn Ólafsson: Við 2. umr. þessa máls var ágreiningur nokkur hér í deildinni um það, hvort lögbjóða ætti skilyrðislaust vigtun á bræðslusíld í stað mælingar og leizt ýmsum réttara að heimila undanþágu þegar atvik lægju til. Til

þess að ákvæði frv. verði ekki jafnfortakslaust og nú er, höfum vér þrír, hv. þm. Vestm., hv. 2. þm. G.-K. og ég, komið fram með brtt. á þskj. 428, er lýtur að því, að þetta geti orðið samnings- og samkomulagsatriði milli kaupenda og seljenda, þó þannig, að kaupanda verði jafnan skylt að vega síldina, ef seljandi krefst þess. Verði þessi brtt. samþ., býst ég við, að þeim, sem nú eru frv. andvígir, verði ljúft að fylgja því, og tel ég það betur fara, að þessi undanþága verði gerð frá fortakslausri skipun.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun greiða atkv. gegn brtt. Ég sé ekki betur en sama ástandið og nú er muni haldast í mörgum tilfellum, verði hún samþ. Nú eru seljendur síldar stundum margir um sama slattann. Ég veit ekki, hvort hv. flm. brtt. ætlast til þess, að t. d. hásetar, sem ráðnir eru upp á aflahlut, hafi atkv. um þetta. Ef það er tilætlunin, tel ég sjálfsagt, að það komi ótvírætt fram.

Ólafur Thors: Það þarf engum vandkvæðum að valda, að seljendur eru margir. Þá er jafnan svo, að einhver einn fer með umboð þeirra og semur að sjálfsögðu um þetta atriði sem önnur. — En ég vil benda á, að samhljóða till. þessari var í fyrra flutt af sjútvn. allri, þar á meðal hv. 4. þm. Reykv., flokksbróður hv. þm.

Verði brtt. samþ., liggur málið skýrt fyrir. Óski seljandi, að síldin verði vegin, þá skal hún vegin, og reiknast þá 135 kg. sem eining bæði gegn kaupanda og þeim, sem fá premíu af afla, nema öðruvísi sé um samið. Ella verður málið lagt til grundvallar, svo sem tíðast hefir verið til þessa.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hefi ekki fylgzt með þessum umr., en vil þó benda á eitt. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að öll bræðslusíld verði vegin, og því verði felld niður tilsk. 13. marz 1925. Verði því brtt. samþ., þá verður bræðslusíld mæld eftir sem áður, en tilsk. frá 1925, sem tiltekur stærð málanna, þó felld úr gildi með 4. gr. frv., og geta því kaupendur stækkað málin eins og þeim sýnist. Þetta tvennt fær ekki samrýmzt.

Ólafur Thors: Ég hefi að vísu ekki athugað þetta, sem hv. 4. þm. Reykv. var að minnast á, en ég hygg þó, að það þurfi ekki að koma í bág hvað við annað. Ég sé ekki, að neitt sé því til fyrirstöðu, að notuð séu t. d. 160 lítra mál, ef kaupandi og seljandi koma sér saman um það. En brjóti þetta nokkuð í bág við tilgang frv., þá mun hv. Ed. geta lagfært það.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki fara að blanda mér í deilur þessara lærðu manna. En hv. 4. þm. Reykv. hefir hreyft andmælum gegn brtt. vegna þess, að hún samrýmist ekki 4. gr. frv. Það er misskilningur. Í 4. gr. stendur: „Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilsk. um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum". Svo framarlega sem síld verður mæld, gilda því ákvæði tilsk., þegar síld er seld eftir máli. En ef þetta skyldi ekki standast gagnrýni lögfræðinga, þá er hægurinn hjá, eins og hv. 2. þm. G.-K. benti á, að lagfæra þetta í hv. Ed.

Ólafur Thors: Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vil benda á, að annarsvegar, samkvæmt þessum lögum, ef brtt. verður samþ., þá getur hver seljandi sem er krafizt þess, að síldin verði vigtuð, og þá hlýtur hann þetta mikla hnoss, sem seljendunum er ætlað samkv. þessum lögum. Og svo er annað, það, að nákvæmlega þessa sömu till. bar hv. 4. þm. Reykv. fram í fyrra, og geri ég þess vegna ráð fyrir því, að úr því að sú till. var þá í hans augum það meinlaus, eða jafnvel gagnleg, að hv. þm. bar hana fram, að hún sé heldur ekki orðin stórskaðleg nú.

ATKVGR.

Brtt. 428 samþ. með 15:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 441).

Á 74. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv., sem ég flutti hér í hv. deild snemma þings, er nú komið aftur frá hv. Nd., og hefir hún gert á því dálitlar breyt. Fyrst og fremst hefir sektarákvæðunum verið breytt þannig, að nú skulu menn sæta 20—2000 kr. sektum fyrir brot á lögunum, í stað 50—5000 kr. áður. Í annan stað er sú breyt. gerð á 1. gr., þar sem tekið er fram, að öll síld skuli vegin, að bætt er við: ef seljandi óskar þess. Þetta er að vísu allveruleg breyt. frá tilgangi frv., en ég geri þó ráð fyrir, að í framkvæmdinni skipti það ekki miklu máli, því að í hverju einstöku tilfelli verða stöðvarnar að vera við því búnar að geta vigtað, ef seljandi óskar þess. Þetta knýr þær til að hafa vogirnar til, og þá munu þær verða almennt notaðar. Að vísu get ég búizt við því, að það samkomulag verði milli kaupanda og seljanda, að ekki verði vegin hver tvö mæliker, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur verði látið nægja, að t. d. 10. hvert sé vegið. — Þótt ég sé nú ekki allskostar ánægður með þær breyt., sem á frv. hafa verið gerðar í hv. Nd., geri ég sem flm. þó ekki ráð fyrir að flytja hér brtt., en leyfi mér að óska, að frv. verði samþ. óbreytt, svo að það megi nú í dag verða afgr. sem lög frá Alþingi.

Skal ég nú ekki fara fleiri orðum um frv., en ég hefi ástæðu til að svara hér nokkrum ummælum, sem fram komu við umr. málsins í hv. Nd. Þótt það sé nú ekki vanalegt að svara á þennan hátt orðum, sem fallið hafa í hinni deildinni, þá getur þó staðið svo á, að það sé engu síður réttlætanlegt en það, sem oft á sér stað hér, að svara orðum, sem sögð hafa verið utan þings. — Svo stóð á, að sem tilheyrandi í hv. Nd. varð ég var við hinar gífurlegustu öfgar í sambandi við það, hver kostnaður mundi verða af því að kaupa vogir og vigta síldina. Var það hv. 2. þm. G.-K., sem lengst gekk í þessu efni. Hv. þm. hafði þau orð um mig, að hann kvað hv. þm. Ísaf. mundu hafa upplýsingar frá mér, en ég væri „ekki jafnvandur að heimildum og hv. þm. Ísaf“. Nú væri mér það raunar hin sæmilegasta lýsing, þótt ég yrði ekki talinn eins vandur að rökum eða heimildum eins og hv. þm. Ísaf., því að hann er kunnur að því að vera mjög rökvandur maður. En sakir þess, hve þetta var sagt af hv. 2. þm. G.-K., og hann lét engin rök fylgja máli sínu, vísa ég þessu frá mér sem tilraun til óhróðurs og ófrægingar. — Aftur á móti skal ég benda á, að þessi hv. þm. er sjálfur allt annað en vandur að rökum fyrir málstað sínum, eins og ljóslega kom fram í umr. um þetta mál. Hv. þm. N.-Ísf. stóð upp til að segja frá því, að vogirnar, sem nota skal, mundu kosta um 15 þús. kr. hver. Ég þóttist nú raunar vita, hver þessi kostnaður væri, en til frekari fullvissu sneri ég mér til hr. Guðm. Hlíðdals símaverkfræðings, sem hefir umsjón með byggingu síldarbræðslustöðvar ríkisins, og fékk það staðfest hjá honum, að hver vog kostar um 2500 krónur norskar í innkaupi, og yrðu það því rúmar 3000 kr. ísl., er þær væru hér komnar. Hv. þm. N.-Ísf. hefir þannig 5-faldað þennan eina kostnaðarlið í frásögn sinni.

Í lok ræðu hv. þm. N.-Ísf. skaut hv. 2. þm. G.-K. því inn í, að kostnaðurinn af þessum vogum myndi verða 70—80 þús. kr. fyrir síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Ég hefi nú aflað mér upplýsinga um það, að þarna mun þurfa 2 eða 3 vogir, og hefir hv. þm. þannig áttfaldað til tífaldað þennan kostnað. Er hér annaðhvort um að ræða einstakt þekkingarleysi eða dæmalausa óvandvirkni.

Ég vil skjóta því hér inn, að ég sagði hv. 2. þm. G.-K. frá því, að ég mundi svara honum hér, ef hann vildi hlýða á mál mitt, en hann hefir ekki sýnt sig.

Hv. þm. kom því að í máli sínu, að hann sæi þm. Ak. vera að halda ræðu þar í deildinni. Af því að hann hefir nú komið þessu í þingtíðindin, verð ég að svara þessum áburði. (JÞ: Vill ekki hv. þm. flytja sig og tala hinum megin við dyrnar?). Ég hefi því miður ekki málfrelsi nema hérna megin. — Ástæðan til þessara orða hv. 2. þm. G.-K. var sú, að þegar öfgarnar hjá hv. þm. keyrðu mest úr hófi, laut ég að hv. þm. Ísaf. og skaut orði í eyra honum. Ef þetta heitir nú „að halda ræður í deildinni“, þá verð ég að álíta, að hv. 2. þm. G.-K. hafi sjálfur gerzt sekur um þá ávirðingu ekki sjaldnar en ég. Ég tala ekki um það, að hv. þm. er mjög tamt að grípa fram í, og að hann hefir jafnvel í ræðu talað við utanþingsmann, sem staddur var í blaðamanna-

herberginu. En hér í hv. Ed. hefi ég oft séð hann eiga hljóðskraf við hv. þdm., og þar með hefir hann sjálfur orðið sekur um þau afbrot, er hann lýsti á hendur mér. Hinsvegar skal ég lýsa einni sök á hendur mér um hegðun mína í hv. Nd. Þegar þar átti að fara að ganga til atkv. við 2. umr. málsins og hv. 2. þm. G.-K. skaut inn staðleysum sínum um hinn mikla kostnað — 70—80 þús. kr. —, sem síldarverksmiðja ríkisins mundi hafa af því að kaupa vogirnar, þá greip ég fram í og sagði hreinlega, að þetta væri „lygi". Ég skal viðurkenna, að þarna hagaði ég mér ekki allskostar þinglega, en ég færi það mér til afsökunar, að ég heyrði þarna farið með svo miklar öfgar, að ég vissi ekkert orð í íslenzkri tungu, nema þetta eina, sem hægt væri að nota um það.

Læt ég svo útrætt um þetta mál, en vil vona, að í öðrum málum megi hv. 2. þm. G.-K. auðnast að tala af meiri sannindum, heilli hug og með betri rökum en hann hefir gert í þessu.

Jón Þorláksson: Ég hefi ekki almennilega áttað mig á því undir ræðu hv. þm. Ak., í hvorri deild Alþingis ég væri staddur. Ég hefi að vísu séð hér í kringum mig eintóma efrideildar-þingmenn, með hæstv. forseta Ed. í hástóli; en ræðan, sem ég hlýddi á, fannst mér öll eiga heima í hv. Nd., nema syndajátning sú, sem þm. gerði um afglöp sín í þeirri hv. deild. Um það mátti hann auðvitað eins skrifta hér fyrir deildarbræðrum sínum. Þó get ég ekki neitað því, að mér fannst það óþarft af hv. þm. að vera að taka þessa einu yfirsjón út úr og biðja afláts fyrir hana hér. En ef hann ætlar að fara að hafa hér almenna syndajátningu á öllum þeim ávirðingum, sem honum hafa orðið utan deildarinnar, geri ég ráð fyrir, að oss hinum gæti orðið ærið tafsamt að þurfa að hlýða á það allt.

Út af þeim ummælum, sem hv. þm. Ak. beindi til hv. 2. þm. G.-K., er ekki getur svarað fyrir sig á þessum stað, vil ég aðeins segja, að orð hv. þm. eru algerlega einhliða og sýnilega sögð af nokkurri óvild. Veit ég því,, að hv. þdm. taka ekki meira mark á þeim en þau eiga skilið.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Það er mannlegt og vel hugsað af hv. 3. landsk. að hjálpa hér ofurlítið upp á flokksbróður sinn, hv. 2. þm. G.-K. Það, að ég svaraði þeim hv. þm. hér í hv. Ed., orsakaðist af því, að ég mátti til að láta sjást svar við ummælum hans í þingtíðindunum. Ég veit, að hv. 3. landsk. er sammála mér um það, að oft er nauðsynlegt að tala þannig fyrir þingtíðindin. (JÞ: Þeir fá svo margt annað leiðinlegt að lesa). Heldur hv. þm., að hv. kjósendum leiðist það. sem hann talar í þingtíðindin? Það má vel vera, og ég býst við, að það sé eins með okkur báða, að við séum sumum mönnum leiðir hvor um sig, en kannske ekki báðir þeim sömu. — Hv. 3. landsk. talaði um, að ég mundi þurfa langan tíma til að skrifta allar þær yfirsjónir, sem ég hefi gert utan deildarinnar. Má vera, að satt sé, en ætli það sé þá ekki eins um fleiri? Varla mundi hv. 3. landsk. sjálfur komast af með minni tíma. Fyrir þau örfáu verk, sem hann hefir unnið fyrir Akureyrarkaupstað, skil ég ekki, að hann væri skemur en 2—3 ár að skrifta. Svo mikil voru afglöpin.

Þessi hv. þm. var aðalforstöðumaður fyrir byggingu vatnsveitu Akureyrarbæjar. Þar tókst honum ekki betur en svo, að miðhluti vatnsveitunnar flytur ⅓ minna af vatni en efsti og neðsti hluti hennar Önnur vitleysa, sem hann gerði, — **(Forseti GÓ:** Má ég minna hv. þm. á það, að hann er alveg kominn út frá efninu. Ég vildi helzt óska, að hv. þdm. hér færu ekki að taka upp þann sið á þingfundum, sem tíðkast í hv. Nd., að ræða um allt annað en það, sem er á dagskrá. Það mundi spilla mjög mikið því áliti, sem þessi hv. deild hefir átt skilið hingað til. Að fara svona í mannjöfnuð, en tala ekkert um málið, það kann ég ekki við).

Ég skal þá alveg hverfa frá að fara í mannjöfnuð við hv. 3. landsk. út af þessu nú, en til væri ég með, að við athuguðum þessi mál á öðrum stað. En af því að þessum hv. þm. var leyft að kasta fram ummælum um afskipti mín af einu og öðru utan þings, þá var ég að byrja á ofurlitlum parti af hans eigin æfisögu.

En fyrst ég má ekki láta sjást neitt í þingtíðindunum af æfisögu hv. 3. landsk., þá get ég það kannske einhversstaðar annarsstaðar, ef hann langar til.

Jón Þorláksson: Hæstv. forseti leyfir mér kannske að víkja að þeim kafla æfisögu minnar, sem hv. þm. var nú að rekja, og skal ég stanza nákvæmlega á sama stað og hann.

Ég veit það vel, að sanngjarnir menn á Akureyri bera mér allt aðra sögu viðvíkjandi verkfræðistarfi mínu í þágu bæjarins en núverandi hv. þm. þaðan. Ég hefi góð rök fyrir því. Hinu get ég ekki gert við, þótt hv. þm. skilji ekki, að það getur verið mjög skynsamlegt að leggja vatnsleiðslu þannig, að nokkur hluti hennar sé í upphafi nægur fyrir næstu stækkun verksins, en annar hlutinn ekki gerður öðruvísi en svo, að hann þurfi að endurnýja, þegar næsta stækkun fer fram. Þannig stóð einmitt á um þessa vatnsveitu á Akureyri, að rétt þótti að leggja nægilega víða pípu frá Hesjuvallalindum til þess að nægði fyrir næstu stækkun vatnsveitunnar, því að það munaði svo litlu á kostnaði, að taka pípurnar þetta víðar strax; en þegar neðar dró, sýndi það sig, að ekki var heppilegt að taka víðari pípur en sem hæfðu fyrir fyrstu virkjun, vegna þess að við aðra virkjun var haganlegt að taka þær upp og láta dálitið víðari pípur í staðinn, en full not fyrir þessar pípur annarsstaðar.

Ég veit, að þetta liggur dálitið fyrir utan og ofan skilning hv. þm. Ak., enda get ég heldur ekki gert þær kröfur til hans, að hann standi mér jafnfætis um skilning á verkfræðilegum atriðum.

Ég fer ekki lengra eftir vatnsveitunni en að tala um miðkaflann og efsta kaflann, eins og hv. þm. Ak. gerði. **(Forseti GÓ:** Já, það er gott, að þingmenn gangi sem minnst í vatnið).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég vil benda hv. deild á, að það mun þurfa alveg sérstakt verkfræðingavit til þess að álíta, að rétt sé að hafa miðhluta úr einni vatnsleiðslu þrengri heldur en neðsta og efsta hlutann. **(JÞ:** Ég mátti ekki tala um neðsta hlutann, af því að þingmaðurinn minntist ekki á hann). Hv. þm. vill telja okkur trú um, að þetta sé nauðsynlegt. Já, það væri reynandi að spyrja Reykvíkinga að því, hvort þeir teldu hlunnindi að því að hafa slíkan bláþráð á leiðslunni ofan úr Gvendarbrunnum, til þess að vatnið yrði minna handa þeim. Ég hygg, að svarið yrði eitthvað líkt og hjá okkur norður frá. Það er víst ástæðulaust fyrir hv. 3. landsk. að afsaka slíkan verknað með því að hann sé hyggilegur, því allir munu álíta, að hann stafi af þeim ekki óvanalegu reikningsskekkjum, sem koma fyrir hjá vissum verkfræðingum.

Jón Þorláksson: Af því að hv. þm. nefndi vatnsveituna í Reykjavík, þá skal ég geta þess, að það stendur svo hnyttilega á, að sama tilhögunin hefir þótt æskileg fyrir vatnsveitu Reykjavíkur. Efsti hlutinn er fullgerður fyrir næstu stækkun vatnsveitunnar, en miðhlutinn ekki. Og það hafa ýmsir verkfræðingar vélað um þetta, en orðið sammála um það, að réttast væri að fara svona að.

Í því tilfelli, sem við vorum fyrst að ræða, var verkinu hagað svona fyrir það, að sérstakir erfiðleikar voru á því að framkvæma stækkun á efsta hlutanum, og hlaut því að vera ódýrara að taka þá erfiðleika alla í einu verki, jafnvel þótt lengi þyrfti að bíða eftir fullri þörf fyrir svo stóra leiðslu, heldur en taka þá erfiðleika tvisvar sinnum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 476).

---

37. Skráning skipa.

Á 32. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um skráning skipa (þmfrv., A. 158).

Á 36. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið, eru

þær, að síðan fiskiflotinn jókst svo mjög, sem raun er á, hefir það viljað brenna við, að skráning skipa væri í megnasta ólagi. Það hefir oftar en einu sinni komið fyrir, að skip, sem strandað höfðu eða horfið úr sögunni á einhvern annan hátt, hafa staðið á skipaskrám árum saman eftir að þau voru ekki lengur til, og líka hitt, að skip, sem lögum samkv. átti að skrásetja, hafa ekki verið skrásett á réttum tíma.

Samkv. l. frá síðasta þingi var skipaður skipaskoðunarstjóri, til þess að hafa eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Þessi maður ferðaðist kringum landið síðastl. sumar í erindum síns embættis, og gafst þá kostur á að kynna sér þetta mál. Komst hann að raun um, að ýmsu var ábótavant um skráning skipa víðsvegar úti um land. Hefir hann síðan samið þetta frv. til þess að ráða bót á þeim göllum, sem hann varð var við. Snéri hann sér til mín og hv. þm. Ak. um að flytja frv., og urðum við fúslega við þeirri ósk, með því að okkur var hvorumtveggja kunnugt um, að full þörf var á að hreyfa þessu máli og reyna að koma fram endurbótum á því fyrirkomulagi, sem nú er á skráning skipa.

Þó að þetta frv. sé fyrirferðarmikið, eru þær breyt., sem það gerir á núgildandi löggjöf um þetta efni, ekki eins miklar og búast mætti við.

Aðalbreyt., sem frv. fer fram á, að gerð verði, er sú, að færa eftirlitið með skráning skipa yfir á skrifstofu skipaskoðunarstjóra. Eins og stendur er yfireftirlitið með þessu í stjórnarráðinu, og af því leiðir, að því er í ýmsu ábótavant, þar sem hér er um hjáverk að ræða. Þar sem nú er búið að stofna sérstaka skrifstofu til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra, virðist ekki nema eðlilegt í alla staði, að eftirlitið með skráning skipa verði einnig lagt undir þá skrifstofu, enda er svo gert í nálægum löndum.

Eftir því, sem ég hefi átt kost á að kynna mér kostnaðarhlið þessa máls, virðist mér sem hér verði ekki um mikil aukin útgjöld að ræða, en hinsvegar verður eftirlitið með skráning skipa miklum mun öruggara, ef þessi breyt. kemst á.

Þetta er höfuðbreytingin, sem frv. gerir á núgildandi l. um þetta efni. Auk þess er um nokkrar smærri breyt. að ræða, sem alstaðar standa í sambandi við höfuðbreytinguna, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær sérstaklega.

Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði að sjálfsögðu vísað til n., og þó að það eftir efni sínu ætti heima í sjútvn., vil ég samt leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til allshn. Ég lít svo á, að það sé einkum hin lögfræðilega hlið málsins, sem þurfi að athugast í n., og þar sem hinn eini lögfræðingur, sem sæti á í þessari deild, er í allshn., en ekki í sjútvn., þar sem við aftur á móti flm. frv. eigum báðir sæti, leyfi ég mér að vænta þess, að hv. deild fallist á að vísa málinu til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 7:1 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 251).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd allshn. hefi ég litlu að bæta við nál. hennar á þskj. 251. Þar er tekið fram, hver sú aðalbreyt. er, sem í frv. felst. Hún er sem sé sú, að færa hin daglegu störf við skráning skipa úr fjármálaráðuneytinu yfir á skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Frv. þetta tekur lögin upp í heild aðeins vegna þess, að samræma þurfti breytinguna við flestar gr. frv. að örlitlu leyti.

Önnur breyt. er í þessu frv., að gera að skyldu að halda skráningu yfir alla opna báta, sem skoðunarskyldir eru. Eftir núgildandi lögum er það ekki skylda, enda þótt þeir séu sumstaðar skráðir. Þykir rétt að taka þetta ákvæði formlega upp í lög.

Um kostnað af þessari breyt. er það að segja, að litlar líkur eru til, að hann aukist neitt verulega fram yfir það, sem hlýtur að koma fram við aukningu fiskiflotans.

Á eitt vildi ég benda til athugunar við prentun þessa frv. í Stjtíð., ef að lögum yrði. Á bls. 5 í frv., í 13. gr., er prentvilla, þar sem er vitnað í 6. gr. frv., en á að vera í 7. gr. Einnig má segja, að brtt. n. við

12. gr. sé leiðrétting á prentvillu að nokkru leyti. En með henni eru einnig fyrirmæli gerð nokkru gleggri, og töldum við því rétt að flytja um það brtt.

Fleira er ekki ástæða til að taka fram um frv. þetta. Ég vænti þess, að hv. deild samþ. það. Ég tel, að af þessu frv. ætti að leiða það, að skráning skipa verði í betra lagi en reyndin hefir verið á undanförnum árum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 251 samþ. með 12 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

13.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

18.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 273).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 273).

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13:2 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 430).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi ekki margt um þetta frv. að segja, annað en það, að n. vill ekki fyrir sitt leyti standa á móti þeirri breyt., sem þar með er farið fram á að komist á, sem sé að skráning skipanna sé flutt úr stjórnarráðinu og til skipaskoðunarstjóra. En um leið og skráning skipanna er þannig flutt, fylgja henni og skipamælingar. Það er aðalbreytingin, sem farið er fram á, að þetta verði framkvæmt í skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Innan n. eru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort þetta verði ekki kostnaðarauki, og mér fyrir mitt leyti stóð nokkur stuggur af því, ef hér væri verið að stofna til meiri kostnaðar en verið hefði, og vildi ég ekki ganga inn á neina þá breyt., sem yrði þess valdandi, að neinn verulegur kostnaður hlytist af. Fyrir þetta fór formaður n. til fjmrh. og spurði hann um kostnaðinn og fékk þau svör, að breyt. myndi hafa í för með sér annaðhvort mjög lítinn kostnað eða alls engan. Það getur náttúrlega verið, að ekki hafi allir í n. lagt eins mikla áherzlu á það eins og ég, að ekki yrði stofnað til aukins kostnaðar, en samt sem áður er það vitanlegt, að n. í heild sinni mun ekki hafa viljað, að þetta yrði dýrt skrifstofubákn, fram yfir það, sem nú er.

Með þessum forsendum frá n., sem lýst er í nál. og lúta að því, að við föllumst á þá breyt. með því fororði, að kostnaðurinn verði annaðhvort sáralítið meiri eða alls ekki meiri, erum við sammála því, að frv. verði samþ.

Pétur Ottesen: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á það að taka skipaskráningu, sem stjórnarráðið hefir haft nú um margt ár, þaðan í burtu og flytja hana yfir í skipaskoðunarstofuna, eða í hendur þess manns, sem veitir henni forstöðu.

Ég sé hér, mér til mikillar undrunar, að eftir því, sem þetta mál horfir við frá mínu sjónarmiði, og eftir því, sem lesa má út úr frv., að í nál. sjútvn. stendur, að þessi breyt. muni ekki hafa í för með sér nema lítinn eða engan kostnað.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir þeim manni, sem haft hefir á hendi skipaskoðun hér á landi, verið í fjárl. áætlaðar 8000 kr. til greiðslu á kostnaði út af skipaskoðuninni. Þessi maður hafði, á tímabili a. m. k., jafnframt á hendi um-

sjón með varðskipunum og fékk fyrir það nokkuð háa upphæð, eða nokkuð hærra en þetta, þ. e. a. s. 10 þús. kr. Nú, eftir stjórnarskiptin, var eftirlitið með varðskipunum, a. m. k. að nokkru leyti, tekið af honum og falið á hendur öðrum mönnum, en þar með felld niður sú borgun, sem hann fékk fyrir það, og því haldið fram, að við þessa breyt. ynnist allmikið fyrir ríkissjóð. Nú er það svo, að þessar 10 þús. kr., sem talið var að hann fengi fyrir umsjón með varðskipunum, voru að nokkru leyti borgun fyrir skipaskoðunarstarf, að því leyti sem þessar 8000 kr. hrykkju ekki til, enda kom það brátt í ljós, að þessar 8000 kr. hrukku ekki til, því að í fjáraukal. fyrir 1928 hafa honum verið greiddar 13 þús. kr. og eitthvað meira fyrir skipaskoðunarstarfið eingöngu. Á síðasta þingi var samþ. að gera þetta að sérstöku starfi, með 5000 kr. byrjunarlaunum, sem hækka upp í 6000 kr. Til viðbótar við þetta átti svo að greiða dýrtíðaruppbót á þessi laun.

Nú er mér kunnugt um það, að stj. hefir samið svo við þennan mann, að hann fái þegar greitt hámark þessara launa, og nýtur hann þá þess, að hann hefir lengi haft þetta starf með höndum, svo að laun hans eru nú 7800 kr. Ennfremur átti hann að fá skrifstofukostnað eftir reikningi og sömuleiðis ferðakostnað, eftir því sem starf hans útheimti.

Nú lá hér fyrir fjvn. Nd. skýrsla um nauðsynlegan kostnað við skrifstofuhald og ferðakostnað, sem myndi verða fullar 8000 kr. Það kom til umr., og ætla ég, að það hafi frekar fallið niður af vangá en að það væri meiningin, að fjvn. tæki ekki upp till., eða a. m. k. að nokkru leyti, um hækkun á þessum lið. Hv. Ed. hefir nú tekið þetta upp, en launin eru þar einu þús. kr. of lág og skrifstofukostnaðurinn mun vera fullum þrem þús. kr. lægri en það, sem líkindi eru til, að greitt verði.

Þessi borgun eða kostnaður við þetta embætti er eingöngu miðaður við starf og greiðslu fyrir skipaskoðun, en það felst ekkert í honum fyrir hin auknu störf, sem hér er ætlazt til, að skipaskoðunarstjóri taki við af stjórnarráðinu. Þess vegna leiðir það alveg af sjálfu sér, að sá kostnaður, sem leiðir af þessu, er vitanlega aukin útgjöld á þessu sviði, enda kemur það greinilega fram hér, þar sem svo stendur í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist skráningarstofa ríkisins".

Það er m. ö. o., að þarna á að setja upp sérstaka deild, sem eftir því, sem ég hefi talað við forstjóra skipaskoðunarstofunnar, mun mjög bráðlega taka upp störf eins manns, auk þess sem hér af mun leiða aukinn skrifstofukostnað að öðru leyti, og þess utan aukinn ferðakostnað. Það hlýtur þess vegna algerlega að vera út í bláinn sagt, að af þessari breyt. muni ekki leiða aukinn kostnað, og ég er alveg hissa á því, að sjútvn. skuli hafa flaskað svo á þessu máli að gera að sínum orðum þau ummæli, að af þessu muni ekki leiða neinn aukinn kostnað.

Það er nú um þessi störf, skipaskráningu, að segja, að þau voru áður unnin með þeim starfskröftum, sem fyrir voru í stjórnarráðinu, án þess að fyrir það væri borgað nokkuð sérstaklega. Hinsvegar sést það á landsreikningnum 1928, að það hefir verið tekið upp að borga nokkuð aukalega fyrir þessi störf í stjórnarráðinu, en hver nauðsyn hafi borið til þess, skal ég ekki dæma um. Það er sem sé alkunnugt, að farið hefir verið að hefja aukagreiðslur til manna fyrir ýms störf, sem áður var ekki borgað fyrir sérstaklega. Hvort þetta liggur í sérstaklega auknum störfum eða þeirri stefnu í aukagreiðslum, sem upp hefir verið tekin síðustu árin, eða hvað vegur mest í þessu efni, skal ég ekki dóm á leggja, en hitt leiðir af sjálfu sér, að með þessari tilfærslu er verið að stofna alveg sérstaka deild við skipaskoðunarstofuna, sem vitanlega hefir í för með sér allmikinn aukinn kostnað.

Að hve miklu leyti það er óhjákvæmilegt að taka þessi störf af stjórnarráðinu, segir n. ekkert um í nál. sínu, og virðist ekki hafa aflað sér neinna upplýsinga í því efni; a. m. k. liggur engin rannsókn fyrir d. um það. Ég býst samt við, að það verði ofan á hér að gera þetta, en hinsvegar þarf enginn að ganga þess dulinn, hvorki sjútvn. eða aðrir, að þetta hefir í för með sér aukinn kostnað. Þarna er verið að létta af störfum, sem áður

hafa verið unnin af starfsmönnum stjórnarráðsins, og mynda nýja stöðu. Það eru þess vegna fullar horfur á því núna, að kostnaðurinn við skipaskoðunarstofuna, án þess að nokkuð tillit sé tekið til þess að hann verður a. m. k. nokkuð á 17. þús. kr., hlýtur vitanlega að aukast mikið við þessa breyt.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, og á meðan ekki eru færðar frekari ástæður fyrir þessari breyt. heldur en liggur í þessari grg., mun ég ekki sjá ástæðu til að greiða atkv. með þessu frv. Og ef fylgi sjútvn. við frv. byggist eingöngu á því, eins og hv. frsm. lýsti yfir, að þetta muni ekki hafa aukinn kostnað í för með sér, þá ætla ég, að hv. n. fari þar allmjög vill vegar, og mun það sannast á sínum tíma.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það er út af ummælum hv. þm. Borgf., sem ég vildi segja nokkur orð sem einn nm.

Ég skal ekki fara út í þá hlið málsins, sem viðkemur skipaskoðun almennt, en víkja að þeirri hættu, sem þetta frv. muni hafa í för með sér um aukinn kostnað.

Það má hér af ástæðunum fyrir þessu frv. sjá nokkuð ljóslega, á hverju það er byggt, og hv. Ed. hefir komizt að sömu niðurstöðu og sjútvn. Nd., að hér sé um það að ræða, sem í raun og veru sé ekkert annað, eftir eðli málsins, en miklu réttara að koma þannig fyrir. Mér er kunnugt um það, að hér á Norðurlöndum er skráning skipa sett í samband við skipaeftirlit. Þykir miklu þægilegra að koma því svo fyrir, að sá, sem hefir skipaeftirlitið með höndum, hafi einnig þetta; en það er nú svo, að skráning skipa út af fyrir sig er ekki þýðingarlaust atriði, það hefir margvíslega þýðingu, og að skrá íslenzka skipastólsins sé í lagi á hverjum tíma, verður að teljast mjög nauðsynlegt, en það er upplýst í grg. frv., að það sé misbrestur á því, að þessi skrá hafi verið í því lagi, sem hafi átt að vera. Þess vegna er farið fram á, að þetta sé látið heyra undir skipaeftirlitið, enda mun sú reynslan verða hér sem annarsstaðar, að þetta fari mjög vel saman.

Hv. þm. Borgf. vill gera mjög mikið úr kostnaðinum. Þegar þetta frv. lá fyrir sjútvn., lenti það á mér og form. n. að útvega upplýsingar um væntanlegan kostnað. Við snérum okkur í því efni til fjmrh. og skipaskoðunarmanns ríkisins. Hinn síðarnefndi sagði mér, að kostnaðurinn, sem af því kynni að leiða, myndi kannske aðeins verða sá, að það þyrfti einu herbergi fleira á skipaskoðunarstofunni, því að það mundi flytjast svo mikið af plöggum þangað úr stjórnarráðinu, en pláss ekki meira þar en stofan sjálf þyrfti að hafa og nota. Um það skrifstofustarf, sem mundi verða aukið við, skýrði hann svo frá, og það bar honum saman um við fjmrh., að það myndi ekki verða meira en svo, að menn munu hugsa sér, að sá maður, sem aðallega hefir unnið að þessu í stjórnarráðinu, vinni þar nokkra tíma á dag, svo að það bætist lítið á skipaskoðunarstofuna við þetta. Um aukinn kostnað af ferðalögum er það að segja, að skipaskoðunarmanni er ætlað samkv. sínu embætti að ferðast í þágu þess um landið, og gæti hann þá unnið að þessu um leið, þegar hann er á eftirlitsferðum hvort sem er. Gæti hann þá hitt lögreglustjórana um leið og athugað þær breyt., sem hefðu orðið hjá þeim, svo að það getur ekki komið til mála, að aukinn kostnaður verði af ferðalögum út af fyrir sig. En ég held helzt, að sjútvn. hafi verið á þeirri skoðun, að ef þetta mætti verða til þess, að það kæmist betra lag á þetta, þá væri rétt að fallast á frv. eins og það liggur fyrir, því að breyt. er ekki önnur en þessi, að færa starfið á aðra skrifstofu, og ég hygg, að það myndi fást gleggri skýrsla og fljótari um allar breyt. á skráningu skipa með þessu lagi.

Ég vildi taka það fram hvað mig snerti, að jafnvel þótt eitthvað svolítið meiri kostnaður yrði við breytinguna, þá myndi ég ekki horfa svo mjög í það, því að þessi skráning er svo merkilegt atriði fyrir sig, að nauðsynlegt er, að hún sé í fyllsta lagi. Hjá hinum Norðurlandaþjóðunum er árlega gefin út skrá yfir skip, sem þar eiga heima, skrá, sem má reiða sig á, en sá ljóður hefir verið á okkar skipaskrá, að í henni eru talin skip, sem fyrir löngu eru úr sögunni. Vonandi lagast þetta með þessari ráðabreytni, og hygg ég, að engin ástæða sé til að óttast svo mjög þann kostnað, sem af frv. muni leiða, að menn verði á móti því fyrir þær sakir.

Magnús Guðmundsson: Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að alstaðar annarsstaðar á Norðurlöndum en hér væri nákvæm skráning skipa, en ég hygg, að svo sé einnig hér. Þar eru að sjálfsögðu sérstakar skrifstofur til þess starfs, en það er dálítið annað þar eða hér, og við getum ekki apað allt eftir stóru þjóðunum, þar sem eru mörg þúsund skip og þess vegna miklu meira að gera við þessi störf. Ég er vel kunnugur því, að þetta starf er nú unnið í fjmrn. sem nokkurskonar auka- og ígripaverk þar, og ég veit ekki til, að það hafi verið neitt út á það að setja, annað en kannske það, að það hafi ekki verið hirt um að tilkynna stjórnarráðinu sölu á skipum, eða þegar skip hafa eyðilagzt, en það getur komið fyrir alveg eins, þótt skrifstofan sé annarsstaðar en í stjórnarráðinu. Hægt væri líka að kippa þessu í lag með því að gera eftirlitsmanninum að skyldu að tilkynna í stjórnarráðinu, þegar hann yrði var við slíkar breyt., því að hann hlýtur fyrst og fremst að verða var við þær. Annars er það skylda sýslumannanna að tilkynna fyrir sitt umdæmi þær breyt. um skipaeigendur, sem verða í héraðinu.

En að halda því fram, að enginn aukinn kostnaður fylgi þessu, er fjarri lagi, og ég er alveg steinhissa á því, að slíku skuli haldið fram. Hv. 4. þm. Reykv. hefir líka upplýst, að kostnaðurinn muni aukast, því að hv. þm. segir, að fyrst og fremst verði að bæta við einu herbergi á skrifstofu eftirlitsmanns skipa, og ætli það þurfti ekki neina aukaborgun fyrir það? (SÁÓ: Það er líka það eina). En maðurinn úr stjórnarráðinu, á hann ekki að fá einhverja aukaþóknun, þegar hann vinnur utan stjórnarráðsins? (SÁÓ: Sömu og áður). Þegar ég var í stjórnarráðinu, var engin þóknun greidd fyrir þetta verk, sem var gert í ígripum, þegar hlé varð á öðrum störfum.

Ég skal ekki neita því, að þetta starf kunni kannske að verða í eitthvað betra lagi, þegar það er komið til skipaeftirlitsmanns, en það getur komið fyrir alveg eins, þótt hann taki við þessu starfi, að hann viti ekki um bát, sem ferst, eða skip, sem er selt, fyrr en löngu síðar, ef þeir menn, sem skylda hvílir á að tilkynna breytingar, gera það ekki.

Það hefir annars skipt nokkuð í tvö horn um fjárframlag úr ríkissjóði til eftirlits með skipum. Þegar ég var ráðherra, var ég að reyna að fá þetta tillag hækkað upp í 8000 kr. Það þótti gífurlegt þá. En nú er búið að setja upp sérstakt embætti í þessu skyni og sérstaka skrifstofu og svo á enn að bæta við. Ég er samdóma hv. þm. Borgf. um það, að hans áætlun verði sízt of há. Áður var það svo, að þessi eftirlitsmaður hafði líka á hendi umsjón með útgerð varðskipanna, sem var mjög hentugt, vegna þess að þá gat hann haft mann í skrifstofunni, sem var vanur skrifstofustörfum, en hann sjálfur sinnt eftirlitinu úti í bæ. En það kvartaði hann mest um við mig, að hann gæti ekki haldið opinni skrifstofu, þegar hann var einn og þurfti að sinna störfum úti í bæ og vinna að skipaeftirliti.

Því hefir verið haldið fram, að það hafi verið sparað mikið fé með því að taka þessa umsjón með varðskipunum af þessum manni. En reynslan hefir samt orðið sú, að þetta nýja fyrirkomulag hefir orðið miklu dýrara. Auk þess hefir ekki verið hægt að taka af manninum eftirlitið með sjálfum varðskipunum, því að náttúrlega er það gefinn hlutur, að hver og einn getur ekki haft slíkt eftirlit með höndum. Hefir hann fengið fyrir þetta sérstaka borgun, sem hann hafði ekki áður.

Ég er þess vegna ekki í neinum minnsta vafa um það, að samþykkt þessa frv. hefir í för með sér talsvert mikinn kostnað; það mun koma á daginn síðar. Og þar sem ég ekki get séð annað en að hægt sé að ráða bót á þeim ágöllum, sem nú kunna að vera, án aukinna útgjalda, mun ég ekki greiða atkv. með þessu frv., en lofa meiri hl. þessarar hv. d. að vera einum um að samþykkja það.

Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að bæta við það, sem hv. 1. þm. Skagf. svaraði hv. 4. þm. Reykv. En það er út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um það, að ekki mundi leiða aukinn kostnað af þessu, að ég vildi geta þess, að ég var af n. hendi sendur til þessa manns, til þess að ræða við hann um þær krófur, sem hann gerði til aukins skrifstofukostnaðar.

Þá útlistaði hann það greinilega fyrir mér, að miðað við skipaskoðunina eina gæti hann ekki komizt af með minna en 8000 kr. til skrifstofuhalds og ferðakostnaðar, og því er mér það óskiljanlegt, hvernig hann ætti að geta bætt við sig ennþá meira starfi án þess að fá ríflegri laun.

Í dag átti ég líka tal um þetta við skipaskoðunarmanninn, og hann sagði mér þá, að hann myndi verða að bæta einum manni við hjá sér til að standa fyrir einni deildinni, nefnilega skrásetningardeildinni, sem lög gera ráð fyrir. Í frv. er líka gert ráð fyrir, að frekari aðstoðar muni við þurfa, og á þá að greiða fyrir hana af skrifstofukostnaðinum, en hann verður auðvitað því hærri, sem frekari aðstoð þarf til að leysa þessi verk af hendi. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, verður þá að bæta hér einum manni við. Auk þessa hefir hv. 4. þm. Reykv. upplýst það í málinu, að skrifstofan myndi verða að auka við sig húsnæði, og hefir það auðvitað aukinn kostnað í för með sér. En þetta er vanaviðkvæðið, að þegar þess er farið á leit hér í hv. Alþingi að stofna nýjar stöður, þá er alltaf sagt, að enginn nýr kostnaður muni af því hljótast, en svo er það auðvitað reynslan, sem sýnir allt annað. Úr því að stjórnarráðið hefir hingað til getað haft þetta starf með höndum, þá má ætla, að það geti það enn um hríð, og er þá með þessu verið að stofna til óþarfa kostnaðar, sem vel mætti komast hjá. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en þar sem hér er verið að stofna til óþarfa útgjalda, get ég ekki greitt frv. þessu atkv. mitt.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get látið mér nægja stutta aths. að þessu sinni, en vildi snúa mér lítillega að hv. 1. þm. Skagf., og voru það aðallega tvö atriði í ræðu hans, sem ég ætla að svara. Hann benti á, að þótt þessi lög yrðu sett, gæti sama vanrækslan átt sér stað hjá sýslumönnum með að tilkynna þær breyt., sem yrðu á skráningu, en þar sem skipaskoðunarmaðurinn er alltaf á ferð og flugi, ætti hann að geta heimsótt þá og gengið ríkt eftir, að þeir framkvæmdu þessa skyldu sína. Ennfremur sagði hv. þm., að þetta starf væri ekki launað í ráðuneytinu, í það minnsta hefði það ekki verið svo í hans ráðherratíð, en mér skildist hinsvegar á hæstv. fjmrh., að fyrir verkið væri greidd nokkur þóknun, svo að hér er þá ekki að ræða um annað en flutning milli skrifstofa, en aukakostnaður verður sama og enginn við þessa breyt.

Ég vil taka það fram í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þegar ég átti tal við skipaskoðunarmanninn, þá sagði hann mér, að sá maður, sem þetta starf hefði með höndum, myndi vinna við það svona tvo tíma á degi hverjum, í það minnsta yrði það svo fyrst um sinn. Ég veit, að hv. þm. ber mér það eigi á brýn, að ég fari með ósannindi, en ef skipaskoðunarstjóri hefir haft önnur ummæli við hv. þm., þá ber honum ekki saman við sjálfan sig, því að við mig sagði hann, að þetta myndi engan aukinn kostnað hafa í för með sér annan en þann, sem leiddi af auknu húsrými.

Það má vel vera, að of lítið fé sé ætlað til skipaskoðunarstjóra í fjárlögum, en ég veit, að hv. þm. Borgf. er mér sammála um það, að aðalatriðið í þessu máli er að sjá svo um, að sem öruggust skip verði höfð á sjónum, og að nokkuð sé leggjandi í sölurnar fyrir það. Eftirlitið með þessu er hinsvegar orðið svo mikið starf, að ég hygg, að skipaskoðunarstjóri vilji fá mann sér til aðstoðar til að sinna því. Að endingu vil ég leggja áherzlu á það, sem ég tók fram áðan, að þetta starf á miklu betur heima hjá skipaskoðunarstjóra en að blanda því saman við óskyld störf uppi í stjórnarráði, og með því er fengin betri trygging fyrir, að það verði vel af hendi leyst.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi aðeins taka það fram, að ég sagði ekki, að sýslumenn vanræktu störf sín, eins og mér skildist á ræðu hv. 4. þm. Reykv., heldur sagði ég, að ef um vanrækslu væri að ræða frá þeirra hálfu, þá mætti laga það með öðru móti en að senda mann á fund þeirra. Það mætti t. d. skrifa eða síma til þeirra. Hitt virðist mér algerlega þarflaus kostnaður, sem engin ástæða er að stofna til.

Hinsvegar skal ég taka þau orð hv. 4. þm. Reykv. trúanleg, að nú muni greitt

fyrir þetta sem aukastarf í stjórnarráðinu, en þótt þessi breyt. yrði gerð, væri hér aðeins um óþarfa flutning milli skrifstofa að ræða, sem hefði dálitið aukinn kostnað í för með sér hvað húsnæði snertir. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessu máli.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi aðeins taka það fram, að þessar upplýsingar hv. 4. þm. Reykv. voru gefnar í n. og þar teknar trúanlegar, en þar sem hv. þm. Borgf. kemur með upplýsingar í málinu, sem ganga í aðra átt, en eru einnig frá fyrstu hönd, vil ég, að n. verði gefinn kostur á að athuga málið nánar. Við 3. umr. málsins gæti n. svo lagt fram álit sitt, og þá hefðu þeir nm. óbundnar hendur, sem tóku orð hæstv. fjmrh. trúanleg, að af þessu myndi engan kostnað leiða.

Ólafur Thors: Ég vildi aðeins taka það fram, að ég vil, að málinu verði frestað og að n. gefist kostur á að athuga það betur, því að ef þær upplýsingar, sem hv. þm. Borgf. hefir gefið, reynast réttar, þá breytir það afstöðu minni til málsins.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. 2. þm. G.-K. vil ég benda á það, að þetta er 2. umr. málsins, þannig að ef eitthvað nýtt kann að koma fram, hljóta hv. þdm. að hafa óbundnar hendur við þá þriðju. Sé ég því ekki ástæðu til að fresta málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 13:2 atkv.
12. gr. samþ. með 13:2 atkv.
13. gr. samþ. með 13:2 atkv.
14.—28. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Á 77. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 273).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Vegna ummæla, sem fram komu við 2. umr. þessa máls, hefi ég aflað mér nokkurra upplýsinga á kostnaði við framkvæmd þessa frv., ef það yrði að lögum. Þær upplýsingar, sem ég hefi fengið, hafa ekki gefið mér ástæðu til að skipta um stefnu í málinu, því að þær hafa staðfest það, sem áður hafði verið upplýst fyrir sjútvn., í fyrsta lagi, að það er þörf á betra fyrirkomulagi á skráningu skipa, og í öðru lagi, að kostnaður er tiltölulega mjög lítill. Ég gat þess við 2. umr., af því það komu fram mjög mismunandi skoðanir um, hvað kostnaðurinn mundi vera mikill, að rétt væri að athuga til 3. umr., hvort n. hefði fengið ranga hugmynd um kostnaðarhlið málsins, en ég get ekki séð, að svo hafi verið.

Pétur Ottesen: Ég má ekki vera að því að lesa þetta bréf, sem ég hefi ekki séð fyrr en nú, en ef hv. þm. Vestm. telur, að ég hafi farið með rangar upplýsingar við 2. umr. þessa máls, verð ég að mótmæla því. (**JJós:** Alls ekki). Ég skal benda á til áréttingar, að ég hafði mínar upplýsingar frá þeim manni, sem nú stendur fyrir skipaskoðuninni. Ef hann segir annað nú, hlýtur hann að hafa skipt um skoðun í þessu síðan ég talaði við hann. — Ég hefi ekki meira um þetta að segja, þar sem ég hefi ekki getað kynnt mér þetta bréf, sem nú er lagt fram.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

---

38. Verðtollur (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll (þmfrv., A. 420).

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Hannes Jónsson): Það þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli; væri í raun og veru nóg að vísa til grg. frv. Það er sjáanlegt, að frv. það, sem nú liggur fyrir um verðtoll, nær ekki fram að ganga, en hinsvegar getur ríkið

ekki verið án þeirra tekna, sem sá verðtollur veitir, sem nú er í gildi, og því er farið fram á, að ákvæði um verðtoll verði framlengd til ársloka 1931.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv., en vona, að hv. deild taki málinu vel.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv., og það þegar við 1. umr. þess. Fyrir þetta þing hafa verið lögð allmörg ný frv. um skattamál, og hefði vel mátt ná að afgreiða þau. Tel ég því alveg ástæðulaust að framlengja lög eins og þau, sem hér er um að ræða, lög, sem upphaflega voru sett aðeins til bráðabirgða og fyrir löngu átti að vera búið að fella úr gildi. Ef hæstv. stj. vill sinna þeim skattalagafrv., sem liggja fyrir deildinni, er auðvelt fyrir hana að fá þau afgreidd enn. Verðtollslögin eru svo ranglát og óskynsamleg, að það er óverjandi að framlengja þau eftir að bent hefir verið á aðrar leiðir til tekjuöflunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LH, MG, MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, BSv.

nei: SÁÓ, HG.

Ellefu þm. (JÓl, MJ, ÓTh, PO, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HK, HV) fjarstaddir.

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 2. umr.

Og skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MT, ÓTh, PO, BSv.

nei: SÁÓ, HV, HG.

HK greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÁÁ, EJ, JÓl, MJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 420).

Á 74. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil aðeins vísa í grg. frv., þótt stutt sé, um ástæður, sem liggja fyrir því, að þetta frv. er fram komið. Það hefir gengið í gegnum hv. Nd. umræðulaust, og ég vildi mega vænta þess, að þessi hv. deild tæki vel á móti því og leyfði því að ganga áfram.

Ég sé ekki þörf á að vísa málinu í n. Það liggur þannig fyrir, að mínu áliti, að ekki er við það annað að gera en fella það eða samþykkja, sem ég vona, að hv. deild geri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 526).

39. Mat á kjöti til útflutnings.

Á 62. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um mat á kjöti til útflutnings (þmfrv., A. 342).

Á 67. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Lárus Helgason): Ég hafði ekki hugsað mér að halda langa framsöguræðu. Málið er flestum hv. þdm. svo kunnugt, að þess er ekki þörf. Það er um mat á kjöti. Eins og mönnum er kunnugt, eru til lög um mat á saltkjöti, en þau ná ekki til kælds kjöts. Hér er bætt við ákvæðum um mat á frosnu kjöti og kældu. Tilgangur frv. er að vanda þessa vöru sem bezt og þar með að auka álit á henni, til þess að unnt verði að fá hærra verð fyrir hana framvegis. Nefndin hefir haft málið til athugunar, en ekki gert tillögur um neinar breytingar enn. Verið getur, að einhverjar brtt. verði bornar fram, en varla stórvægilegar. Fyrir hönd n. vil ég mæla með frv. og vona, að það gangi gegnum hv. deild sem greiðast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, 403).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 403. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Helgason): Við 1. umr. þessa máls gat ég þess, að n. mundi koma með smávægilegar brtt. við þetta frv., og þær eru hér fram komnar á þskj. 403. Þær eru í raun og veru litlar efnisbreytingar.
Við 2. gr. er ekki annað en að kveða skýrar á, þar sem sagt er, að læknir skuli tilkynna yfirmatsmanni misfellur. N. bætir við: „Ef mikil brögð eru að". — Það koma nefnilega iðulega fyrir tilfelli, að skrokkar séu illa flegnir. N. gat ekki séð, að það gæti verið meining laganna að fara að hlaupa alltaf með það til yfirmatsmanns, heldur sjá svo um, að þeir gölluðu skrokkar, sem koma fram, verði ekki látnir ofan í þær tunnur, sem til útlanda eiga að fara.
Þá er brtt. við 3. gr. Eftir henni getur atvmrh., ef þess er óskað, löggilt sláturhús. Þótti n. rétt að bæta við: Samkv. till. yfirmatsmanns.
Þá er brtt. við 5. gr. Eins og frv. er nú, stendur, að yfirmatsmenn þessir skuli vera hæfilega margir.
N. fannst réttara að tiltaka töluna. Þeir hafa hingað til verið fimm, en samkv. þessu frv. verður a. m. k. að bæta einum við, vegna kælda kjötsins. En n. fannst, að ekki mundi þurfa að fjölga þeim meira en upp í sex.
Aðrar breyt. eru ekki frá n. hálfu. Eins og ég gat um við 1. umr., er þetta frv. fram komið vegna kælda og frosna kjötsins. Þar sem nauðsynlegt virðist að lögskipa mat á því kjöti, er sjálfsagt, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 403,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 403,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 403,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 411).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 411).
Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 411, n. 481).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og gekk í gegnum þá deild athugasemdalítið. Landbn. þessarar d. hefir athugað það eftir föngum og fallizt á, að þetta frv. verði að lögum.
Þetta frv. miðar að því, að þessi vara, sem hér er um að ræða, sé sem mest vönduð til útflutnings, til þess að útvega henni meira álit og betri sölumöguleika í útlöndum. Það er svo, að það vex stöðugt útflutningur á söltuðu og frystu kjöti, en það gengur erfiðlega að fá nægilegan markað, og þess vegna er nauðsynlegt að vanda vöruna sem bezt. Þess vegna hefir n. talið frv. réttmætt og fallizt á, að það verði samþ.
N. hefir ekki neitt sérstakt við frv. að athuga og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

---

40. Landhelgisgæzla.

Á 7. fundi í Ed., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um aukna landhelgisgæzlu (þmfrv., A. 34).

Á 11. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Ég hafði búizt við að þurfa ekki að flytja frv. um þetta efni á þessu þingi; hafði gert ráð fyrir, að ríkisstj. myndi taka af mér ómakið með það, og taldi henni það yfirleitt skyldara en hverjum einstökum þm.
Á hverju einasta þingi síðustu 10—12 árin hefir verið rætt mjög mikið um landhelgisvarnirnar, og á síðustu þingum verið ríkjandi skoðun innan allra flokka, að þinginu bæri að auka og efla landhelgisvörzluna, til þess að vernda smábátaútveginn gegn yfirgangi erlendra og innlendra togara. Til sönnunar því, að þessi skoðun hafi verið ríkjandi á undanförnum þingum, má minna á það, að á þinginu 1928 var flutt frv., og samþ. svo að segja í e. hlj., þess efnis, að byggja nýtt strandvarnaskip. Þetta skip er þegar komið og tekið til starfa. Á ég þar við varðskipið Ægi.
Í umr. á þinginu 1928 kom það ljóst fram, að þótt skipin yrðu þrjú, töldu menn, að strandvarnirnar myndu þrátt fyrir það alls ekki verða fullnægjandi og síðar þyrfti að bæta enn meira við varðskipaflotann. Reynslan þennan stutta tíma, sem varðskipin hafa verið þrjú, hefir líka sýnt það, að vörnin hefir alls

ekki verið fullnægjandi. Hafa víða heyrzt raddir um það, en af því að ég er ekki nægilega kunnugur víðsvegar um landið, skal ég ekki leggja fullnaðardóm á það, hvort allar þær raddir eru á fullum rökum byggðar. En ég get fullyrt það, að í mínu kjördæmi, þar sem ég þekki bezt til, hefir gæzlan verið í mesta ólagi, a. m. k. þann tíma, sem hennar þurfti helzt við. Það má segja, að það kvæði lítið að yfirgangi togaranna síðastl. haust, en þegar kom fram undir jól, brá svo við, að frá þeim tíma og næstum því fram á þennan dag má segja, að fleiri og færri togarar hafa verið í landhelgi daglega fram undan Snæfellsnesi. Þeir hafa auðvitað skroppið frá dag og dag, helzt þegar þeir vissu um ferðir varðskipsins þangað vestur eftir, því að vitanlega fara þeir nær um, hvar varðskipin halda sér á hverjum tíma, eða þegar þeir þurftu að bregða sér frá til þess að fara á erlendan markað með ránsfeng sinn.

Þetta ástand er algerlega óþolandi, og þrátt fyrir það, þótt ítrekaðar kvartanir og beiðnir hafi verið sendar til ríkisstj. um auknar varnir, og þrátt fyrir það, þótt síðasta þing samþ. þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að halda úti sérstökum bát á þessum slóðum haust- og vetrarmánuðina, þá hefir fram að þessu verið gert mjög lítið, að öðru leyti en því, að nú fyrir rúmri viku, þegar allt ætlaði að keyra fram úr hófi og símað var, að milli tíu og tuttugu togarar væru daglega fram undan Snæfellsnesi, þá gaf stj. leyfi til, að fenginn væri bátur til strandvarna þar um óákveðinn tíma. Er mér ekkert kunnugt um, hve lengi stj. ætlar að hafa hann, en þótt allmikil vörn sé að 10—12 lesta bát, er þó langt frá því, að slíkt sé fullnægjandi vörn. Bátur af þeirri stærð getur alls ekki haldið sér úti í þeim veðrum, sem togarar eiga hægt með að toga í í landhelgi. Því til sönnunar má minna á það, að eina nótt, þegar báturinn varð að liggja inni á Grundarfirði sökum óveðurs, þá sömu nótt toguðu botnvörpuskipin innan landhelgi í ró og næði.

Ég hefi bent á það áður hér á þingi, að ef gæzlan á að vera sæmilega stunduð hér á þessum stöðum, þá veitir ekki af að hafa sérstakan bát til gæzlu þar. Auðvitað gæti það bætt mikið úr skák, ef eitthvert varðskip hefði tækifæri til að skreppa þangað vestur t. d. aðrahverja nótt, en ef það væri gert, þá yrði það að fara fram með meiri leynd en venjulegt er um ferðir varðskipanna, því eins og ég gat um áðan, er togurunum ótrúlega vel kunnugt um það, hvar varðskipin halda sig á hverjum tíma.

Það liggur nú í hlutarins eðli, og maður getur alveg sagt sér það fyrirfram, að með einu eða tveimur skipum er ómögulegt að annast alla landhelgisgæzlu sæmilega, og þótt skipin séu eingöngu notuð til þess starfa; en því miður hefir í seinni tíð orðið nokkur misbrestur á þessu, og hygg ég, að mér sé óhætt að segja það, að það sé talsverð óánægja víðsvegar á landinu yfir hinum mörgu ferðum varðskipanna í aðrar þarfir. En það er alveg sama, þótt skipunum væri á allan hátt stjórnað eins haganlega og hægt væri og eingöngu notuð til landhelgisvarna, það væri þó, á meðan þau eru ekki fleiri, ófullnægjandi.

Á þinginu 1928 töldu menn, að þrjú skip til landhelgisvarna væri það allra minnsta, sem hægt væri að komast af með. Nú hefir, eins og kunnugt er, svo slysalega til viljað, að Þór hefir strandað og helzt úr þessari strandvarnarlest, svo að nú eru skipin ekki nema tvö, og sem stendur ekki nema eitt, síðan Ægir fór til útlanda. Við erum þannig komnir tvö ár aftur í tímann í þessu landhelgismáli, eða við stöndum á sama stað og árið 1928, að öðru leyti en því, að Þór var ekki eins fullkomið skip og hvort hinna, Óðinn og Ægir, og á meðan Ægir er erlendis og Óðinn einn til varnar, má segja, að landhelgin sé varnarlítil, að ég ekki segi varnarlaus.

Eins og ég hefi tekið fram í ástæðunum fyrir þessu frv., er hér tilfinnanleg þörf á að rannsaka bæði fiskimið og fiskigöngur meðfram landinu. Slíkar rannsóknir hafa mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn. Ég fæ ekki annað séð en að varðskipin ættu að geta haft þessar rannsóknir með höndum, og þá einna helzt þetta skip, sem hér er farið fram á að byggja. Ef byggingin væri samþ. með tilliti til þess, þyrfti nokkur aukatæki, sem þá væri eðlilegt að setja í skipið um leið og það væri keypt eða byggt. Ég gæti

svo hugsað mér, að þessum fiskirannsóknum mætti haga þannig, að þær færu fram þrem til fjórum sinnum á ári og stæðu yfir 1—2 vikur í hvert skipti; mætti sjálfsagt haga þeim svo, að þær þyrftu ekki að koma í bág við landhelgisgæzluna.

Þá er kostnaðarhliðin. Eins og ég hefi tekið fram í grg. frv., geri ég ráð fyrir, að þetta skip þyrfti alls ekki að vera eins dýrt og hin, gæti verið miklum mun ódýrara en Ægir. Ég hefi átt tal við marga sjómenn, bæði á togurum og öðrum skipum, og hefi sannfærzt um það, að hæfilegt skip má fá á stærð við lítinn togara, rúmlega 200 smál. skip, með góðum útbúnaði og sæmilegum hraða, fyrir svona þrjú til fjögur hundruð þús. kr., og það þótt talin séu með þessi mælitæki til fiskirannsókna, sem ég gat um áður og sem ekki myndu hleypa verðinu mikið fram. Landhelgissjóður var í ársbyrjun 1929 1331 þús. kr. fyrir utan skipaeignir, eða 2284 þús. kr. með skipum, og hafði þá verið eytt úr honum 338 þús. kr. upp í byggingarkostnað Ægis. Síðan hefir verið borgað úr honum það, sem eftir stóð af verði Ægis, eða 600—700 þús. kr. Sjóðurinn hefir því verið um kr. 700000, þegar sú útborgun var um garð gengin. En þegar svo bætast við sjóðinn vextir, framlag ríkissjóðs og landhelgissektir fyrir árið 1929, má gera ráð fyrir, að hann um síðastl. áramót hafi verið eitthvað á aðra millj., ein millj. og 100—200 þús. kr. Ég hefi ekki getað fengið þetta nákvæmlega gefið upp í stjórnarráðinu, en þessar tölur, sem ég nú nefndi, munu fara mjög nálægt sanni.

Frá því sjónarmiði, hvernig hagur ríkissjóðs stendur, virðist því ekkert því til fyrirstöðu að sinna þessu frv. og ráðast í að kaupa eða byggja nýtt skip; en hér kemur fleira til greina, fleira en stofnkostnaðurinn. Eins og kunnugt er, hefir rekstur varðskipanna verið mjög dýr, og má búast við, að hann verði talsvert dýrari í framtíðinni, og þótt það að vísu sé svo, að varðskipin skili allmiklum sektum í landhelgissjóð, sem má segja, að komi upp í kostnaðinn við gæzluna, þá má ganga að því sem gefnu, að sektirnar muni standa í öfugu hlutfalli við fjölgun skipanna, m. ö. o., því fleiri skip, því minni sektir, svo að það má alltaf búast við, að ríkissjóður verði að leggja fram meira og minna til gæzlunnar auk þeirra sekta, sem koma inn fyrir ólöglegar veiðar. En það er svo margt í okkar þjóðlífi, sem við verðum að verja til stórum fjárupphæðum án þess að það gefi strax beinan ágóða; við verjum t. d. milljónum króna til brúa- og vegagerða, án þess að slíkar framkvæmdir gefi strax nokkurn beinan arð í ríkissjóð. Síðan við tókum að okkur strandferðirnar, hefir ár eftir ár orðið mikill halli á þeim, en þrátt fyrir það dettur bó engum í hug að leggja þær niður eða stöðva vega- og brúagerð landsins. Og af hverju? Af því, að ef ekki á að verða kyrrstaða í landinu, verður að halda áfram að auka allar samgöngur, bæði á sjó og landi. Og eins er það með landhelgisvarnirnar. Þær gefa engan beinan arð, því að sektirnar verða minni þegar frá líður, en þær gefa óbeinan arð; það er ekki hægt að telja fram í tölum, hve mikill arður sé af góðum landhelgisvörnum, en ég þykist ekki taka of djúpt í árinni, þótt ég segi, að hann muni skipta milljónum.

Ég vona, að hv. þm. taki vel í þetta mál, eins og þeir gerðu á þinginu 1928. Það er þörf fyrir aukna landhelgisgæzlu nú, engu minni en þá var, og hagur ríkissjóðs sízt lakari nú en hann var þá.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég álít það mjög gott, að þetta frv. hefir komið fram, eða þessi hugmynd, sem er falin í frv., af því að það eru sjálfsagt allmargir menn í landinu, sem álíta, að það geti komið til mála að byggja eða kaupa þriðja strandvarnaskipið. En ég er ekki alveg viss um það, ef hv. þm. Snæf. ætti, eins og vel getur verið, eftir að sitja á mjög mörgum þingum, og ef t. d. kæmi fram á öðruhverju þingi frv. til l. um nýja skipsbyggingu, að honum gengi alveg eins vel eins og árið 1928 að fá hana samþykkta. Það getur m. a. verið af því, að það geta verið misjafnlega sterkar ástæður fyrir því, að málið gangi fram.

Ég ætla að gera fáeinar aths. við ræðu hv. þm., en eiginlega byrja þó fyrst á því, sem er aðalatriði málsins, að þetta mál er miklu flóknara orðið fjárhagslega en það var áður.

Meðan ekki var nema eitt varðskip eins og Óðinn, sem var fljótara en venjulegur togari, voru ástæðurnar þannig, að það gat ekkert nema fátæktin ein valdið því, að varðskipastóllinn var ekki aukinn. En þegar skipin eru nú orðin tvö og bæði af fullkomnustu gerð, þá er ég ekki viss um það fyrirfram, hvort Alþingi telur sér fært að ráðast í byggingu nýs skips strax, eða telur hitt réttara, að láta það bíða.

Hv. flm. veit vel, að kostnaður við rekstur skipanna tveggja verður yfir ½ millj. kr. á ári. Það er að vísu hugsanlegt, að Ægir verði um 25 þús. kr. ódýrari í rekstri yfir árið en Óðinn, vegna þess að hann brennir olíu, en stofnkostnaður hans var líka meiri. Nú lítur út fyrir, að Óðinn kosti í rekstri um 280 þús. kr. á ári, og ef Ægir kostar 250 þús. kr., þá er það yfir hálfa millj. kr. á ári fyrir bæði skipin. Þótt þriðja skipið, ef byggt verður, væri haft nokkru minna, þá munar það ekki svo miklu á rekstrarkostnaðinum. Þór, sem þó var lítið skip, kostaði í rekstri um 200 þús. kr. Stofnkostnaður er því í raun og veru minnsta atriðið. Þór var t. d. keyptur á 80 þús. kr. og að auki dálitið gert við hann. Hann var svo vátryggður fyrir 120 þús. En í rekstri kostaði hann árlega nálægt tvöfalda þá upphæð, sem í hann var lögð, er ríkissjóður eignaðist hann. Þegar því um byggingu nýs skips er að ræða, er það vissulega rekstrarkostnaðurinn, sem er aðalatriðið. Ég hefði haft hinar beztu vonir um framgang þessa máls, ef ekki hefði verið um annað né meira að ræða en að byggja skip, sem svo hefði borið sig fjárhagslega séð, enda þótt það kostaði 300—400 þús. kr. En þegar gera má ráð fyrir árlegum rekstrarkostnaði eins og að framan getur, þá er skylt að athuga málið rækilega, áður en ákvörðun er tekin.

Ég held, að hv. flm. gleymi því nú, að ein af aðalástæðunum fyrir því, að Ægir var byggður, var sú, að skipstjórinn á Þór, Friðrik Ólafsson, skrifaði stj. seint á árinu 1927, að mig minnir, og skýrði frá því, að hann hefði margsinnis misst seka togara, af því Þór var ekki nógu hraðskreiður, og fór fram á, að byggt yrði hraðskreiðara skip. Þetta var ekki sízt ástæðan til þess, að frv. hv. þm. Snæf. fékk svo góðar undirtektir á þinginu 1928 og málið gekk þá fram. Á sama þingi vissi ég, að það var vilji sumra þm., að Þór yrði seldur, þegar búið væri að byggja Ægi. Þeir töldu naumast fært að rísa undir þeim kostnaði að halda úti þremur varðskipum. Mitt álit á því var, að rétt væri að eiga Þór og halda honum úti yfir vetrarvertíðina a. m. k. sem bæði varnar- og björgunarskipi. Yfir sumartímann var svo Þór notaður sem rannsóknarskip, sem eins og hv. flm. tók réttilega fram, er eitt af því, sem þarf að gera. En þótt nú yrði farið að till. hv. flm. og nýtt skip byggt, þá hygg ég, að ef það skip á aðallega að verja Faxaflóa og Vesturland, sem mér virðast kröfur hv. flm. aðallega miðast við, þá kæmu fljótlega kröfur um samskonar skip frá öðrum landshlutum. Nú liggur t. d. krafa frá Vestmannaeyjum fyrir Nd. Þeim þykir vitaskipið ekki nógu stórt og vilja helzt losna við það. Þá verður vitanlega krafan sú, að eitt skip verði líka byggt fyrir Vestmannaeyjar, því ekki er hægt að nota sama skipið á báðum stöðum yfir vetrarmánuðina, eða á sama tíma yfirleitt. Sú krafa virtist koma fram hjá hv. flm., að Óðinn lægi jafnan við Öndverðanes, eins og hin, að Ægir geti jafnan verið til taks að verja net Vestmannaeyinga. Slíka bita er ekki hægt að rétta að landsins börnum yfirleitt. En víða þarf að verja og þingið verður að vera sá húsbóndi, sem skiptir hjálpinni og lætur hana í té eftir því, sem geta þjóðarinnar leyfir á hverjum tíma.

Ýmislegt var það í ræðu hv. flm., sem bendir á, að hann sækir þetta mál af meira kappi en sanngirni. Hv. flm. hélt því t. d. fram, að strandgæzlan væri ónóg. Þetta er vitanlega hægt að segja. Og ég vil benda hv. þm. á, að svo verður jafnan meðan það fyrirkomulag er á, að Alþingi leyfir það, að hægt sé með skeytasendingum úr landi að aðvara sökudólgana. Menn sem hv. flm., er hafa áhuga fyrir landhelgisgæzlunni, ættu sannarlega að beita áhrifum sínum í þá átt, að fyrirbyggja slíkt. Hingað til hafa útgerðarmennirnir og aðrir flokksmenn hv. flm. beitt áhrifum sínum hér á þinginu til þess að koma allri slíkri málaleitun fyrir kattarnef. Til þess hafa þeir beitt frekju og ósanngirni. En það er ekki víst, að lands-

mönnum þeim, er fyrir utan útgerð standa, finnist til um það, að gerðar séu sífelldar kröfur um bygging nýrra varðskipa, meðan sú ódýra og sjálfsagða leið er ekki farin, að fyrirbyggja það, að lögin séu brotin fyrir tilstyrk loftskeytanna.

Þegar nú bætt hefir verið úr brýnustu þörfinni — ég játa, að ekki hefir verið bætt úr fyllstu þörfum —, þá finnst mér sannarlega vera tími kominn til að athuga, hvað hægt er að gera til hindrunar því, að hægt sé með loftskeytum að leiðbeina togurunum í landhelgi. Þar sem þó mest kenndi kapps hjá hv. flm. og meira en forsjár, var lýsing sú, er hann gaf á landhelgisgæzlunni árið sem leið. Hv. flm. lýsti henni svo, að hún hefði verið mjög léleg. En hann veit það vel sjálfur, að sú lýsing hans er ekki rétt. Hinir leiðandi menn Ólafsvíkur hafa staðið í beinu sambandi við mig um landhelgisgæzluna, og sumir þeirra hafa sagt, að í manna minnum hafi ekki ágangur botnvörpunga þar verið jafnlítill og síðastl. ár, eða meðan skipin voru tvö. En þegar skipum fækkaði, þá jókst ásælni togaranna, eftir því sem oddvitinn í Ólafsvík hefir tjáð mér. Ægir varð þá líka að fara til útlanda til þess að láta fram fara samningsbundna vélskoðun, er framkvæmast átti eftir 6 mánaða notkun. Til þess að sýna ósanngirni hv. flm., vil ég geta þess, að í sama símtalinu, sem oddvitinn í Ólafsvík kvartaði við mig undan ágangi togaranna, gaf ég leyfi til, að notaður yrði sérstakur bátur til að verja landhelgina. Hygg ég, að svo skjót afgreiðsla hafi naumast áður verið gefin, og naumast heldur í tíð stj. þeirrar, er hv. þm. Snæf. studdi, og hefir hann þó víst verið ánægður þá. Til gæzlunnar hefir nú sumpart Þór og sumpart Hermóður verið notaður og yfirleitt verið lögð meiri vinna í varnirnar, sem líka var rétt að gera. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan landhelgisgæzlan batnaði, hefir hún einmitt borið mestan árangur í Ólafsvík. Og hv. flm. getur naumast haldizt uppi að koma á Alþingi fram með ósannan fréttaburð um landhelgisgæzluna í Ólafsvík, því nógir aðrir, sem vita hið rétta, eru til frásagnar um það.

Þá lét hv. flm. falla hnútur til núv. stj. fyrir það, að varðskipin væru stundum notuð til annara þarfa fyrir þjóðfélagið en aðalstarfsins, að verja landhelgina. En ég held nú, að hver einasta stj. muni nota þau endrum og eins til annara þarfa. Og sízt hefir fyrrv. stj. gert minna að því en sú, er nú situr. Í tíð fyrrv. stj. var Þór t. d. einu sinni sendur með blaðapakka frá Akureyri til Svalbarðseyrar, og var þá rétt strandaður þar. Þegar hv. 3. landsk. var forsrh., lét hann Óðin sækja sig og núv. forsrh. upp í Borgarnes, er þeir voru að koma frá fundarhöldum í Dalasýslu. Og þótt hv. flm. tæki einhverntíma sæti í stj., þá hygg ég og, að hann mundi gera slíkt líka, enda væri það alveg rétt gert af honum. T. d. hefir það verið algengt fyrr og síðar að flytja sjómenn milli verstöðva á varðskipunum. Það er því bara vitleysa, að ekki megi nota varðskipin til annars en gæzlunnar, þótt hún sé vitanlega aðalatriðið. Enda getur og hvorttveggja oft farið saman. Ég vil t. d. skjóta því til hv. flm., sem er læknir, hvað gera átti í einu tilfelli. Fyrir rúmu ári var símað af lækni á Vesturlandi til stjórnarráðsins og það beðið að leita úrræða um flutning á sjúklingi, er var svo veikur, að læknir taldi, að hann yrði kafnaður innan 2 sólarhringa, ef hann fengi ekki læknisaðgerð hér í Reykjavík, því engin tæki voru til nauðsynlegrar aðgerðar þar. Ég veit eigi, hvað hv. þm. Snæf. hefði viljað láta gera, en þetta var nú gert. Mér finnst varla sitja á þeim, er fylla flokk þeirra manna, er ekkert eftirlit vilja hafa með loftskeytum til togaranna, að áfellast stj. fyrir slíka notkun varðskipanna.

Þá gleymdi hv. flm. að geta um eitt atriði landhelgisgæzlunnar. Samkv. sambandslögunum frá 1918 hafa Íslendingar rétt til að hafa varðskip frá Dönum í 10 mánuði hvers árs, endurgjaldslaust. Því hefir nú að vísu verið haldið fram, að þetta kæmi ekki að miklu gagni. En það er þó það, sem það er, og því fylgir enginn kostnaður fyrir okkur. Ég man eftir því 1928, að þá var formaður danska varðskipsins einkum „kritiseraður“ fyrir ónytjungsskap. Það mun að vísu vera rétt, að hann tók þá enga togara, en hann fór iðulega ferðir milli Reykjavíkur og Öndverðaness og bægði togurum frá landhelginni.

Eins og nú stendur hefir landið því tvö

góð skip til gæzlunnar, og auk þess danska skipið í 10 mánuði. Spurningin er því bara sú, hvort Alþingi treystir sér til að standa undir rekstri fjórða skipsins.

Ég vil undirstrika það enn betur en hv. flm. gerði, að því betri, sem landhelgisgæzlan verður, því minni verða sektirnar. Þannig munu 1928 hafa verið teknir um 30 togarar, en 1929 aðeins 10. Og síðari helming ársins, eftir að Ægir bættist við, tók Óðinn aðeins 2—3 togara. Það er því mikil ástæða til að ætla, að með þeim þremur skipum, sem væntanlega verja landhelgina næsta ár, Óðni, Ægi og Fyllu, sem er vitanlega heldur óheppilegt skip, vegna þess hve langt hún þekkist að, þá verði lítið tekið af togurum næsta ár, blátt áfram af því, að það er orðin of mikil áhætta fyrir togarana að fara í landhelgina. Gæzlan er einmitt orðin svo góð. Einkum mundi það fara svo, ef hægt væri að koma á góðu eftirliti með togaraskeytunum.

Ég heyrði ekki hv. flm. tilnefna neina nefnd. En ég tel sjálfsagt, að þetta frv. gangi til sjútvn. Ég fyrir mitt leyti skal hjálpa til að útvega n. þær upplýsingar, sem fáanlegar eru, enda þótt ég sé ekki sannfærður um, að rétt sé að ráðast í þetta nú þegar. Má vera, að annað verði ofan á, þegar sjútvn. hefir rannsakað málið til hlítar.

Flm. (Halldór Steinsson): Ég gat nú búizt við að fá betri undirtektir en raun varð á hjá hæstv. dómsmrh., eftir þeim undirtektum, sem frv. mitt fékk 1928. Hæstv. ráðh. sagði, að ástæður væru mikið breyttar frá því sem var 1928. En ég vil nú halda því fram, að þær séu æðisvipaðar. Þá höfðum við 2 skip til gæzlunnar, og við höfum sömu tölu enn. Þörfin fyrir vörzlu er eins mikil nú og þá, og enn höfum við ráð á að byggja skip.

Mér þótti hæstv. ráðh. taka naumast nógu djúpt í árinni, er hann sagði, að Ægir hefði orðið talsvert dýrari en Óðinn. Eftir því, sem mér hefir verið sagt, þá hefir Ægir kostað yfir millj. kr., og þá orðið allt að því hálfu dýrari en Óðinn. Samt hefir hann engin betri né meiri skilyrði til að gera frekara gagn en Óðinn.

Hæstv. ráðh. sagði, að rekstrarkostnaður yrði mikill. Það er rétt, og ég viðurkenndi það líka í ræðu minni. En hinu hélt ég líka fram, að svo margt væri gert annað, er nauðsynlegt mætti teljast, sem þó gæfi engan beinan arð í ríkissjóð. Ég nefndi brúa- og vegagerðir og strandferðir, sem óbeinlínis gæfu afarmikinn arð, eða gerðu gagn.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að byggt yrði skip, ef það svo bæri sig í rekstri. Ég get nú ekkert þakkað honum það, því ef svo væri, þá gæti það orðið hreinn og beinn búhnykkur fyrir ríkissjóðinn. Ef svo væri, þá þyrfti fráleitt að sækja þetta mál af neinu kappi. En ég hélt engu slíku fram í fyrri ræðu minni.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að kröfur myndu koma fram frá ýmsum stöðum öðrum, ef þetta skip yrði byggt og notað til að verja Faxaflóa og Breiðafjörð. Ég sagði ekkert um það, hvar þetta skip ætti að starfa. Það yrði vitanlega verk stj. að ákveða það á hverjum tíma. Hitt er heldur ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að t. d. gæzlan í Vestmannaeyjum og Breiðafirði geti ekki farið saman. Á haustin er mest þörf góðrar gæzlu á Breiðafirði, en þá er hennar ekki þörf í Vestmannaeyjum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði ekki farið rétt með, þegar ég sagði, að landhelgisgæzlan fyrir Snæfellsnesi hefði farið fram í mesta ólagi síðastl. haust, og þóttist hafa góðar heimildir fyrir því. Það er svo fjarri öllum sanni, að ekki hafi í manna minnum fiskazt eins mikið vestra og síðastl. haust, að þetta er fremur öfugt: Að ekki hefir í manna minnum fiskazt þar eins lítið. Ég veit ekki, hvaða sögumenn hæstv. dómsmrh. hefir fyrir þessari aflaskýrslu sinni, en hitt veit ég, að þeir hljóta að vera með öllu ókunnugir þessum hlutum. Ég ætti að vera svo kunnugur fyrir vestan, að geta fullyrt það. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þessi aflabrestur stafi eingöngu af yfirgangi togaranna, heldur kemur þar líka til greina, að illt hefir verið að sækja sjóinn vegna ógæfta, það sem af er. Það er rétt, að fram að jólum var lítið af togurum á miðunum fyrir vestan, eins og ég líka tók fram í fyrri ræðu minni, en eftir þann

tíma hefir verið stöðugum ágangi að mæta frá þeirra hálfu. Ég sendi sjálfur dómsmrh. skeyti um þetta, og ég vissi til, að annar maður gerði það sama á jóladaginn. En það kom ekkert svar við þessum skeytum. Ég verð því að halda því fram, að gæzlan á þessum slóðum hafi með öllu verið óviðunanleg yfir þennan tíma.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um notkun varðskipanna til annars en strandvarna og þótti við sjálfstæðismenn sýna þar skilningsleysi. Mér fannst ég nú jafnvel tala vægar um þessa misnotkun skipanna en ástæða var til. Ég sagði, að það væri óhæfa, hve skipin væru mikið notuð til annara þarfa en þau væru ætluð, þ. e. strandvarnanna. Og ég stend við það, að skipin á fyrst og fremst að nota til strandgæzlunnar, en ekki til snattferða. Hæstv. ráðh. kom með þá fyrirspurn, hvort ekki væri rétt að nota skipin til að flytja sjúkling til læknis. Jú, ég tel það bæði sanngjarnt og mannúðlegt, að skipin séu notuð til þess, enda talaði ég ekki um slík tilfelli. Og hvað skyldu þau vera mörg, þau tilfelli, af öllum þeim ferðum, sem varðskipin hafa verið látin fara utan síns verkahrings? Ég fyrir mitt leyti get aldrei fallizt á þá skoðun hæstv. dómsmrh., að rétt sé að nota skipin í snattferðir. Slíkt má því aðeins koma fyrir, að það fari ekki í bága við sjálfa strandgæzluna.

Hæstv. dómsmrh. drap á það, að auk íslenzku strandvarnarskipanna hefðum við danskt gæzluskip samkv. sambandslögunum. Þetta er mikið rétt. En ég legg ekki mikið upp úr gæzlu þessa danska skips. Það hefir ekki kveðið meira að því en svo til þessa, að við Snæfellingar a. m. k. vitum varla, hvort það er til eða ekki.

Jón Þorláksson: Ég hefði ekki farið að blanda mér inn í þessar umr., ef hæstv. dómsmrh. hefði ekki gefið beint tilefni til þess með þeim ummælum, sem hann hafði um notkun varðskipanna til annars en landhelgisgæzlu. Hæstv. ráðh. rauk upp á nef sér af litlu tilefni, að mér fannst, og sagði, að fyrrv. stj. hefði engu síður en núv. stj. notað varðskipin til annars en landhelgisgæzlu, enda kæmist engin stj. hjá því.

Það er auðvitað rétt, að það kemst engin stjórn hjá því með öllu að nota varðskipin í einstöku tilfellum til annars en landhelgisgæzlu. En það er nú almennt álitið, að núv. stj. hafi farið fram úr öllu hófi í slíkri notkun skipanna. Ég hafði hugsað mér að gera þetta að umtalsefni á þessu þingi, og úr því að mér gafst tækifæri til þess að koma inn á það nú, nota ég mér það. Ég hafði hugsað mér, að fá mætti það fram með rannsókn, hvort stj. hefði farið í þessu efni fram úr því, sem venja hefir verið áður, eða þá eins og hæfilegt mætti þykja. Ég hygg, að það mætti framkvæma þessa rannsókn með athugun á dagbókum skipanna, og með því að fá upplýsingar í viðbót hjá skipherrunum og því ráðuneyti, sem skipin heyra undir. Nú geri ég ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til n., og vil ég mælast til þess, að n. athugi það í sambandi við frv., hvort sá orðrómur er á rökum reistur, að núv. stj. hafi notað varðskipin úr hófi fram til annars en strandvarnanna. Vænti ég þess, að hæstv. dómsmrh. hafi ekkert á móti þessu, enda á hann góða vini í sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Það er rétt að fremja slíka rannsókn sem þessa í sambandi við undirbúning þessa frv., því að það hefir áhrif á dóm manna um það, hvort fjölga þurfi varðskipunum, eða hvort skipastóllinn, sem fyrir er, hafi verið notaður um of í aðrar þarfir, og landhelgisgæzlan þannig verði nógu fullkomin, þótt skipunum fækki úr þrem niður í tvö, ef hinni annarlegu notkun þeirra verður stillt í strangara hóf. Ég leyfi mér að beina þessu til hv. form. sjútvn. og vænti þess, að hann taki þessi tilmæli til greina.

Það var annað atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég verð að svara stuttlega. Hann endurtók nú enn sína gömlu sakargift á mig og mína flokksbræður, um að við stæðum á móti réttmætri skeytaskoðun. Þetta er ekki á hinum minnstu rökum reist, eins og ég hefi oft sýnt fram á áður. Landsstj. hefir í núgildandi l. nægilega heimild til þess að gera ráðstafanir gegn misnotkun loftskeytanna til ólöglegra fiskiveiða. Og það er ekki rétt að blanda mótstöðu minni og minna flokksbræðra gegn ömmufrv. svokallaða saman

við mótstöðu gegn eftirliti á þessu sviði. Hér er um gerólíka hluti að ræða. Þetta frv. hæstv. dómsmrh., sem ég nú nefndi, fór í hinum ýmsu ákvæðum sínum svo mjög í bága við almenna réttarmeðvitund, að ég gat ekki aðhyllzt það, enda þótt ég sé með skynsamlegu eftirliti með loftskeytum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir misnotkun þeirra í þágu ólöglegra fiskiveiða.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla ekki að svara hv. þm. Snæf. að þessu sinni, enda mun ég fá tækifæri til þess við síðari umr. þessa máls. Ég vil þó benda honum á það, að það er ekkert rangt í því, sem ég sagði, að fiskazt hafi með betra móti vestur undir Jökli í haust, á meðan á sjó gaf. Hitt er ekkert undarlegt, þó að ekki hafi verið hægt að stunda sjó að neinu ráði frá hinni vondu höfn í Ólafsvík í þeim illviðraham, sem verið hefir í vetur. Fiskiskilyrðin eru mjög góð þarna vestra. Mér er kunnugt um það, að sjómenn láta mjög vel yfir, hve fiskurinn gengur þar grunnt. Hvað toggarana snertir, þá hefir með betri reglu á strandvarnarskipunum tekizt að skjóta þeim nokkrum skelk í bringu. Þeir eru nú hræddari en þeir áður voru við þau. Ég býst við því, að hv. þm. Snæf. yrði ekkert sérlega ánægður, ef það væri athugað, hvað Ægir hefir legið lengi inni á höfnum, og hinsvegar, hve Þór og Óðinn lágu oft inni í tíð fyrrv. stj. A. m. k. er það almennt óánægjuefni sjómannanna á varðskipunum, hve skipin liggja lítið inni á höfnum. Þeir segjast aldrei fá tækifæri til að skemmta sér — og bera sig saman við hina gullnu tíð Íhaldsins, sem von er.

Þá kem ég að ræðu hv. 3. landsk. Hann stendur ekki vel að vígi með að tala um snattferðirnar svonefndu. Hann hefir í því efni fleira á samvizkunni en það, að hann lét Óðin flytja sig vestan úr Dölum, er hann var að reyna að eyðileggja fylgi hv. þm. Dal. þar. Ég minnist þess, að hann hringdi í vetur upp í stjórnarráð og bað um, að eitthvert varðskipanna yrði látið flytja son gamals manns, sem lá fyrir dauðanum, milli hafna á Norðurlandi. Þetta var, að ég bezt veit, gert fyrir hv. 3. landsk. Hinsvegar er það ekki bókfært, og ég get heldur ekki sannað, að hann hafi verið í símanum. En ég tók það trúanlegt. Skyldi nú líka eiga að kasta steini í mig fyrir misnotkun varðskipanna í þessu tilfelli.

Hv. 3. landsk. hélt því réttilega fram, að allar stj. þyrftu að einhverju leyti að nota varðskipin til snattferða, sem kallað er. En hann bætti því við, að núv. stj. gerði of mikið að því, og að þessu hafi verið stillt í hóf í sinni tíð. Hvað eru nú þessar svokölluðu snattferðir? Ég hefi áður nefnt það dæmi, þegar eitt varðskipanna var látið flytja sjómenn norðan frá Ísafirði hingað suður í verstöð. Var það snattferð? Eða þá hitt, þegar Hinrik læknir Erlendsson í Hornafirði datt og slasaðist og Óðinn var látinn flytja hann hingað suður til Reykjavíkur, svo að hann gæti notið hér læknishjálpar, því að vitanlega var engum lækni til að dreifa í Hornafirði, þegar hann var sjálfur veikur. Hinrik liggur nú á spítalanum í Hafnarfirði. Að meta, hvað sé rétt að gera og hvað rangt í slíkum tilfellum sem þessum — það verður hver að gera fyrir sig. Það er ekki víst, að hv. 3. landsk. hefði gert hið sama sem ég gerði í þessum dæmum. En ég mundi gera það aftur, ef svo bæri undir.

Þá skal ég nefna það dæmið, þegar núverandi stj. lét eitt varðskipanna flytja mann austur á Seyðisfjörð til þess að endurskoða útibú Íslandsbanka þar. Við rannsókn þess manns komst það fyrst upp, hversu stjórn þess útibús hafði verið háttað á undanförnum árum. Þar hafði einum manni verið lánað 800 þús. kr. á tveim árum, ofan á milljónaskuld, manni, sem fyrirsjáanlegt var, að ekkert ætti til að borga með. Það er skemmtilegt að meta það, hvers virði það hefði verið fyrir þjóðina að fá vitneskju um þetta í tíma, til þess að geta tekið í taumana. Skyldi það ekki hafa borgað sig að senda Þór eða Óðin með mann til Seyðisfjarðar til þess að rannsaka útibúið þar fyrir tveim árum, svo að þá strax hefði verið hægt að grípa inn í sukkið. En ég skal ekki fara frekar út í þetta mál nú. Ég býst við, að mér gefist tækifæri til þess síðar.

Á meðan hv. 3. landsk. þm. var ráðh., lét hann sér í léttu rúmi liggja allt svindl-

ið, sem sýslumaðurinn á Patreksfirði drýgði. Þar var „allt í lagi", þó að yfir 100 þús. kr. hefðu farið í súginn. Ég lét fara fram rannsókn á embættisrekstri þessa sýslumanns; hann var settur af og neitaði að fara. Síðan var mál höfðað gegn honum, og þurftu varðskipin að fara margar ferðir vegna þeirra málaferla. En hér var líka um að ræða sæmd þjóðarinnar, auk stórfjár fyrir landssjóð. Ég held, að það gæti farið svo, að hv. 3. landsk. hefði minni ánægju af sinni tiltölulega ódýru endurskoðun heldur en ég af minni, þegar öll kurl koma til grafar, jafnvel þó að varðskipin hafi farið fleiri ferðir vegna minnar endurskoðunar en hans.

Hv. 3. landsk. vildi verja mótstöðu sína og síns flokks gegn skeytaskoðuninni. Hann heldur því fram, að stj. geti hindrað misnotkun loftskeytanna í þágu ólöglegra veiða. Ég held hinu fram, að stj. geti þetta ekki, og því hefi ég borið fram frv., sem gerir stj. það kleift að hafa eftirlit með þessu. Ég vona, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi þrátt fyrir mótstöðu þeirra, sem eiga flesta togarana. Virðist mótstaða einmitt þeirra manna benda til þess, að þeir séu hræddir við eftirlitið með skeytunum. En því notaði hv. 3. landsk. ekki sjálfur þessa heimild, sem hann er að tala um, á meðan hann var ráðh.? Eða er honum ekki eins annt um eftirlitið og hann lætur? Það er ekki nema tvennt til: Annaðhvort var sú stj., sem hv. 3. landsk. átti sæti í, svo hlutdræg og hrædd við togarafélögin, að hún hvorki vildi nú þorði að nota þessa heimild, eða þá svo duglaus og skeytingarlaus, að hún gerði það ekki, þó að hún þyrði það.

Hv. 3. landsk. vill láta setja rannsóknarnefnd á mig fyrir misnotkun strandvarnarskipanna. Minnist hann þess, þegar ég og minir flokksbr. vildum láta rannsaka hag Íslandsbanka 1923, og hann barðist af mestum dugnaði á móti því? Hv. 3. landsk. ætti að rannsaka sinn feril, áður en hann kemur fram með að skipa rannsóknarnefnd á aðra, og athuga, hverjar afleiðingar það hafði, að hann hélt sínu striki 1923. Og engum manni ferst það verr en einmitt hv. 3. landsk. að vera að bera mér það á brýn, að ég láti mig litlu skipta, þó að landhelgisgæzlan fari í handaskolum, því að hann og hans flokkur hefir frá því fyrsta barizt á móti þeim ráðum, sem ein duga til að koma strandvörnunum í viðunandi horf. Ég gæti trúað, að Alþingi sæi enga ástæðu til að fara að skipa slíka rannsóknarnefnd og hv. 3. landsk. fer fram á, ekki sízt þar sem sú ósk kemur frá manni, sem átti sæti í þeirri stj., sem gerði allt, sem hún gat, til að ónýta landhelgisgæzluna. Oddvitinn í Ólafsvík hefir sagt mér, að strax og Ægir leggi af stað héðan úr Reykjavík séu togararnir allir á brott. Hver símar? Ekki er það símað frá Englandi, heldur héðan úr Reykjavík, enda sagði oddvitinn mér, að alltaf væri helmingur þeirra togara, sem í landhelgi væru, íslenzkir.

Jón Þorláksson: Ég vissi það ekki, að hinar svokölluðu snattferðir væru eins viðkvæmt kaun á hinum pólitíska líkama hæstv. dómsmrh. og þessi síðasta ræða hans ber vitni um. Mér fannst ég sýna fyllstu sanngirni, þó að ég færi fram á, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, rannsakaði um leið, hvort það ámæli, sem núv. stj. liggur undir, að hún hafi notað varðskipin úr hófi fram til annarlegra þarfa, væri á rökum reist. Mér fannst þetta óaðfinnanlega sanngjörn ósk frá minni hálfu, ekki sízt þar sem sú n., er um þetta á að fjalla, er svo skipuð, að stuðningsmenn hæstv. ráðh. eru þar í meiri hl. Ég vil taka það fram — ég er ekki viss um, að ég hafi tekið það beint fram í fyrri ræðu minni —, að ég ætlast til, að þessi rannsókn nái yfir tímabilið frá 1926—1929, því að ella fengist enginn samanburður um það, hvort núv. stj. hefir farið lengra en áður hefir verið gert í þessu efni.

Út af þessari meinlausu till., sem að vísu er aðeins meinlaus fyrir stj., sem hefir góða samvizku, umhverfðist hæstv. dómsmrh. og fór að blanda inn í þetta ýmsum óviðkomandi atriðum. Ég skil t. d. ekki í öðru en að hægt hefði verið að framkvæma rannsóknina á bankaútibúinu á Seyðisfirði, þó að maðurinn, sem rannsóknina framdi, hefði farið með einhverju öðru skipi en einu af herskipum hæstv. ráðh. Annað eins og þetta kemur

auðvitað þessu máli ekkert við. Sama er að segja um sýslumanninn í Barðastrandarsýslu. En hálfhart er það, að sjálfur dómsmrh. skyldi ekki geta farið rétt með þá upphæð, sem hann nefndi í sambandi við þennan sýslumann, einkum þar sem því hefir verið slegið föstu með dómi, að upphæðin hafi verið oftalin um helming. Með þessu er ég ekki að mæla fyrrv. sýslumanni Barðstrendinga bót, en maður ætti að mega gera þær kröfur til hæstv. dómsmrh., að hann kæmi nálægt því rétta, jafnvel þó að hann nefni tölur.

Ég gæti notað mér þetta tilefni af hálfu hæstv. dómsmrh. til þess að sýna, að það hefir farið fyrir ýmsum fleirum eins og fór fyrir sýslumanninum á Patreksfirði. Ég minnist þess t. d., að nokkrum dögum eftir að ég varð ráðh., valt fyrrv. sýslum. úr embætti. Var hann sízt betri en sýslumaðurinn á Patreksfirði, en náðarsól hæstv. dómsmrh. hefir skinið svo blítt á þennan mann — sem er Karl Einarsson —, að hann ekki einungis hefir úrskurðað honum eftirlaun — sem var auðvitað synjað af fyrrv. stj. —, heldur er hann nú líka notaður til þess að dæma um mál borgaranna. Mér finnst ekki vert fyrir stj., sem þannig fer að, að hneykslast ákaflega yfir samskonar embættisafbrotum, sem hún leggur sjálf blessun sína yfir.

Hæstv. dómsmrh. spurði svo, hvernig stæði á því, að sú stj., sem ég átti sæti í, hefði ekki notað heimild þá, sem felst í lögum um eftirlit með loftskeytanotkun. Þessari fyrirspurn er ég vanbúinn að svara, af því að það heyrði ekki undir mig að annast slíkt eftirlit. Ég veit því ekkert um það, hvort þetta eftirlit hefir verið framkvæmt í minni stjórnartíð, en hitt veit ég, að heimildin er til í löggjöfinni. Mætti því spyrja, hvers vegna hæstv. dómsmrh. hafi ekki notað heimildina. Ég fyrir mitt leyti veit ekki til þess, að hann hafi notað hana. Hinsvegar hefir hann þing eftir þing talið eitthvert sitt mesta áhugamál að koma á þessu eftirliti með loftskeytanotkun veiðiskipa, en virðist aldrei muna eftir þeirri heimild, sem um þetta er fólgin í löggjöfinni.

Annars get ég upplýst um það, að erl. veiðiskip, sem útbúin eru með fullkomnum loftskeytum, hafa engu síður ýms ráð til að vita, hvar varðskipin eru, heldur en íslenzku togararnir, og það án þess að senda þurfi þeim símskeyti. Þegar varðskipið hreyfir loftskeytatæki sín, t. d. með því að senda hæstv. dómsmrh. skeyti, þá eru alltaf möguleikar fyrir skip, sem ekki eru langt undan, að vita hvar varðskipið er, einungis með því að hlusta, fyrir nú utan það, að sum skip hafa þau tæki innanborðs, að þau geta beinlínis miðað hvar þetta og þetta skip er statt þá stundina, sem það sendi skeytið. Þess vegna er það í mínum augum alveg ósannað mál, þó að veiðiskip fái vitneskju um, hvar varðskipin haldi sig, að það sé eingöngu fyrir misnotkun loftskeyta frá útgerðarmönnum í landi.

Eins og ég hefi áður sagt, er ég fús að styðja skynsamlega löggjöf um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa. Þess vegna er ég með því að nota heimild þá, sem um þetta er í lögum okkar, en vil ekki ljá fylgi mitt til að samþ. ákvæði, sem stríða á móti réttarmeðvitund þjóðarinnar og eru auk þess algerlega þýðingarlaus fyrir efni málsins.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vona, að hv. d. hafi tekið eftir svigurmælum hv. 3. landsk., þegar hann var að tala um flutninga varðskipanna á sjúklingum og sjómönnum milli hafna á þeim tímum, sem um engar aðrar skipsferðir er að ræða. Þegar vinir hans og flokksmenn þurfa að hreyfa sig á þeim tíma, sem engar skipsferðir eru, þá er hann til með að leita til ríkisins um aðstoð varðskipanna og finnst ekki nema sjálfsagt, að því sé tafarlaust sinnt. Þetta minnir á framkomu eins af flokksbræðrum hv. 3. landsk. í hv. Nd. fyrir nokkru síðan, þar þar sem hann hélt því fram, að Reykjavík ætti að hafa einskonar hærri rétt en aðrir kaupstaðir á landinu. Hv. 3. landsk. álítur sig og sína flokksmenn hafa hærri rétt til varðskipanna heldur en sjómenn, sem þurfa að komast ferða sinna vegna atvinnu sinnar, og skammar svo stj. fyrir að liðsinna þessum mönnum.

Hv. 3. landsk. var að vitna í almannaróm um óþarfa ferðir varðskipanna. En sá almannarómur er ekki annað en rógur sorpblaða hans og fylgifiska hans m. a. fyrir það að flytja dauðvona sjúkling

eftir ósk hv. 3. landsk Fyrst biðja þessir menn stj. um greiða og eru næsta auðmjúkir, en svo á eftir, þegar þeir hafa fengið óskum sínum framgengt, reyna þeir á allar lundir að rægja stj. fyrir hjálpina. Á þann hátt þakka þeir og launa góðan greiða, og sýnir fátt betur innræti þessara manna.

Hitt er sízt að furða, þó að hv. 3. landsk. og fylgifiskar hans séu lítið upplitsdjarfir, þegar minnzt er á för varðskipsins síðastl. haust í sambandi við Íslandsbanka-útibúið á Seyðisfirði. Vegna þess að stj. lét varðskipið skjótast þangað austur með mann til þess að rannsaka rekstur bankans, vitnaðist, að eytt hafði verið af fé bankans í einhvern ötulasta kosningarsmala íhaldsins þar á staðnum um 800 þús. kr. tvö síðustu missirin. Ekki er ósennilegt, að eitthvað af því fé hafi óbeinlínis farið til Íhaldsflokksins. En hv. 3. landsk. hefði eflaust verið betra á meðan hann var í stj. að hafa sent varðskipið austur með mann til þess að líta eftir útibúinu á Seyðisfirði. Þá hefði kannske eitthvað bjargazt af því fé, sem nú má telja með öllu tapað. En sofandi stj. sendir ekki varðskipin með menn til nauðsynlegra eftirlitsstarfa, þó hún telji sjálfsagt að nota þau til að koma blaðapökkum til Björns Líndals eða annara gæðinga sinna.

Hv. 3. landsk. sveigði að sjóðþurrð Karls Einarssonar fyrrv. sýslumanns og þótti óviðeigandi, að honum skyldu vera greidd eftirlaun. Því er til að svara, að um það leyti, sem stjórnarskiptin urðu, barst stj. áskorun undirskrifuð af meiri hl. þm. um að greiða Karli Einarssyni eftirlaun. Undir áskoruninni mun þó ekki hafa staðið nafn hv. 3. landsk., en mikils hluta af flokki hans. En vegna þessarar eindregnu áskorunar mikils meiri hl. hv. þm. mun stj. ekki hafa þótzt geta gengið framhjá því að veita Karli Einarssyni eftirlaun.

Hv. 3. landsk. var líka að finna að því, að þessum sama manni hafði verið fengin ýms störf að vinna af núv. stj. Ég sé ekkert á móti því, þó að gáfaðir menn eins og Karl Einarsson séu notaðir til ýmsra verka. Og allra sízt ætti hv. 3. landsk. að vera með svigurmæli þar um, þar sem vitanlegt er, að hann eða sú stj., sem hann fylgdi að málum, hefir sett sýslumann, sem komst í gífurlega sjóðþurrð, í eitthvert virðulegasta embætti þjóðarinnar, þar sem hann er enn. Að vísu var það kallað svo, að vinir þessa sýslumanns og flokksmenn hv. 3. landsk. hefðu greitt sjóðþurrðina, en maðurinn var stórbrotlegur við embættisskyldu sína og átti undir öllum kringumstæðum ekki skilið að fá ábyrgðarmikið starf hjá því opinbera. Enda er það ekki samanberandi að setja mann til smávika og minni starfa, ósamningsbundið, sem brotið hefir í bág við embættisskyldu sína áður, í stað þess að troða slíkum manni inn í eitthvert stærsta og virðulegasta embættið, sem stj. hefir á boðstólum.

Um misnotkun loftskeytatækja á íslenzkum togurum þarf ég ekki margt að segja. Um þá misnotkun hafa engir upplýst betur en Ágúst Flygenring, þm. Borgf., þm. Barð. og hér í hv. d. hv. þm. Snæf. Allir þessir hv. þm. hafa fullyrt það oft og mörgum sinnum, að loftskeytatækin væru í togarana sett með það fyrir augum fyrst og fremst að gera þeim auðveldara fyrir að komast inn fyrir landhelgina til að stela fiski þar. Og andstaða hv. 3. landsk. gegn ráðstöfunum núv. stj. er sprottin af því eingöngu, að hann veit, að nú er alvarlegar tekið á þessu máli og að vinum hans og flokksbræðrum er gert á ýmsa lund örðugra fyrir að geta leikið lausum hala í landhelginni, eins og í hans stjórnartíð. Enda veit ég ekki betur en að núv. stj. hafi aukizt fylgi í sumum sjávarþorpunum, og þá líkl. ekki hvað sízt fyrir afskipti hennar af þessu máli. Má í því sambandi geta þess, að nú í vetur hefir fallið tvisvar vantraustsstill. á stj. í Ólafsvík, og það í kjördæmi, sem verið hefir svo að segja einlitt og á móti stj. En þetta stafar af því, að meira hefir verið gert af núv. stj. til þess að verja fiskimið þessara sjávarþorpa fyrir ágangi togara heldur en gert var í tíð íhaldsstj., sem jafnan hefir reynt að halda hlífiskildi yfir landhelgisbrjótunum.

Jón Þorláksson: Því fer fjarri, að búið hafi verið að semja um sjóðþurrð Karls Einarssonar, þegar stjórnarskiptin urðu, og að sé enn klappað og klárt með þá skuld. Það þarf ekki annað en að líta á

LR. til að sjá, að svo er ekki. Ég hefi ekki hjá mér tölurnar, en mig minnir, að skuldin sé eitthvað ofan við 70 þús. kr., fremur en fyrir neðan.

Að mér sé kunnugt um annan sýslumann, sem skipaður hafi verið í embætti í minni tíð og líkt staðið á fyrir, minnist ég ekki. Ég minnist heldur ekki, að neinn maður hafi hjá fyrirrennurunum fengið embætti, sem hefir skilið þannig við, að ríkið hafi tapað stórfé á embættisfærslu hans. En það er ómótmælanlegt, að þannig skildi Karl Einarsson við. Og þó að hann sé vinsæll maður, eins og undirskriftarskjalið bendir til, þá ber það þó vott um lágt siðferðisþrek hjá þeirri stj., sem ákveður slíkum manni eftirlaun og notar hann sem dómara yfir öðrum landsmönnum, eins og ekkert hefði í skorizt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Viðvíkjandi dæminu, sem ég nefndi, skal ég til frekari skýringa geta þess, að íhaldsmaður einn og vinur hv. 3. landsk. mun hafa lent í sjóðþurrð við ríkissjóð, sem nam um 40 þús. kr., en sem vinir hans og venzlamenn borguðu fyrir hann. Og þennan mann gerðu nánustu vinir hv. 3. landsk. að einhverjum æðsta embættismanni landsins til að hindra, að sjóðþurrð komi fyrir hjá öðrum embættismönnum. Þarna lýsir sér siðgæði hv. 3. landsk. og flokks hans í opinberu lífi.

Flm. (Halldór Steinsson): Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning hæstv. dómsmrh., sem kom fram í sambandi við vantraustsyfirlýsingu þá, er hann segir, að fallið hafi á þingmálafundum í mínu kjördæmi. Þegar þessi vantrauststill. kom fram á Ólafsvíkurfundinum, var búið að samþ. 2 eða 3 till., sem fólu í sér engu minna vantraust á hæstv. stj. Ég lét algerlega afskiptalausa þessa umræddu till. og átti hvorki þátt í því að flytja hana eða styðja. Það er óþarfi fyrir hæstv. dómsmrh. að leggja svo mikið upp úr trausti því, er hann og hans stj. eigi að fagna í Ólafsvík, og byggja það á því, að þessi sérstaka till. var felld, þegar athugað er, að áður á fundinum höfðu verið samþ. till., sem beint og óbeint fólu í sér vantraust á stj.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það liggur skjallega fyrir, að hv. þm. Snæf. reyndi á tveimur fundum að fá samþ. till. um að lýsa vantrausti á stj., en sú tilraun hans varð að engu, því að á báðum fundunum var till. felld með allmiklum meiri hl.

Þegar litið er nú á, að þetta gerist í sjóþorpum og í kjördæmi, sem lýst hefir sig mjög á móti núv. stj., þá getur ekki annað legið á bak við þessa samþykkt en að sjómennirnir treysti betur núv. stj. að vernda landhelgina og þar með atvinnuveg þeirra manna, sem afkomu sína byggja á smábátaútgerð. Með þessu viðurkenna sjómennirnir, að stj. hefir með eftirliti því, er hún hefir haft með loftskeytanotkun togaranna, stutt atvinnu þeirra og fjárhagslega afkomu. Hitt er blekking ein, sem blöð hv. þm. Snæf. hafa verið að halda fram, að stj. hafi vanrækt skyldu sína í þessu efni. Kjósendur hans hafa með atkvgr. sinni viðurkennt, að stj. hafi einmitt í þessu efni, eins og raunar víðar, gætt fullkomlega skyldu sinnar. Þessu ætti hv. þm. Snæf. að stinga hjá sér.

Flm. (Halldór Steinsson): Það er algerlega rangt hjá hæstv. dómsmrh., að ég hafi átt nokkurn minnsta þátt í framkomu þessara vantrauststill. Enda ætti að vera vandalaust fyrir hann að afla sér nánari upplýsinga þar um hjá leiguliði hans þar vestra. Eins og ég hefi þegar tekið fram, lét ég till. afskiptalausa á fyrri fundinum, en á síðari fundinum var ég ekki staddur og gat því engin áhrif haft á afgreiðslu málsins.

Annars virðist mér óþarfi af hæstv. ráðh. að vera svo drjúgur yfir landhelgisgæzlunni. Það hefir komið berlega fram á þingmálafundum, bæði í mínu kjördæmi og víðar, að landhelgisgæzlan sé í ólagi og að hana þurfi að bæta. En slík óánægja hefði ekki komið fram, ef hæstv. dómsmrh. hefði gert skyldu sína í þessu efni og hagað vörnunum betur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 246 og 281).

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Sjútvn. hefir ekki getað fylgzt að í þessu máli. Meiri hl. hennar, hv. þm. Ak. og ég, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Við lítum svo á, að nauðsynlegt sé að auka landhelgisgæzluna með því að bæta við nýju skipi. Það má auðvitað segja, að þörfin á aukinni gæzlu sé mismunandi brýn á ýmsum stöðum umhverfis landið og að sumstaðar mætti e. t. v. bæta úr henni með því að haga á hagkvæmari hátt en verið hefir landhelgisgæzlu þeirra varðskipa, sem þegar eru til, og með því að nota varðbáta, t. d. á Faxaflóa og Breiðafirði. En þó sumstaðar hagi svo til, verður þetta ekki sagt um alla þá staði, sem bættrar landhelgisgæzlu þarfnast, eins og t. d. Vestmannaeyjar. Þar er ekki hægt að komast hjá því að hafa sérstakt skip yfir vetrarvertíðina. En ef annað skipið, sem nú er til, ætti að vera staðbundið við Vestmannaeyjar til lengri tíma, þá liggur í augum uppi, að ekki er hægt að gæta landhelginnar á viðunandi hátt alstaðar annarsstaðar með hinu skipinu einu. Með tilliti til Vestmannaeyja er því þörfin fyrir nýtt strandvarnarskip mjög aðkallandi. Og mér finnst, að meiri hl. þingsins hafi bundið sig þessu máli með því að samþykkja þáltill., sem borin var fram í Nd. um það, að hafa skyldi fullnægjandi skip við Vestmannaeyjar yfir vertíðina.

Annað, sem ég legg mikla áherzlu á, er það, að hið nýja strandvarnarskip gæti haft á hendi fiskirannsóknir kringum landið suma tíma ársins. Það er ekki vansalaust fyrir þjóð, sem lifir að eins miklu leyti á fiskiveiðum og við Íslendingar, að láta slíkar rannsóknir, sem eru eitt af stærstu skilyrðum fyrir framförum sjávarútvegsins, algerlega undir höfuð leggjast.

Þegar rætt er um að auka landhelgisgæzlu, eru venjulega ekki bornar fram aðrar mótbárur gegn því en sú, hvað kostnaðurinn við það sé mikill. Þetta er eðlilegt, því kostnaðurinn við strandvarnirnar er afarmikill, ef þær eiga að vera í góðu lagi, og auðvitað eftir því meiri, sem þær eru betri. En það má samt ekki einblína á kostnaðarhliðina; það er varið stórfé úr ríkissjóði til svo ótalmargs, sem ekki gefur af sér neinar beinar tekjur til ríkissjóðs aftur. Má t. d. nefna samgöngubæturnar og fleira, sem nauðsynlegt er til að halda uppi velmegun þegnanna, þó það gefi ekki af sér beinar tekjur. Ég er sannfærður um, að góð landhelgisgæzla eykur óbeinlínis svo mikið tekjur þeirra, er sjávarútveginn stunda, og þá um leið tekjur ríkissjóðs, að það er mesti búhnykkur fyrir ríkið að halda henni uppi. En eins og við bendum á í nál., fyndist mér ekki ósanngjarnt, að sjávarútvegurinn legði tiltölulega meira fram til strandvarnanna heldur en aðrir atvinnuvegir landsmanna, ef ríkissjóði yrði kostnaðurinn af þeim um megn, með tilliti til annara útgjalda. Hv. meðnm. minn í meiri hl. mun vilja ganga lengra í þessu efni en ég; eftir hans skoðun á sjávarútvegurinn að bera mestan eða allan kostnaðinn af strandvörnunum. Hygg ég stafa af því, að hann hefir skrifað undir nál. með fyrirvara.

Aftur á móti heldur hv. minni hl. fram, að það sé ekki komin full reynd á landhelgisvarnir okkar, og því beri ekki að leggja út í ný skipakaup fyrr en stj. sé búin að láta rannsaka, hvernig þeim verði haganlegast fyrir komið. Ég get ekki tekið undir þetta. Ég álít, að ekki séu tök á að dæma eftir neinni rannsókn í eitt skipti fyrir öll um það, hvernig haga á landhelgisgæzlunni í framtíðinni, því þetta á við eitt árið og annað hitt. Þess vegna verður að fela ríkisstj. að stjórna strandvörnunum eins og haganlegast er í hvert skipti. Ætti hver stj. að geta ráðið sæmilega fram úr þeim vanda, og er því rannsóknin óþörf. Hinsvegar er öllum ofvaxið að láta landhelgisgæzluna fara vel úr hendi, ef ekki er nægur skipakostur til. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að frv. sé samþ. óbreytt. Ætti landhelgisgæzlan að komast í sæmilega gott horf, ef það er gert.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Það er í sjálfu sér fremur lítið, er nefndarhlutunum ber á milli í þessu máli. Ég fæ ekki betur séð en hv. meiri hl. viðurkenni, að þetta nýja skip sé sérstaklega ætlað til annara starfa en landhelgisgæzlu, nefnilega björgunarstarfsemi við

Vestmannaeyjar og fiskirannsókna, en með því finnst mér hann kannast við, að allmiklar líkur séu til þess, að hægt sé að verja landhelgina á viðunandi hátt með þeim skipakosti, sem til er nú þegar. Ég álít, að ekki sé fengin svo mikil reynsla í þessum efnum, að rétt sé að ákveða með lögum að bæta við nýju skipi, nema fyrst sé vel athugað, hvernig á að haga strandvörnunum í framtíðinni, hvort ekki er hægt á fullnægjandi hátt að verja landhelgina sæmilega með þeim 2 dýru skipum, sem til eru, og e. t. v. einhverju af minni strandvarnarbátum. Og ef vel er athugað nál. meiri hl. og ræða hv. frsm., finnst mér það benda í þá átt, að hv. meiri hl. kannist að mestu leyti við þessar ástæður mínar.

Hv. frsm. meiri hl. hélt fram, að hvað landhelgisgæzluna snerti ætti eitt við þetta árið og annað hitt. Ég get nú ekki kannast við, að svo sé; það má vera, að hv. frsm. hafi rétt fyrir sér, en ég kem ekki auga á neinar ástæður, sem benda til þess. Vertíðirnar eru að mestu leyti þær sömu, á sama tíma ár eftir ár á hverjum stað.

Nú álíta íbúar sumra landshluta, að þeim kæmi að betri notum að hafa staðbundinn bát til strandvarna þann tíma, sem þeirra er mest þörf, heldur en þó stóru skipin komi þar við og við. Þess vegna getur vel verið, að ráðlegt væri, ef þessi 2 varðskip duga ekki, að auka landhelgisgæzluna á einstökum stöðum með smærri skipum suma tíma ársins. T. d. telja menn, sem kunnugir eru í V.-Ísafjarðarsýslu, að bezta ráðið til að bæta úr landhelgisgæzluþörfinni þar væri að hafa þar staðbundinn varðbát. Og sama má segja um Faxaflóa. Hvað Vestmannaeyjar snertir, þá er vitanlega ekki meiri þörf á landhelgisgæzlu þar sérstaklega heldur en annarsstaðar við suðurströnd landsins. Hitt er annað mál, að björgunarstarfsemi og veiðarfæragæzla er staðbundin við Vestmannaeyjar. Ég ætla ekki neitt út í það mál nú, hvort rétt sé, að ríkið sjái um þá starfsemi. Ég læt það liggja milli hluta; vil aðeins benda á, að þó björgunarstarfsemin sé nauðsynleg við Vestmannaeyjar, þá er hennar víðar mikil þörf. En ef nú gengið er inn á, að ríkið eigi að sjá um veiðarfæragæzlu og björgunarstarfið við Vestmannaeyjar, þá er fyrst að athuga, hvort ekki má leysa það forsvaranlega af hendi á ódýrari hátt heldur en með því að kaupa nýtt og fullkomið varðskip, eða hvort ómögulegt er að komast af með þann skipakost, sem fyrir hendi er, í bráðina. Til veiðarfæragæzlunnar þarf víst ekki stórt skip eða sem hefir sérstakan útbúnað. En til björgunarstarfsins þarf vitanlega skip með björgunartækjum og sem fært er í flestan sjó. Á því er aðallega þörf frá því í janúar og fram í apríl. En á þeim tíma er aftur á móti lítið um þorskveiðar við norður- og austurströndina. Það er ekki fyrr en í marz og apríl, sem fiskur fer að ganga upp að austurströndinni, og ekki er þörf á varðskipi þar á þeim tíma, sem enginn fiskur er.

Mér virðist því ekki fjarstæða að hugsa sér þann möguleika, að það skip, sem sérstaklega hefir á hendi björgunarstarfsemi við Vestmannaeyjar, hafi eftirlit með landhelgisgæzlu við Suðurland samtímis, frá Reykjanesi og austur að Hjörleifshöfða. En það má segja, að samtímis því, að vertíðin byrjar í Vestmannaeyjum — eða máske fyrr — sé vertíð byrjuð á Vestfjörðum. En ég fæ ekki betur séð en að hitt skipið ætti að geta annazt strandgæzluna frá Horni og að Öndverðarnesi, eða jafnvel að nokkru leyti við Faxaflóa. Við verðum sem sé að gæta þess, að við munum tæplega færir um fjárhagslega að koma upp svo miklum varðskipastól, að það sé alveg útilokað, að nokkursstaðar geti komizt togari í landhelgi. Strandlengjan er svo mikil, að við getum aldrei verið öruggir um það. En að hafa sæmilega vörn ætti okkur að vera kleift. Ég er ekki að segja, að ég telji mig hafa sérstakt vit fram yfir aðra á þessum málum. En mér finnst, að það geti verið mikið spursmál, hvort það sé skynsamlegasta ráðið til að koma strandgæzlunni í sem bezt horf, að ákveða nú þegar að kaupa 3. gæzluskipið. Ég held mér verði varla borið á brýn, að tregða mín nú sé sprottin af óheilindum gagnvart málinu. En mér er ljóst, að þegar við höfum komið landhelgisgæzlunni í það horf, að við eigum tvö gæzluskip vel út-

búin, þá er ástæða fyrir okkur fjárhagsins vegna að stinga við fæti og athuga, hvort virkilega er nauðsynlegt að bæta við 3. skipinu, sem sennilega mundi auka útgerðarkostnaðinn um allt að ⅓.

Þegar ég kom á þing fyrst, þá man ég eftir, að erfiðlega gekk að fá í gegn, að ríkið tæki að sér „Þór" til þess að nota við strandgæzlu. Ég var einn af þeim mönnum, sem lagði því máli lið sem ég gat. Síðan hefir viðhorf þingsins breytzt og skilningur þess aukizt á málinu, svo að það hefir gengið inn á að kaupa 2 skip og halda út til landhelgisgæzlu. (**JóhJóh**: Fyrir fé landhelgissjóðs). Já, það er mikið rétt; landhelgissjóður hefir keypt skipin og ríkissjóður hefir ekki hingað til þurft að kosta útgerðina nema rösklega að hálfu. En þess ber að gæta, að við höfum hingað til ekki haft fleiri en tvö skip samtímis, nema lítinn part af síðasta ári. Og rekstur á „Þór" geri ég ráð fyrir, að hafi ekki verið öllu dýrari en hann sennilega verður á þessu fyrirhugaða skipi.

Ennfremur er þess að gæta, að annað þetta nýja skip er komið til landsins fyrir aðeins 3 ársfjórðungum. Og svo vildi til, að skipið þurfti að fara út til eftirlits um áramótin og var utan nálega 2 mánuði, að ég hygg. En samtímis féll „Þór" úr sögunni, svo að við höfum þennan tíma, sem af er þessu ári, ekki notið nema eins skips. Og þess má vænta, að það þurfi ekki að koma fyrir oftar, a. m. k. ekki á svo óhentugum tíma eins og nú að þessu sinni.

Ef að því ráði verður horfið að kaupa nú 3. skipið, þá fæ ég ekki betur séð en að fyllilega megi gera ráð fyrir, að kostnaður við landhelgisgæzluna geti ekki orðið minni en 700—800 þús. kr. á ári. Þegar búið er að taka af landhelgissjóðnum andvirði þessa nýja skips, þá sé ég ekki fram á annað líklegra en framlag úr þeim sjóði til rekstrar skipanna verði miklum mun minna en það hefir verið síðustu árin. Ég tel, að ganga megi út frá, að ríkissjóður þurfi að verja allt að ½ millj. króna árlega til að starfrækja þessi skip. Þetta er auðvitað áætlun, og um hana má deila. En hún er ekkert aðalatriði. Því að ég er alveg sammála hv. meiri hl. um það, að kostnaðinn við landhelgisvarnir fáum við upp borinn, þó ekki beinlínis, þá óbeinlínis. En þrátt fyrir það stendur ekki alveg á sama, hvernig við högum þessari starfsemi. Á því veltur býsna mikið, að hún sé frá upphafi þannig formuð, að ekki sé til hennar eytt fé um skör fram. Og áður en við bætum við skipi, er okkur nauðsynlegt að fá meiri reynslu í þessu máli. Við verðum að gá að því, að við höfum ekki haft tvö góð strandvarnaskip nema aðeins örfáa mánuði. Sú reynsla er of lítil til þess, að hægt sé að ákveða það, að landhelgisgæzlan verði ekki leyst sæmilega af hendi í framtíðinni nema með því að bæta við skipi.

Hvernig sem á málið er litið, verður ekki annað sagt en að Alþingi hafi á síðari árum viðurkennt þörf aukinnar landhelgisgæzlu svo augljóslega, að því verður ekki ámælt, þótt það nú stingi við fæti og athugi, hvort rétt sé að leggja út í frekari skipakaup að svo stöddu.

Að deila um þetta mál öllu lengur virðist mér ekki mikil ástæða til; hver hefir sína skoðun. Það er nú að vísu allrar virðingar vert að láta ekkert tækifæri ónotað til að auka landhelgisgæzluna; en þó get ég ekki að því gert, að mér finnst hv. meiri hl. sækja nokkuð fast að fá það ákveðið nú í lögum, að strandvarnaskipin skuli vera 3. Það þykir mér full ógætilega farið eins og stendur.

Það kemur fram í nál. hv. meiri hl., að það er annað og meira en landhelgisgæzlan, sem fyrir honum vakir. Það eru líka fiskirannsóknir kringum landið. Ég skyldi sízt leggja á móti, að hafinn yrði undirbúningur undir slíkt starf. En ég verð að segja, að mér finnst það mál hafa verið svo lítið hugsað ennþá, að við séum tæplega færir um að kaupa til þess skip án frekari undirbúnings. Enda er heldur ekki víst nema við eigum einhvern skipakost, sem byrja mætti með slíka starfsemi í smáum stíl.

Við erum nú einu sinni bæði smáir og fáir, og við verðum að sníða okkur framfaraspor eftir því. Því er ekki að neita, að við eigum afarmargt ógert, en hitt er líka víst, að við leysum það ekki allt í einu. Og við verðum að starfa með allri gætni, til þess að fá góðan árangur til lengdar.

Af þessum ástæðum öllum álít ég, að við gerum réttast að vísa þessu máli til frekari athugunar. Ég sé ekki, að fyrir liggi önnur leið heppilegri um rannsókn málsins heldur en sú, að hæstv. ríkisstj. hafi hana með höndum í samráði við skipstjórana á varðskipunum, sem ég verð að telja þá menn, sem mesta reynslu hafa í þessu efni. Ég gat ekki talið rétt að leggja til að skipa sérstaka mþn. í þetta mál. Ég held það verði heldur fáir, sem geta greitt úr flokki svarið um þekkingu á þessum málum. Og því held ég, að þótt lauslega sé tekið á þessu í nál. minu, þá sé þar nefnd heppilegasta leiðin, sem farin verður. Og ég tel, að sú afgreiðsla, sem ég legg til um þetta mál, geti alls ekki varpað steini í götu þeirrar þál., sem samþ. var í hv. Nd., enda hefi ég alls ekki haft það í huga með till. minni.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég skal strax taka það fram, að ég er sammála hv. frsm. minni hl. í þessu máli og fellst á þau rök, sem hann hefir fært fyrir því. Vil ég sérstaklega undirstrika það, sem hann drap á, að það er alls ekki svo, að þeir menn, sem mest hafa hugsað og athugað um landhelgismálin, séu alveg sammála um það, að sjálfsagt sé að hlaupa nú í að kaupa nýtt skip. Þeir líta margir svo á, að happadrýgra verði að vernda landhelgina með smærri bátum á ýmsum svæðum kringum landið.

Það er ekki svo að skilja, að ég vilji andmæla því, að landhelgisgæzlan sé í sem beztu lagi. En mér virðist hinsvegar bera nauðsyn til, að þetta mál sé athugað sérstaklega í samráði við þá menn, sem mesta hafa reynslu í því, en það eru að sjálfsögðu skipstjórarnir á okkar varðskipum.

En það var ekki þessi hlið málsins, sem ég ætlaði sérstaklega að minnast á, heldur sú staðreynd, að aukning landhelgisgæzlunnar hlýtur óhjákvæmilega að auka mjög útgjöld ríkissjóðsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að varið verði fé úr landhelgissjóði til að kaupa eða byggja nýtt skip. Þetta rýrir að vísu aðeins landhelgissjóð, en ekki ríkissjóð, en gerir það að verkum jafnframt, að landhelgissjóður er því ófærari um að styrkja rekstur strandvarnarskipanna. Rekstur skipanna hlýtur að verða mjög þung kvöð á ríkissjóði. Það má gera ráð fyrir, að þau tvö skip, sem við höfum nú, kosti 280 þús. kr. hvort um sig í rekstri yfir árið. Og ef þriðja skipið bætist við, hygg ég, að verði mjög svipaður kostnaður við það. Þá yrði þetta samtals um 840 þús. kr. En samt sem áður yrði tæplega hægt að komast af nema leggja eitthvert fé til smærri báta til landhelgisvarna. Og þá fer nú að verða skammt upp í milljónina. Nú þegar búið er að rýra landhelgissjóðinn, verður hann auðvitað ófærari um nokkuð verulega aukin útgjöld til árlegs rekstrar. Auk þess má búast við, að því örruggari sem landhelgisgæzlan er, því minni verði þær sektir, sem í sjóðinn renna. Þá hlýtur byrðin að koma að mestu leyti niður á ríkissjóði.

Ég skal nú ekkert um segja, nema talin verði þörf á 3. skipinu í viðbót áður langt líður. En mér finnst aðeins, að ekki liggi fyrir full sönnun um það, að slíkt sé nauðsynlegt nú. Og ef að því kæmi að kaupa strandgæzluskip, þá er kostnaður við útgerðina svo mikill, að ég sé ekki, að hjá því verði komizt að útvega ríkissjóði fastan tekjustofn til að standast þann kostnað að meira eða minna leyti. Að sönnu er það svo, að nokkuð af útflutningsgjaldinu er beinlínis ætlað í þessar þarfir. En ég geri ráð fyrir, að það verði að auka við það, ef hækka á framlag ríkissjóðs til strandvarna.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi drepa á; fyrst og fremst, að ég tel miklu réttara, að þetta mál verði athugað og undirbúið, en ekki hrapað að því að kaupa skip. Og í öðru lagi, ef sú verður niðurstaðan, að ráðizt verður í þær framkvæmdir og kostnað, sem af þeim leiðir, þá sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að ríkissjóður fái auknar tekjur.

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Það er rétt hjá hv. minni hl., að það þýðir ekki að þrátta lengur um þetta mál. Það er nú svo, að þm. viðurkenna allir nauðsyn fyrir aukna og góða landhelgisgæzlu. Eins og ég tók fram áður, þá er það aðallega kostnaðurinn, sem menn láta vaxa sér í augum. Hv. frsm. minni hl. sagði, að svo liti út, sem meiri hl. ætlaðist ekki til þess, að skipinu yrði

ætlað að annast strandgæzluna. Hann vildi láta í veðri vaka, að við ætluðumst til, að skipið yrði aðallega haft til björgunar á vetrarvertíðinni við Vestmannaeyjar. En þetta er ekki rétt. Þótt við ætlumst til, að skipið hafi þetta starf með höndum við Vestmannaeyjar aðeins yfir vetrarvertíðina frá því í janúar og þangað til í apríl, þá liggur það í hlutarins eðli, að skipið getur leyst mikið starf af höndum allan hinn tíma ársins.

Hvað fiskirannsóknir snertir vil ég taka það fram, að fróðir menn í þeim efnum líta svo á, að þetta skip mundi geta annazt þessar rannsóknir án þess, að nokkuð þyrfti að koma í bága við gæzluna. Því hefi ég lagt mikið upp úr því, að jafnhliða gæzlunni gæti skipið haft fiskirannsóknir með höndum.

Annars sagði hv. frsm. minni hl., að það væri varhugavert að leggja út í þessar rannsóknir, því að þetta mál væri svo lítið hugsað. En hvenær eigum við þá að fara að hugsa um þetta mál? Er það svo þýðingarlítið, að ekki sé tími til kominn að fara að hugsa um það? Mér er óhætt að fullyrða, að við erum mjög langt á eftir tímanum hvað þetta atriði snertir, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að við lifum að miklu leyti á fiskiveiðum.

Þá vildi hv. frsm. minni hl. ekki kannast við það, að gæzlan gæti verið breyt. undirorpin. En samkv. okkar reynslu við landhelgisgæzluna hafa komið fram ný og ný svæði við strendur landsins, sem gæta þyrfti annað árið, þótt þess þyrfti ekki hitt árið. Það eru nú ekki ýkjamörg ár síðan togarar fóru að stunda veiðar við landið. Hafa þeir náttúrlega við æfinguna komizt smátt og smátt á ný og ný mið, sem ekki voru áður þekkt. Af því leiðir aftur, að það þarf mismunandi gæzlu á ýmsum stöðum við landið.

Hv. frsm. minni hl. vildi líta svo á, að hægt væri að framkvæma gæzlu og björgunarstarfsemi án þess að nýtt skip bættist við. Ég gat ekki betur heyrt á umr. um þetta mál í hv. Nd. en að þeim skipum, sem við höfum nú, væri talið ófært að annast þetta starf á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum, vegna þess að þau yrðu þá að vera bundin annarsstaðar.

Ef ætti að binda annað skipið við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og láta hitt skipið annast alla aðra gæzlu umhverfis allt landið, þá geta menn nú gert sér í hugarlund, hvað ófullkomin sú gæzla mundi verða. Við höfum líka reynsluna með tvö varðskip í nokkur ár. Þótt Þór hafi verið ófullkomnari en Ægir er nú, þá var hann notaður við Siglufjörð um sumartímann og víðar þann tímann, sem hann var ekki við Vestmannaeyjar. Þessi reynsla með 2 skip hefir reynzt ófullnægjandi, og ég hygg, að það verði ekki hægt að koma þessari vörzlu í æskilegt horf nema því aðeins, að bætt sé við einu skipi.

Það, sem hæstv. fjmrh. fann þessu frv. aðallega til foráttu, var kostnaðurinn, sem af því leiddi. Honum reiknaðist svo til, að með 3. skipinu mundi rekstrarkostnaðurinn komast upp undir 1 millj. króna. Ég held þetta sé fulllangt farið, a. m. k. þegar sektir fyrir ólöglegar veiðar verða dregnar frá, sem alltaf verða nokkrar, því mér dettur ekki í hug að halda, að ekki finnist alltaf einhverjir brotlegir botnvörpungar, þótt eitt skip bættist við. Og þá held ég sé ekki óvarlega áætlað, að kostnaður verði um 400—500 þús. kr. En þetta skiptir ekki ýkjamiklu máli. Ég hefi aldrei borið á móti, að kostnaður við landvarnir væri mikill. En hinu hefi ég haldið fram, og held enn fram, að gagnið, sem af góðum vörnum leiðir, sé svo stórvægilegt, að maður geti ekki sett kostnaðinn fyrir sig. Og hæstv. fjmrh. og hv. frsm. minni hl. gengu alveg framhjá því, sem ég hélt fram í minni fyrri ræðu, að svo framarlega sem kostnaður yrði ofvaxinn ríkissjóði, þá væri eðlilegt, að sjávarútvegurinn bæri hann að meira eða minna leyti. Það hefir ekki verið talið ógerlegt að leggja slík gjöld á sjávarútveginn, jafnvel þótt hann hefði engin not af, svo sem með jarðræktarlögunum. Því fremur má skattleggja útveginn til að greiða kostnað af framkvæmdum, sem honum einum koma við. Ég er sannfærður um, að það verður ekki á neinn hátt tekið illa upp af þeim mönnum, sem standa að þeim útvegi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta mál þyrfti vandlegrar athugunar með, en ég fæ ekki

skilið, að hann sjái ekki, að hér er þörf góðrar gæzlu, en því aðeins getur hún orðið fullkomin, að varðskipastóllinn verði aukinn.

Erlingur Friðjónsson: Ég hefði sennilega getað fallið frá orðinu, því að ágreiningur milli mín og hv. frsm. meiri hl. er nú ekki orðinn svo ýkjamikill viðvíkjandi þörf á aukinni landhelgisgæzlu, en hinsvegar ber okkur töluvert á milli út af þeirri grg., sem hann hefir ritað.

Ég lét þá skoðun í ljós í n., að það yrði varla hægt að auka gæzluna með því að kaupa nýtt skip, nema því aðeins, að einhverjar tekjur kæmu á móti þeim kostnaði, sem slíkt hlyti að hafa í för með sér. Hinsvegar felldi ég mig ekki við þá skoðun minni hl., að því skyldi vísað til stj. og falið henni á vald, hvort nýtt skip yrði byggt eða ekki. Mér var það ljóst, að það myndi hafa meiri töf í för með sér en æskilegt er, og ég álít, að brýn þörf sé á, að bætt verði við nýju skipi, sem þá gæti annazt björgunarstarfsemi við Vestmannaeyjar, og þá mátti einnig líta á þá þörf, sem er á fiskirannsóknum hér við land. Að því athuguðu vil ég fylgja málinu, en þó með þeirri aths., að tekjur ríkissjóðs verði auknar þannig, að þær gætu vegið upp á móti þeim kostnaði, sem þetta hefir í för með sér. Ég sá þó ekki ástæðu til að koma fram með till. þess efnis, af þeirri ástæðu, að það muni alltaf taka 1—2 ár að koma þessu í kring, svo að auðvelt mun á næsta þingi að taka fjárhagshliðina til athugunar.

Það má náttúrlega deila um það, hversu mikil þörf sé á því að fá þetta 3. skip til landhelgisgæzlunnar, en ég tel það nauðsynlegt og á því byggi ég mitt atkv. Ég get að vísu ekki rökstutt það til fulls, en verð þó að segja það, að meðan ber á því, að landhelgislöggjöfin er brotin, þá virðast skipin, sem nú eru, ekki geta haft fulla gæzlu með landhelginni, eða ekki vera eins fær um það og vera ber. Þótt landhelgisgæzlan gefi máske ekki svo miklar beinar tekjur, þá hygg ég hinar óbeinu vera svo miklar, að það muni borga sig að auka hana, og sjávarútvegurinn myndi vissulega þola að greiða sinn hluta af þeim kostnaði, sem af henni leiðir, vegna hinna óbeinu tekna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, þar sem hv. frsm. meiri hl. hefir fallizt á þetta og hæstv. stj. hefir látið þá skoðun í ljós, að nauðsyn beri til að afla ríkinu nýrra tekna, og þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn því, virðist mér sem hv. þdm. fallist á þessa skoðun.

Jón Þorláksson: Mér finnst fjárhagshlið þessa máls ekki hafa verið nógu vel skýrð, þar sem því er haldið fram, að þetta muni auka ríkissjóði veruleg útgjöld, og það fært sem ástæða gegn frv. og því, að ákvörðun verði tekin um það að svo stöddu.

Ég er hinsvegar á annari skoðun í því efni, sökum þess, að sannleikurinn er nú sá, að ríkissjóður hefir ekki þurft að hafa nein veruleg útgjöld vegna strandgæzlunnar. Beinn kostnaður fyrir ríkið vegna strandgæzlunnar hefir því verið 31 þús. kr., og getur það ekki talizt gífurleg upphæð.

Við athugun þessa máls kemur og tvennt til greina, sem menn verða að hafa hugfast. Útflutningurinn hefir undanfarin ár ávallt farið vaxandi, og annað er ekki sjáanlegt en að svo muni verða í framtíðinni, ef engin sérstök óhöpp steðja að. Hitt atriðið er það, að árið 1925 var ekkert aukagjald lagt á síld, og ástæðan var sú, að mönnum þótti útflutningsgjaldið orðið svo hátt, að ekki væru leggjandi þyngri byrðar á þessa vöru. En þótt gjaldið væri ekki hækkað þá, þá stafaði það beinlínis af því, að menn álitu þess enga þörf vegna ríkissjóðs, en auðvitað er ekkert eðlilegra en að síldarútvegurinn taki sinn þátt í kostnaðinum, sem af strandvörnunum leiðir.

Ég hygg því, að engin ástæða sé til að kvarta mjög undan því, að rekstur varðskipanna hvíli með meiri þunga á ríkissjóði heldur en ýmislegt annað. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að varðskipin verði þrjú auk Þórs, sem nú er liðinn undir lok, eða að eitt nýtt skip verði keypt til viðbótar við hin, sem þegar eru fyrir, og gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn við reksturinn verði 300 þús. kr. úr ríkissjóði og 300 þús. úr landhelgissjóði.

Ég verð nú að segja, að meðan kostnaðurinn er ekki meiri en það, þá verð ég að álíta, að ríkissjóður reisi sér ekki hurðarás um öxl, enda er því fé vel varið, sem fer til strandgæzlunnar. Hinsvegar geng ég þess ekki dulinn, að gæzlan við Vestmannaeyjar verður aldrei af hendi leyst nema með auknum skipastól, og sé ég því ekki ástæðu til að snúast gegn þessu frv., en mun ljá því fylgi mitt nú þegar.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki miklu að svara hv. frsm. meiri hl. Hann gat þess, að ekki væri hægt fyrir ríkið að hafa gæzlu á hendi við Vestmannaeyjar með þeim skipakosti, sem það hefir nú. Þetta tel ég einnig vandkvæðum bundið, en hinsvegar mun reynslan koma til að sýna, hvort svo er.

Hv. frsm. sagði, að kostnaðurinn við strandgæzluna yrði ekki tilfinnanlegur fyrir ríkissjóð, en ég hygg, að reynsla undanfarinna ára afsanni þau orð hans.

Hv. frsm. vildi halda því fram, að til landhelgisgæzlunnar þyrfti stór skip, sem gætu staðið af sér öll veður, en ég lít svo á, að betra sé að hafa skipin fleiri, smærri og staðbundnari. Hinsvegar geng ég auðvitað inn á það, að til þess að landhelgisgæzlan geti verið í góðu lagi, þurfi að auka skipastólinn, en um allt land eru uppi raddir um það, að notuð séu smærri skip.

Hvað því viðvíkur, sem hv. frsm. vék að fiskirannsóknum, þá er það auðvitað nauðsynjamál, að þær verði gerðar, en annars hygg ég, að við, sem á þingi sitjum, höfum ekki nægilegt vit á þeim hlutum eða hvernig þeim verði bezt fyrir komið. Þó verð ég nú að segja það, að mér virðist, sem það hljóti að mega gera slíkar rannsóknir á smáum skipum, engu síður en hinum, sem stærri eru.

Ég vil ekki leggja neinn stein í götu þessa máls, og mun ekki leggja á móti því, að tæki til þessara hluta verði höfð um borð, og maður, sem væri þess fær að framkvæma rannsóknirnar.

Þá lét hv. 3. landsk. sitt fjárhagslega ljós skína í þessu máli og vildi halda því fram, að aukin landhelgisgæzla hefði ekki mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkið. Ég verð að segja það, að ég verð að álíta það gleðilega breytingu, sem hans sálarástand hefir tekið frá því 1924, því að þá man ég ekki betur en að við í Framsóknarflokknum yrðum æðimikið fyrir því að hafa að fá því framgengt, að ríkið tæki Þór og héldi honum úti til strandgæzlu. Ég skal að engu leyti lasta þessa breyt., en vil aðeins geta þess, að von mín er sú, að hv. 3. landsk. verði betri talsmaður landhelgisgæzlunnar en hann var 1924, hvort sem hann í framtíðinni verður sjálfur í stjórn eða stuðningsmaður stjórnar.

ATKVGR.
Brtt. 281 felld með 8:6 atkv.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 34).

Á 67. og 69. fundi í Nd., 31. marz og 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og flutt þar af hv. þm. Snæf. Um nauðsyn þessa máls ætla ég ekki að þurfi orðum að eyða. Menn eru væntanlega á einu máli um það, að brýn nauðsyn beri til þess að fylla það skarð, sem varð um áramótin í strandgæzluflota okkar. Um þetta skip, sem hér er gert ráð fyrir að kaupa, er það ætlun manna, að það þurfi ekki að vera eins stórt og önnur skip flotans, t. d. Ægir, en sterkbyggt og hraðskreitt. Ennfremur þarf það að vera útbúið með öllum nauðsynlegum björgunartækjum og tilfæringum til þess að

draga skip af grunni, ef nauðsyn krefur. Að lokum virðist einsætt að útbúa skip þetta með tækjum til fiskirannsókna, enda mun hv. flm. hafa bent á nauðsyn þess við flutning málsins í hv. Ed. Þau tæki, sem nauðsynlega þyrfti að hafa, er fyrst og fremst botnvörpuútbúnaður og vinda til þess að draga upp vörpuna. Auk þess þyrfti góðan dýptarmæli og önnur tæki, sem nauðsynleg eru.

Hér á landi eru nú 2 fiskifræðingar, sem gætu staðið fyrir fiskirannsóknum. Má þar fyrst nefna hinn alkunna fiskifræðing Bjarna Sæmundsson. Auk þess hefir Fiskifélag Íslands ráðið í sína þjónustu kunnáttumann á þessu sviði, Árna Friðriksson að nafni.

Það er ekki vafi, að slíkar rannsóknir hafa mikla þýðingu fyrir fiskiveiðar okkar. Þær auka þekkingu manna á lífi og eðli nytjafiska, og jafnframt má þannig safna gögnum um það, hvernig fiskurinn hagar göngu sinni meðfram ströndum landsins. Það er nú orðið alkunnugt, að slík rannsókn er nauðsynlegur liður í baráttu okkar fyrir því að fá landhelgina rýmkaða, og þarf að leggja fulla áherzlu á, að skipið sé útbúið slíkum tækjum. Slíkar rannsóknir mundu fara fram 3—4 sinnum á ári, 2—3 vikur í senn, og ættu vel að geta samrýmzt landhelgisgæzlunni og þeirri björgunarstarfsemi, sem þetta skip á að hafa á hendi. Landhelgisgæzlan og önnur þau störf, sem skipinu er ætlað að inna af hendi, eru svo þýðingarmikil fyrir landsmenn, að allt kapp verður að leggja á að koma þessu í framkvæmd.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, á landhelgissjóður nú um 1 millj. kr., en kunnugir menn segja, að skip með nauðsynlegum áhöldum megi fá fyrir helming þeirrar upphæðar.

Loks ætla ég að gera að till. minni, að máli þessu verði vísað til sjútvn. og megi þar fá skjóta og góða afgreiðslu, svo að hægt verði að afgreiða það sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Alþt. 1930, B. (42. löggjafarþing).

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 456).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Minni hl. sjútvn. hefir óskað þess, að ég mælti með því, að málið yrði tekið af dagskrá að þessu sinni, af því að hann hefir ekki fengið ráðrúm til þess að skila áliti enn. Ég get fyrir mitt leyti mælt með þessari ósk, ef málið getur komið til umr. á mánudag, eða í síðasta lagi á þriðjudag.

Jóhann Jósefsson: Ég held, að málinu sé of mikil hætta búin með því að taka það af dagskrá nú. Enda er mér kunnugt um, að ágreiningur á milli nefndarhlutanna er ekki svo mikill, að hv. minni hl. hafi þurft lengri tíma til að skila sínu áliti en liðinn er síðan nál. meiri hl. kom fram. Ég vil því mótmæla því eindregið, að málið sé tekið af dagskrá nú. Það gæti verið það sama og málið yrði stöðvað með öllu á þessu þingi. Ég vona, að málið þyki svo mikils virði, að því verði ekki stefnt í voða af þeim ástæðum, sem hv. frsm. meiri hl. bar fram. Það eru liðnir 4 dagar síðan nál. meiri hl. var prentað, og þó var dregið nokkra daga að prenta það vegna samkomulagsumleitana við hv. minni hl.

Forseti (BSv): Það er nú orðið áliðið þings, eins og kunnugt er, og verða menn að gæta þess, er farið er fram á að fresta umr. mála, sem ætlazt er þó til, að nái fram að ganga á þessu þingi. Þetta frv. var lagt snemma fram, og er það 34. þskj., sem prentað hefir verið á þessu þingi. En síðan hefa verið prentuð 422 þskj., þangað til nál. hv. meiri hl. er prentað. Hv. minni hl. virðist því hafa haft nógan tíma til þess að átta sig á málinu. Það er rétt athugað hjá hv. þm. Vestm., að það er mjög tvísýnt, að málið nái fram að ganga, ef það verður tekið af dagskrá nú. (MG: Hvenær verður þingi frestað?). Það veit ég ekki, en auðsætt er, að lítið gengur fram af málum úr þessu, ef samtök er ger um það, að þessi hv. deild gleypi fjárl. eins og Ed. þóknast að ganga frá þeim í dag eða kvöld.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil aðeins benda á, að það hafa engin 422 þskj. verið

þrentuð síðan frv. kom fram í þessari hv. d. Finnst mér því rétt og sanngjarnt að verða við ósk hv. 1. þm. S.-M., sem er hvorttveggja í senn, form. sjútvn. og frsm. meiri hl. n. í þessu máli.

Forseti (BSv): Ég hefi ekki sagt, að 422 þskj. hafi verið prentuð frá því að frv. var útbýtt í þessari deild og þangað til nál. kom fram, heldur tók ég það fram, að þessi þskj.tala hefði verið prentuð síðan frv. var upphaflega borið fram, en það var í hv. Ed., eins og kunnugt er.

Pétur Ottesen: Ég vil taka í sama streng og hv. þm. Vestm., að ef málið verður tekið út nú, getur það orðið til þess að hefta framgang þess nú. Mér er kunnugt um, að sterkar raddir eru uppi um það að ljúka þingi fyrir páska, svo að ef umr. yrði frestað nú, þarf ekki mikið að koma fyrir til þess, að málið dagi uppi að þessu sinni. Eftir því, sem ég hefi heyrt um ágreininginn milli hv. nefndarhl., þá er ekki um það atriði að ræða, að ekki megi athuga það nú við þessa umr., eða láta það bíða til 3. umr., sem væntanlega verður á mánudag. Virðist því nægur tími fyrir hv. minni hl. að bera fram brtt., ef hann óskar þess. Vænti ég því, að hæstv. forseti láti nú þegar fara fram umr. um málið, svo að henni geti orðið lokið í dag.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég, sem er í meiri hl., vil einnig láta mína rödd heyra um þetta deiluatriði. Ég tek undir það, sem hv. þm. Vestm. og hv. þm. Borgf. hafa sagt, að ég tel mjög hæpið, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, ef umr. verður frestað nú. En mér er það mikið áhugamál, að frv. þetta verði að lögum, og því er ég mótfallinn því, að málið verði tekið út.

Forseti (BSv): Ég vil aðeins árétta það, sem hv. þm. Borgf. tók fram, að hér er um 2. umr. að ræða, og er því hægt að bera fram brtt. við 3. umr. Og þar sem meiri hl. sjútvn. er mótfallinn því að taka málið af dagskrá, þá get ég ekki orðið við ósk hv. 1. þm. S.-M., og er málið þá til umr.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Í flestum landshlutum er algeng kvörtun um ófullkomna landhelgivörn, og þó er hún almennust í þeim landshlutum, sem fjarst liggja heimkynnum varðskipanna. Hefir því legið í lofti um nokkurn tíma að fjölga varðskipum, og allir vita, að ekki verður látið staðar numið nú, enda augljóst, að fullgild landhelgivörn fæst ekki með 2 skipum. En skiptar skoðanir eru um það, hve ört beri að framkvæma þessa skipasmíð til strandvarna og hvern útbúnað eigi að hafa um stærð skipanna og fleira í því sambandi.

Samt er þessum málum komið svo langt á veg, að vera mun orðið fullkomlega ákveðið, að jafnframt því að annast strandgæzlu eigi skipin að vera útbúin björgunartækjum, svo þau geti aðstoðað, er óhöpp bera að höndum á vetrarvertíð, þegar fjöldi skipa og báta er að veiðum. En eins og öllum er kunnugt, er vetrarvertíð stunduð að kalla má við ¾ af allri strandlengju landsins, og jafnvel ekki útilokað, að vetrarvertíðin nái yfir stærra svæði. En það verður ekki ætlazt til, ef skipin eiga jafnframt strandgæzlunni að hafa björgunarstarfsemi með höndum, að þau geti náð yfir allt þetta svæði á meðan þau eru aðeins 2, og sízt á meðan annað skipið er staðbundið, eins og verið hefir að undanförnu, því að þá er aðeins 1 skip eftir til þess að annast landhelgigæzluna á meginhluta svæðisins.

Út frá þessum forsendum og með það fyrir augum, að bráðlega verði útveguð fleiri skip, hefir niðurstaða meiri hl. sjútvn. orðið sú, að mæla með frv. En n. hyggur, að þetta þriðja skip mætti að ósekju vera nokkuð minna og ódýrara en þau tvö, sem fyrir eru, og gæti þó komið að fullu gagni.

Það hefir oft verið á það minnzt, að ástæða væri til að nota skip þessi á fleiri vegu en til strandgæzlu og björgunar. T. d. hefir verið gert ráð fyrir, að þau gætu haft fiskirannsóknir með höndum, ef sérfræðingur fengist, sem vinna vildi að slíku. Auk þess hefir verið talað um að láta þau annast strandmælingar. En þetta eru aukastörf, sem ætla má, að skipin geti fremur leyst af hendi, eftir því sem þau eru fleiri.

Um leið og ég mæli með þessu frv. þykir mér rétt að benda á það, sem að vísu er mörgum áður kunnugt, en ef til vill ekki jafnmörgum sem skyldi, að á ýmsum stöðum, t. d. á Austurlandi, hefir strandvörnin verið undanfarið mjög lítil og ófullnægjandi. Með síðasta pósti fékk ég tvö bréf frá kjósendum mínum, þar sem ég er beðinn að tilkynna hæstv. stj., að um alllangan tíma hafi erlendir togarar læðzt ljóslaust inn á víkur og voga og skafið um botninn uppi undir landsteinum í fullkomnu næði, því að ekki hafa varðskipin látið sjá sig á þeim slóðum. Þetta er að vísu ekkert nýmæli og hefir komið fyrir áður oft og mörgum sinnum austur þar, enda eðlilegt, og það af þeirri einföldu ástæðu, að skipin komast ekki yfir að líta eftir á allri strandlengjunni.

En sem sagt, þó að nokkrir erfiðleikar séu á því að koma þriðja skipinu á flot og gera það út, virðist þó meiri hl. sjútvn. sjálfsagt að vinna að því svo fljótt sem ástæður og efni leyfa, og mælir því eindregið með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að þakka hv. meiri hl. sjútvn. fyrir skjóta afgreiðslu málsins og góðar undirtektir.

Það er vitanlega öllum hv. þdm. kunnugt, að hér er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, og því mikið í húfi, enda má ekki láta undir höfuð leggjast að fylla það skarð, sem höggið var í okkar smáa strandvarnarskipaflota með strandi Þórs í vetur. Eins og þá var ástatt var vitanlega langt frá, að strandgæzlan væri í æskilegu lagi, enda var áður farið að tala um að leita fyrsta færis um að fá nýtt skip í staðinn fyrir Þór, sem þótti gamall og ekki fullnægjandi. Því meiri ástæða er til þess nú að fá bráðlega skip, þar sem Þór er úr sögunni, eins og fyrr er sagt.

Í nál. er vikið að þrennskonar starfsemi, sem skipi þessu er ætlað að hafa með höndum jafnframt strandgæzlunni, en það er björgunarstarfsemi, strandmælingar og hafrannsóknir. En svo er 4. atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. minntist, en það eru fiskirannsóknir. Á þessu var byrjað með Þór og komið nokkurt lag á það, enda tel ég bráðnauðsynlegt, að slíkum rannsóknum sé haldið áfram. Og af þeim aukastörfum, sem talin eru, legg ég ekki hvað minnsta áherzlu á, að skipið sé svo útbúið, að það geti haft fiskirannsóknir með höndum.

Ég álít engan vafa á því leika, að nauðsyn beri til að samþ. frv. þetta og að hæstv. stj. geri þegar ráðstafnir til þess, að smíði þessa skips verði hafin. Í landhelgissjóði mun nú vera um ein millj. króna, og þar sem allir eru sammála um, að þetta skip þurfi ekki að verða dýrt og nóg fé fyrir hendi til að afla skipsins, þá vænti ég, að hv. d. samþ. frv. eins og það liggur fyrir og að hæstv. stj. taki síðan föstum tökum á málinu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég ætla ekki að lengja umr. til neinna muna, þó ég standi nú upp. Ég vænti eins og hv. þm. Borgf., að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. — En þegar ég kvaddi mér hljóðs, þá var það vegna þess, að mig langaði að skýra mína afstöðu til málsins, þó að ég hafi raunar gert það áður, en þá í sambandi við annað mál. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, og flokksmenn mínir líka, að ekki eigi að draga úr viðleitni til öryggis manna á sjó, heldur miklu fremur beri að auka hana. Þór var upphaflega keyptur til þess að vera björgunarskip, sem síðar leiddi til, að hann var notaður til landhelgisvarna á sveði, sem nú er betur varið en áður. En það eru ýmsir staðir með ströndum fram, sem ekki eru varðir eins og skyldi, af því að það vantar skip til þess.

Um fiskirannsóknirnar vildi ég aðeins mega benda á, að það er ekki vansalaust fyrir okkur, sem erum stærsta fiskiþjóð í heimi, miðað við fólksfjölda, að hafa ekki betri tök á að rannsaka fiskimiðin í kringum landið. Rannsóknir á fiskigöngum hafa þegar verið byrjaðar, og því nauðsynlegt, að þeim sé haldið áfram. Ég vil líka geta þess, að Norðmenn og Danir halda árlega úti rannsóknarskipum í þessu skyni. Og nú eru Bretar að undirbúa skip til fullkominna rannsókna á sveðinu kringum Ísland og alla leið til Grænlands, með það fyrir augum að finna fiskimið. Fiskiþjóðunum í kringum okkur er orðið það fullljóst, að þessa

gullnámu í kringum strendur landsins þurfi að rannsaka, og ég get ekki betur séð en að við getum ekki staðið þegjandi hjá og látið aðra um slíkar rannsóknir. Nýja skipið ætti að geta fullnægt þessari þörf að nokkru leyti. Og með tilliti til þessa vil ég bæta því við, að ég álít óhjákvæmilegt, að skip þetta verði byggt í síðasta lagi í lok þessa árs, svo að það geti með næstu vertíð byrjað rannsóknir sínar hjá Vestmannaeyjum.

Hákon Kristófersson: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja, og þá jafnframt láta í ljós ánægju mína yfir þeim góða samhug, sem þetta mál virðist eiga hér í hv. deild.

En ég vildi geta þess, af því að málið er stórvægilegt, þá hefði mér þótt vænt um að heyra álit hæstv. stj. um það, en sérstaklega þó þess hæstv. ráðh. sem það heyrir undir, ef hann mætti, sökum annríkis í sinni deild, láta ljós sitt skína örlitla stund í þessari hv. deild.

Annars vildi ég út af orðum hv. 4. þm. Reykv. í lok ræðu hans mega segja það, að ef kaupa á skipið, þá skil ég ekki, að þurfi allan tímann til nýárs til þess að gera það. Og ef hv. þdm. geta fallizt á nauðsyn þessa máls, þá vil ég vinda bráðan bug að því, að skipið verði keypt.

Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er kominn og gleð mig fyrirfram við að heyra, hvað hann hefir að segja um þetta merkismál, sem hlýtur að vera áhugamál hans ekki síður en annara.

Jóhann Jósefsson: Ég hafði búizt við, að hæstv. dómsmrh. yrði þegar við tilmælum hv. þm. Barð. um að láta uppi hug sinn um kaup á þessu nýja strandvarnarskipi. En úr því svo er ekki, og ég get vitanlega ekki svarað fyrir hæstv. ráðh., þá vildi ég nota tækifærið til þess að láta í ljós ánægju mína yfir þeim skilningi, sem hv. þdm. hafa sýnt á þessu máli, og hve vel þeir hafa tekið í það. Hv. frsm. meiri hl. og aðrir hv. ræðumenn, sem talað hafa, eru sammála um, að þetta nýja skip eigi að vera þannig útbúið, að það geti fullnægt strandvörnum og jafnframt innt af hendi fleiri störf, sem nauðsynleg eru.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að skip þetta þyrfti að kaupa svo fljótt, að það gæti hafið starfsemi sína við Vestmannaeyjar með næstu vertíð. Þótti mér vænt um að heyra það og vildi sérstaklega undirstrika, að skipið þyrfti að hafa fyrir aðalstarf björgunar- og eftirlitsstarfið við Vestmannaeyjar.

Ennfremur verður að telja afarnauðsynlegt, að leitað sé að nýjum fiskimiðum. Það er ekki langt síðan Halamiðin fundust, eitthvað um 7 eða 8 ár, ef ég man rétt, en öllum er kunnugt, að mikill fiskur hefir komið þaðan.

Nú hefi ég heyrt, að Guðmundur Jónsson, skipstjóri á Skallagrími, hafi nýlega orðið var við nýjan fiskibanka, en af eðlilegum ástæðum gat hann ekki gefið sér tíma til þess að rannsaka legu bankans, sem heldur ekki er að vænta, þar sem togaraskipstjórinn fyrst og fremst verður að hugsa um aflann. En einmitt þetta er verkefni skips eins og þessa, sem hér er farið fram á að kaupa: að rannsaka mið og fiskigöngur jafnframt landhelgisgæzlunni.

Þess vegna virðist það vera efst í huga manna, að þetta sé botnvörpungur, því að það getur fullnægt öllum störfum í þarfir strandgæzlu og björgunar, þótt það hafi botnvörpungaútbúnað um borð. Sá útbúnaður er líka nauðsynlegur við fiskirannsóknir.

Það er eðlilegt, að menn horfi nokkuð mikið á, hvað útgerð á þessum skipum kostar, og þá er náttúrlega réttast með tilliti til framtíðarinnar að hafa allan hugann á því, að landið hafi sem bezt gagn af skipunum. Hér hefir verið bent á ýms verkefni, landhelgisgæzlu, björgun á lífi manna, veiðarfæragæzlu, hafrannsóknir, sjómælingar og leit að nýjum fiskimiðum. Þessi verkefni eru öll ákaflega mikilsverð, og því betur sem þau eru rækt, því betri má búast við, að afkoma sjávarútvegsins verði.

Ég býst við, að hæstv. dómsmrh. sé nokkurnveginn sammála þeim, sem hér hafa talað, um að hafa skipið „praktískt" útbúið, og vænti ég þess, eins og hv. þm. Barð., að heyra álit hans um það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég heyrði að vísu ekki byrjunina á ræðu hv. þm. Barð., en ég hygg, að hann hafi látið í

ljós skoðun á því, hvað ég kynni að segja eða hugsa um þetta mál. Ég var nú ekkert búinn um það að segja hér í deildinni, en máske að hugsa um það, en vegna þess að þetta var allt sagt í velviljuðum tón, eins og hans var von og vísa, þá er ég ekkert að setja út á það. (HK: Og það var heldur ekki hægt!).

Ég álít, að rétt sé að samþ. þetta frv., e. t. v. með þeirri breyt., sem mér skilst, að einn þm. úr sjútvn. muni flytja við 3. umr., að stj. sé heimilað þetta, en ekki skipað. Ég álít það rétt, því að í sjálfu sér verður að líta á þetta mál þannig, að þingið vilji reyna að koma upp þremur skipum, en hinsvegar er ýmislegt, sem þarf að athuga í sambandi við þetta. Ef þetta væntanlega skip á, eins og sumir hafa tekið fram, að fullnægja þrennskonar mismunandi tilgangi, vera björgunarskip, eftirlitsskip og til hafrannsókna, þá er ekki víst, a. m. k. ef ætti að byggja slíkt skip, að hægt væri að hrapa að því,, þar sem þarf að taka tillit til margra hluta.

Ég skal játa, að mér finnst ekki vera nema tvö atriði, sem skipta máli. Annarsvegar er fjárhagshliðin, þ. e. a. s. rekstrarhliðin. Það er stórt atriði fyrir ríkissjóðinn að bæta við sig hátt á annað hundrað þúsund kr. útgjöldum á ári. Þó að það kosti töluvert að halda Hermóði út við Vestmannaeyjar, þá mundi hitt skipið, sem yrði rekið allt árið, verða mjög miklu dýrara.

Nú eru ýmsir, svo sem einn sjútvnm. í Ed., sem benda réttilega á, að ef skipin yrðu þrjú, eins og nauðsynlegt væri fyrir sjávarútveginn, þá öfluðu þau minna, því að eftir því sem gæzlan batnar, þá minnka sektirnar. T. d. tók Óðinn í fyrra 30 togara, en á jafnlöngum tíma nú ekki nema 10. Og þegar það er sama skip með sama útbúnaði og sömu mönnum, sýnir þetta, hvað strandgæzlan hefir batnað og hlýtur enn að batna, einkum ef þriðja skipið bætist við. Það var hv. þm. Ak., sem hélt því fram í Ed., að sjávarútvegurinn yrði að þola einhverja aukna skatta, ef þess þyrfti með, til þess að standast tekjuhallann af varðskipunum.

Ég get tekið undir með hv. þm. Vestm., að ég er honum og hv. þm. Barð. í sjálfu sér samdóma um, að þetta þurfi að gerast. Það er aðeins spurning um tímann og nokkuð um fyrirkomulag. Ef ráðizt verður í að byggja skip, þarf meiri undirbúning, því að þá eru gerðar meiri kröfur til að skipið fullnægi til lengdar hinum margvíslegu verkefnum. Þess vegna mæli ég með því, að þetta frv. sé samþ. með þeirri breyt., sem kemur fram í þessa átt við 3. umr.

En hv. þm. Vestm. verður að taka það með í reikninginn, að í raun og veru er ekki sanngjarnt að bæta t. d. 150 þús. kr. rekstrarhalla á fjárl. án þess einhverjar nýjar tekjur komi á móti. En ég er viss um, að það sama Alþingi, sem vill hrinda þessu áfram, mundi þá líka reyna að auka tekjurnar.

Ég held, að þetta ættu að vera nóg svör af minni hálfu til þessara tveggja hv. þm. Ef á að byggja skipið, þarf meiri undirbúning en ef það verður keypt. Og hinsvegar skoða ég stuðningsmenn þessa frv. siðferðislega skuldbundna til að samþ. skatt á sjávarútveginn, ef stj. ræðst í að gera eitthvað í þessu máli fyrir næsta þing.

Fari svo, að stj. láti byggja eða kaupa þriðja skipið, og þingið neiti síðan auknum sköttum á sjávarútveginn til að standast rekstrarhallann, þá getur svo farið, að stj. sjái ekki annað fært en selja skipið aftur. Þetta er sagt til viðvörunar í tæka tíð. En vonandi sjá útvegsmenn, að atvinnuvegur þeirra verður að standa undir gæzlunni.

Hákon Kristófersson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans, sem mér komu reyndar ekki á óvart. En ef hann heldur, að ég hafi verið að stinga eitthvað að sér í þessu máli, þá er það mesti misskilningur, þótt hinsvegar væri ekki laust við, að hann byggist við því.

Ég geng fastlega út frá því, að engin brtt. verði að þessu sinni samþ. við frv., því að það væri ekki gert í öðrum tilgangi en til að málið gengi ekki fram, svo fremi að komið er að þingslitum.

Hæstv. ráðh. minntist á, hver aðstaða stuðningsmanna frv. yrði að vera til tekjuauka. Mér þykir þetta bera vott um fyrirhyggju, sem við getum virt, og ég mundi

alls ekki standa á móti slíku, ef ég væri þá fyrirfram viss um, að hafizt yrði handa strax.

Hinsvegar býst ég við, með tilliti til undanfarinnar reynslu, að ef gætt væri alls sparnaðar á öðrum sviðum betur en verið hefir að ýmsu leyti, þá mundi það vega nokkuð upp í skipakaupin. En það er réttilega tekið fram hjá hæstv. ráðh., að það er rekstrarfé, sem mestu máli skiptir. En ef skipið verður útbúið með botnvörpu, þá er ekki fyrir synjað, að það gæti aflað einhvers, sem kæmi þá upp í útgerðarkostnaðinn, þó að hinsvegar sé vafasamt að gera ráð fyrir slíkum tekjum, ef skipið á að annast bæði landhelgisgæzlu, sjómælingar og björgun.

Ég ætla svo ekki að segja meira um þetta mál, en vil endurtaka þakklæti mitt til hæstv. ráðh., því að ég veit, að þar fylgir hugur máli.

Jón Ólafsson: Þetta er í fyrsta sinn sem maður heyrir bregða fyrir ofurlitlum áhyggjum fyrir því, að þessi útgerð muni á sínum tíma lenda þungt á ríkissjóði. Ég álít, að miklu heppilegra hefði verið, að það hefði komið nokkru fyrr fram, og það áður en farið var að byggja þau tvö skip, sem nú eru til, því að ekki skorti nóg af góðum bendingum, þegar byrjað var á þessu bátalagi, sem að mínu áliti er illa fallið til strandgæzlu. Hefði verið tekin strax sú stefna að byggja skipin með fiskiskipastíl og kraftmeiri vélum, þá hefði verið tekið fyrir þær áhyggjur, sem menn virðast nú hafa af kostnaðinum. Því það er auðvitað, að þegar fram í sækir og skipunum fjölgar, verða tekjurnar minni af þessari útgerð. Þeir munu hætta að sækja inn í landhelgina, sem það hafa gert, enda fækkar þeim nú óðum. En þá kemur í ljós, að þessi skip eru alls óhæf til annara verka en strandgæzlu, og svo e. t. v. til rannsókna.

Þess vegna vil ég benda á, að næsta skip, sem verður smíðað, á einmitt að vera með þeim stíl, að megi nota eitt þeirra eða fleiri til annars, ef landhelgin reynist svo örugg.

En í sambandi við þessar áhyggjur hæstv. dómsmrh. kom það í ljós, sem ekki er vel viðeigandi, þegar talað er um fjármál ríkisins. Ég man, að hér var eitt frv. fyrir þessu þingi, sem stakk mjög í augu mín, því að þegar talað er um að leggja fram fé frá vissri atvinnugrein til að styrkja þá atvinnugrein, þá er öðruvísi með sameiginlegt fé landsmanna farið en ég hefði kosið.

Ég tel ekki rétt að ganga inn á þá braut, að ef eigi t. d. að styrkja landbúnaðinn, þá eigi að skattleggja hann til þess. Ég álít, að í störfum þingsins eigi alls ekki að koma fram, að þannig eigi að taka af vissum gjaldendum, jafnvel þótt það sé til hagsbóta hinum sömu.

En aðallega vildi ég benda á, að það er æskilegt, að þau skip, sem hér eftir eru byggð, verði öðruvísi en til þess að snatta hér kringum landið, ef að því kemur, að ekki þarf á þeim að halda til strandgæzlu.

Ég álít, að það skip, sem á að annast björgunarstarfsemi í Vestmannaeyjum, eigi einmitt að vera sniðið í því formi, sem togarar eru, og ekki einungis í þeim tilgangi, að það geti síðar starfað á þeim grundvelli, heldur og líka til þess, að hægt sé að gera þau hraðskreiðari og duglegri til að ná togurum heldur en þau, sem hafa verið byggð, því að það er miklu verra að varast skip, sem steypt eru í hinu sama formi.

Það er aðeins þetta, sem ég vildi benda á, og ég tel heppilegra, að þessu verði hér eftir meiri gaumur gefinn en var í upphafi og hefir verið hingað til.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. ráðh. lét svo um mælt, að hann teldi rétt, að þetta frv. yrði samþ., en gat þess um leið, að hér gæti verið um tímaspursmál að ræða, og skildist mér, að það væri framkvæmd málsins. Og það er að vísu satt, að nokkurn tíma þarf til þess að koma framkvæmdum af stað. Flestir munu álíta, að nýlegur togari dugi; ekki þörf á alveg nýju skipi. Ég hefi átt tal um þetta við mann, sem einna mest hefir staðið fyrir slíkum framkvæmdum, og segir hann mér, að hvað snerti innréttingu skipanna þurfi ekki að bæta nema 2—3 klefum við, sem þurfi handa væntanlegum vísindamönnum, og svo séu þessi venjulegu tæki, sem hafrannsóknaskip þurfa og sem komast prýðilega fyrir á venjulegum togurum. Að því er snertir björgun, þá eru

engin skip heppilegri til þeirra nota en skip með togaragerð.

Ég sé því ekki, að lengi þurfi að standa fyrir hæstv. stj. að ná þessu markmiði. Og ef þetta frv. verður samþ., vil ég vænta þess, að hæstv. stj. dragi ekki framkvæmd málsins.

Ég skal benda á það, að áður en Þór strandaði, voru varðskipin þrjú, og þetta frv. kom fram vegna þess, að Þór var úr sögunni, en það hefði varla komið fram, ef Þór hefði verið ofansjávar. Svo að í raun og veru er ekki farið fram á að auka varðskipaflotann úr því, sem hann var fyrir nýár.

Ennfremur skal ég geta þess, að það skip, sem verið hefir í staðinn fyrir Þór í vetur við Vestmannaeyjar, hefir að sögn kunnugra manna og skipverjanna sjálfra ekki getað fullnægt sínu hlutverki sem skyldi. Ég veit líka, að hæstv. stj. hefir orðið að staðbinda Óðin og Ægi á víxl við Vestmannaeyjar, vegna þess að hún, alveg eins og sjómennirnir og allir aðrir, treysti ekki Hermóði til þess að standa í stórræðum. Allt þetta styður það, að hafizt sé handa til að afla skipsins, þegar er þingið hefir samþ. frv.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á hugsun ráðh. um sérstakan skatt á sjávarútveginn. Eins og er borgar sjávarútvegurinn í raun og veru sérstakan skatt fyrir strandvarnirnar. En ég er sammála hv. þm. um, að óviðkunnanleg leið hefir hér verið valin af stj. og fordæmi gefið, sem gæti haft afleiðingar líka fyrir landbúnaðinn.

Mér virðist heldur ekki tímabært að halda þessu fram nú. Ég tók svo eftir, að hv. 3. landsk. hafi sýnt fram á í Ed. við umr. þessa máls, að ríkissjóður væri ekki farinn að leggja neitt verulegt af mörkum til þess að halda út strandgæzluskipunum.

Ég vil því, eins og hv. 4. þm. Reykv., undirstrika, að hér er verið að stofna til kaupa á skipi í staðinn fyrir Þór, og til þess fyrst og fremst að taka upp það starf, sem niður féll með strandi hans. Og allir virðast sammála um að hafa þetta skip þannig útbúið, að það geti fullnægt þeim verkefnum, sem fyrir liggja á ýmsum hlutum árs og við ýmsa landshluta. Með öðrum orðum, að það verði reglulegt fiskiskip að öllum útbúnaði, en þó með björgunar- og rannsóknartækjum, eins og margir þm. hafa bent á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

41. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 30. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands** (þmfrv., A. 132).

Á 32. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta á þskj. 132 hefir legið fyrir tveim síðustu þingum í svipuðum búningi og það birtist nú í. Hv. þdm. munu minnast þess, að á síðasta þingi kom fram fyrirheit af hálfu hæstv. ríkisstj. um að búa málið til þessa þings. Það er líka í þetta sinn komið frá stj., enda þótt það sé, eftir hennar ósk, flutt af hv. þm. V.-Ísf. og mér. Annars er ekki þörf að fjölyrða um málið. Aðeins skal ég geta þess, að áður eru komin fram tvö frv. um svipað efni, eins og á undanförnum þingum, og liggur beint við, að efni allra þessara frv. verði samræmt og komi síðar fram í einu lagi.

Ég óska þess, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni umr., þar sem hin tvö frv. liggja fyrir til afgreiðslu.

Jóhann Jósefsson: Þau tvö frv., sem hér eru fram komin, annað um Fiskveiðasjóð Íslands, en hitt um fiskveiðasjóðsgjald, eru í raun og veru í samhengi hvort við annað. Ég ætla ekki að hefja

langt mál um þetta nýja frv. Það er ekki ó[illegible]því, sem meiri hl. sjútvn. flutti í f[illegible]. Það gengur að vísu í þá átt að hækka tillagið úr ríkissjóði, en engin trygging er fyrir því, hvenær peningarnir verða lagðir fram, svo að það getur hæglega dregizt til 1931, að nokkurt verulegt tillag fáist úr ríkissjóði. En það er öllum ljóst — enda sést það bezt á öllum þeim till., sem komið hafa fram á undanförnum þingum í þá átt —, að það má ekki lengur dragast, að komið sé fótum undir svipaða lánsstofnun og Fiskveiðasjóðurinn á að vera. Af frv. má sjá, að hæstv. stj. hefir líka verið ljóst, að sjóveðið á bátunum væri hindrandi fyrir veðhæfi þeirra gagnvart lánsstofnuninni. Er nú lagt út á nýja braut í því efni, svo að þeir, sem eiga að njóta þess samkv. frv. að fá lán út á bátseignina eingöngu, mega ekki gera út bát sinn á annan hátt en að hásetar fái hlut í afla að kaupi. Það er að vonum, að einhver vandkvæði fylgi alltaf tilraun til að sameina það, að bátarnir hafi fullt veðhæfi, sem rekist þó ekki á sjóveðsákvæðin. En ég tel þessa leið mjög óheppilega. Í frv. er gert ráð fyrir, að lögskráningarstjórar eigi að ganga úr skugga um það, áður en þeir skrá mennina, hvort bátarnir hafi fengið veð í Fiskveiðasjóði, en þetta gæti þýtt það, að ekki yrði hægt að lögskrá á skipin. Það er ekki eigandinn, sem er einráður um það, fyrir hvaða kjör hann ræður fólkið. Hér er um tvo aðilja að ræða — háseta og útvegsbændur — og samkomulag verður að vera á milli þeirra. Ég held, að ekki þýði að lögbjóða neitt í því efni. Það er alkunna, að hásetar eru oft mjög ófúsir á að ráða sig upp á hlut eingöngu, og sumir útgerðarmanna vilja síður ráða menn upp á hlut. Sú kaupgreiðsla, sem nú gildir, er nær undantekningarlaust á þann veg, að meginhlutinn er fast kaup, og þar við bætist verðlaun eða „premía", eins og það er alltaf kallað. Þetta ákvæði um lögskráninguna gæti sem sé orðið þröskuldur fyrir því, að sá bátseigandi, sem hefir lán með þessum kvöðum, geti rekið atvinnu sína.

Frv. fylgir ítarleg grg., en ýmislegt er þar athugavert, a. m. k. það, að æskilegt sé, að aukning höfuðstóls Fiskveiðasjóðsins verði ekki með öru móti, af því að ör vöxtur í þessari atvinnugrein gæti truflað eðlilegan þroska þjóðlífsins. Hér er hreyft við máli, sem mörgum er ákaflega viðkvæmt, sem sé því, að fiskiveiðar landsmanna þyki skaða hinn aðalatvinnuveginn. En ég tel, þar sem það er vitanlegt, að fiskiveiðarnar standa undir öllum þorra af gjöldum ríkisins, að það verði tæplega talinn kostur, að þær vaxi ekki ört.

Ég vil taka það fram, að eins og komið er með þessa stofnun, og þar sem engin önnur stofnun er til, sem taki að sér hennar hlutverk, er engin ástæða til að gera lagaákvæði svo úr garði, að efling fiskiveiðanna geti ekki orðið sæmilega hraðskreið.

Þá hefir hæstv. stj. hugkvæmzt að afla Fiskveiðasjóðnum tekna með því að skattleggja enn að nýju fiskiveiðar landsmanna. Eins og nærri má geta, þykir mér ekki heppilegt, að sú leið verði farin. Við, sem höfum flutt hér annað frv., sem fjallar líka um efling Fiskveiðasjóðsins, höfum bent á aðra leið en beina skattlagningu til að efla sjóðinn, sem sé sölu vaxtabréfa, en þegar um það atriði er að ræða, og þegar vaxtabréfin eiga að vera til eflingar lánsstofnun handa sjávarútveginum, er svar stj. á þá leið, að sú leið sé þegar oftroðin. Nú er það vitanlegt, að fyrir utan veðdeild Landsbankans hafa tvær stofnanir, nefnilega Ræktunarsjóðurinn og Búnaðarbankinn, báðar verið studdar á þann hátt með leyfi þingsins. En þegar við sjávarútvegsmenn viljum njóta sömu kjara, þá er leiðin oftroðin, að áliti stj.

Ég man ekki til, að nein uppástunga kæmi fram þess efnis, þegar frv. um Búnaðarbankann var afgr., að bankanum þyrfti að afla fjár með því að skattleggja landsmenn sérstakl., auk heldur landbúnaðinn sjálfan. Tollur á sjávarútvegsafurðum er 1½%, og hann hefir um nokkurt skeið, eða hluti af honum, runnið til þess að styrkja lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Ég skal ekki að svo komnu máli ræða skattafrv., sem er næst á dagskrá (frv. um fiskveiðasjóðsgjald), en mun aðeins minnast á það, þegar þar að kemur. En þó vil ég benda á það, að mér þykir það vandræðalegt hjá hæstv. stj., sem stendur

að þessu frv., að hún skuli ekki sjá leið til þess að greiða fram úr lánsþörf bátaútvegsins nema með því að leggja nýjan skatt á sjávarútveginn, sem samkv. grg. frv. á að nema 100 þús. kr. árlega, í viðbót við aðrar þær byrðar, sem sjávarútvegurinn hefir að bera, bæði beint og óbeint.

Að sumu leyti er þetta frv. — eins og ég minntist á áðan — shlj. till. meiri hl. sjútvn. þessarar d. í fyrra. En þó hefir í ýmsum atriðum verið vikið frá þeirri stefnu, sem þar var upp tekin, en óþarft er við þessa umr. að fara nákvæmlega út í það. Og hvað snertir ákvæði um báta, sem lána megi út á, og fyrirtæki, sem lána megi til, þá vonast ég eftir, að samkomulag takist í sjútvn. Þótt ég yfir höfuð hafi lýst þeim agnúum, sem mér þykja í fljótu bragði vera á frv. hæstv. stj., þá verð ég að segja, að ég vona, að þessar sameiginlegu tilraunir stj. og einstakra þm. til að ráða bót á þeirri vöntun, sem er á lánsfé til skipakaupa og til rekstrarlána, leiði til samkomulags um stofnun, sem þannig sé úr garði gerð, að allir aðilar geti við unað, a. m. k. í bili, og helzt til langframa.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. flm., sem hafa orðið við tilmælum mínum um að flytja þetta frv.

Bæði um tilorðningu þess og ýms atriði get ég sumpart vísað til þess, sem hv. aðalflm. sagði, og sumpart til hinnar rækilegu grg. fyrir frv. Ég tel ástæðulaust að fara út í einstök atriði málsins nú. Eins og hv. flm. og hv. þm. Vestm. hafa tekið fram, hefir þetta mál verið fyrir þinginu hvað eftir annað, fengið afgr. héðan úr hv. deild einu sinni, ef ekki tvisvar. Það er því búið að margræða þetta mál, og ennfremur liggja fleiri till. fyrir þessu þingi um þetta mál, svo að ég álít ekki þörf að ræða frv. mikið við þessa umr., heldur eigi að láta það komast sem fyrst í n. Býst ég við, að allir séu sammála um að afgr. þetta mál, og vona, að samkomulag náist um, hvernig það á að verða.

Þó að hv. þm. Vestm. hefði ýmislegt að athuga við sum atriði þessa frv., virtist mér þó koma fram hjá honum fullur vilji til þess að fá samkomulag um endanlega afgreiðslu málsins nú.

Ég skal aðeins stuttlega víkja að sumu af því, sem hv. þm. minntist á. Fyrst er það atriði, sem mest hefir verið deilt um undanfarin ár, veðið, sem sjómenn hafa fyrir sínu kaupi. Um það atriði spurði stj. sig fyrir hjá þeim prófessor háskólans, sem hefir á hendi kennslu í þessu efni. Hann tjáði okkur, að hann vissi ekki til þess í neinu landi, þar sem hann hafði haft tækifæri til að athuga þetta, að sjómenn væru sviptir þessum rétti, sem núverandi löggjöf gefur þeim hér á þessu landi. Þar sem þetta er nú svo, og þar sem hér á í hlut sú stétt í landinu, sem leggur á sig e. t. v. mest erfiði og mestar hættur af öllum stéttum, þá verð ég að segja, að ég fyrir mitt leyti gat ekki farið að leggja til að svipta þá rétti gagnvart greiðslu kaupgjalds síns, sem þeir hafa haft til þessa. En hér er stungið upp á leið til þess að komast framhjá þessu að nokkru leyti. Það er ekki verið að lögbjóða neitt, heldur eru sett ákveðin skilyrði fyrir því, að þessi skip verði tekin fullgild veð. Þetta sama á sér stað á öðrum sviðum. Byggingar- og landnámssjóður setur sérstök skilyrði til þess, að menn geti notið hlunninda þeirra, sem þar eru boðin fram.

Annars væri það æskilegt, ef hv. n. gæti komið í veg fyrir, að of miklar deilur yrðu til þess að tefja framgang þessa máls nú. Menn eru þegar búnir að ræða málið til þrautar nú þegar, að ég hygg.

Annað, sem hv. þm. Vestm. benti á, var það, að hér væri of hægt af stað farið, en jafnframt áleit hann ekki stungið upp á heppilegri aðferð til að afla sjóðnum tekna. Um þetta atriði vil ég segja það, að það er alveg sama aðferðin og farin var 1925, þegar löggjöfin um Ræktunarsjóðinn var samþ.; það var gert samkv. uppástungu n., sem Búnaðarfélagið skipaði til að athuga þetta mál. Ég fyrir mitt leyti játa, að ég er ekki eins kunnugur þessu máli og hv. þm. Vestm. En eins og gert er ráð fyrir um höfuðstól sjóðsins í 2. gr., og eins og gert er ráð fyrir í grg. frv., að nýja gjaldið verði allverulega upphæð, þá finnst mér a. m. k. stórkostleg framför frá því, sem nú er, að fara af stað með þetta. Og þar sem tal-

að er um í 2. lið 2. gr., að það sé samningsatriði milli stj. sjóðsins og ríkisstj., hvenær sú greiðsla fer fram, sem þar er bent á, þá er það gert með þeirri hugsun, að þegar stj. sjóðsins sér verulega þörf fyrir þetta fé, þá leysi ríkisstj. vandann og veiti það fé, sem við verður komið.

Að endingu vil ég vekja athygli á því, sem kom fram síðast í ræðu hv. þm. Vestm., að hann vonaði, að um einstök atriði, sem hann nefndi, mætti takast samvinna í n. Þessari ósk vil ég eindregið beina til hv. n., að hún sinni þessu máli svo vel og svo fljótt, að ekki þurfi að verða hætta á, að það strandi enn einu sinni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get tekið undir með hæstv. forsrh., að það er í raun og veru þýðingarlaust að deila verulega um málið við þessa umr. En þó get ég ekki látið það framhjá mér fara að lýsa með nokkrum orðum, hvern hug ég ber til þessa frv. yfirleitt. Eins og drepið var á, hafa á síðustu þingum orðið deilur allmiklar um það, hvernig þessu máli skyldi skipað. Tveir aðalflokkar þingsins runnu saman í eitt og sættu sig við það frv., sem þá fór út úr hv. d., og af sumum var kallað frv. til laga um dvergbanka. Og mig undrar því ekki, þó að fulltrúar þessara flokka, sem hér hafa talað, taki þessu frv. fremur vinsamlega — eða jafnvel með opnum örmum. Því að það er lítill munur á því frv., sem sjútvn. skilaði á síðasta þingi, og frv., sem hér liggur fyrir og mér skilst vera frá hæstv. stj. komið. Mér og mínum flokksmönnum eru mikil vonbrigði, hvernig frv. þetta lítur út. Við lögðum í fyrsta lagi mikla áherzlu á það, að framlag það, sem sjóðnum var ætlað, væri allt of lítið til þess að fullnægja þeim kröfum sjávarútvegsins, sem hann nú og í framtíðinni hlýtur að gera. Nú er mjög lítið úr þessu atriði bætt, því að í staðinn fyrir 60 þús. króna framlag, sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. í fyrra, má reikna, að nú sé það — ef jafnað er niður á 10 ár — 100 þús. kr. á ári. En auk þessara 60 þús. króna á ári, sem meiri hl. lagði til í fyrra, átti sjóðnum að leggjast til 30 þús. kr. á ári um óákveðið árabil. Þegar því allt kemur til alls, þá sé ég mjög lítinn mun á þeim till., sem í þessu frv. felast, og því í fyrra. En þar þótti okkur jafnaðarmönnum of skammt farið. Þetta ½ millj. framlag, sem ríkissjóður á að leggja til rekstrarlánadeildarinnar, er nákvæmlega það sama og meiri hl. n. lagði til í fyrra. Og einmitt með tilliti til þessa lögðum við mjög mikla áherzlu á og færðum skýr rök fyrir, hve óskaplega lítil fjárhæð ½ millj. er handa sjávarútveginum, þó að stærsti hluti hans, þ. e. togaraútvegurinn, sé undanskilinn.

Ég skal geta þess, að það er gert ráð fyrir, að sjóðurinn öðlist tekjur, þó að það sé ekki sjáanlegt eins og málið liggur fyrir. Þessar tekjur liggja í ¼% skatti af útfluttum afurðum. Í grg. frv. er gert ráð fyrir, að þetta nemi allt að 100 þús. kr. á ári. Ef þetta nær fram að ganga, er það nýtt tillag til aukningar sjóðsins. Ég skal ekki fara út í það að sinni, hvort rétt sé að skattleggja sjávarútveginn á þennan hátt.

Um stærð skipa, sem lána má út á, er nokkuð breytt frá till. n. Ég benti á það í fyrra, að það er mjög hæpið að takmarka ábyrgðina við einhverja stærð skipanna. Ég vil t. d. benda á, að lítil gufuskip, sem eru nú þau skip, sem menn byggja mest trú sína á hér sunnanlands, þau eru algerlega útilokuð frá styrk frá slíkum sjóði, er hér ræðir um.

Þá kem ég að því atriði, sem mest er um deilt, rétti sjómanna til að hafa tryggingu fyrir kaupgreiðslu. Ég vil þá þakka hæstv. atvmrh. fyrir það, að hann hefir tekið til greina till. okkar um þetta efni og leitað sér fyllri fræðslu um það mál en ég gat í té látið í fyrra. Ég benti þá á próf. Ólaf Lárusson sem manna fróðastan um þær reglur, er gilda hjá öðrum þjóðum á þessu sviði, og sem mér nú skildist, að hefði nú staðfest álit sitt fyrir hæstv. stj. En hér fylgir nokkur böggull skammrifi, því að í 6. gr. er reynt að fara inn á sérstaka leið, sem mér virðist mjög varhugaverð. Það er í raun og veru verið að lögfesta það, með hverskonar kjörum menn eiga að ráða sig á þau skip, sem eiga að njóta réttinda úr sjóðnum. Það er ekki hægt að skilja ákvæði um þetta á annan veg en að hreint og beint sé ætlazt til, að sjómenn skuli skilyrðislaust ráðnir upp á hlut. Ég vil beina því til hv. flm., hvort þeir álíti, að þá sé sjóveð ekki

nauðsynlegt. Ég býst þó við, að þeir líti svo á, að til þess megi grípa. Og ég vil benda á, að sjóveð hefir orðið að nota fyrir vangoldinn aflahlut eins og fyrir vangoldið kaup. Og ef sú er meining hv. flm., að með því að sjómenn ráðist upp á hlut sé hægt að tryggja lánveitingu, þá getur það verið mjög hæpið. Ég vil mjög eindregið leggja á móti þeirri hugsun, að það megi á nokkurn hátt hefta frjálsræði manna um það, með hvaða kjörum þeir ráða sig á skip. Við höfum svo þráfaldlega rekið okkur á það, að þótt við höfum bent sjómönnum á ráðningu upp á hlut, hafa þeir fremur óskað eftir mánaðarkaupi eða aflaverðlaunum. Það getur því ekki komið til mála að svipta þá sjálfsákvörðunarrétti í þessu efni. Ennfremur skal ég taka það fram, að þótt hásetar séu ráðnir upp á hlut, þá er altítt, að vélamenn, matsveinar og ýmsir aðrir starfmenn séu ráðnir upp á kaup. Verður því erfitt að samrýma þetta. Ég býst við, að með góðum vilja væri hægt að lagfæra bæði þetta og ýmislegt annað, þegar málið kemur til n.

Ýmislegt fleira mætti minnast á, sem ég læt þó liggja að sinni, nema sérstakt tilefni gefist. Ég verð þó aðeins að drepa á það, að við jafnaðarmenn höfum lagt fram frv. í sambandi við annað mál, nefnilega um útvegsbankann. Honum er auðvitað ætlað að taka við, ef Íslandsbanki verður ekki reistur við. Ég er einn af þeim mönnum, sem greiddu atkv. með lögunum um Búnaðarbankann, sem hefir fleiri millj. til umráða. Þess vegna álítum við jafnaðarmenn, að við eigum fulla kröfu á því, að sjávarútvegurinn sé studdur hlutfallslega með peningastofnun eins og landbúnaðurinn er nú. En þetta frv. er ekki nema lítið spor í þá átt, og algerlega ófullnægjandi, að mínum dómi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 370).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég skal ekki rekja lengi sögu þessa máls, þó að hún sé í sjálfu sér töluvert eftirtektarverð og í raun og veru aldarfjórðungs gömul. Nú eru 25 ár síðan Fiskveiðasjóður var lögfestur og fyrsta tilraunin gerð til að veita vélbátaútveginum fjárhagsstuðning með lánum. Þetta gerðist á þeim árum, þegar hann var að byrja, og eins og kunnugt er, hafa ávextirnir af þessari stofnun orðið fremur litlir. Orsakirnar eru margar. Þegar sjóðurinn var myndaður árið 1905, voru tiltölulega fáir menn, sem leituðu sjóðsins eða þurftu að halda á þessum lánum, meðan róðrarskip og árabátar voru meginið af öllum fleytum í sjávarþorpunum. Hinsvegar var fjármagn sjóðsins mjög takmarkað, svo að hann gat ekki fullnægt þörfinni, þegar hún tók að vaxa ört og fleytunum fjölgaði. Í upphafi var sjóðnum ætlað 100 þús. kr. stofnfé úr ríkissjóði og árlegt tillag, 6 þús kr. Auk þess var honum ætlað að njóta ⅓ sektarfjár fyrir ólöglegar fiskiveiðar og 10% af síldartolli frá 1907. En þessi tiundihluti af síldartollinum var tekinn frá sjóðnum árið 1919 og sektarfjárþriðjungurinn árið 1920 með lögum um bann gegn botnvörpungaveiðum. Sjóðurinn hefir því undanfarið ekki haft úr öðru að spila en tekjum af upphaflega stofnfénu ásamt síldartollinum og sektarfénu fyrstu árin og þessu 6 þús. kr. ríkistillagi. Síðari árin hefir sjóðurinn aðeins getað sinnt sárfáum lánbeiðnum. En mest hefir þó það dregið úr getu hans, að fyrir nokkrum árum var tekin mestöll innstæða hans, sem þá mun verið hafa á 4. hundrað þúsunda, lánuð til hafnargerða á 2—3 stöðum á landinu og fest þar í margra ára afborgunarlánum. Frá undanförnum þingum þekkja allir tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til þess að efla þennan sjóð og gera hann megnugan þess að veita bátaútveginum verulegan stuðning. Eftir þær margendurteknu tilraunir ætti málið nú að vera komið svo langt, að það gæti gengið fram á þessu þingi. Nú liggja fyrir þinginu 2, eða mætti segja 3 frv., sem stefna að einhverri lausn á þessu máli. Með brtt. sjútvn. á þskj. 370 er efni hinna tveggja frv. að nokkru leyti tekið upp í þetta frv. á þskj. 132, og treystist n. ekki

til að ganga lengra en þar er gert um fjáröflun til sjóðsins.

Með frv. eftir till. n. vona ég að takist að undirbyggja bátaútveginn á sama hátt og reynt var á síðasta þingi að undirbyggja atvinnuveg sveitanna, með stofnun Búnaðarbankans.

Það hefir hér farið svo, að eftir því, sem fleiri hafa flutzt á mölina, eftir því hafa fleiri orðið efnalega ósjálfstæðir, og þaðan stafar sú knýjandi þörf á stofnlánum til efnaminni útvegsmanna. Mikill fjöldi kaupstaðarbúa, sem nú eru orðnir meiri hluti landsbúa, hefir orðið að lúta að því að selja vinnu sína öðrum, með þeim afleiðingum oft og tíðum, að kjör þeirra hafa orðið ótrygg og stopul atvinnuleit í tvísýnni sjáfsmennsku. Þeir hafa því margir sett sig í varnarandstöðu gegn þeim, sem kaupið áttu að greiða og atvinnu veittu. Þannig hafa komið upp kaupdeilur, sem allir vita að nálgast það að vera örðnar að landplágu. Í sveitunum hefir þessi faraldur aldrei þekkzt, vegna þess að þar fengu flestir eða allir, sem dug og framsýni áttu, færi á að komast einhverntíma í sjálfstæða stöðu. Margreynt er, að ungir menn, sem þrá að brjóta sér braut, ráða eigin heimili og komast í sjálfstæða stöðu, halda, að þessar vonir rætist fljótar við sjóinn en í sveitinni, og þetta hefir margan blekkt. En reyndin hefir orðið sú fyrir fjölmörgum, að öflun fjár til búrekstrar á eigin spýtur hefir verið þeim um megn og framleiðslutækin þar heimta meira fé en frumbýlingar í sveitinni oftast hafa til umráða.

Fyrir þessa menn hefir hvergi verið lands að leita um haldkvæm lán fyrir bústofn eða útgerðartæki, og hefir þá ráðið helzta orðið að leita til kaupmanna eða efnaðra útgerðarmanna um lánin — manna, sem oft höfðu fé á aðra hönd — og með erfiðum lánskjörum. Þegar frumbýlingarnir svo í byrjun hafa hitt á rýra vertíð eða orðið fyrir óhöppum, þá hefir sagan oft orðið sú, að þeir hafa orðið að leggja árar í bát og fara að selja vinnu sína öðrum fyrir kaup, sem aðeins hrökk til að verjast skortinum, en ekki til að koma nokkru sinni fótum undir eigin atvinnu að nýju.

Fjöldi útgerðarfyrirtækja hefir komizt þannig á flot, að kaupmenn hafa ábyrgzt fyrir byrjandann farkost og rekstur og smátt og smátt náð undir sig veiðitækjum og bátum, sem þeir hafa haft að veði. Til þess nú að aftra því, ef mögulegt er, að efnalitlir en dugandi menn þurfi að sæta þvílíkum eða lakari búsifjum, þarf slík stofnun sem þessi að komast upp.

Nú er í frv. á þskj. 132 gert ráð fyrir fiskveiðasjóði, sem verði þess megnugur að veita bátaútveginum tiltölulega mikinn stuðning, bæði með stofnlánum og rekstrarfé. En sjútvn. hefir, vegna breyttra ástæðna frá því frv. var borið fram, horfið að því að fella niður aðra deild sjóðsins, rekstrarlánadeildina, en hinsvegar efla stofnlánadeildina eftir því, sem föng voru á. Verkefni Útvegsbankans nýja hlýtur að verða það sama og rekstrarlánadeildinni var ætlað að vinna, og hinsvegar er fyrirsjáanlegt, að stofnun bankans hlýtur að binda mikið hreyfanlegt fjármagn og valda erfiðleikum miklum við fjáröflun til Fiskveiðasjóðsins, þó að ekki sé hugsað um meira en rekstrarlánadeildina eina. Einnig er svo ráð fyrir gert í lögunum um Útvegsbanka, að hann starfræki þennan sjóð, og er þá því minni ástæða til að láta Fiskveiðasjóð grípa inn á verksvið bankans sjálfs.

Ég skal þá stuttlega víkja að brtt. sjútvn. á þskj. 370. Allir nm. eru sammála um brtt. og afgreiðslu málsins eftir þeim, en einn hefir þó skrifað undir með fyrirsvara, og mér skildist það aðeins vera vegna formsatriða. Flestar brtt. n. lúta að niðurfellingu rekstrarlánadeildar sjóðsins, eða eru afleiðing af þeirri breyt. frv., og þá jafnhliða um efling stofnlánadeildar. Þannig er niður felld t. d. 3. gr., sem var um deildaskiptingu, en önnur kemur í staðinn um útgáfu vaxtabréfa.

Út af ágreiningi, sem á undanförnum þingum hefir verið um það, hvort sjóveð ætti að þoka fyrir veðrétti sjóðsins, þegar skip eru veðsett, hefir n. hallazt að því ráði að láta sjóveðin standa óhögguð, eins og þau voru ákveðin í siglingalögunum frá 1914, en leggja í þess stað lítilsháttar aukagjald á þá, sem lán taka í sjóðnum gegn veði í skipum, til eflingar sérstökum sjóði, sem ávaxtast eins og varasjóður og verja megi

til að bæta Fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Þessi breyt. felst í 7. gr. eftir till. n. Þá er þriðja aðalbreyt., sem n. leggur til, við 17. gr., og lýtur hún að því, að atvmrn. hafi á hendi stj. sjóðsins, þar til samningar takist við Útvegsbankann um rekstur sjóðsins, svo sem ráðgert er í stofnlögum þess banka. Hinar brtt. eru að mestu leyti gerðar formsins vegna, og virðist ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þær.

Ég held, eftir því, sem komið er og á stendur, að ekki sé rétt að tefja tímann lengur við að ræða þetta mál. Ég á ekki von á, að risið verði gegn afgreiðslu þess í þessari mynd, en ef svo skyldi þó verða, þykir mér réttara að bíða, unz andmæli eru komin fram.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, eins og hv. frsm. gat um. En þó að ég gengi með til samkomulags, var það ekki af því, að ég væri ánægður með að fella niður aðra deild sjóðsins, því að mér þótti hún helzt til mikil líftaug þessarar stofnunar til þess að skera á hana. En hér virtist ekki vera um annað að ræða, af ástæðum, sem ég hirði ekki að tilgreina nú.

Annað atriði, sem raunar fleiri en ég voru ekki ánægðir með, var það, til hve stórra skipa mætti lána. Í frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn starfi sérstaklega fyrir skip minni en 35 smálesta, en megi þó veita lán til skipa allt að 50 smálestum, ef nóg fé er fyrir hendi. Það er miðlunaratriði. Og það er nokkur ástæða til að taka meir til greina stærri skip en 35 smálesta, því að þannig eru hin stærri skip, sem nú eru að verða mjög hentug til sjósóknar og ekki dýrari en svo, að viðráðanlegt er fyrir sjómenn að kaupa þau. Reynslan er eiginlega búin að sýna, að þessi litlu gufuskip séu heppilegustu bjargartækin á sjónum fyrir þá menn, sem ekki hafa ráð á miklu fjármagni. Í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og Vestmannaeyjum er kominn heill skipastóll af þeim, og jafnvel á Austfjörðum. Verðið er mismunandi, eftir því, hvort skipin eru keypt ný eða gömul. Þau hafa fengizt smíðuð fyrir svipað verð og hinir stærri „mótorkútterar" kostuðu á ófriðarárunum, og sem flestir eru til í landinu enn. En frá Noregi hefir verið hægt að fá keypt skip fyrir minna en 35 þús. kr. Og rekstur þessara skipa reynist alls ekkert dýrari en mótorskipa almennt. Ég vildi, að það væri skýrt tekið fram í frv., að fé mætti veita til þessara skipa, eftir því sem reynslan sýndi á hverjum tíma, hvaða skip væru bezt. Að vísu má segja, að frv. gefi nokkurt svigrúm fyrir stj. sjóðsins til að veita lán til stærri skipa en 35 smálesta. En ég er hræddur um, að eftir þeim anda, sem hv. frsm. ætlast til að skíni í gegnum þetta frv., þá sé álitamál, hvort stj. geti notað það svigrúm hiklaust, nema því aðeins, að breyt. sé gerð. Ég bjóst við, að brtt. mundi ekki hafa mikið að segja, úr því að n. gat ekki teygt sig svo langt. En ég vildi þó láta þetta koma fram í umr.

Eftir atvikum hefi ég sætt mig við þessa lausn málsins, og það er sérstaklega vegna eins höfuðatriðis, sjóveðanna. Það vandamál er nú leyst svo heppilega, að varla er hægt betur. Ég held, að allir nm. hafi að síðustu fallizt á, að það væri hættulegt að afnema þessar tryggingar sjómannanna. Ég skal með tilliti til þessa þakka hv. meðnm. mínum fyrir lausn málsins á þennan hátt.

Mér fannst hv. frsm. lifa með bjartar vonir um, að með þessum sjóði yrði komið í veg fyrir allar kaupstreitur og vinnustöðvanir. Nei, svo bjartsýnn er ég ekki, að halda, að sjóðurinn geti leyst þetta mikla þjóðfélagsmál, sem hlýtur að haldast í hverju þjóðfélagi, þar sem einstaklingarnir eiga framleiðslutækin. Þessi trú er í reyndinni ekki annað en sjálfsblekking og falstrú. Hv. frsm. kallaði vinnudeilurnar landplágu. Hann um það, hvaða skoðun hann hefir á þeim. Vinnudeilur hafa ekki staðið svo lengi á okkar landi, að þær út af fyrir sig hafi breytt miklu um þjóðarhaginn. En þær hafa bætt efnahag fólksins, sem býr við sjávarsíðuna, og þess hluta úr sveitunum, er leitar vinnu til sjávarins og kauptúnanna, og það kalla ég engan þjóðarvoða. Reynslan hefir sýnt mönnum, að ekkert nema samtökin duga til þess að knýja fram hækkað kaup og bætt lífsskilyrði almennings, og það er þjóðarhagur, að öllum almenningi geti vegnað vel. En ég ætlaði

ekki að fara að deila við hv. frsm. um þetta. Honum verður sjálfsagt aldrei að trú sinni, að sjóðurinn leysi þetta hlutverk af hendi á þann veg, sem hann ætlast til.

Hv. frsm. vonast eftir, að menn þurfi ekki hér eftir að leita til kaupmanna og útgerðarmanna um lán, því að nú geti þeir eignazt skip sín með hjálp þessa sjóðs. En þá þyrftu þeir líka að fá lán til rekstrar. Annars verða þeir enn bundnir, eins og hv. frsm. lýsti, að meira eða minna leyti. En eins og nú standa sakir, er tæplega hægt að krefjast þess, að allir menn verði sjálfstæðir um að veiða og verka aflafenginn. En ég vænti þess, að síðar eigi eftir að koma fram fyllri lausn á þessu máli. Hv. frsm. minntist á, að Útvegsbankinn ætti að leysa þetta hlutverk af hendi. En ég hygg, að hann hafi nóg með hina stærri útvegsmenn, þeir fái fé hans, svo að lítill afgangur verði handa smábátum, „trillubátum" og þesshättar smáfleytum. Hv. frsm. veit þetta, enda kom það greinilega fram í n. Innst inni greinir okkur nm. ekki mjög mikið á um þetta efni, eins og málinu nú er komið. En hitt vildi ég benda á um leið, hvaða ágalla ég teldi á þeirri lausn, sem fengin er.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vildi láta í ljós mjög mikla ánægju yfir því, að þetta mál mun nú fá afgreiðslu. Eins og hv. frsm. gat um, hefir málið verið á döfinni í mörg ár, en nú loks hefir tekizt að fá samkomulag. Ég vona, að það verði til að uppfylla mikið af þeim vonum, sem menn hafa gert sér um þennan sjóð. N. hefir að vísu gert allmiklar brtt. Fyrst og fremst stafa þær af breyttum kringumstæðum, og ég geng glaður inn á þessar brtt., bæði vegna breyttra kringumstæðna og til þess að styðja n. til að koma málinu fram á þessu þingi.

Svo vil ég lýsa ánægju minni yfir því, hvernig n. ætlar að leysa hnútinn um sjóveðin með 6. brtt., við 7. gr. Með því að stofna þennan sérstaka sjóð er hvorttveggja unnið, tryggt, að sjómenn verði ekki sviptir þeim rétti, sem þeir hafa í öðrum lögum og ákaflega sorglegt hefði verið að þurfa að taka af þeim, og hinsvegar er sjóðurinn sæmilega tryggður gegn óhöppum.

Einmitt þessa dagana, sem við ræðum um þennan sjóð hér í hv. deild, hittist svo á, að verið er á öðrum stað hér í bænum að stofna bankann, sem á að taka við stj. hans og starfrækslu. Ég óska og vona, að þetta tvöfalda átak megi verða til mikillar farsældar.

Pétur Ottesen: Það eru nú allar horfur á, að loksins ætli að takast á þessu þingi að afgreiða lög um fiskiveiðasjóð. Ber vitanlega að gleðjast yfir því. Þó skyldi mín gleði hafa orðið meiri, ef tekizt hefði að bæta úr hinni tvöföldu þörf bátaútvegsmanna, lánsþörf bæði til kaupa og rekstrar. En þó að ekki hafi náðzt samkomulag að þessu sinni um meira en að greiða úr þörf á lánum til bátakaupa, þá má fagna því, að þetta hefir tekizt, þar sem vona má, að næsta sporið í þessu máli verði stigið á næsta eða næstu þingum. Þau tvö frv. um fiskiveiðasjóð, sem borin hafa verið fram á þessu þingi, höfðu bæði ákvæði um að bæta úr hvorritveggja lánsþörfinni, en hv. sjútvn. hefir aðeins tekið upp annan liðinn. Ástæðan er talin sú, að Íslandsbanki hefir verið endurreistur undir nafni Útvegsbanka, og útvegsmönnum er gefin ávísun, að þar skuli þeir fá lán. Ég býst við, að þar fáist nokkur úrlausn. En þó verður því ekki neitað, að það kemur sér illa fyrir bátaútvegsmenn og smáiðjurekendur annarsstaðar á landinu að þurfa að sækja smálán til Reykjavíkur eða til bankaútibúa í fjarlægum kaupstöðum.

Það er þess vegna ekki nein úrlausn fyrir fjölda bátaútvegsmanna víðsvegar um land, þótt gefin sé ávísun á hinn nýendurreista banka, Útvegsbankann.

En að sjálfsögðu ber að taka fegins hendi þessari úrlausn, sem hér er um að ræða. Það hafa verið tekin upp ákvæði úr báðum þessum frv., og svo er Fiskveiðasjóðurinn, sem á að lána út til bátakaupa. Svo að eins og á stað er farið, vænti ég þess, að áður en langt um líður rísi hér upp töluvert öflug stofnun, sem getur greitt fyrir lánum til bátakaupa.

Nokkur atriði í frv. og brtt. n. vildi ég

minnast á. Brtt. n. eru flestar miðaðar við það, að rekstrarlánadeildin er felld niður úr frv., auk þess sem tekin eru upp í frv. ákvæði úr frv. okkar sjálfstæðismanna um að gefa út vaxtabréf og afla með því 1½ millj. kr. höfuðstóls.

Hér hefir verið minnzt á eitt atriði, sem mjög hefir verið deilt um að undanförnu, en það er viðvíkjandi sjóveðunum. Það er stungið upp á leið, þannig að þótt sjóveðin haldist áfram, þá sé samt hægt að fá lán út á bátana, sem hefði verið gersamlega ómögulegt, ef þau hefðu átt að haldast, nema settar hefðu verið sérstakar tryggingar handa lánsstofnuninni. Það er óreynt, hversu haldgóð þessi úrlausn verður, en þess ber að vænta, að hún verði sem bezt. Reynslan sker úr því á sínum tíma.

Það er eitt atriði í frv., sem ég sé ekki, að hafi verið neitt breytt, sem sé það, að til skipa allt að 35 smál. megi veita lán. Auk þess er heimild, þegar sjóðurinn er orðinn þess megnugur að geta sinnt fleiri beiðnum en frá 35 smál. bátum eða minni, til að lána til báta allt að 50 smál. Þetta álít ég, að eigi að falla niður. Að vísu býst ég við, að í fyrstu verði ekki hægt að sinna lánbeiðnum frá öllu fleiri mönnum en þeim, sem vilja kaupa báta af þessari stærð, allt að 35 smál. En þar sem víða er svo ástatt, t. d. við Faxaflóa, að allmikið af bátum er 40 og upp í 50 smál., virðist mér þetta allt of fast skorðað. Ég mun því við 3. umr. bera fram brtt. um að hækka þetta takmark dálítið, eftir því sem á við hér við Faxaflóa.

Að því er snertir sjóveðin, þá leggur n. til, að felldur sé niður b-liður 6. gr., og harma ég það ekki, því að sú leið, sem þar var farin til þess að komast framhjá sjóveðunum, hefði reynzt ófær í framkvæmd, enda algerlega vanhugsuð. En n. gerir ráð fyrir að fella þetta niður, og er það þá þar með úr sögunni.

Ég vænti þess þá, að þetta mál nái fram að ganga, en hinsvegar vona ég, að menn geti orðið samtaka um að greiða fyrir bátaútvegsmönnum, t. d. á næsta þingi, með því að bæta úr lánsþörf þess atvinnurekstrar, og koma þá upp rekstrarlánafélögum, til þess að gera þeim aðstöðuna ennþá hagkvæmari.

Hv. 4. þm. Reykv. virtist vera mjög trúlítill á þá hugsun, sem fram kom hjá hv. frsm., að afleiðing þessarar lánsstofnunar yrði sú, að bátaútvegurinn yrði rekinn með nokkurskonar félagssniði, eins og komið er nokkuð á rekspöl t. d. á Akranesi. Ég tek undir með hv. frsm., að með þessu frv. er lagður grundvöllurinn að því, að þetta geti orðið svo í framtíðinni, og ég verð fyrir mitt leyti að telja mjög góða og heppilega úrlausn bátaútvegsmálsins, að einstaklingarnir geti myndað með sér félagsskap, og einmitt sömu menn geri bátana út, sem á þeim eru. Og það er mjög mikilsvert atriði, sem hv. frsm. minntist á, að í þeim tilfellum, þar sem þetta tekst, er girt fyrir, að til verkfalla komi og annars slíks, sem mikill ófarnaður og tjón stendur af fyrir þjóðfélagið. Ég tek undir það með hv. frsm., að verkföll hér á landi hafa leitt til miklu meira tjóns heldur en ábatanum nemur, sem fram kemur í hækkuðu kaupi. Ég þarf ekki annað en að minnast á verkfallið síðastl. vetur, og verður ekki með tölum talið, hve mikið tjón það var fyrir landið í heild. Yfirleitt hefir sú kauphækkun, sem fengizt hefir, aldrei vegið upp á móti því tjóni, sem verkföllin hafa leitt yfir atvinnulífið. Þetta er nú mín trú og sannfæring.

Í báðum þessum atriðum vil ég því mjög taka undir með hv. frsm. og telja ummæli hans réttmæt og sönn.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Borgf. hefir nú tekið fram margt af því, sem ég vildi sagt hafa, en ég er, eins og kunnugt er, annar þeirra úr Sjálfstæðisflokknum, sem eiga sæti í sjútvn., og meðflm. að einu frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands og frv. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju, sem n. hefir haft til meðferðar og hliðsjónar við afgreiðslu þessa máls. Þess vegna fannst mér viðeigandi, að annarhvor okkar sjálfstæðismanna gæfi hv. d. skýringu á, hvað veldur því, að við höfum ekki haldið einvörðungu til streitu okkar frv., heldur fallizt á að bræða okkur saman við meiri hl. n. um það frv., sem hv. form. n. og hv. þm. V.-Ísf. fluttu.

Því veldur sú ástæða, að við hv. 2. þm. G.-K. höfum haft áður og höfum enn svo glöggt auga fyrir nauðsyn þess að efla

Fiskveiðasjóðinn, þannig að hann geti betur rækt sitt hlutverk, að við höfum viljað mikið á okkur leggja í því skyni að fá þessu framgengt.

Við 1. umr. Fiskveiðasjóðsfrv. frá hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. V.-Ísf. og þess frv. um aukaskatt á sjávarútveginn, sem flutt er í sambandi við það, lét ég þess getið, að mér þætti sú leið einkar óviðkunnanleg, að hnýta við þetta framfaraspor beinum skattaálögum á þennan atvinnuveg. Og enn verð ég að segja, að þeirri afstöðu okkar hv. 2. þm. G.-K., að við höfum samt sem áður gengið að nokkru leyti inn á till. hæstv. stj., um að þessi skattur yrði á lagður, veldur það sama og ég gat um áðan: Hin brýna þörf, sem við vitum, að bátaútvegurinn víðsvegar um land hefir til stuðnings. Til þess að ná þessu markmiði höfum við viljað teygja okkur, eins og sýnilegt er af nál. á þskj. 370, svo langt til samkomulags, sem auðið væri.

Ég álít þess enga þörf að blanda mér inn í þær deilur, sem mér virðist hafa verið óþarft að vekja hér upp um verkföll. Hitt vil ég segja, að þótt margt í ræðu hv. frsm. væri réttmætt, þá finnst mér kenna þar ýmislegs, sem mundi orka tvímælis nokkurs. Það er víst og satt, að margir þeir, sem hafa flutt á mölina við sjóinn, eins og hann sagði, hafa á. m. k. stundum búið þar, við skarðan hlut, en þess eru og mörg dæmi, að einmitt það, að dugandi menn hafa flutzt að sjávarsíðunni og tekið þátt í þeim atvinnurekstri, sem þar á sér stað, hefir orðið þeim gæfuvegur. Því býst ég ekki við, að neinn maður, sem eins og hv. frsm. ber glögg skil á framþróun atvinnuveganna, muni neita.

Hv. þm. sagði, að sveitirnar geymdu flest skilyrði þess að komast í sjálfstæða stöðu. Ekki skal ég um það deila. En benda vil ég á það, að við sjóinn eru líka skilyrði til þess að komast í sjálfstæða stöðu. En ef sveitirnar geyma þessa möguleika, þá hljóta enn að liggja margar hömlur á dugandi mönnum í sveitum, því að svo marga hefi ég hitt af framgjörnum mönnum, sem hafa sagt, að leiðin væri of erfið í sveitunum.

Þetta segi ég ekki til að vekja neinn meting í þessum efnum, en ég vil láta hvern landshluta njóta sannmælis.

Við lausn þessa máls er óþarfi að fara að vekja upp deilur eða reka hornin í nokkra stétt manna. Við höfum verið hér að mjög sáttfúsu verki um að koma upp umbótum fyrir smáútveginn.

Hæstv. forsrh. taldi það gleðja sig, að hér væri verið að koma á fót allmyndarlegri lánsstofnun fyrir bátaútveginn, og taldi víst, að þetta mál myndi ganga fram. Mér þykir vænt um að heyra þessi ummæli, sem staðfesta, að við, sem erum í minni hl. sjútvn., höfum gert rétt að ganga svo langt sem auðið var til samkomulags, og tek ég orð hæstv. ráðh. sem nokkurskonar fyrirheit í þessum efnum.

Ég vil segja það sama og hv. þm. Borgf. um áhrif endurreisnar Íslandsbanka og stofnun Útvegsbankans. Reynslan verður að skera úr því, að hve miklu leyti hinn endurreisti banki getur orðið við lánsfjárþörf bátaútvegsins, en ég vil láta í ljós þá ósk mína, að hæstv. stj. geri sitt til, að Útvegsbankinn sinni svo sem unnt er þeirri þörf um rekstrarlán, sem allir vita, að er fyrir hendi, og er sífellt að aukast.

Það var að mínu áliti rétt fram tekið hjá hv. þm. Borgf., að takmarkið fyrir smálestatölu þeirri, sem ætlazt er til, að aðallega sé lánað út á, er nokkuð lágt. Ég hafði velt því fyrir mér, hvort ekki væri rétt að breyta því og hækka tonnatöluna. Því að það er vitanlegt, að 35 smál. eru minni skip heldur en mörg þeirra, sem eru notuð hér við Faxaflóa. Um tíma var n. að hugsa um að binda þetta við sama mark og smáskipaprófréttindi, sem eru bundin við 60 tonna stærð. Og ég fyrir mitt leyti vildi styðja brtt. um nokkra rýmkun á þessu. Í því felst ekki nein skipun fyrir þá, sem fá lán, um að hafa skipin stærri. En nú er ekki laust við, að nokkrar hömlur séu lagðar á það, að bátar geti verið svo stórir, sem maður heyrir á sjómönnum, að er talið bezt hér á Faxaflóa og við Norðurland.

Að því er snertir sjóveðsákvæðin, lít ég á þá brtt., sem hér er komin inn, og sem við allir í n. erum sammála um, sem tilraun til að leysa þennan sjóveðságreining á þá lund, að aðiljar geti við unað. Auðvitað er það reynslan, sem sker úr, hvort þetta má takast. En um leið vil ég taka það fram, að ég geng inn á þessa breyt. með það eindregið fyrir augum,

að stj. sjóðsins taki tillit til bátanna sem fulls veðs.

Ég þarf þá ekki sérstaklega, þar sem hv. þm. Borgf. hefir talað ítarlega um þetta mál, að eyða hér fleiri orðum að. Eins og kunnugt er, hefir á mörgum þingum staðið þref um, á hvern hátt Fiskveiðasjóðurinn yrði endurreistur, og nú hefir náðzt samkomulag um að koma þessari stofnun á fót. Þess vegna höfum við ekki haldið einungis fram okkar till., heldur tekið það, sem hægt var að fá með samkomulagi við hina flokkana, og bíðum þá betri tíma um hinn helming lausnar þessa máls. Hér er nefnilega ekki um að ræða skipulag til lausnar nema á stofnlánum Fiskiveiðasjóðsins. Hin hliðin, rekstrarlánahliðin, er þrátt fyrir þetta algerlega óleyst. Okkur, sem erum í minni hl. sjútvn., hefir alls ekki verið það ljúft að leggja okkar till. til hliðar; en það höfum við gert til samkomulags og með það fyrir augum, að fullkomin lausn fengist síðar á hinum helming þessa máls.

Ég er mjög ánægður yfir að sjá óskir okkar um eflingu Fiskveiðasjóðsins rætast, þær er við höfum borið fram nú á hverju þinginu eftir annað. Þessi sigur gefur mér vonir um, að síðari áfanginn muni líka vinnast, og að stefna okkar í þessu máli, að leysa lánsfjárþörf sjávarútvegsins bæði til stofnlána og rekstrarlána, muni ná samþykki þingins, áður en langt um líður.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það hafa engin mótmæli komið fram, aðeins nokkrar góðlátlegar aths., sumpart við niðurstöður n. og sumpart við framsöguræðu mína. Ég þarf ekki að fjalla við þær aths. og skal ekki svara þeim mörgum orðum.

Það var aðeins ein setning hjá hv. þm. Borgf., sem ég held, að honum hafi annars orðið óvart að segja. Hann sagði, að samkomulagið í n. hefði ekki náð lengra en það, að við höfum orðið sammála um stofnun stofnlánadeildar Fiskveiðasjóðsins. Þetta er að því leyti ekki rétt, að við vorum allir sammála um það, að æskilegast væri að geta fengið báðar deildir sjóðsins lögfestar, en af praktiskum ástæðum þótt ráðlegra að fresta ákvörðun um stofnun rekstrarlánadeildar við sjóðinn en að stofna öllu málinu í hættu.

Virtist oss einnig að nokkru leyti vera bætt úr rekstrarlánaþörf útvegsmanna, í bráð a. m. k., með stofnun sjávarútvegsbankans, og hinsvegar gerum við ráð fyrir, að þegar Fiskveiðasjóðnum vex fiskur um hrygg, þá verði hann þess megnugur að taka að sér rekstrarlánastarfsemi jafnframt lánastarfseminni til bátakaupa.

Mér fannst verða vart dálitils misskilnings hjá hv. 4. þm. Reykv., þegar hann fór að taka framsöguræðu mína til athugunar. Hann var sem sé að tala um, að þó Fiskveiðasjóðurinn væri stofnaður og gerður tiltölulega sterkur, þá girti það ekki fyrir það, að margir yrðu að leita sér atvinnu við sjávarútveginn, án þess að geta sjálfir átt bát. Ég veit þetta mjög vel. En færri verða þá til að keppa um atvinnuna, þegar bátaeigendurnir eru orðnir fleiri. Ég álít ekkert athugavert við það, þó allmargir, sem utan við útgerðarfélagsskap standa, þurfi að fá sér atvinnu við útgerðina. Það hefir löngum verið svo, að margir ungir menn, sem eru að ryðja sér braut til sjálfstæðrar stöðu, vinna fyrst hjá öðrum og búa sig þannig undir sjálfstæðan atvinnurekstur.

Vel má vera, að mér hafi ekki tekizt í framsögu að taka nógu ljóslega fram þann erfiðleikamun, sem er fyrir unga menn við sjó að komast í sjálfstæða stöðu móts við þá, sem í sveitum búa. Að sjálfsögðu er oftast róðurinn þyngri fyrir þá, sem við sjóinn búa, þegar um það er að ræða að komast að sjálfstæðum atvinnurekstri. Þess vegna eru sumir þeirra, sem við sjávarsíðuna búa, ekki eins ánægðir með kjör sín sem skyldi. Þeim mönnum ætti Fiskveiðasjóðurinn talsvert að geta hjálpað til að ná takmarkinu. Einn aðalkostinn við að hafa lánsstofnun sem þessa tel ég það, að hún getur mörgum hjálpað til að verða sjálfstæðir atvinnurekendur, sem ekki gætu orðið það ella.

Hv. þm. Borgf., hv. þm. Vestm. og hv. 4. þm. Reykv. lögðu nokkra áherzlu á það, að eftir frv. væru útlán Fiskveiðasjóðs miðuð við of smá skip, þar sem hámarkið væri sett 35 smálestir. Út af því vil ég aðeins benda á það, að enn er allt yfirborð fiskiflotans undir þessari stærð.

Þegar haft er fyrir augum að hjálpa sem flestum einstaklingum til að stofna til sjálfstæðs atvinnurekstrar, þá eru það í flestum tilfellum smærri bátarnir, sem hafa verður fyrir augum, að einstaklingarnir geti eignazt. Stærri skipin koma frekar til greina fyrir félagsskap þeirra efnaðri.

Hinsvegar er gert ráð fyrir í 4. gr. frv., að lána megi til stærri skipa en 35 smálesta, þegar sjóðurinn er orðinn svo öflugur, að hann hefir nægilegt fé fyrir hendi til þess. Og ef samþ. verður næsta mál á dagskrá, frv. um fiskveiðasjóðsgjald, þá ætti Fiskveiðasjóðnum tiltölulega fljótt að safnast talsvert fé.

Það er engin von til þess, að lög þessi verði gerð svo úr garði nú, að það líði á löngu áður en breyttar ástæður í landinu gera nauðsynlegt að breyta þeim. Nú eru atvinnuvegirnir í svo hraðri breyt., að það er ekki við því að búast, að við getum gert lög í dag, sem gilt geti óbreytt um langan tíma, enda er þess ekki þörf.

Annað, sem fundið var að framsöguræðu minni, finnst mér ekki svo mikilsvert, að ég vilji tefja tímann þess vegna.

Vil ég aðeins óska, að þetta mál fái góða afgreiðslu hér í hv. deild, og svo fljóta, að ekki sé hætta á, að það dagi uppi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég ætla ekki að fara að deila neitt við hv. 1. þm. S.-M. út af skoðunum hans á réttmæti samtaka verkamanna til að tryggja sér arðinn af vinnu sinni. (**SvÓ:** Ég var ekkert að tala um þessháttar). Hv. þm. gaf mér tilefni til að fara dálítið inn á þetta efni í framsöguræðu sinni. En ég ætla mér ekki þá dul að fara að kenna honum, svo gömlum manni, þá nýju þjóðhagsfræði, sem a. m. k. margir af hinum yngri hagfræðingum eru farnir að hallast að, að arður framleiðslunnar eigi að dreifast sem jafnast til þeirra, sem að henni vinna, og framleiðslan að öllu leyti að komast í hendur verkamannanna sjálfra að síðustu.

Mér virðist nokkur meiningamunur á milli okkar hv. 1. þm. S.-M. um það, til hvaða tegunda skipa á að lána úr sjóðnum. Ég get tekið undir það með hv. þm. Borgf., að um það atriði séu of þröngar takmarkanir, eins og ég hefi áður bent á, í frv. Árið 1929 var skipaeign landsmanna þannig háttað, að vélbátar innan við 12 rúmlestir voru 363 að tölu, samtals 2567 rúmlestir. Það eru þau skip, sem hv. 1. þm. S.-M. mun sérstaklega vilja láta njóta lánveitinga úr sjóðnum. Vélbátar yfir 12 rúmlestir að stærð voru 262 og samtals 5879 rúmlestir. Þeir munu vera af öllum stærðum upp í 60—70 rúmlestir. Til báta af þessari stærð viljum við sumir nm. láta sjóðinn veita lán, enda verða þeir sjálfsagt aðallega notaðir í framtíðinni. Svo eru litlu eimskipin, línuveiðararnir; þeir eru orðnir 44 og fer alltaf fjölgandi. Finnst mér full ástæða til að láta sjóðinn taka tillit til þeirra. Stærri skip þarf víst ekki að telja, því það mun ekki verkefni þessa sjóðs að styrkja togaraútgerð.

Annars álít ég heppilegast að leggja það nokkuð í vald bankastj., sem um sjóðinn annast, hvaða tegundir skipa hún styrkir á hverjum tíma, því það er erfitt að segja um það fyrir löggjafarvaldið, hvað borgar sig bezt þá og þá.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. Borgf. um kaupdeilur og verkföll. Hann hélt fram, að allir, sem hlut áttu að máli, hafi beðið stórtjón af síðustu kaupdeilunni hér á landi. En það er nú upplýst, að kauphækkunin, sem verkamenn höfðu fram, eykur tekjur þeirra um 500 kr. á ári. Nú eru liðin 2 ár síðan kaupdeilan var, og það mun láta nærri, að á skipunum, sem deilan stóð um, vinni 1000 menn. Verkamannastéttin hefir því fengið 1 millj. kr. meira á þessum 2 árum til að klæða og fæða af sig og sína heldur en ef kaupkröfurnar hefðu ekki verið gerðar. Útgerðin hefir haft sæmilegan arð eftir sem áður. Þetta kalla ég þjóðarhag. Allir nýrri hagfræðingar eru farnir að viðurkenna, að dreifing fjármunanna sé hagkvæmari en auðsöfnun á fárra manna hendur. Hefi ég nú skýrt frá, hver árangur varð af síðustu kaupdeilunni, sem hv. þm. kallar þjóðarböl.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 370,1. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 370,2 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 370,3.a. samþ. án atkvgr.
— 370,3.b. samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 370,4.a. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 370,4.b. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 370,5.a. samþ. án atkvgr.
— 370,5.b. samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 370,6. (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 370,7. (ný 8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 370,8. (10. gr. falli niður) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 370,9. samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—16. gr. (verða 11.—15. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt 370,10. (ný 17. gr., verður 16. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 370,11. (18. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 370,12. (20. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—22. gr. (verða 18.—19. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 392, 402).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 402. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hefi leyft mér að bera hér fram 3 brtt. á þskj. 402 við frv. um Fiskveiðasjóð Íslands. 1. brtt. er við 3. gr. og gengur í þá átt, að aftan við gr. bætist heimild fyrir ríkisstj. að taka lán til kaupa á handhafavaxtabréfum þeim, sem heimilað er að gefa út til að afla sjóðnum tekna. Ennfremur er þar ákveðið, að svo skuli haga tímalengd útlána og verði bréfanna, að ríkissjóður verði skaðlaus af, en honum er heimilt að kaupa bréf fyrir allt að 1½ millj. kr.

Það hefir gengið treglega að afla sjóðnum tekna, og því hefir orðið að grípa til þeirra ráðstafana að gefa út handhafavaxtabréf til að auka tekjurnar. Þar sem þessi 1½ millj. kr. yrði verulegur hluti af því fé, sem sjóðurinn fengi yfir að ráða, vona ég, að hæstv. stj. geri sitt til að afla sjóðnum nægilegs fjár til að styrkja menn til bátakaupa.

2. brtt. er við 4. gr. og gengur í þá átt, að í stað þess, sem gert er ráð fyrir í lögunum, að mönnum verði veittur styrkur til að kaupa skip, sem eru allt að 35 smál., komi 50 smál. Mér virtist, sem skilyrðið fyrir lánveitingu væri of þröngt, einkanlega þar sem menn eru nú farnir að stunda hér sjó á stærri bátum, t. d. hér við Faxaflóa. Ég geri að vísu ráð fyrir, að fá svo stór skip verði keypt, og auðvitað alls ekki nema nægilegt fé sé fyrir hendi, en þó þótti mér hentugra að hafa þetta svo.

3. brtt. er við 5. gr. og er hún í tveimur liðum, a og b. — Samkv. 5. gr. er ekki heimilt að veita hærri lán en 20 þús. kr., en hinsvegar er það eðlileg afleiðing af fyrri brtt. minni, að þetta hámark verður hærra í samræmi við það, að styrkur er veittur til kaupa á stærri skipum. Hefi ég því lagt til, að hann verði hækkaður um ⅓, eða upp í 30 þús. kr. B-liðurinn er um það, að í staðinn fyrir „35 þús." í 3. mgr. komi 40 þús. Þessi breyt. kemur til af því, að þetta hámark hefir reynzt of lágt, og því hefir verið erfitt að koma upp lýsisbræðslum og verksmiðjum til að vinna úr fiskúrgangi. Hinsvegar eru þetta orðnar töluverðar tekjulindir, og því ástæða til að veita mönnum hærri styrk.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta, en vona, að hv. deild taki vel í þessar brtt. mínar.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Brtt. á þskj. 402 hafa ekki komið fram fyrr en á þessari stundu, og því er erfiðara að átta sig á þeim, enda hafa þær ekki verið ræddar í n. Eftir 1. brtt. myndi verða tiltölulega

stórfelld breyt. á rekstri Fiskveiðasjóðs, og hún mun, ef samþ. verður, tryggja sjóðinn fjárhagslega. Um hana er aðeins gott að segja, og munu allir vinir þessa máls gleðjast yfir samþykkt hennar.

Nokkuð öðru máli er að gegna um 2. brtt., því að hún fer fram á hærri styrkveitingu til bátakaupa en líklegt er, að takast megi að veita almennt. En þótt ekki séu nein skýr takmörk fyrir því, hvaða fleytur má kalla báta og hverjar skip, þá hygg ég þó, að vanalega sé sú fleyta, sem er undir 25 smál., kölluð bátur, en þær skip, sem stærri eru. Eins og ég lýsti yfir við 2. umr. þessa máls, virðist mér þetta geta haft þær afleiðingar í för með sér, að sjóðurinn verði uppétinn af stærri skipunum, en hin minni verði útundan. Ég verð því að segja, að ég hygg, að sjóðurinn nái ekki því marki, sem honum er ætlað að ná, ef þetta verður samþ.

Um 3. brtt. er það að segja, að ef 2. brtt. verður samþ., þá er hún eðlileg afleiðing hennar, og verður því að samþykkjast líka. Að vísu mætti samþ. b-liðinn, þótt a yrði felldur, því að hann lýtur að hækkuðu láni handa verksmiðjum. Ég verð því að segja, að ég eindregið fylgi 1. brtt., en tel báðar hinar athugaverðar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi aðeins lýsa afstöðu minni til þessara brtt. á þskj. 402, en skal vera fáorður. Um þá 1. er það að segja, að hún er nauðsynleg, ef ákvæði 3. gr. eiga að koma að notum. Þetta atriði kom fram í n., en hún lagði að vísu ekki mikið upp úr því, svo að það varð af, að hún bar þetta ekki fram, og því gleður það mig, að hv. frsm. þykir þetta nauðsynleg breyt. nú. — Um 2. brtt. er það að segja, að hún er í fullu samræmi við fyrirvara minn, en ég miðaði að vísu við gufuskip, er ég vakti athygli á, hvort ekki væri ráð að veita styrk til kaupa á stærri skipum. Þessum skipum hefir farið mjög fjölgandi nú síðustu árin, og ég hefi betri trú á, að menn geti frekar bjargað sér á þeim heldur en smáu skipunum. Ég mun því fylgja 2. brtt. um það að hækka þetta upp í 50 smálestir.

Þá kom nokkur ótti fram hjá hv. frsm. um, að sjóðurinn mundi ekki ná sínu eiginlega takmarki, ef að þessu ráði yrði hnigið. Nú er það vitað, að það er á valdi stj. sjóðsins á hverjum tíma, til hvaða stærðar skipa þeir veita lán. Því liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að setja einskorðaðar reglur um það, til hvaða skipa eigi að veita lán.

Við 2. umr. var bent á, að það væri hart að útiloka frá möguleikunum til að fá lán þá tegund skipa, sem mynda þó allmikinn skipastól hér. Við Faxaflóa er mikill hluti skipa 40—50 smálestir, á Ísafirði er meiri hlutinn af stærri bátum líklega yfir 40 smál., og mörg af þeim skipum, sem gerð eru út frá Norðurlandi til þorskveiða, munu vera yfir 35 smál.

Hv. frsm. sagði, að skilgreining milli skipa og báta væri miðuð við vissa stærð. Ég hefi nú ekki heyrt það, og mér finnst afaróljóst hugtakið um nafn skipa. Það eru yfirleitt kallaðir mótorbátar, þótt það séu 30—40 smálesta skip. Ég hygg, að í fleiri tilfellum séu hinir eiginlegu bátar þá nánast miðaðir við 12 smálestir, eða þá stærð, þegar þeir eru ekki skráningarskyldir. En ég held, að ómögulegt sé að binda þetta við neina ákveðna stærð, þótt ég slái þessu fram.

Eins og þegar er tekið fram, er 3. brtt. afleiðing af hámarkinu um stærð skipanna, því að sú upphæð hlýtur þá að hækka, sem lána má, eftir því sem skipin verða stærri og dýrari. — Ég mun því geta fylgt þessum brtt.; þær eru í fullu samræmi við þá skoðun, sem ég lét uppi við 2. umr. og sem fyrirvari minn benti til.

Pétur Ottesen: Ég get þakkað hv. frsm. og hv. 4. þm. Reykv. fyrir það, að þeir hafa lýst fylgi sínu við brtt. mínar; hv. 4. þm. Reykv. við allar till., og hv. frsm. með þeirri fyrstu, sem gengur út á það að tryggja Fiskveiðasjóðnum greiðan aðgang að því að afla fjár með bréfasölu. En hinsvegar hefir hv. frsm. ekki getað fylgt 2. og 3. brtt., en ég vil benda á það út af ummælum hans um 2. brtt., að með henni væri verið að breyta grundvallarhugsun þessa frv., að það er alger misskilningur. Því að þótt það liggi nær skoðun hv. frsm. að telja þau skip, sem eru 35 smál., frekar báta heldur en hin,

sem eru 50 smál., þá er sú merking lögð í þetta sunnanlands, að allt að 60 smál. teljist bátar. Það er miðað við það, að menn hafa að lögum tvennskonar réttindi til þess að hafa á hendi stjórn á skipum, svokallað bátapróf, sem nær til þess, að menn megi stýra allt að 60 smálesta bátum, en svo þarf annan og meiri lærdóm til þess að fá rétt til að stýra stærri skipum. Að því leyti, sem hér getur verið að ræða um skilgreiningu á bátum og skipum, er þess vegna um að ræða þá einu skilgreiningu, sem felst í þessu; önnur er ekki til. Enda veit ég, að það getur alls ekki verið meiningin með þessu frv. að útiloka einhverja stærstu vélbátaútvegsstöð landsins að meira eða minna leyti frá þessum lánum, eins og mundi verða, ef frv. verður samþ. eins og það er nú.

Ég hefi áður bent á, að í verstöðvunum við Faxaflóa eru bátar alltaf að stækka, og nú er mikið af útveginum rekið á 50 smálesta bátum og þar í kring, og tala stærri bátanna eykst jöfnum skrefum, eftir því sem hinir ganga úr sér. Og þegar frá er talin Reykjavík og Hafnarfjörður, er við Faxaflóa veitt upp undir 1/10 af öllum fiski, sem fluttur er út úr landinu. Það nær því ekki nokkurri átt að leggja þann skilning í þetta frv., að útvegur frá þessum stöðum eigi að heyra undir undantekningaratriði um lán.

Nú hefir verið bent á, að á öðrum stöðum stendur eins á, t. d. á Ísafirði, og er það í samræmi við þá framþróun, sem er að verða á útveginum hér, að ég legg til, að þessi ákvæði verði tekin upp í frv.

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Vænti ég þess fastlega, að hv. d. komist við nánari athugun að þeirri niðurstöðu, að réttara sé að ganga frá þessum ákvæðum eins og ég legg til, heldur en eins og gert er ráð fyrir í frv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv. hafa báðir viljað styðja till. á þskj. 402 með því að benda á, að stærri skip mundu verða útilokuð frá lánum, ef till. næði ekki samþ. En þetta er alls ekki rétt, því að 4. gr. frv. tekur beinlínis fram, að fé megi verja til lána fyrir stærri skip, þegar það sé fyrir hendi. (PO: En hin eiga að ganga fyrir!). Fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, hefir það ætíð vakað, að meðan sjóðurinn má sín lítils, ætti hann fyrst og fremst að styðja smábátaútveginn, sem alltaf hefir í raun og veru farið varhluta af slíkum stuðningi. Það er sem sé kunnugt, að útgerð á stærri skipum hefir miklu fremur getað fengið fé í bönkum, og með flutningi þessa frv. hefir fyrst og fremst vakað fyrir oss að bæta úr þörf smábátanna. Því aðalmarki mundum vér geta náð með afgreiðslu málsins, sem nú virðist vera nærri. En mér er alls ekki grunlaust um, að samþykkt annara till. leiði til þess í reyndinni, að smábátarnir verði að hornrekum, eins og þeir hafa verið undanfarið. Fyrir þessa skuld get ég ekki fallizt á þessa till. hv. þm. Borgf. Ég veit líka, að víða í verstöðvum landsins er verið að stækka þessa farkosti. En þorri þeirra er þó langt neðan við þetta mark, 35 smál. Og eftir því, sem ég hefi skyggnzt til, er það á tiltölulega fáum stöðum, að áherzla er lögð á að stækka þá fram úr 30 eða 35 smálesta takmarkinu. Það er þá einna helzt hér við Faxaflóa. Víðasthvar annarsstaðar er það hrein undantekning, að bátar séu svo stórir. Þetta fer eftir því, hver háttur er um útgerð á hverjum stað. Þar sem eru dagróðrar, eru bátarnir minni, en þar sem sjór er stundaður með útileguskipum, er auðvitað meiri áherzla lögð á skip með 50 rúmlesta stærð eða þar í kring.

Ég get sem sagt ekki fallizt á skýringar þær, sem tveir hv. dm. hafa gefið á skoðun sinni um þetta, og mun því hvorki fylgja seinni till. né a-lið fyrri till.

Hinsvegar er ég hv. þm. Borgf. þakklátur fyrir að hafa komið fram með þennan viðauka við 3. gr., því að eins og tekið var fram af hv. 4. þm. Reykv., var það samkomulagsatriði eftir talsverð átök í n., hvort lagðar skyldu nokkrar kvaðir á ríkissjóð um kaup á vaxtabréfum eða ekki.

Jóhann Jósefsson: Ég verð að segja, að mér þykir í sjálfu sér gott, að þessar till. eru komnar fram. Ég varð þess var við 2. umr., að það þóttu dálítið þröng og alleinkennileg takmörk í 4. gr. um þau skip, sem samkv. henni lítur út fyrir, að

eigi að ganga fyrir lánum. Þegar þess er gætt, hver tilgangur Fiskveiðasjóðsins er — og honum er lýst í 1. gr. frv. —, þá er í rauninni engin hætta á því, þó að sá rammi, sem stjórn sjóðsins er settur, sé hafður það rúmur, að hún geti án lagabreyt. fylgzt með þeirri framþróun, sem á sér stað í útveginum. En í raun og veru er það ekkert annað en þetta, sem mér virðist farið fram á að því er snertir hámarksstærð þeirra báta, sem fyrst og fremst á að beina fé sjóðsins til.

Ég veit, að hv. frsm. hefir mjög fyrir augum hinn smærri útveg, og það er alveg rétt að taka fullt tillit til hans. En ég sé ekki, að með brtt. sé nokkuð gert til þess að hindra, að sjóðsstjórnin geti tekið fullt tillit til smærri báta. Í því sambandi má benda á ákvæði 16. gr., sem kveður svo á í niðurlagi sínu, að útlánsfé Fiskveiðasjóðsins skuli skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins. Þetta mundi í framkvæmd ekki þýða annað en það, að veiðistöðvar t. d. við Faxaflóa, sem hafa stærri báta, fengju lánað út á færri skip heldur en þær, sem hafa smærri báta, þar sem ætlazt er til, að sjóðsstjórnin skipti fénu jafnt milli landsfjórðunganna.

Það er alveg rétt, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Reykv. við 2. umr., að þegar tillit er tekið til þess, hversu oft breytingar eiga sér stað í útveginum, þá verður stjórn sjóðsins að hafa nokkuð lausar hendur um lánveitingar, og því er varasamt fyrir löggjafarvaldið að setja of þröngar skorður í þessu efni. — Sem sagt, brtt. gerir þetta rýmra og framkvæmanlegra, og felst ekki í henni hin minnsta hætta á því, að smærri útvegur þurfi á nokkurn hátt að verða útundan, þótt hún verði samþ.

Það eru ekki aðrar brtt. en þessi, sem gerðar hafa verið að deiluefni. Mér skilst hv. frsm. og hv. 4. þm. Reykv. vera fyllilega samþ. 1. brtt., og skal ég því ekki orðlengja um hana, nema segja það, að ég tel hana til stórra bóta fyrir þessa lánsstofnun, sem við allir ætlumst til, að geti komið að góðu og fljótu gagni fyrir þennan atvinnuveg landsmanna.

ATKVGR.
Brtt. 402,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 402,2 samþ. með 13:10 atkv.
— 402,3.a samþ. með 13:8 atkv.
— 402,3.b samþ. með 13:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 410).

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefir staðið yfir um langan tíma að reyna að koma á löggjöf, sem fer í þá átt, sem frv. þetta nú stefnir að, sem sé að efla svo Fiskveiðasjóðinn, að hann geti orðið öflug lánsstofnun fyrir smábátaútveginn. Tilraunir í þá átt hafa flestar verið gerðar í Nd., en strandað þar í sambandi við atriði, sem miklar deilur hafa verið um, en það hefir sérstaklega verið viðvíkjandi sjóveðunum, og hafa orðið til að hindra það hvað eftir annað, að málið hafi náð fram að ganga á þinginu. En nú er svo komið, að fullt samkomulag hefir orðið um þetta mál í hv. Nd., svo að ég vil láta í ljós mjög eindregna von um, að nú takist að afgreiða málið. Vil ég eindregið mæla með því við hv. sjútvn., að hún afgreiði málið svo fljótt, að það nái afgreiðslu á þessu þingi. Ég geri það að till. minni, að málinu verði vísað til sjútvn.

Halldór Steinsson: Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál við 1. umr. þess, enda býst ég við, að það komi til þeirrar n., sem ég á sæti í.

Ég vil aðeins geta þess, að mér eru það mjög mikil vonbrigði að sjá þetta frv., sem nú er hingað komið, því að þetta er ekki nema skuggi af frv. í fyrra, eða eins og það kom hér fram í Ed. Aðalkrafa frv., um rekstrarlánadeildina, hefir hv. Nd. tekið í burtu og ég lít svo á, þegar um þessar tvær deildir er að ræða, lánadeild til skipakaupa og rekstrarlánadeild, þá sé hin síðarnefnda ennþá þýð-

ingarmeiri, og ég er viss um það, að ef frv. hefði getað náð samþykki þingsins í þeirri mynd, hefði sú deild komið að miklu meiri notum.

Ég vildi aðeins láta þessi ummæli fylgja frv. frá 1. umr., og vona ég, að hv. meðnm. mínir geti tekið vel í þetta mál með mér og orðið mér samála að þessu leyti.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins geta þess, út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði, að það varð samkomulag um það með öllum aðiljum í Nd. að sinni, að taka út úr frv. öll fyrirmæli um rekstrarlánadeild og sjá, hvernig hinni nýju stofnun, Útvegsbankanum, gengi að sjá fyrir þörfum smábátaútvegsins að þessu leyti, og ég býst við, að það mundi stofna þessu máli í nokkra hættu, ef farið væri að gera mjög stórfelldar breyt. á því hér í þessari hv. d. Ég vildi a. m. k. mælast til þess, að hv. n. athugaði, í samráði við sjútvn. Nd., hvort samkomulag gæti orðið, ef stórfelldar breyt. væru gerðar hér, og ég vil beina því til hv. þm. Snæf., hvort rétt sé að stofna afgreiðslu málsins í hættu með þessum stórfelldu breyt., því að „þá koma dagar og þá koma ráð", t. d. á næsta þingi, ef þessu fyrirkomulagi reynist mjög ábótavant.

Jón Baldvinsson: Þetta mál kom hér í Ed. í fyrra og mælti ég á móti því þá, vegna þess agnúa, sem þá var á frv., að taka stórkostleg réttindi af þeim sjómönnum, sem eru á þeim skipum, er lán fengu úr þeim sjóði. En ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að samkomulag hefir náðzt um það ákvæði 7. gr., sem sett er til að gera það mögulegt að bæta sjóðnum þann halla, sem hann kann að verða fyrir vegna sjóveða í skipunum. Þetta tel ég sæmilega lausn, þótt ég á hinn bóginn vilji gjarnan játa það með hv. þm. Snæf., að betra væri, ef verksvið sjóðsins væri víðtækara.

Ég hefi áður komið fram með till. um rekstrarlán handa hinum smærri útvegsmönnum, sem hefir verið misjafnt tekið, einmitt af hv. þm. Snæf., sem hefir haft horn í síðu þess, og það hefir ekki náð fram að ganga, þótt komið hafi svo snemma til sjútvn., að það hefði getað orðið afgr.

Það er rétt hjá hv. þm., að þessi sjóður er aðeins miðaður við skipakaup, en það hefði þurft að bæta meira við hann, ef hann hefði átt að taka að sér rekstrarlán líka. En sjóveðsmálinu er hér heppilega ráðið til lykta, því að það er svo á svo að segja hverju hausti, að margir sjómenn verða að sækja sinn rétt að lögum, til að fá kaup sitt greitt fyrir undanfarandi vertíð. Þetta hefir aðallega komið fyrir á síldveiðum.

Halldór Steinsson: Ég get náttúrlega upplýst hæstv. forsrh. um það, að það er ekki mín ætlun að bregða fæti fyrir þetta frv., því að það er til bóta frá því, sem er. En hinsvegar sakna ég mjög mikið, að ekki hefir verið tekinn upp hinn kaflinn, að hafa rekstrarlánadeildina samhliða skipakaupadeildinni, því eins og ég tók fram áður, þá er það víst, að þessi deild kemur smábátaútveginum ekki að eins miklum notum og ef samhliða væri rekstrarlánadeild.

Hv. 4. landsk. vildi halda því fram, að ég hefði verið andvígur hans till. um að koma upp rekstrarlánadeild fyrir smábátaútveginn. Þetta er alls ekki rétt, heldur var það svo, að á þeim sömu þingum, sem hv. þm. kom fram með sitt frv., lágu fyrir önnur frv., sem ég taldi heppilegri, en alls ekki af því, að ég væri hans stefnu neitt andvígur, heldur aðeins af því, að ég taldi þær leiðir, sem hitt frv. fór fram á, heppilegri, og því fylgdi ég þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 486).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Sjútvn. hefir fallizt á að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Einn nm. hefir þó skrifað undir með fyrirvara, sem hann væntanlega gerir grein fyrir, því engar brtt. hafa komið fram frá honum.

Frv. þetta tók allmiklum breyt. í Nd.

frá því formi, sem það var í þegar það var borið fram í Nd. Var þá gert ráð fyrir því, að í sambandi við þennan sjóð starfaði rekstrarlánadeild. En Nd. felldi hana niður, og stendur þá aðeins eftir hin deildin, sem á að lána til skipakaupa og iðnstofnana í sambandi við sjávarútveg.

N. er sammála um það, að það séu spjöll á frv., að rekstrarlánadeildin var tekin út úr. En af því svo mjög er liðið á þingtímann, þá vildi n. ekki gera till. um það, að rekstrarlánadeildin yrði sett inn aftur. Þá þykir n. líka fulllangt gengið að hækka smálestatölu þeirra skipa, sem lánað er út á, upp í 50 smál. Þessum sjóði er fyrst og fremst ætlað að lána út á smærri báta, sem eru undir 30—35 smál. — Það hefir einnig verið gerð sú efnisbreyt. á frv., að eftir frv. nú er heimilt að leggja ¼% á lánin, og er þeim ætlað að renna í sérstakan sjóð, sem á að standa undir þeim töpum, sem verða kunna á lánum þessum fyrir þá sök, að sjóveð hvílir á skipunum. Þetta er mikils virði vegna þess, að það miðar að því að gera lánin hættuminni og öruggari.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. og mun því ekki gera það, nema mér sé gefin sérstök ástæða til þess í umr. um málið.

Halldór Steinsson: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að mér þykir frv. eins og það nú er ganga allt of skammt. Í Nd. voru tvö frv. lögð fram um þetta efni. Annað var frá mönnum í Framsóknarflokknum, en hitt frá mönnum úr Sjálfstæðisflokknum. En bæði voru frv. áþekk. Í báðum var gert ráð fyrir tveimur lánadeildum. Önnur deildin, sú sem nú er eftir í frv., átti að lána til skipakaupa og iðnaðarstofnana. Hin deildin, sem tekin var burt úr frv. í Nd., átti að veita útgerðinni rekstrarlán. Auk þess eru þau lánin gerð óaðgengilegri, sem eftir standa, svo afleiðingin er sú, að þessi lán eru orðin hálfgert kák. Þessi lánsstofnun er nú byggð upp á þann hátt, að til hennar rennur Fiskveiðasjóðurinn gamli, sem mun vera 500—600 þús. kr. Úr ríkissjóði á að koma 1 millj. kr., sem á að borgast á 10 árum. Og í þriðja lagi á sjóðurinn að fá ⅛% af verðmæti allra útfluttra sjávarafurða. Ef verðmæti þeirra verður líkt því, sem hefir verið undanfarið, þá má búast við, að það nemi 90—100 þús. kr. á ári. Þarna er þá komið allt það fé, sem sjóðurinn hefir til að starfa með. Í 3. gr. frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að hann megi selja vaxtabréf, en engu er hægt um það að spá, að hvaða gagni það kann að koma til þess að afla sjóðnum veltufjár. Það er því ekki hægt að fullyrða neitt um það, að sjóðurinn fái meira starfsfé en að framan getur.

Nú er það í ákvæðum frv., að Fiskveiðasjóðurinn megi lána út á skip, sem eru 50 smál. að stærð og minni, allt að 30 þús. kr. út á hvert þeirra, og auk þess má lána til iðjufyrirtækja allt að 35 þús. kr. í hvern stað. Er því sýnt, ef lánað er nálægt hámarki á hvern stað, að ekki verða margir, sem njóta þeirra hlunninda að fá lán úr skipalánadeildinni. Ef 20—30 menn, sem hafa 50 smálesta skip, eða þá atvinnufyrirtæki, sem verðskulda hámarkslán, þá er sjóðurinn búinn með stofnfé sitt. Er þá ekki leyfilegt að spyrja: Hvað verður þetta fyrir allt landið? — En auk þess er það svo, að Fiskveiðasjóðurinn gamli er í lánum nú og er því ekkert hægt að lána úr honum fyrst í stað. Þegar því á þetta allt er litið, þá er ekki hægt annað að segja en að þetta sé hálfgert, eða jafnvel algert kák. En þó svo sé, þá er þetta þó spor í áttina, og því höfum við ekki viljað leggja á móti því, að frv. verði samþ. En ég verð að segja, að það var leitt, að rekstrarlánadeildin var tekin úr frv. eins og það var upphaflega. Hún átti að hafa ½ millj. kr. og auk þess hluta af gjaldi, sem þá var gert ráð fyrir að væri ¼%. Hefði sú deild þá haft þegar í byrjun 600—700 þús. kr. til sinnar starfsemi, hefði það verið talsverður stofn og ólíkt sterkari deild en skipakaupadeildin, þó sama fjármagn hafi. Hefði það komið miklu fleiri smáútgerðarmönnum að notum, auk þess, að sú upphæð hefði orðið tiltæk til útlána á hverju ári, þar sem öll slík lán áttu að greiðast aftur árlega. Fé skipakaupadeildarinnar má þar á móti gera ráð fyrir, að verði allt orðið fast eftir svo sem 3—4 ár. Er því ekki að gera ráð fyrir miklum árangri af þessu.

Ef rekstrarlánadeildin hefði verið samþ., þá gat frv. orðið til verulegra bóta fyrir smærri útgerðina. En þetta frv., þótt ég játi, að það sé spor í áttina, kemur ekki að verulegum notum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
13.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti (GÓ): Þetta mál var til 2. umr. hér í gær, og verður því að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að 3. umr. megi fara fram nú. En með því að svo stendur á um nokkur önnur mál á dagskránni, sem sé 3., 5., 6., 8., 9. og 10. mál, að ýmist er of skammt liðið frá 2. umr. þeirra eða frá útbýtingu, mun ég jafnframt leita afbrigða fyrir þau.

Jón Þorláksson: Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um þá ástæðu, sem er fyrir því, að þessara afbrigða er leitað. Og um leið vil ég spyrjast fyrir um það, hvað líður frestun þingstarfanna, og hvort það er fyrir þá sök, að leitað er afbrigða fyrir þessi mál. Ef fullnægjandi ástæður eru færðar fyrir því að veita afbrigðin, þá mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. með því.

Forseti (GÓ): Ég býst við, að það sé full þörf á því að veita afbrigðin, því að við eigum von á fleirum málum til afgreiðslu, en tíminn er hinsvegar naumur. Eru málin því aðeins sett á dagskrá, að þau fái afgreiðslu, en séu ekki stöðvuð með því að neita um afbrigði. Get ég ekki séð, að hv. þm. hafi ástæðu til að stöðva málin á þann hátt, enda er það venja að veita afbrigði í málum, sem þingið hefir haft til meðferðar um lengri tíma, þegar komið er að þinglausnum.

Jón Baldvinsson: Ég sé nú satt að segja enga ástæðu til þess að hraða þessum málum svo mjög. Ég hefi að vísu heyrt því fleygt, að stj. vilji fresta fundum þingsins þegar fyrir páska, eða jafnvel annað kvöld, en hitt er annað mál, hvort þingmenn ganga inn á það, að samþykkja tíu til tuttugu lög á síðasta klukkutímanum, sem þingið starfar. Ég er því í rauninni mótfallinn því, að þessum málum sé hraðað svo mjög, enda er hér ekki um nema örfáa daga að ræða, sem þingið stæði lengur, ef þessi mál ættu að fá forsvaranlega athugun og afgreiðslu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er ekkert nýtt, að leitað sé afbrigða frá þingsköpum til þess að greiða fyrir framgangi mála, þegar komið er að þinglokum. Þetta hefir líka verið gert undanfarna daga til þess að stytta þingið. Ef þm. vilja lengja þingið með því að neita um afbrigði, þá er ekkert við því að gera. Hinsvegar ber að geta þess, að flest þessara mála, sem afbrigða er leitað fyrir, eru alls ekki ný, heldur hafa þau legið fyrir þinginu í margar vikur, og eru þess vegna kunn hv. þm. að efni til. En hitt er sjálfsagt, að greiða atkv. um afbrigðin fyrir hvert mál fyrir sig, ef þess er óskað. Annars er það svo um flest þessi mál, að þinginu verður ekki frestað fyrr en þau hafa verið afgr.

Jón Þorláksson: Ég er ósammála hv. 4. landsk. um það, að neita beri um afbrigði undir þeim kringumstæðum, sem hæstv. fjmrh. lýsti. Ég tel sjálfsagt að veita afbrigði í málum undir þinglok, ef það er gert til þess að stytta þingið. Ég mun því taka til greina þær ástæður, sem hæstv. fjmrh. flutti, og mun greiða atkv. með afbrigðunum.

Jón Baldvinsson: Þessi ummæli hv. 3. landsk. verða vel skiljanleg, þegar þess er gætt, að hann var vitanlega undir sömu sökina seldur, meðan hann var ráðh., en annars sé ég litla ástæðu til þess að taka upp þessa venju. Ég sé t. d., að mörgum málum er sleppt, sem gætu verið afbrigðalaust á dagskrá í dag, en aftur leitað afbrigða um önnur, sem vel gætu beðið þangað til á morgun eða til laugardags. Yfirleitt er þessi aðferð óviðfelldin

og ef til vill varhugaverð. Þetta er að vísu ekkert nýtt. Ég man t. d. eftir því, að þegar Jón heit. Magnússon var ráðh., þá hafði hann þann sið, er á leið þingtímann, að hvísla að þm., að nú væri Esja að fara, nú færi Nóva næstu daga o. s. frv. Þetta var gert í þeim tilgangi að fá þingmenn til að hespa þingstörfin af og halda heimleiðis. Síðan hefir sama sagan endurtekið sig árlega. Alltaf er verið að hrella þm. með áætlunarferðum strandferðaskipanna. Stundum hafa jafnvel verið haldnir fundir í sameinuðu þingi til þess að tilkynna þm. skipaferðir, sem þeir lesa um dags daglega í blöðunum.

Halldór Steinsson: Ég er nú ekki svo fjarri því að veita afbrigði fyrir flest þessi mál, ef hæstv. stj. er það kappsmál. En ég vil geta þess áður en atkvgr. fer fram, að það eru ýms fleiri merk mál, sem liggja fyrir þessari hv. deild, og hafa enn ekki verið tekin á dagskrá. Vil ég þar sérstaklega nefna hafnarfrv. þrjú, sem nú eru komin úr n., og liggur nál. eins nefndarhl. fyrir d. í dag. Ég vil því leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta, að hann taki þessi mál á dagskrá á næsta fundi og leiti afbrigða um þau, líkt og um þessi mál, sem nú er leitað afbrigða fyrir.

Jón Baldvinsson: Ég vil spyrja líkt og hv. þm. Snæf.: Er hæstv. stj. fús til þess að veita afbrigði til þess að hafnarfrv. komist á dagskrá á morgun? Ef svarið verður játandi, kemur frekar til mála að sýna lipurð um veitingu afbrigða á þessum fundi.

Forseti (GÓ): Viðvíkjandi síðustu orðum hv. 4. landsk. skal ég geta þess, að hann hefir haft það til að neita um afbrigði við 3. umr. mála, en samt vill hann heimta afbrigði fyrir mál, sem engin nál. eru komin um, eða a. m. k. ekki frá báðum nefndarhlutum. Venjan hefir verið sú, að bíða hefir þurft eftir nál. í málum, fremur en að þau hafi ekki fengizt tekin á dagskrá. Um þessi þrjú hafnarfrv. er það að segja, að ég geri tæplega ráð fyrir, að þau komi á dagskrá í dag, þó að við höfum annan fund í kvöld.

Hv. 4. landsk. sagði, að það væru 10—20 lög, sem við vildum drífa í gegn með afbrigðum þessa daga, sem eftir eru þingtímans. Þetta er rangt, því að það eru í mesta lagi sjö mál, sem um er að ræða í þessu sambandi. — Annars lítur helzt út fyrir, að hv. þdm. séu þessi mál, sem nú eru á dagskrá, miskær, svo að ég held ég verði að leita afbrigða fyrir hvert málanna um sig. Ég ætla samt að taka 2. umr.-málin sér.

Jón Baldvinsson: Þetta var ekkert svar frá hæstv. forseta við því, sem ég spurði um. Þess eru mörg dæmi, að mál hafa fallið á því síðustu þingdagana, að neitað hefir verið um afbrigði. Hér er um að ræða svo mikilvægt atriði, að það fer eftir undirtektum hæstv. stj. undir málaleitan okkar hv. þm. Snæf., hvort við veitum afbrigði eða ekki.

Forseti (GÓ): Ég held, að ég reyni að leita afbrigða um öll málin, 2., 3., 5., 6., 8., 9. og 10. mál.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11:1 atkv. og var því næst 2. mál tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 550).

42. Fiskveiðasjóðsgjald.

Á 30. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um fiskveiðasjóðsgjald (þmfrv., A. 133).

Á 32. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Þetta frv. er svo nátengt því frv., sem var næst á undan á dagskrá (frv. um Fiskveiðasjóð), að í raun og veru eru þau óaðgreinanleg. Ég tók eftir því við umr. um næsta mál á undan, að áætlanir voru gerðar af

tveimur hv. ræðumönnum um það, hvað miklu mundi nema þetta fiskveiðasjóðsgjald, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta, og gizkað á 100 þús. kr. á ári, eða því sem næst. (JJós: Það er í greinargerðinni). Eftir útflutningi síðustu ára ætti að vera um að ræða sem næst 150 þús. kr. á ári, þegar miðað er við 60 millj. kr. útflutning af sjávarafurðum og ¼%.

Í raun og veru ætti slíkt frv. og þetta að ganga til fjhn. En vegna þess, hve nátengt það er frv. á undan, vil ég gera að till. minni, að því verði vísað til sjútvn.

Þar sem þetta er svo einfalt mál, tel ég ástæðulaust að hafa langar umr. um það nú við 1. umr. En ég veit, að ýmsum þykir nokkuð djúpt gripið niður í vasa gjaldenda með því að bæta ¼% ofan á útflutningsgjaldið, sem fyrir er. Það er vitanlegt, að stofnun sú, sem hér er hugsað fyrir, getur ekki af engu orðið til. Einhverjir verða að fórna, einhverstaðar verður að leita fyrir sér um það fé, sem óhjákvæmilegt er að veita sjóðnum. Og ég sé ekki, að auðveldlega verði fundin einfaldari og eðlilegri leið en þessi. Ég hygg, satt að segja, að gjaldendur standi nokkurn veginn jafnréttir fyrir þessari kvöð, sem hækkar útflutningsgjaldið úr 1½% upp í 1¾%.

Fleira skal ég ekki ræða um þetta mál að sinni. Í n. mun verða tækifæri til að skoða það betur frá fjárhagslegri hlið, og sjálfsagt verður að skoða það í sambandi við frv. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Jóhann Jósefsson: Ég skal vera fáorður um þetta nýja skattafrv. Ég hafði þá umsögn um þessa nýju hækkun á útflutningsgjaldinu, að hún mundi nema 100 þús. kr., úr greinargerð frv. þess, sem hv. 1. þm. S.-M. er flutningsmaður að. En ég varaði mig ekki á því, að hv. þm. hefir sjálfur ekki lesið grg. fyrir frv.

Hv. flm. sagði, að þetta frv. væri óaðgreinanlegt frá frv. um Fiskveiðasjóðinn. Það getur verið, að segja megi þetta um það sem frv., en ég vona, að ummælin þýði ekki það, að hv. flm. álíti ekki neina bót að því að koma á fót lánstofnun fyrir sjávarútveginn, utan með þessum nýja skatti á þann atvinnuveg. Satt er það, að þessi leið er ofureinföld. Og einfeldnin liggur þá í því, að fé er tekið með gjaldkvöð af þeim atvinnuvegi, sem á að njóta sjóðsins.

Þó það snerti ekki það mál, sem nú er á dagskrá, þá vil ég gera dálitla aths. við það, sem hæstv. forsrh. sagði um leiðirnar til fjársöfnunar í umr. um næsta mál á undan — Fiskveiðasjóðinn. Hann sagði, að það væri ekki um nýja leið að ræða í þessu frv., því að þegar Ræktunarsjóðurinn var stofnaður, þá hefði landbúnaðurinn verið skattlagður með ½% útflutningsgjaldi. Þetta er að vísu rétt, en þó aðeins hálfur sannleikur, því að þetta ½% útflutningsgjald til Ræktunarsjóðs var lagt á báða aðalatvinnuvegina. Þetta ½% útflutningsgjald af sjávarafurðum til Ræktunarsjóðs átti að standa um ákveðið árabil, þangað til sjóðurinn væri orðinn 3 millj. kr. Skyldu báðir atvinnuvegirnir háðir sömu skattkvöð til Ræktunarsjóðs unz því marki væri náð. Hér er því í þessu frv. farin önnur leið. Hefði hæstv. forsrh. getað sagt, að landbúnaðurinn hefði einn borið þessa skattkvöð til Ræktunarsjóðs, þá gat ég verið sammála honum um, að hér væri um samræmi að ræða. En frá sjávarútveginum kom vitanlega mestur hlutinn í Ræktunarsjóð. Og nú er lagt til, að sjávarafurðir verði sérstaklega skattlagðar til Fiskveiðasjóðs. Hér er svo mikill mismunur, að samanburður á gjaldskyldu atvinnuveganna til þessara tveggja sjóða getur ekki staðizt nema að hálfu leyti. Tvö frv. eru fram komin í Nd., sem fara fram á aukin útgjöld af sjávarafurðum, annað til Flugmálasjóðs og hitt til Fiskveiðasjóðs. — En það er dálítið kynlegt, að sá þingfulltrúi, sem bezt þekkir til þeirra hluta, er snerta síldarafurðir, hann flytur í Ed. frv. til lækkunar á útflutningsgjaldi af síld og heldur því fram, að það sé nú þegar of hátt, og það held ég að sé alveg rétt. Hér er farið fram á að hækka útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum; og svo er verið að réttlæta það með því, sem ekki eru nein rök, þegar nýjum sköttum er hlaðið ofan á gamla, háa skatta — þá er sagt, að nýju skattarnir séu svo litlir, að þeirra gæti ekki. Þetta sannar ekkert, hvað atvinnuvegurinn þolir, en svo má lengi að vera, með smáum álögum í hvert sinn, að þau verði

óbær að lokum; safnast þegar saman kemur. Þetta ætti hv. 1. þm. S.-M. að kannast við. Með þessu frv. eru allar sjávarafurðir skattlagðar, t. d. síldarmjöl, fiskiúrgangur og fiskimjöl, hvað þá annað. Nú er hár tollur á fiskimjöli, og þær verksmiðjur, sem reka þennan iðnað, bera þegar of háa skatta, þó að ekki séu lagðar hömlur á hinn nýja atvinnurekstur þeirra með viðbótarsköttum á útfluttar afurðir frá þeim.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því, að hv. flm. hafi sagt í ræðu sinni, að hann vonaðist eftir, að við gerðum ekki svo mikinn ágreining út af hækkun útflutningsgjaldsins, að við létum þetta mál stranda á því. En vilji hann sjálfur stuðla að því, að málið strandi ekki, þá ætti hann að framfylgja því, að það væri leyst á réttlátlegum grundvelli. Ég vona, að hv. flm. og hv. 4. þm. Reykv. haldi svo vel á þessu máli, að þeir taki ekki þá afstöðu að segja, þó að einhverjir verði á móti þeirra stefnu, að málinu sé hleypt í strand. Það er fyrirfram sýnilegt, að það fá ekki allir sínum vilja framgengt í þessu máli fremur en öðrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 353).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég þarf ekki mikið um þetta mál að segja. Eftir afgreiðslu síðasta máls má ganga að því vísu, að þetta frv. verði látið renna í kjölfar þess, og þá sennilega með þeirri breyt., sem n. leggur til.

N. vill aðeins breyta einni tölu í frv. og leggur til, að fyrir ¼ úr hundraðshluta komi ⅛. Þegar nú er ekki eftir nema önnur deild Fiskveiðasjóðsins, ætti að mega lækka þetta aukagjald til hans. Eftir frv. eins og það nú er verður sjóðurinn vonandi fljótt starfhæfur og styrkur, þó þessi niðurfærsla verði samþ. Þetta ⅛% gjald af öllum útfluttum sjávarafurðum nemur sennilega um 70 þús. kr. nú, og fer vitanlega hækkandi, eftir því sem sjávarútvegurinn eflist. Þegar við það bætast aðrar tekjugreinar, sem sjóðnum eru ætlaðar, virðist sæmilega vel fyrir honum séð. Eru líkur til, að hann geti fyrstu árin haft til umráða um 200 þús. kr., eða jafnvel meira.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. Í því eru engin þau nýmæli, sem ástæða er til að fjölyrða um.

Ólafur Thors: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem hnígur að því, að þó að ég og hv. þm. Vestm. höfum gengið inn á nýjan skatt á sjávarafurðum, þá er okkur það þó þvert um geð. En okkur var það ljóst, að mikil nauðsyn er fyrir stofnun fiskiveiðasjóðs, en hinsvegar yrði sá sjóður mjög veigalítill, ef þetta yrði ekki gert. Þörf smábátaútvegsins hefir knúð okkur til að fallast á það, að lagt yrði inn á þessa braut. En þó við gefum þetta eftir nú, þá viljum við leggja áherzlu á það, að við viljum ekkert fordæmi skapa með þessu og að við viljum ekki ganga lengra á þessari braut. Þótt bætt yrði við þessa stofnun síðar, þá ætti ekki að þurfa að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega fyrir því, enda ærinn skattþungi á hann lagður áður.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og tekið hefir verið fram, þá fylgjast þessi tvö síðustu mál að. Nú hefir náðzt samkomulag um þessi frv. í n. og hv. deild hefir samþ. frv. um Fiskveiðasjóð. Ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta samkomulag hefir náðzt.

Eins og hv. frsm. sagði, þá er það í samræmi við breyt. þá, sem gerð var á því frv., er samþ. var hér áðan, að aðeins önnur deildin er látin taka til starfa, að gjaldið samkv. þessu frv. er lækkað um helming, úr ¼% niður í ⅛%. Það verður því minna verkefni og líka minna fé. En þó þetta sé nú svo, þá þótti mér samt vænt um, að enn er gert ráð fyrir, að sjóðurinn nái sömu upphæð og stóð í frv., 8 millj. kr. alls. Vona ég, að ekki verði úr því dregið. Till. n. nær því sama marki, aðeins tekur það lengri tíma.

ATKVGR.
Brtt. 353 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 393).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 393).
Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til sjútvn.; það fylgir algerlega frv. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem hér var á dagskrá áðan.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 487).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég sé enga ástæðu til að tala fyrir þessu frv. Frv. er mjög óbrotið, og öll sjútvn. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 551).

---

43. Gagnfræðaskólar.

Á 20. fundi í Ed., 12. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um gagnfræðaskóla (þmfrv., A. 91).

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég hafði ekki búizt við því, að þetta mál kæmi strax til umr., og menn eru nú orðnir þreyttir á að sitja á fundi. Ég læt því nægja að vísa til grg., sem fylgir frv.
Frv. er flutt að tilmælum fræðslumálaráðh., og vænti ég, að því verði lofað að ganga til 2. umr. og menntmn., og gefst þá tækifæri til að athuga það nánar síðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 91, n. 294 og 335, 295, 336).

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Það er einkennilegt með samkomulag menntmn. Ágreiningur virðist lítill, enda eru litlar breyt. bornar fram. Samt eru brtt. fluttar á 3 þskj. Í aðalatriðunum var n. sammála og óskaði, að frv. næði fram að ganga. Brtt. meiri hl. eru nær eingöngu leiðréttingar, en engin efn-

isbreyt. Aftur á móti flytur minni hl. á þskj. 336 verulegar breyt, við frv., og skal ég síðar koma að þeim.

Fyrsta brtt. meiri hl. er við 4. gr., að orðin „sbr. þó 17. gr.“ komi í stað orðanna „sbr. þó 16. gr.“, því að það er í samræmi við efni frv.

Önnur brtt. er við 5. gr., að heimila og ákveða með reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Meiri hl. n. hefir gengið of skammt í þessari brtt., því að tilgangurinn með henni er sá, að þetta gildi eingöngu við inngöngu inn í 1. bekk, þó að það sé ekki skýrt tekið fram í gr. Minni hl., hv. 3. landsk., kom með brtt. viðvíkjandi þessu, og geri ég ráð fyrir, að meiri hl. fallizt á hana, þar sem tilgangur brtt. við 5. gr. næst, þó að hún sé samþ.

Þá sá meiri hl. ástæðu til að bæta inn í 6. gr. kennslu í sögu, þar sem taldar eru upp þær námsgreinar, sem kenna á. Það virðist hafa fallið úr eða gleymzt við samningu frv. að taka fram, að saga skuli kennd.

Meiri hl. n. áleit, að betra væri að orða 11. gr. eins og hann leggur til í brtt. sinni. Hann vill, að í staðinn fyrir orðin „og fastir kennarar ráðnir í samráði við skólastjóra og skólanefnd“ komi: „Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra“. Nefndin leit þannig á, að það væri tilætlun þess, sem samdi frv., að kennslumálarn. réði fasta kennara, en þótti gr. ekki nógu skýrt orðuð hvað það atriði snertir.

Þá er brtt. við 12. gr. Í 16. gr. er tekið fram, að með reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum megi ákveða námstíma skemmri en 6 mánuði árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum. Þetta stendur í frvgr. Af þessu er það auðséð, að það er óheppilegt að ákveða styrkinn úr ríkissjóði og bæjarsjóði eins og gert er í frv., nefnilega að miða styrkinn við árið. Réttara væri að miða styrkinn við mánuð en ár, þar sem skólatími getur orðið mislangur í kaupstöðum. Breyting n. er í því fólgin, að í staðinn fyrir að ákveða 100 kr. úr ríkissjóði á hvern reglulegan nemanda á hverju skólaári, gegn 150 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði, sé ákveðið 16 kr. á mánuði fyrir hvern reglulegan nemanda, gegn 24 kr. lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Þessar mánaðargreiðslur gera líka upphæð og ákveðin er í 12. gr.

Brtt. n. við 17. gr. er aðeins breyting á orðalagi.

Þá flytur n. till. um það, að 19. gr. falli niður. Ástæðan fyrir þessari till. n. er sú, að gr. fjallar eingöngu um gagnfræðaskóla Akureyrar, og n. finnst óhagkvæmt að hafa þau ákvæði í þessum lögum, en álítur réttara, að sérstök lög og reglur séu settar um Akureyrarskóla, hvernig kennslu skuli háttað í gagnfræðadeild þeirri, er við menntaskólann starfar. Þessi brtt. er gerð í samráði við fræðslumálastjóra, og þegar menntmn. Nd. vissi, að þessi till. var hér á ferð, þá flutti hún breyt. við frv. um menntaskólann á Akureyri, sem var í því fólgin, að ákveðið yrði í reglugerð um fyrirkomulag gagnfræðadeildar menntaskólans. Og nái sú till. fram að ganga, þá eru þar komin í lög þau ákvæði, sem 19. gr. þessa frv. felur í sér.

Þá hefi ég drepið á brtt. þær, sem meiri hl. n. flytur. Vil ég þá segja örfá orð um brtt. hv. minni hl. á þskj. 336. Ég hefi nú þegar minnzt á 2. brtt. hans í sambandi við 2. brtt. á þskj. 294, og þarf því ekki að orðlengja meira um hana. Ég fellst á hana og býst við, að hv. meðnm. minn í meiri hl. menntmn. geri það líka.

Um fyrstu brtt. vil ég segja, að mér finnst það skipta litlu máli, hvort þarf leyfi kennslumálastj. til að mega hafa þriðju ársdeildina við gagnfræðaskólann. Minni hl. vill fella burt það ákvæði, að samþykki kennslumálastj. þurfi, en mér finnst, að það hafi ekki mikla þýðingu að fella þau orð niður, af því að í sömu gr. er talað um, að fyrirkomulag þessarar deildar skuli ákveða með reglugerð.

Þá vill hv. minni hl. gerbreyta 18. gr. frv. Þar er farið fram á þá breyt., að sambygging verði yfir Iðnskólann, Verzlunarskólann og gagnfræðaskólann í Reykjavík. Hér kemur samskólahugmyndin hjá hv. minni hl. Meiri hl. vill ekki fallast á þessa breyt. og álítur, að það muni tefja fyrir framgangi málsins

að setja það í sambandi við annað stærra og umfangsmeira mál, sem gerir það þyngra í vöfum. Ég veit ekki með vissu, hvort hv. samnm. minn í meiri hl. lítur á þetta eins og ég, en ég er þeirrar skoðunar, að skólar eins og Iðnskólinn og Verzlunarskólinn eigi ekki svo mikla samstöðu með gagnfræðaskólanum, að hentugt sé að reisa eina byggingu yfir þá alla. Ég skal að vísu taka það fram sem mína skoðun, að ég álít Iðnskólann og Verzlunarskólann svo hliðstæðar stofnanir, að vel mætti setja þá á sama bekk, en ég álít enga ástæðu fyrir ríkið að fara að taka þá nú algerlega að sér, þar sem þeim hefir verið haldið uppi af Iðnaðarmannafélaginu og Verzlunarmannafélaginu. Og þar sem segja má, að Iðnskólinn og Verzlunarskólinn séu nær því að vera sérskólar en alþýðuskólar, þá sé ég enga ástæðu til að setja þá í samband við framgang gagnfræðaskólamálsins.

Að endingu vil ég minnast á brtt., sem ég flyt einn við þetta frv. Sú brtt. er við 13. gr. frv. Í þeirri gr. er heimild til að setja skólagjöld, ef ástæða þykir til, á nemendur gagnfræðaskólanna. En ég er því mótfallinn. Ástæðan til þess er sú, að þessir gagnfræðaskólar eru í raun og veru áframhald af barnaskólunum. Gagnfræðaskólinn tekur 13 ára nemendur, þ. e. a. s. nemendur, sem eru á barnaskólaaldri. Mér virðist því, að það sé engin ástæða til að láta þá fremur borga skólagjald, sem kosta nemendur í gagnfræðaskóla, en barnaskóla. Það hljóta allir að sjá, að það er enginn eðlismunur á því að kosta barn í barnaskóla eða kosta það í gagnfræðaskóla. Þess vegna álít ég, að ekki eigi að leggja skólagjald á nemendur slíkra unglingaskóla, sem þessir gagnfræðaskólar verða í reyndinni. Það er reynsla fengin fyrir því, að foreldrum, sem þurfa að kosta börn sín til náms, verður það eftir því erfiðara, sem börnin verða eldri, upp til 18 ára aldurs. Þar eftir fer máske að verða léttir að vinnu þeirra fyrir heimilin. Ég sé því enga réttmæta ástæðu fyrir því að vera að taka skólagjald af börnum á aldrinum frá 13—18 ára. Ég hefi því lagt til í brtt. 295, að skólagjöld falli niður fyrir innanbæjarnemendur. Aftur á móti hefi ég ekki séð mér fært að láta þetta líka gilda fyrir utanbæjarnemendur af því að þegar er ákveðið með lögum um héraðsskóla, að þar skuli tekin skólagjöld. Það er líka ekkert aðalatriði. Kaupstöðunum er líka naumast skylt að borga skólahald fyrir utanbæjarnemendur. Mér er að vísu ekki ljúft að ganga inn á þá braut, en sé mér þó ekki fært að leggja til, að það verði fellt niður.

Ég hefi þá ekki ástæðu til að mæla fleira að sinni. Fæ líka máske tækifæri til að taka til máls síðar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):* Ég bjóst við því í fyrstu, að ég gæti orðið samferða hv. meiri hl. um afgreiðslu þessa frv., eins og um frv. um menntaskóla Reykjavíkur og Akureyrar. En samkomulagið strandaði, því miður, á afarlitlu atriði, sem gerð er grein fyrir í nál. mínu á þskj. 335. Það er sem sé alveg ljóst, þegar þetta mál er athugað, að þetta frv. felur ekki í sér neina verulega úrlausn á alþýðuskólamálum Reykvíkinga. Það getur í mesta lagi skoðazt sem byrjun á úrlausn þeirra mála. Og þá væri óhjákvæmilegt skilyrði fyrir frekari úrlausn, að sú byrjun, sem ráðgerð er, hindri ekki framgang þess, sem verður að fást. Það hefir komið fram hvað hina kaupstaðina snertir, að bæjarstjórn Akureyrar hefir risið öndverð gegn því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri verði gerður að ungmennaskóla. Bæjarstjórinn þar hefir sent mótmæli gegn þessu, samþ. með atkv. allra flokka í bæjarstj. Þeir mótmæla 19. gr. frv., sem er sérlöggjöf fyrir skólann á Akureyri. Og þegar Akureyringar geta ekki sætt sig við ákvæði frv., þarf engan að furða, þótt ákvæði frv. séu ófullnægjandi fyrir bæ eins og Reykjavík er, sem hefir áttfalt fleiri íbúa en Akureyri. Það er alveg auðséð á grg. frv., að hvað Reykjavík snertir, þá er sá hundavaðsháttur á undirbúningi málsins, að slíks munu fá dæmi, og það jafnvel í sögu síðustu þingára, og er þá mikið sagt. Er naumast leyfilegt að láta sumt slíkt frá sér fara og þar stendur. Þar er sagt m. a. — og er það næsta kátlegt —, að enginn alþýðuskóli hafi verið til í Reykjavík fyrr en „Ingimars"-skólinn var settur á fót. Ég hefi í nál.

mínu birt skrá yfir þá skóla, sem ýmist eru jafngamlir Ingimarsskólanum eða eldri. Og það er ekki nærri því 8. hluti af nemendum, sem sækir þann skóla, sem hæstv. stj. telur vera þann eina skóla hér. Það stendur að því leyti líkt á fyrir Reykjavík og Akureyri, að síðan 1904—1905 hefir Reykjavík haft sína gagnfræðadeild eins og Akureyri hafði sinn gagnfræðaskóla. Það er vitanlegt og sannað með tölum, sem legið hafa frammi, meðal annars af hæstv. dómsmrh., að gagnfræðadeild menntaskólans hefir á síðustu árum fyrst og fremst orðið gagnfræðaskóli fyrir íbúa Reykjavíkur, sem bezta aðstöðu hafa haft til að sækja skólann. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki í meðferð þessara mála viljað halda í þá tilhögun, að þessu héldi áfram. Ég hefi a. m. k. eins snemma og aðrir og eins ákveðið bent á þann galla, að með þessu teygjast fleiri ungmenni Reykjavíkur inn á stúdentabrautina en æskilegt er. Það er síður en svo, að ég vilji halda í það fyrirkomulag. En það er jafnmikil ástæða hér og á Akureyri að gera þær kröfur um gagnfræðakennslu, er komi í staðinn og standi henni jafnfætis. Út í þetta hefi ég þó ekki farið í brtt. mínum. Ég hefi viljað fara svo vægilega, að aðeins byrjunin stefndi í rétta átt, og sú átt er einungis sameiginlegt húsnæði. Ég færði þau rök fyrir því máli í nál. mínu, sem hv. frsm. meiri hl. reyndi ekki að hagga við. Hér eru hátt upp í 400 dagskólanemendur og á fjórða hundrað kvöldskólanemendur, sem eru í húsnæðisvandræðum. Og að leysa það húsnæðisspursmál kostar tvöfalt erfiði, ef leysa skal það sérstaklega fyrir hvern aðilja. En sé byggð sameiginleg bygging fyrir alla, þá þarf ekki að byggja fyrir fleiri en sem dagnemendum svarar, því kvöldskólanemendur geta notað sama húsnæði. Ég hefi leitt rök að því í nál. mínu, að ef byggt er sérstaklega fyrir hverja tegund skóla, þá þarf að byggja yfir 700 nemendur alls. En ef sameiginlegt hús er byggt yfir þessa námsmenn, þá má komast af með húsrúm yfir 400 nemendur. Það er engum vandkvæðum bundið að nota sömu kennslustofur fyrir dag- og kvöldskóla. Iðnskólinn þarf að vísu dálítið sérstaklegan skólaútbúnað, en sá útbúnaður getur líka að nokkru leyti komið að notum fyrir hina skólana. Ef ein sambygging er gerð, má komast af með miklu minna húsrúm fyrir alla skólana. Svo er t. d. með húsnæði fyrir íþróttaiðkanir, kennarastofur og dyravarðarherbergi og slíkt. Hin eina skynsamlega ástæða, sem hægt væri að færa gegn þessu, væri sú, að varhugavert væri að hafa svona marga nemendur í einu og sama húsnæði. En sú ástæða kemur þó naumast til greina; þó byggt væri yfir 400 manns í sama skóla, er ekki komið að því hámarki, sem hæfilegt þykir um nemendatölu. Hitt má öllum vera augljóst, að fyrir bæ í jafnhröðum vexti og Reykjavík er, er ekki skynsamlegt að að byggja þrjá tiltölulega smáa skóla. Hvernig fer svo, þegar fólksfjöldinn vex? Þá þarf að stækka. Slíkt má máske gera einu sinni án mikilla örðugleika, en þegar þarf enn að stækka, þá koma fram óyfirstíganlegir örðugleikar. Hitt er betra, að hafa skólann í upphafi hæfilega stóran, stækka hann svo máske einu sinni, en ekki oftar. Ef svo vöxtur bæjarins heldur áfram, þá er að láta næsta stigið vera að byggja skóla annarsstaðar í bænum og gera þá viðtækari skiptingu en í fyrstu. Þetta stendur fyrir mér sem alveg augljóst mál. Með því að byggja fyrst gagnfræðaskóla, en láta allar aðrar skólastofnanir hér bíða, og verða síðar að leysa þær sérstaklega, er byrjuninni stefnt í ranga átt. — Ég var þó ekki kröfuharðari en það í n., að ég lagði til, að stj. yrði veitt heimild til að verja þessu fé til samskólabyggingar, ef samkomulag næðist milli aðilja, og þar á meðal við stj. sjálfa. En án þess að ég vilji segja mikið af þeirri sorgarsögu þessarar meinlausu uppástungu, fór svo, að þetta strandaði á einhverri andúð, sem ég veit ekki nánar um. Vona ég, að hæstv. dómsmrh. upplýsi það, því hann vildi ekki fallast á slíka heimild, þó hún yrði lögð í hans hendur. Hæstv. dómsmrh. hlýtur því að vera þeirri tilhögun svo andvígur, að hann vill ekki láta skína í neinar vonir. Ég sá því enga aðra leið en þá, að reyna að láta löggjafarvaldið taka af skarið, og hefi ég því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 336, sem gerir þó enga breyt. á fjárhæð úr ríkissjóði

og bæjarsjóði, sem frv. ætlar til skólabyggingar; aðeins að því fé sé varið til sameiginlegrar skólabyggingar. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að með þessu væri samskólahugmyndinni blandað í þetta frv. Ég álít það ekkert hallmæli, því það er sú ein úrlausn, sem viðunandi er á skólamálum Reykjavíkur, sem enn hefir verið bent á. En hér er þó ekki farið svo langt, heldur aðeins lagt til, að sameiginleg skólabygging sé gerð fyrir þá skóla, er hér þurfa að starfa. Samt sem áður gætu þessir skólar verið með aðgreindri stjórn og aðgreindum kostnaði, en sá kostnaður yrði helmingi minni a. m. k. eftir því, hvort mín leið er farin eða hin. Það er því ekki rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að ríkissjóður yrði að taka meiri þátt í kostnaði við rekstur Iðnskólans og Verzlunarskólans, ef mínar brtt. yrðu samþ. Um það segir ekkert í frv. En þó það væri, þá væri það að vísu alveg rétt, því þessir skólar eru mjög afskiptir um framlag til skólahalds. Til samanburðar er skemmst á að minnast, að fyrir þinginu liggur nú frv. til l. um bændaskóla. Þar þurfa aðiljar ekki að leggja neitt á sig. Fé til þeirra er allt lagt fram úr ríkissjóði. Sama er að segja um Stýrimannaskólann og skólann fyrir vélstjóraefni. Ég held, að það sé naumast neitt teljandi skólahald hér á landi, sem haldið er uppi af öðrum en ríkissjóði og skólagjöldum nemenda.

Ég lít svo á, að með því að samþ. till. mína ákveði þingið ekki neitt annað en það, að ráða vel og hyggilega fram úr húsnæðisvandræðum skólanna hér. M. a. verður þetta miklu hagkvæmara fyrir ríkissjóðinn en sú leið, sem ráðgerð er í frv. Ef Iðnskólinn og Verzlunarskólinn reisa hús, þá verður áreiðanlega krafizt framlags úr ríkissjóði til þeirra bygginga sem annara skólabygginga í landinu. En allar þessar byggingar má framkvæma á miklu ódýrari hátt, með þeirri aðferð, sem ég bendi á.

Afstaða mín til málsins er því sú að þessu sinni, að beina byggingarkostnaðinum inn á skynsamlega braut, en láta svo framtíðina um að leysa úr hinum öðrum vandamálum. Ég get að svo stöddu látið mér nægja að vísa til nál. um þessa aðalbrtt. mína við 18. gr. Ég vil þó um leið drepa á það, að fallið hafa niður úr brtt. orðin „í Reykjavík", annaðhvort hjá mér eða í prentsmiðjunni. Ég veit, að allir skilja þetta. Má bæta úr því við 3. umr., ef brtt. mínar verða samþ.

Um hinar brtt. mínar er það að segja, að sú fyrsta er lagfæring á frv. Sú málsgr., sem lagt er til að falli niður, er óþörf, þar sem atriðið, sem þar er ákveðið, á að fara eftir reglugerð, sem ráðuneytið setur. Þetta er því bara lagfæring. Hinar skal ég ekki fjölyrða um. Þær eru einnig lagfæringar, og hv. frsm. meiri hl. hefir auk þess mælt með þeim.

Þá er eftir eitt atriði, sem ég vil tala um, þótt ég hafi ekki gert brtt. við það. — Það er um 20. gr. frv. Mér þykir undarlegt, að jafnframt því, sem heimilað er að taka lán til stofnfjárgreiðslu samkv. þessum lögum, þá er og heimild í þessari gr. um að taka lán til héraðsskóla samkv. l. nr. 37 1929. Mér kemur það nokkuð undarlega fyrir sjónir að sjá í l. um gagnfræðaskóla heimild til að koma á öðru skólafyrirkomulagi. Þetta verður þó máske skiljanlegt, þegar þess er gætt, að búið er að verja miklu meira fé en heimild var til til þess að byggja á Laugarvatni. Það er sagt, að hæstv. dómsmrh. hafi orðið fyrir því óláni, að hæstv. fjmrh. hafi orðið að grípa fram fyrir hendur hans með fjárgreiðslur til þess skóla.

Mér kemur þetta undarlega fyrir sjónir. Mér þykir sem farið sé að gera fullmikið af því hin síðustu ár að strá lánsheimildum út um alla löggjöfina. Það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að þetta sé gert með það fyrir augum, að menn taki síður eftir því, ef heimildunum þannig er stráð hingað og þangað, en rumski fremur við það, ef allt er sett á einn stað og nefndar t. d. 12 millj. Ég hefi ekki borið fram neina brtt. í sambandi við þetta, en vil hinsvegar leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvað hæstv. stj., og þá sérstaklega hæstv. dómsmrh., álítur, að mikil upphæð felist í þessari lánsheimild 20. gr., og hversu mikið lán það leiði til að tekið verði, ef gr. verður samþ.

Um brtt. þær, sem hv. meiri hl. n. hefir borið fram á þskj. 294, hefi ég ekki ann-

að að segja en að ég fylgi þeim öllum, nema einni, og hefi tekið þátt í orðun þeirra að meira eða minna leyti. Er það síðasta brtt. n., við 19. gr. frv., sem ég á engan þátt í, og hefi því óbundnar hendur um. Ég tel ekki rétt að fella 19. gr. niður, eins og þessi till. meiri hl. fer fram á, ef 18. gr. á að vera með sama sniði og hún er í stjfrv., eða svipuðu. Ég fæ ekki séð, að Akureyrarbæ sé vandara um í þessu efni en Reykjavík. og mun láta það ráða atkv. mínu að því er snertir 19. gr., hvort samkomulag fæst um lagfæringu á 18. gr. eða ekki.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa frv. Er það í senn gleðilegt og merkilegt, að fulltrúar hinna þriggja flokka, sem n. skipa, skyldu hafa orðið sammála um frv. í öllum aðalatriðum. Ósamkomulag hefir ekki orðið nema um eitt atriði, sem liggur utan við umgerð frv. sjálfs.

Ég hygg, að mér sé óhætt að segja það, að þetta frv., sem fjallar um skipulag hinnar almennu alþýðufræðslu, muni marka stórt spor í menningu kaupstaðanna, ef það nær fram að ganga. Það hefir svo verið til þessa, að ekkert samfellt kerfi hefir náð yfir ungmennafræðsluna í landinu, sízt í kaupstöðunum. Vestmannaeyingar eru skólalausir, Ísfirðingar hafa baslað með dálitinn unglingaskóla, Akureyringar stuðzt við eldra fyrirkomulag, sem ekki á lengur við, Austfjarðakaupstaðirnir engan skóla haft, því að á Eiðaskóla er fremur litið sem sveitaskóla en kaupstaða. Lánist að fá þetta frv. afgr. frá þessu þingi lítið breytt, er þar með búið að koma sterku skipulagi á alþýðufræðsluna í kaupstöðunum. Ég segi ekki, að ekki þurfi að laga eitt og annað seinna meir í þessari löggjöf, því að allt vex og breytist, en ég hygg, að una megi við hana um langan tíma. Alþingi í fyrra samþ. l. um skipulag héraðsskólanna, og væri því mjög æskilegt, að skipulag kaupstaðaskólanna gæti orðið lögfest í ár.

Að gefnu tilefni frá hv. 3. landsk. skal ég skýra frá því, að hægt er að segja, að sæmilegar horfur eru nú á um héraðsskólana. Skólarnir á Laugum og Laugarvatni munu geta bjargazt af eins og þeim er nú komið, en aftur á móti er skólinn í Borgarfirði á flæðiskeri staddur, því að skólahúsið er svo bágborið, að bæði fyrrv. og núv. læknir á Kleppjárnsreykjum hafa viljað banna, að kennsla mætti fara fram þar. Skólinn á Núpi hefir léleg húsakynni, en nú stendur til, að sett verði þar upp raflýsing í sumar, og sýslurnar þar vestra og einstakir menn hafa þegar safnað miklu fé í því skyni, að takast megi að byggja þar upp sem fyrst. Og Strandamenn og Húnvetningar vilja láta byrja á byggingu skólans á Reykjum í sumar.

Hv. 3. landsk. var að spauga með það, að það væri ekki formlegt hjá stj. að taka lán til að mæta framlögum sveitanna. Því miður var það ekki ég, sem átti þessi „kompliment", heldur lagði fræðslumálastjóri til, að þetta yrði gert, og var ég honum þakklátur fyrir. Borgfirðingar hafa safnað 80 þús. kr. til síns skóla og Strandamenn og Húnvetningar í kringum 40 þús. kr., en þar sem ekki var veitt nema 20 þús. kr. í þessu skyni í fjárl., hefði ekkert getað orðið úr framkvæmdum, ef ekki hefði verið gripið til þessa ráðs. Það yrði mjög seinunnið verk að ætla að koma þessum skólum upp með slíkum fjárveitingum eingöngu, auk þess sem líta ber til þess, að hér er um stofnanir að ræða, sem búa má að um langan aldur.

Það kom fram í ræðu hv. 3. landsk., að meiningin mundi vera að byggja meira á Laugarvatni. Það er að vísu eftir að byggja þar, en þó að peningar væru til, myndi ekki verða byggt þar svo að um munaði eins og stendur. Þær skáldsögur, sem hv. þm. kom með eftir bæjarhjalinu um ósamkomulag í stj. út af Laugarvatnsskólanum, eru algerlega úr lausu lofti. En eins og kostnaðurinn við aðgerð Menntaskólans fór fram úr því, sem áætlað var í fjárl., og eins og setja varð kostnaðinn við viðgerð Menntaskólans á Akureyri í fjáraukalög 1923, eins gerir stj. ráð fyrir, að meiru fé verði varið til skólanna en áætlað er, þegar vel árar.

Frv. gerir ráð fyrir, að sama kerfi verði komið á um hina almennu alþýðufræðslu í öllum stærri kaupstöðum landsins, sem eru þess megnugir að bera uppi skóla með núverandi fólksfjölda sínum. Það

var síður en svo, að tilætlunin hafi verið að halla á Seyðisfjörð með því að taka hann ekki upp í frv., heldur Norðfjörð í hans stað, en Seyðisfjörður fer minnkandi með hverju ári og hefir ekki nóga nemendur til þess að halda uppi nema veikum unglingaskóla. Það leiðir af sjálfu sér, að engum einstökum kaupstað landsins verður misboðið með því að synja honum um skóla, þegar íbúar hans eru orðnir nógu margir til þess að bera skóla uppi, en eins og stendur álít ég það ekki tímabært fyrir Seyðisfjörð að fá gagnfræðaskóla.

Nái þetta frv. fram að ganga, verður næsta skrefið að bæta við lagabálk um verklegt nám, og yrði það sennilega gert á næsta ári. Þegar hv. 3. landsk. stakk upp á því að skipa Iðnskólanum hér í Reykjavík á bekk með gagnfræðaskólunum, komum við fræðslumálastjóri okkur saman um það, að við skyldum, ef þetta frv. næði afgreiðslu þingsins, undirbúa fyrir næsta þing frv. um verklegt nám. Stakk ég svo upp á þessu við hv. 3. landsk., en hann tók ekki liðlega í það, svo að við felldum talið niður. Vil ég nú gera grein fyrir því, að hvaða leyti skoðanamunur er á milli okkar um þetta atriði.

Hv. 3. landsk. hefir borið fram, á þskj. 336, brtt. sínar við frv., og er aðaltill. hans við 18. gr. þess. Þeir þrír gallar eru á þessari aðaltill. hv. þm., að ég tel mjög misráðið að samþykkja hana. Fyrst og fremst gerir till. ráð fyrir, að bætt verði við alla kaupstaðaskóla óviðkomandi stofnunum, auk þess sem Reykjavík er tekin út úr með sérstöku fyrirkomulagi. Hér er því á annarlegum stað verið að skapa hlunnindi fyrir Reykjavík, þar sem frv. aftur á móti gerir ráð fyrir skynsamlegum þörfum allra kaupstaðanna. Þó gerir frv. eina undantekningu um Reykjavík, vegna þess að hér er þörfin mest í þessu efni, því að gert er ráð fyrir, að meira liggi á að byggja hér yfir alþýðuskólann en í Hafnarfirði, þar sem þar er þó hús yfir skólann, þó að lélegt sé. En það er um hv. 3. landsk. eins og kom fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Reykv. í öðru máli, að hann vill láta Reykjavík hafa meiri rétt en hina kaupstaði landsins. Ég held því aftur á móti fram, að Reykjavík eigi að hafa jafnan rétt — og ekki meiri. Reykjavík er að vísu höfuðborg landsins, en hún á að vera hliðsett öðrum kaupstöðum á landinu engu að síður.

Annar gallinn á þessari hugmynd hv. 3. landsk. er það, að hann vill láta ríkið byggja yfir stofnanir hér í Reykjavík, sem því koma enn ekkert við. Iðnskólinn og Verzlunarskólinn eru einkastofnanir, sem mikið mundi kosta að byggja yfir. Ef ríkið því á að taka þessa fræðslu að sér, á að gera það með heildarlögum og réttlæti, en ekki með því að taka einn kaupstaðinn út úr, því að allir kaupstaðirnir hafa einhvern vísi til iðnfræðslu.

Í Hafnarfirði hugsa bæjarfulltrúarnir sér, að byggður verði alþýðuskóli eftir þessum l., en að iðnfræðslan rísi svo upp í sambandi við skólann. Og að þessu leyti get ég verið sammála, þó að ég hinsvegar líti svo á, að sjá eigi fyrir allri verklegri fræðslu jafnt, en ekki fyrir iðnfræðslunni einni saman. En hvernig því verði bezt fyrir komið, er með öllu órannsakað enn. Fræðslumálastjóri álítur, að iðnfræðslan eigi líka að koma, en að kaupstaðirnir eigi að bera kostnaðinn við hana að meira leyti en við alþýðufræðsluna. (JÞ: Hverjum bar að rannsaka þetta?). Stj. bar engin skylda til að búa það frv., sem hér liggur fyrir, og þá ekki fremur að rannsaka þessa sérfræðslu. Og það er ekkert sérlega vel viðeigandi að vera að reyna að bregða fæti fyrir skipulagningu hinnar almennu fræðslu í landinu með óeðlilegum fleygum um sérhagsmuni einstakra kaupstaða.

Þriðji gallinn á till. hv. 3. landsk. er vestur, þar sem till. hans gætu haft þær afleiðingar, að dráttur yrði á því, að byggt yrði yfir alþýðuskólann hér í Reykjavík. Bæjarstj. hér veit það ósköp vel, að nauðsyn ber til að byggja sem fyrst yfir alþýðuskólann, en engu að síður felldu íhaldsfulltrúarnir með tölu fjárveitingu til skólabyggingarinnar á móti framlagi ríkisins. Ég verð því að átelja það, að hv. 3. landsk. skuli búa till. sínar svo út, að þær gætu orðið fleygur gagnvart Reykjavík, ef þær næðu fram að ganga. Í frv. segir svo: „Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem

kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans".

Í stjfrv. er m. ö. o. séð fyrir þessu sama, sem hv. 3. landsk. telur, að vaki fyrir sér, þar sem séð er fyrir, að skólinn hafi svo stóra lóð, að hægt verði að reisa við hlið hans aðra skóla og skyldar stofnanir, eftir því sem þarfir og þróun krefur. Ennfremur gerir frv. ráð fyrir, að Reykjavíkurbær leggi til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna, og að ríkissjóður leggi fram $^2/_5$ byggingarkostnaðarins, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $^3/_5$ hluta. Þar til skólabyggingin er komin upp, er ætlazt til, að séð verði fyrir þörfum Reykjavíkur í þessu efni, þannig að bærinn sjái skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastj. tekur gilt, en landsstj. greiði $^2/_5$ húsaleigunnar.

Till. hv. 3. landsk. ganga út á það, að „ríkissjóður leggi fram á árunum 1930, 1931 og 1932 samtals 90 þús. kr. vegna gagnfræðaskólans, til byggingar sameiginlegs skólahúss fyrir þann skóla, Iðnskólann og Verzlunarskólann". Þessari sömu upphæð, sem frv. ætlar til byggingar alþýðuskólans, og frekar yrði of lítil en of stór í því skyni, á m. ö. o. að deila niður á skólana þrjá, og minnka alþýðuskólann að sama skapi, þó að því tilskildu, að „bæjarsjóður leggi fram vegna Gagnfræðaskólans 135 þús. kr. á sama tíma, og að samkomulag náist að öðru leyti við bæjarstj. Reykjavíkur og við eigendur Iðnskólans og Verzlunarskólans um fjárframlög til skólabyggingarinnar". Það er þannig sett hvert skilyrðið á fætur öðru fyrir því, að ríkið fái þá æru að byggja yfir þessa skóla, og þá sérstaklega Iðnskólann, sem segja má, að sé sama sem úti á gaddinum. Þeir, sem þekkja til þess, hvílíka tregðu meiri hl. í bæjarstj. hér í Reykjavík hefir frá því fyrsta sýnt í þessu mikla velferðar- og menningarmáli bæjarins, munu ekki gera sér stórar vonir um árangur af þessari till. hv. 3. landsk. Bæjarstj. neytti ítrustu málafærslutiltekta í vetur til þess að komast undan að greiða kostnaðinn af alþýðuskólanum að sínum réttmæta hluta á móti ríkinu, enda er það á allra vitorði, að bærinn vill ekkert af mörkum leggja til alþýðuskólans, eins og bæjarstj. er nú skipuð. (JÞ: Það mun ekki standa á því, þegar hæstv. dómsmrh. hefir vikið úr ráðherrastólnum). Nú, á að bíða eftir því? Er íhaldið svo trúað á yfirburði stj., að meðan hennar nýtur við þurfi ekki að mennta kjósendur? Mikil er trúin á yfirburði framsóknarmanna!

Hv. þm. er í rauninni að eyðileggja allt frv. með þessum óviturlega fleyg, því hann myndi hafa það í för með sér, að ekkert yrði aðhafzt í þessum efnum í nánustu framtíð. En um leið er hann að búa svo um, að landið taki við Verzlunarskólanum að fullu, en þess hefir Alþingi hingað til eindregið synjað. Hv. þm. virðist standa í þeirri trú, að hann geti laumað Verzlunarskólanum, með á annað hundrað nemenda, og Iðnskólanum, með 300—400 nemenda, inn á landið. Ég hygg, að hv. þm. tefli hér helzt til djarft. Eftir að ríkið væri svo búið að byggja hús undir þessa skóla, þá myndu þeir vitanlega koma og heimta kennara, og svo meira og meira, til þess að Reykjavík þyrfti ekkert af mörkum að leggja. Ég er hinsvegar samdóma hv. þm. um það, að það þurfi að koma skipulagi á iðnfræðslúna, en ekki einungis í Reykjavík, heldur og um allt landið. Hv. þm. heldur, að hægt yrði að nota plássið í Gagnfræðaskólanum á kvöldin, en hér í bæ yrði stór kvöldskóli í sambandi við Gagnfræðaskólann, svo að lítið pláss yrði afgangs til annarar kennslu. En vitanlega er það sjálfsagt, að nota allt það pláss, sem afgangs yrði. En hitt er víst, að það hefði ekki verið vel tekið upp fyrir mér, ef ég hefði, eftir að hafa látið laga kennslustofurnar í Menntaskólanum, leyft Iðnskólanum að starfa þar á kvöldin. Það er annars dálítið kynleg veiðibrella hjá hv. 3. landsk., að reyna með hrekkjum að lauma kaupmannaskóla Reykjavíkur inn á landið, eftir að Alþingi er oftsinnis búið að fella slíka tilhögun, þegar hún hefir komið fram í frv.-formi. Ég skal aðeins minna hv. þm. á það, að kaupmannastétt Reykjavíkur hefir sýnt allt of mikið tómlæti um þennan skóla sinn til þess, að hún geti ætlazt til, að ríkið fari nú að verðlauna slíkt.

Hús skólans mun vera eitthvert hið lélegasta skólahús á landinu, og er þá mikið sagt. Og yfirleitt er útbúnaður skólans allur og aðbúð þannig, að til vansæmdar er þeim, er að standa. Eru það þó mestu peningamenn landsins, sem halda þessum skóla uppi. Nú styrkir ríkið þennan skóla með 6000 kr. árlega, en ef ríkið ætti að taka skólann að sér að fullu, þá myndi þessi kostnaður minnst tífaldast. En hverju er það nú að þakka, að kaupmönnunum í Reykjavík hefir ekki enn tekizt að velta þessu yfir á landssjóðinn? Það er vitaskuld því að þakka, að kaupfélögin hafa haldið uppi skóla, mjög sæmilegum í alla staði og í viðunandi húsnæði. Nýtur hann að vísu nokkurs styrks af ríkinu, en myndi eflaust halda áfram jafnvel þótt hann fengi engan styrk, því að kaupfélögin hafa hingað til sýnt meiri skilning á þessum málum en kaupmannastéttin í Reykjavík. Þó að ekki væri öðru til að dreifa en nánasarskap verzlunarstéttarinnar og hirðuleysi hennar um þennan skóla sinn, þá væri það ærið nóg til þess, að þingið ætti að vísa á bug með fyrirlitningu öllum tilraunum þeirra til þess að velta skólanum yfir á ríkið. Meðan kaupmannastéttin sýnir ekki meiri myndarskap og stórmennsku en raun er á um skóla þeirra hér í bæ, þá verðskuldar hún ekki, að ríkið taki þetta fóstur hennar upp á sína arma. Ef peningamannastétt landsins þykir það sæmandi að halda við þessum skóla eins og horföllnum útigangshesti og varpa honum síðan yfir á landið, þá er lítill orðinn stórmennskubragurinn yfir brjóstfylking ihaldsins. Það er því alveg sjálfsagður hlutur að stráðrepa þessa till., á þskj. 336, sem hv. 3. landsk. er flm. að. Síðari liður hennar er með öllu óhæfur og myndi hafa háskasamlegar afleiðingar. Enda kemur fram í till. mikið skilningsleysi á því, hvernig byggja á upp hina almennu fræðslu í landinu og hina verklegu á eftir. Ennfremur er till. í heild sinni einungis lævísleg tilraun til þess að velta yfir á landið þessari vanræktu stofnun, sem ríkið hefir hingað til ekki viljað taka á sína arma.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að drepa á nokkur einstök atriði í nál. minni hl. Þar er leitazt við að sanna, að í Reykjavík sé í rauninni áhugi fyrir alþýðufræðslu almennt. Því til sönnunar eru svo taldir upp ýmsir skólar, sem starfa hér í bæ. Fyrst er talin gagnfræðadeild Menntaskólans, með eitthvað 90—100 nemendur. Þessi deild er kostuð af ríkissjóði eingöngu, og ef hún yrði lögð niður, myndi ríkið láta bænum aðra tilsvarandi menntastofnun í té í stað hennar samkv. þessu frv. Af þessu sézt, að þetta er engin sönnun þess, að nokkur minnsti áhugi sé hjá bæjarbúum um þessa hluti. Svo kemur Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Um þá stofnun er það helzt að segja, að hún er sérskóli fyrir nokkurn hluta bæjarbúa, og til þess ætluð sérstaklega að búa börn þeirra undir Menntaskólann. Það fer því fjarri, að þetta sé nokkur alþýðuskóli. Hann er ekki miðaður við menntaþörf sjómanna eða sjómannakvenna, eða annara alþýðumanna, heldur embættismanna.

Neðri deild Menntaskólans og Gagnfræðaskóli Reykvíkinga eru báðir miðaðir við þarfir embættisnámsins, en ekki við almenna og alþýðlega menntun. Um Kvennaskólann er það að segja, að forstöðukona hans hefir margoft lýst því yfir, og jafnvel hér í deildinni, að hann væri landsskóli að öllu leyti. A. m. k. sýnir Reykjavík honum lítinn sóma. Þessu til sönnunar má benda á það, að bærinn leggur til skólans einar 500 kr. árlega, en að öðru leyti eru tekjur skólans skólagjöldin og ríkissjóðsstyrkurinn. Svo kemur kaupmannaskólinn, en hann er, eins og kunnugt er, sérskóli fyrir verzlunarstéttina. Ég held, að hv. 3. landsk. sé ekki með öllum mjalla, ef hann hyggst að telja nokkrum trú um, að þar sé um alþýðuskóla að ræða. Loks kemur Iðnskólinn, og ekki getur hann alþýðuskóli talizt fremur en t. d. bændaskólarnir. Hinir eiginlegu alþýðuskólar eru t. d. Flensborgarskólinn áður fyrr, Eiðaskólinn, Laugaskólinn og fleiri hliðstæðir skólar. Þessir skólar eru miðaðir við almenna menntun, en ekki sérmenntun. Þeir eru fyrst og fremst handa því fólki, sem enn er ekki búið að taka ákvörðun um það, hvaða lífsstarf það eigi að leggja fyrir sig. Nei, hv. 3. landsk. getur á engan hátt fóðrað þetta, því að leiðandi menn hér í bæ hafa ekkert gert fyrir þessi mál,

ekkert lagt af mörkum og alltaf sýnt tregðu um þessa hluti. Jafnvel þótt telja megi Kvennaskólann alþýðuskóla, þá er það alls ekki Reykjavík að þakka, því að hún hefir aðeins notað skólann, en ekki styrkt. Og nú, þegar skólinn ætlar að kaupa húsnæði það, sem hann hefir haft að undanförnu, þá snýr hann sér ekki til bæjarsjóðs um styrk til þess, heldur til ríkisins, og bendir það til þess, að skólinn eigi ekki sérstaklega upp á pallborðið hjá bænum, þegar um fjárframlög er að ræða, þótt bærinn noti skólann og hafi af honum allt það gagn, sem unnt er.

Þá sagði hv. 3. landsk., að samband væri á milli mótmælanna frá Akureyri og sinna sérskoðana. Þetta er vitanlega hin mesta fjarstæða. Akureyringar segja einungis, að Akureyrarskólinn hafi verið alþýðuskóli fyrir Norður- og Austurland, og að þeir mótmæli því, að hann sé gerður að ungmennaskóla, sem kostaður væri að mestu af Akureyri. Nú þótti mér ekki hlýða að taka af þeim þessi réttindi, að hafa landskennslu, og lítur nú út fyrir, að fyrst um sinn verði í húsi Menntaskólans á Akureyri einnig héraðsskóli Eyfirðinga. Fyrir mér vakir alls ekki, að það verði með þessu fyrirkomulagi auðveldara að hlaupa úr þessum skóla upp í Menntaskólann heldur en t. d. úr Gagnfræðaskólanum hér. Þetta er því alls engin hækkun, eins og hv. 3. landsk. vill gefa í skyn. Eins og ekki er hægt að taka Eiðaskólann af Austfirðingum, eins er ekki hægt að taka frá Akureyringum þennan skóla. Og ég geri ráð fyrir, að Menntaskólinn þurfi bráðlega alla bygginguna, svo að fyrst um sinn verður aðeins um húsnæðissamband að ræða. Fyrir Akureyringum vakir, að skóli þeirra sé við vöxt, og þegar Menntaskólinn þar vex, þá fellur niður sú bráðabirgðaalþýðufræðsla, sem nú hefst í húsi skólans, og byggður verður myndarlegur alþýðuskóli á Möðruvöllum eða inni í Eyjafirði. Af þessu er það ljóst, að fyrir Akureyringum vakir allt annað en það, sem hv. 3. landsk. heldur. Þeir vilja einungis fá jafnrétti við aðra kaupstaði innan þess ramma, sem frv. ákveður, sbr. ræðu hv. þm. kjördæmisins.

Ég vil svo að lokum endurtaka þakklæti mitt til hv. n. fyrir undirtektir hennar. Ég vil vona það, að þetta skipulag, sem hér er stungið upp á, verði traustur grundvöllur undir skólamál okkar í framtíðinni. Verður væntanlega byggt ofan á það síðar, ekki á þann hátt, sem hv. 3. landsk. vill vera láta, að láta kaupmannafræðsluna sitja í fyrirrúmi, heldur almenna verklega fræðslu og húsmæðrafræðslu, sem sízt er minna um vert. Að lokinni hinni almennu bóklegu fræðslu, þá er eðlilegast að fá sérfræðslu í þeim verklegu greinum, sem æskumaðurinn ætlar að leggja fyrir sig. Hv. 3. landsk. virðist ekki hafa nægilegan skilning á þessu mikilsverða atriði, því að hann sér enga aðra lausn á þessum málum en að hrúga öllum þessum kennslugreinum saman í einn stóran skóla, svokallaðan samskóla. Þó er það ekki hv. þm. sjálfur, heldur einhver kunningi hans, sem á hugmyndina að þessari grautargerð í skólamálum. Þessir menn skilja ekki þá raunverulegu þörf, sem hér er fyrir hendi í þessum efnum. T. d. er húsmæðrafræðslan eitt af því nauðsynlegasta, og sem koma verður í betra horf á næstu árum. Húsmæðrastétt landsins er miklu fjölmennari en t. d. múrsmiðir og trésmiðir, eða þá kaupmenn, sem hv. þm. virðist aðallega bera fyrir brjósti. Næst á eftir húsmæðrafræðslu kemur svo fræðsla fyrir þá karlmenn, sem ekki eru iðnaðarmenn, því að iðnaðarmenn eru margfalt færri en t. d. almennir verkamenn, sjómenn o. fl.

Jón Jónsson: Ég verð að láta í ljós ánægju mína og þakklæti til hæstv. stj. yfir því, hversu vel og röggsamlega hún hefir unnið að því að koma skipulagi á alþýðufræðsluna í landinu. Á ég þar bæði við lögin um héraðsskólana í fyrra og svo þessi frv., sem þetta þing hefir til meðferðar um gagnfræðaskólana og menntaskólana. Ég hefi fulla trú á því, að hér sé stefnt í rétta átt, og ég vil fyrir mitt leyti stuðla að sem skynsamlegastri úrlausn þessa máls, og það hygg ég verði helzt á þeim grundvelli, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Mér dylst það ekki, að eitthvað verður að gera til þess að mennta fólkið og ala upp dugmikla og dáðríka kynslóð í landinu. En um leið og lögð eru drög til framkvæmda í þessum efnum, er

það nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir kostnaðarhlið þessa máls. Þó má ekki skilja orð mín þannig, að þótt sú tala, sem segði til um árlegan rekstrarkostnað, yrði nokkuð há, þá yrði að sama skapi að draga úr framkvæmdum í þessum efnum. Það má alls ekki hika, þótt nokkur kostnaður sé þessu samfara, en hitt er mér ljóst, að okkar fjármálaaðstaða er þannig, að leggja verður ríka áherzlu á þá hlið málanna, sem að útgjöldum lýtur. Mér væri því mjög kært, ef hæstv. dómsmrh. vildi gefa upplýsingar um það, hvað þyrfti árlega að veita til ungmennaskólanna, ef þetta frv. yrði að lögum.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. n. Fjórða brtt. á þskj. 294 er við 11. gr. og er um það, hverjir skipi fasta kennara við þessa skóla. Ég er því hlynntur, að héruðin fái að ráða miklu um þessa hluti. Í héraðsskólalögunum er ákveðið, að skólanefndirnar ráði kennara, en brtt. n. ganga út á það, að kennslumálaráðuneytið geri það, þó að skólanefndirnar geti hinsvegar sagt þeim upp, þegar þeim þykir ástæða til. Þetta tel ég illa farið; teldi miklu réttara, að héruðin réðu sjálf kennarana.

Þá eru það brtt. hv. 3. landsk. Tvær fyrstu brtt. eru aðallega leiðréttingar og sennilega til bóta, eða a. m. k. meinlausar, en um 3. brtt., sem er aðalbrtt., er það að segja, að hún sýnir að vissu leyti samúð með þeirri hugsun, að fyrirkomulagi bygginganna skuli hagað í samráði við bæjarstj., sem í þessu tilfelli er bæjarstj. í Reykjavík. En mér finnst hér vera farið töluvert lengra en farið er fram á í frv. eins og það er nú.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að a. m. k. verði séð fyrir lóð fyrir gagnfræðaskólann og skyldar stofnanir. Ég geri því ráð fyrir, að hugmynd stj. sé að byggja skólann á stórri lóð með hliðsjón af því, að hægt sé að byggja meira við hann seinna. Ég held því, að þótt frv. verði eins og það er nú, þá muni hægt að ná þeirra hugsun, sem vakir fyrir hv. 3. landsk. En ef till. hans verða samþ., getur það orðið til þess að koma í veg fyrir, að bætt verði úr húsnæðisskorti skólans, eins og hæstv. dómsmrh. benti réttilega á, og tel ég það illa farið. Auk þess er verið að smeygja því hér inn, að ríkið styrki húsbyggingu þessara skóla, sem nefndir eru, án þess að vita, hvernig það verður gert. Það er alveg óreynt. Mér finnst betra að taka það fram, hvort ríkið eigi yfirleitt að styrkja þá, og ef svo er, þá hve mikið.

Ég get ef til vill fallizt á það, að ríkið styrki eitthvað húsbyggingu Iðnskólans. Aftur á móti finnst mér óþarft, að ríkið fari að styrkja til að koma upp verzlunarskóla. Mér virðist sæmilega séð fyrir verzlunarmenntun óbreyttra verzlunarmanna og smásala með því fyrirkomulagi, sem nú er. Aftur munu þeir, sem annast eiga viðskiptin við útlönd, þurfa að stunda nám og verzlunarstörf ytra, ef vel á að vera. Síðan býst ég þó ef til vill við, að sett verði upp viðskiptadeild við háskólann. Að þessu athuguðu býst ég við, að þó að ég sé hlynntur sumum af hugsunum þeim, sem hafa vakað fyrir hv. 3. landsk., geti ég ekki annað en greitt atkv. á móti þessari till.

Þá er enn eitt atriði, sem hv. 3. landsk. vék að í sambandi við þetta mál, sem ég get að nokkru leyti tekið undir með honum, og ef til vill jafnvel gengið nokkru lengra.

Í 20. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, bæði til gagnfræðaskóla og héraðsskóla. Mér finnst það hálfleiðinlegt að taka fram lántökuheimild í allskonar lögum. Þetta er því fremur, þar sem 15. gr. laga um héraðsskóla gerir ráð fyrir því, að veitt verði til héraðsskóla eftir því, sem er í fjárl. Hér er því ákvæði, sem er á móti þessu, án þess þó, að gert sé ráð fyrir, að gr. falli niður, og mun ég því greiða atkv. á móti þessari gr. Þó að það sé gagnlegt að koma upp gagnfræðaskólum og héraðsskólum, vil ég ekki verja meiru til þess en löggjafinn sér sér fært að veita til þess í fjárl. Hæstv. dómsmrh. hafði þessa till. frá fræðslumálastjóra, en hún er hvorki betri né verri fyrir það. (JÞ: Eru margir feður að þessu frv?). Ég býst við, að fræðslumálastjóri standi að till.; báðir hafa mikinn hug á fræðslumálum. Og þeir fara jafnvel svo hart, að ég get tæplega fylgt þeim eftir. — Held ég svo, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að segja.

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Hv. 3. landsk. byrjaði mál sitt á því að vitna í skeyti frá bæjarstj. Akureyrar, þar sem skorað er á Alþingi að gera ekki breyt. á gagnfræðaskólanum á Akureyri. (JÞ: Það stóð í skeytinu að gera hann ekki að ungmennaskóla). Ég held, að hafi staðið í skeytinu að breyta honum ekki; a. m. k. skyldi ég það þannig. Mér skildist einnig síðar í ræðu hv. 3. landsk., að hann áliti svo, að bæjarstj. Akureyrar teldi þennan skóla hentugan sem gagnfræðaskóla fyrir bæinn og byggist ekki við breytingu fyrir Akureyrarbæ.

Ég vildi óska, að hv. 3. landsk. byði eftir því, að ég læsi upp fyrir hann úr íhaldsblaðinu Íslendingi á Akureyri um þetta mál, og myndi hann þá geta fengið upplýsingar um, hvers bæjarstjórn Akureyrar óskar.

Hugmynd bæjarstj. Akureyrar er sú, að því er mér virðist, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fái að haldast óbreyttur, en aftur komi annar gagnfræðaskóli með sama sniði og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér um ræðir. Ég vildi því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér upp úr íhaldsblaðinu Íslendingi frá 7. marz, þar sem segir frá áliti bæjarstj. á þessu efni. Greinin hljóðar þannig:

„Utan dagskrár fékk Sig. Ein. Hlíðar, fyrir hönd unglingaskólanefndarinnar, leyfi til að bera fram svolátandi ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar mótmælir því eindregið, að Gagnfræðaskólanum á Akureyri sé breytt í ungmennaskóla, eins og gert er ráð fyrir í 19. gr. frumvarps þess, sem liggur nú fyrir Alþingi.

Hinsvegar skorar bæjarstjórnin á Alþingi að koma upp sérstökum unglingaskóla á Akureyri með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í nefndu frumvarpi, en láta Gagnfræðaskólann halda sér óskertan sem ríkisskóla fyrir alla landsfjórðunga og að hann veiti að minnsta kosti ekki minni kunnáttu en nú". — Samþ. með 9 atkv.".

Þetta sannar það, að bæjarstj. Akureyrar vill, að engin breyt. verði á gagnfræðaskólanum þar, og í sömu samþykkt er falin áskorun til þingsins um að stofna unglingaskóla, sem þar er svo nefndur, með líku sniði og gert er ráð fyrir með þessu frv. hér. Þetta sýnir, að það er ósk bæjarstj., að sérskóli komi fyrir bæinn. Það er ekki undarlegt, þó að bæjarstj. óski eftir þessu, því að það hefir komið í ljós, að á síðari árum hefir aukizt löngun unga fólksins til að fara í Laugaskóla og aðra skóla, og þá um leið minnkað að mun aðsókn til okkar. Árið 1923 voru 39% nemenda í gagnfræðaskólanum héðan af Akureyri, en nú, 1929, eru það aðeins 24%, en nemandafjöldinn í skólanum mjög líkur bæði þessi ár. Það litur því út fyrir, að unga fólkið á Akureyri sækist ekki eftir því að fara í Gagnfræðaskólann þar, eins og hann er nú, enda er það almenn skoðun, að Gagnfræðaskólinn sé ekki jafnhentugur fyrir nemendur, sem komnir eru upp úr barnaskóla, eins og þyrfti að vera. Þetta álit bæjarstj. á Akureyri um sérstakan unglingaskóla, sem svo er nefndur, fyrir Akureyri, er algerlega í samræmi við till., sem samþ. er á fjölmennum þingmálafundi bæði í fyrra og eins í ár, sem haldinn var á Akureyri áður en ég fór til þings. Á báðum þessum þingmálafundum var samþ. till. um fjárframlag til unglingaskóla á Akureyri. Það má því fyllilega ræða þetta mál á þeim grundvelli, að Akureyringar óski eftir gagnfræðaskóla eins og þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að verði í öðrum kaupstöðum landsins, þótt þessi hv. deild vilji halda gagnfræðaskólanum á Akureyri óbreyttum eins og hann hefir verið.

Þá vil ég geta þess út af ummælum hv. 3. landsk., að minni hl. n. hafi ekki getað orðið honum sammála um þær brtt., sem hann flytur við 18. gr., vegna andstöðu frá hæstv. dómsmrh. Hvað mig snertir hafði ég ekkert spurt hæstv. dómsmrh. um það, hver hans skoðun væri á þessu máli, en ég sagði það í framsöguræðu um daginn, að ég liti svo á, að það væri ekki rétt að taka upp sömu löggjöf um Iðnskólann og Verzlunarskólann, og þótt það fari saman við skoðun hæstv. dómsmrh., þá átti hann engan þátt í, að ég tók þessa afstöðu til málsins í n. Og vegna ummæla sama hv. þm., að ríkið væri nú búið að byggja yfir flesta skóla landsins, vil ég minna á það, að Iðnaðarmannafélag Akureyrar hefir nú nýskeð byggt myndarlegt hús við höfnina og

sæmilega stórt, og er þar tekið tillit til þess umhverfis, sem það er byggt í, án nokkurs styrks frá hinu opinbera, og almennt er litið svo á, að ekki sé ástæða til að styrkja iðnfélög til að byggja skóla sína, þó að þeir fái styrk úr ríkissjóði til kennslu. Og því síður er ástæða til þess að styrkja húsbyggingu skóla, sem kaupmenn halda uppi.

Þá skal ég aðeins minnast á ummæli hv. 6. landsk. út af áætlun hans um það, hvað kosta mundi að koma upp þessum gagnfræðaskólum og hver styrkur til þeirra mundi verða næstu ár. Það er ómögulegt að gera áætlun um þessa hluti, en gera má ráð fyrir, að rekstrarkostnaður mundi verða um 100 kr. á hvern nemanda árlega. En eftir lögunum um héraðsskóla frá því í fyrra er gert ráð fyrir, að styrkur frá ríkinu geti orðið mestur 300 kr. og minnst 200 kr. á hvern nemanda. Þegar á það er litið, að kaupstaðirnir verða að bæta dálitið um gagnfræðafræðsluna frá því, sem hún nú er, verður að auka opinberan styrk til gagnfræðaskólanna.

Það getur þó ekki verið hér um mjög ægilegt framlag að ræða fyrir ríkissjóð fyrst um sinn, en vitanlega vex það eftir því, sem fólki fjölgar, sem sækir þessa skóla. Og samanborið við það, sem þinginu í fyrra þótti sæmilegt að styrkja unglingaskóla í sveitum, get ég ekki séð ástæðu til að gera sérstaka áætlun fyrir gagnfræðaskóla í kaupstöðum.

Sami hv. þm. minntist á brtt. meiri hl. um ráðningu kennara við gagnfræðaskóla. Hér er vitanlega um 2 leiðir að gera um ráðning fastra kennara. Önnur er sú, að kennslumálaráðuneytið ráði þá, svo sem gert er ráð fyrir í þessum brtt. og þá án þess að leita nokkurs álits skólanefnda og skólastjóra, eða þá að gera það án þess að kennslumálaráðuneytið komi þar nokkuð til. Nú er það þannig, að fastakennarar við barnaskóla eru ráðnir eftir till. skólanefnda, en hér er einnig gert ráð fyrir, að farið verði eftir till. skólastjóra. N. sá ekki aðrar leiðir hentugri en láta kennslumálaráðuneytið ráða mestu um það, en vitanlega gekk n. út frá því, að tekið væri tillit til till. skólanefnda og skólastjóra.

Ég hefi náttúrlega ekki neina sérstaka ástæðu til að svara hv. 6. landsk. út af hugleysi hans út af lánsheimildinni í 20. gr. frv. Ég hefi ekki ástæðu til að fetta fingur út í það. Þessi gr. frv. fer fram á, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán til að byggja þessa skóla, ungmennaskóla og gagnfræðaskóla, eftir því sem henni þykir hyggilegt að leggja í þann kostnað, því þó að ráðizt verði í að verja meiru til þess en tekið er upp í fjárlög, þá er ég ekki hræddur við að byggja veglega stofnun, sem standi tugi eða hundruð ára. Og mér finnst það vera vel verjandi að taka lán til þess að hrinda þessu í framkvæmd, ef það næði þá fyrr fram að ganga en með hinu fyrirkomulaginu.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):* Hæstv. dómsmrh. sló töluvert meira úr og í í ræðu sinni en ég hafði í raun og veru búizt við, eftir að hann hafði neitað tilmælum samflokksmanna sinna í n. og formanns n. um að ganga inn á grundvallarhugsunina í minni till., sem ég flutti í n., nefnilega sem heimild fyrir stjórnina. Hann hefir nú orðið að beygja sig það langt fyrir rökum í þessu máli hvað skólabygginguna snertir, að hann hefir lofað að taka til yfirvegunar til næsta árs nýja löggjöf, sem geri það mögulegt, að Iðnskólinn samrýmist gagnfræðaskólanum, og svo lítur út, að hann ætli að leggja eitthvað nýtt til frá sjálfum sér, svo að geti verið að ræða um einhverja verklega kennslu. En hæstv. ráðh. lét sér það um munn fara, að allt, sem minnti á samskóla, væri vanhugsað og grautarlegt.

Ég get sagt það sama um allt tal hæstv. ráðh. um verklegu kennsluna, sem hann er að gefa vonir um að ári. Hæstv. ráðh. hefir talað mikið um þessa verklegu kennslu, en það var allt vanhugsað og grautarlegt enn sem komið er. Eftir 1—2 ár verður ef til vill öðru máli að gegna. Hæstv. ráðh. dettur ekki í hug, hversu margvíslegar alþýðuskólaþarfirnar eru í Reykjavík, enda var tæplega von, að honum dytti það í hug, þar sem vanþekking hans er svo gífurleg, að hann setur í grg. frv. önnur eins ummæli og þau, að í Reykjavík hafi aldrei verið alþýðuskóli. Í einum kafla ræðu sinnar fór svo hæstv. ráðh. að reyna að verja mannorð sitt sem

kennslumálaráðh. gegn því, hve freklega röng þessi ummæli eru. Hæstv. ráðh. kannast þá auðvitað við, að allir þessir skólar eru í Reykjavík, en bendir á, að það sé ekki Reykjavíkurbær einn, sem kosti þá, og ekki Reykvíkingar einir, sem sæki þá. Um þetta hefi ég ekkert sagt. Hæstv. ráðh. sagði, að engir alþýðuskólar væru í Reykjavík, og það hefi ég hrakið. Og hæstv. ráðh. skjátlaðist sorglega, þegar hann fór að reyna að fóðra þetta með því að gera grein fyrir skoðun sinni á því, hvað séu alþýðuskólar og hvað ekki. Að því leyti, sem rétt hugsun var í útskýringum hæstv. ráðh., var það sú hugsun frá fyrri öldum, að ekkert sé alþýðuskólar, þar sem kennt sé eitthvað það, sem geti komið þeim að sérstöku gagni við sérstaka atvinnu í lífinu. En þarna er hæstv. ráðh. svo sorglega á eftir tímanum. Hann virðist ekki skilja það enn í dag, að eins og tekið er fram í nál. mínu, skiptast atvinnuhagir og störf manna svo í fjölmenninu, að hver maður verður að stunda einhverja sérstaka atvinnugrein, og löggjöfin tekur svo upp í sig mynd af þessari eðlilegu þörf. En allt öðru máli gegnir um sveitirnar. Þar stunda flestir menn sömu vinnuna. Þetta ætti hæstv. kennslumálaráðh. að vita og sjá í hendi sér, að það þýðir ekkert að kenna óbreyttum verkamönnum t. d. trésmíði eða úrsmíði, því að þeir mega ekki stunda þá atvinnu. Alveg sama er um ýmsa aðra að segja, t. d. verzlunarmenn. Hinsvegar er alveg óhugsandi að ganga út frá því, að alþýðumenntun geti orðið svo, að fyrst komi barnaskólanám til 14 ára aldurs, síðan gagnfræðaskólanám í 2 ár, og þá fyrst það nám, sem byggist á þeirri atvinnu, sem nemandinn ætlar að stunda, t. d. iðnskólanám. Þegar börnin hafa lokið barnaskólanámi, verða þau að fara að nema eitthvað, sem getur komið þeim að sérstöku gagni í lífinu. Í sveit aftur á móti, þar sem leggja verður mikla áherzlu á fjölhæfi hvers einstaklings, má halda áfram almennri menntun eftir fermingaraldur, en í kauptöðunum verður að koma atvinnunám. Þörfin hefir framkallað það hér, að þeir, sem ætla að gerast iðnaðarmenn, byrja á námi sínu tiltölulega fljótt eftir 14 ára aldur, a. m. k. þegar námið útheimtir ekki mikinn lík-amsþroska. Þeir, sem ætla að verða verzlunarmenn, byrja sem sendisveinar eða því um líkt þegar eftir fermingu. Að byrja á lægsta stigi lífsstarfsins þegar á þessu reki, er áreiðanlega betri undirbúningur en framhaldsfræðsla beint aftan við barnaskólafræðsluna. En það er lífsspursmál fyrir menningu okkar, að unga fólkið, sem fer að vinna strax um fermingu, fari ekki á mis við framhaldsskólamenntun. Og nú hefir hæstv. ráðh. viðurkennt nauðsyn þess, að ríkisvaldið beini athugun sinni meira en áður hefir verið gert að iðnaðarnámi. Iðnaðarstéttin er fjölmennasta stéttin í bænum, og þar næst kemur verzlunarstéttin, svo að maður skyldi ætla, að hennar menntamálum þyrfti líka að sinna. En það finnst hæstv. ráðh. ekki koma til mála. Hann lætur sér nægja, að hér er skólakríli, samvinnuskólinn, sem styrktur sé af Sambandinu, sem sé einkafyrirtæki, og ef sá skóli nægi ekki verzlunarstéttinni, séu kaupmenn ekki of góðir til að halda uppi öðrum skóla, segir hæstv. ráðh. Kaupmennirnir hafi nóg fé. Hæstv. ráðh. sýnir sorglegan misskilning á því, hvað það þýði að eiga menntaða verzlunarstétt. Það er ekkert sérstakt hagsmunamál kaupmanna bæjarins, sem hafa því miður orðið að fara á mis við nauðsynlega sérmenntun, að koma upp menntaðri verzlunarstétt. Það er og á að vera hagsmunamál allra landsmanna. Ég skal leitast við að sanna þetta, af því að skilningsleysi hæstv. ráðh. á þýðing verzlunarstéttarinnar í landinu hefir bitið um of á ýmsa flokksmenn hans og sljóvgað sjón þeirra. Ég mætti Kristjáni Bergssyni, forseta Fiskifélagsins, á götu nýlega. Ég spurði hann, hvernig gengi með aflabrögðin, og við fórum að tala saman. Hann fór að tala um árferðið og sagði, að það færi ekki eftir því, hve mikið aflaðist, heldur hinu, hversu gott verð fengist fyrir aflann. Ég hugsa, að þeim þyki þetta ótrúlegt, sem ekki hafa athugað málið vel, en þeir geta flett upp í Hagtíðindum svo langt aftur í tímann, sem vísitölur eru haldnar, og séð, að verðlagssveiflurnar eru svo miklu meiri en sveiflurnar í framleiðslumagni, að þær verða yfirgnæfandi fyrir afkomuna. En þó að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að manna okkur sem bezt til

þess að auka framleiðsluna, er það alveg ófullnægjandi, ef verzlunarstéttin bregzt sínu hlutverki, því, að koma framleiðsluvörunum í sem bezt verð. Ég segi það því hiklaust, að þegar farið er að tala um verklegt nám, sem þýðir sérnám við hverja atvinnugrein fyrir sig, má ekki ganga framhjá verzlunarnáminu, enda er það alstaðar viðurkennt í siðuðum löndum.

Þegar hæstv. ráðh. átti tal við mig út af því, sem ég hafði borið fram í n., gaf hann vonir um, að það, sem ég hefi lagt til um iðnaðarnám, mundi verða hægt að framkvæma þegar á næsta ári, en ég sagði, að það væri ekki nóg, nema verzlunarstéttinni yrði sýnd samskonar úrlausn. Þá skildu okkar leiðir.

Ég geri ráð fyrir, að verzlunarstéttin, í viðasta skilningi, nefnilega þeir, sem annast verzlun og samgöngur, sé fjölmennari en nokkur ein sýsla á landinu. Það nær engri átt, að gengið sé framhjá henni, ef á að koma skipulagi á alþýðufræðsluna í landinu. Það eru bara tóm orð, að fræðsla iðnaðarmanna og fræðsla verzlunarmanna sé ekki alþýðufræðsla.

Ég hefi þá endurtekið höfuðrökin fyrir því, að það má ekki ímynda sér, að verið sé að ráða bót á alþýðufræðslunni í Reykjavík, ef ekki er tekin með fræðsla iðnaðarmanna og verzlunarmanna. Þeir verða nógir, hinir, sem læra eitthvað í gagnfræðaskólum og geta svo komizt í stöður, t. d. í skrifstofum, þar sem þykir þægilegt að vera, en lítið er borgað fyrir.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [frh.]: Ég ætla þessu næst að víkja að nokkrum einstökum ummælum úr ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég hafði ritað hjá mér.

Hann talaði svo um brtt. mína, að með henni væri verið að bæta einhverjum kumbalda á frv., taka Reykjavík út úr og skapa hlunnindi fyrir Reykjavík, sem ekki ætti að hafa sérstök hlunnindi og ekki meiri rétt en aðrir.

Þetta er allt saman hugarburður. 18. gr. í hans eigin frv. er ekkert annað en sérákvæði fyrir Reykjavík, og það, sem ég fer fram á, er ekkert annað en að þeim sérákvæðum sé hagað á skynsamlegri hátt en ráðh. hefir fundið upp á. Það er með þessari brtt. ekki farið fram á neitt annað fyrir Reykjavík af ríkisins hálfu heldur en það sama, sem felst í stjfrv., sem sé 90 þús. kr. framlag til byggingar. Og ég sé ekki, að það sé neinn sérréttur fyrir Reykjavík, þótt stungið sé upp á því, að þessum 90 þús. kr. sé varið á skynsamlegan hátt, en ekki óskynsamlegan. Ekki getur það orðið neinn kumbaldi á frv.

Annars verð ég að segja, að þótt lög um alþýðufræðslu í Reykjavík fengju inn í sig einhver sérákvæði og að einhverju leyti annað snið en í öðrum kaupstöðum, þá væri það ekkert annað en eðlileg afleiðing af því, hvað Reykjavík er miklu stærri. Það er ekkert annað en ímyndun ein, að fari nokkuð sérstaklega vel á því að teygja undir alveg samstæða löggjöf staði, sem svo ólíkt stendur á um sem t. d. Reykjavík og Siglufjörð eða Norðfjörð. Það er náttúrlega bara hugarburður, að af því að eitthvað hæfi fyrir Norðfjörð, megi ómögulega hafa það öðruvísi fyrir Reykjavík.

Þá gerði hæstv. ráðh. ráð fyrir, að hér væri farið fram á, að ríkið tæki að sér verzlunarfræðslu og iðnfræðslu, og ef svo væri gert, ætti að gera það með heildarlöggjöf. Hann viðurkenndi, að iðnfræðslan mundi renna saman við gagnfræðamenntun, og gat þess, að þegar hefði verið stigið slíkt spor í Hafnarfirði. En nú er ekki með minni brtt. farið fram á það; hún lætur afskiptalaust, hvort ríkið taki að sér verzlunarfræðslu og iðnfræðslu. Hitt get ég sagt hæstv. ráðh., að hann er líka kominn út á ímyndunarbraut, ef hann heldur, að með samstæðri löggjöf fyrir alla kaupstaði sé hægt að ákveða um slíka fræðslu, svo að í nokkru lagi sé. Það er að vísu svo, að frumfræðslan í þessum greinum þarf að vera hin sama í öllum þeim kaupstöðum, sem annars eru svo mannmargir, að þeir séu færir um að halda henni uppi. En það verður óhjákvæmilega að sjá fyrir aukinni framhaldsfræðslu, og ekki má búast við, að unnt sé að gera það í hverjum kaupstað, því að Reykjavík ein hefir aðstöðu og mannfjölda til þess að halda uppi þeim

greinum. Það er því hugarburður og reykur, að hægt sé að setja heildarlöggjöf án þess að gera sérákvæði fyrir Reykjavík. En í minni brtt. er ekki farið fram á nein slík sérákvæði.

Hæstv. ráðh. talaði um það ranglæti að taka Reykjavík út úr. Þetta er hugarburður líka. Það getur aldrei orðið neitt ranglæti, meðan ekki er farið fram á annað en að í Reykjavík sé framkvæmdur sá hluti kennslunnar, sem ekki er kleift að halda uppi nema á einum stað í landinu. Liggur þetta í rauninni alveg utan við mínar till. og þetta frv.

Þá þótti mér skrítið, þegar ráðh. staðhæfði, að stj. bæri ekki skylda til þess að rannsaka þörfina á verklegri fræðslu. Það er fáránlegt að heyra slíkt af munni þessa ráðh., þar sem nú stendur svo á, að hann er fyrsti sérstaklegi skólamaðurinn, sem á sæti hér sem kennslumálaráðh. Hann er ekki ennþá búinn að skilja þarfir þjóðarinnar á sviði kennslumálanna betur en svo, að hann telur sér og stjórnarskrifstofunni óviðkomandi að rannsaka þarfirnar á verklegri fræðslu, sem getur ekki þýtt annað en þá sérstaklegu fræðslu, sem hæfir hverri atvinnugrein. Ég þykist ekki þurfa að hrekja það með öðru en benda á þetta.

Síðan hefir hæstv. ráðh. líklega fundið, að veila var í þessu, því þá fór hann að bera fyrir sig tómlæti bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hafði hann aðeins eina ástæðu, að bæjarstj. hefði fellt á síðastl. vetri fjárveitingu til skóla með bráðabirgða-ungmennafræðslu, sem hér hefir starfað í tvö ár.

Hann vildi í ræðu sinni eins og í grg. kenna um þetta einungis trassaskap og skilningsskorti hjá bæjarstj. og óvild hennar gegn því að auka fræðsluna í bænum. Hann segist svo sem þekkja bæjarstj. Reykjavíkur, og það sé ekki sér að kenna, að hún hafi ekki viljað láta fé til þessa skóla. En sannleikurinn er sá, að þetta ósamkomulag milli ráðh. og meiri hl. bæjarstj. stafar alls ekki af áhugaleysi hennar fyrir menntamálum höfuðstaðarins, heldur af því, að ráðh. er sérstaklega stirður viðskiptis við bæjarstj., þar sem hann ber kala til hennar og bæjarins, eins og stöðugt kemur fram, og svo vegna hins, að till. hans í skólamálum Reykjavíkur leggja ekki þann byrjunargrundvöll, sem bæjarbúar geta sætt sig við. Og því er eðlileg afstaða bæjarstj., að banda frá sér till. hans um að tildra upp undirstöðu, sem verður að ryðja burtu síðar og ekki er í samræmi við vilja bæjarbúa, sem heldur vilja bíða og þrauka, í von um að fá skilningsbetri ráðh. heldur en nú er, eða að með vaxandi aldri verði hægt að koma inn hjá honum skilningi á skólaþörfum bæjarbúa. Sökin er því öll hæstv. ráðh. megin.

Þegar hann finnur það að brtt. minni, að ég hefi orðað hana á venjulegan hátt um að heimila að leggja fé úr ríkissjóði gegn framlögum annarsstaðar að, og segir, að ég sé þar með að fleyga málið og stofna til þess, að ekkert verði aðhafzt, þá skal ég aðeins svara með því að bjóða honum það, að ef hann vill fela mér meðferð málsins í einn mánuð, skal ég vera búinn að fá samþykki hlutaðeiganda til að koma upp þeim myndarlega skóla, sem Reykvíkingar þrá, ef það strandar þá ekki á hæstv. ráðh. En hann getur það ekki, því að framkoma hans hefir aldrei verið þannig, að hægt væri að bera nokkurt traust til hans í þessa átt. Öllum bæjarbúum er það líka ljóst, að þessi byrjunarbygging yfir ungmennaskólann, eða Ingimarsskólann svonefnda, og sem ráðh. þakkar sér, er svo ófullnægjandi úrlausn á fræðsluþörf bæjarins, að þeim má á sama standa, hvort á næstu árum verður haldið lengra eða skemmra áfram á þeim grundvelli. Það þarf ekki annað en líta yfir þær upplýsingar, sem ég hefi gefið í mínu nál., til að sjá, að það skiptir minnstu, hvorum megin hryggjar þetta liggur. Þessi skóli gerir ekki annað en að veita nokkrum unglingum samskonar fræðslu og veitt er í 7. og 8. bekk í barnaskólanum, en sem eru orðnir of gamlir til þess að njóta fræðslu þar. Ég vil ekki segja, að skólinn sé þýðingarlaus, en hann er svo örlítill partur af því, sem bærinn þarfnast, að engin von er til þess, að meiri hl. bæjarstj. sætti sig við að byggja ofan á þann mjög svo mjóa stöpul, sem þar er lagður undir.

Nú á að ráða bót á þessum mistökum ráðh. með því að orða 18. gr. frv. þannig, að bæjarstj. Reykjavíkur verði lögþvinguð til þess að leggja fram fé til þessa ó-

myndarlega skóla, sem ráðh. vill láta Reykvíkingum nægja. Ég mun ekkert fullyrða um það, hvernig sá hildarleikur fer, ef í það verður ráðizt, en tek kröftuglega undir með hv. 6. landsk., að með dálítilli lipurð væri hægt að ráða fram úr þessu, en ég hefi enga trú á, að sú lipurð sé til í kennslumálaráðuneytinu eins og nú stendur.

Ég er í raun og veru áður búinn að svara þeim ummælum, sem ég henti á lofti, að með brtt. væri verið að svíkja Verzlunar- og Iðnskólann inn á landið. Það væru nú engin sérleg svik við landið, þótt þessi kennsla væri umbætt. En brtt. felur ekkert slíkt í sér.

Hæstv. ráðh. fór því næst að hæla sér af afrekum sínum í menntamálum, eins og honum er títt, og minntist þá á einhverja lögun á kennslustörfum í Menntaskólanum. Ég held, að það sé einsdæmi um andlega fátækt hjá hæstv. ráðh., að þurfa að grípa til þess að skrifa hólgreinar um sig í blöðin fyrir að hann ætlaði að láta setja upp nokkra fatasnaga.

Þá taldi hæstv. ráðh. alveg rangt að hjálpa kaupmönnum til að koma sér upp skóla. Ég hefi vikið að því áður, hve hraparlegur misskilningur það er á þörfum þjóðarinnar að ímynda sér, að fræðsla um verzlunarmálefni hafi ekki þýðingu fyrir aðra en þá kaupmenn, sem uppi eru á þeim tíma, sem skólinn er haldinn.

Ég vildi vona, að orð mín orkuðu einhvers um að koma þeirri hugmynd inn hjá ráðh., að hann fer villur vegar, og vænti þess, að hann sýni vaxandi og batnandi ráðherramanndóm í því að snúa frá villu síns vegar og sjá, að landinu er eins nauðsynlegt eftir hæfi og getu að leggja fram fé til að eignast menntaða verzlunarstétt eins og að eignast aðrar stéttir vel menntaðar.

Ég hefi nú svarað því, sem hæstv. ráðh. sagði um upptalningu þessara skóla í Reykjavík. Hann getur ekki komizt hjá því, að hann hefir afneitað, að þessir skólar væru til. Reykvíkingar hafa auðvitað tekið við því litla, sem að þeim hefir verið rétt frá hinu opinbera, en mest hafa þeir sjálfir borið og bera uppi, aðallega með skólagjöldum nemenda.

En svo fór hæstv. ráðh. eins og til þess að hnekkja því, sem ég hafði sagt um þörf iðnaðarmannastéttarinnar, sem er fjölmennasta stéttin, og verzlunarstéttarinnar, sem er næstfjölmennust, að tala um, að aðrar stéttir væru fjölmennari, og nefndi húsmæður og ólærða verkamenn. Ég fór í minni stéttaskiptingu eftir því, sem venja er til og gert er í okkar hagskýrslum, og getur hæstv. ráðh. lesið um það í manntalsskýrslum frá 1920. En um húsmæður verð ég að segja það, að það er svo algengt, að konur taki að sér þá lífsstöðu, að það getur varla talizt sérmenntun fyrir sérstaka stétt, heldur almennt fyrir kvenfólkið. Fæstar vita hverjar muni lenda í þeirri stöðu, og mikill þorri þeirra fær not fyrir þá þekkingu. Ég vil þess vegna í raun og veru telja húsmæðrafræðsluna sem nauðsynlegan hluta af almennri kvennafræðslu, fremur en sem sérfræðslu fyrir sérstaka atvinnugrein.

Þá eru ólærðir verkamenn. Hér í Reykjavík eru þeir miklu fámennari heldur en verzlunar- og iðnaðarmannastéttirnar, ef trúa má opinberum hagskýrslum. Svo er líka með þá, að í stétt hinna ólærðu verkamanna veljast kannske helzt þeir, sem sami ráðh. hefir réttilega bent á á fundi að hafa frekar hæfileika til þess að starfa beint í þarfir frumframleiðslunnar heldur en að stunda skólanám. Ég held því, að það væri misráðið, ef ætti að koma upp sérfræðslu fyrir þá, áður en farið er að hugsa um að koma sérmenntun fyrir iðnaðarmanna- og verzlunarstéttirnar í sæmilegt horf.

Hæstv. ráðh. endaði ræðu sína með því að gefa vonir um hvað iðnfræðsluna snerti, að yrði byggt ofan á þennan grundvöll á næstu árum; en hann sagði með ennþá ákveðnari orðum í ræðulokin, að verzlunarfræðslan ætti aldrei að koma þar inn, verzlunarmenn gætu passað sína menntun sjálfir. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna, að það er ekki ófyrirsynju, að ég hefi reynt að koma inn hjá hæstv. ráðh. ofurlitlum skilningi á því, að ef hann lítur á hagsmuni þjóðarheildarinnar, þá fer hann mjög villur vegar í þessum ummælum sínum.

Mér var ánægja að heyra lipurlegar undirtektir hv. 6. landsk. um það, að ekki þyrfti að láta við það standa, sem í raun og veru er talið fram í 18. gr. stjfrv., held-

ur mætti með lipurð nota það sem grundvöll til að ná mestu — eða jafnvel öllu — af því, sem ég fer fram á. En þó þótti mér sá ljóður vera á hans skoðun, að hann segist vera á móti styrk til verzlunarskóla. Það er afstaða, sem Alþingi verður að yfirgefa, svo framarlega sem menn vilja láta sér annt um, að menntunarskortur standi þjóðinni ekki á neinu sviði verulega fyrir þrifum. Því það er kannske hvergi eins mikil hætta á, að þjóðin bíði tjón af menntunarskorti, eins og ef verzlunarstéttin er ekki nægilega menntuð.

Út af því, sem hv. 6. landsk. sagði svo um lánsheimildina í 20. gr. frv., get ég í raun og veru alveg tekið undir með honum.

Ég endurtek þá spurningu til hæstv. stj., hvað mikil fjárhæð muni felast í þessari lánsheimild. Að vísu virðist fjármálastj. komin á það lausabrokk hjá hæstv. núv. ríkisstj., að ekki muni miklu, hvort lánsheimild er í einum lagabálkinum fleira eða færra. Þó finnst mér, þar sem hv. 6. landsk., sem er flokksmaður hæstv. stj., hefir réttilega fest augun á því sama og ég, að hæstv. stj. ætti að gefa okkur báðum einhverja úrlausn, þó hún hefði e. t. v. ekki viljað svara mér einum.

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Hv. 3. landsk. helgaði fyrri hluta ræðu sinnar því, sem ég sagði um þetta mál í gær. Skrifaði ég hjá mér örfá atriði, sem ég vildi ræða um við hann dálítið nánar. Hv. 3. landsk. sagði, að enginn mundi neita því, að verzlunar- og iðnaðarfólk væri alþýðufólk. (JÞ: Þó það sé ekki alþýðuflokksmenn). Ég efast nú um, að iðnaðarfólkið og verzlunarfólkið hér í bæ þakki honum nokkuð fyrir að spyrða það saman við verkafólkið. Flokkaskiptingin hér í Reykjavík a. m. k. bendir ekki á það, að þessar þrjár stéttir eigi samleið, þar sem tvær þeirra sameinast á stjórnmálasviðinu gegn þeirri þriðju, nefnilega verkamönnum. Eftir túlkun hv. 3. landsk. á orðinu „alþýðumaður" mætti eins telja hann sjálfan til alþýðunnar. (JÞ: Það væri víst ekki fjarri sanni). Ég býst við því. Hann er bæði verkfr. og kaupm. Þó hann sé verkfræðingur, verður hann líkl. varla talinn til iðnaðarmanna, en það er nóg, að hann telst til verzlunarstéttarinnar, til þess að eftir hans kenningu megi telja hann alþýðumann. Hv. 3. landsk. beitir svipaðri aðferð nú eins og þegar ónefndir menn eru að biðla til alþýðunnar á kjósendafundum. Hann álítur heppilegt að telja þessar tvær stéttir til alþýðunnar, af því hann vill láta ríkið taka að sér kostnaðinn við fræðslu þeirra jafnframt því, að alþýðumenntuninni er ráðstafað, og því gerir hann sig tungumjúkan sem alþýðumann. Ég er hv. 3. landsk. raunar sammála um það, að ríkið eigi í framtíðinni að sjá um menntun iðnaðarmanna og verzlunarmanna, en ég tel alls ekki sjálfsagt, að það taki hana að sér jafnframt alþýðumenntuninni. Til frekari skýringar má benda á, að það er nú þannig með gagnfræðaskólana, að þeir búa unglingana almennt undir æðri menntun, á hvaða sviði sem er. Það má gera ráð fyrir, að sá, sem gengur gegnum gagnfræðaskóla, haldi áfram gegnum æðri skólana og verði t. d. prestur, sýslumaður eða læknir, og þeir verði m. ö. o. þjónustumenn þjóðarinnar í heild. Það verður ekki sagt um iðnaðarmenn og verzlunarmenn, að þeir séu þjónustumenn þjóðarinnar í heild. Þannig er hægt að greina þá menntun, sem iðnskólar og verzlunarskólar veita, frá gagnfræðafræðslunni. Verzlunar- og iðnskólarnir búa menn undir verzlun og iðnað, en gagnfræðaskólarnir veita einkum þeim undirstöðufræðslu, sem ætla að búa sig undir opinber þjónustustörf.

Þá sagði hv. 3. landsk. til sönnunar því, hvað nauðsynlegt væri að mennta verzlunarstéttina sem bezt, að afkoma þjóðarinnar færi ekki eftir því, hvað mikið aflaðist, heldur eftir því, hvað mikið fengist fyrir aflann. Sé það rétt hjá hv. þm., að verzlunarstéttin geti ráðið, hvaða verð er á sjávarafurðum, þá er óhætt að segja, að henni hefir stórlega mistekizt að verða þjóðinni að því liði, sem hún hefði getað orðið. Mér er spurn: Heldur hv. 3. landsk., að nauðsynlegt sé að taka verzlunarmenntunina úr höndum verzlunarstéttarinnar sjálfrar og láta hið opinbera sjá um hana, til þess að verzl.mennirnir geti orðið að því gagni fyrir þjóðfélagið, sem hann álítur þá geta orðið? Mér finnst, að maður, sem eins mikla trú hefir á

frjálsu framtaki einstaklingsins eins og hv. 3. landsk., ætti sízt að halda því fram, að taka eigi af kaupmönnunum aðstöðuna til að mennta vinnufólk sitt, sem síðar tekur svo við verzlunarfyrirtækjunum, og fá hana í hendur þjóðinni í heild. Slík skoðun kemur mjög í bága við það, sem þessi hv. þm. hefir áður haldið fram, bæði í ræðu og riti. Ég skal ekki draga það í efa, að mikils sé um það vert, að verzlunarstéttin sé vel menntuð. En ég efast um, að hún verði sérstaklega vel menntuð, ef taka á unglingana á aldrinum 13—16 ára til að troða í þá verzlunarþekkingu. Ég er hræddur um, að sú þekking, sem þroskalausir og hugsunarlitlir unglingar taka við, geri verzlunarstéttina aldrei færa um það hlutverk, sem hv. 3. landsk. telur hana hafa.

Líka mætti benda á það, að þó menntuð verzlunarstétt eigi hlut að máli, skortir ekki æfinlega mistök í verzlunarmálunum. Nægir því til sönnunar að benda á ástandið, sem nú ríkir í Bandaríkjunum í Ameríku. Er það talið stafa af mistökum verzlunarstéttarinnar, og er hún þó betur menntuð þar en víðast annarsstaðar. Verzlunarþekking er því ekki **einhlít** til að gera verzlunarmenn hæfa til síns hlutverks. Og ef ríkið á að taka verzlunarfræðsluna að fullu í sínar hendur og þjóðin í heild að leggja fram fé til hennar, þá verður að gerbreyta öllu fyrirkomulagi hennar frá því, sem nú er, til þess að hún komi að notum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, sem hv. 3. landsk. beindi til mín. Ég geri ráð fyrir, að það hafi ekki sannfært aðra hv. dm., og mig sannfærði það áreiðanlega ekki.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það eru ekki nema tiltölulega fá orð, sem ég þarf að beina til hv. 3. landsk. Við erum víst sammála um meginhluta frv. Það er aðeins 3. brtt. hv. meiri hl., sem okkur greinir á um.

Ég vildi aðeins spyrja hv. þm., hvað hann telur unnið við að fella niður það ákvæði 4. gr. frv., að leyfi kennslumálastj. þurfi til að hafa 3. bekk í gagnfræðaskólunum; ég hefi ekki tekið eftir, að hann hafi minnzt á það atriði. Ég tel þetta að vísu ekki skipta sérlega miklu máli; það er dálítið kostnaðaratriði fyrir ríkissjóð, hvort hafðar eru 3 ársdeildir í skólum eða ekki. (**JÞ:** Ég talaði um þetta atriði í gær; hafi hæstv. ráðh. ekki heyrt það, get ég skotið því að honum utan fundar).

Aðalatriðið er það, að hv. 3. landsk. fellst á það almenna skipulag, sem í frv. felst, nema að því er snertir Reykjavík; fyrir hana vill hann fá meiri fríðindi. Þar vill hann láta ríkið binda sér á herðar skyldur við skóla, sem áður hafa verið á einstakra manna höndum. Eftir hans till. er alveg óbundið, hvað mikið aðrir aðilar geta krafizt, að ríkið leggi fram til þessara skóla. Ríkið yrði eftir þeim að leggja fram fé til Verzlunarskólans og Iðnskólans, þó ekki kæmi nema 10% annarsstaðar frá. Ef ekki væri látið að kröfum aðstandenda þessara skóla, væri gagnfræðaskólabyggingunni siglt í strand eftir 3. brtt. hv. 3. landsk. Hv. 3. landsk. hefir líka játað, að þetta væri pólitík gegn mér; andstæðingar mínir vildu ekki, að neitt væri lagt til skólabyggingarinnar fyrr en annar maður er kominn í kennslumálaráðh.sæti. Er það einkennileg ástæða hjá hv. 3. landsk., sem veit, að ég hefi verið miklu hlynntari skólamálum Reykvíkinga og gert miklu meira fyrir þau en hann sjálfur, þegar hann var ráðh. Ég hefi unnið að umbótum á þeim tveimur ríkisskólum, sem hér eru, og ég hefi komið í gegn frv. um eina eiginlega alþýðuskólann, sem hér er.

Sundhallarmálið hefi ég neyðzt til að berja fram gegn andstöðu margra flokksmanna hv. 3. landsk., sérstaklega meiri hl. bæjarstj. Ef litið er á skólamál Reykvíkinga, má segja, að aðaleinkenni á vinnubrögðum forráðamannanna hafi verið vanræksla og áhugaleysi. Hv. 3. landsk. datt ekki í hug að láta Menntaskólann hafa svo mikið sem skuggamyndavél, þegar um var beðið í hans ráðherratíð, og fóru þó tekjur ríkissjóðs það ár 8 millj. kr. fram úr áætlun. Barnaskólinn hefir verið yfirfylltur. Þar er ekkert bókasafn. Kennsluáhöld yfirleitt svo lítil, sem hugsazt getur, og öll aðbúð barnanna léleg. Þennan skóla hafa nú vinir hv. 3. landsk. haft undir sinni hendi.

Það, sem hv. 3. landsk. getur ásakað mig fyrir, er aðeins það, að ég hefi ekki

verið eins sofandi gagnvart skólamálunum og íhaldið. Ég vil koma hér upp stórum gagnfræðaskóla fyrir pilta og stúlkur, og að sá skóli geti vaxið eftir þörfum bæjarins. Það virðist hv. 3. landsk. ekki vilja, því hann er nú búinn að játa, að hann vilji koma þessum fleyg inn í frv. til þess að stöðva skólabygginguna, a. m. k. í bili. Þurfti brtt. þó ekki skýringar við, því gr. skýrir sig sjálf.

Það er munur á því, hvernig Vestfirðingar hlynna að skólanum á Núpi, hvað Borgfirðingar, Þingeyingar og Árnesingar hafa lagt til sinna skóla, og svo aftur deyfðinni og svefninum gagnvart skólanum hér, þar sem íhaldið er í meiri hl. Ég hefi heyrt haft eftir borgarstjóranum hér og hv. 3. landsk., er hann var í bæjarstjórn, að allur þorri manna þyrfti ekki aðra fræðslu en að læra skrift og lestur. Það getur verið, að þessi ummæli séu eitthvað afbökuð, en þau eru í góðu samræmi við það, sem hv. 3. landsk. sagði um stefnu íhaldsmanna í fræðslumálum í Lögréttugreininni 1908. Ég sé, að hv. þm. brosir. (JÞ: Ég brosi að þeirri andlegu fátækt, sem lýsir sér í endurtekningunum). Það er eðlilegt, að umbótamenn leggi dálítið upp úr því, sem einn af helztu íhaldsheimspekingunum segir um sína eigin stefnu, er þeir játa opinberlega sekt sína og andlega fátækt. En það var svo sem ekkert í þessum ummælum hv. 3. landsk. um íhaldið, annað en það, sem allir vita; það er viðurkenndur sannleikur, að íhaldið hefir unnið hvarvetna á móti alþýðumenntun öldum saman.

Þessi eilifi sannleikur, sem hv. 3. landsk. tók upp eftir öðrum 1908, stendur óhaggaður enn. Með brtt. þeirri, sem hv. 3. landsk. flytur nú, og þeim ræðum, sem hann hefir látið fylgja henni, sannar hann enn einu sinni, að íhaldsmenn kæra sig ekki um alþýðuskóla. Þeir vita, að þeir kosta dálítið. Og ég veit ekki, hvort þeir álíta aukna alþýðufræðslu nokkra bót fyrir þá andans stefnu, sem þeir fylgja.

Í stuttu máli sagt: brtt. hv. 3. landsk. miðar að því, að ekki verði byggt yfir þann skóla, sem samþ. var fyrir 2 árum að stofna hér í Reykjavík.

Við hv. 3. landsk. erum víst ekki svo mjög ósammála um iðnfræðsluna í sjálfu sér, en ég tel, að Iðnskólinn hér í Reykjavík, Iðnskólinn á Akureyri og Iðnskólinn í Hafnarfirði eigi að fylgjast að. Mér finnst engin sanngirni í því að setja Iðnskólann hér skör hærra en hina. Mér þykir einkennilegt, að hv. 3. landsk. skuli halda því fram, að svo ólíkar ástæður séu hér í Reykjavík og á Siglufirði eða á Norðfirði, að ekki geti gilt sömu lög um almenna fræðslu hér og þar. Slíkt er ekki annað en höfuðstaðargorgeir, sem fellur um sjálfan sig, ef reynt er að rökstyðja hann. Það er eins og ef Englendingar segðu, að ekki mætti hafa samskonar barnafræðslu í London og Rochdale. Slíkt væri ekki annað en fjarstæða. Börnin eru eflaust lík í Reykjavík og á Siglufirði. Og járnsmiðir t. d. vinna víst mjög líka vinnu í Reykjav. og á Norðf. Á þessum stöðum eiga að vera alveg eins góðir skólar og hér. Ég veit vel, að hér í Reykjavík er mjög margt af svo skynsömu fólki, að því dettur alls ekki í hug, að það standi neitt ofar öðrum mönnum, og kærir sig ekki um nein hlunnindi fram yfir aðra landshluta.

Hv. þm. Ak. hrakti flestar þær ástæður, sem hv. 3. landsk. taldi til þess, að ríkið ætti að taka við verzlunarmenntuninni að svo stöddu. Ég held hann hafi þó gleymt að drepa á það atriði, hvort þjóðinni er nokkur hagur að því, að verzlunum og verzlunarfólki fjölgi í landinu.

Um þörfina á stærri skóla en til er nú fyrir kaupmannastétt landsins er það að segja, að til er fjöldi fólks, sem ekki vill vinna að erfiðri vinnu, — þess vegna er kaupmannafjöldinn í Reykjavík langt frá að vera blessun, heldur er það mesta böl Reykjavíkur og eitt stærsta böl landsins að hafa allt of stóra milliliðastétt, langt fram yfir alla þörf, til þess að dreifa vörunum. Það er þess vegna ákaflega langt frá, að verzlanir á Norðfirði og Siglufirði, sem hafa þennan 3. flokks rétt hjá hv. 3. landsk., eigi að borga skatt til þess að koma upp stofnun til þess að fjölga ennþá meir hinum óþörfu búðum í Reykjavík. Það er rétt út af fyrir sig, að þetta sé komið undir því, hvernig sala tekst á afurðum. En álítur hv. þm. kaupmannastéttina svo illa menntaða, að það stafi harðæri af því, að hún geti ekki selt

nægilega vel? Við skulum ganga inn á, að hún sé það, og landið skaðist af því. En segjum, að það kæmu 2—3 heildsalar, sem hefðu yfirburðamenntun og seldu betur þess vegna, — myndi gróðinn fyrst og fremst ganga til almennings? Ég held, að hv. þm. hafi ekki verið með á nótunum í sinni ræðu. Því að það er dálítið annað, sem veldur því í landinu, að sannvirði vara kemur fram. Það eru ekki kaupmenn, heldur kaupfélögin. Þau hafa byggt upp allt það, sem gefizt hefir sæmilega í landinu til að tryggja afurðasöluna. Hann veit það kannske ekki, hv. þm., að smásöluverð á Íslandi lækkaði fyrir liðugum 50 árum um 25—30%, þegar kaupfélögin komu. Það voru danskir kaupmenn, sjálfsagt margir vel lærðir af dönskum verzlunarskólum, sem bjuggu svona að fólkinu. Sveitaverzlunin í landinu hvílir algerlega á kaupfélögunum og Sambandinu, sem ekki munu búast við að þurfa að fá menn frá verzlunarskóla kaupmanna til þess að selja fyrir sig. Þau hafa fullkomlega getað haldið á sínu, og meira en það, í þeim efnum. Einn hv. þm. þessarar deildar, ekki lakast menntaður og greindur maður, hv. 1. þm. G.-K., spreytti sig mikið á því hérna á árunum að keppa við kaupfélögin um sölu íslenzkra afurða. Hann sendi m. a. sauði til Englands, og er það eitthvert mesta hneykslið í allri sögu bændaverzlunar á Íslandi. Úr þessu fyrirtæki varð ekkert nema ófögnuður, bændur fengu sama og ekkert fyrir sauðina, og kaupmaðurinn skaðaðist sjálfur.

Nú má nefna annað. Hvernig gekk síldarverzlunin hjá þessum ágætu, sérmenntuðu mönnum? Það var allt í eymd og vesaldómi. Bankar töpuðu milljónum á síldinni, verkafólkið fékk ekki kaupið, útlendingar voru sviknir o. s. frv. Það varð því að gera lög og taka af þessum banka.

Hvað er um saltfisksöluna, stærstu verzlun, sem Ísland rekur nú? Það eru aðallega útlendir leppar, sem hafa hana á hendi. Meiri hl. heildsölunnar er framkvæmd af mönnum, sem ekki geta staðið í skilum með útsvar og eru í margföldum óskilum við bankana. Það er komið það orð á, að það geti enginn maður snert á saltfiski nema hann sé af þessu tægi.

Ég held hv. þm. ætti sannarlega að hugsa um það, hvernig hans stéttarbræðrum hefir gengið að fást við síldina og saltfiskinn, og bera það saman við afkomu sveitakarlanna, sem hjálpa sér sjálfir og hafa ekki þurft að vera upp á kaupmenn komnir um sölu sinna afurða né þurft að leita uppgjafa á sínum skuldum í bönkunum. Sannleikurinn er sá, að þessi stétt, sem hv. þm. er að mæla með sem sérstökum velgerðamönnum þjóðarinnar, hefir valdið megninu af þeirri fjárkreppu, sem er. Og það er alls ekki af því, að kaupmenn séu allir svo illa menntaðir eða heimskir, heldur eru þeir á skökkum vegi. Þeir „spekúlera", þeir hugsa ekki um annað en að græða sjálfir.

Það var ekki af vöntun á bókfærslu, að Íslandsbanki gaf Copland 1200 þús. kr. Síðan hefir skuld hans vaxið um nokkur hundruð þúsunda. Hér er bara verið að vinna með skökkum aðferðum.

Hv. 3. landsk. skilur þetta víst ekki, enda er hann ekkert að hugsa um að koma á sjálfseignaverzlun fyrir almenning í staðinn fyrir braskið. En það fyrirkomulag mun á sínum tíma gera verzlun með sjávarafurðir heilbrigðari en nú og tryggja gróðann í hendur almennings.

Nokkur partur af ræðu hv. þm. laut að því, að snilld kaupmanna í að selja skapi ærgæzku. Það hefir líka sýnt sig, eða hitt þó heldur. Ætli það sé ekki miklu fremur rétt, sem Jón Jacobson landsbókavörður sagði eitt sinn norður í Skagafirði, að leið Íslendinga til velsældar lægi yfir grafir kaupmanna. Þetta sagði þessi mæti flokksbróðir hv. þm.

Hv. þm. sagði, að bæjarstj. vildi ekkert gera fyrir almenna menntun í bænum, af því að meiri hl. hennar vildi ekki semja við mig. Hv. þm. vill því láta opna ríkissjóð upp á gátt fyrir iðnaðarmenn og kaupmenn alveg ótakmarkað. En samt sem áður mælir hann á móti till., að stj. megi hafa heimild til að taka lán og byggja. Nú eru í alþýðuskólanum hér tæplega 100 ungmenni. Í Reykjavík eru um 400 fermingarbörn. Við skulum rétt gera ráð fyrir, að öll fermingarbörn

verði tvo vetur í unglingaskóla, þótt það sé vitanlega of ríflega áætlað, en það eru þá 800 ungmenni í einu. Svo kemur húsmæðrafræðslan í ofanálag, Iðnskólinn og Verzlunarskólinn, en að landið hafi ekki nema 20 þús. kr. í fjárlögum til þess að bæta úr þessari þörf.

Ég verð að segja, að þeir, sem eru með þeirri eyðslu t. d. að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum Íslandsbanka að órannsökuðu máli, þeir eiga ekki að bregða sér við það, þótt stj. hafi leyfi til að nota ca. 200 þús. kr. í skóla, sem eiga að geta staðið í margar aldir og sem knýjandi nauðsyn er að koma upp. Og ég get sagt það, að lítið þakklæti munu þeir þm. fá, sem bægja fyrst og fremst 6—7 kaupstöðum frá að njóta góðs af þessum lögum, og ennfremur Borgfirðingum, Mýramönnum, Vestfirðingum, Strandamönnum og Húnvetningum frá því að hafa gagn af því fé, sem þeir ætla til sinna skóla.

Hvers vegna á ekki að lofa Vestfirðingum að njóta þess, að þeir eru búnir að draga saman 30—40 þús. með súrum sveita? Og sama hafa gert Húnvetningar og Strandamenn, til þess að mennta sín börn. Þessir menn hafa sýnt framúrskarandi áhuga, sem stingur mjög í stúf við áhugaleysið hér í bænum. Væri það nokkur meining, að Alþingi segði, að það sé ekki nægur hemill á stjórnina, að það verður að leggja helming á móti frá bæjum og héruðum? Hv. þm. spurði, hvað það yrði mikil upphæð. Hvað miðar hv. þm. við langan tíma? En ég get sagt það, að þetta fer eftir því, hve mikið héruðin leggja fram. Borgfirðingar og Mýramenn ætla að leggja fram 80 þús. kr. í skóla í sumar. Strandamenn og Húnvetningar hafa lofað 35 þús. kr., Vestfirðingar um 40 þús. kr. Hér höfum við ákveðnar upphæðir, sem allar eiga fyllsta rétt á sér, að mætt verði af ríkisins hálfu. Hafnfirðingar hugsa sér á næsta ári að byrja að endurreisa Flensborgarskóla. Er ekki ósennilegt, að þeir mundu þurfa 30—40 þús. kr.

Ég hefi nú gert ráð fyrir 90 þús. kr. á þremur árum til gagnfræðaskólans hér. En ef till. hv. þm. eiga að ráða og bæta á við öllum mögulegum stofnunum, sem eru einkafyrirtæki og engin áætlun liggur fyrir um, þá er ómögulegt að segja, hvað mikið það kostar. Ég hefi talið upp þá, sem bíða beinlínis með sín framlög, til þess að ríkið rétti sína hönd á móti. En þetta getur komið til á næstu 4—5 árum. En ég álít ekkert góðverk gagnvart alþýðufræðslu landsins að láta þessi fórnfúsu héruð bíða meðan við hinsvegar ausum peningum í að byggja yfir Verzlunarskólann, sem kemur landinu ekkert við, en er atvinnustofnun hinnar fjölmennu kaupmannastéttar hér í bænum.

Páll Hermannsson: Ég hefði viljað minna á brtt. frá hv. þm. Ak. á þskj. 295. Hún er við 13. gr. þessa frv. og er um skólagjöld, að þau falli niður í gagnfræðaskólum fyrir íbúa þeirra bæja, sem skólarnir standa í. Á þetta atriði var minnzt í n., en ekki var fallizt á skoðun tilllögumanns eða röksemdir um þetta.

Það er nú svona með þessa skóla, að þeir eru bornir upp að nokkru leyti af ríkinu, en þó líklega að meira leyti af bæjunum sjálfum. Þess vegna þurfa þeir að sjálfsögðu á allmiklu fé að halda árlega. Þó að það gæti litið svo út, að það komi nokkuð í sama stað niður, hvort aðstandendur þeirra ungu manna, sem skólann sækja, greiði kostnaðinn með hluta af sínum útsvörum eða greiði skólagjöld fyrir sín börn, þá hygg ég, að undir sumum kringumstæðum yrði nokkur munur á þessu. N. er alveg sammála um, að sjálfsagt væri, að þeir fátækustu væru lausir við skólagjöld. Enda gerir frv. ráð fyrir, að alltaf verði helmingur nemenda undanþeginn skólagjöldum. Ég verð nú að álíta aðstöðumun þeirra, sem skólann sækja, svo mikinn, að þó að það sé ekki nema réttlátt að lofa sumum að losna við skólagjöld, þá sé líka réttlátt og sanngjarnt að láta þá, sem betur eru staðir, greiða þau. Mér hafði nú dottið í hug að koma með brevt. einmitt um það að hækka ögn skólagjöldin. Nú er í gr. gert ráð fyrir, að skólagjöld innanbæjarnemenda verði 20 kr. fyrir stúlkur, en 40 kr. fyrir pilta. Þetta finnst mér það allra lægsta, sem hægt er að stinga upp á. En vegna þessa skoðanamunar í n. féll ég frá því, svona til samkomulags, en lét mér nægja það, sem stóð í frv. En hvað sem upphæð skólagjalds líður, þá finnst

mér það liggja í hlutarins eðli, að það geti talizt fyllilega réttlátt að láta nemendur frá efnuðum heimilum greiða slík gjöld, enda þótt allir þeir fátækari séu undanþegnir.

Ég skal ekki blanda mér að öðru leyti neitt inn í þær löngu umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Mér virðist eiginlega, að að sumu leyti sé gengið út fyrir frv. sjálft.

Ég hafði ekki beinlínis búizt við því, að hv. samnm. minn, 3. landsk., mundi skýra alveg svona nákvæmlega frá atriðum, sem áttu sér stað í n. En af því að rétt er skýrt frá, þá er náttúrlega ekkert við það að athuga. Hann skýrði rétt frá, að ég lét í n. það álit í ljós, að ég féllist á þau rök, sem hann þar bar fram viðvíkjandi því, hvort heppilegast og ódýrast mundi fyrir framtíðina hvað snertir byggingarkostnað að hafa hliðsjón af þeim stóru, almennu skólum, sem eru í Reykjavík. Þegar maður sérstaklega lítur á Gagnfræðaskólann og Iðnskólann t. d., þá virðist mér það augljóst, að þar sem annar er dagskóli, en hinn hlýtur að vera aðallega kvöldskóli, þá muni það að sjálfsögðu verða heppilegasta lausnin á húsnæðisþörf þeirra að taka tillit til þessa, þegar ráðizt verður í að byggja. Þetta virðast mér yfirleitt allir viðurkenna. Hæstv. stj. hefir a. m. k. að nokkru leyti látið þá skoðun í ljós, að svona bæri að líta á þetta. Mér virðist þarna um að ræða fyrirkomulagsatriði, sem ekki eru rannsökuð til fulls. Og ég treysti vel hæstv. stj. til þess að leysa þessi atriði skynsamlega, eftir að hún hefir látið það álit uppi, að þetta ætti að athugast og takast til greina. Ýms atriði í þessu efni hafa ekki komið skýrt fram, t. d. hvort byggja ætti eitt hús eða fleiri á sama stað. Þetta er mér ekki vel ljóst, enda hefi ég ekki beinlínis þurft að taka afstöðu til þess.

Ég fyrir mitt leyti hefði vel getað gengið inn á þá uppástungu, sem hv. 3. landsk. bar fram í n. En sökum þess, að hæstv. stj. hafði að nokkru leyti tjáð sig fylgjandi sömu stefnu, þá fann ég ekki ástæðu til að taka þessa skoðun inn í brtt., ég trúði hæstv. stj. vel til að ráða málinu til lykta. Af þessu leiðir svo aftur það, að ég get ekki fallizt á 3. brtt. hv. þm., þar sem hún gengur nokkuð lengra en uppástunga hans í nefndinni.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):* Ég vil byrja með að þakka hv. form. menntmn., 2. þm. N.-M., fyrir þá viðurkenningu á stefnu minni í þessu máli, sem hann lét í ljós, bæði nú í ræðu sinni og í nefndinni.

Það getur vel verið, að það sé ekki alvenjulegt að skýra svo frá því, sem fram kemur í nefndum. En mér fannst sérstök ástæða til þess að þessu sinni. Ég er yfir höfuð ekki spar á að segja það, sem ég álít rétt að segja, en ég gæti þess eftir beztu vitund og getu að segja satt. Og það gladdi mig að heyra viðurkenningu hv. 2. þm. N.-M., að svo hafi ég gert í þetta sinn, þó að ég raunar þyrfti hennar ekki með.

Ég þarf lítið orðakast að eiga við hv. þm. Ak. Hann sagði á einum stað í ræðu sinni, að hann væri samþykkur því, að ríkið tæki að sér iðnmenntunina og verzlunarmenntunina. (**EF**: Ég sagðist vel geta gengið inn á það seinna meir). Já. Þá tel ég ekki, að neinn ágreiningur sé okkar á milli í þessu máli, sem vert er að gera að umtalsefni. Ég hefi ekki farið lengra en það, að ég hefi borið fram sem mitt álit, að ríkið ætti að styrkja og styðja þessa kennslu nokkru ríflegar en það hingað til hefir gert. En við hv. þm. Ak. getum eflaust mætzt einhversstaðar að því er snertir framlag ríkissjóðs til þessa, úr því að við erum sammála um höfuðatriðið. (**EF**: Ég vildi breyta allmiklu í kennslunni). Já, hvernig farið er að kenna, því ræður hver tími fyrir sig. Hver tími fullnægir þörfinni á þann hátt, sem hann álítur beztan. Og yfir höfuð er ég ekki sérlega hrifinn af því að setja í skólalöggjöf ítarleg ákvæði um það, hvað kenna skuli.

Hv. þm. reyndi að hrekja þetta með því að minna á framtak einstaklingsins, en um það er nú ekki hægt að tala í þessu sambandi, því að ríkið er nú farið að taka að sér skólana og reka þá alveg eins og póst og síma. Þegar svo er komið, að aðalþungi þessara mála hlýtur að hvíla á ríkissjóði, þá er það ljóst, að einstaklingurinn getur ekki keppt við alla þá skóla, sem ríkið rekur, án þess að fá til þess styrk frá því opinbera. Ég get látið

mér það í léttu rúmi liggja, að hv. þm. sagði, að orð mín hefðu ekki sannfært sig, en ég vil þó vona, að við getum átt samleið síðar, þegar þessi mál koma næst til umr.

Ég vil ekki fara að stríða hv. þm. með því að fara að tala um alþýðuna og hverjir það séu, sem má kalla alþýðumenn, en mér kom það dálítið einkennilega fyrir sjónir, þegar hv. þm. fór að tala um, að iðnaðarmenn gætu ekki talizt til hennar, því að ég hélt, að hann væri sjálfur iðnaðarmaður. (EF: Hann er nú fleira en það).

Út af ræðu hæstv. dómsmrh. þarf ég ekki að eyða mörgum orðum, en vil þó segja það, að hafi maður verið í nokkrum vafa um, að hann væri ekki líklegur til að leggja gott til þessara mála, þá hlýtur sá vafi að vera horfinn, eftir að menn hafa heyrt ræðu hans. Hann heldur því fram, þrátt fyrir brtt. mína, að ég vilji útvega Reykjavík meiri fríðindi, en eins og hv. þdm. er kunnugt, hefi ég leitazt við að leysa málið á þann hátt, að útgjöld ríkisins aukist ekki sökum þessa.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri sökum pólitískrar andstöðu gegn sér, að bæjarstj. vildi ekki byggja, og að ég hefði sagt það. Þetta er auðvitað með öllu rangt, því að ég hefi aldrei hugsað þetta, hvað þá heldur að ég hafi sagt það. Hitt sagði ég, að hæstv. ráðh. væri svo ósamvinnuþýður, að menn kysu heldur að bíða eftir ráðherraskiptum eða stefnubreytingu hjá honum. Það er ekki af neinum pólitískum ástæðum, sem ég mæli gegn þessu frv., heldur af því, að ég álít það byggt á skökkum grundvelli, eins og ég hefi greinilega sýnt fram á.

Þá kom hæstv. ráðh. með ofurlítinn sjálfshólskafla að vanda, og sagðist hafa unnið miklu betur að skólamálunum en ég hefði gert, en til þess er því að svara, að það er engin furða, þótt hann hafi haft meiri afskipti af þeim málum en ég, þar sem hann hefir nú um alllangt skeið verið kennslumálaráðh., en það hefi ég aldrei verið. Hinsvegar skal ég benda á það, að hæstv. ráðh. hefir nú engum ósköpum að grobba af, þótt hann hafi verið viðriðinn stofnun unglingaskóla, að því er hann sagði. Ég hefi sjálfur stuðlað að því, að fjölmennasti unglingaskólinn á landinu var stofnsettur, en þar á ég við Iðnskólann.

Þá hældi hæstv. ráðh. sér af meðferðinni á Menntaskólanum og þeim umbótum, sem hann hefði látið gera þar, og það má vel vera, að hann geti talið þeim mönnum trú um, að hann hafi komið þar miklu góðu til vegar, sem ekki þekkja til skólans. Hinsvegar er það nú komið svo, að skólinn mun engin bæjarprýði, enda vil ég og allir þeir, sem vilja skólanum vel, tala sem minnst um ástandið þar eins og það er nú. Hitt er víst, að hæstv. ráðh. ferst ekki að tala mikið um ástandið í barnaskólanum, þegar eins er umhorfs í Menntaskólanum og þar er nú.

Ég hefi ekki komið með neinn fleyg til að stöðva þetta frv., heldur hefi ég aðeins bent á gallana og viljað endurbæta það, svo að það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að bera mér það á brýn, að ég standi á móti alþýðumenntun, en það sé hann, sem berjist fyrir henni á allan hátt.

Ekki hafði hæstv. ráðh. skilið staf af því, þar sem ég bar saman Reykjavík og Siglufjörð. Ég sagði, að það væri bein afleiðing af því, að Reykjavík væri höfuðstaður landsins, að þar hlytu flestir skólar að eiga aðsetur sitt; hitt er auðvitað alveg utan úr þokunni, þegar hæstv. ráðh. vill halda því fram að ég hafi sagt, að barnaskólarnir þurfi ekki að vera eins. Ég hefi haldið því gagnstæða fram, og eins hinu, að æskilegt væri, að unglingaskólar væru sem víðast á landinu, en þessi rangfærsla hæstv. ráðh. er auðvitað gerð í því augnamiði einu, að láta Tímann flytja rangar skýrslur út um sveitir landsins af því, sem gerist hér á þingi, og reyna að telja bændum trú um, að ég standi á móti menntun barna þeirra, en berjist fyrir sérréttindum Reykvíkinga.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að ég hefði sagt, að nauðsyn bæri til, að við fengjum vel menntaða verzlunarstétt, en þar gerði hann sig beran að andúð gegn henni og viðhafði þau orð, að hann kærði sig ekki um að fjölga búðum í Reykjavík. Hæstv. ráðh. getur ekki skilið það, að eftir því, sem menntun verzlunarstéttarinnar eykst, eftir því verða sett strangari skilyrði fyrir því, að mönnum sé leyft að reka verzlun, og því erfiðara verður fyrir menn að fá að setja upp búðarholur

í Reykjavík og annarsstaðar, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Hæstv. ráðh. hefir því einnig misskilið þetta gersamlega, en satt að segja hefir hið opinbera ekki gert svo mikið fyrir verzlunarstéttina, að hægt sé að gera miklar kröfur til hennar. Ég veit það líka, að enginn þessara hv. þdm., nema hæstv. ráðh. — af því að hann hugsar öðruvísi en aðrir menn — ætlast til mikils af þessari stétt, sem hið opinbera hefir gert svo lítið fyrir, og þess vegna munu öll þau hnífilyrði, sem hæstv. ráðh. veitir henni, verða tekin sem markleysa ein. Hér er ekki verið að tala um þá menn, sem nú eru uppi, heldur framtíðina, en það er auðheyrt á orðum hæstv. ráðh., að fyrir honum vakir, að verzlunarstéttin sé óþörf, sökum þess, að þegar frjáls verzlun hverfi, muni verða séð fyrir mönnum í einokunarhreiðrin. Þarna er hæstv. ráðh. á sama máli og flokksbræður hans — sócialistarnir —, en andvígur Framsóknarflokknum og yfirlýstum vilja hæstv. forsrh., sem vill stuðla að frjálsri verzlun, enda þætti mér einkennilegt, ef þessi ummæli hæstv. ráðh. ættu að standa í vegi fyrir menntun heillar stéttar um ókomin ár.

Auðvitað var það vitleysa hjá hæstv. ráðh., er hann sagði, að ég hefði boðizt til að taka við ráðherrastörfum í einn mánuð, en hitt sagði ég, að ég skyldi með ánægju vinna þetta verk fyrir hann, og er það í fullu samræmi við það, að flest þau verk, sem stj. lætur framkvæma, eru unnin í skrifstofum úti í bæ, en minnst af þessum verkum unnin í stjórnarráðinu.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að ég væri á móti þeim kostnaði, sem 20. gr. felur í sér, en ég er nú ekki farinn að láta neitt uppi um það, heldur spurði ég aðeins, hvað vænta mætti, að sá kostnaður yrði mikill.

Hæstv. ráðh. svaraði því þannig, að alltaf mætti setja ákvæði, sem takmörkuðu útgjöldin, og nú bíð ég eftir því, að hæstv. stj. leggi fram till. þess efnis.

Þá held ég, að ég hafi ekki fleira að segja að sinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætlaði aðeins að beina nokkrum orðum til hv. 3. landsk. Þetta mál er nú að vísu að mestu útrætt milli okkar, en ég vildi skjóta því að honum, að ef nú væri eldhúsdagur í þessari hv. deild, þá gætum við talað um Menntaskólann og ástand hans frekara en við gerum nú, en hitt álít ég ósæmandi, að bera fram slíkar dylgjur um þá stofnun eins og hv. 3. landsk. gerði nú. Hann má líka vara sig á því, því að eins getur farið fyrir honum og þremur ritstjórum Morgunblaðsins, sem höfðu borið út róg og lygi um skólann, en urðu svo að éta allt ofan í sig aftur.

Jón Jónsson: Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem ég sagði í gær, enda viðurkenndi hv. 3. landsk., að þetta mætti laga með lipurð á báða bóga, enda vona ég, að full samvinna fáist um skólamálin og byggingu handa skólunum.

Ég verð að segja það, að mér finnst það dálítið hæpið hjá hv. 3. landsk., að bæjarstj. Reykjavíkur vilji ekki semja við þann ráðh., sem nú situr við völd. (JÞ: Það sagði ég aldrei). Því hæpnara finnst mér þetta, þar sem þessi ráðh. hefir sýnt mjög mikinn áhuga fyrir skólamálum, og nú er von um, að samningar náist um beztu lausn málsins. Hinsvegar virtist hv. 3. landsk. vera hissa á því, hvað bæði ég og aðrir værum tómlátir um hag verzlunarstéttarinnar, einkanlega þar sem sú stétt væri næstfjölmennasta stéttin hér í bæ. Ef það er satt, að hún sé svo fjölmenn, þá verð ég að segja, að það er ákaflega sorglegt, og kostnaður við þennan verzlunarrekstur miklu meiri en þörf krefur. Þetta segi ég ekki af því, að ég vilji ekki, að verzlunin sé frjáls, en ég kýs samvinnuna frekar, því að eins og hæstv. dómsmrh. sagði, gefst hún yfirleitt betur. Hvað þeirri menntun viðvíkur, sem verzlunarmönnum er gefinn kostur á, þá verð ég að segja, að hún má teljast góð handa smásölum, en hinsvegar þurfa þeir haldbetri menntun, sem heildsalar eru og hafa mikil viðskipti við útlönd. Til þess er sérmenntun nauðsynleg, en þótt ég viti ekki, hvernig því er farið með heildsala, veit ég um hitt, að samvinnufélögin hafa veitt slíkum mönnum kost á frekari menntun, og hafa því öðlazt færa menn í þeirri grein. Hinsvegar getum við ekki

veitt heildinni betri menntun eins og sakir standa, og því er sjálfsagt fyrir ríkið að njóta þess, að verzlunarskólarnir eru nú reknir sem einkafyrirtæki, og get ég því ekki fallizt á, að við höfum sýnt neitt tómlæti viðvíkjandi menntun þessarar stéttar, heldur þvert á móti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í gær, að það er eitur í mínum beinum, að ríkið sé að taka lán á lán ofan, svo að segja til hvers smáræðis, því að fjárhagsafkoman er það, sem allt veltur á. Slíkar lántökur mega ekki eiga sér stað nema í brýnni nauðsyn, og þá helzt þegar um arðberandi fyrirtæki er að ræða, og þegar ekki er nema um tiltölulega lítil útgjöld að ræða, sem vel má leggja fram, ef vel árar, þá get ég ekki séð, að slíkt megi ekki bíða enn um stund. Mér virðist ekki hundrað í hættunni, þótt allir þessir skólar rísi ekki upp á einu og sama árinu, en er þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir áhuga þann, sem hann hefir sýnt í þessum málum.

Það er lagður grundvöllurinn og það er örugglega stefnt að því að koma þessu í framkvæmd, eftir því sem geta ríkissjóðs leyfir, og það finnst mér vera mjög heilbrigður grundvöllur. — Ég er frekar mótfallinn þessari lánsheimild, en ef fram kæmi, t. d. við 3. umr., till. um einhverja ákveðna upphæð og sýnt fram á nauðsyn hennar, gæti ég kannske verið með henni.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):* Ég vildi aðeins segja hæstv. dómsmrh. það, að sumt af því, sem ég hafði í huga með ummælum mínum um Menntaskólann, mun nú hafa komið fram við eldhúsdagsumr. í hv. Nd.; ég sé a. m. k. nokkra frásögn um það í blöðunum í dag, þótt ég hafi ekki hlýtt á það þar. En hitt, sem ekki hefir verið orðað, veit hann um, og vilji hann hafa það fram, þá stendur það honum næst að hafa það fram sjálfum. (**Dómsmrh.:** Ég tek ekki á móti neinum dylgjum um þetta).

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Hv. 3. landsk. minntist á till. mína um breyt. á niðurfellingu á skólagjöldum í kaupstöðum og lýsti yfir því, að hann væri mótfallinn þessari brtt. Mér var kunnugt um það. En ég færði þær ástæður fyrir brtt. minni, að þar sem um unglingaskóla væri að ræða, þ. e. a. s. nemendurnir væru 13—16 ára unglingar, þá væru þeir á engan hátt færir um að leggja með sér þau skólagjöld, enda þótt þau væru ekki há. Og þar sem ríkissjóður og bæjarsjóður eiga að kosta þessa skóla, þá teldi ég ekki nema rétt, að bæjarsjóður kostaði skólann að öllu því leyti, sem ríkissjóður ekki kostar hann. Þetta var aðalástæða mín, að ég ekki taldi þessa nemendur færa um að greiða skólagjöld.

Ég býst ekki við, að þessi kenning mín hafi mikinn byr í þessari hv. d., ekki af því, að ég álíti hana ekki rétta, heldur af því, að þessari sanngirniskröfu hefir ekki verði tekið vel hér yfirleitt á undanförnum þingum. En þótt ég telji það frekar réttlætandi, að skólagjöld séu við þá skóla, þar sem þroskaðir menn ganga til mennta, þá gegnir allt öðru máli um þessa unglingaskóla.

Hv. 3. landsk. gerði ráð fyrir því, að það gæti orðið samkomulag okkar á milli um það, að ríkið tæki í sínar hendur rekstur verzlunar- og iðnskóla, og byggði það á ummælum mínum, þar sem ég hefði látið í ljós, að ég mundi geta gengið inn á þetta síðar meir. En ég lét það fylgja þeim ummælum, að ég teldi, að það ætti að breyta öllu um ætlunarverk þeirra skóla frá því, sem nú er, og ég get sagt hv. 3. landsk. það, að breytingarnar á þeim grundvelli séu sósialistiskar, og ef hv. þm. vill ganga inn á þetta með mér, sem ég bjóst við, að hann mundi renna grun í að lægi á bak við, þá er ég mjög ánægður með að hafa fengið svo sterkan og einlægan garp samkeppninnar yfir til okkar jafnaðarmanna, að ég gæti vel haldið einhvern dag helgan í tilefni af þessum sigri okkar jafnaðarmanna, og gæti sá dagur heitið Jónsmessa.

Hv. þm. hélt því líka fram, að þar sem nú væri kominn ríkisrekstur á skólamálin yfirleitt í öðru en þessum tveim greinum, væri sjálfsagt að taka ríkisrekstur líka á verzlunar- og iðnkennslu. Þetta er náttúrlega mjög skemmtileg yfirlýsing um það, hvað ríkisrekstur á þessu sviði hefir gengið vel, úr því að hv.

þm. telur sjálfsagt að taka þetta úr höndum þeirra öflugu einstaklinga, sem hafa stjórnað þessu, og verð ég að lýsa ánægju minni yfir því, að hv. þm. heldur fram þessari skoðun.

Hv. þm. var að spyrja um það, hvort ég væri ekki iðnaðarmaður. Ég er það að nokkru leyti, en eins og stendur er ég að mestu leyti vinnuhjú nokkuð margra manna, sem hafa með samtökum sínum gert mig að framkvæmdarstjóra fyrir kaupfélagi þeirra. Það er nóg til þess, að ég tel mig meðal alþýðumanna, og ég er þar í vinnuhjúa tölu, þar vil ég vera og vonast til að fá að verða talinn með þeirri stétt, það sem ég á að fá að vera í návist hv. 3. landsk. hér í heimi.

Þá vildi ég segja fáein orð viðvíkjandi lántökunni, sem hv. 6. landsk. var að tala um. Ég held, að það sé hyggilegt að taka dálítið lán til byggingar þessara skóla, af þeirri ástæðu, að það mundi annars komast misjafnlega snemma af stað að stofna þessa skóla á hinum ýmsu stöðum, þar sem nú er fyrir sterk löngun hlutaðeigenda í þessu tilliti. Í raun og veru gerðist ekki annað en það, að í staðinn fyrir að leggja fram í næstu fimm ára fjárl. nokkra upphæð til skólanna, setjum svo, að byggðir væru 1—2 á ári, þá væri hægt að taka lán og byggja fyrir jafnmikið fyrsta árið og byggt væri fyrir á fimm árum. (**JónJ**: Væri það ekki eins um allar framkvæmdir?). Þetta gæti vitanlega átt við um allar framkvæmdir, en það getur verið jafnheilbrigt fyrir því, þótt það eigi víðar við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—3. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 294,1 samþ. án atkvgr.

— 336,1 felld með 8:6 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 336,2 samþ. í e. hlj.

— 294,2, svo breytt, samþ. í e. hlj.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 294,3 samþ. í e. hlj.

6. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

7.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 294,4 samþ. með 10:1 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 294,5 (ný 12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 295 felld með 11:2 atkv.

13. gr. samþ. með 11:2 atkv.

14.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 294,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 336,3 felld með 8:6 atkv.

18. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 294,7 (19. gr. falli niður) samþ. með 8:3 atkv.

20. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JÞ, JónasJ, PH, EÁ, EF.

nei: JóhJóh, JónJ, JKr, BK, HSteins, IHB, GÓ.

21.—22. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 356).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 356).

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að þessu sinni aðeins að segja fáein orð fyrir þessu frv. — Það er hér gert ráð fyrir því, að þessir gagnfræðaskólar hafi svipaða alþýðufræðslu á hendi fyrir kaupstaðina og héraðaskólarnir hafa fyrir sveitirnar eftir l. í fyrra. Það er gert ráð fyrir, að gagnfræðaskólar verði í öllum kaupstöðunum nema Seyðisfirði. Hann er nú svo fámennur, að reynslan hefir sýnt, að þar hefir ekki verið hægt

að halda uppi unglingaskóla undanfarna vetur. En ef bærinn vex aftur, sem vel getur verið, þá er ranglátt að hafa hann ekki með. Ég ætla að taka þetta strax fram, því annars mætti álíta, að Seyðisfjörður færi hér á mis við hlunnindi, sem hann gæti risið undir.

Nú sem stendur eru gagnfræðaskólar í Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði og Akureyri. Þá er einnig gert ráð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum og heimilað að stofna síðar meir skóla á Siglufirði og Norðfirði; a. m. k. mun Siglufjörður fljótlega nota þá heimild.

Það er gert ráð fyrir, að þessir skólar hvíli bæði á ríkissjóði og bæjarfélögum, í ákveðnu hlutfalli, og hygg ég það yfirleitt sanngjarnt.

Þá gilda yfirleitt sömu fyrirmæli um kennslu og starf allra skólanna. Þó skal það tekið fram, að af sérstökum ástæðum er ætlazt til, að í Vestmannaeyjum verði skólaárið styttra en annarsstaðar, því að í janúar fer unga fólkið að vera svo upptekið af vertíðinni, að það hættir að sinna skóla. Það getur því orðið það fyrirkomulag, að skólinn þar starfi aðeins 4 mánuði á hverjum vetri, en þá verður það að taka fleiri vetur en annarsstaðar, ef nema skal jafnmikið í öllum skólunum.

Yfirleitt er þetta frv. rúmt, svo hægt er að taka tillit til sérþarfa hvers staðar. Það er líka mjög líklegt, að í kaupstöðum sem Siglufirði, Norðfirði, Ísafirði og Vestmannaeyjum verði fljótt komið á kennslu í vélfræði, og yrði húsrúmið þá notað fyrir námsskeið, þó að fyrst og fremst eigi að nota það til almennrar fræðslu.

Ég hefi lýst því yfir við umr. í Ed., að að öllu forfallalausu muni fræðslumálastjórnin undirbúa fyrir næsta þing frv. um iðnfræðslu, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, nær fram að ganga. Ég hugsa mér, að það yrði þá áframhald af þessari starfsemi.

Ég óska svo, að máli þessu verði að umr. loknum vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 453).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er hliðstætt lögum þeim, sem afgr. voru á síðasta þingi um stofnun héraðsskóla í sveitum. Því var þá heitið, að samsvarandi frv. skyldi lagt fyrir Alþingi nú um ungmennafræðslu í kaupstöðunum. Það loforð er efnt með þessu frv.

Ungmennafræðslu hefir víðasthvar verið haldið uppi í kaupstöðum á síðari árum, og er því hér ekki eingöngu um nýja skóla að ræða. Hér er verið að koma skipulagi á gamla skóla, og verður það að teljast tímabært. Og þar sem skipulag það, sem sett var á síðasta þingi um héraðsskólana, var samþ. hér á þinginu með miklum meiri hl. atkv., þá vænti ég, að þetta frv. fái einnig fylgi mikils meiri hl. þings.

Frv. er undirbúið af fræðslumálastjórninni og var lagt fram í Ed., en ekki breytt þar til neinna muna. Þó var sú gr. felld úr frv., sem heimilaði ríkisstj. að taka lán til stofnfjárgreiðslu nýrra skóla. Þessa gr. viljum við taka aftur upp. Nú er mikill vöxtur í ungmennafræðslunni og mikið um byggingar nýrra skóla og endurbyggingar eldri skóla. Má því búast við, að sú fjárveiting, sem tiltekin er í fjárl. hvers ár til skólabygginga, hrökkvi skammt. Því er þessi heimild mjög nauðsynleg til þess að ríkissjóður geti greitt sitt lögákveðna framlag og fullnægt þörfinni. Nú stendur m. a. fyrir dyrum, að Hvítárbakkaskólinn verði færður að Reykholti og nýtt skólahús reist þar. Frv. liggur fyrir þessu þingi um nýjan skóla á Reykjum í Hrútafirði. Þá þarf Reykjavík að fá sinn skóla og Vestmannaeyjar á næsta ári, ef sæmilega árar. Ennfremur Hafnarfjörður, sem hefir haft sinn skóla, þar sem er Flensborgarskólinn, en hann býr nú við mjög léleg húsakynni, og er áhugi fyrir því að byggja hann upp bráðlega. Má því vænta, að byggja þurfi marga af þessum skólum upp á næstu 2—3 árum. Er því alveg nauðsynlegt, að lántökuheimild sé til, svo ríkið geti að

sínu leyti fullnægt lögboðnum greiðslum til byggingar skólanna, þegar héruðin eða kaupstaðirnir geta fullnægt sínum hluta greiðslunnar. — Það má búast við, að hér verði um nokkuð mikla fjárhæð að ræða, sennilega 200—300 þús. kr. En miðað við það, sem veitt er til ýmislegs annars, þá er þetta reyndar ekki stór lánsupphæð. Hér er ekki um stærri upphæð að ræða en þá, sem heimiluð var til vegagerðar milli Þingvalla og Reykjavíkur, og verð ég þó að segja, að ólíku er saman að jafna.

Um hinar aðrar brtt. n. þarf ég ekki margt að tala. 3. brtt. miðar að því, að byggingu skólans hér í Reykjavík verði hagað þannig, að samnot geti orðið að húsum og kennurum fyrir hina ýmsu skóla hér. Það er samskólahugmyndin, sem stendur á bak við. N. vill því leggja ríka áherzlu á það, að þegar byggt verður hér, þá verði það þannig gert, að bæta megi við síðar húsnæði fyrir hina aðra skóla hér, svo sem skóla vegna iðnfræði, stýrimannafræði o. fl., sem hentugt er, að vinni á margan hátt með ungmennaskólanum, bæði um húsnæði og kennslukrafta.

Þá vill n. og breyta því, sem stendur í frv. nú, að kennd skuli danska eða sænska og enska, og setja í þess stað eitt Norðurlandamálanna eða enska. N. telur óheppilegt að gera fleiri en eitt mál að skyldunámi, enda er það almennt viðurkennt, að ekki beri að heimta af unglingum, sem hagnýtt nám stunda, að þeir læri nema eitt hjálparmál, enda má heita ókleift að kenna í slíkum skólum tvö mál svo að gagni sé. Hitt er annað, þó menn með sérgáfu til tungumálanáms læri fleiri en eitt mál.

Ef till. n. verða samþ., þá stendur frv. næstum óbreytt eins og það var lagt fyrir þingið.

ATKVGR.

Brtt. 453,1. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, BSv.

nei: PO.

EJ greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (JJós, ÓTh, SÁÓ, TrÞ, BSt, BÁ, HK) fjarstaddir.

2.—5 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 453,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 453,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 453,4 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 13:7 atkv.

19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 453,5 samþ. með 16 shlj. atkv.

20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 453,6 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 475).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 475).

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):* Þetta frv. hefir fengið lítilsháttar lagfæringu í Nd. Er hún í þá átt, sem ég fór fram á, þegar þetta frv. var til meðferðar hér í þessari hv. deild. Það er sem sé gert ráð fyrir samstarfi fleiri alþýðuskóla hér í Reykjavík og í sömu byggingu og hinn fyrirhugaði gagnfræðaskóli. Því fer þó mjög fjarri, að þessi gr. hafi fengið þann búning, sem ég óskaði eftir. Sérstaklega álít ég ákvæði hennar, eins og það er nú, ganga svo nærri eignarréttindum Reykjavíkurkaupstaðar, að jafnvel orkar tvímælis, hvort hún getur samrýmzt stjskr.

Ég skal játa, að ég er ekki löglærður

og veit því ekki, hvort bæjar- og sveitarfélög njóta sömu verndar á eignarrétti sínum sem einstaklingar njóta samkv. 63. gr. stjskr. En það er ljóst, að þessi gr. frv. leggur þær fjárkröfur á Reykjavíkurbæ, sem ekki væri löglegt að gera á hendur einstaklingum vegna ákvæðanna um eignarréttinn í 63. gr. stjskr.

Af þessari ástæðu vil ég hafa frjálsar hendur að því er þetta atriði snertir, og ætla því að sitja hjá við þessa atkvgr., og vona ég, að hæstv. forseti taki þessa ástæðu mína gilda.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af orðum hv. 3. landsk. ætla ég aðeins að benda á það, að þetta mál hefir nú á þessu þingi gengið gegnum 6 umr. og er þetta sú 7. Auk þess gekk það gegnum 3 umr. í þessari hv. deild í fyrra, með gersamlega sama formi viðvíkjandi Reykjavík sem nú. Það eru því líkur til, að þessu hefði verið veitt eftirtekt fyrr en nú, ef um alvarlegt brot á stjskr. er að ræða. Ég býst líka við, að ef deila verður vegna þessara laga, verði það dómstólamál, og verði þá úr þessu skorið. Þess vegna álít ég hættulaust að samþ. frv.

Jón Jónsson: Það er dálítið einkennilegt, að hv. frsm. nefndarinnar gerir ekki grein fyrir þeim breyt., sem orðið hafa á frv. síðan það fór úr þessari hv. deild. Það er nú svo mikið annríki, að ekki er hægt að búast við, að menn geti fylgzt með, hverjar breyt. hafa á orðið, nema n. skýri það.

Ég sé nú, að hér hefir orðið allveruleg breyt. á frv. í einu atriði. Þetta ákvæði er um það, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, og það ekki eingöngu til þessara skóla, gagnfræðaskólanna, heldur líka til héraðsskólanna.

Ég tel það mjög óheppilegt að setja þetta í lögin. Þótt skólar séu nauðsynlegir, finnst mér ekki ráð að stofna þá svo skjótt, að ekki verði tími til fyrir fjárveitingarvaldið að áætla nægilega upphæð til þess. En þrátt fyrir þetta vil ég þó ekki leggja til, að þetta verði fellt úr frv., þar sem hv. Nd. leggur svo mikið kapp á þetta.

Ég mun því greiða atkv. með frv., en í því trausti, að hæstv. stj. noti þessa heimild mjög varlega.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 552).

---

44. Héraðsskólar.

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla (þmfrv., A. 369).

Á 66. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv.— Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Hannes Jónsson): Þetta litla frv., sem ég flyt hér ásamt hæstv. forsrh., er um það að taka upp einn skóla í héraðsskólalögin í viðbót við þá fjóra, sem eru fyrir, héraðsskóla á Reykjum í Hrútafirði, sem Strandamenn og Húnvetningar hafa samþ. að reisa nú á næstunni. Eins og hv. þdm. hafa séð á grg. fyrir þessu frv., hefir sýslunefnd Strandasýslu samþ. að leggja fram 20 þús. kr. til þessa skóla og sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu 15 þús. kr. Og báðar sýslunefndir hafa óskað eftir, að skólinn yrði byggður á næsta sumri, ef nokkur tök væru á.

Þessi staður er mjög vel fallinn til að vera slíkt skólasetur. Fyrst og fremst fyrir það heita vatn, sem þar er, sem nægja mun til þess að hita upp allstóra skólabyggingu. Ennfremur fyrir það, að sjórinn er þarna við hendina, svo að mjög auðvelt er að dæla sjó upp í sundlaug við skólann. Enn má geta þess, að ríkissjóð á þarna nokkuð stórt land, sem var tekið undan jörðinni, þegar hún var seld. Er það tangi fram í Hrútafjörð austanverðan, sem skólinn myndi þá sennilega verða byggður á, og nokkurt land fyrir ofan tangann, þar sem heitu uppspretturnar koma fram.

Það er þegar búið að gera þarna allmikið, búið að byggja vandaða, yfirbyggða sundlaug, og myndi hún vel nothæf fyrir skólann.

Af því að þetta er nú svo ljóst mál, þá geri ég ekki ráð fyrir, að það þurfi endilega að ganga til nefndar. Vildi ég vona, að hv. d. sæi sér fært að afgreiða það með sem mestum hraða, svo að það hafi tíma til að komast gegnum Ed. Ég hygg, að allir muni koma sér saman um það, að héraðsskóli þurfi einhver að koma upp milli Núpsskóla og Laugaskóla. Og Húnvetningar eru einmitt mitt á milli þessara tveggja staða. Það virðist því allt benda á, að þessi staður sé einmitt vel fallinn fyrir þann hluta Norðurlands, sem þætti of langt að sækja annanhvorn þessara tveggja skóla.

Ég mun því ekki gera að till. minni, að þessu máli verði vísað til n., en óska, að það fái að ganga til 2. umr. og verði svo tekið sem fyrst á dagskrá aftur.

Pétur Ottesen: Eins og kunnugt er, var samþ. á síðasta þingi löggjöf um héraðsskóla. Það var hæstv. stj., sem flutti þetta mál inn í þingið, og ég gat ekki betur skilið en svo, að þetta ætti að vera nokkur framtíðarlausn á þessum héraðsskólamálum, a. m. k. í bili. Ég minnist þess, að hv. þm. V.-Ísf., fræðslumálastjórinn, lét þá orð falla í þessa átt. Og það styður líka þetta, sem fram kemur í grg. fyrir þessu frv., þar sem þar er sagt, að það hafi verið undirbúningur undanfarin ár að koma þessum skóla á fót. Þá hefir hæstv. stj. verið kunnugt um þetta, en samt sem áður hefir hún ekki tekið neitt tillit til þess við afgreiðslu þessa skólamáls á síðasta þingi. Og það styður þá vitanlega það, að bak við afgreiðslu þessa máls á síðasta þingi hafi legið það, að þannig skyldi þessum málum skipað fyrst um sinn sem þá var gert.

Í lögunum eru ákveðnir fjórir héraðsskólar, og nú er svo komið, að stórar og miklar byggingar eru á tveimur af þeim, og liggur nú fyrir að byggja upp þann þriðja. Er þegar hafinn nokkur undirbúningur í því efni.

Mér virðist því, að með þeim ákvæðum, sem nú gilda um héraðsskóla, þá sé sæmilega séð fyrir unglingafræðslunni í sveitum eins og er. Því að auk þessara skóla er það alkunnugt, að það eru einnig unglingaskólar víða dreifðir í kaupstöðum, og jafnvel sumstaðar í kauptúnum líka. Ég tel það þess vegna sjálfsagðan hlut, að þessu máli sé vísað til n. og það gaumgæfilega athugað, hvort eigi strax á næsta þingi að breyta frá því áformi og þeirri niðurstöðu, sem síðasta þing komst að í þessu efni.

Ég vil þess vegna gera að till. minni, að þessu máli verði vísað til menntmn. að umr. lokinni.

Einar Jónsson: Það vildi svo til, að við báðum um orðið í sömu andránni, hv. þm. Borgf. og ég. Vakti fyrir mér að minna á það sama og hann, að ég áleit, að með samþ. þessara fjögurra héraðskóla mundi þessu máli ráðið til lykta fyrst um sinn og verða látið liggja í þögn nú.

En ef svo kann að vera álitið, að það þurfi að bæta við þessa fjóra héraðsskóla, þá vil ég minna á það, að það eru Rangæingar, sem standa næstir því að koma sinni skólahugmynd á framfæri. En sannast að segja bjóst ég við, að það yrði látið sitja fyrst um sinn við það, sem þegar er gert. Meiri tök hefðum við ekki efna okkar vegna nú í bili.

En þegar krafa kemur úr héraði, þar sem ekki er skólalaust, um það að fá nýjan skóla að auki, þá veit ég, að hv. þm. eru svo sanngjarnir, að þeir gæta betur að hugmynd Rangæinga, sem þeir hafa borið fyrir brjósti, áður en þeir samþ. aðrar kröfur. Hjá Rangæingum er málið bezt undirbúið, og þar eru stærstu samfelldu héruðin á landinu. Það er rangt hjá hv. flm., að þar fyrir norðan séu yfirleitt beztu skilyrðin fyrir skóla, ef á annað borð á að gera athugun á því máli að svo komnu.

Ég þarf svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en styð till. og ummæli hv. þm. Borgf.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég held enginn hafi skilið þá löggjöf, sem sett var í fyrra um héraðsskóla, á þá leið, að það ætti ekki að breyta neinu um héraðsskóla frá því, sem þá var samþ. Og ég vil benda á það, að þegar þetta mál var á ferð í fyrra, þá var það vitað, að mikill áhugi

var um slíka skólastofnun bæði í Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. En það, sem vantaði til þess að skóli þeirra yrði upp tekinn í löggjöfina, var það, að ekki var búið að ákveða skólastaðinn frá hálfu þessara héraða. En nú hefir svo giftusamlega tekizt, að sýslurnar eru báðar orðnar sammála um það, hvar skóli þeirra sé bezt settur. Og þessi staður er einmitt fundinn þar, sem ríkið á nokkurt land, sem það getur lagt til skólans. Ég hefi líka minnzt á það, að á stóru svæði þar nyrðra er alveg héraðsskólalaust, og langt til næstu héraðsskóla, annaðhvort norður í Þingeyjarsýslu eða vestur í Ísafjarðarsýslu, eða þá á Suðurlandi. (PO: Suður í Borgarfjörð er örstutt. Það má þjóta þetta á þremur tímum í bíl). Vera má, að hv. þm. Borgf. mæli á móti frv. af því, að hann óttist minni aðsókn að skólanum, sem er í Borgarfirði. Það er ekki nema virðingarvert, þótt hann vilji draga sem mest fram hlut þess skóla, en þó finnst mér hann verði að taka tillit til þeirra, sem vilja efna til skóla hjá sér fyrir norðan. Sérstaklega hefir þetta orðið brennandi áhugamál Strandamanna um langan tíma. Þeir hafa jafnvel verið að hugsa um að byggja skóla norður í sýslu. En af því að svo vel gekk samvinna við Vestur-Húnavatnssýslu, eru þeir afhuga því, enda er skólinn prýðilega settur á takmörkum sýslnanna, við gnægð af heitu vatni og sléttum völlum.

Þegar nú báðar þessar sýslur taka svona höndum saman, þá sé ég ekki annað en það sé skylda þings og þjóðar að mæta þeim, alveg á sama hátt og öðrum héruðum, þar sem þörf var á skóla. Það væri annað mál, ef farið hefði verið fram á að reisa héraðsskóla rétt við hliðina á öðrum slíkum. Og ég get fullvissað hv. þm. Borgf. um það, að hans skóli mun áreiðanlega fá næga aðsókn, þótt þessi skóli rísi þarna fyrir Húnvetninga og Strandamenn. (PO: Þeir eru margir að norðan nú á Hvítárbakka). Þangað fer vitanlega fjöldi þeirra ungu manna, sem sækja mundu skólann nyrðra, ef hann yrði reistur. Að undirbúningur þessa skóla sé skemmra á veg kominn en skólamál Rangæinga, get ég enganveginn fallizt á. Enda er hér um að ræða endurreisn á gömlum skóla fyrir Strandamenn, sem Vestur-Húnvetningar vilja einnig gera að sínum skóla, og jafnvel Austur-Húnvetningar líka.

Úr því að ósk hefir komið fram um, að frv. gangi til n., þá er ég því samþ., en með allt öðrum forsendum en hv. 1. þm. Rang. Ég tel sjálfsagt, að frv. sé vísað til menntmn. og treysti því, að hún muni mæla með framgangi þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Af því að ég heyri hreyft svolitlum andmælum gegn þessu frv., verð ég að bæta því við, að hér er ekki um nýja þörf að ræða eingöngu. Eins og menn munu minnast, var um skeið starfræktur góður skóli á Heydalsá við Steingrímsfjörð í Strandasýslu. Það er einn af elztu skólum af því tægi á landinu. Húsin standa þar ennþá. Það komu upp veikindi þar, og skólinn var lagður niður. Nú ætla menn ekki að nota húsið þar, heldur gera félag við Húnvetninga um sameiginlegan skóla suður í Hrútafirðinum. Ég vildi aðeins láta það koma vel í ljós, að þetta mál er hafið á óvenjulega góðum grundvelli; það liggur óvenjulega löng saga að baki þessu skólamáli þarna norðurfrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 369, n. 406).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Menntmn. hefir öll orðið sammála um að mæla með þessu litla frv. á þskj. 369. Hún telur það í alla staði sanngjarnt, að einn héraðsskóli komi á þessu svæði. Þessi fyrirhugaði ungmennaskóli á Reykjum í Hrútafirði mundi liggja fyrir sókn af svæðinu milli Núpsskóla að vestan og Laugaskóla að austan, en á því svæði er enginn venjulegur unglingaskóli, nema aukadeildin við skólann á Hólum.

Allt virðist mæla með því, að á Reykjum verði einnig lögfestur unglingaskóli. Allar líkur benda til þess, að staðurinn sé vel valinn, bæði vegna samgangna og

jarðhita þess, sem þar má nota; ennfremur er hann svo í sveit settur, að auðveldlega verður til hans náð úr mörgum héruðum.

Ég ætla ekki að sinni að fjölyrða frekar um þetta mál, enda hygg ég, að flestum hv. þdm. sé eigi óljúft að styðja það og greiða götu þess út úr þinginu.

Hannes Jónsson: Ég vil einungis þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu og ég vænti fastlega, að hv. deild taki frv. jafnvel. Eins og hv. frsm. benti á, er staðurinn mjög vel valinn. Ég hafði líka bent á það við 1. umr., hve mikill áhugi er í báðum þeim sýslum, sem að skólanum standa. Nú þegar hefir verið lagt fram allmikið fé til byggingar, og samkomulagið milli þessara tveggja héraða er hið bezta. Annað þeirra hefir áður átt unglingaskóla og alltaf átt sér það mark að endurreisa hann. Og nú er fengið samkomulag um þennan skóla á öðrum stað, þar sem allir mega vel við una.

Jón Sigurðsson: Ég sé ekki neinar upplýsingar um þetta í nál., en ég vildi þó benda á, að hér er um ekki alllítið fjárhagsmál að ræða fyrir ríkissjóð. Og það er því meiri ástæða til að vekja athygli á þessu, að varla er nokkurt mál, sem til útgjalda horfir, rætt svo, að flm. þessa frv., hv. þm. V.-Húnv., spretti ekki upp úr sæti sínu eins og stutt sé á fjöður til að mótmæla. Það eru ekki alllítil gjöld, sem koma til að hvíla á ríkissjóðnum vegna þessarar lagasetningar. Reynslan, sem fengin er um byggingarkostnað þessara skóla, er sú, að Laugaskóli hefir kostað ríkissjóð um 80 þús. kr. og Suður-Þingeyjarsýslu annað eins, eða samtals um 160 þús. kr. Til Laugarvatnsskóla er, eftir því er ég bezt veit, búið að borga beint úr ríkissjóði h. u. b. 200 þús. kr., og þó er sagt, að mikið sé þar enn ógert. Ég veit að vísu ekki, hvað þessi skóli, er hér um ræðir, er hugsaður stór, því um það sjást engar upplýsingar. En ég get búizt við, samkv. fenginni reynslu, að framlög ríkissjóðs verði ekki undir 100 þús. kr. Ég er ekki þar fyrir að leggjast á móti þessu frv., en ég tel réttara, fyrst nefndin hefir látið það ógert, að benda á, að það er ekki alveg nóg að samþykkja slíkt frv., heldur útheimtir það allmikla fjárgreiðslu úr ríkissjóði á sínum tíma.

Hannes Jónsson: Ég hefði reyndar getað sparað mér að standa upp aftur, því að það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, var ekki til þess að mæla móti málinu, heldur bara til þess að minna mig á, að ég hefði verið á móti því oft áður að auka á kostnað ríkissjóðs. En ég skal benda honum á, að ég hefi verið með því að setja þau lög, sem nú er farið fram á að auka við. Ég get fullvissað hv. þm. um, að ég var fyllilega samþykkur þeim, sem fluttu það mál. Ég álít, að þessir skólar leiði til þess, að unga fólkið í sveitunum fái þá menntun, sem flestum er nokkurn veginn nægileg fyrir almenn störf þar og nauðsynleg er sveitalífinu til fjörs og þroska. Og það verður æskunni áreiðanlega hollara en að sækja fræðslu til kaupstaðanna. Enda vill oft fara svo fyrir þeim, sem þangað hafa sótt, að þeim verður óljúft að hverfa til sveitanna aftur. Ég vil þá breyt. á skólamálum okkar, að sveitafólkið þurfi ekki að sækja nám sitt til kaupstaða, því að þá verður nánara samband milli skólalífs og lífsstarfa.

Mér þykir ekkert móti því að vera settur á bekk með hv. þm. Borgf. í þessum málum. Ég veit, að hann hefir viljað efla sinn skóla, eftir því sem föng eru á. Það eina, sem hann hefir á móti skóla fyrir norðan, er, að hann muni draga frá Reykholtsskóla. En það mun ekki verða, því að eftir því sem fleiri unglingar sækja þessa skóla og losna við álög kaupstaðamenntunarinnar, því meiri mun þörfin verða á menntastofnunum í sveit.

Annars skal ég gjarnan taka það skýrt og skorinort fram, að ég er viss um, að fé, sem varið er til þessara skólastofnana, er ólíkt betur varið en því, sem lagt er í vafasamar hafnargerðir hingað og þangað við strendur þessa lands. Hafnir eru að vissu leyti nauðsynlegar. En vegna þess að þær eru afardýrar, verða menn að komast af með eins ódýrt fyrirkomulag á þeim og unnt er. Ég veit, að hv. 2. þm. Skagf. hefir haft þær í huga, þegar hann talaði um, hvað ég væri íhaldssamur. (JS: Þegar kemur til annara héraða). Ég held, að ég hafi yfirleitt verið með þeim

fjárveitingum, sem gátu leitt af sér aukin lífsskilyrði í sveitum og meiri menningu, jafnt hvar á landinu sem var. Og þetta verður ekki betur gert með öðru en að efla héraðsskólana og rækta landið. Ég fullvissa hv. 2. þm. Skagf. um það, að ég mundi ekki verða á móti því, ef flutt væri till. um þá breyt. á þessum lögum, að reistur skyldi héraðsskóli í Skagafirði. Ég hefi hugmynd um, að samvinna getur átt sér stað milli Skagfirðinga og Austur-Húnvetninga. Því að þótt þessi skóli komist upp á Reykjum, er ég alls ekki fullviss um, að skólamál þessara héraða séu fullleyst. Það mundi vera mjög æskilegt, að annar skóli risi þar upp í framtíðinni.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að móðga hv. þm. V.-Húnv. með því að mótmæla þessu máli. En af því að hann fór að tala um hafnirnar — sem hann annars blandar inn í hvert mál —, þá verð ég að segja honum, að ég er hræddur um, að hann fari að verða grunaður um það að vera með þeim málum einum, sem snerta hans kjördæmi, en ekki öðrum. Það er rétt eins og komið sé við hjartað í honum, þegar eitthvað á að gera fyrir önnur héruð. (**MJ:** Svona eru allir sparnaðarmenn). Þó að mér detti ekki í hug að greiða atkv. á móti þessu máli, þá er það ekki af því, að hv. þm. eigi það skilið eftir framkomu sína hér á Alþingi, heldur geri ég það vegna málsins sjálfs. *Honum færi betur að þegja heldur en berjast gegn* nauðsynjamálum eins og t. d. hafnarbótum og rafveitufyrirtækjum á þann hátt, sem hann er vanur.

Hannes Jónsson: Hv. 1. þm. Skagf. fer að gerast nokkuð vandlætingasamur hér í deildinni. Ég held hann ætti að líta í eiginn barm og vita, hvort hann finnur þar ekki gamlar syndir gagnvart Vestur-Húnvetningum. Þegar ég bar fram brtt. við símalögin, man ég ekki betur en að flokkur hans flykkti sér allur nema hv. 3. þm. Reykv. móti henni. Þó veit ég, að þeir voru búnir að lofa símanum. (**MG:** Hvaða síma?). Það var sími, sem átti að setja „kandídat" þeirra eigin í samband við þá, og þeir höfðu lofað honum. Þeir sviku það allt saman. Þeir sviku hann til þess að gera mér bölvun. (**MJ:** Það sýnir bara, að þeir fóru ekki eftir flokkum). Nei, það átti bara að vera til þess að sýna, að ég hefði ekki sýnt nógu mikinn dugnað til þess að koma málinu fram. Hv. 1. þm. Skagf. er mál að koma norður og sanna, að hann hafi sýnt Vestur-Húnvetningum sanngirni í vegamálunum. Það er vissara fyrir hann að koma og reyna að þvo af sér og flokki sínum svikablettinn eftir símamálið. Það má vera, að hann hafi tilhneigingu til að greiða atkv. á móti nú enn, bara til þess að gera mér óþægindi og í von um að geta spillt aðstöðu minni fyrir norðan. *Hann ætti að koma á herskipi einu sinni* enn og vita, hvort þau bíta þar vopnin, sem hann ætlar að beita hér á þinginu.

Magnús Guðmundsson: Ég skal segja hv. þm., að ég mun koma norður, þegar mér sýnist, og á herskipi, ef ég vil, hvort sem honum líkar vel eða illa. (**HJ:** Mér vel). Annars hefi ég aldrei komið á herskipi til Hvammstanga; ég fór þaðan á herskipi, það er satt. (**HJ:** Og herskipið varð að bíða í tvo tíma, meðan verið var að gera við úrið hans). Ætlar hv. þm. endilega að bera söguna þannig norður, að ég hafi ætlað að greiða atkv. móti þessu máli? (**HK:** Ekki skil ég í því!). Það gæti kannske líkzt málsflutningi hans. Ég skora á hann að tilgreina, hvaða síma hann var að tala um og hvaða loforð ég hafi gefið og hvað ég hafi svikið. Og hvað á hann við með ósanngirni í vegamálum? Það er bezt, að hv. þm. fái að standa við þessi gífuryrði sín, eða borði þau sjálfur. (**ÓTh:** Já, hvaða síma er verið að tala um?).

Hannes Jónsson: Ég skal gjarnan segja hv. 2. þm. G.-K., að það er einmitt hann, sem snýr hjólinu í svikamyllu Íhaldsflokksins, því að það var einmitt hann, sem þessi flokksmaður hans norður í Húnavatnssýslu talaði við, og hann hafði viðurkennt, að þessi till. um símann ætti rétt á sér. Það var símalína frá Hólum að Hindisvík. (**MJ:** Þetta er eintóm vitleysa). Annaðhvort er að vera ekki að lofa neinu eða þá að reyna að

standa við það. En hv. 2. þm. G.-K. þykist víst ekki skuldbundinn til að fylgja almennum reglum um það.

Mér sýnist hv. þdm. farnir að verða fjörugir. Þegar hv. þm. Borgf. fer að berja í borðið, þá þykir mér skörin færast upp í bekkinn, því að hann stóð ekki allfjarri svikamyllunni.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki fyrir mér frv. um þessa símalínu, sem hv. þm. V.-Húnv. er að tala um. Ég man ekki, að það sé á dagskrá. (**Forseti JörB:** Nei, það er ekki á dagskrá). Nei, ég átti von á því. Ég held, að ég hafi skilið nóg í hjali hv. þm. V.-Húnv. til að fá að vita, að ég eigi að hafa lofað flokksbróður mínum norður í Húnavatnssýslu að Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkv. með nýrri símalínu norður þar. Það er ekki venja í Sjálfstæðisflokknum, að einn maður geti gert þannig samning, að allur flokkurinn skuli greiða atkv. á tiltekinn hátt. Hv. þm. V.-Húnv. hefir því farið með staðlausa stafi, hvort sem það er vísvitandi eða ekki.

Pétur Ottesen: Það verður að virða mér til vorkunnar, þó að ég standi upp, þegar einn deildarmanna gerist svo óskammfeilinn að segja um heilan stjórnmálaflokk, að hann hafi svikið gefin loforð. Engin loforð hefi ég gefið um þetta mál og því ekkert svikið. Flokkurinn hefir engin loforð gefið heldur og ekkert svikið. Hv. þm. V.-Húnv. hefir því sett á sig óafmáanlegan lygastimpil með því að viðhafa þessi ummæli. Hann má hirða aftur orð sín. Þar hæfa bezt eyru, sem uxu.

Ég skal nefna dæmi um, hvernig hv. þm. snýst gegn málum manna í öðrum kjördæmum. Þegar hann hafði fengið samþykki þessarar hv. deildar fyrir styrk til bryggjugerðar á Hvammstanga, þá hamaðist hann móti hliðstæðum styrkjum til annara héraða. Hann talaði sig dauðan, varð að rísa upp frá dauðum, fá leyfi forseta til eins langra aths. og mögulegt var, til þess eins að berjast gegn sanngjörnum styrkjum til bráðnauðsynlegra fyrirtækja í öðrum héruðum. En veitinguna til bryggjunnar á Hvammstanga fékk hann með atkv. mínu og annara flokksmanna minna.

Annað dæmi eru breytingarnar á vegalögunum. Hann var með öllum brtt. sinna flokksmanna um vegi í kjördæmum þeirra, en móti öllum öðrum undantekningarlaust. Ég tók greinilega eftir þessu við atkvgr. um þessi mál, enda sver það sig í ættina. Hv. þm. hefir því með þessari framkomu sýnt hina mestu hlutdrægni og rangsleitni til viðbótar því, sem ég hefi áður lýst um framferði hans.

Magnús Guðmundsson: Mér fannst lítið verða úr svörum hjá hv. þm. V.-Húnv. Hvaða loforð hefi ég svikið og hvaða mann hefi ég svikið? Ég endurtek þær spurningar mínar og skora á hv. þm. að svara vafningalaust. Bæði kæri ég mig ekki fyrir mitt leyti um að liggja undir ósannindum, og honum er ekki heldur heimilt að fara með ósannindi hér.

Hannes Jónsson: Fyrst hv. 1. þm. Skagf. heimtar, get ég vel nefnt manninn með nafni, eins og ég nefndi símalínuna áðan. Það var Eggert Levy, bóndi á Ósum, sem hafði farið til flokksmanna sinna hér í fyrra og sýnt þeim fram á með rökum, hversu mikil þörf væri fyrir þessa línu. Þó að hv. 2. þm. G.-K. hafi afsakað sig og neitað, að hann eða flokksmenn hans hafi nokkurn tíma gefið nokkurt loforð, þá trúi ég ekki öðru en að ég gæti fengið umsögn Eggerts fyrir því, að þessi hv. þm. hafi lofað að vinna sérstaklega fyrir hann í þessu efni. Hann greiddi atkv. á móti símanum með nafnakalli. Og Eggert Levy sagði það við mig sjálfur, að sér hefði komið sú frétt mjög á óvart. Um það leyti sem ég fór á þing í vetur, var 9. hefti þingtíðindanna komið norður. Hann sagði þá, að sig undraði stórlega að sjá brigðmælgi samherja sinna meðal þingmanna, er hann þó hefði treyst svo vel. Honum sárnaði þessi brigðmælgi, sem von var. Maðurinn er kappsfullur og heldur fast á þeim málum, sem hann hefir áhuga fyrir. Ég get vitanlega leitt hann sem vitni í málinu. En meðan það er ekki hægt vegna fjarlægðar hans,

þá verða menn að dæma á milli mín og hv. 2. þm. G.-K. og þeirra, sem engin loforð segjast hafa gefið.

Hv. 2. þm. G.-K. sagðist reyndar aldrei vera vanur að gefa slík loforð. Þetta er nú í sjálfu sér heldur ósennilegt. Ég held, að bæði hv. þm. og fleiri gefi einatt slík loforð, einkum er þeir ganga til kosninga. Hitt er sönnu nær, að hv. þm. hafi máske aldrei uppfyllt neitt loforð, sem hann hefir gefið.

Magnús Guðmundsson: Mér virðist nú hv. þm. V.-Húnv. einkum vera farinn að snúa máli sínu til hv. 2. þm. G.-K. (**HJ:** Hv. 1. Skagf. mun hafa gefið loforð líka!). „Mun hafa gefið" — hv. þm. er þá farinn að linast. Ég fyrir mitt leyti bíð rólegur, þangað til Eggert Levy segir sjálfur, að ég hafi gefið loforð, sem ég hefi ekki efnt. En ég skal ekki gleyma að leiða það vitni fram.

Ólafur Thors: Ég segi eins og hv. þm. V.-Húnv., að það verður hver að trúa því, sem hann vill um þetta. Ég held þó, að enginn trúi því, að ég hafi svikið loforð við flokksbróður minn. Það er líka þeim mun ótrúlegra, að ég hafi gert það, þar sem afstaða stjórnarandstæðinga er sú, að þeir bera síður ábyrgð á því, hvernig um afgreiðslu mála fer, og hafa því ekki ástæðu til að fara eins varlega og meiri hl. þarf að fara. Það er því ólíklegt, að ég hefði lofað að vera með þessu, en verið svo á móti því. Ég veit vel, að ég hefi aldrei lofað því. Og ég veit líka vel, að Eggert Levy hefir aldrei sagt við hv. þm., að ég hafi lofað því. Þetta er bara ruglingur í heila hv. þm. Þessi Jónasarmaður á ekki að vera að tala um loforð og svik. Honum ætti að vera svo í fersku minni eldhúsdagsumr., þar sem það var margsannað, að sú stj., er hv. þm. styður, hefði fáu svo lofað, að hún hefði ekki svikið það. Og þessi hv. þm. hefir sjálfur oftlega gengið á móti sinni eigin skoðun. Ég vil aðeins minna á það, þegar „sósialistakjóinn" elti „framsóknarrituna".

Pétur Ottesen: Ég vil benda hv. þdm. á, að hv. þm. V.-Húnv. hefir samþ. það með þögninni, að hann hafi verið að bera á mig ósannar sakir. Hann stendur því hér eftir sem brennimerktur ósannindamaður frammi fyrir alþjóð allri.

Hannes Jónsson: Þegar núv. hv. þm. Dal. var fyrst í kjöri í Dalasýslu, sagði einn sterkasti stuðningsmaður hans, að íhaldið væri alveg eins og sótugur eldhússtrompur. Íhaldsmennirnir eru nú að skríða út úr þessum eldhússtrompi og eru að vonum jafnþrifalegir og aðrir þeir, er við slík störf fást. (**HK:** Var strompurinn ekki skotinn niður?). Jú, íhaldsstrompurinn var skotinn niður við síðustu kosningar og kemur aldrei upp aftur að eilífu. Mér þótti hv. þm. Borgf. vera ærið stórorður og óþarflega, þótt ég svaraði því, sem á mig var yrt. En hann fer sjálfur með algerlega ósatt mál, og það gegn betri vitund, þegar hann segir, að ég hafi greitt atkv. móti öllum vegalagabreyt. í kjördæmum andstæðinga minna. Ég greiddi t. d. ekki atkv. móti vegum í Skagafirði, og eru þó þm. þess kjördæmis áreiðanlega ekki flokksmenn mínir. Hv. þm. getur því gjarnan notað á sjálfan sig þann ósannindastimpil, er hann vildi setja á mig. Hv. þm. ætti sem minnst að tala um bryggjurnar í sambandi við hafnargerðir, því sú ósanngirni, sem hann og ýmsir flokksmenn hans hafa sýnt þeim héruðum, sem vilja hlífa ríkissjóði við óhóflegum fjárframlögum með því að láta sér nægja bryggju í staðinn fyrir höfn, verður seint af honum skafin. Ef hv. þm. hefði getað bent á, að ég hefði verið á móti fjárframlögum til bryggjugerða í önnur héruð en mitt, þá hefði hann getað með fullum rétti ásakað mig fyrir hlutdrægni, en það gat hann ekki og því eru ummæli hans einskis verð og honum einum til vansæmdar.

Vegna þess að hv. 2. þm. G.-K. bar mér það á brýn, að ég færi með ósatt mál, þá vil ég reyna að róta dálítið upp í minni hans og vita svo, hvort hann ber mér á brýn, að ég fari með ósannindi. Í fyrra, þegar búið var að fella brtt. mína og ég sá, að hv. 2. þm. G.-K. hefði greitt atkv. gegn henni, þá gekk ég til hv. þm. og sagði ósköp kompánlega við hann: „Heldur þú ekki, að Eggert Levy þakki þér fyrir þetta". Þá sagði hv. þm.: „Ja,

hver andskotinn! Ég hélt, að ég hefði lofað að vera á móti því!“ — Ég sé, að hv. þm. hristir höfuðið. En hann má gjarnan hrista það yfir þessu, þangað til það dettur af honum, því þetta, sem ég segi, er satt. Ég vil nú alls ekki segja, að það hafi verið rétt af hv. þm. að lofa neinu, en fyrst hann gerði það, þá átti hann líka að efna loforð sitt.

Það er einnig alrangt, að ég berjist eingöngu fyrir fjárframlögum til míns kjördæmis, en sé á móti þeim til allra annara kjördæma. Fyrir mitt eigið kjördæmi hefi ég einmitt verið mjög hæverskur um fjárkröfur. (**Forseti:** Athugasemdin er búin!). Já, hún er búin, en þegar á mig er ráðizt með óskammfeilni og ruddaskap, þá verð ég að bera af mér sakir. En það má um þessa hv. þm., einkum hv. 2. þm. G.-K., segja, að af gnótt hjartans mælir munurinn. Óskammfeilni, ruddaskapur og ósannindi eru hans innsta eðli. Og þau orð, sem hann mælir til að skerða mannorð annara, falla á hann sjálfan. (**Forseti:** Hv. þm. verður að hætta!). Já, þm. mun hætta. En ég hefði getað siðað hv. 2. þm. G.-K. það sem eftir er fundartímans, og hann hefði haft gott af því.

Magnús Guðmundsson: Það er eðlilegt, að hv. þm. V.-Húnv. fái svar, þegar hann ber heilan flokk æruleysissökum. Það er alveg ósatt, að ég hafi greitt atkv. móti þessu símamáli. Ég er nú búinn að leita að þessu í þingtíðindunum og finna bæði till. og nafnakallið, og sé, að þetta er ósatt hjá hv. þm. Ég hefi ekki verið viðstaddur þessa atkvgr., og þess vegna hlýtur það að vera ósatt, að Eggert Levy hafi borið mér nokkur svik á brýn eftir að hann sá atkvgr., því ég greiddi ekki atkv. um hana, var fjarstaddur. Þetta sýnir, að hv. þm. V.-Húnv. hefir farið með bein ósannindi um þetta og hlýtur að skrökva vísvitandi um ummæli Eggerts Levy.

Ólafur Thors: Auðvitað er það vitleysa, sem hv. þm. V.-Húnv. segir um samtal okkar í fyrra eftir atkvgr. um þessa símalínu. Ofurkapp þessa þm. leiðir hann afvega, svo hann vílar ekki fyrir sér að fara með ósannindi. Ég skal ekki um það segja, hvort hv. þm. greiðir atkv. eingöngu með hagsmunamálum síns héraðs. Það er bara eitt, sem ég í þeim efnum þori að fullyrða, og það er það, að hv. þm. greiðir alltaf atkv. eins og hæstv. dómsmrh. skipar honum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 369).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 7 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 369, n. 488).

Frsm. (Páll Hermannsson): Frv. fer fram á, að bætt verði einum héraðsskóla við þá fjóra, sem fyrir eru samkv. l. nr. 37, 14. júní 1929, og að þessi skóli sé settur niður á Reykjum við Hrútafjörð. Þetta frv. er borið fram í Nd., og menntmn. þeirrar deildar lagði eindregið til, að frv. væri samþ. óbreytt, sem og líka var gert þar. Menntmn. þessarar deildar hefir líka athugað þetta frv. og leggur einnig til, að það sé samþ. óbreytt. Hún

lítur svo á, að það sé í alla staði eðlilegt, að fimmti skólinn komi þarna, og telur hann vel settan þar. Héruð þau, sem næst standa og eðlilega mundu sækja hann mest, enda bera kostnaðinn til móts við ríkissjóð, eru Húnavatnssýslur og Strandasýsla. Staðurinn er og ágætlega vel settur, liggur vel í héraði og jarðhiti er þar alveg nægur. Ég vil því f. h. menntmn. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 553).

---

45. Skipun barnakennara og laun þeirra.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 46).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og fékk góðar viðtökur í báðum deildum. Öll fjhn. í Ed. léði málinu fylgi og 4 þm. í fjhn. Nd. sömuleiðis. En svo slysalega vildi til, að af einhverjum óskiljanlegum orsökum fléttaðist málið saman við ljósmæðrafrv. í Ed., og varð það málinu að fjörtjóni, þrátt fyrir eindregið fylgi þingsins. Nú má því vænta hins bezta um framgang málsins, því fylgi þess er öruggt. Aðalástæður frv. eru þær, að á síðustu árum hefir reynzt torvelt að útvega farkennara í sveitahéruð; sérstaklega urðu mikil brögð að því á síðasta ári, svo að víða reyndist nær ókleift að fá hæfa menn til starfsins. Önnur höfuðástæðan er sú, að farkennarar eru lægst launaði starfsmannaflokkur landsins, og menn láta því oft af þeim starfa áður en þeir vilja. Undir slíkum kringumstæðum reyna skólanefndir einatt að festa sér góða menn með því að gera þá að föstum kennurum, ef unnt er. Ef þannig verður haldið áfram að gera farkennarahéruð að föstum skólahéruðum, hlýtur það að baka ríkissjóði mun meiri kostnað en ef laun farkennara eru bætt nú þegar, eins og farið er fram á í þessu frv. Nú eru launahlutföllin þau, að farkennarar hafa frá ⅓ og upp í ½ af launum fastra kennara, en frv. gerir ráð fyrir ⅓ af hæstu launum og ⅔ af lægstu launum fastra kennara. Það er og höfuðástæða fyrir flutningi þessa frv., að kennsla í sveitum nýtur verri kjara af hálfu ríkisins en í kaupstöðum. Sveitarsjóðir greiða ⅔ af launum farkennara, en ríkið ⅓, þegar allt er reiknað, en við föstu skólana er þetta öfugt; greiðir ríkið ⅔ af þeim, en bærinn ⅓, ef dýrtíðaruppbót er talin með. Með frv. þessu er reynt að bæta nokkuð úr þessu misrétti, en þó ekki að fullu, því eftir frv. er tillag sveitar til farkennslunnar, þegar fæðiskostnaður er lagður í peninga, 100 kr. hærra en framlag ríkisins. Er þó dregið úr misréttinu til verulegra muna, og mætti ætla, að þeir, er láta sig nokkru skipta hag og velfarnan sveitanna, muni stuðla að framgangi málsins hér í þinginu.

Hið eina, sem frv. þetta er breytt frá því í fyrra, er það, að laun farkennara greiðast í fyrsta sinn eftir þessum lögum fyrir skólaárið 1929—1930. Er með því bætt fyrir þau kynlegu mistök, sem urðu á afgreiðslu þess í fyrra. Virðist þetta bæði sanngjarnt og eðlilegt, enda eru 9 mánuðir skólaársins á þessu ári, og fá farkennarar laun sín að kennslu lokinni. Veldur þetta atriði tæplega ágreiningi. Hinsvegar mælir öll sanngirni með því, að farkennarar séu ekki látnir gjalda þeirra annarlegu ástæðna, er urðu máli þessu að falli í fyrra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 101 og 123).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ástæðurnar fyrir þessu frv. hafa verið upplýstar bæði við umr. um málið í fyrra, og eins við framsögu þess við 1. umr. Þar sem meiri hl. n. leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt, finn ég ekki ástæðu að tilefnislausu til að hefja umr. um einstakar greinar þess.

Nál. minni hl. hefir ekki verið útbýtt ennþá, svo að ég get ekkert um það sagt, en sjálfsagt verður gerð grein fyrir afstöðu hans síðar á fundinum.

Um mig sjálfan er það að segja, að ég hefi eins og í fyrra í raun og veru fyrirvara um þetta mál, hinn sama og þá, að ég gæti hugsað mér aðrar leiðir til að bæta úr því, er ég tel áfátt í skipun þessara mála, en ekkert slíkt liggur fyrir ennþá, og sé ég ekki ástæðu til að ræða um það frekar.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Ég býst við, að við þessa umr. þýði ekki að halda uppi löngum umr., því að eftir þeim undirtektum, sem frv. fékk í fyrra, má búast við, að það nái samþykki meiri hl., a. m. k. á meðan ekki koma fram brtt. við það.

Ég vil gjarnan sjá það enn við þessa umr., hvort hv. þdm. eru þess reiðubúnir að leggja á ríkissjóð 35 þús. kr. ný útgjöld, sem leiðir af þessu frv. Ef það reynist enn svo, að hv. þdm. eru þessa reiðubúnir, geri ég ráð fyrir, að við 3. umr. muni ég koma fram með brtt., sem sé byggð á þessum sömu útgjöldum fyrir ríkissjóð, en aftur á móti sé leiðrétt enn frekar en með þessu frv. það misrétti, sem hefir átt sér stað milli fjárveitinga til barnakennara í sveitum við fjárframlög til barnakennara í kaupstöðum.

Ég hefi áður tekið það fram, undir umr. um þetta mál í fyrra, að ég teldi launin vera orðin með þessum ákvæðum óþarflega há, og svo há, að við stæðumst ekki við að borga öðrum starfsmönnum hins opinbera í sveitunum hlutfallslega jafnhá laun, en fyllsta samræmis verður að gæta í þessum efnum. Það getur ekki gengið svo til lengdar, að störfum sé hlaðið á opinbera starfsmenn í sveitum án þess að laun þeirra hækki nokkuð frá því, sem var fyrir svo sem 20 árum. Það getur ekki gengið, að hreppstjórar hafi ekki nema 100—200 kr. fyrir öll þau störf, sem þeir inna af hendi allt árið, og það oft á þeim tíma, sem þeim er dýrastur og óhentugastur til að vera frá heimilum sínum. Hér er því ekki aðeins að ræða um fjárframlög til þessara starfsmanna, heldur verða menn að hafa það hugfast, að þá verður að auka laun fleiri manna.

Ég skal gjarnan viðurkenna, að ákvæði laganna um ýmislegt þessu viðvíkjandi eru óeðlileg, t. d. um aldursuppbót kennara í sveitum. Þeir þurfa að bíða í 18 ár eftir fullri aldursuppbót, en aðeins 15 ár í kaupstöðum, þar fá þeir 3. hvert ár uppbót, þangað til þeir hafa eftir 15 ár fengið fulla aldursuppbót.

Ég býst við, að við 3. umr. komi ég fram með brtt. um þetta efni, þannig að aldursuppbót barnakennara í sveitum verði 3. hvert ár 60 kr. fyrir 50 kr., þar til hún er orðin 300 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég býst við, að öllum hv. þm. sé fyllilega ljóst, að hverju stefnir með þessu, og séu sér meðvitandi um, að sömu ákvarðanir verði einnig að taka um launahækkun annara opinberra starfsmanna í sveitunum.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég þakka hv. meiri hl. n. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál, og hv. minni hl. og frsm. hans, sem eru eitt og hið sama, vil ég benda á það, að ýms þegnskyldustörf, svo sem oddvita- og hreppstjórastörf, eru ekki sambærileg við störf barnakennara. Þegar meta skal laun barnakennara, á að bera þau saman við laun fastra starfsmanna, sem verða að lifa á launum sínum. En um hina er miðað við allt annað. Og þörfin á að hækka laun þeirra er óskylt mál því, hvernig tekið skal undir þetta frv. Störf þessi liggja ekki á sama sviði. Annað á að vera algert uppihald, en hitt

erú að miklu leyti heiðurs- og þegnskyldustörf.

Um væntanlega brtt. ætla ég ekki að tala fyrr en hún er komin fram.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Ég held, að hv. þm. V.-Ísf. geri of mikið úr því, að þessu barnakennarastarfi í sveitum sé þannig háttað, að þeir verði beinlínis að lifa af því, sökum þess að barnakennarar í sveitum munu flestir, ef ekki allir, njóta atvinnu sinnar á öðrum tíma, og í því er aðalframfærsla þeirra fólgin. Barnakennarastarfið er eins og hvert annað aukastarf þann tíma, sem langminnst er að gera. Og þótt aldrei nema þau störf, sem ég nefndi, séu þegnskyldustörf, sem hver sveitarmaður er skyldur að taka að sér um lengri eða skemmri tíma, þá er engin ástæða til að hlaða þeim á menn fyrir lítil laun, svo að þeir geta lítið eða ekkert sinnt þeim störfum, sem hljóta að vera þeirra aðalbjargarvon. En það er svo um hreppstjóra, að ef á þeim lenda líka oddvitastörf, sem oft kann að verða, geta þeir lítið sinnt búskapnum. Og það hefir oft farið svo, þegar slík störf hafa hlaðizt á menn, að búskapur þeirra hefir farið í kaldakol. Það er engin ástæða til þess að eyðileggja þannig framtíð einstakra manna með störfum fyrir engin eða sama og engin laun. Það mætti þá eins ganga inn á þá braut, að skylda t. d. presta til að vera barnakennarar fyrir ekki neitt. Ég býst ekki við, að hv. þm. V.-Ísf. vilji ganga svo langt á rétt þeirrar stéttar, og hvers vegna á þá að ganga svona á hlut bændastéttarinnar?

En úr því að ég stóð upp aftur, langar mig til að leggja nokkrar spurningar fyrir hv. þm. V.-Ísf., sem ég geri ráð fyrir, að hann geti svarað.

Hann fullyrti undir umr. um þetta í fyrra, að barnakennarar, sem eru settir í embættin, fengju aldursuppbót eins og lög stæðu til. Ég hefi ekki orðið þess var, að í fjáraukalögum hafi staðið nein slík uppbót. Ef þessi fjárveiting hefir farið fram, er það því ekki samkv. neinum lögum.

En hinsvegar, ef þessir sömu kennarar hafa ekki fengið aldursuppbót, hvers vegna er þá verið að setja þá í embætti, en ekki skipa þá, til þess að draga af þeim laun, ef ekki fyrir þær ástæður, sem ég held fram, að liggi til grundvallar, að lögin hafa þótt óþarflega há um aldursuppbót, og því er forðast að skipa þá í embættin, nema þar sem fast er fylgt eftir, til þess að styðja og styrkja einstaka menn með hærri launum.

Ég býst við, að þessi spurning um greiðslu á aldursuppbót settu kennaranna komi til umr. aftur, þegar til kemur að samþ. landsreikninginn og fjáraukalögin.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég skal fyrst svara spurningu hv. þm. Hann spurði um það, hvers vegna þessir farkennarar væru venjulega settir, en ekki skipaðir. Ástæðan er sú, að þar sem farkennslu er haldið uppi, er víðast hvar enginn fastur skólastaður, og getur þar alltaf komið fyrir, að kennsla falli niður vegna þess, að skólastaður fáist ekki. Og til þess að ríkið þurfi ekki að greiða föstum starfsmönnum, sem það getur ekki notað, hefir sú regla verið á höfð, síðan kennaralaunalögin voru sett, að veita engum farkennarastöðu, nema fastur skólastaður sé til, annaðhvort skólahús, sem sveitin á, eða kvaðir á húsnæði einstakra manna, meðan viðkomandi farkennari gegnir starfinu.

Þá kemur að hinu, hvort þessir menn, sem settir eru ár frá ári, ættu að fá aldursuppbót. Verður þá að bera þá saman við aðra embættismenn, en um kennara, sem hljóta laun eftir lögum um laun embættismanna, en ekki barnakennara, gildir sú fasta regla, að kennari, sem hefir verið settur í eitt ár, á heimtingu á veitingu næsta ár. Ef nú barnakennarar eru settir lengur en eitt ár, kemur ekki til mála að svipta þá rétti til aldursuppbótar, því samanborið við aðra eiga þeir heimtingu á aldursuppbót frá því er eitt setningarár er liðið.

Það er tilhæfulaust, sem hv. þm. sagði, að þessar setningar stöfuðu af því, að með öðru móti þættu launin of há. Alþ. ákveður launin, og ef framkvæmdarvaldið gerði eitthvað í þá átt að komast hjá að fara eftir vilja þingsins í þessu efni, þá yrði það ekki látið óátalið. Ef þannig væri farið að kennurunum til þess að draga úr lögmæltum launum þeirra,

mætti alveg eins beita aðra embættismenn sama yfirgangi og svíkja þá á aldursuppbótinni..

Nei, það er hin mesta firra að halda því fram, að þetta sé gert í þeim tilgangi að spara við þessa vesalings menn, sem eru lægst launaðir allra opinberra starfsmanna. Tel ég svo þessu atriði fullsvarað.

Það er misskilningur hjá hv. þm. V.-Húnv., að ég sé á móti því, að menn þeir, sem þegnskyldustörfum gegna, fái sæmileg laun. Ég get vel verið honum sammála um að launa hreppstjórum og oddvitum svo, að þeir séu fullsæmdir af. En hv. þm. getur ekki haldið því fram í alvöru, að halda eigi niðri kaupi barnakennara, til þess að geta haldið líka áfram að greiða hreppstjórum og oddvitum ófullnægjandi laun, að halda eigi áfram að launa kennarana illa, til þess að gera hreppstjórum og oddvitum sérstaka bölvun með því. Nei, slíkt nær vitanlega engri átt.

Um það, að kennarastarfið sé ekki aðalstarf þeirra, sem því gegna, þarf ekki að deila, þó þeir vitanlega vinni önnur störf á þeim tíma, sem skólinn starfar ekki.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Ég er hræddur um, að hv. þm. V.-Ísf. hafi ekki farið með rétt mál þegar hann sagði, að kennarastöður í sveitum væru ekki veittar, nema þegar trygging væri fyrir föstum skólastað. Ég veit dæmi um hið gagnstæða, svo það er a. m. k. til, að vikið sé frá þeirri reglu, hafi hún þá nokkurntíma verið tekin upp.

Það var ekki mín meining, að halda ætti niðri launum farkennara til þess, að hægt væri að forsvara að greiða hreppstjórum og oddvitum líka minna kaup en sanngjarnt er. Hinsvegar hefi ég verið að sýna fram á, að laun barnakennara væru allsæmileg, þó þeir geti að vísu ekki lifað á þeim einum allt árið um kring; enda mætti hækka þau betur en gert er ráð fyrir í þessu frv., ef þeir ættu að geta það. Ef kennararnir ættu aldrei að vinna að öðru en kennslunni, má búast við, að hv. þm. V.-Ísf. komi á næstu þingum fram með till. um að fá kennaralaunin hækkuð aftur.

Eins og ég hefi tekið fram, býst ég ekki við, að auknar umr. um þetta mál nú hafi mikið að segja. Af afgreiðslu þess hér nú er hægt að sjá, hve miklum gjöldum hv. þdm. vilja bæta á ríkissjóð vegna þessarar stéttar embættismanna landsins. Er svo hægt við 3. umr. að gera þær brtt. við frv., sem sjá enn betur fyrir rétti sveitanna en hv. flm. gerir, og koma samræmi á um þessar launagreiðslur.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Mér skilst, að það sé ekki ágreiningur milli nefndarhlutanna um það, að réttmætt væri að bæta eitthvað úr misrétti í launagreiðslum til barnakennara í farskólum og föstum skólum, og ekki heldur misréttið á hlutfallinu á greiðslu ríkissjóðs og sveitarsjóða til farkennara og skólakennara. Ágreiningurinn er aðeins um það, í hve stórum mæli þetta skuli gera.

Farkennarar hafa, þegar ókeypis fæði og húsnæði er hæfilega metið, nálægt 800 kr. að byrjunarlaunum án dýrtíðaruppbótar og aldursuppbótar, en kennarar og skólastjórar við fasta skóla 1300—1800 kr. Þetta er svo mikill og óeðlilegur munur, þar sem starfið er nálega hið sama, að naumast verður komizt hjá að leiðrétta það að ekki minna leyti en frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Ég sé, að það á að keyra málið áfram gegnum hv. deild. Það er víst þýðingarlaust að gera nokkrar breyt. á því eins og það liggur fyrir í dag. En ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið af dagskrá, svo að hægt sé að gera brtt. við það fyrir morgundaginn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 20. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 46, 146).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 146. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var afgr. til 3. umr. með allmiklum atkvæðamun, og þar með var því slegið föstu, að hækka framlag úr ríkissjóði til farkennaralauna um 280 kr. fyrir hvern farkennara árlega.

Ein af aðalástæðunum fyrir þessari hækkun er af flm. frv. talin sú, samkv. ræðum hans um þetta mál bæði nú og í fyrra, að leiðrétta verði það ósamræmi, sem sé um fjárframlag ríkissjóðs annarsvegar og sveitarsjóða hinsvegar til farskólafræðslu, miðað við fjárframlög til fastaskóla. En þó að öll hækkunin sé látin falla á ríkissjóð, þá er hún ekki nægileg til þess að fullkomið samræmi fáist, og er því hætt við, að enn komi fram till. um aukin fjárframlög frá ríkissjóði. Ég hefi því borið fram brtt. á þskj. 146, sem fara í þá átt, að ná fullu samræmi um fjárframlög til þessarar fræðslustarfsemi nú þegar, fyrst launakröfurnar eru byggðar á því, og þar sem búast má við, að þær komi aftur fram síðar.

Fyrsta brtt. mín fer í þá átt að lækka árslaun farskólakennara um 100 kr. frá því, sem ákveðið er í frv., og samkv. 2. brtt. eiga framlög sveitanna að lækka um þessa upphæð. Eftir till. mínum verður þá raunveruleg hækkun á árslaunum farskólakennara 140 kr. frá því, sem er samkv. núgildandi lögum.

Það virðist vera rétt að lækka framlög sveitanna um þessa upphæð, því að upphaflega voru framlög þeirra of há, borið saman við framlög annara aðila til barnafræðslu.

Sveitunum er mikil þörf á því, að dregið verði úr þessum útgjöldum þeirra, einkum þar sem það er óhjákvæmilegt að auka útgjöld sveitarsjóðanna á ýmsum sviðum, t. d. með því að hækka laun oddvita. Raunveruleg laun sveitarstjórna eru nú víða meiri en lögin heimila, og hefir það verið ákveðið með leyfi sýslunefnda.

Samkv. þessum till. mínum sparast fyrir ríkissjóð dýrtíðaruppbót af þessum 100 kr. En aftur á hinn bóginn álít ég henni ekkert illa varið til þess að bæta launakjör hreppstjóra. Þeir hafa nú fyrir sína starfsemi rúml. 100 kr. árl. þóknun, sem er, eins og allir sjá, allt of lítil laun fyrir þau fjölbreyttu og erfiðu störf, sem þeir hafa með höndum.

Samkv. gildandi lögum þurfa farskólakennarar 18 ára þjónustu til þess að ná fullri aldursuppbót, en aðrir barnakennarar aðeins 15 ár. Þetta ósamræmi vil ég einnig leiðrétta og ætlast til, að farkennarar þurfi ekki heldur nema 15 ár til þess að ná fullri aldursuppbót; um það ljóðar 3. brtt. mín. Vænti ég, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þessar brtt. mínar.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að ein af ástæðunum, sem þetta frv. styðst við, er það ósamræmi, sem nú er í framlögum úr ríkissjóði annarsvegar og sveitarsjóðum hinsvegar til barnafræðslunnar í landinu. En það er alrangt, að þetta sé eina ástæðan eða tilefnið til þess, að þetta frv. er fram komið. Aðalástæðan er sú, að farkennaralaunin hafa alltaf verið og eru of lág. Það er því villandi, sem hv. þm. klifar sífellt á, að ósamræmið í framlögum til barnafræðslunnar sé aðaltilefni þessa frv. — Nei, farkennaralaunin eru of lág, framhjá þeirri staðreynd verður ekki komizt á annan hátt en að hækka þau. Ef frv. hefði aðeins verið borið fram til þess að nema burt ósamræmið, þá hefði ekki verið í því till. um launahækkun, heldur hefðu framlagshlutföllin verið jöfnuð á annan hátt. Í frv. er lagt til, að öll launaviðbótin verði greidd úr ríkissjóði, og að því leyti stefnir það eingöngu til samræmis. En hitt er að vísu rétt hjá hv. þm., að með þessu frv. er ósamræmið ekki jafnað að fullu. Ef hann hefði flutt hækkunartill. til fullkomins samræmis, þá hefði ég fylgt þeim.

Þegar búið er með þessu frv. að samþykkja í þessari hv. þd. 200 kr. hækkun á farkennaralaununum, þá gerir hv. þm. tilraun til þess að klípa helminginn, eða 100 kr., af því, sem samþ. hefir verið. Því, sem „sparast", vill hv. þm. verja til þess að hækka laun hreppstjóra og oddvita. Áður hefir hv. þm. haldið því fram, að það væri ekki kleift að gera

þessar bætur á launakjörunum; ríkissjóður mætti ekki við því. En sparnaðurinn verður undarlegur, ef það má veita öðrum en kennurunum þessa hækkun. — Eins og ég hefi áður sagt, þá er ég, út af fyrir sig, fús til að taka til athugunar launakjör oddvita og hreppstjóra; en þau verða ekki leiðrétt með því, að staðið sé á móti réttmætum kröfum farkennaranna. Fordæming farkennaranna er engin bót fyrir hina, nema hv. þm. huggi sig við það, að bezt sé að allir hafi sem versta afkomu.

Ég get fallizt á 3. brtt. hv. þm.; það er sanngjarnt, að allir barnakennarar þurfi ekki nema 15 ára kennslu til þess að ná fullri aldursuppbót, í stað þess að farkennarar þurfa nú 18 ára þjónustu. En þetta er að vísu ekki stórvægilegt atriði.

Ég dáist að þeim dugnaði og elju, sem hv. þm. leggur í þetta mál; en, sem betur fer, þá kemur dugnaður hans venjulega fram á betri málstað en hann hefir nú valið sér í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Mér kemur það ekki á óvart, þó að hv. þm. V.-Ísf. hefði orðið mér sammála, ef ég hefði komið með till. um að bæta úr ósamræmi kennaralaunanna með því að hækka enn framlagið úr ríkissjóði til barnafræðslunnar. En ég býst við, að þó þær till. komi ekki nú, þá muni verða vart við þær á næstu þingum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geti ekki verið þekktur fyrir að láta beita slíku ranglæti lengi, að eigi náist fullkomið samræmi í launum allra barnakennara. Hann er í þessu máli að framfylgja þeim smáskammtalækningum, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að notaðar væru til þess að stækka lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Það virðist vera takmarkið, að hækka smám saman útgjöldin úr ríkissjóði til barnafræðslunnar.

Ég hefi nú í framhaldsnál. mínu birt samanburðarskýrslu um launagreiðslur til barnaskólakennara, bæði við fasta skóla og farskóla, til þess að hv. þdm. gætu áttað sig á því samandregnu á einum stað. Það skiptir ekki miklu máli, hvort útgjöldin koma úr ríkissjóði eða annarsstaðar að. Þetta eru útgjöld, sem þjóðin öll verður að bera. Þó að mest hafi verið um það talað, hvað launin séu lág og að þörf sé á miklum launauppbótum til þess að starfsmennirnir geti lifað, þá er ekki hægt að taka einstakar stéttir út úr, heldur verður að athuga sér jafnvægi í launakjörunum og gera sér ljóst, hvað launin þurfi að vera til þess að komizt verði af með þau. Þó að ég hafi ekki borið fram neina till. til hækkunar á launum þeirra starfsmanna, sem ég áður nefndi, í sveitunum, og verst eru launaðir, þá býst ég við, að það verði gert innan skamms, þegar launalögin verða endurskoðuð og samin að nýju.

Ég mundi ekki mæla á móti því, að þessir starfsmenn gætu fengið sem hæst laun eins og aðrir, ef ég sæi nokkra möguleika til þess, að þjóðin risi undir því. Það hefir komið í ljós hér á Alþingi, að þegar ein stétt eða fleiri hafa hlotið launahækkun, þá hefir verið vitnað til þess til samanburðar, þegar þurft hefir að koma fram launakröfum annara stétta. Ég get ekki séð, að launakjör farkennaranna geti talizt sérstaklega bágborin, þegar litið er á starfslaunin í sveitunum yfirleitt. Ég veit, að þau eru lág, borið saman við það, sem gerist í Reykjavík. En við megum ekki láta þær stóru tölur, sem hér er reiknað með í bænum í flestum efnum, villa okkur sýn í þessu máli.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rekja þetta ítarlegar, en get að lokum bent hv. þm. V.-Ísf. á það, að hann vill nú víkja frá því, sem hann hefir áður haldið fram, að þörf væri á að leiðrétta ósamræmi, sem nú væri á launakjörum barnakennara. Nú heldur hv. þm. því fram, að þetta sé aðeins hreint og beint launahækkunarspursmál fyrir farkennarana. Áður hefir hann reynt að tala til velvildar og meðaumkunar þingmanna til sveitakennaranna og hvatt til að rétta hluta þeirra gagnvart kennurum við fasta skóla. Hann hefir notað þessa ástæðu til þess að vinna samhug þingsins við meðferð þessa máls og til þess að auka því fylgi, og álít ég það ekki betur farið fyrir hv. þm.

Ég skal taka það fram um skýrslu mína um samanburð á kennaralaununum, að ég hefi gert áætlun fyrir fæði farkennara, og um það getur að vísu

orðið ágreiningur; en ég býst við, að ég hafi reiknað það of lágt heldur en of hátt. Ég ætlaðist til að enginn gæti véfengt það, að farkennaralaunin væru a. m. k. eins há og ég hefi gert grein fyrir.

Kennarar, sem lifa í sveit en ekki í kaupstað, verða að teljast sæmilega launaðir með 1430 kr. fyrir 6 mánuði. Og ef hlunnindi þeirra væru metin að fullu, verða launin 15—1600 kr. fyrir þann tíma að vetrinum.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég sé ekki ástæðu til að svara miklu því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Ég hefi áður svarað því, sem kom fram í síðustu ræðu hans. Ég vil aðeins benda honum á, að þegar um er að ræða misrétti í launakjörum, þá er ekki hægt að leiðrétta það, nema að taka út úr þá, sem verða fyrir hallanum, eins og gert er með þessu frv.

Það er ekki hægt að koma í veg fyrir, að starfsmannalaun hækki síðar, með því einu að standa á móti öllum launabótum nú. Og óhugsandi er, að launakjörunum verði öllum breytt í einu, þannig að ekki þurfi aftur um það að bæta. Það er ómögulegt að taka nú ómakið af þeim, sem eiga að greiða atkv. um þessi mál í framtíðinni, eftir þeim ástæðum, sem þá gilda.

En ef nú eru aftur á móti bætt kjör þeirra, er lægst laun hafa, verður auðveldara að standa á móti hækkunarkröfum síðar meir. En móti þessum kröfum er ekki hægt að standa. Komist laun farkennara í það horf, sem ég fer fram á í þessu frv., mundi ég telja vonlaust að koma fram frekari hækkun á launum þeirra í nokkur ár, að óbreyttum öllum ástæðum.

Hitt var útúrsnúningur hjá hv. þm., að ég hefði neitað því, að ég hefði tekið tillit til ósamræmisins milli sveita og kaupstaða. Ég tók það einmitt fram, að ég hefði gert það. Sveitakennarar hefðu orðið hart úti til þessa, og sökum þess hefðu sveitirnar staðið illa að vígi í samkeppninni um góða krafta, og ég skaut því til vina sveitanna, að þeir vildu styrkja þær í baráttunni um hina hæfustu kennslukrafta.

Ég vil enn leggja áherzlu á, að allar brtt. hv. þm. verði felldar, að undantekinni 3. brtt. hans. Hún er fremur til bóta, þótt smá sé.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Ég held, að ég geti nú varla mælt öllu skörulegar á móti frv. hv. þm. V.-Ísf. en hann gerði sjálfur. Hann sagði, að ef þetta frv. næði fram að ganga, væri alveg vonlaust um, að kennarar fengju launahækkun síðar. Þetta getur ekki stafað af öðru en því, að laun þau, sem frv. fer fram á kennurum til handa, séu óeðlilega há og ættu því fremur að lækka en hækka.

Ég held, að það sé ekki rétt ályktað hjá hv. þm. V.-Ísf., að hækkuð laun hjálpi mikið til að fá góða kennara í sveitirnar. Ég vil spyrja hv. þm. sjálfan, hvort hann myndi vilja gerast farkennari eða fastur kennari í sveit, jafnvel þó að launin væru bætt svo, að þau nálguðust fræðslumálastjóralaunin. Ég hygg ekki. Það er nú venjulega svo, að þeir, sem þykjast betur gefnir en almenningur, vilja halda sig sem næst kjötpottunum. Ég held, að hæfileikarnir verði ekki dregnir inn í sveitirnar á þennan hátt.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég átti auðvitað við, að ef frv. yrði samþ., væru laun farkennara komin í svo sæmilegt horft, að barátta fyrir frekari hækkun mætti teljast vonlaus um nokkur ár, og að hv. þm. gæti haft sér til huggunar, að í þeirri baráttu ætti hann sigurinn vísan. Þeir, sem vilja halda launum niðri, standa að öllum jafnaði betur að vígi en hinir, sem vilja hækka þau, og séu launin, sem um er að ræða, sæmileg, má hækkun teljast ókleif, vegna tregðu hv. þingmanna, þegar um fjárútlát úr ríkissjóði er fjallað.

Út af þeirri spurningu, sem hv. þm. beindi til mín, vil ég spyrja hann aftur, hvort hann sé orðinn hreppstjóri, eða ætli sér að verða það. **(MJ:** Þá væri hann nú kominn að kjötpottinum).

ATKVGR.

Brtt. 146,1 felld með 16:4 atkv.
— 146,2 tekin aftur.
— 146,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 146,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 21. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 155).

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 201).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir athugað þetta frv., og telur hún rétt, að það nái fram að ganga.

Það, sem á að nást með frv., er tvennt. Í fyrsta lagi að bæta laun farkennara, sem hafa til þessa verið of lágt launaðir, samanborið við aðra kennara. Hefir oft reynzt erfitt að fá hæfa farkennara, vegna hinna lágu launa. Í öðru lagi á frv. að bæta úr misrétti, sem sveitahéruðin hafa orðið fyrir um kostnað við barnafræðslu. Í kauptúnum og kaupstöðum kostar ríkissjóður kennsluna að helmingi, og leggur enda meira af mörkum sumstaðar. Í sveitum hefir ríkissjóður að vísu tekið þátt í peningalegri greiðslu að helmingi, en eins og kunnugt er, er aðalgreiðslan þar fólgin í fæði, húsnæði og þjónustu, og í þeirri greiðslu hefir ríkissjóður ekki tekið þátt hingað til. Úr þessu er bætt með frv. á þann hátt, að ríkissjóður einn greiðir launahækkunina.

Frv. leiðir auðvitað af sér nokkuð aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, — 20—25 þús. kr. árlega, að því er áætlað er. En þessi upphæð er ekki svo há, að eigi verði að teljast meira virði, að með frv. er bætt úr gömlu misrétti milli kaupstaða og sveita, og sveitunum tryggðir betri kennslukraftar en áður. Ég skal geta þess, að einn hv. nm. hefir óbundið atkv. um brtt., ef fram koma; að öðru leyti er n. sammála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

---

46. Jarðræktarlög (þurrheyshlöður).

Á 26. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 117).

Á 27. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Ég hefi leyft mér, ásamt hæstv. forseta þessarar d., að flytja þetta litla frv. á þskj. 117, og er það flutt í samráði við fleiri menn, fyrst og fremst hv. þm. V.-Húnv.

Jarðræktarlögin frá 1923 skipta jarðabótunum í sveitunum í tvo höfuðflokka. Í öðrum kafla þeirra eru taldir upp þeir flokkar jarðabóta, sem þá áttu að fá beinan styrk; er það aðallega túnrækt og áburðarhús. Nú er fróðlegt að sjá, hvern árangur jarðræktarlögin hafa haft með sínum styrkveitingum, en hann er sá, að túnræktin hefir farið geysilega í vöxt. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp skýrslu um það.

Túnræktin hefir verið:

Árið 1923 336,1 ha., þar af ⅓ nýrækt,
— 1924 445 —
— 1925 581 —
— 1926 722 —
— 1927 919 — þar af ⅔ nýrækt.

Líkt hefir verið með áburðarhús og safnþrær. Tölurnar eru þessar:

Árið 1923 903 rúmstikur,

Árið 1924 6263 rúmstikur,
— 1925 7352 —
— 1926 14426 —
— 1927 16942 —

Þessar tölur sýna þess vegna ljóslega, hver áhrif jarðræktarlögin hafa að því er snertir þessa flokka. Það hefir orðið afskapleg aukning á jarðabótum í þeim, og hafa lögin að því leyti borið mjög gleðilegan árangur. Að vísu hefir allmikið fé gengið í þann styrk, en þegar um það er að ræða að reisa við landbúnaðinn, virðist ekki vera horfandi í það. Aftur eru aðrar jarðabætur, sem þarna eru settar hjá, sem sumar hverjar eru engu síður nauðsynlegar, t. d. heyhlöður, hagagirðingar, heimavegir o. fl. Þó er gert ráð fyrir, að þetta sé tekið á skýrslur, sem Búnaðarfélag Íslands lætur safna, en bændur fá engan styrk til þeirra. Aftur fá búnaðarfélögin örlitinn styrk, 10 aura fyrir hvert dagsverk. Afleiðingin hefir orðið sú, að þessar jarðabætur hafa sama sem ekkert aukizt síðari árin, svo að þarna skiptir töluvert í tvö horn. Það skal að vísu játað, að túnrækt er kannske það fyrsta af öllu í framtíð landbúnaðarins, sem gera þarf, með því það leiðir til þess, að bændur þurfi ekki að heyja á öðru en ræktuðu og véltæku landi.

En það þarf fleira að gera. Það þarf að breyta öllu búskaparlagi okkar í nútímahorf; sérstaklega rekum við augun í það, að það er mjög úrelt byggingarfyrirkomulag á peningshúsum og heyhlöðum, og víða mjög óvandað til þeirra. Og þetta veldur miklum verkatöfum, sem búnaðurinn má alls ekki við, því að allur vinnukraftur er nú orðinn svo torfenginn og dýr. Þess vegna virðist okkur ekki úr vegi, þar sem lögin hafa sýnt svo góðan árangur, að fjölga þeim jarðabótum, er njóta beins styrks, og einkum og sér í lagi fannst okkur ástæða til að taka upp heyhlöðurnar, því að þær hafa orðið mikið aftur úr. En þá væri það um leið sjálfsagt að setja skilyrði fyrir því, hvernig þær væru, og víkjum við að því í frv. okkar. Þær mættu ekki vera of margar, og peningshúsin ættu að flytjast saman; fjárhirðing öll yrði þá léttari og myndi draga nokkuð úr fólkshaldi bænda.

Það er vitanlegt, að þetta myndi hafa einhver aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en okkur virðist ekki áhorfsmál að leggja í það. Þess má geta, að á síðasta ári voru settar nýjar reglur um, hversu leggja skuli jarðabætur í dagsverk, sem hefir í för með sér stórfelldan sparnað á jarðræktarstyrknum fyrir ríkissjóð hjá því, sem annars hefði orðið.

Vona ég því, að hv. deild sjái sér því fremur fært að veita nokkurn styrk til að hvetja bændur til jafnþarflegra framkvæmda og hér um ræðir.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en aðeins óska þess, að hv. d. lofi frv. að ganga áfram til 2. umr., og þá sennilega til landbn.

Jón Baldvinsson: Það er langt frá því, að ég ætli að leggjast á móti þessu frv. núna við þessa umr. a. m. k., því að ég álít sjálfsagt að taka þetta til yfirvegunar, og það kemur auk þess til n., þar sem ég á sæti. Þó langar mig nú þegar til að láta það koma fram í umr., sem ætti að koma við 1. umr., en það er, hvort hv. flm. hafa gert sér hugmynd um, hve mikil útgjöld þetta yrðu fyrir ríkissjóð, því að þótt frv. sé lítið lesmál, eins og hv. flm. komst að orði, er þetta afarstórt mál, sem hér er á ferðinni, því að þegar talað er um að styrkja menn til að byggja þurrheyshlöður, þá er kannske talað um að styrkja hvern einasta bónda á landinu.

Ég held, að það hafi verið enskur stjórnmálamaður, sem sagði, að það væri hægt að koma öllu fram, ef menn aðeins fyndu réttu heitin á því, og það er rétt. En þau orð, sem hv. flm. viðhafði, þau hefðu sjálfsagt verið tekin talsvert alvarlega, ef þau hefðu komið frá jafnaðarmönnum, sem vanalegast eru kallaðir byltingamenn. En það, sem hv. þm. óskaði eftir, var í raun og veru það að gera byltingu í heilum atvinnuvegi í skjótri svipan. Það er nú kannske ekki svo auðvelt að gera þetta, en það er í rauninni meira, sem hv. flm. fer fram á, heldur en við jafnaðarmann gagnvart þjóðfélaginu. Við förum ekki fram á neina skyndibyltingu, eins og hv. 6. landsk. fer fram á að gera.

Ég vil, að þetta sé athugað, saman borið við þær breyt., sem við förum fram á,

og að hugsað sé til þess, sem hv. þm. vill gera við þann atvinnuveg, sem hann vill auka og efla. En annars hlýtur slíkur aukinn styrkur til jarðræktarinnar náttúrlega að draga úr því, að hægt verði að gera nokkrar framkvæmdir við sjóinn, því að á síðustu árum fer geysimikið fé í styrk til bænda, bæði beint og óbeint, til búnaðarfélaga, til Byggingar- og landnámssjóðs o. fl. o. fl., auk þess sem búið er að samþykkja handa landbúnaðinum stóran banka, og við í dag afgreiddum 220 banka handa bændum. þ. e. a. s. það er aðeins við 2. umr. málsins, en ég vona, að frv. verði afgr. til fulls. Ég vil veita bændum og búnaði allan þann styrk, sem mögulegt er, og hygg ég, að ég hafi sýnt það áður hér á þingi. En ég vil þó, þegar búið er að hlaða svona miklum styrkjum og fjárframlögum á sveitirnar, að farið sé að athuga, hvort það muni ekki verða til þess að draga úr þeim styrk, sem óhjákvæmilega þarf að veita hinum aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum, til lendingarbóta, hafnargerða o. fl., án þess að farið sé fram á, að á honum sé gerð sú höfuðbylting, sem við jafnaðarmenn höfum verið að tala um, að þyrfti að gera á þjóðfélaginu. En það, sem ég vildi spyrja hv. flm. um, var sérstaklega þetta, hvort honum hefði dottið í hug sú fjárupphæð, sem þetta myndi kosta ríkissjóð. Það er að vísu sennilegt, að þetta mundi ekki koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1931; það er víst aldrei venja, svo að það mætti taka tillit til þess á þeim fjárlögum, sem nú er verið að semja fyrir 1931. Annars væri líka fróðlegt að spyrja, hvort útgjöldin ættu að koma á þetta ár. Ég þarf í rauninni ekki um annað að spyrja.

Flm. (Jón Jónsson): Það er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji um það, hve mikil útgjöldin muni verða, en það er nú svona með ýmsar framkvæmdir, að það er ekki gott að svara fyllilega til þess. Ég hefi samt athugað þetta og hygg, að það sé hægt að áætla það nokkuð. Það eru til skýrslur um það, hve mikilla heyja sé aflað á öllu landinu, en því miður eru ekki til skýrslur, sem búið er að vinna úr, um það, hve miklar hlöður séu til á öllu landinu. Þeirra upplýsinga ætlaði ég að afla mér, en það er svo geysilegt verk að safna þeim. Það eru til í fasteignamatinu frá 1920 skýrslur um það, hve miklar hlöður voru þá til á landinu, og sömuleiðis er hægt að fá að vita það hjá Búnaðarfélaginu, hve mikið hafi verið reist af hlöðum síðustu árin. Sögðust þeir í Bf. Ísl. geta fundið þetta allt, ef ég vildi leggja til, að farið væri í gegnum allt fasteignamatið, en ég taldi það úr.

Ég hefi því ekki lagt fram skýrslur um þetta, en er fús til að ræða þetta við hv. 4. landsk. í landbn. og býst við, að við getum komizt að einhverri niðurstöðu. En eitt þykist ég geta fullyrt, og það er, að þetta muni ekki nema eins mikilli upphæð og það, sem sparast við það, hvernig breytt var til um dagsverkamatið á síðastl. sumri. Ég tek það fram í grg. frv. að ég telji þá breyt rétta, en þetta allt get ég rætt við hv. þm. síðar.

Hvað því viðvíkur, að þetta muni draga úr öðrum framkvæmdum manna á landinu, þá getur það kannske verið, þótt þarna verði varla um svo stóra upphæð að ræða, að það geti haft áhrif á ríkisreksturinn. En ég vil líka benda á það, að um leið og landbúnaðinum er gert svona létt fyrir, verður það vitanlega til þess að auka stórkostlega tekjur hans og gjaldþol, og ég hefi þá trú á landbúnaðinum, að hann geti endurgoldið þetta allt með vöxtum og vaxtavöxtum, ef tekst að breyta honum nógu fljótt í rétt horf.

Ég skal geta þess, að ein prentvilla er í grg. frv. Þar er sagt, að stafað hafi gjaldahækkun af breytingunni á því, hvernig jarðabætur eru nú lagðar í dagsverk, en á auðvitað að vera gjaldalækkun.

Hv. þm. var að tala um, að ég væri að stofna þarna til byltingar. Ég kannast hiklaust við það, að ég vildi mjög gjarnan koma þeirri byltingu á, að landbúnaðurinn tæki þeim breytingum, að það væri hægt að reka hann eftir nútímans kröfum, en það er allt önnur bylting og heilbrigðari en sú, sem hv. þm. og flokksmenn hans vilja koma á í þjóðfélaginu.

Halldór Steinsson: Ég verð að taka í sama streng og hv. 4. landsk. í þessu máli. Mér finnst þetta ekkert smávægi

vera, eins og hv. flm. byrjaði ræði sína á því að þótt frv. sé smátt að línufjölda, hlýtur það að hafa mjög mikinn kostnað í för með sér, ef það kemur til framkvæmda. Ég er heldur ekki alveg sammála hv. flm. um, að það hafi orðið mjög litlar framkvæmdir á þessu sviði á síðari árum. Hv. þm. sýndi fram á það með tölum, að framfarir í ýmsum jarðabótum hefðu verið mjög stórstígar, t. d. túnasléttun o. fl., en að aðrar jarðabætur hafi staðið í stað, um það er ég alls ekki sammála hv. þm. Auðvitað er ég ekki þaulkunnugur alstaðar á landinu, en ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að hlöðubyggingar hafi mjög farið í vöxt, og ef hv. þm. hefði skýrslur um það, þá er ég viss um, að þær myndu staðfesta skoðun mína um þetta.

Hv. þm. sagði, að þetta mundi hafa dálítinn aukinn kostnað í för með sér. Ég er hræddur um það, svo framarlega sem þessi skoðun hv. þm. er rétt, að þessar framkvæmdir hafi legið í dái undanfarin ár, þá myndu lögin, ef framkvæmd yrðu, hafa mikinn kostnað í för með sér. Hitt er annað mál, að það er hægt að segja, að þetta séu nauðsynlegar framkvæmdir í sveitum. Skal ég ekki bera á móti því, en þá verða menn að athuga hina hliðina líka, eins og hv. 4. landsk. tók réttilega fram, og að við þessa fjárveitingu sem aðrar úr ríkissjóði sé gætt jafnréttis milli landbúnaðar og sjávarútvegs.

Það er annars einkennilegt, að það er eins og það sé einhver goðgá, ef komið er fram með frv. fyrir sjávarútveginn, er hefir í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, nema því aðeins, að komið sé um leið með frv. um tekjuauka. Minnist ég þar sérstaklega frv. hv. þm. Ak. um að fá lækkun á síldartollinum. Því var tekið fjarri að sinna því máli, nema því aðeins, að hv. þm. benti á einhvern tekjuauka fyrir ríkissjóð, og svona er það um ýms mál, sem talað hefir verið um að framkvæma fyrir sjávarútveginn. En við eigum að styðja báða atvinnuvegi, sjávarútveg og landbúnað, og þess vegna vona ég, að hv. n. athugi vel kostnaðarhliðina á þessu máli, og hvort hún út frá henni álítur fært að ganga að frv. eins og það liggur fyrir.

Flm. (Jón Jónsson): Það, sem hv. þm. eru hræddir við í þessu máli, er fjárhagshliðin. Þó er ég viss um, að þeir gera of mikið úr því atriði. Þótt þetta yrði að lögum, yrði kostnaðurinn aldrei sambærilegur við þá upphæð, sem um er að ræða í frv. hv. þm. Ak. um síldartollinn. Þetta gæti aldrei numið nema örfáum tugum þús., en lækkun síldartollsins stórmiklu meira, líklega 200 þús. kr. árlega. Hv. þm. Snæf. segir, að ég hafi sagt, að hlöðubyggingar hafi alveg legið í dái. Þetta er ekki allskostar rétt; ég sagði á þá leið, að í hlutfalli við aðrar framkvæmdir, sem jarðræktarlögin hafa styrkt, hafi þær aukizt sama sem ekkert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 255).

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Um þetta frv. til breyt. á jarðræktarlögunum hafa tveir af nm. landbn. orðið sammála, en sá þriðji gerir grein fyrir sínu atkv.

Þetta frv. fer fram á að styrkja og hvetja bændur til þess að reisa hlöður á jörðum sínum. Það má kannske segja sem svo, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að styðja landbúnaðinn, ríkissjóði stafi þegar allmikill kostnaður af því, en hinsvegar er á það að líta, að hér er um talsverða nauðsyn að ræða.

Það er nú svo, að heyið er bezt geymt í góðum hlöðum, en meginið af þeim hlöðum, sem hingað til hafa verið reistar, er smáar hlöður og dreifðar víða út um tún jarðarinnar, en það hefir þær afleiðingar, að hirðing og gjafir á svo mörgum stöðum kosta miklu meira starf og erfiði heldur en ef hægt væri að byggja þær stærri og í einu lagi. Og meiningin með þessum lögum er að hvetja bændur til þess að byggja stærri hlöður og gera gripahús sín á færri stöðum. Þar sem vinnukraftur er orðinn dýr og torfenginn, sýnist mikil nauðsyn á því, að snúið sé að þessu máli.

Í þessu frv. er farið fram á, að veittur

sé 1 krónu styrkur á dagsverk til handa þeim, sem gera þurrheyshlöður. Ennfremur er til þess ætlazt, að styrkurinn sé bundinn því skilyrði, að hlöðurnar séu reistar eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og þá búizt við því, að aðallega sé átt við steinhlöður. Það getur líka komið til mála um timburhlöður á stöku stað, þar sem erfitt er um efni til þess að byggja úr steini, og þá verður að meta hve mikið skuli lagt í dagsverk. Eftir því sem Búnaðarfélag Íslands hefir gert áætlun um, þá er ½ m³ í steinhlöðum gerður að einu dagsverki. Ef þannig væri reist t. d. 600 hesta hlaða, yrði hún að rúmmáli hér um bil 420 rúmmetrar, og þegar það er lagt í dagsverk, verður það h. u. b. 840 dagsverk, og ef hvert er metið á krónu, þá verður styrkurinn jafnmargar krónur. Þá verður hann talsvert á aðra krónu fyrir hvern hestburð. Þetta þótti nm. kannske fullríflegt, af því að svo mikill styrkur er veittur samkv. jarðræktarlögunum. Þess vegna er lagt til að hafa 75 aura í staðinn fyrir 1 krónu, og verður þá sem næst því 1 kr. fyrir hvern hest.

Ennfremur þótti réttast að takmarka þá upphæð, sem veitt væri á ári hverju til þessara hlöðubygginga, af því að ekki er hægt að segja fyrirfram, hversu miklar umsóknir kunna að koma. Þess vegna er a. m. k. rétt í byrjun að ákveða upphæðina. Við tiltókum hana 75 þús. kr. Okkur þótti það sérstök nauðsyn, vegna þess að samkv. jarðræktarlögunum hækkar alltaf sú upphæð, sem veitt er á ári hverju til jarðabóta og jarðræktar. Síðan þessi lög komu til framkvæmdar hafa útgjöld vegna þeirra vaxið um full 100 þús. kr. á ári, þannig að 1928 voru þau komin upp í ½ millj. kr. Vegna þess arna fannst okkur réttast að takmarka styrkinn við einhverja vissa upphæð.

Það má náttúrlega segja ýmislegt um það, hvað sé hæfileg upphæð. En ef mönnum sýnist svo, má hækka eða lækka upphæðina fyrir hvert dagsverk, eftir því sem reynslan kennir, hvað hæfilegt sé. En það má vænta þess, að þessi styrkur, sem bændum verður veittur, verði lyftistöng undir það, að gert sé meira en áður að því að byggja hlöður.

Jón Baldvinsson: Ég hefi nú ekki skorið mig alveg út úr í þessu máli. Ég hefi fylgzt með í sama nál., þótt ég sé mjög í vafa um, hvort rétt sé að fylgja þessu máli áfram.

Eins og nú er búið að leggja til í fjárlögum, eru talsvert mikil fjárframlög þegar komin til búnaðarins, bæði samkv. jarðræktarlögunum og á annan hátt. Gjöld samkv. jarðræktarlögunum eru nú sennilega nærri ½ millj. kr., til Búnaðarfélagsins ¼ millj. og nokkuð veitt á annan hátt. Ég er ekki að segja, að þetta sé of mikið fyrir búnaðinn, því að hann er alls góðs maklegur. En hitt er annað mál, hve mikið sé hægt að leggja í þetta án þess að leggja stein í götu annara, kannske ennþá nauðsynlegri framkvæmda.

Hér liggur fyrir brtt., sem dregur ofurlítið úr þessu frv., að því er virðist í fljótu bili. En við nánari athugun sýnist mér, að þótt fjárhæðin verði takmörkuð við t. d. 75 þús. kr., þá sé eftir eðli málsins varla annað sýnilegt heldur en að aðeins sé þar um áætlunarfjárhæð að ræða; því að ef nú koma svo og svo margir menn, sem eiga rétt á styrk, og þessar 75 þús. kr. endast ekki til, verður annaðhvort að nema staðar og bíða eftir næsta árs fjárveitingu, eða taka það, sem á vantar, upp sem aukafjárveitingu. En ef það verður geymt til næsta árs á eftir, getur vel farið svo, að 1 eða 2 árgangar af styrkþegum verði á eftir, svo að þeir, sem ætla að ráðast í nýjar framkvæmdir, verði að bíða í 3—4 ár.

Það er líka dálítið dregið úr þessu á annan hátt, með því að færa greiðslustyrk ofan í 75 aura fyrir dagsverk. En ég held nú, að svo sé ástatt í landinu, að ódæmamargir, kannske meginhluti allra bænda í landinu, þurfi að byggja hlöður, og komast þannig inn undir þetta. Ég álít sem sagt bráðnauðsynlegt, að þessar framkvæmdir komist á, en hitt er annað mál, hvort ríkið geti lagt út í þetta.

Þetta eru nú þær aths., sem ég vildi vekja máls á. Ekki er heldur úr vegi að geta þess, að fyrir Nd. liggur einnig frv. til stuðnings búnaðinum, með fastri árlegri greiðslu úr ríkissjóði, um 150 þús. kr., sem hv. þm. Mýr. og hv. 3. þm. Reykv. bera fram, og er um starfrækslu á skurðgröfu. Eftir grg. þess frv. er hér um að

ræða byrjun á afskaplega miklu verki, sem búast má við, að þurfi árlega fjárveitingu í stórum stíl. Ef það frv. gengur fram, og þetta líka, sem vel getur verið, þar sem þeir flokkar, sem að þeim standa, geta komið þeim áleiðis, þá er þetta geysimikill hluti af tekjum ríkissjóðs.

Ég vildi fyrir mitt leyti ekki telja þetta eftir handa landbúnaðinum, en vildi hinsvegar vekja máls á, hversu þungur baggi þetta getur orðið. Það gæti orðið svo mikið, að alveg yrði að skera það niður, vegna þess að ríkissjóður gæti ekki risið undir því. Ríkissjóður verður þó alltaf að geta hlaupið undir bagga með atvinnuvegunum, þegar þeir virkilega bregðast, t. d. í vondu árferði, og má hann því ekki vera búinn að binda sig svo í föstum útgjöldum, að allt fari þá í kaldakol.

Þótt ég hafi mælt heldur í gegn þessu frv., býst ég ekki við að greiða atkv. á móti því. Ég get látið það afskiptalaust við þessa umr., en álít a. m. k. rétt að bíða með það hér í Ed., þangað til séð verður fyrir um forlög þess frv., sem liggur fyrir Nd.

Það er nú verið að ræða um ýmsar framkvæmdir við sjóinn; heilan dag hefir verið talað um framlög ríkisins til hafnargerða. Það eru ekki nema takmarkaðar fjárhæðir, og þó heyrðist mér ýmsir bændur telja talsvert úr því, að hægt væri að leggja þetta fram til hafnargerða. Þó er ekki hægt að neita því, að mikið af því fé, sem varið er til landbúnaðarins, kemur sem tekjur frá sjávarútveginum. Ég er ekki þar með að álasa landbúnaðinum, því að mikill hluti þjóðarinnar hefir uppeldi sitt af honum. En beinu peningarnir koma frá sjávarútveginum.

Þótt þetta frv. verði látið fljóta til 3. umr., er betra að geyma það og sjá, hvernig fer um önnur mál, er fara fram á mikil útgjöld, og meta þá, hvað helzt ætti að ganga fyrir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er síður en svo, að ég telji ekki nauðsyn á því, að byggðar séu góðar hlöður, sem séu til frambúðar yfir heyfeng landsmanna. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að tryggja heyforðann betur heldur en að geyma hann í góðum hlöðum. Og ég er viss um, að hér er í raun og veru stórt verkefni fram undan. Þær frambúðarhlöður, sem til eru í landinu, álít ég að ekki geri betur en að taka við þeim aukna heyfeng, sem fæst á næstu árum með aukinni ræktun; og þá er það hlutverk, sem liggur fyrir, hvorki meira né minna en það, að byggja yfir allan þann heyfeng, sem nú er í landinu. Þetta tekur langan tíma og kostar mikla peninga.

Þetta frv. ætlast til þess, að ríkissjóður styrki þessar byggingar. Það er auðvitað framhald af því, sem áður er búið að gera til styrktar landbúnaðinum. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að hér er verið að binda ríkissjóði útgjaldabyrði um ófyrirsjáanlegan tíma, þannig að alltaf verður að ætla fé til þessa, hvernig sem á stendur. Ég tel, að í rauninni sé búið að ganga nokkuð langt í því efni að lögbinda tekjur ríkissjóðs fyrir framtíðina, og að tæplega sé forsvaranlegt að bæta miklu þar við, nema með því móti að útvega ríkissjóði jafnframt einhverjar nýjar tekjur. Það er í rauninni allt annað mál, þegar verið er að binda tekjurnar fyrir framtíðina, heldur en fyrir eitt og eitt ár í senn.

Útgjöld, sem ríkissjóður hefir haft vegna jarðræktarlaganna, hafa alltaf aukizt með hverju ári, eins og hv. frsm. tók fram. Ég veit ekki, hvort ég hefi tekið rétt eftir því hjá hv. frsm., að útgjöldin hefðu 1928 verið um ½ millj. kr. Ég held, að þetta sé ekki rétt, því að árið 1928 voru þau rétt um ¼ millj. kr. En eigi að síður er það rétt hjá hv. frsm., að styrkurinn hafi alltaf farið vaxandi. 1929 munu útgjöldin hafa verið 375 þús. kr., og eftir því, sem ég hefi frekast getað aflað mér upplýsinga um, býst ég við, að á yfirstandandi ári verði greidd um ½ millj.; og þeir, sem þykjast sjá gleggst fram í framtíðina, álíta, að á árinu 1931 komist styrkurinn upp í 700 þús. kr., ef enginn sérstakur afturkippur verður.

Ef útgjöld ríkissjóðs samkv. jarðræktarlögunum komast upp í ½ millj. króna á yfirstandandi ári, þá er það talsvert mikið hærra en áætlað var í fjárl. Í fjárlfrv. fyrir 1931 eru þessi gjöld áætluð 430 þús. kr., og er það líklega talsvert of lágt. Það er nefnilega ekki rétt, sem sumir álíta, að vegna stækkunar jarðabótadagsverksins

síðastl. ár minnki útgjöld ríkisins eftir jarðræktarlögunum frá því, er verið hefir undanfarandi ár. Vitanlega minnka þau frá því, sem orðið hefði, ef stærð dagsverksins hefði ekki verið breytt, en búnaðarframkvæmdirnar fara svo hraðvaxandi, að heildarútgjöldin vaxa ár frá ári, **þrátt fyrir stækkun** dagsverksins.

Verði nú frv. þetta samþ., verður að hækka áætlun fjárlfrv. um greiðslu eftir jarðræktarlögunum samkv. því. Ég lít svo á, að ef samþ. verður brtt. hv. n. um 75 þús. kr. hámark á styrkgreiðslu til hlöðubyggingar, þá verði að skoða þá tölu sem áætlunarupphæð og bæta henni við þann lið fjárlfrv., sem áður var áætlaður til greiðslu samkv. jarðræktarlögunum. Hitt hefði verið hægt, ef staðið hefði í frv. **allt að** 75 aurum á hvert metið dagsverk, að binda í framkvæmdinni styrkgreiðsluna við einhverja ákveðna upphæð, en þá hefði aftur komið fram misrétti, ef styrkurinn hefði orðið sum árin 75 aurar á dagsverk, en sum minna. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þó hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, þá er varhugavert að ganga langt á þeirri braut að skylda ríkissjóð um ófyrirsjáanlegan tíma til að greiða ákveðin gjöld árlega, hvernig sem fjárhagur hans kann að verða það og það árið.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Það gleður mig, hvað eiginlega er tekið vingjarnlega í þetta mál, bæði af hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk., og að þeir sjá, hvað hér er um þarft mál að ræða. En ég tel ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að með samþykkt þessa frv. væri ríkissjóði bundinn gjaldabaggi um ófyrirsjáanlegan tíma. Þessum lögum mætti auðvitað breyta hvenær sem er, eins og öðrum lögum. Í brtt. n. er ákveðið, að ekki skuli greiða meira í styrk til hlöðubygginga en 75 þús. kr. á sama ári og að enginn einn maður skuli fá hærri styrk en 750 kr. Svo mætti strax á næsta ári, þegar búið er að sjá, hvað mikil eftirspurn verður eftir þessum styrk, lækka greiðsluna, sem nú er ákveðin á hvert dagsverk. Fyrst er að prófa, hvað mikil áhrif svona lög hafa í þá átt að hvetja menn til hlöðubygginga.

Ég vil leyfa mér að leiðrétta þær tölur, sem hæstv. fjmrh. nefndi áðan. Það, sem greitt var árið 1926, fyrir jarðabætur unnar 1925, voru 201 þús. kr., árið 1927 voru greiddar 228 þús., árið 1928 375 þús. og á síðastl. ári er mér sagt, að styrkgreiðslan muni hafa farið upp í fulla hálfa millj., eða 511 þús. kr. (**JBald:** Í landsreikningunum stendur 232 þús.). Það má vera, að mér hafi verið gefnar rangar tölur; ég hefi ekki rannsakað þetta sjálfur, en fékk upplýsingar hjá búnaðarfélagsstjórninni.

Ég játa það með hv. 4. landsk., að mestur hluti þess fjár, sem veitt er til styrktar landbúnaðinum, kemur frá sjávarútveginum. Ég tel það lofsvert, því auðvitað eiga þessir atvinnuvegir að vinna saman í bezta bróðerni. Ég álít fénu, sem varið er til að efla ræktun landsins, ekki eytt, heldur sé það lagt til hliðar til stuðnings afkomu landsins, t. d. ef sjávarútvegurinn bregzt. Ég álít, að það fé muni bera góðar rentur, bæði öldum og óbornum.

Jón Jónsson: Ég get sem flm. þessa frv. vottað samnm. mínum í landbn. þakkir fyrir, hvað vel þeir hafa tekið í þetta mál, einkum hv. frsm., því þó við höfum komið okkur saman um að gera dálitlar takmarkanir á þeim útgjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá hefir hann þó fallizt á aðalatriði þess.

Ýmsir góðir bændur hafa haldið fram, að það mundi spara allt að 1 kr. á hvern hest af þurru heyi, að hafa hlöður fyrir allan heyfeng sinn. Ef það er rétt, sjá allir, hvað hér er um mikilsvert mál að ræða. En eins og hv. frsm. sýndi fram á, er hinsvegar svo dýrt að byggja hlöður, að það er eðlilegt, að margir bændur reyni að hliðra sér hjá því, og margir geta ekki lagt í svo dýrar framkvæmdir, þó þeir sjái, hvað arðvænlegar þær eru. Einmitt þegar þannig stendur á, er þörfin mest aðkallandi á því, að ríkið hlaupi undir bagga og hvetji menn til framkvæmda.

Ég held menn geri allt of mikið úr því, hvað framlögin, sem frv. gerir ráð fyrir, geti orðið þungbær fyrir ríkissjóðinn. Eftir síðustu búnaðarskýrslum er allur ársheyafli landsmanna ekki nema 2 millj. hestburða. Eftir reynslu bænda kemst allt að 2 hestum í 1 teningsm. rúm í hlöð-

um. Ef teningsm. er metinn 2 dagsverk, verða því dagsverkin lítið fleiri en heyhestarnir. Nú mundi eftir till. n. ekki verða greiddur styrkur fyrir nema hluta af þeim hlöðum, sem reistar verða á stórbúum, þar sem ekki á að veita sama manni hærri upphæð en 750 kr. Þess vegna yrði að öllum líkum ekki framlag ríkissjóðs nema 1—1½ millj. kr., þó reistar væru hlöður yfir allan heyfeng landsmanna í einum rykk.

Hv. 4. landsk. benti á, að ef árleg styrkgreiðsla ríkissjóðs til hlöðubygginga væri bundin við ákveðið hámark, þá gætu einhverjir orðið alveg útundan sum árin, sem ættu þó sama rétt til styrksins og þeir, sem fá hann. Þetta er alveg rétt. Þeir yrðu þá að bíða til næsta árs, og myndu þá sitja fyrir öðrum. Framlög ríkissjóðs dreifðust þá á lengri tíma, en væru ástæður hans einhverntíma venju fremur góðar, sé ég ekkert á móti, að hann greiddi nokkru meira það árið.

Mér finnst ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að þetta frv. stefni að því að binda nokkuð af tekjum ríkissjóðs um ófyrirsjáanlegan tíma. Þó miðað væri við það, að byggðar yrðu hlöður yfir allan heyfenginn, tæki ekki meira en 15—20 ár að greiða til þeirra þann styrk, sem hér er um að ræða, ef 75 þús. væru greiddar á ári. Það kalla ég ekki ófyrirsjáanlegan tíma.

Hæstv. fjmrh. hélt fram, að ef þetta frv. væri samþ. þyrfti að afla einhvers tekjuliðar á móti. Það ætti þá eins að þurfa þess í hvert skipti, sem ákveðnar eru einhverjar greiðslur úr ríkissjóði. Við bundum t. d. ríkissjóði þunga bagga um daginn með afgreiðslu bankamálsins; þá var ekkert talað um, að útvega þyrfti tekjustofn á móti. Og hæstv. fjmrh. bar hér fram frv. um að hækka laun yfirsetukvenna án þess að minnast nokkuð á nýja tekjustofna. Mér finnst ekki meiri ástæða til að krefjast nýrra tekjustofna nú heldur en endranær, þegar samþ. eru aukin útgjöld ríkissjóðs.

Mþn. í skattamálum færir líkur að því, að fasteignaskatturinn muni hækka um 50% við hið nýja fasteignamat. Sá aukni skattur af jörðunum, sem af þessu flýtur, mun því hrökkva langt til að mæta þeim gjöldum, er þetta frv. leggur á ríkissjóð. Hinsvegar má benda á, að auknar framkvæmdir á jörðunum hækka þær mjög í verði, sem verður aftur til að auka gjöld þeirra til ríkisins. Þegar rætt verður um skattalögin, gæti jafnvel komið til mála að hækka fasteignaskattinn, með tilliti til þess, sem ríkið hefir stuðlað að því með jarðræktarlögunum að auka verðgildi jarðanna.

Ég get viðurkennt það, sem hv. 4. landsk. sagði, að miklu er varið til styrktar landbúnaðinum nú, og vona ég, að það beri mjög góðan árangur. En að því er snertir frv. það, sem hann benti á, að Nd. hefði til meðferðar nú, um aðalframræsluskurði, þá held ég, að með því sé ekki heldur verið að binda ríkissjóði útgjaldabagga um ófyrirsjáanlegan tíma vegna landbúnaðarins. Það frv. gerir, eftir því sem mér hefir skilizt, ráð fyrir, að ríkið veiti fé til skurðgröfukaupa, en það er eflaust ekki ótakmarkaður fjöldi af skurðgröfum, sem landsmenn þarfnast, svo að sá gjaldauki getur ekki staðið mörg ár.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er aðeins stutt aths. Okkur hv. frsm. virðist bera nokkuð mikið á milli um það, hvað fjárframlög ríkissjóðs vegna jarðræktarlaganna hafi verið mikil undanfarin ár. Skal ég því gefa stutta skýrslu um það, til þess að koma í veg fyrir allan misskilning. Árið 1924 var ekkert ætlað í fjárl. til jarðabótastyrks, en greitt samkv. landsreikningunum 10599,28 kr. Árið 1925 var áætlað í fjárl. 35000,00 kr., en greiddar 50000,00 kr.; árið 1926 áætlaðar 50000,00 kr., en greiddar 83006,57; árið 1927 áætlaðar 50000,00 kr., en greiddar 179071,20 kr.; árið 1928 áætlaðar 140 þús. kr., en greiddar 252069,43 kr.

Ég hefi hér fyrir mér landsreikningana og byggi þessar tölur á þeim. Þær verða því ekki vefengdar. Þetta skiptir nú vitanlega ekki miklu máli í sambandi við þetta frv., sem nú liggur fyrir. Það er aðeins bending um, hvað bessi útgjöld vaxa óðfluga. Það er ekki að fullu uppgert, hvað greiða þarf samkv. jarðræktarlögunum á þessu ári, en eins og ég hefi áður sagt, get ég búizt við, að það komist upp í ½ millj. kr.

Halldór Steinsson: Ég viðurkenni það, að nauðsynlegt er að koma upp góðum heyhlöðum sem víðast. Hinsvegar get ég tekið í sama streng og þeir, sem haldið hafa fram, að þar sem hér væri um allmikla fjárgreiðslu að ræða, gæti verið spursmál, hvort rétt er að samþykkja hana án þess að hafa vissu fyrir, að einhver tekjuliður komi í staðinn. A. m. k. hefir það stundum áður verið látið klingja hér í hv. d., hafi átt að samþykkja einhverjar fjárgreiðslur, að nauðsynlegt væri að útvega einhvern nýjan tekjulið í staðinn. Og nú hefir verið lagt fram frv. um að lækka útflutningsgjald af síld, en meiri hl. fjhn. gat ekki mælt með því, vegna þess að ekki væri bent á neinn nýjan tekjulið í staðinn. Ef fylgja á þessari reglu, þegar um er að ræða ívilnanir eða styrk til sjávarútvegsins, þá á áreiðanlega það sama að gilda þegar styrkja á landbúnaðinn.

Það er ekki svo að skilja, að ég sé að telja eftir, hvað mikið hefir verið lagt fram til eflingar landbúnaðinum. En því verður ekki neitað, að ekki er fullt samræmi milli þessara tveggja atvinnuvega að því er snertir fjárframlög ríkisins til þeirra. Það má segja, að svo langt sé nú þegar gengið í því að styrkja landbúnaðinn, beint og óbeint, að bændur geta fengið greitt svo að segja hvert dagsverk, sem þeir láta vinna, annaðhvort með beinum styrkjum eða lánum. Það er nú búið að styrkja landbúnaðinn svo mikið, bæði með jarðræktarlögunum og ýmiskonar lánsstofnunum, sem veita bændunum hagkvæm lán til hverskonar framkvæmda, að mér finnst ekki rétt að stíga enn stórt spor í sömu átt án þess að líta til hins atvinnuvegarins. Það verður að gæta þess að gera ekki of mikið upp á milli hinna tveggja aðalatvinnuvega landsmanna. Það er svo nú, að ef t. d. þurrabúðarmaður í einhverju kauptúninu vill rækta blett eða byggja yfir sig og sína, þá á hann ekki greiðan aðgang að neinum sjóði eða banka og fær engan styrk frá ríkinu; hinir fáu sparisjóðir úti um landið eru helzta hjálparhella slíkra manna, og geta þeir þó ekki veitt nema mjög takmarkaða hjálp.

Nú eru alltaf að verða hærri og hærri þær raddir, sem krefjast stuðnings til hafnarbóta úti um landið. En sumir þm. virðast sýna heldur lítinn skilning á því mesta framfaramáli þeirra, sem við sjávarsíðuna búa, og bæri þeim þó að taka þeim málaleitunum með jafnmiklum skilningi og velvild sem þeim málum, er lúta að vexti landbúnaðarins.

Hv. 6. landsk. taldi ekki þörf á að leggja á nýja skatta, þó frv. þetta væri samþ., og benti á ýmsar fjárveitingar, sem samþ. hefðu verið án þess að sérstakur tekjuliður væri ætlaður á móti. Sagði hann, að í hlöðunum væri líka um svo mikið verðmæti að ræða, þegar þær væru komnar upp. Það er auðvitað rétt, en sama má segja um flestallar aðrar framkvæmdir. Ekki eru t. d. hafnirnar verðlausar, þegar búið er að byggja þær, því fáar framkvæmdir munu gefa eins mikinn arð og þær.

Annars stóð ég nú upp aðallega til að benda á það, að mér finnst ekki þetta mál vera látið ganga alveg rétta þingskapaleið í gegnum hv. d. Í 16. gr. þingskapanna segir svo:

„Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr ríkissjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu".

Þó ekki hafi nú æfinlega verið farið eftir þessu, þá finnst mér ástæða til þess, þegar um svo stóra upphæð er að ræða sem nú. Ætti því að taka málið út af dagskrá nú og vísa því til fjvn. til að fá hennar álit um það. Ég kynni betur við, þar sem um svo stóra fjárupphæð er að ræða í sambandi við þetta frv., að því ákvæði þingskapa væri fylgt, að málið væri í þetta sinn tekið út af dagskrá og vísað til fjvn.

Jón Jónsson: Hv. þm. Snæf. vildi fara í samanburð á framlagi ríkisins til atvinnuveganna. Ég er náttúrlega ekki við því búinn að gera slíkan nákvæman samanburð; ég átti ekki von á slíkri togstreitu um þessa hluti. Og ég hygg það sé réttast fyrir Alþingi að styðja yfirleitt

alla heilbrigða atvinnuvegi landsins, eftir því sem ástæður liggja í það og það skiptið, án þess að vera að metast um það, hvor fái meira þetta og þetta árið.

Það, sem hv. þm. vitnaði aðallega til, var það, að einhver tregða væri sýnd í því að styðja sjávarútveginn. Ekki get ég a. m. k. tekið þetta til mín, því að ég veit t. d. ekki betur en ég hafi stutt hafnarmálin í fyrra nokkurn veginn sæmilega. Og Alþingi hefir þegar tekið upp þá reglu að leggja meiri styrk til hafnargerða heldur en farið er fram á, að lagt verði til þessara framkvæmda. Ég veit ekki betur en lágmarkið sé ⅓ kostnaðar úr ríkissjóði til hafnarbóta, og þar að auki hafa verið ábyrgzt svo og svo mikil lán til þeirra.

Hvað því viðvíkur, að bændur fái borgað hvert dagsverk, sem þeir leggja í jarðabætur á sínum jörðum, þá er það ofsagt, a. m. k. ef á að telja það að fullu. Fyrst og fremst vinna þeir miklar jarðabætur, sem ekkert eru styrktar, og svo er það heldur ekki nema örlítið brot af kostnaði, sem þeir fá úr ríkissjóði fyrir hinar.

Dálitið framfaraspor fyrir sjávarþorpin má að sjálfsögðu telja stigið með frv. í fyrra um verkamannabústaði. Og viðvíkjandi bönkum er það að segja, að við höfum á þessu þingi sýnt sjávarútveginum fullan skilning og velvilja. Það er settur upp nýr banki, fyrst og fremst til að styðja sjávarútveginn. Það hlýtur að hafa í för með sér ½ millj. kr. útgjöld á þessu ári og árlega fyrst um sinn. Og það er ekki sérlega lítið móti þeim styrk, sem landbúnaðurinn nýtur. Svo að ég hygg, sannast að segja, að það sé ekki nein ástæða að metast nokkuð um þetta.

Það er rétt, að Alþingi hefir tekið dauflega í að lækka síldartollinn. En mér finnst það alls ekki nema eðlilegt, um sama leyti og ríkið hefir sýnt síldarútveginum mikinn stuðning, með því að setja upp bræðsluverksmiðju og annað slíkt.

Sem sagt, mér finnst þingið hafa sýnt sanngirni á báða bóga. En ég býst við, að því miður sé svo ástatt eins og stendur, að landbúnaðurinn hafi meiri þörf stuðnings, sé fremur í niðurlægingu en sjávarútvegurinn, og því tel ég ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að löggjafarvaldið veiti honum styrk.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Ég skal aðeins geta þess, þar sem hv. þm. Snæf. tók fram, að þar sem frv. færi fram á aukin útgjöld, væri rétt samkv. þingsköpum að vísa því til fjvn., að ég átti tal um þetta við hæstv. fjmrh. einslega. Hann tók nú ekki neitt illa á þessu, en fór fram á, að lækkað væri gjald fyrir hvert metið dagsverk. Og það höfum við gert. Svo að ég held, að það gæti komið í stað þess að leita til hv. fjvn., þar sem hæstv. fjmrh. tók svona liðlega í málið.

Annars skal ég ekki orðlengja um þetta; málið er talsvert rætt. Ég verð að líta svo á, að því fé, sem varið er til landbúnaðarins nú, sé verulega vel varið. En ég ætla ekki að gera upp á milli sjávarútvegs og landbúnaðar. Þessir atvinnuvegir eru sem tvær hendur, er þurfa að vinna saman að heill og góðri afkomu þjóðarinnar, og þess vegna held ég sé ákjósanlegast að fara sem minnst út í metning þeirra á milli. En ég vík ekki frá því, að þetta fé, sem varið er til landbúnaðarins, þótt það sé talsvert mikið, það kemur aftur, enda þótt það verði ekki alveg strax.

Jón Baldvinsson: Ég er það vel sammála hv. þm. Snæf. um þetta mál í eðli sínu, að við þurfum ekki að deila um það. En ég er honum þó ekki sammála um það, að nauðsynlegt sé að fara með þetta mál til fjvn. Því að það hafa legið ýms mál fyrir þinginu, þar sem farið var fram á stóraukin útgjöld úr ríkissjóði, en þó ekki farið með þau til fjvn. Er skemmst á að minnast, að fyrir nokkrum dögum var samþ. að leggja fram úr ríkissjóði í áhættu nálega 5 millj. króna, og ég minnist þess ekki, að leitað væri til fjvn. deildanna. Mér finnst því varla taka því að fara að hengja smáþjófana, fyrst þeir stóru hafa sloppið.

En flm. málsins, hv. 6. landsk., vildi ég aðeins benda á það, að hann hafði einmitt í Íslandsbankamálinu og Útvegsbankamálinu getað tryggt tekjur handa hlöðunum sínum, ef hann hefði fallizt á till., sem kom fram um það, að vextir af nýju hlutafé í Útvegsbankanum gengju í

ríkissjóðinn strax, en ekki til þess að borga gömul töp Íslandsbanka. En þessi hv. þm. mat þá meira að flaustra því máli af. (JKr: Og að styrkja sjávarútveginn). Ja, það er nú stórt spursmál, hvort sjávarútveginn hefir munað ákaflega mikið um þetta, en hinsvegar hefði fjárhagsleg afkoma ríkissjóðs ekki versnað, þótt hann hefði fengið 90 þús. kr. af þessu og lagt 70—90 þús. kr. í hlöðurnar.

En því verður ekki hægt að neita, sem við hv. þm. Snæf. og hæstv. fjmrh. höfum haldið fram, að það eru komnir svo margir fastir og háir útgjaldaliðir á ríkissjóð, sem ekki verða skornir niður, nema ýtrasta nauðsyn komi til. Finnst mér því uppástunga mín það heppilegasta í þessu máli, að bíða með þetta og sjá, hverju fram vindur um afgreiðslu mála í hv. Nd. Og ef við í þinglokin sjáum fram á sæmilega afkomu, þá væri hægt að taka málið fyrir og afgreiða það.

Eitt er enn að athuga í þessu máli. Ég er ekki viss um, að það sé nægilega tryggt, að þær byggingar, sem reistar verða samkv. þessu frv., verði þess virði, að þær séu styrktar. Ég hefi víða farið um byggðir landsins, og það er sannast að segja hörmung að sjá, hvernig er víða frá slíkum byggingum gengið. Steinhús eru þar víða ópússuð og vatn gengur hiklaust í gegnum þau, og það er kannske aldrei hægt að laga þetta. Vatnið étur úr veggjunum, svo að jafnvel koma göt á. Þetta hefi ég séð allvíða. Húsabyggingar, þar sem svo er ábótavant um frágang, tel ég ekki rétt að styrkja. Líkt má segja um frágang á grunni húsanna. Gömlu hlöðurnar voru oft illa gerðar að þessu leyti, svo að vatn hljóp í þær. Yfirleitt eru menn ekki óvanir að byggja af lítilli þekkingu og litlum efnum.

Það gæti því verið eitt stærsta atriði í þessu máli, ef til framkvæmda kæmi, að haft yrði strangt eftirlit með byggingum, miklu strangara en gert er ráð fyrir eftir gildandi lögum. Það á að vísu að reisa þetta eftir fyrirmyndum, en það þarf sannarlega miklu meira að gera. Það þarf að tryggja, að þeir vinni þetta verk, sem kunna. En oft eru þeir menn fengnir til slíkra starfa, sem lítt kunna, svo að ýmislegt verður hrákasmíð, sem endist illa.

Jón Þorláksson: Ég mun greiða atkv. með brtt. n. og með þessu frv., a. m. k. við þessa umr.

En út af því, að mér þótti hæstv. fjmrh. svo óvenjulega hikandi í ummælum sínum um það, hvort það væri eiginlega gerlegt að bæta þessum árlega útgjaldaauka á ríkissjóð, þá vildi ég aðeins skjóta því til hv. n., hvort hún sæi sér ekki fært, í samráði við hæstv. fjmrh. og fjvn., að athuga þetta mál, þannig að það gæti legið nokkurn veginn skýrt fyrir við 3. umr., hvort hæstv. stj. þykir forsvaranlegt að taka á móti þessum árlega útgjaldaauka. Og ég skal segja það, að ef hæstv. stj. sér þetta fært, þá skal það vera mér ánægja að greiða frv. atkv. úr hv. deild.

Forseti (GÓ): Ég vil taka það fram út af ummælum hv. þm. Snæf., að samkv. þingsköpum skal leita álits fjvn. um svona mál. En þetta er bara alveg komið úr móð. Það hafa sannarlega stærri fjárhagsatriði en þetta komið fyrir þingið, eins og hv. þdm. hafa bent á, og ekki verið minnzt á að bera þau undir fjvn. Þannig hefir þingið hegðað sér allmörg undanfarin ár, og býst ég varla við, að þetta litla mál gefi tilefni til að breyta út af þessari venju, sem skapazt hefir, fyrst svona hefir farið um stærri málin.

ATKVGR.

Brtt. 255 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EF, HSteins, IP, JóhJóh, JBald, JónJ, JÞ, JónasJ, JKr, PH, BK, GÓ.

Tveir þm. (EÁ, IHB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 275, 288).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 288. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég flyt hér brtt. á þskj. 288, við frv. eins og það nú

er orðað. Þessar brtt. eru mjög einfaldar, og því auðvelt að átta sig á þeim. Í fyrri brtt. er lagt til, að sá styrkur, sem ætlaður er til hlöðubygginga, verði lækkaður frá því, sem nú er í frv., úr 75 aurum niður í 50 aura á hvert dagsverk, og að styrkurinn til hvers einstaklings fari ekki fram úr 500 kr., í stað 750 kr.

Þessa brtt. miða ég við ákvæði 7. gr. gildandi jarðræktarlaga, þar sem gert er ráð fyrir því, að styrkur til votheystófta verði 50 aurar á hvert dagsverk. Það kann að vera álitamál, hve hár styrkurinn eigi að vera, en ég sé ekki ástæðu til að ætla hærri styrk til þurrheyshlaðna en votheystófta.

Með síðari brtt. er lagt til, að 2. gr. frv. verði felld niður, þar sem sett er hámark fyrir heildarstyrk til hlöðubygginga.

Nú læt ég vitanlega hv. d. sjálfráða um það, hvort hún getur fallizt á þessa lækkun á styrknum, sem ég fer fram á. En viðvíkjandi þeirri breyt. að nema burt úr frv. hámarkið á þeirri upphæð, sem lögð er til þessara bygginga, er það að segja, að það byggist á því, að í jarðræktarlögunum er ekki gert ráð fyrir því, að sú upphæð, sem sett er í fjárl. til útgjalda vegna jarðræktarlaganna, sé annað en áætlunarupphæð, og þess vegna virðist mér það hljóta að verða eins með þetta eins og aðrar þær framkvæmdir, sem styrktar eru samkv. jarðræktarlögunum. Mér virðist það ganga beint í bága við anda jarðræktarlaganna, ef sett er þetta hámark, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgr. 1. gr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Brtt. eru svo einfaldar, að þær þurfa ekki frekari skýringar við.

Guðmundur Ólafsson: Það var talað allmikið um þetta mál við 2. umr., svo mikið, að mig var farið að langa til að taka þátt í umr. þá. Svo hélt ég, að allt væri búið, einkum þegar hv. þdm. virtust vera ánægðir með, að málið héldi áfram, er þeir greiddu því allir jákvæði með nafnakalli við 2. umr. Og ég tók það sízt í höfuðið þá, að maður myndi eiga von á þessu hreggi þaðan, sem það kom, því að þótt þessi hæstv. ráðh. sé nú kominn í þetta valdasæti, þá hefi ég þó í rauninni skoðað hann sem samverkamann okkar landbænda, og því datt mér sízt í hug, að hæstv. ráðh. færi að reyna að klípa af þessum styrk, ekki hærri en hann er nú ákveðinn í frv. Mér finnst, að það vaki sama fyrir hæstv. ráðh. og fjárríkum bónda, sem ætti það á hættu að missa alla hjörðina, en þætti tjónið ekki svo mikið, ef hann bjargaði minnsta lambinu. Þetta er það, sem hæstv. ráðh. verður að gera sér að góðu um meðferð fjárl. á þinginu, hann verður að dragast með þótt þingið segi honum, að hann verði að borga á næstu árum tugi þúsunda, hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir. Þar kemur hæstv. ráðh. engri vörn við, ef meiri hl. þings vill hafa það svo. En það er þó undarlegt, hvernig bæði hæstv. ráðh. og sumir aðrir líta á þetta. Í sumum tilfellum gerir það ekkert, þótt það sé verið að gera ríkissjóði að skyldu að greiða svo skiptir hundruðum þúsunda á ári, ef það er til einhvers viss hlutar, sem að engu leyti getur bætt hag þjóðarinnar, en ef það er sýnilegt, að búast má við, að það bæti hag hennar eða ríkissjóðs síðar, eða að það verði greitt aftur á sínum tíma, þá gengur allt erfiðara að fá því framgengt. Það er nokkuð líkt og sagt var um banka einn hér á landi, að erfitt var að fá hjá honum smáar upphæðir, ef sæmilegar tryggingar voru fyrir hendi, en ef lánsupphæðin skipti hundruðum þúsunda eða meira, og engin eða lítil trygging boðin, þá gekk allt vel. — Það eru líklega tímarnir yfirstandandi, sem gera þetta, og það lítur helzt út fyrir, að hæstv. fjmrh. sé eitthvað smitaður af þessari venju. En ég hefi alltaf verið henni mótfallinn og held, að það geri jafnvel ekkert til, þótt látið sé heimilt úr ríkissjóði nokkurt fé, ef það er til arðvænlegra framkvæmda, og myndi verða viss hagur að því fyrir þjóðina. Að ég ekki fari þarna með fleipur út í loftið, má sanna með því, að tveir hv. þm. töluðu mikið á móti þessu frv. vegna fjárhags ríkissjóðs. Ég er ekki að tala um þetta nú af því, að ég sagði ekkert um málið þá, heldur nefni ég þetta af því, að þeir voru þá rétt áður búnir að halda fram máli, sem hefði orðið jafnkostnaðarmikið fyrir ríkissjóð. Þeir töluðu á móti þessu máli við 2. umr., og þeir geta átt eftir að gera það við þessa umr. Ég játa, að það er nokkuð mikil

upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv., ef það eru 75 þús. kr. á ári, en ég held, að það sé allt of ríflega áætlað, a. m. k. í byrjun, og ég lít svo á, að ekki sé rétt að láta hlöðurnar sitja alveg á hakanum, og það jafnvel þótt þyrfti að lækka eitthvað styrk til annara jarðabóta, því hve mikill tími og vinna er það ekki, sem árlega fer í tóftirnar, og hve mikið er það ekki, sem þarf að eyðileggja jörðina með allri torfristunni, er af þeim leiðir? Nei, það hefði aldrei getað sett stóran blett á hæstv. fjmrh. og hv. d., þótt þetta fengi að ganga fram, og ég fyrir mitt leyti hefði ekki álitið það neitt óhyggilegt, þó að það hefði eitthvað síðar þurft að rýra styrkinn til annara jarðabóta vegna þessa gjalds til hlaðnanna.

Eitt af því, sem hæstv. fjmrh. færði fram fyrir réttmæti þessarar brtt., var það, að nú væri 50 aura styrkur á dagsverk í votheystóftum. En það er ekki sambærilegt, því að þær eru frekar undantekningar í mörgum héruðum, en hæstv. ráðh. gat um, að gott væri að hafa þær, ef þyrfti að hirða í vothey í óþurrkaári. Jú, það er rétt, en það er gott að hafa þurrheyshlöður í hvaða ári sem er, því að það mun venjulega vera svo í flestum héruðum, að það verði minnst hirt í vothey; það þykir aðeins gott að hafa það með. Þá er þurrheyshestur mikið rúmfrekari í geymslu en votheyshestur.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði um 2. mgr. 1. gr., sem hann vill fella úr frv., skiptir náttúrlega engu máli, en það þótti þó einn kostur við frv. áður, að það var tekin viss upphæð, sem átti að verja til þessara hluta.

Ég býst nú ekki við, að það þýði mikið að tala frekar um þetta. Það er ekki svo flókið mál, enda hafa hv. þdm. líka getað áttað sig á því, og eins þeir, sem hafa sömu skoðun og hæstv. ráðh., að gott sé að fara gætilega með ríkissjóð, þegar um styrk til arðvænlegra fyrirtækja er að ræða, og það er þegar vitað, hvernig þeir greiða atkv. Vonandi verða þeir svo varkárir á morgun og hinn daginn, en ég hefi ekki þekkt það til þeirra, að þeir hafi verið svo varkárir að undanförnu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér finnst það vera dálítið ósamræmi hjá hv. þm. A.-Húnv., þar sem við vorum mjög ákveðnir samherjar í ljósmæðramálinu, að við ekki getum einnig verið samherjar um sparnað á þessu sviði. Mér virðist hv. þm. telja þetta of mikla smámuni, til þess að ég gengi svo langt að vera að rýra það, sem í frv. er ætlað til hlöðubygginga. En ég vildi aðeins taka það fram, að ég hefi aldrei verið manna fúsastur til að greiða atkv. með því, sem að mínu áliti er óþarfur fjáraustur í fjárl., og þess vegna getur hv. þm. ekki ásakað mig að neinu leyti fyrir það, að ég hafi viljað fara ógætilega með fjármál ríkissjóðs í fjárl. En ég lít svo á í þessu máli, að það sé mjög sæmilega greitt fyrir þessar byggingar af hálfu hins opinbera með því að veita mönnum 50 aura styrk á dagsverkið fyrir byggingar á heyhlöðum. Það má auðvitað tala um það, að ríkissjóður ætti að borga þetta að helmingi eða ⅓, eða eitthvað þar fram eftir götunum, en ég verð nú að segja það, að ég lít svo á, bæði að því er snertir framkvæmdir einstakra manna og héraða, að það eigi fyrst að reyna á kraftana heima fyrir og að það sé gert allt, sem hægt er, án þess að leita til hins opinbera.

Hv. þm. minntist á, að hann hefði getað fallizt á það, að styrkurinn, t. d. til jarðræktar, yrði eitthvað lægri. Já, þetta getur komið til mála, og það getur, meira að segja, komið til mála, að ef of langt er gengið í því að bæta útgjöldum á ríkissjóðinn til ýmsra framkvæmda, að það reki að því að þingið sjái sér ekki annað fært en að snúa aftur á þeirri braut, að það verði svo þungur baggi, að því verði nauðugur einn kostur að fara að draga sig til baka.

Hv. þm. fannst þetta ekki vera sambærilegt við votheystóftir. Mér finnst það einmitt vera sambærilegt, og ég hygg, að það hafi vakað fyrir löggjafanum, þegar þessi lög voru samin, að það þyrfti að útbreiða þær, af því að það var nýjung, sem var litið svo á, að gæti rutt sér til rúms, til þess að menn væru ekki óviðbúnir þegar vandræði bæri að höndum af óþurrkatíð. Hinsvegar voru hlöðubyggingar engin nýjung; það eru mjög gamalkunnar framkvæmdir, en hafa annars fram til skamms tíma verið byggðar úr efni, sem ekki er varanlegt, og þess vegna

ekki staðið nema 10—20 ár. En hinsvegar tel ég það gott, að veitt sé einhver viðurkenning fyrir það að byggja nú þessar hlöður úr varanlegu efni og gengið þannig frá þeim, að ekki þurfi hver einasta kynslóð að byggja upp sömu bygginguna á ný.

Páll Hermannsson: Ég get tekið undir með þeim, sem hafa látið þá skoðun í ljós, að það muni vera gott fyrir þjóðfélagið að stuðla að því, að meira yrði til af góðum hlöðum í landinu heldur en nú er, og ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að þegar ýtt verður við mönnum til þess að hefjast handa um byggingar á slíkum húsum, þá er alveg lífsnauðsynlegt að gera það á þann hátt, að þær byggingar, sem til verða, verði góðar. Alveg það sama þarf að eiga sér stað um ýmsar jarðræktarframfarir. Ef löggjafinn megnar að hafa hönd í bagga með því, að þær framkvæmdir, sem styrktar verða eftir jarðræktarlögunum, séu góðar, varanlegar og vel gerðar, þá er ég sannfærður um, að það kemur aldrei til þess, að þjóðin þurfi nokkurntíma að sjá eftir því fé, sem til þess verður varið.

Að því leyti sem við kemur brtt. þeim, sem hér liggja fyrir, þá vildi ég mega benda á það, að frá mínu sjónarmiði er ekki alveg hliðstætt um votheysgryfjur og þurrheyshlöður. Það liggur sem sé í því, að þurrhey er miklu fyrirferðarmeira heldur en vothey, þannig, að ef á að vera um reglulega vandaðar þurrheyshlöður að ræða, þá býst ég við, að það verði miklu dýrara rúm fyrir hvern hest af þurru en votu heyi.

Ég get verið alveg sammála hv. þm. A.-Húnv. um það, að hlöðuleysið veldur því, að mikil vinna gengur til heyja, sem annars hefði getað gengið til annars, t. d. ýmiskonar jarðabóta, en ég vil líka benda á það, að hlöðuleysið, og þá sérstaklega þær hinar óvönduðu hlöður, valda oft svo miklum skemmdum á heyjum, að stórfé nemur, bæði beinlínis og óbeinlínis. Mér er það svo kunnugt víða um land, að skemmdir, sem koma fram í heyjum vegna þess að þau eru ekki sæmilega geymd, hafa oft valdið stórtjóni. Það er ekki svo sjaldgæft, að þau vandræði, sem stafa af vondu og skemmdu fóðri, stappi nærri því að koma bændum, sem fyrir verða, á kaldan klaka.

Ég var í gærkveldi að lesa ritling, sem færði mér heim sanninn um það, að hæstv. fjmrh. hefði a. m. k. verið íslenzkur bóndi, því að ég veitti því eftirtekt þar, að hann á einmitt þá beztu kú, sem menn ætla að til sé á landinu, og þessi góða og nytháa kýr hafði eingöngu verið fóðruð á heyi. Af þessu dreg ég þá ályktun, að hæstv. ráðh. muni eiga góða hlöðu og vita vel, hvað góðar hlöður þýða. Ég dreg þetta af því, að hæstv. ráðh. myndi ekki hafa átt beztu kúna, fóðraða eingöngu á heyi, ef hann hefði ekki geymt hey sitt einungis í góðri hlöðu.

Ég mun greiða atkv. á móti þeirri brtt. hæstv. ráðh. að lækka styrkinn, en hinsvegar vildi ég gjarnan greiða atkv. með hinu atriði till., um að fella niður hámarksákvæðið, ekki svo mikið vegna þess, að ég búist við, að upp úr hámarkinu fari jafnaðarlega, heldur af því, að þegar mér er bent á það, þá verð ég að viðurkenna, að hámarkið er óeðlilegt, af því að það er einu sinni ætlazt til þess að styrkja dagsverkið í bessum mannvirkjum, og það gæti viljað til, að það yrði einhverntíma meiri eðlileg og réttmæt eftirspurn eftir þessum styrk á ári heldur en næmi þessari hámarksupphæð.

Jón Jónsson: Hæstv. fjmrh. hefir bótt það bezt hlýða að slengja þessum brtt. fram á síðustu stundu, svo að menn hefðu sem minnstan tíma til að athuga þær. Þessum brtt. var nú fyrst útbýtt eftir að fundur var settur. Hæstv. ráðh. virðist ætla að reyna að styðja þær helzt með því, að eftir þeim yrði styrkur til þurrheyshlaðnanna sambærilegur við styrkinn til votheystófta. Eftir því, sem ég fæ bezt séð, er það síður en svo, því ef þetta er samþ., þá verða menn styrktir til að koma upp hlöðu yfir þurrheyshestinn allt að ⅓ minna heldur en til að koma upp plássi fyrir votheyshestinn, og þar með held ég, eins og hv. 2. þm. N.-M. benti á, að þessi ástæða sé úr sögunni. Það er alls ekki sambærilegt í þessu sambandi, þurrhey og vothey. En ég held, eins og frv. liggur nú fyrir, að hlutfallsins sé

nokkurn veginn sæmilega gætt. Annars er það aðalatriðið í þessu máli að athuga það, hvað við hugsum með þessu frv. Við erum fyrst og fremst að hugsa um að hvetja bændurna til að ráðast í þessar þörfu framkvæmdir, og þá er að athuga, hvort styrkur sá, sem hér er um að ræða, getur verið þeim veruleg hvatning. Nú hefir verið tekin upp sú stefna viðvíkjandi öðrum greinum jarðræktar, að styrkja þær töluvert mikið, t. d. hefir túnrækt verið styrkt þannig, að ríkið leggur fram allt að ⅓ hluta kostnaðar, eða hefir styrkt það þannig. Það hefir að vísu verið eitthvað lækkað með breyt. á, hvernig lagt er í dagsverk, en þetta mun þó ekki láta mjög fjarri lagi, a. m. k. leggur ríkið fram yfir ¼ kostnaðar, en eftir því, sem felst í þessu frv., er ekki svo hátt risið, heldur þvert á móti, að það er tæpur ⅕ af kostnaðinum, sem ætla má, að styrkurinn nemi; en ef brtt. hæstv. ráðh. verður samþ., þá verður það ekki nema ⅐, sem ríkið leggur fram. Þetta fer þess vegna að verða nokkuð lítill styrkur, þegar hann er borinn saman við aðrar þær jarðabætur, sem jarðræktarlögin gera ráð fyrir, að ríkið styrki. Mér finnst, að sé það yfirleitt ætlunin að hvetja menn til að koma upp húsum, þá sé varla ráðlegt að lækka styrkinn, því að þá fari hvötin að verða svo tiltölul. lítil; og ég vil benda á, að þetta er ekki svo mikið fjárhagsatriði, því að eins og ég benti á, að þó að maður hugsi sér að byggt sé yfir allt hey landsmanna, yrði styrkurinn þó ekki nema í mesta lagi 1½ millj. kr., og vitanlega kæmi það á mörg ár fyrir ríkið að leggja þann styrk fram, svo að ég held, að hæstv. fjmrh. geti sofið nokkurn veginn rólegur fyrir því, þó að frv. verði samþ. óbreytt, og svo hefði það heldur ekki svo mikið að segja, hvort það yrði samþ. eins og hann leggur til.

Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. benti á, að það er ekki vert að hafa á móti 2. brtt. hæstv. fjmrh. frá sjónarmiði fylgjenda þessa máls, ef hæstv. ráðh. óskar að fá hana samþ. En n. vildi ganga svona varlega frá, að setja hámark á það, sem greiða mætti úr ríkissjóði á einu ári vegna hlöðubygginga. En áliti hæstv. ráðh. forsvaranlegt gagnvart ríkissjóði að sleppa þessu hámarki, þá hefi ég ekkert við því að segja.

ATKVGR.

Brtt. 288,1.a felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, EF, HSteins, JóhJóh, JBald, JónasJ.

nei: PH, IHB, IP, JónJ, JÞ, JKr, GÓ.

Brtt. 288.1.b felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónasJ, BK, EF, HSteins.

nei: JóhJóh, JónJ, JÞ, JKr, PH, IHB, IP, GÓ.

EÁ greiddi ekki atkv.

Brtt. 288.2 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, HSteins, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

nei: EF, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 275).

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 478).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Helgason): Það er fátt, sem sparar meira vinnukraft í sveitum en að hafa góðar hlöður, á móti því að verða að hafa hey úti. Þess vegna er þetta frv. fram komið. Landbn. hefir ekki getað fallizt á þetta frv. eins og það kom frá Ed., vegna þess að hún áleit, að það mundi auka útgjöld ríkissjóðs of mikið.

En hún áleit, að mikil hjálp gæti orðið að frv., þó að breyt. væru gerðar á því frá því, sem það er nú. Þess vegna hefir n. borið fram brtt., sem sjá má á þskj. 478. Breytingarnar eru í stuttu máli þær, að í staðinn fyrir 75 aura á dagsverk komi 50 aurar, og í staðinn fyrir 750 kr., sem gat komið til mála, að einstaklingi yrði greitt fyrir hlöðu, komi 500 kr., og í staðinn fyrir 70 þús. kr. árlega komi 50 þús. kr. sem hámark. N. hefir einnig hert dálítið á skilyrðunum með hlöðurnar, sem veita á styrk til samkv. þessum lögum, þannig að hún vill leggja meiri áherzlu á, að hlöðurnar séu vel byggðar, eins og sjá má, ef frv. er borið saman við nál. N. leggur sem sé til, að þær hlöður, sem styrk má veita til, séu eingöngu með steinlímdum veggjum eða steinsteypu, en í frv. sjálfu er styrkurinn bundinn því skilyrði, að hlöðurnar séu byggðar eftir fyrirmynd Búnaðarfélagsins að allri gerð og formi, en ekki bundið eins við það efni, sem þær væru byggðar úr. Þetta þótti n. rétt að taka skýrt fram, til þess að þær framkvæmdir, sem styrktar verða eftir þessum lögum, verði varanlegar til frambúðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en vona, að hv. d. taki því þannig, að það megi ganga greiðlega fram.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil eindregið mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga, og ég get vel fellt mig við, að fyrsta brtt. n. sé samþykkt, því að þá er jafnhár styrkur veittur á hlöðu og súrheysgryfjur, og álít ég það viðeigandi. En ég er á móti hinum lið brtt., sem fer fram á það, að styrkurinn sé takmarkaður við 50 þús. kr. hámark á ári. Ég er hræddur um, að það yrði til þess, að þessi styrkur kæmi ekki að liði nema að litlu leyti. Eins og nú er ástatt hér á landi, má gera ráð fyrir miklum hlöðubyggingum, og þá verður það svo lágur styrkur, sem fæst á hverja hlöðu, að hann kemur mönnum að litlum notum, ef ekki má veita meira fé í þessu skyni en 50 þús. kr. á ári. Ég álít því heillavænlegast að nema alveg burt slíkar takmarkanir og miða þá upphæð, sem veitt er hverjum manni, eingöngu við dagsverkatölu, allt að þeim hámarksstyrk, sem veita má hverjum einstakling í hvert skipti samkv. jarðræktarlögunum.

ATKVGR.

Brtt. 478,1 samþ. með 16:2 atkv.
— 478,2 samþ. með 16:3 atkv.
— 478,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 512, 513).

Magnús Jónsson: Ég sé, að afbrigði þarf um þá brtt., sem nú er verið að útbýta hér í hv. d., og finnst mér óviðkunnanlegt, að gengið verði til atkv. um afbrigðin, áður en hv. flm. till. hefir gert grein fyrir efni hennar.

Bjarni Ásgeirsson: Ég lagði brtt. fram í tæka tíð, enda er hún prentuð á næsta þskj. á eftir því þskj., sem frv. sjálft er á, svo að ég fæ ekki annað séð en að brtt. hafi sama rétt til afbrigða sem frv. sjálft.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 513. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JJós, JörB, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HV, BSv.

nei: JAJ, JS, MJ, ÓTh, EJ.

HG greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, TrÞ, HK) fjarstaddir.

Bjarni Ásgeirsson: Tilgangurinn með þeirri brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja á þskj. 513, er sá, að samrýma ákvæðin um styrk til hlöðubygginga öðrum ákvæðum jarðræktarlaganna.

Í þessu frv. eru ákvæði um það, hvað greiða skuli á hvert hlöðudagsverk, og sömuleiðis, hve háan styrk megi veita sama manni árlega. Og loks er svo þriðja takmarkið sett um það, að þessi styrkur

megi ekki fara fram úr 50 þús. kr. Nú má vel svo fara, að þessi styrkur nægi ekki. Segjum t. d., að byggðar væru svo margar hlöður eitt árið, að samkv. frv. ætti að veita 100 þús. kr. til þeirra, sem hefðu látið byggja þær. Þar sem þessi styrkur er nú takmarkaður við ákveðna upphæð, yrði afleiðingin sú, að helmingur þessara manna væri sviptur styrknum. Væri slíkt hróplegt ranglæti.

Ég vil því láta miða við dagsverkin, þannig að útgjöld hvers árs fari eftir því, hve mikið er byggt á hverju ári. Í samræmi við það legg ég til, að hámarkið verði fellt niður.

Jón Sigurðsson: Ég býst við, að frsm. taki til máls, því að þessi brtt. gengur í bága við brtt. n. Veit ég ekki betur en að n. sé á einu máli um þetta frv., eins og nál. ber með sér, þó að ég hinsvegar hafi ekki heimild til þess að tala fyrir nefndarinnar hönd.

Úr 1. brtt. n. við 2. umr. höfðu fallið niður orðin: allt að. N. lagði þar til, að í stað kr. 0.75 á hvert hlöðudagsverk komi kr. 0.50, en átti að vera: allt að kr. 0.50. Eins og þetta er nú orðað í frv., lítur út fyrir, að það stangist við ákvæðið um, að engum megi veita hærri styrk en 500 kr. Mun ég því bera fram skriflega brtt. í þessa átt.

Till. hv. þm. Mýr. hnígur að því, að hámarkið sé fellt niður. Er mér ekki grunlaust um, að þetta eigi að vera nokkurskonar uppbót fyrir það, að menn voru sviptir jarðræktarstyrknum. Ég get að vísu metið þessa viðleitni hv. þm. Mýr., þótt þetta verði að teljast hundsbætur. En þar sem fyrir liggur þáltill. um að kippa jarðræktarstyrknum aftur í sama horf, og ég vænti þess, að sú till. komi til atkv., mun ég fylgja brtt. n.

Frsm. (Lárus Helgason): Ég ætla að láta brtt. hv. þm. Mýr. afskiptalausa. Það er kunnugt, að hv. Ed. sækir það fast, að sett verði hámark við þessum styrk, en allar horfur eru á, að litlu máli skipti, hvort svo verður gert eða ekki, því að það eru litlar líkur til þess, að byggðar verði svo margar hlöður, að þessi styrkur nægi ekki. Ég gæti fremur trúað, að það yrði afgangur heldur en hitt.

Þessi brtt. er því þess eðlis, að það tekur því ekki að vera að togast á um hana. Fyrir n. hönd get ég hinsvegar ekkert um hana sagt, því að n. gafst ekki tækifæri til að kynna sér hana. Hefir því hver nm. óbundnar hendur um till. Það, sem ég hefi sagt, er fyrir eiginn reikning mælt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skildi ekki, hvað hv. 2. þm. Skagf. átti við með því, að brtt. mínar ættu að vera nokkurskonar uppbót til þeirra, sem hefðu verið sviptir jarðræktarstyrknum. Ég veit ekki til þess, að nokkur maður hafi verið sviptur honum. L. eru í gildi og eru framkvæmd enn. Um dagsverkabreytinguna ætla ég ekki að fara að rífast nú. Það er þegar búið að rífast nóg út af henni, og verður sennilega gert meira síðar.

Till. mín fer fram á það, eins og ég hefi reyndar tekið skýrt fram áður, að samrýma þennan styrk, sem hér er um að ræða, öðrum greiðslum í sambandi við jarðræktarlögin, þannig að framkvæmdir hvers árs séu látnar ráða því, hve mikið er greitt úr ríkissjóði í þessu skyni. Það nær engri átt að vera að gefa mönnum tyllivonir um styrk, þar sem hann getur brugðizt hvenær sem er, vegna þess að ekki má fara yfir ákveðið hámark.

Magnús Jónsson: Ég hefi þegar látið í ljós vafa minn um það, hvort brtt. eins og þessi gæti komizt að.

Í frv., eins og það kom frá hv. Ed., var styrkhámarkið til hlöðubygginga bundið við 75 þús. kr. Þessi deild samþ. að færa hámarkið niður í 50 þús. kr. og sýndi þar með, að hún álítur 75 þús. kr. of mikið. Nú kemur svo fram till., ekki um að hækka hámarkið aftur í 75 þús. kr., heldur um það að afnema allt hámark.

Segjum, að 3000 kr. styrkveiting væri felld. Væri þá heimilt að bera fram till. um 3500 kr. styrkveitingu í sama skyni? Ég fyrir mitt leyti efast um, að þingsköp heimili það. A. m. k. finnst mér það harla einkennilegt að bjóða mönnum, sem hafa hafnað 75 þús. kr. hámarki sem of háu, upp á það að samþ. nú að veita ótakmarkaðan styrk í þessu skyni. Mér finnst fyrri samþykkt útiloka, að slíkt geti komið til mála. Auk þess fannst mér n. færa góðar og gildar ástæður fyrir því við 2. umr.,

að nauðsynlegt væri að setja hámark um þennan styrk til hlöðubygginga.

Forseti (BSv): Ég skal geta þess, að ég tel ekkert til fyrirstöðu því, að brtt. hv. þm. Mýr. megi komast að. Með henni er verið að koma betra samræmi á styrkveitingar-ákvæði jarðræktarlaganna, og sýnist mér það þungamiðja till.

Þá hefir mér borizt frá hv. 2. þm. Skagf. skrifleg brtt., svo hljóðandi:

„Við 1. gr. 1. málsgr.: Fyrir orðin „sem nemi kr. 0.50“ komi: allt að kr. 0.50“.

Mun ég leita afbrigða frá þingsköpum til þess að brtt. megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 533) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Hannes Jónsson: Ég vil einungis benda hv. þd. á það, að ef brtt. hv. 2. þm. Skagf. verður samþ., þá mun það óhjákvæmilega valda miklu ósamræmi í úthlutun styrksins frá ári til árs. Í betri árum er meira byggt, og verður styrkurinn þar af leiðandi lægri á hverja hlöðu. En einmitt í góðu árferði geta fátækir menn byggt hlöður, og fá því minni styrk en þeir efnaðri, sem byggja ekkert síður í lakari árum. Afleiðingin verður því sú. að fátækir menn fá minni styrk en þeir efnaðri. Af þessum ástæðum tel ég sjálfsagt að samþykkja brtt. hv. þm. Mýr., en ef hún verður samþ., þá ætti skrifl. brtt. ekki að komast að.

Jón Sigurðsson: Við verðum í þessu máli sem öðrum að líta jafnframt á getu þess aðilans, sem borga á brúsann, nefnil. ríkissjóðs. Þó að hér sé óneitanlega um stórþarft mál að ræða, þá eru þó vissulega einhver takmörk fyrir greiðsluþoli ríkissjóðsins. Þess ber og að gæta, að nú er kominn svo mikill áhugi fyrir hlöðubyggingum í sveitum landsins, að líkindi eru til, að bráðlega verði þeim málum komið í viðunandi horf. Hinsvegar bíður ógræktaða landið alstaðar, og verð ég að álíta meira aðkallandi að lyfta undir aukna ræktun með slíkum fjárframlögum heldur en beina þeim til hlöðubygginga. Auk þess kemur slíkur styrkur ekki réttlátlega niður, eins og bent hefir verið á, og virðist mér því viturlegra að verja fé þessu á annan hátt, og þess vegna finnst mér sjálfsagt að setja hámark, eins og frv. gerir ráð fyrir. Annars er mér þetta ekkert kappsmál, en ég lít svo á, sem till. mín hafi rétt á sér, hvort sem till. hv. þm. Mýr. verður samþ. eða ekki. (MJ: Alveg rétt).

Frsm. (Lárus Helgason): Ég vil nú ekki viðurkenna annað en að þetta sé gott mál. Hlöður vantar víða, og sumar sveitir eru algerlega hlöðulausar. Hér er því um mjög mikilvægt mál að ræða. Auk þess er fátt, sem betur hjálpar til við heyskapinn en góð hlaða. — Ekki er ætlazt til að styrkja aðrar hlöður en þær, sem eru framtíðinni líka til hagsbóta. Held ég því, að hv. þm. ættu ekki að telja eftir þennan styrk, jafnvel þótt hann næmi nokkrum tugum þúsunda. Vil ég fastlega mælast til, að brtt. hv. þm. Mýr. verði samþ., en ég býst við, að till. hv. 2. þm. Skagf. myndi heldur draga úr framkvæmdum, ef samþ. yrði, og tel ég því rétt að fella hana.

Magnús Jónsson: Hæstv. forseti telur brtt. hv. þm. Mýr. mega komast að, og verður við svo búið að standa um það. En óneitanlega eru slík veðrabrigði dálítið undarleg, því að rétt nýlega færði þessi hv. deild hámarkið niður úr 75 þús. kr., niður í 50 þús. kr. Það er því afgert mál, hversu miklu fé deildin vill verja í þessu skyni, og þýðir því ekki að rökræða um það að svo stöddu. Hitt er vitanlega hverjum frjálst, að hafa skoðanaskipti, og skal ég ekki um það fást að sinni. Um málið sjálft hefir hv. 2. þm. Skagf. talað, og á þann veg, sem ég vildi sagt hafa. Hefi ég því litlu við það að bæta. Hann benti rækilega á það, að ekki er nóg að líta eingöngu á það, hvað gott er að hafa af peningum, heldur og á getuna, Það væri óneitanlega gott að geta veitt svona styrk, en það er svo um þetta sem annað, að meta verður, hvar þörfin sé brýnust. Benda má einnig á það, að mjög er hæpið, hvort slíkur styrkur er í samræmi við anda jarðræktarlaganna. Má ef til vill segja, að hlöður stuðli óbeinlínis að ræktun, en á sama hátt mætti segja slíkt hið sama um ýmislegt annað, sem á eng-

an hátt verður kallað jarðrækt viðkomandi beinlínis. Og þó að slíkur styrkur hjálpi óbeinlínis til við jarðrækt, þá verður hann með engu móti talinn jarðræktarstyrkur.

Út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. má geta þess, að það er ekkert einsdæmi, að slíkir styrkir komi þannig ójafnt niður eftir árferði, t. d. námsstyrkir og því líkt. Alþingi ákveður einungis, hve mikill styrkur skuli veittur í þessu skyni, síðan fær hver einstakur styrkþegi styrk í öfugu hlutfalli við fjölda styrkþeganna. Þetta er því ekkert nýtt. Hvað þennan styrk snertir, þá finnst mér rétt að tiltaka nú í byrjun ákveðna upphæð og stilla fremur í hóf að svo stöddu.

Ég þarf ekki að eyða orðum að því, að brtt. hv. 2. þm. Skagf. stenzt jafnt hvort sem brtt. hv. þm. Mýr. verður samþykkt eða ekki, því að þó hún verði samþ., þá stendur þó eftir í brtt. hv. 2. þm. Skagf.: „þó veitist engum hærri styrkur en 500 kr." o.s.frv. Ég vil því leggja til, að sú brtt. verði samþ., hvað sem hinni líður.

Hannes Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. datt ekki í hug að mótmæla því, að með ákvæðum frv. eru hinir efnaminni menn óréttilega settir samanborið við hina ríkari. Þetta leiðir vitanlega af sjálfu sér, því að hinir efnaðri eru síður háðir árferði en hinir fátækari, en af því leiðir, að þeir fá hærri styrk eftir þessu frv.

Í sambandi við þessa skrifl. brtt., sem fram hefir komið, vil ég geta þess, að hún er alveg óþörf, vegna þess að alveg sömu ákvæði eru í jarðræktarlögunum, því þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Og skal þá veita þeim, er verkið lét framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi 1.50 kr. fyrir hvert metið dagsverk, þó aldrei meira en 1200 kr. fyrir hvert um sig".

Þetta eru nákvæmlega sömu ákvæðin og í frv. Ég legg mikla áherzlu á, að brtt. hv. þm. Mýr. verði samþ., því að kostnaðaraukinn er óverulegur í samanburði við það, að á þennan eina hátt verður nokkurt réttlæti í úthlutun styrksins.

Frsm. (Lárus Helgason): Hv. 1. þm. Reykv. var að sneiða að deildinni fyrir ósamræmi. Og forsendur hans voru þær helztar, að nú ætluðu menn að fara að samþ. brtt. hv. þm. Mýr., en nýlega hefði deildin hinsvegar fært niður hámark styrksins úr 75 þús. kr. niður í 50 þús. kr. Ég skal geta þess, að þetta er ekkert ósamræmi. N. hafði lagt til, að styrkurinn yrði 50 aurar á hvert dagsverk, en í frv. er hann 75 aurar, og þó að svo fari, að styrksupphæðin næmi eitt ár 75 þús. kr., þá orsakast það af því, að meira er byggt það árið, og hafa brtt. n. þar með náð tilgangi sínum. N. hefir því á engan hátt gert sig seka um ósamræmi í till. sínum, og vísa ég slíkum aðdróttunum heim til föðurhúsanna. Sömuleiðis er það óviðeigandi af hv. 1. þm. Reykv. að vera að telja þennan styrk eftir. — Og enn fór hv. 1. þm. Reykv. með firrur, þegar hann reyndi að láta líta svo út, að hlöður væru enginn liður í jarðræktinni. Ég skal einungis benda honum á það, að víða, þar sem hlöður vantar, eru beztu blettirnir eyðilagðir með torfristu, og stórmikið hefir slíkt hamlað ræktun landsins á undanförnum öldum, enda má sjá þess merki víða. Auk þessa spara hlöður vinnukraft afarmikið, og víst er það, að meira geta menn unnið að jarðrækt að haustinu til, ef menn þurfa ekki að vera að laga heyin og dytta að þeim. Það er fátt, sem er meiri húnaðarbót og heimilisprýði en góð hlaða.

ATKVGR.

Brtt. 533 samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BÁ, GunnS, HStef, JAJ, JÓl, JS.

nei: LH, MT, SÁÓ, TrÞ, EJ, HJ, HG, HV, JörB.

ÞorlJ, BSt, HK, IngB greiddu ekki atkv.

Þrír þm. ((BSv, ÁÁ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 513 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LH, MG, PO, SE, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, BSv.

nei: MJ, MT, ÓTh, SÁÓ, SvÓ, EJ, HG, HV, JAJ, JÓl, JS[1]).

---

1) Með svofelldri grg.: Ég tel mig bundinn af ákvörðun þeirri, sem nefndin hefir gert, og segi því nei. Ég get ekki greitt atkv. öðruvísi nú en í fyrradag.

Tveir þm. (ÁÁ, JJós) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv. og endursent Ed.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 534).

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Frv. þetta hefir tekið nokkrum breyt. í hv. Nd. Daggjaldið verið fært úr 75 au. niður í 50 au. og sú upphæð, sem mesta má veita einum manni í styrk til hlöðugerðar, sömuleiðis verið færð niður, úr 750 kr. niður í 500 kr. Loks hefir hámark þess, sem veita mátti úr ríkissjóði í þessu skyni, verið fellt niður með öllu. Auk þessa hafa verið gerðar ýmsar smávægilegar breyt. á frv.

N. sá sér ekki fært að gera brtt. við frv., eins og nú er komið, og leggur því til, að það verði samþ. Einn nm. var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni, ef honum sýnist svo.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

47. Lögskráning sjómanna.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um lögskráning sjómanna (þmfrv., A. 54).

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Frv. þetta, sem við þrír samþm. flytjum hér í d., er, eins og segir í grg. frv., einn liður úr þeim málum, sem n. sú, er endurskoðaði siglingalögin, hafði með höndum. Það er gerð nokkur grein fyrir því, hvers vegna það varð ekki samferða hinum öðrum frv., að þeir menn, sem unnu að þessari endurskoðun, urðu ekki sammála um, hvernig haga skyldi þessari löggjöf, og þess vegna gátum við ekki látið frv. frá okkur fara ásamt hinum. Ég leyfi mér því að bera frv. fram, sem ég hefi samið, ásamt þeim lögfræðingi, sem starfaði með nefndinni.

Þetta frv. er að mestu leyti sniðið eftir þeirri venju, sem hefir að nokkru leyti skapazt hér á landi um lögskráningu sjómanna, og mun sú venja nokkuð stafa frá þeim leiðarvísi, sem þáverandi landshöfðingi, árið 1890, gaf lögreglustjórum til að fara eftir við lögskráningu. Sá leiðarvísir var að mestu sniðinn eftir gildandi dönskum lögum, en í þessu frv. eru ýms nýmæli, sem ég síðar mun minnast á.

Á Norðurlöndum hefir þessari starfsemi verið skipað með sérstökum lögum. Löggjöf Dana er síðan um 1876, Norðmanna nokkru seinna, um 1892, og Svía um líkt leyti, ítarlegur lagabálkur, sem þeir hafa um þetta efni. Siglingalögin frá 1914 gera ráð fyrir því, í þeim greinum, sem fjalla um lögskráningu, að stjórnarráðið skuli semja leiðarvísi fyrir lögreglustjóra til að fara eftir, en ég hefi ekki getað séð, að sá leiðarvísir hafi nokkurntíma verið saminn, svo að í raun og veru hefir verið farið eftir þeirri venju, sem myndaðist og stafaði frá leiðarvísi þeim, er landshöfðingi gaf út 1890.

Við, n. sem endurskoðaði siglingalögin, vorum allir sem einn sammála um það, að nauðsynlegt væri að skipa þessu atriði farmannalöggjafarinnar með sérstökum lögum, en ekki að setja atriði um lögskráninguna inn í farmannalaga- eða sjómannalagafrumvörpin, sem nú liggja hér fyrir Alþingi, eins og áður hafði verið gert.

Lögskráning hefir í eðli sínu sýnt það, að hún er allverulegur liður í réttarfarslöggjöfinni. Það má segja, að lögskráningin sé hliðstæð þinglesningu á samningum og opinberum skjölum, því að hún er viðurkenning á samningi, sem tveir aðilar gera á milli sín; er sá samningur þannig orðinn lögfestur, svo að honum er ekki fært að rifta nema með samkomulagi beggja aðila. Þetta hefir lögskráningin í sér fólgið meðal annars.

Ennfremur það, að um leið og slíkur samningur er lagður fyrir valdsmann, á það að vera svo, að ekkert sé í þeim samningi, sem stríði á móti gildandi lögum, því að það á að vera föst regla, að valdsmaður bendi farmanni eða fiskimanni á það í samningnum, sem stríðir gegn lögum, og hafi heimild til að strika það út. Með því fæst trygging fyrir því, að engin slík meinloka komist inn í samningana.

Í lögskráningu er fólgið allmikið réttaröryggi fyrir þá menn, sem ráða sig á skip hjá öðrum. Hér á landi hefir verið allmikill misbrestur á framkvæmd þessara laga. Tala ég þar nokkuð af eigin reynslu, og sömuleiðis af þekkingu, sem ég hefi fengið af viðtali við sjómenn víðsvegar af landinu. Ég minnist þess, að áður en lögunum var breytt 1914, gengu lögreglustjórar miklu skörulegar að verki en síðar, og var nokkur ástæða til þess, því að með lögunum 1914 var fellt niður ákvæði, sem þýddi það, að lögskráningarstjóri hafði minna vald til að rétta hlut þess, sem skráður var, heldur en eftir fyrri ákvæðum. En úr þessu á að vera bætt með því frv., sem hér liggur fyrir, að réttaröryggi farmannsins á að vera miklu meira undir vernd lögskráningarstjóra en verið hefir.

Ég hygg, að reglunum um lögskráningu hafi bezt verið fylgt hér í Reykjavík, en ég vil einnig meina, að margur lögskráningarstjóri utan Reykjavíkur hafi í raun og veru ekki vitað, eftir hvaða reglum hann átti að fara.

Að þessu sinni vil ég ekki fara út í einstakar gr. frv., enda ekki venja við þessa umr. málsins, en aðeins benda á nokkur nýmæli, sem telja verður mikils virði fyrir sjómenn, t. d. ákvæði 16. gr., að lögskráningarstjóri hafi vald til að gera upp viðskipti farmanns, ef þau hafa ekki verið gerð upp áður. Það hefir oft átt sér stað, þegar útgerðarmenn og sjómenn greinir á, að þá hefir sjómaðurinn neyðzt til að láta af sínum rétti, vegna þess að það hafa ekki verið neinir möguleikar fyrir hann að ná rétti sínum nema með málsókn. En þetta hefir oft orðið til þess, að menn hafa orðið að gefa eftir smáar upphæðir, fyrir það að málarekstur er mjög dýr og réttargangur seinn. Úr þessu á að vera bætt með því, að viðkomandi lögreglustjóri geti lagt sinn dóm á það, hvað rétt sé og rangt í þessu máli, og ef hlutaðeigendur vilja ekki samþykkja úrskurð hans, má vísa málinu til sjódóms. Þetta tel ég vera allverulegt réttaröryggi fyrir sjómennina, ef þessi breyt. nær fram að ganga, og myndu þeir þannig losna við ýmsa rekistefnu, sem fyrir kann að koma. Þó er hér gerður nokkur munur á, eftir því hvort farmaður er ráðinn upp á verðlaun eða hlut. Venjulega er hægt að gera kaupið upp, en öðru máli gegnir, ef maður er ráðinn upp á hlutdeild í ágóða eða afla; það er oft ekki hægt að segja um það á hverjum tíma, þegar afskráning fer fram, hver hlutur muni vera. Er þá ákveðinn þriggja mánaða frestur, sem útgerðarmaður hafi upp á að hlaupa, samkv. 17. gr.

Ennfremur er það nýmæli í 18. gr., ef maður getur ekki mætt, þegar lögskrá skal úr skiprúmi og gera upp viðskiptin, að þá ber lögskráningarstjóra beinlínis skylda til að sjá borgið hag viðkomandi manns eða ættingja, sem eiga að taka kaup hans. Þetta er nýtt hér, en flest Norðurlönd hafa þessi ákvæði.

Ég skal ekki þreyta hv. deild á lengri framsögu, en ég vænti, að þetta mál fái meðferð í n., og verða þá sjálfsagt frekari umr. um málið. Ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., sem hefir skyld mál til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Við þetta frv., sem fyrir liggur, eru fram komnar brtt., sem sjútvn. hefir ekki átt kost á að kynna sér. Ég verð að segja, að mér hefir ekki gefizt tækifæri til að kynna mér þær né meðflm. mínum. Þessum brtt. hefir ekki verið útbýtt enn hér í deildinni, og þó eru þær komnar í prentun fyrir nokkru. Þess vegna vildi ég

helzt, að þessar brtt. yrðu ekki ræddar fyrri en við 3. umr. málsins. Ég óska því, að umr. verði litlar og að málinu verði vísað til 3. umr.

Ólafur Thors: Ég hefi borið fram brtt. við frv., og var þeim skilað til prentunar fyrir viku síðan. Af vangá hefir þeim þó ekki verið útbýtt í deildinni, og óska ég því eftir, að umr. verði frestað þar til þeim hefir verið útbýtt.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ef það verður tryggt, að hæstv. forseti taki þetta mál fyrst á dagskrá á morgun, þá get ég gengið inn á það, að umr. verði frestað nú, því að þá fær sjútvn. líka nægilegt tóm til að athuga brtt.

Forseti (JörB): Það mætti að líkindum setja þetta mál fyrst á dagskrá á morgun.

Ólafur Thors: Út af þeirri ósk hv. frsm., að málið verði tekið fyrst á dagskrá á morgun, vil ég geta þess, að sjútvn. verður að gefast tóm til að athuga brtt. Ef eldhúsumr. hefjast nú og standa fram á rauðan morgun, þá er ekki líklegt, að n. geti haldið fund til að athuga málið. Þess vegna vil ég skjóta því til hæstv. forseta, að hann taki málið því aðeins á dagskrá á morgun, að nefndinni hafi unnizt tími til að athuga það.

Forseti (JörB): Það verður að vænta þess, að n. fái næði til að athuga málið, þannig að það megi koma á dagskrá á morgun, og verður að líkindum samkomulag um það.

Forseti tók málið af dagskrá .

Á 66. fundi í Nd., 29. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Sjútvn. hefir ekki unnizt tími til að fara yfir brtt., sem fyrir liggja, en þess hefir verið óskað af þeim, sem bera brtt. fram, að n. fjalli það rækilega um þær, að þær geti gengið sem hjóðaminnst gegnum deildina. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá. Vænti ég þess, að málið geti samt sem áður gengið sína leið.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 54, n. 282, 317).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. deild hefir nú þegar haft til meðferðar tvö mál, sem að nokkru leyti eru fléttuð inn í þetta, siglingalögin og sjómannalögin. Þá gat ég um það, að koma mundi fram sérstakt frv. um lögskráningu sjómanna. Ákvæði um hana í eldri lögum eru mjög ófullkomin, og að sumu leyti farið eftir gömlum venjum. Það er því mjög erfitt fyrir þá, sem lögskráninguna eiga að framkvæma, að vita, hvað eru lög og hvað ekki. Sjútvn. hefir nú fallizt á, að nauðsynlegt sé að setja ný lög um þetta efni, og mælir hún með þessu frv. með einni lítilli breyt. Það er engin efnisbreyt., heldur er aðeins snúið við orðalagi 2. málsl. 15. gr.

Aftur hefir einn nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, og flytur hann sérstaklega allmargar brtt. Skal ég drepa dálítið á þær, þegar ég hefi skýrt nánar aðalefni frv. sjálfs.

Um leið og eldri ákvæði um þessa athöfn, lögskráninguna, eru hér færð saman í eitt og gerð gleggri, er gerð nokkur réttarbót frá því, sem áður var, um aðstöðu manna við lögskráninguna. Það hefir í mörg ár verið talið sjálfsagt, að lögskráningarstjóri skyldi aðstoða menn við að gera upp reikningana, þegar þeir eru skráðir úr skiprúmi. Í þessu frv. er lögskráningarstjóra gert að skyldu að aðstoða við reikningsskil, líta eftir samningum sjómannanna og sjá um, að ekki sé á þá hallað í neinu. Jafnframt er svo lögskráningarstjórunum fengið meira vald en þeir höfðu áður, og þeim ætlað að skera úr smærri deilum, sem upp kunna að koma milli sjómanna og umráðamanna skipanna. Sjútvn. hefir skilið nauðsyn þessara breytinga og fallizt á meginefni frv.

Þá eru brtt. á þskj. 317, frá hv. 2. þm. G.-K. — N. hefir haldið fund um þær og reynt eftir mætti að sneiða hjá árekstri. Sumar hefir hún fallizt á, en um aðrar hafa nm. óbundin atkv.

1. brtt. er þess efnis, að lögskráningarstjóra sé heimilt að fela fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð. Þetta er viðtekin regla, þegar ekki hefir náðzt til hreppstjóra eða annars valdsmanns, þó til þess hafi sjaldan komið. Virðist ekki ástæða til að nema þá hefð úr gildi og fellst því n. á þessa brtt.

Í 2. brtt. felst aftur á móti efnisbreyt., sem n. í heild getur ekki fallizt á. (ÓTh: Það er óþarfi að ræða um fyrri hluta brtt., því hann er tekinn aftur). Seinni málsgr. brtt. er um það, að skylda lögskráningarstjóra til að sinna lögskráningu frá kl. 9 fyrir hádegi til kl. 9 síðdegis alla virka daga, og á helgum dögum frá kl. 4—6 síðdegis. Þetta er algert nýmæli, því áður er ekki lögbundinn vinnutími neinna opinberra embættismanna. N. getur ekki mælt með því. Það mundi víðast hafa aukinn kostnað í för með sér, og sumstaðar yrðu lögreglustjórar eflaust að bæta við aukamanni, til þess að geta haft opna skrifstofu svo lengi. N. hefir óbundin atkv. um þessa brtt.; ég fyrir mitt leyti er eindregið á móti henni.

Fyrri málsgr. 3. brtt. er aðeins til skýringar, og fellst n. á hana. Seinni málsgr. getur hún líka fallizt á.

Sama er að segja um 4. brtt.; hún miðar að því að gera orðalag frvgr. skýrara, og fellst n. á hana.

A-lið 5. brtt., að „á eftir „skipstjóra" komi: á öðru skipi en íslenzku fiskiskipi", fellst n. á til samkomulags, þó í honum felist dálítil efnisbreyt. Í frv. er svo ákveðið, að skipstjóra skuli skylt að hafa gert upp reikning þess manns, sem úr skiprúmi skal skráður, en eftir brtt. á sú skylda ekki að ná til skipstjóra á íslenzkum fiskiskipum. Það mun í mörgum tilfellum vera útgerðarskrifstofa, sem gerir upp við fiskimennina, en ekki skipstjóri. Get ég sætt mig við þessa breyt. Um b-lið sömu brtt. er líkt að segja, þó hann hnigi að öðru efni.

Öðru máli gegnir um c-liðinn; þar er um talsverðan stefnumun að ræða. Hann er þess efnis, að fella skuli niður úr frv. ákvæðin um það, að skipstjóri og sjómaður geti hvor um sig krafizt þess af lögskráningarstjóra, að hann rannsaki reikningsgerðina milli þessara aðila og skeri úr smærri ágreiningsatriðum milli þeirra þar að lútandi. Hér er oft um svo smávægilegan ágreining að ræða, að það borgar sig fyrir hvorugan aðila að höfða mál út af honum á venjulegan hátt, og gerir það örðugt fyrir menn að ná rétti sínum. Í flestum slíkum tilfellum getur lögskráningarstjóri skorið úr, hvað rétt er eða rangt, og eftir frv. er ekki úrskurði hans heldur ætlað að vera endanlegum, heldur á hver aðili um sig að geta vísað málinu til sjódóms; mundu þeir þó líklega í flestum tilfellum sætta sig við úrskurð lögskráningarstjóra.

N. getur ekki fallizt á að fella þessi ákvæði, sem greind eru í c-lið 5. brtt., niður. Veit ég heldur ekki, hvort hv. flm. sjálfum er það mikið kappsmál.

6. brtt. er bein afleiðing af þeirri breyt., sem c-liður 5. brtt. fer fram á, og getur n. því ekki heldur fallizt á hana.

Um 7. brtt. er n. ekki heldur á einu máli. Hún fellir niður það ákvæði, að lögskráningarstjóri skuli taka á móti innieign sjómanns við lögskráningu úr skiprúmi, ef hann getur eigi mætt. Í frv. er gert ráð fyrir, að sjómenn mæti þegar lögskáð er úr skiprúmi, en eftir brtt. falla þau ákvæði niður. Annarsstaðar er talið sjálfsagt, að sjómenn séu viðstaddir þegar þeir eru skráðir úr skiprúmi, svo lögskráningarstjóri geti sett stimpil á viðskiptabækur þeirra og fram geti komið aths. við þær, ef ástæða er til. Er það líka samkv. anda sjómannalaganna. Nú hefir mér skilizt, að hv. flm. brtt. ætli að koma fram með skriflega brtt. um það, að sjómenn skuli ekki vera skyldir til að mæta, en skuli geta gert það, ef þeir óska, svo sennilega næst samkomulag um þetta atriði.

8. brtt. er afleiðing af þeim fyrri brtt., sem n. fellst ekki á.

Síðasta brtt. er aðeins leiðrétting, og ber því að samþykkja hana.

Ég hefi nú skýrt frá viðhorfi n. til þessara brtt.; vona ég, að hv. dm. athugi þau rök, sem fram hafa komið, og samþykki ekki að fella niður úr frv. atriði,

sem ég hefi nú sýnt fram á, að talsverðu máli skipta.

Ólafur Thors: Hv. frsm. skýrði brtt. mínar nokkuð. Mun ég þó víkja að nokkrum einstökum þeirra til áréttingar.

Um 1. brtt. þarf ég engu við að bæta; vil aðeins vekja athygli á, að um hana er hv. sjútvn. sammála.

2. brtt. leyfi ég mér hér með að taka aftur, og flyt ég í staðinn skriflega brtt., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 9. gr.:

a. 2. málsgr. orðist þannig:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

b. Aftan við gr. bætist ný málsgr.:

Skylt er lögskráningarstjóra að sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrri helgidegi stórhátíðanna, frá kl. 4—6 síðd.“.

Mér þykir nokkru skipta, að þessi brtt. nái fram að ganga. Fyrir mér vakir það, að gera lögskráninguna ekki margbrotnari en þörf er á. Ég hygg, að ef sjómenn væru skyldaðir til að mæta við lögskráninguna, gæti mörgum þeirra komið það meinlega, og finnst mér það óþörf kvöð. Ef þessi brtt. mín er samþ., er henni af létt, því þá er það sjómönnunum í sjálfsvald sett, hvort þeir mæta eða ekki.

Síðari lið 2. brtt. tek ég aftur og ber fram aðra svipaða brtt. til hægðarauka við atkvgr.

Um 3. brtt. þarf ekki að ræða, því um hana er n. sammála. Sama er að segja um 4. brtt. A-lið og b-lið 5. brtt. er n. líka sammála um, en c-liðurinn veldur aftur nokkrum ágreiningi; skal ég því rifja upp, hvað þar er um að ræða.

Eftir frv. á lögskráningarstjóri að koma í stað dómara, þegar smá-ágreiningur rís milli sjómanna og skipstjóra eða útgerðarmanna, en úrskurðum hans á þó að vera hægt að áfrýja til sjódóms. Ég tel að vísu heppilegt að hafa slíkan dómstól, til að skera úr smærri ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma, án þess kostnaðar, sem leiðir af venjulegri málssókn. En það er vankantur á ákvæðum frv., að úrskurðum lögskráningarstjóra á að mega vísa til sjódóms, því víðast mun það vera svo utan Reykjavíkur, að lögskráningarstjóri er einnig formaður sjódóms. Undir slíkum kringumstæðum yrði því formaður sjódómsins að víkja úr sæti, og mundi það baka ríkissjóði talsverðan aukakostnað. Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu með því að flytja brtt. um þetta atriði, þó ég leggi ekki sérstaklega ríka áherzlu á hana.

Ef c-liður 5. brtt. verður felldur, er 6. brtt. tekin aftur sem sjálffallin.

Um 7. brtt. er n. ekki á einu máli. Hún er ekki mjög mikilvæg, er aðeins í þá átt, að lögskráningarstjórar þurfi ekki að leysa af höndum óskyld störf, sem þeim eru ætluð eftir frv., þegar sjómennirnir mæta ekki við lögskráningu úr skiprúmi.

8. brtt. er sjálffallin, ef c-liður 5. brtt. er felldur.

Um 9. brtt. er aðeins það að segja, að hún er leiðrétting, sem n. fellst á.

Yfirleitt tel ég frv. þetta til bóta, og get því greitt því atkv., hvort sem brtt. mínar ganga fram að meira eða minna leyti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 412) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hefi litlu við að bæta það, sem ég áður sagði. Hv. flm. till. hefir skýrt þær, og í raun og veru er ágreiningur ekki um nema c-lið 5. gr., og auðvitað það, sem fram kemur í skrifl. brtt. við 9. gr., um starfstíma þeirra, sem eiga að lögskrá.

Um það fyrra hefi ég ekki margt að segja, en mér virðist aðalástæða hjá hv. flm. vera sú, að lögskráningarmenn væru dómendur í sjódómi. Rétt er það. En í mörgum tilfellum eru það aðrir en sýslumenn og bæjarfógetar, sem lögskrá. Á Vestfjörðum eru það oft hreppstjórarnir. Gæti því sýslumaður víðast verið oddamaður sjódóms eftir sem áður. Í Reykjavík er lögmaður oddamaður sjódóms, en lögskráning heyrir undir lögreglustjóra.

Skriflegu brtt. get ég ómögulega fallizt á, og ég hygg meiri hl. n. sé þeirrar

skoðunar, að ekki sé rétt að lögbinda svo starfstíma þessara opinberu starfsmanna ríkisins við þetta sérstaka starf. Ég veit ekki annað en að bæði í Reykjavík og víðar hafi verið sýnd lipurð í hvívetna við lögskráningu. Og ennfremur eru í frv. ákvæði, sem gera skipum mögulegt að láta úr höfn án lögskráningar, ef skrifstofan er lokuð, en þá skal skipstjóri tilkynna lögreglustjóra bréflega um leið og hann fer, og greina nöfn ólögskráðra manna. Þessi heimild er sprottin af þörf, og mér finnst hún raunar geta nægt, án þess að þessum starfsmönnum sé bundinn þessi baggi, því að það tel ég alveg óþarft og óviðkunnanlegt mjög.

Ólafur Thors: Þó að það sé að vísu svo, að í Reykjavík sé annar oddamaður sjódóms en sá, sem hefir á hendi lögskráningu, þá er það yfirleitt sami maðurinn í öllum stærstu útgerðarstöðum landsins. Það er svo í Hafnarfirði, Siglufirði, Vestmannaeyjum og Ísafirði. Hygg ég því ekki alveg ástæðulaust að óttast, að það geti alltaf komið fyrir, að skipa þurfi setudómara í sjódóm. Annars hefi ég gert grein fyrir minni skoðun og þarf ekki að fjölyrða um þetta.

Um b-lið 2. brtt., sem leggur þá kvöð á lögskráningarstjóra, að hann sinni lögskráningu alla virka daga frá kl. 9—9 og helga daga, aðra en föstudaginn langa og fyrri helgidaga stórhátíða, á milli 4 og 6, vil ég segja það, að það er ákaflega nauðsynlegt að eiga greiðan aðgang að lögskráningu. Og yfirleitt er það galli á þessu frv., að það gengur í þessum efnum beint í öfuga átt við þörfina. Þess er brýn nauðsyn að greiða götu manna að lögskráningu. Hér á landi eru miklu strangari ákvæði um þetta en í nágrannalöndunum, t. d. Englandi. Þar þurfa skipstjórar ekki annars en senda skilaboð til yfirvaldanna, að þeir óski, að lögskráningarstjóri sendi umboðsmann sinn á skipsfjöl til að skrá, og þá er það gert, jafnt á nóttu sem degi. Ég hefi ekki viljað ganga svo langt, en tel hinsvegar nauðsynlegt, að sæmilegur sé aðgangur til lögskráningar á eðlilegum vinnutíma.

Hv. frsm. veit mörgum mönnum betur, að komutími ísl. veiðiskipa í höfn er svo óreglulegur, viðdvöl svo skömm og mannaskipti svo tíð, svo að hann ætti að sjá, að það er nauðsynlegt að eiga nokkurnveginn greiðan aðgang að lögskráningu. Kvöðin, sem lögð er á þennan embættismann, er ekki sérlega þung; og í Reykjavík ætti að vera svo fyrir mælt, að lögskráningarstjóri megi setja umboðsmann í sinn stað. Þetta er nú brtt., sem ég ber fram og sjútvn. hefir tjáð sig ósamþykka. En ég verð að halda því fram eindregið, að hér sé um að ræða að leysa úr ríkri þörf, án þess að það sé lögð of þung skylda á herðar þessum mönnum.

Magnús Torfason: Ég skal fullkomlega játa, að það er bæði þarft og nauðsynlegt að gera það, sem hægt er, til þess að teppa ekki skip, sérstaklega veiðiskip, í förum sínum; og ég skil það svo, að síðari helmingur 2. brtt. á þskj. 317 sé gerður með það fyrir augum.

Þegar ég var skráningarstjóri á Ísafirði í gamla daga, er frá því að segja, að ég held, að það hafi alltaf verið skráð fyrir fiskiskip, þegar menn þurftu þess með. (**JAJ:** Alveg rétt). Það gat verið svo mikið í hættu. En vitanlega var þetta engin skylda.

Og ég veit dæmi þess, að norskir menn vildu oftar en einu sinni fá lögskráð utan skrifstofutíma, en fengu ekki, og buðu þá manninum, sem framkvæmdi verkið, sérstaka borgun. Þeir litu svo á, að þetta væri ekki skylda hans. Ég man ekki betur en þetta sé þannig í Noregi.

Nú býst ég við, að skip geti fengið sig afgreidd, þegar mikið lægi við, með þessu móti, að láta manninn, sem skráninguna framkvæmir, fá einhverja aukaþóknun. En þó verð ég að játa, að ég kann ekki við það. Það væri miklu réttara að hafa það þannig, að skylda væri að lögskrá hvenær sem er, en menn fengju borgun fyrir það úr ríkissjóði, sem vitanlega fær tekjurnar fyrir það að mestu leyti. Og mér skildist á hv. flm. þessarar brtt., að þessi siður væri í Englandi. En þá vil ég geta þess, að það er dálítið öðruvísi ástatt hér í landi um greiðslur á kostnaði við störf embættismanna heldur en á Englandi. Þar er greitt það, sem til embættisins gengur, blátt áfram eftir reikn-

ingi. Þó þykist ég vita, að þegar embættismenn og fulltrúar þeirra þurfa að gera eitthvert verk, t. d. á helgum dögum, þá setji þeir upp fyrir það.

Með þessu fororði get ég fyrir mitt leyti sætt mig við till., og þá einkum ef n. legði það til, að þessu verði þannig háttað, að menn fái einhverja borgun fyrir það frá ríkinu. En eins og nú stendur á um skrifstofufé hér á landi, þá þurfa lögskráningarstjórar að borga mönnum sínum úr eigin vasa fyrir þetta starf.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hefi þegar gert grein fyrir því, hvers vegna ég og meiri hl. n. getur ekki fallizt á það að ákveða með lögum, hvað skrifstofur skuli vera lengi opnar; og ég hefi bent á, að þetta hefir ekki komið að sök, það ég frekast veit. Og ég hefi bent á þá gr. í frv., þar sem heimilað er undir vissum kringumstæðum að fara út án þess að láta lögskrá með þeim skilyrðum, sem þar greinir. Ég veit, að jafnvel þótt skrifstofan sé opin frá 10 árd. til 10 síðd., þá gæti þetta komið fyrir eftir sem áður. En að hafa skrifstofuna opna miklu lengur mundi þýða talsvert aukinn kostnað í mannahaldi. Og ég tel mjög rangt að rígbinda þetta eina opinbera starf svo með lögum.

Ég veit ekki vel, hvað skal segja um uppástungu hv. 2. þm. Árn., að ríkið borgaði lögskráningu utan skrifstofutíma. En því gæti ég búizt við, að útgerðarmönnum yrði ekki ljúft að taka á sig aukagjald til þess, sem lögskráir. Og ég held yfirleitt, að það sé ekki rétt af hv. flm. að leggja svo mikið kapp á þessa till., því að með ákvæði hennar mundu í raun og veru erfiðleikarnir aukast um framkvæmd starfsins frá þeirra hálfu, sem eiga að greiða fyrir lögskráningu, og mundi það valda óánægju frá beggja aðilja hálfu. Hv. þm. vitnaði í Breta. Á Bretlandi eru sérstakar stofnanir, sem hafa lögskráningu með höndum, og þar munu menn vera til skiptis eftir vöktum. Þetta kemur til af því, að í flestum brezkum höfnum verður að haga burtför skipa eftir sjávarföllum, og verða þau því að fá afgreiðslu á hvaða tíma sem er. Hér er því ekki til að dreifa. Hitt skal ég játa, að skipin fara hér oft síðla kvölds og stundum mjög snemma. En fyrir slíkum tilfellum er séð í frv., í 7. gr.

Ólafur Thors: Ég held ekki, að seinni partur 7. gr. komi að sama liði og brtt. mín. Þar er ákveðið, að heimilt sé að fara úr höfn með óskráðan mann, en lögð sú kvöð á skipstjóra að senda lögskráningarstjóra skriflega tilkynningu og láta lögskrá næst, þegar í höfn er komið. Þetta vill oft dragast úr hömlu, og verða þessi ákvæði ekki annað en pappírslög.

Ég vil benda á það, að um vertíðina er stundum svo mikil þröng á skrifstofu lögskráningarstjóra, að heilar skipshafnir verða að bíða svo klukkutímum skiptir til þess að komast að. Þetta er meðfram af því, að skrifstofan er opin svo stuttan tíma, að tíminn endist ekki til starfsins. Hv. frsm. er fullkunnugt um þetta. Jafnvel af þessum ástæðum væri þörf að lengja skrifstofutímann.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um það, að þess væri meiri þörf á Bretlandi að skrá jafnt á nóttu sem degi, af því að skipin þurfi að leggja úr höfn á ákveðnum tíma, þá er það náttúrlega svo hér á landi, að skipstjórar sækjast ákaflega mikið eftir að leggja af stað á ákveðnum tíma úr ísl. höfnum, til þess að vera komnir á mið á þeim tíma sólarhringsins, þegar mest aflast. Á Selvogsbanka aflast t. d. bezt að næturlagi. Og yfirleitt má segja um ísl. veiðiskip á vertíðinni, að þau megi ekki neina stund missa.

Á Englandi er ekki eins mikil þröng á lögskráningarskrifstofunum, sökum þess að þær eru opnar allan sólarhringinn; þannig mundi verða hér í Reykjavík, ef 1. brtt. mín verður samþ., sem veitir skráningarstjóra heimild til að fela öðrum skráningarstörfin hvenær sem er. Úti um landið kemur þetta aftur á móti sjaldan að sök, því að víðast búa lögreglustjórar í sama húsi og skrifstofan er í.

Það er sjálfsagt rétt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að þegar hann var lögskráningarstjóri, hafi hann oft skráð utan skrifstofutíma. En þetta sannar einmitt hina miklu þörf þess, að slíkar skrifstofur séu lengi opnar, en engin sönnun

þess, að allir lögskráningarstjórar sýni sömu lipurð og hann á sínum tíma gerði. Ég álít þess vegna ummæli hans styrkja mitt mál og vera rök fyrir því, að rétt sé að samþ. þessa till.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 317,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 317,2 tekin aftur.
— 412,a. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 412,b. samþ. með 14:4 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 317,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 317,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 282 samþ. með 20 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 317,5.a. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 317,5.b. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 317,5.c. felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, JJós, JAJ, JÓl.
nei: MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

Fjórir þm. (TrÞ, BSv, BÁ, HK) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 317,6, tekin aftur.
17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 317,7 (ný 18. gr.) samþ. með 13:5 atkv.
— 317,8 tekin aftur.
19.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 317,9 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 413, 414).

Ásgeir Ásgeirsson: Brtt. mín á þskj. 414 er vart þannig, að amazt verði við henni. Hún kveður svo á, að lögskráningarstjóri skuli skyldur að sinna lögskráningu þann tíma, sem ákveðið er í frv., frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., þar sem þörfin er mest, í Reykjavík, en hinsvegar beri lögskráningarstjórum ávallt að sýna lipurð um lögskráningu utan starfstíma, þótt eigi sé skylda að sinna lögskráningu allan þennan tíma, nema í Reykjavík.

Vænti ég, að hv. deild hafi ekki á móti till.

ATKVGR.

Brtt. 414 samþ. með 15:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 426).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 520).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli, því að eins og sést á þskj. 520, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er eitt af þremur, sem öll fylgjast að, en hin eru frv. til sjómannalaga og frv. til siglingalaga. Þetta frv. er komið frá Nd., og leggur sjútvn. til, að það verði samþ. án breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. í e. hlj.
10.—14. gr. samþ. í e. hlj.
15.—20. gr. samþ. í e. hlj.
21.—27. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 79. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 567).

---

48. Vegalagabreyting.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (þmfrv., A. 32).

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu gamall kunningi, en þó má segja, að það sé nýtt að því leyti, að nú er því fylgt úr hlaði af 50 búendum, er búnað stunda á þessu svæði.

Síðan vegalögin voru samin, hafa komið fram óteljandi till. um að bæta við nýjum vegum, og er ekki nema von til þess. Því þó að ekki séu liðin nema 6 ár síðan vegalögin voru sett, hefir svo margt breytzt, að fyllsta ástæða er til að breyta lögunum að stofni til.

En aðalgallinn á vegakerfi landsins er, að upphaflega er það byggt sem sumarvegir. En á hverju ári kemur betur og betur í ljós, að margt af þessum vegum er ekki nothæft þegar er færð versnar, og þá alls ekki að vetrarlagi.

Verður þetta bagalegra ár frá ári, af því að vetrarflutningur afurða hefir færzt mjög í vöxt, eins og kunnugt er. Það má segja, að það sé ekki aðeins þörf fyrir að minnsta kosti ¼ hluta landsmanna, heldur hrein og bein nauðsyn að fá sæmilega vetrarvegi. Og á því svæði, sem ræðir um í frv. mínu, er þörf daglegra vetrarflutninga með afurðir, síðan Mjólkurbú Flóamanna var stofnað. Mjólkurbúið gerir það að verkum, að nauðsynlegt er að hafa bifreiðasamgöngur innan héraðsins, til þess að menn geti náð til búsins og notað sér það. Stofnun mjólkurbús í Flóanum er yfirleitt hrein og bein vitleysa, ef ekki er um leið séð fyrir, að menn geti flutt afurðir til búsins og frá því. Menn hafa ekki gefið þessu mikinn gaum, af því að árferði hefir verið svo óvenjugott, en nú hefir þessi vetur sýnt, að full þörf er á bættum vegum. Ég hefi oft fengið að heyra það, að við Árnesingar séum býsna heimtufrekir að því er snertir samgöngur, og ég skal játa, að það má til sanns vegar færa. En ég blygðast mín ekkert fyrir það. Þetta er nauðsyn, sem ekki verður undan komizt. Það stendur líka töluvert öðruvísi á í Árnessýslu en í mörgum öðrum sýslum. Ég skal geta þess, að á síðustu 8 árum hefir þar verið bætt við sýsluvegum, sem nema 189 km. Sýslusjóður, sem hefir litlu fé á að skipa, gerir ekki slíkt, nema brýn þörf reki á eftir. Hinsvegar er öllum vitanlegt, að viðhald slíkra vega eykst með ári hverju, og með þeim tekjustofni, sem sýslusjóðurinn hefir nú, er ekki sýnilegt annað en að hann eigi fullt í fangi með að halda við þeim vegum, sem fyrir eru, og er þá augljóst, að ekki muni honum vinnast að bæta við nýjum vegum. Í Árnessýslu eru verri vegarstæði en í öðrum sýslum. Í öllum sýslum eru spottar, sem lítillar aðgerðar þurfa við, en í Árnessýslu er alstaðar svo háttað, að byggja þarf upphleypta vegi yfir fen og foræði.

Alþingi hefir á síðustu árum tekið vel í það að bæta samgöngur, ekki sízt á sjó, og varið til þess miklu fé. Nú vita allir, að samgöngur á sjó eru miklu haganlegri og ódýrari en samgöngur á landi. Alþingi álítur nauðsynlegt að eyða miklu fé til að bæta góðu vegina. Þá er skiljanlegt, að oss Árnesingum finnist sanngjarnt, að

lagt sé nokkuð af mörkum til að bæta vondu vegina hjá oss.

Ég ætla nú að treysta á velvild og sanngirni hv. dm. og legg til, að frv. verði vísað til samgmn.

Bernharð Stefánsson: Það er ekki langt síðan vegalögin voru sett, en það er allt útlit fyrir, að ekki hafi tekizt sem bezt að uppfylla kröfur og þarfir almennings í þessu máli. Að minnsta kosti hafa á hverju þingi síðan komið fram tillögur um breytingar á þeim. Allar hafa þær farið sömu leiðina, til samgmn., og þar hafa þær sofnað út af. Ég minnist þess, að í fyrra, þegar lagt var til að vísa slíku frv. til samgmn., lét ég í ljós efa um, að það væri til nokkurs. En hv. þáverandi og núverandi formaður nefndarinnar (GunnS) hafði þá góð orð um, að málið yrði afgreitt. Efndirnar urðu samt ekki að sama skapi, því nál. kom svo seint á þingtímanum, að ekki var hægt að gera neitt frekar. Hv. flm. þessa frv., sem nú liggur fyrir, lagði til, að því yrði vísað til samgmn., enda væri það samkv. þingvenju. En vegna þeirrar reynslu, sem fengin er, vil ég skjóta þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort það er ekki leyfilegt, þingskapa vegna, að kjósa sérstaka nefnd til að fjalla um þetta mál. Ég hefi enga trú á, að afgreiðsla fáist á því í samgmn., nema kannske ef samgmn. lýsir því yfir eindregið nú þegar, að hún skuli taka málið fyrir. Þá get ég fallið frá þessari till. minni. Ég brýni hv. samgmn. í þeirri von, að það beri einhvern árangur og að sjálfsögðustu breytingar á lögunum geti náð fram að ganga, eins og t. d. loforð Alþingis frá 1923 um að taka flutningabrautir upp í tölu þjóðvega. Þingtíðindin sanna, að þetta loforð var gefið af þinginu 1923 og efnt að mestu leyti 1924. En tvær flutningabrautir voru skildar eftir. Virðist vera kominn tími til að fara að efna þetta 7 ára gamla loforð. Ef hv. n. vill vinna að þessu, er henni til hægðarauka komin fram tillaga einmitt um þetta sérstaka atriði.

Ég vænti svars frá hv. formanni samgmn. og hæstv. forseta um það, hvort hann telur það brot á þingsköpum að kjósa sérstaka nefnd í þetta mál.

Þorleifur Jónsson: Á öndverðu síðasta þingi bar ég fram frv., sem fór fram á ofurlitlar breytingar á vegalögunum. Að vísu bættust við allmargar brtt. og vatill. við frv., en svo fór, að málið fékk ekki afgreiðslu. Það hefir ætíð farið svo nú á mörgum þingum, að slík frv. hefir dagað uppi fyrir seinlæti hv. samgmn., eins og hv. 2. þm. Eyf. gat um. Nú er enn komið fram frv. um breytingar á vegalögunum, og ég sé mér ekki annað fært en að bera fram samskonar till. og í fyrra. Enda lagði nefndin í fyrra það til, að vegalagabreyting sú, sem ég fór fram á, yrði samþ. ásamt 2—3 öðrum breytingum. Þetta gefur mér vonir um, að þessi sama nefnd taki eins í mína till. nú, en það dugir skammt, ef ekki verður gengið frá málinu fyrr en í þinglok, eins og undanfarið. Það er ekki vansalaust fyrir hv. samgmn., ef hún gerir nú ekki nægilega snemma ákveðnar till. í slíku máli sem þessu. Ella verður ríkisstj. að taka málið í sínar hendur og leggja fyrir Alþingi frv. til breytinga á vegalögunum.

Á því er enginn efi, að mjög er nauðsynlegt að fá þessu máli hrundið í lag. Það sýna þinar mörgu brtt. á hverju þingi.

Ég er ekki sammála hv. 2. þm. Eyf. um, að skipa eigi sérstaka nefnd í málið, en vil skora á samgmn. að hraða afgreiðslunni.

Gunnar Sigurðsson: Samgmn. hefir áður fengið ámæli fyrir afgreiðslu sína á frv. til breytinga á vegalögunum, en hv. þm. vita, að drátturinn hefir ekki verið nefndinni að kenna, heldur vandkvæðum, sem á þessu máli hafa verið. Á síðasta þingi beið n. eftir till. vegamálastjóra, en hann var erlendis þangað til fram undir þinglok. Vegamálastjóra hefir verið illa við að opna vegalögin, og þó að þetta mál hafi verið rætt, hafa brtt. jafnan fallið undanfarin ár. Eins tafði það störf nefndarinnar, að Framsóknarflokkurinn setti nefnd til athugunar á málinu, en sú n. skilaði aldrei áliti. Ég ætla ekki að lofa neinu fyrir hönd nefndarinar, en ég mun hraða afgreiðslu þessa máls eins og hægt er, enda hefi ég sjálfur ástæðu til þess fyrir mitt kjördæmi, því svo stóð á, að ég

sem þm. Rang. varð fyrir því happi, að vegamálastjóri lagði til, að einn af sýsluvegum Rangæinga væri tekinn inn í lögin, og öll n. féllst á það. En hvaða till. n. gerir, get ég ekki sagt um, því að ég ræð ekki skoðunum hennar, þó að ég sé formaður. Ég hefi ekkert á móti því, að sérstakri n. verði falið þetta mál til meðferðar.

Benedikt Sveinsson: Ég tek til máls sem þingmaður míns kjördæmis. Ég hefi í nokkur ár flutt frv. um breytingar á vegalögum, og ég veit, að margir fleiri dm. hafa borið fram brtt. við þau, en ég ætla ekki að misbjóða þingsköpum svo, að fara að ræða um einstakar brtt. við þessa umr. Hinsvegar er nauðsynlegt, að hér komi fram eindregin kvörtun um það, að svo er sem að kasta tillögum sínum á glæ, að vísa þeim til hv. samgmn. Hún hefir í nokkur ár haft þann sið, að liggja á öllum frv. til breytinga á vegalögum og öllum brtt., skila þeim svo í þinglok og láta þær falla.

Ég hlýt að skilja þingsköpin svo, að það sé sjálfsagt að vísa til hverrar fastanefndar þeim málum, sem eru þess eðlis, að þau heyri undir þá nefnd. Þess vegna er ekki hægt að komast hjá því, að frv. þessu verði vísað til samgmn. Hinsvegar er þess að vænta, að flutningsmönnum frv. og brtt. renni til rifja að þurfa að halda sömu ræðunum þing eftir þing, með sama rökstuðningi, sem allir viðurkenna, að sé réttur, um alveg sjálfsagðar og stórnauðsynlegar breytingar á vegalögum, en svo er þeim öllum kastað í körfuna að þinglokum og héruðin fá enga rétting sinna mála.

Það er engin afgr. hjá hv. n. að draga þessi brýnustu nauðsynjamál héraðanna þing eftir þing, hvert kjörtímabilið af öðru, með vöflum og vífilengjum, skila nefndaráliti, að nafninu til, í þinglok og varpa svo öllu til stjórnarinnar, eða til vegamálastjóra. Vegamálastjóri er aðeins ráðunautur stjórnarinnar, en hann er ekki settur yfir þingið. Það er rangt og ónærgætið að gera ráð fyrir því, að einn maður viti betur en 42 alþingismenn samanlagt, hvar vegir eiga að liggja um gervallt Ísland. Ég get ekki tekið undir slíka fjarstæðu.

Ég heyrði, að formaður samgmn. lofaði lipurð sína og nefndarinnar. Veit ég, að hugur hans muni góður, en ekki sætti ég mig við þær till. hans eða vilyrði, er hann kvaðst vilja koma að 2—3 umbótum á hverju þingi. Hann hefir ekki komið einni einustu fram árum saman og ekki heldur hv. fyrirrennarar hans. Hversu lengi á að reyna svo á þolrif og þolinmæði héraðanna og fulltrúa þeirra? Mér finnst ekki of mikið að mæla með 6 tillögum, eins og nefndin gerði í þinglok í fyrra. Ég vil því skora á hv. form. samgmn. að hann gangi ekki skemur nú en að hann hafi hælana þar sem hann hafði tærnar í fyrra. Ég sé ekki, hvað það þýðir að vera að tefja fyrir réttmætum og sjálfsögðum umbótum. Þrátt fyrir rökstuddar kröfur um mörg ár hefir engin leiðrétting fengizt á gömlum ójafnaði. Engu að síður verður nú víst að vísa málinu enn til samgmn. í því fulla trausti og með því skilyrði, að hún taki nú rögg á sig og afgreiði málið frá sér í tæka tíð, svo að frv. geti nú loks orðið að lögum á þessu þingi.

Jón Auðunn Jónsson: Það má segja, að mörg högg séu reidd að samgmn. og upp á mörgu stungið til þess að draga ráðin úr hennar höndum. Ég býst við, að þeir, sem vilja láta stjórnina ráða yfir þinginu, vilji láta stjórnina ráða hér. En um þessi mál er það að segja, að illt er að gera breytingar að svo stöddu. Það er þegar með lögum ákveðið mikið af nýjum vegum, en fé af skornum skammti. Þess vegna hefir vegamálastjóri jafnan lagzt á móti slíkum viðbótum á þjóðvegakerfinu, meðan hann sér ekki fram á, að hægt sé að fullnægja því, sem búið er að lofa.

Það kom glöggt í ljós á þingi 1927, að margar breytingar, sem bornar voru upp af samgmn., fóru svo í d., að þær voru felldar, af því að menn sáu ekki fram á, hvenær þær gætu komið til framkvæmda, og vildu því ekki lögfesta þær strax.

Allir vita, að hvergi er meiri þörf á vegum en í Ísafjarðarsýslu. Vegna hagsmuna kjósenda minna hefi ég borið fram till. í þessu efni, en engin tök séð á, að hægt væri að vinna að þeim á undanförnum árum. Eins og allir vita, er Ísafjörður einn af stærstu kaupstöðum landsins, en

þar er mjög lítið uppland, erfitt til ræktunar og afarerfitt um aðflutninga á landbúnaðarafurðum. Aftur á móti er í Önundarfirði eitt af fegurstu landbúnaðarhéruðum, en lítill markaður þar fyrir landbúnaðarafurðir. Í vegamálunum sem öðrum málum verður að sníða þjóðinni stakk eftir vexti. Það hefir mikið verið unnið að vegabótum undanfarin ár og mikil verkefni liggja fyrir á næstu árum. En þegar því er lokið, sem fyrir liggur og þegar búið að ákveða, að gert verði á næstu árum, þá fyrst er ástæða til að samþykkja nýjar viðbætur við þjóðvegakerfið.

Á þessu stigi málsins segi ég ekkert um afstöðu mína gagnvart hinum ýmsu till., sem hér liggja fyrir, en mun í nefndinni gera það, sem mér finnst réttast eftir ástæðum.

Bernharð Stefánsson: Hv. 2. þm. Rang. var að leitast við að afsaka vinnubrögð samgmn. og afgreiðslu hennar á þessu máli á síðasta þingi og vildi halda því fram, að sá dráttur, sem á því var, hefði ekki verið samgmn. að kenna. Var hann í því sambandi að minnast á nefnd, sem flokkarnir hefðu skipað til þess að athuga þessar vegamálatillögur. Ég skal ekki neita því, að í Framsóknarfl. var tiltal um að fela sérstakri nefnd í flokknum að athuga tillögurnar og mæla með þeim, sem mestar ástæður þætti til, að þingið afgreiddi. En það er spaugilegt, að hv. þm. skuli telja það hafa verið samgmn. til tafar.

Þá var hann einnig að minna á það, að vegamálastj. hefði verið fjarverandi úr bænum framan af þinginu, og þess vegna hefði samgmn. ekki getað tekið ákvarðanir í málinu fyrri en hann kom heim. Þær tillögur, sem bornar eru fram í vegamálum hér á Alþingi, stranda raunverulega alltaf á þessu sama ár eftir ár, að það er vegamálastjóri., sem virðist hafa alræðisvald í þessum málum, þó að það eigi að heita svo, að Alþingi ráði þar öllu um.

Hv. 2. þm. Rang. gat þess, að samgmn. hefði afgr. þessar vegamálatill. á þinginu í fyrra með nál. frá 7. maí. En það liggur í augum uppi, að það var sama sem að svæfa málið á því þingi, að skila því ekki úr nefnd fyrri en undir þinglok.

Ég verð að taka undir það með hv. þm. N.-Þ., að það er einkennilegt, ef einn maður, þó að hann sé sérfræðingur í vegamálum, á að taka ráðin af Alþingi um það, hvaða vegum skuli skipað í þjóðvegatölu, eins og nú virðist orðið í reyndinni. Ég sé ekki, að vegamálastjóri sé á nokkurn hátt bærari um það að dæma en þingmenn. Hann er að vísu sérfræðingur um vegagerð, og er vitanlega til þess hæfari en aðrir að ráða um það, hvernig á að vinna verkið. En um hitt, hvort t. d. að Eyjafjarðarbraut á að teljast til þjóðvega, eins og ég hefi flutt frv. um, er vegamálastjóri ekkert færari um að dæma en t. d. hv. þm. Barð. eða hver annar þm. Það er langt síðan þessi braut var byggð, að ráðum sérfræðinga, en það þarf enga sérþekkingu til að ákveða, hvort brautin skuli vera þjóðvegur eða ekki; það er eingöngu fjárhagsatriði, sem Alþingi er fullkomlega fært um að ráða fram úr.

Það er rétt, að hv. samgmn. skilaði að lokum nál. En hvernig var það svo? Þar var ekkert tillit tekið til þeirra atriða, sem fyrst átti að leiðrétta í vegalögunum samkvæmt því, sem til var ætlazt af þinginu 1923. Á því þingi var ákveðið, að vegalögin yrðu endurskoðuð með það fyrir augum, að allar flutningabrautir yrðu teknar í tölu þjóðvega. Þetta var svo framkvæmt á þinginu 1924, þannig að þá voru allar flutningabrautir gerðar að þjóðvegum, nema tvær, sem skildar voru eftir, en það voru Eyjafjarðarbraut og partur af Borgarfjarðarbraut. Ég verð að líta svo á, að þetta hafi verið fyrir gáleysi; að minnsta kosti get ég fullyrt, að sá ráðh., sem lagði vegalagafrv. fyrir þingið 1924, fylgdi því aftur síðar, að þessar brautir yrðu teknar í þjóðvegatölu, og var svo að skilja á honum, að vegna gáleysis stjórnarinnar hefðu þær ekki verið teknar með þegar frv. var samið. En vegamálastj. hafði undirbúið málið og gengið þannig frá því, að þær vantaði í frv.

En hv. samgmn. datt ekki í hug að taka til greina þessa sjálfsögðu leiðréttingu á vegalögunum. Af þessum ástæðum þykir mér ekki öruggt um forsvaranlega afgr. málsins, ef samgmn. fær það til meðferðar, og álít því, að vel gæti komið til mála að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um

það. En telji hæstv. forseti, að það komi í bága við þingsköp eða viðtekna þingvenju, verð ég auðvitað að beygja mig fyrir áliti hans.

Ég get viðurkennt það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að ekki sé hægt að taka allar kröfur til greina, en á hinn bóginn er það augljóst, að ef starfsaðferð hv. samgmn. hefði verið fylgt frá upphafi, um að taka engar kröfur til greina, þá væri enginn þjóðvegur til í landinu enn þann dag í dag.

Halldór Stefánsson: Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að 1. flm. að brtt. á þskj. 44 var ekki viðstaddur í þd. — Afgreiðsla hv. samgmn. á þessum vegamálatill. hefir nú verið átalin af ýmsum hv. þdm. Ég vil taka í sama streng um það, að vinnubrögð nefndarinnar í þessum málum séu mjög óhyggileg. Það er fráleit aðferð að láta réttlát mál þvælast óafgreidd þing eftir þing. Viðvíkjandi þeirri stefnu hv. form. n., að taka til greina árlega aðeins eina eða tvær af þeim kröfum, sem fram eru bornar í þessum efnum, er það að segja, að þá eyðist allt of mikið af tíma þingsins í þref og endurteknar umræður um sömu málin.

Ég ætla ekki að gera grein fyrir till. minni við þessa umr., enda var henni lýst á síðasta þingi og þeim ástæðum, sem þar liggja til grundvallar, enda er hún ekki á dagskránni. En með þessum orðum vildi ég aðeins vekja athygli á henni.

Gunnar Sigurðsson: Ég þarf ekki miklu að svara þeim þremur hv. þdm., sem hafa fundið að vinnubrögðum samgmn. í þessum málum á síðasta þingi. Hv. 2. þm. Eyf. svaraði sér að miklu leyti sjálfur, þegar hann gat þess, að vegamálastjóri hefði ekki verið viðlátinn hér í bænum framan af þinginu í fyrra, enda hefir það verið viðurkennt, að nefndin gæti alls ekki gengið framhjá því, að leita álits hans og umsagnar í svo stóru máli, og þar sem svo margar brtt. lágu fyrir þinginu í vegamálunum. Ég hefi aldrei sagt, að vegamálastjóri ætti að vera einráður um það, hvaða vegir væru teknir í þjóðvegakerfið, heldur að hann væri þessum málum kunnugastur, og þess vegna yrði þingið að byggja á till. hans.

Hv. þm. N.-Þ. taldi, að 42 þingmenn væru hæfari til þess að ráða þessum málum heldur en vegamálastjóri einn. En hvernig fer það, þegar hver einstakur af þessum 42 þm. otar sínum tota og berst aðeins fyrir sínum vegi, en gegn öllum kröfum hinna? Þá kemst vitanlega ekkert fram.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áður, að ég álít, að þingið eigi að taka þessar kröfur til greina smátt og smátt og fullkomna vegakerfið eftir því sem efnin leyfa; þingmenn hljóta að sjá, að það er ekki hægt að fullnægja öllum þeirra kröfum í einu í vegamálunum, og þær fást ekki samþykktar.

Það hefir komið fram uppástunga um að vísa þessum málum til sérstakrar n. Það er fjarri því, að mig langi til að fjalla um þau í samgmn., ef hv. þdm. treysta annari n. betur til þess að greiða fram úr þessum málum. Ef það telst að vera brot á þingsköpum, að áliti hæstv. forseta, þá er til önnur leið, sem einn þingflokkur hafði áður reynt, en hún er sú, að flokkarnir láti undirnefndir athuga vegamálatillögurnar, og gætu þær síðan borið ráð sín saman um, hvað helzt ætti að taka til greina.

Það nær ekki nokkurri átt að ásaka samgmn. þessarar deildar um, að þessi mál náðu ekki fram að ganga á síðasta þingi. N. áleit hyggilegt að bíða eftir áliti vegamálastjóra, og auk þess stóð líka á tillögunni frá vegamálanefnd þess flokks, sem hv. þm. N.-Þ. átti sæti í. Annars er öllum hv. þdm. það kunnugt, að vegaumbætur hafa alltaf verið mín áhugamál, svo sem fjárhagurinn framast leyfir.

Hákon Kristófersson: Ég sé ekki ástæðu til þess að vera margorður um það, þó að n. sú, sem ég á sæti í, hafi orðið fyrir óverðskulduðum ámælum frá ýmsum hv. þdm. fyrir að afgreiða eigi í tæka tíð álit sitt um vegamálin á síðasta þingi. Og þó að það hefði verið afgreitt fyrr, þá voru till. svo margar og á svo mismunandi rökum reistar, að ég fyrir mitt leyti taldi mig ekki færan til að

skera úr því, hverjar af þeim ættu mestan rétt á sér. Ég lít svo á, að vegamálastjóri sé færastur að skera úr því, hvaða afstöðu þingið á að taka gagnvart hinum einstöku till. í vegamálunum og að einstakir þm. geti síður um það dæmt Ég er fullkomlega sannfærður um það, að það á betur við, að vegamálastjóri skeri úr þessum málum heldur en að þm. séu að teygja um þau lopann sín á milli. Hann er eini maðurinn, sem hefir langmestan kunnugleika á þessum málum á landi hér, að svo miklu leyti sem kunnugleika eins manns getur verið til að dreifa. Það er óheppileg aðferð, sem þingmenn nota oft við afgreiðslu fjárlaga og beitt var á síðasta þingi, þegar þeir lýsa yfir, að þeir taki aftur brtt. sínar um fjárframlög til vega o. fl. í fullu trausti til þess, að stj. láti framkvæma þær, þó að ekkert fé sé til þeirra veitt. Og hitt er mér óskiljanlegt, að hv. þdm. geti með rökum talið vegamálastj. hlutdrægan, eða láð samgmn., þó að hún teldi það þýðingarmikið atriði að fá tillögur hans í þessum málum. Ég býst við, að hv. form. n. hafi fullkomlega gert grein fyrir þeim ástæðum hennar, að brtt. voru svo margar, að hún taldi ófært að samþykkja þær allar. (**GunnS:** Það er alveg rétt). Það má vitanlega alltaf um það deila, hvort vinnubrögð samgmn. hafi verið óheppileg eða ekki. En um leið og henni er ámælt í þeim efnum, þá færi betur á því, að þeir hv. þdm., sem ámælin flytja, hefðu hreinan skjöld í þeim nefndum, sem þeir starfa í. Ég meina þetta ekki sérstaklega til hv. 2. þm. Eyf. En mér er kunnugt um, að ýmsar nefndir hafa tafið fyrir málum af miður góðum ástæðum.

Mér er óskiljanlegt, að hv. þdm. geti hugkvæmzt, að við hv. þm. N.-Ísf., sem báðir eigum sæti í samgmn. og höfum flutt margar brtt. í vegamálunum, höfum að ástæðulausu hikað við að framfylgja þeim.

Ég vil taka í sama streng og hv. form. samgmn., að ég vil krefjast þess, að það sé borið undir atkv. hv. þd., hvort slík mál sem þessi verði tekin af samgmn. Ef meiri hl. þd. er því fylgjandi, þá sættum við okkur við þann úrskurð, en það er ekki nema eðlilegt, að við viljum fá það hreint út. Annars er það einkennilegt, að þessar aðfinnslur til samgmn. koma allar frá einum og sama þingflokki.

Ég endurtek það, að þessi mál eru betur komin í höndum vegamálastj., sem er sérfræðingur, meðan þingmenn geta treyst honum til að vera óhlutdrægur í sínum tillögum. Reiptog þingmanna er miklu óheppilegra og vekur meiri óánægju.

Ég hefi heyrt því haldið fram á þingmálafundi af merkum manni, að það væri um að gera fyrir þingmenn að ryðjast á garðann, þegar á hann væri gefið, og talið, að þeir þingmenn, sem ekki kæmust að jötunni, væru óhæfir til þingsetu. Ég lít svo á, að þar sem nauðsynin er mest, þar eigi verklegar framkvæmdir að sitja fyrir. Ég tek það hinsvegar ekki illa upp, þó að hv. þm. helli úr skálum reiði sinnar yfir samgmn., en vil skora á hv. þdm. að skipa nýja nefnd í þessi mál, ef þeir telja það illa komið í höndum núverandi samgmn. En þó ég segi þetta, vil ég þó taka það fram, að ég býst ekki við, að flokkarnir hver fyrir sig mundu sjá ástæðu til að skipta um menn, og mætti því svo fara, að þó ný kosning færi fram, yrði það endurkosning sömu manna, sem væri þá sama sem traust á þeim.

Hverjar till. ég mun gera áður en þetta mál verður afgr. úr deildinni, vil ég ekkert segja að svo komnu máli. Og hvað umr. snertir, er hér hafa fram farið í dag, þykir mér næsta ósennilegt, að valdi verulegum breytingum á afstöðu minni til þessa máls.

Benedikt Sveinsson: Hv. 2. þm. Rang., sem er formaður veganefndar, hefir nú reynt að gera nokkra grein fyrir hinum langa drætti, sem varð á nál. nefndarinnar í fyrra. Skal ég nú víkja nokkrum orðum að ástæðum hv. þm., ef ástæður skyldi kalla. Hann talaði um „undirnefnd", sem tafið hefði afgreiðslu nál. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað hv. þm. á við með þessari skýringu, nema ef vera skyldi flokksnefnd, sem kosin var á lokuðum flokksfundi til þess að fjalla um þessi mál. Ég get nú frætt hv. þm. um það, að þessi nefnd var búin að skila áliti sínu á miðju þingi í fyrra, svo að tæplega hefir hún staðið hv. samgmn. verulega fyrir þrifum. Álit hennar var örstutt, og kom

svo tímalega, að hv. n. hefði þess vegna getað sýnt meiri röggsemi um afgreiðslu málsins þegar á síðasta þingi.

Þá taldi hv. þm. höfuðástæðu dráttarins, að landsverkfræðingur hefði verið erlendis meginhluta þingtímans í fyrra. Hafi það valdið töfum á störfum hv. n. Sýnir það einungis, að nefndin hefir misskilið hlutverk sitt. Auðvitað er það þingsins að ákveða, hvar vegir skuli liggja og hverjir vegir skuli ganga fyrir, enda hefir það jafnan verið svo. Veit ég ekki betur en að Alþingi hafi ráðið vegalögunum til lykta, bæði 1907 og 1924. Þetta liggur í hlutarins eðli. Verksvið landsverkfræðings, eða vegamálastjóra, er allt annað. Hann á að annast framkvæmdir þær, er Alþingi vill láta gera. Það er fyrst og fremst þjóðin og fulltrúar hennar, sem meta, hvar þörf sé brýnust og ákveða hver verk skuli framkvæmast og í hverri röð. Verkfr. annast því næst kaup á efni, ræður smiði og verkstjóra og lítur eftir öllum framkvæmdum. Það er því óviðeigandi af hv. þm. að tala um hlutdrægni vegamálastjóra, því að hann gerir vitanlega ekki annað en þing og stjórn leggur fyrir hann. Að vísu ræður hann, hvort brú er byggð úr steini eða járni, eða hvort vegur er lagður hérnamegin eða hinumegin við holtið, o. s. frv., en þetta skerðir í engu vald þingsins. Það verður því að teljast fremur veigalítil afsökun fyrir úrskurðarleysi nefndarinnar árum saman, að vegamálastjóri var fjarverandi, því að hennar verk var fyrst og fremst að gera till. um heildarskipun vega hér á landi. Framkvæmdir laganna fara síðan eftir getu þjóðarinnar á hverjum tíma, enda dettur engum í hug, að mögulegt sé að framkvæma vegalögin í einni svipan. Þau eru, nánast sagt, sett til þess að samræma vegakerfi landsins, og til þess að stemma stigu fyrir óhóflegu reiptogi milli einstakra landshluta um þessi mál, sem verða mundi, ef um hvern vegarspotta þyrfti að þjarka á hverju þingi, svo sem fyrrum gerðist.

Hv. þm. sagði það réttilega, að nefndin hefði skilað áliti sínu í fyrra, en gallinn var, að það kom svo seint, að ekki gafst tími til að afgreiða málið fyrir þá sök. Nú vill svo til, að nákvæmlega sömu brtt. eru komnar fram á ný, sem nefndin fellst á, svo að málið liggur í rauninni eins fyrir og þegar nefndin gekk frá því í fyrra. Nefndin ætti því ekki að þurfa að liggja lengi á málinu í þetta sinn; hún „afmarkaði" stöðu sína til málsins eins og það liggur fyrir með nál. frá 7. maí í fyrra. Ég væri því fyrir mitt leyti ánægður, þótt nefndin breytti aðeins dagsetningu nál. síðan í fyrra, og gæfi það út á ný, óbreytt að öðru leyti. Mundi sú meðferð greiða mest fyrir framgangi málsins á þessu þingi.

Flm. (Magnús Torfason): Mér þykir málefni þetta í nokkurt óefni komið og eigi tekið með þeirri alvöru sem vera skyldi. Ætti þó engum að blandast hugur um nauðsyn þessa máls. Mestu máli skiptir að finna réttan grundvöll. Því hefir verið haldið fram, að brtt. við vegalögin, sem bornar hafa verið fram á undanförnum þingum, gangi út á aukin fjárútlát úr ríkissjóði. En þetta er hinn mesti misskilningur. Vegalögin eru einungis áætlun um vegagerð ríkissjóðs. Ég skal nefna sem dæmi, að í vegalögunum frá 1907 er ákvæði um, að veg skuli leggja að Geysi. Þessi vegur er ekki fullgerður enn. Fjárveitingavaldið kveður á um það, hvaða vegir skuli vera látnir sitja fyrir, þegar til framkvæmda kemur. Með þessu er verið að fyrirbyggja, að hvert hérað oti sínum tota, og að greiða fyrir samræmri og réttlátri úrlausn þessara mála, og má því sjá, að engin goðgá getur það talizt, þótt fram komi till. um endurskoðun eða breytingar á þessari áætlun. Vegalögin eru nú síðan 1924, svo að afturhald mætti það teljast, ef liði á löngu áður en farið væri að breyta þeim. Ég skal líka benda hv. nefnd á það, að vegalögin 1924 voru einmitt sett vegna þess, að þáverandi ríkisstjórn sá fram á það, að því lengur sem dregið væri að breyta vegaáætluninni frá 1907, því fleiri kröfur um nýja vegi kæmu fram, og að þegar vegal. væru komin á, myndu sennilega líða nokkur ár, þangað til farið væri að breyta þeim á ný. Nú býst ég við, að hv. nefnd skilji það, að þörfin fyrir bætt vegakerfi hefir aukizt a. m. k. eins mikið frá 1924 til 1930 eins og frá 1907 til 1924, vegna þess að eftir 1924 er fyrst almennt

farið að nota hin nýtízku flutningatæki, bílana, á vegum hér á landi. Fyrir 4 árum hefði sennilega fáum komið í hug, að nú væri kominn akfær bílvegur frá Borgarnesi til Akureyrar. Þörfin hefir knúð þá vegabót fram, en í vegalögum er ekkert á hana minnzt. Af þessu má sjá, hversu mikil breyting er á orðin, og þess vegna ætti að gjalda varhuga við að spyrna á móti nauðsynlegum endurbótum á vegalöggjöfinni, eins og þessar till. okkar fara fram á.

Gunnar Sigurðsson: Ég skal ekki gefa hv. þm. N.-Þ. ástæðu til að svara. Sakir hans á nefndina voru svo veigalitlar, að ég hirði ekki um að svara þeim. Helzt reyndi hann að snúa út úr því, sem ég sagði um undirnefndina, sem hann mun sjálfur vera formaður í. Ég stend við það, að sú nefnd skilaði ekki áliti sínu fyrr en í ótíma og var í rauninni ekkert álit, sem að nokkru liði kæmi fyrir samgmn. — Sé ég svo ekki frekar ástæðu til að deila við hv. þm., með því að hann virðist ánægður, ef við látum nægja að breyta dagsetning nál. frá í fyrra.

Sigurjón Á. Ólafsson: Samgmn. hefir hlotið töluverð ámæli af meðferð vegamála á þinginu í fyrra. Ég hygg, að færð hafi verið rök gegn flestu því, sem á hana hefir verið borið. Ég hefi því ekki ástæðu til að tala langt mál að þessu sinni, og það því síður, sem hv. 2. þm. Árn. hefir nú gert glögga grein fyrir viðhorfi þessara mála í heild. Var ræða hans sem töluð væri úr mínu brjósti, enda hafði ég hreyft ýmsu, er gekk í þá átt, í samgöngumálanefnd í fyrra. Hafði mér helzt dottið í hug, að skipuð væri milliþinganefnd til þess að koma heildarskipulagi á þessi mál. (PO: Ein milliþinganefndin enn!). Ef ekki væru sett heildarlög um þessi mál, myndi metingurinn og reiptogið ganga úr öllu hófi, og hver drepa fyrir öðrum. Það þarf styrka hönd til þess að skammta hverjum rétt undir þannig kringumstæðum. Hygg ég það nokkrum örðugleikum bundið fyrir nefndina að brjóta til mergjar, hvar þörfin sé mest og hvaða vegir eigi að sitja fyrir öðrum. Alstaðar er nauðsynin fyrir hendi og allir landshlutar vilja fá vegi. Þess vegna væri heppilegt af samgmn. að vísa þessum málum til deildarinnar, með þeirri ósk, að skipuð væri milliþinganefnd til þess að gera fullnaðartillögu um þessi mál. (PO: Ég held að komið sé nóg af þessum nefndum). Það er ekki vonlaust um, að hv. þm. Borgf. gæti komizt í þá nefnd. (PO: Langar ekki!). Hér er um þjóðarnauðsyn að ræða, að málum þessum sé komið í betra horf hið bráðasta. Ég hreyfði þessu á síðasta þingi, en það þótti þá ekki nógu aðkallandi, en nú vona ég, að hv. þdm. sannfærist um, að þörfin er þegar orðin mjög brýn og aðkallandi, og má vart við svo búið standa öllu lengur. Tímarnir breytast og atvinnuhættir landsins breytast sömuleiðis. Samgöngumál landsins verða því á hverjum tíma að standa í samræmu hlutfalli við þarfir atvinnulífsins í landinu.

Bernharð Stefánsson: Ég verð nú að segja, að fremur virðist draga til sátta í þessu máli, og er það vel farið. Tveir af nm. hafa nú látið þau orð falla, að ég hlýt að bera meira traust til hv. nefndar nú en í upphafi þessarar umr. Hv. þm. Barð. lýsti því yfir, að hann vildi, að Alþingi efndi gefin loforð, og tel ég það ótvíræða framför, ef það mætti takast í framtíðinni. Þá taldi hv. 4. þm. Reykv., að færð hefðu verið rök fyrir flestu því, er á hv. samgmn. hefði verið borið út af vinnubrögðum hennar á þinginu í fyrra. (SÁÓ: Ég sagði, að færð hefðu verið rök gegn ásökunum hv. þm.). Hv. þm. sagði fyrir, en ekki gegn, og getur það ekki skilizt á annan veg en að hv. þm. játi brot nefndarinnar og iðrist. Þannig hafa ⅔ hlutar n. sýnt ótvíræðan betrunarvilja, og má þá frekar vænta árangurs af starfi hennar. Þess vegna ætla ég nú að falla frá þeirri ósk minni, að þetta mál verði tekið af samgöngumálanefnd og fengið í hendur sérstakri nefnd. Sérstaklega vil ég treysta hv. n. til að líta með sanngirni og skilningi á kröfur míns héraðs hvað þessi mál snertir. (JAJ: Þá er öllu bjargað!). O-nei, ekki þarf það að vera, en hver er sjálfum sér næstur, og það verð ég að kannast við, að gramastur hefi ég orðið út af meðferð hv. n. á vegamálum okkar Eyf., því við viljum hafa rétt okkar til móts við önnur héruð landsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 14:1 atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (BSv): Ég vil samkv. áskorun nokkurra hv. deildarmanna beina þeirri ósk til hv. samgmn., að hún skili hið bráðasta nál. um frv. til laga um breyt. á vegalögunum, sem legið hefir nokkuð lengi fyrir nefndinni.

Gunnar Sigurðsson: Það hefir gengið illa að ná saman fundi, en ég skal þó lýsa því yfir, að nál. mun koma um það leyti, sem refalögin verða afgr.

Forseti (BSv): Refir eru fljótir á fæti og óvíst, hvernig þessari þunglamalegu nefnd tekst að hlaupa þá uppi.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, 35, 38, 39, 40, 43, 44, 49, 56, 59, 118, 141, 152, n. 346).

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Það hefir verið kvartað yfir því, að þetta mál hafi verið seint afgr. frá n. En ástæðan til þess, að svo varð, er sú, að ekki þótti rétt að afgreiða álit fyrr en umsögn vegamálastjóra lægi fyrir. En hann hafði mikið að gera og gat því ekki afgr. það eins fljótt og vænzt var. Umsögn hans kom fyrir eitthvað 10 dögum. Þegar svo umsögn vegamálastjóra var fengin, gat n. ekki orðið sammála. Hún klofnaði í 2 eða jafnvel 3 hluta, 1 meiri hl. og 2 minni hl. En minni hl. hafa engu áliti skilað. Skal ég minnast á það síðar, þegar þeir hv. þm., sem minni hlutana skipa, hafa talað, en vík nú fyrst að nál. og brtt. á þskj. 346.

Brtt. þær, sem fram eru komnar frá ýmsum hv. þdm., fara fram á að auka þjóðvegakerfið um vegalengd, sem samtals nemur 420 km. Nú er það svo, að æðimikið er enn ógert af þeim vegum, sem lengi hafa staðið í vegalögunum. Verður því naumast mikið gert á næstu árum af þeim vegum, sem hér er lagt til, að teknir verði í þjóðvegatölu, þó samþ. verði. Áður en tekið er til við þá, þarf að koma á góðu vegarsambandi milli aðalhéraða landsins. Vegna undanfarandi góðæris hefir meira verið unnið að vegagerð en ráð var fyrir gert. Þar af leiðandi telur n. fært að taka nokkra kafla í tölu þjóðvega, bæði vegi, sem tengja saman héruð, og innanhéraðsvegi. Till. n. um nýja vegakafla nema um 87 km. Langmestur hluti þessara vega er þegar akfær, en sumt aðeins góður reiðvegur, en allir þurfa þeir endurbóta við. Kostnaður verður talsvert mikill við framkvæmd þessara vegagerða, og mun því eflaust dragast um fleiri ár að leggja þessa vegi, þó brtt. n. nái samþ. þingsins. Vegamálastjóri hefir ekki beint lagt með og ekki heldur á móti, að tveir nýir vegir verði upp teknir: Kópaskersvegur og Hafnarvegur. Þá telur hann eftir atvikum rétt, að einum vegi verði breytt, að í stað vegarins austur yfir Landeyjarnar verði vegur lagður inn Fljótshlíð.

Kem ég þá að till n. Er þá fyrst Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú. Vegarlengdin er 24,2 km. Mikill hluti þess vegar er nýlega endurbættur með tillagi úr ríkissjóði að hálfu leyti. Er nú sæmilega fær bifreiðum, en þarf þó vegna mikillar umferðar endurbóta, sem áætlað er, að kosti allt að 30 þús. kr. Árlegt viðhald má ætla, að nemi 2500 kr. Þetta er aðalflutningabraut þriggja hreppa og á því líkan rétt á sér og Hvammstanga- og Skagafjarðarbraut. Vegamálastjóri hefir ekki lagt á móti þessari brtt.

Þá er Hafnarvegur í Hornafirði. Er hann 5½ km. á lengd. Endurbyggður á síðustu árum með helmings framlagi úr ríkissjóði. Er búizt við, að ekki kosti meira en 2—3 þús. kr. í mesta lagi að fullgera hann. Viðhald er áætlað 1200—1500 kr. á ári. Er líkt um þennan veg að segja og næsta á undan og afstaða vegamálastjóra til hans sú sama.

Þá er 3. vegurinn, sem vegamálastjóri leggur ekki á móti, en frekar með. Það er, að þjóðveginum austur yfir Rangárvallasýslu, sem nú liggur yfir Landeyjar, hjá Garðsauka og Hemlu, sé breytt og

hann lagður inn Fljótshlíð. Þessi breyting á vegastæðinu kemur síðar, ef ekki verður samþ. nú, því þegar Þverá verður brúuð, þá verður vegurinn lagður inn Fljótshlíð. Auk þess fara nú orðið nærfellt allir ferðamenn þessa leið, auk þess allt skemmtiferðafólk. Ef þessi till. verður samþ., fellur neðri vegurinn í tölu sýsluvega. Kostnaður er lítill, mestur við það að brúa 3 smáár.

Hinar aðrar brtt., sem nefndin gerir, eru þessar: Eyjafjarðarbraut, frá verzlunarlóð Akureyrar að Kristneshæli. Þetta er í samræmi við það, sem gert hefir verið um aðrar sjúkrahúsbrautir, t. d. héðan að Vífilsstöðum, Kleppi og Laugarnesi. En n. vildi ekki ganga lengra en þetta. Ef meira væri tekið, þá bættust svo margir nýir vegir við, að vegafé ríkissjóðs færi að miklu leyti í viðhald. Er það ótækt, meðan eftir er að gera marga nýja vegi. Að Kristneshæli er mjög mikil umferð vegna hælisins og því sanngjarnt, að sá kafli sé tekinn í tölu þjóðvega.

Þá er Vestfjarðavegurinn, frá Hnífsdal um Breiðadalsheiði að Veðrará. Vestfirðir eru enn nærri vegalausir, en þarna er langmest umferð og brýnust þörf. Önundarfjörður er eitthvert blómlegasta landbúnaðarhérað, sem gæti tekið mjög miklum umbótum, ef bændur gætu komið afurðum sínum til Ísafjarðar. Nú er það ekki hægt nema á hesthryggjum. Leið þessi er öll fær bifreiðum, nema 6 km. langur kafli yfir heiðina. Til umbóta þessa vegar hefir mikið verið lagt fram af Ísafjarðarkaupstað og sýslunni. Hinsvegar eru engir vegir í þessum sýslum í tölu þjóðvega nú.

Þá kem ég að þskj. 44. N. sá sér ekki fært að taka inn í brtt. sínar Úthéraðsveg. En öll sanngirni mælir þó með því að taka veginn frá Eyvindarárbrú að Eiðum upp í tölu þjóðvega. Hann er hliðstæður flutningabrautunum.

Vegurinn frá Eiðum út að Unaósi er bæði mjög vondur og langur. Auk þess er á Unaósi engin höfn. Þar er lagt upp lítið af vörum, enda er þar ekkert kauptún og ekki að búast við, að það byggist upp á næstu árum, vegna þess að á Austurlandi eru margar hafnir miklu betri. Eins og ég gat um, er það till. nefndarinnar, að vegurinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum verði tekinn í tölu þjóðvega. Byggingarkostnaður mun verða um 20 þús. kr., að því er vegamálastjóri segir. Hinsvegar álítur hann, að akvegur út að Unaósi mundi kosta um 200 þús. kr. Það væri illa varið stórri fjárhæð, ef lagður væri vegur á slíkum útkjálka, meðan fjöldi bráðnauðsynlegra vega verður að bíða.

Þá leggur n. til, að Skeiðabrautin frá vegamótum Suðurlandsvegarins, 12,3 km., verði tekin í tölu þjóðvega. Að vísu eru stórar flutningabrautir nú um þetta hérað, bæði Eyrarbakkabrautin og Biskupstungnabrautin, sem eru langir og dýrir vegir, auk þjóðvega, sem liggja gegnum þvera sýsluna. En hér stendur sérstaklega á. Nú hafa menn austur þar slegið sér saman og myndað samlagsmjólkurbú, og til þess að Skeiðamenn geti notfært sér það, þurfa þeir að hafa góðan veg á þessu svæði. Að öðru leyti er þessi vegur líka talsvert fjölfarinn. Að þessu athuguðu hefir nefndin lagt með því að taka þennan kafla í þjóðvegatölu. Hefir hann verið gerður að meiri hluta af ríkisfé. Part af honum þarf að endurbyggja, og mun kosta nokkurt fé, þar sem aðdráttur ofaníburðar er afarerfiður.

Loks er Landbraut, sem n. leggur til að taka í þjóðvegatölu. Þessi vegur liggur af þjóðveginum hjá Meiri-Tungu og Holti upp Land. Var farið fram á af þm. kjördæmisins, að vegur væri lagður alla leið að Galtalæk. En n. taldi ekki fulla ástæðu til að fara svo langt, heldur aðeins að Múla á Landi.

Í Rangárvallasýslu er engin flutningabraut, nema sú, sem liggur gegnum þvera sýsluna, og engin höfn er þar, eins og kunnugt er, svo að flutningar eru næsta erfiðir. Hafa Rangæingar lagt á sig mjög mikil gjöld til vega, að tiltölu kannske meiri en nokkur önnur sýsla á landinu. Um Landbrautina streymir fjöldi ferðamanna, því að þar fara allir, sem ætla Fjallabaksveg, og þeir, sem ætla upp að Heklu. Yfirleitt er það svo, að viðhaldið á vegum þarna er óskaplega dýrt, svo að sýslubúar stynja undir þeim byrðum, en vegina notar hinn mesti fjöldi utanhéraðsmanna.

Samtals eru þeir vegir, er nefndin vill koma í tölu þjóðvega, um 87 km., en þar af munu vera bílfærir nú þegar fullir

60 km. Sumstaðar þarf að endurbyggja kafla, en aðrir kaflar eru sæmilega góðir. Þá þarf að byggja talsvert af smærri brúm á þessum nýju vegum.

Um hinar aðrar till. um breytingar á vegalögunum, sem liggja fyrir, vil ég spara mér að ræða, vísa aðeins til álits vegamálastjóra, sem fylgir nál. meiri hl. samgmn. Nefndin hefir fallizt á það í öllum aðalatriðum.

Ég skal rétt geta þess um till. frá hv. þm. S.-Þ. um þjóðveginn austur frá Húsavík, að það er ekki rannsakað, hvort fara beri um Tunguheiði eða fyrir Tjörnes. En hinsvegar virðist vegamálastj. flestar líkur benda til, að farið verði að till. hv. þm. S.-Þ. Með því að leggja veginn kringum Tjörnes, kemur hann miklu fleiri mönnum að notum, auk þess sem þar er miklu snjóléttara, en náttúrlega kostar hann eitthvað talsvert meira. Ég get sagt það sem mína skoðun, að ég tel sjálfsagt að leggja veginn fyrir Tjörnes.

Um Siglufjarðarbrautina er það sama að segja, að ekki er enn fullrannsakað, hvar hún skal liggja. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að tengja Siglufjörð, sem er í talsvert miklum uppgangi, við það blómlega hérað Skagafjörðinn. En það má ekki hraða þessari vegarlagningu, fyrr en fullrannsakað er, hvar vegurinn skal liggja.

Hannes Jónsson:* Eins og hv. frsm. meiri hl. samgmn. tók fram, var n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls; við hv. þm. Barð. gátum ekki fallizt á þá afgreiðslu, sem þskj. 346 gerir ráð fyrir. Ég tala þó ekki fyrir okkur báða, því að við erum heldur ekki alveg sammála, heldur tala ég aðeins fyrir eiginn reikning.

Ég get þá byrjað á því að segja, að í sumum atriðum var ég algerlega sammála meiri hl. n. Það er Fljótshlíðarvegur, Hafnarbraut, Eyjafjarðarbraut að Kristneshæli, og Kópaskersbraut. Aðeins hefi ég viljað fara meira eftir till. vegamálastjóra um Fljótshlíðarveginn, því að vegamálastjóri leggur eindregið til, að sá vegur verði tekinn í þjóðvegatölu með því skilyrði, að Rangæingar taki þjóðvegakafla þann, sem niður er felldur, í tölu sýsluvega. (JAJ: Það er gert í till. n.). Já, um Landbrautina er það að segja, að hún er felld úr þjóðvegatölu, en þar með er ekki sagt, að hún sé sýsluvegur orðinn; til þess að tryggja það, þarf að setja það að skilyrði. (MT: Þetta kemur af sjálfu sér). Það má vera, að svo sé, en þó tel ég réttara að taka þetta fram.

Um veginn frá Ísafirði að Önundarfirði vorum við líka sammála, en meiri hl. hefir bætt þar við vegarkafla frá Hnífsdal að Ísafirði, og því fylgdi ég ekki. Ég álít, að ef taka á slíka kafla í tölu þjóðvega, þá sé torvelt að finna takmörkin. Það verða óendanlega margar kröfur, sem koma fram, sem ómögulegt er að neita, verði þessi kafli tekinn í þjóðvegakerfið. Og ég sé satt að segja ekki, hvernig hv. meiri hl. fer þá að neita um suma af þeim vegaköflum, sem farið er fram á hér í brtt. En einhver samkvæmni verður að vera í till. nefndarinnar um þetta efni. Fyrir utan það, hvað þetta er varhugavert, þá fæ ég ekki skilið, að það skipti miklu fyrir héraðið þarna norður frá að fá þennan kafla upp tekinn í þjóðvegakerfið. Og mér skildist meira að segja hv. frsm. meiri hl. ekki vera svo sérstaklega áfram um það.

Ég álít, að við ættum frekar að halda áfram með Vesturlandsveginn frá Önundarfirði eitthvað í áttina við það, sem farið er fram á í brtt., sem lá fyrir n., en ekki að taka þennan kafla, ef ekki á að taka meira og minna af þeim vegum, sem nú að sjálfsögðu kallast innanhéraðsvegir.

Þá vil ég sérstaklega minnast á till. hv. meiri hl. um Landbrautina. Um þennan veg er það að segja, að vegamálastjóri telur engu meiri ástæðu til að taka hann upp en fjölda annara innanhéraðsvega. Og því fylgir hætta, að taka einstaka vegi út úr, eins og ég hefi rækilega bent á.

Viðvíkjandi Skeiðabrautinni er ég ekki nógu kunnugur staðháttum. En ég er hræddur um, að það kunni að hafa eitthvað svipaðar afleiðingar í för með sér eins og með Landbrautina, ef tekin verður í þjóðvegatölu, enda þótt ég búist við, að þar sé um nokkra sanngirniskröfu að ræða. En Landbrautin hefir undanfarin ár fengið mjög ríflegan styrk úr ríkissjóði, sem gæti máske komið nokkuð á móti því, sem hv. frsm. gat um, að um

þennan veg færi ferðamannastraumur upp að Heklu. En eins og vegamálastjóri benti á, þá tel ég þennan ferðamannastraum alls ekki nægja ástæðu til að taka þennan veg í tölu þjóðvega.

Af öðrum vegum vildi ég helzt minnast á Tjörnesveginn. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að vegamálastjóri teldi líklegt, að sú leið mundi hagkvæmust fyrir framtíðina; og mér virðist allt benda á, að svo muni vera. Þarna er í raun og veru alls ekki um nema tvær leiðir að ræða. Sá vegur, sem nú er í þjóðvegakerfinu, getur að flestra dómi alls ekki orðið það framvegis, a. m. k. ekki svo að gagni komi fyrir héruðin. Um Reykjaheiði er það að segja, að hún er óskaplega snjóþung og mun talsvert erfitt í mörgum stöðum að vega hana. En annað er þó verra, — að sú leið liggur um óbyggð. Ef ætti að stytta þá leið með því að láta brautina liggja frá Sæluhúsmúla og norður að Fjöllum og um Kelduhverfi, þá mundi fara að verða skammt á milli vegalengdar um Reykjaheiði og norður fyrir Tjörnes. En ef brautin á að liggja beint frá Sæluhúsmúla og austur að brú á Jökulsá, þá liggja þarna tveir vegir samhliða, annar eftir Kelduhverfi — eftir byggð —, en hinn nokkru framar, eftir óbyggð. Virðist ekki vera neitt skynsamlegt við slíkt skipulag.

Úr því nú á annað borð á að fara að breyta þessum vegalögum svo mikið sem lítur út fyrir, þá sé ég ekki ástæðu til að draga að ákveða það, að vegur skuli lagður norður fyrir Tjörnes. Þar liggur vegur þó um byggð og kemur miklu fleiri að notum af héraðsmönnum heldur en ef hann lægi um Reykjaheiði. Ég hefði því viljað mæla hið bezta með því, að þessi vegur yrði tekinn upp, af þessum ástæðum, ekki sízt fyrir það, að gerð hefir verið nokkur áætlun um vegarstæði þarna og lagningu vegar af talsvert fróðum manni um vegagerð, en það er verkstjóri, sem þar hefir unnið að vegagerð fyrir ríkið á undanförnum árum.

Þegar ég lít yfir þær till., sem meiri hl. ber fram, þá kemur mér það kynlega fyrir sjónir, að þeir skyldu ekki sjá sér fært að taka einnig Úthéraðsveginn alla leið til Unaóss.

Ég get gjarnan bætt því við, að mér virðist rétt að athuga nánar, hvort ekki sé gerandi að taka upp Snæfellsnesbrautina að meira eða minna leyti. Og þess má geta, að metrinn verður þar nokkru ódýrari en mjög víða annarsstaðar.

Að endingu vil ég taka fram, að á undanförnum þingum hefi ég verið algerlega mótfallinn því að taka mjög mikið upp í vegalögin af nýjum vegum. Ég tel svo gífurlega mikið liggja fyrir að framkvæma í vegagerð, að lítt sé hugsandi að dreifa fjármagninu mjög mikið frá þeim vegum, sem nú á að leggja á næstunni. En þar sem svo er nú komið, að allmargir hv. þm. vilja óðir gera breytingar á vegalögunum hver fyrir sig, þá hefi ég fallizt á, að rétt sé að taka nokkrar af þessum brtt. við vegalögin nú þegar, til þess að hafa nokkurn frið fyrir þesskonar till. fyrst um sinn.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 32, 35, 38, 39, 40, 43, 44, 49, 56, 59, 118, 141, 152, n. 346, 394, 399).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 399. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Ég hefi áður flutt sömu brtt. og ég flyt nú við vegalögin. Það var árið 1926, en þá náði hún ekki fram að ganga. Þar sem ég býst við, að um þetta mál verði langar og strangar umr., get ég látið mér nægja með að vísa til þeirrar tölu, sem ég hélt þá, en vil þó bæta því við, að umferðin um veg þennan eykst á ári hverju. Vænti ég svo, að hv. þdm. láti mig njóta þess, að ég þreyti þá ekki með lengri ræðu, og að þeir veiti þessari brtt. minni fylgi við atkvgr.

Bernharð Stefánsson: Ég skal fara að dæmi hv. 2. þm. G.-K. og tala stutt, og skal ég því strax taka það fram, að þótt ég bæri fremur lítið traust til hv. samgmn. í fyrstu, er mér ánægja að kannast við, að hv. n. hefir í þetta sinn starfað forsvaranlega að málinu og skilað áliti

svo tímanlega, að von er um, að málið komist í gegnum þingið og nái fullnaðarafgreiðslu.

Hv. nefnd hefir orðið við ýmsum þeim kröfum, sem þm. hafa gert, og er það meira en vænta mátti eftir fyrri reynslu. Ég hefi á nokkrum undanförnum þingum flutt þá brtt., sem ég flyt nú og er þess efnis, að aftan við C. 3. í 2. gr. komi nýr liður, nefnilega Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.

Ég hefi fært rök fyrir því á undanförnum þingum, að þessi krafa á fullan rétt á sér, enda má líta svo á, að 1923 hafi þingið gefið það loforð, að þessi braut skuli tekin í þjóðvegatölu.

Nú er mér ánægja að sjá, að hv. nefnd hefir þó að nokkru leyti tekið þessa kröfu til greina og leggur til, að vegurinn frá Akureyri að Kristnesi verði tekinn í þjóðvegatölu. Raunar byggir hún þessa till. sína á nokkuð öðrum forsendum en ég hefi gert, nefnil. loforði Alþingis 1923; forsendur hennar eru þörf hælisins, og er það út af fyrir sig sjálfsagt mál, að ríkinu beri skylda til að taka að sér þennan veg. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að ríkið sjái ekki fyrir vegi að þessu heilsuhæli eins og að öðrum samskonar stofnunum. Er það góðra gjalda vert, að hv. n. hefir viðurkennt þetta, og skal ég taka það fram, að ef mér hefði fundizt fullt samræmi í till. hv. n., hefði ég sætt mig við þessa úrlausn, þótt þessi vegur sé ekki nema ⅓ hluti af þeim vegi, sem ég fór fram á, að gerður væri að þjóðvegi. Ég hefði sætt mig við þetta, ef nefndin hefði ekki lagt til, að vegir, sem virðast ekki rétthærri en Eyjafjarðarbraut, verði teknir í þjóðvegatölu. Þar sem n. segir, að þarna sé um innanhéraðsveg að ræða, þá er það rétt, að vegurinn frá Kristnesi fram Eyjafjörð má teljast það, en frá Akureyri að Kristnesi ekki. Annars er það nú svo, að allmargir innanhéraðsvegir eru nú þegar taldir til þjóðvega, t. d. Biskupstungnabraut, og hv. n. leggur líka til, að nokkrir slíkir vegir verði teknir í tölu þjóðvega, eins og t. d. Skeiðabraut og Landbraut, sem báðar eru innansveitavegir. Sé ég ekki, hvers vegna þær brautir eiga að vera rétthærri en Eyjafjarðarbraut. Af þessum ástæðum álít ég ekki rétt að taka brtt. aftur, eins og ég raunar hafði ætlað mér, en þó getur verið, að ég geri það, ef atkvgr. fellur þannig, að samræmi fáist, en ef t. d. Landbraut verður samþ., þá sé ég ekki annað en þessi till. mín eigi fullan rétt á sér. Þó vil ég taka það fram, að ég er ánægðari með till. n. heldur en að engin breyt. fáist.

Þá er ég meðflm. að annari till., um að taka veginn frá Siglufirði að Fljótaárbrú upp í tölu þjóðvega, en þar sem ég geri ráð fyrir, að 1. flm. mæli fyrir henni, sé ég ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Einar Jónsson: Það er einkanlega það, sem ég hafði ætlað að vekja athygli hv. þdm. á, að eins og brtt. liggja nú fyrir er það sýnilegt, að ef flm. ætla að tala fyrir sínum till., verður afgreiðslu þessa máls ekki lokið fyrr en seint og síðar meir, og jafnvel dagar uppi á þessu þingi. Ástæða til, að þessu máli hefir seinkað, er fyrst og fremst sú, að það kemur beint frá nefnd, og svo líka hitt, að það hefir verið neðarlega á dagskrá eftir að það kom frá n. Ég vona því, að menn séu sammála um, að ekki sé ástæða til að fara að halda langar ræður, því að þær munu ekki ráða úrslitum. Ég læt mér nægja að mæla með þeim brtt., sem ég á á þskj. 43, en vil þó taka það fram, að 3. brtt. tek ég aftur, en hinar tvær mun ég láta koma til atkv. og vona, að þeim verði sanngirni sýnd.

Ef menn ætla að fara að tala rækilega fyrir till. sínum, þá mun ég ekki láta standa á mér, en þar sem flm. eru nú svona margir, vil ég vona, að ég þurfi þess ekki. Ég ætla ekki að fara að gera samanburð á einstökum brtt., því að ég býst við, að nauðsynlegt sé að fá þær allar samþ., en hinsvegar geri ég ráð fyrir, að nauðsynin sé misjafnlega mikil, og væri það einhver, sem gæti tekið till. sínar aftur, áliti ég það æskilegt. Hinsvegar má fara dálítið eftir till. nefndarinnar, því að hún hefir haft allar brtt. til athugunar og kynnt sér þær. Ég veit ekki, hvernig kann að fara um þessar tvær brtt., sem ég á nú eftir, Fjallabaks- og Fljótshlíðarveg, en vil vera hinn vonbezti um, að atkvgr. falli mér í vil.

Ég hefi svo ekki fleira að segja, en vona, að hv. þm. spari sér að tala mikið

um málið, því að það getur beinlínis orðið hættulegt fyrir afgreiðslu þess, ef umr. lengjast úr hófi fram, þar sem svo áliðið er þingtímans.

Halldór Stefánsson: Jafnvel þótt veitt sé dálítil úrlausn samkv. till. nefndarinnar á till. okkar hv. 1. þm. S.-M., þá get ég þó ekki verið ánægður með þær, þar sem n. vill ekki taka nema lítinn hluta af þeim vegi upp í þjóðvegatölu, sem við höfum gert till. um. Hv. frsm.(JAJ) sagði, að það hefði verið hin ríkjandi stefna að leggja sem mesta áherzlu á að tengja fyrst saman landshluta og leggja svo aukavegi frá aðalvegum til kaupstaðanna og koma þannig vegakerfinu í rétt horf á löngum tíma. Ég skal ekki neita því, að mest áherzla hafi verið lögð á það undanfarið að tengja saman héruð og landshluta, en hinsvegar verð ég að telja það mikið vafamál, hvort sú stefna hefir verið rétt, því að mér virðist hitt eiga að sitja fyrir, að leggja fyrst vegi um héruðin og tengja þau við næstu hafnir, þannig að menn eigi hægara með alla aðflutninga en áður innanhéraðs, áður en vegir séu lagðir yfir óbyggðir. Meginhugsun þjóðvegalaganna er sú, að það liggi hringbraut um landið allt og út frá þeirri hringbraut liggi vegir til hafnarstaða, og sú till., sem við hv. 1. þm. S.-M. berum fram, gengur í þá átt að tengja þá einu höfn, sem er við Héraðsflóa, við hringbrautina. Þetta er að vísu ekki talin góð höfn, en hún getur staðið til bóta og nú á að gera þar lendingabætur á næsta sumri. Og hún er þó sú höfn, sem getur orðið þrautalendingin fyrir allt hið stóra Hérað, ef ótíð og snjókyngi banna umferð yfir fjallgarðinn mikla, sem skilur héraðið frá góðum höfnum. Í nál. er sagt, að vegur þessi sé 40 km. langur, og er það sennilega rétt. Þar með er og sagt, að héraðið sé torfært yfirferðar og veglaust fyrir og verði vegurinn því dýr, en héraðið sé hinsvegar strjálbyggt. Það eru einmitt sumar af þessum ástæðum, sem mér virðast mæla með því, að vegur þessi verði tekinn upp í þjóðvegatölu. Hvar skyldi vera meiri þörf vegabóta en þar, sem veglaust er og torvelt umferðar? Vegasamband gæti og orðið til að lyfta undir velmegun þessa héraðshluta og veitt skilyrði til aukins þéttbýlis og kæmi þannig að margföldum notum.

Ég býst nú við, að það geti verið, að ekki tjái að deila um þetta mál vil hv. n., hún hafi meiri hl. fylgi með sinni till. En ég verð þó að benda á það, að þar sem vegur þessi má teljast svo nauðsynlegur og algerlega réttmætur að því leyti, að hann fellur algerlega inn í frumhugsun þjóðvegakerfisins, þá má búast við því, þótt hann nái ekki samþykki í þetta skipti, að jafnan á hverju þingi verði borin fram sú krafa, að hann verði tekinn í þjóðvegatölu, þangað til því fæst framgengt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér brtt. við vegalögin á þskj. 35, ásamt tveim öðrum hv. þm. Það, sem ég, ásamt hv. þm. Borgf., ber sérstaklega fyrir brjósti, er brautin, sem getur um í a-lið brtt. Ég hygg, að þær brautir, sem nefndar eru á þessu þskj., séu yfirleitt gamlar eftirlegukindur, þær einu, sem eftir voru skildar á þinginu 1924, en allar hinar voru teknar í þjóðvegatölu. Mér finnst það því dálítið einkennilegt, þegar hv. n. fer að velja úr þeim brtt., sem fyrir liggja, og þá eru teknar ýmsar aðrar till. og mælt með þeim, sem að minni vitund eiga alls ekki meiri rétt á sér um að vera í þjóðvegatölu en þær, sem hér er um að ræða, t. d. Fljótshlíðarbraut, Skeiðabraut og Landbraut, sem hv. n. leggur til, að allar verði teknar upp. Mér finnst sízt ástæða til að taka þær frekar í tölu þjóðvega en hinar aðrar, sem hér er um að ræða.

Það er haft á móti þessari braut, að þetta sé innansveitarvegur. Þetta er alls ekki rétt, því að auk þess sem þessi vegarspotti er tengiliður milli 7 eða 8 hreppa og kauptúns, er hann þar að auki orðinn tengiliður milli Norðurlands og Suðurlands, þegar farið er um Kaldadal. Þegar Kaldidalur er farinn, er þessi brautarspotti einn liður í þeirri löngu leið. Þegar auknar bílferðir hefjast um Hvalfjörð, verður þessi vegur farinn jöfnum höndum um Kljáfossbrú og Hvítárbrú, svoleiðis að þessi vegur er orðinn liður í tveim þjóðvegakerfum, auk þess sem þetta er stórkostlegur tengiliður á milli tveggja sýslna. Ég held því, ef ætti

að vega það, hver till. ætti mestan rétt á sér, þá myndi það verða þessi.

Sigurður Eggerz: Ég á hér brtt. á þskj. 394, þar sem gert er ráð fyrir, að Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum þjóðvegar utan Borðeyrar, verði tekinn í þjóðvegatölu.

Að því er snertir lengd þessa vegar, þá er hann hér um bil 14 km. fjallvegur, en hitt er sýsluvegur. Nauðsyn þessa vegar er allmikil, vegna þess að gegnum hann er hið bezta samband við Borðeyri, en þar á að koma upp stóru kælihúsi, og skiptir því miklu fyrir Laxdælinga og fleiri sýslubúa, að þessi vegur verði lagður. Eins er það af því að skipagöngur til Búðardals eru svo óvissar, að þá er gott að geta komið kjötinu á haustin til Borðeyrar.

Ég skal leyfa mér að taka fram, að það dregur úr kostnaði við þennan veg, að vegamálastjóri hefir hugsað sér, að um alllanga leið muni ekki þurfa á sérstakri vegarlagningu að halda, heldur megi fara yfir mela. — Ég get ekki lagt fram nákvæma kostnaðaráætlun um þennan veg, en það er flestum hv. þm. kunnugt, að hann er mjög nauðsynlegur og mikil samgöngubót, liggur í gegnum frjósamt hérað, sem það kæmi sér ákaflega vel fyrir að geta sameinast öðrum um þetta kælihús fyrir norðan. Vil ég því leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. taki vel þessari till. minni.

Ingólfur Bjarnarson: Ég á hér brtt. við vegalögin, á þskj. 141, um að flytja þjóðvegi*nn í kringum Tjörnes, sem nú er á*kveðinn yfir Tunguheiði. Meiri hl. samgmn. hefir ekki viljað mæla með þessari brtt.; hinsvegar lýsir vegamálastjóri því yfir mjög ákveðið í áliti sínu, að þennan þjóðveg yfir Tunguheiði verði að flytja þaðan, vegna þess að þar verði aldrei lagður akvegur. En hann telur hinsvegar, að æskilegt væri, að hann fengi sjálfur tækifæri til þess að athuga þær tvær leiðir, sem til mála gæti komið að færa þennan veg á, sem sé, hvort ætti að láta hann liggja kringum Tjörnes, eins og ég legg til, eða hann sé lagður yfir svonefnda Reykjaheiði. Hv. frsm. samgmn. gat þó um það, að vegamálastjóri væri hlynntur brtt. minni og hann gerði ráð fyrir, að eftir að vegamálastjóri hefði fengið tækifæri til að líta á þessa vegi, myndi hann fallast á það að láta veginn liggja kringum Tjörnes.

Nú vil ég geta þess, að þessar leiðir báðar hafa nú þegar verið athugaðar af aðstoðarverkfræðingi vegamálastjóra, a. m. k. lauslega, og auk þess hefir Jóhannes Guðmundsson vegastjóri á Húsavík, sem haft hefir með höndum umsjón með vegagerðinni yfir Vaðlaheiði, athugað Tjörnesleiðina, og það liggur fyrir skýrsla frá honum, allgreinileg, um þá leið. Þessi maður hefir staðið fyrir vegagerðum vegamálastjóra, og er því sjálfsagt sæmilega fær að dæma um þessa hluti og auk þess nákunnugur öllum staðháttum þarna; hefi ég hér skýrslu hans, sem ég held að vegamálastjóri hafi líka fengið. Skýrir hann svo frá, að þessi leið kringum Tjörnes, sem enn er óveguð og liggur öll í byggð meðfram sjó að Lóni í Kelduhverfi, sé um 37 km., en frá Lóni liggur vegurinn austur að Jökulsá og er, mest frá náttúrunnar hendi, fær bifreiðum.

Af skýrslu Jóhannesar má sjá, að vegarstæðið er sæmilegt, og hann telur, að allur kostnaður við vegagerðina muni verða allt að 100 þús. kr., en getur þess þó, að það megi sennilega gera leiðina akfæra með 20 þús. kr. minna tillagi, þ. e. a. s. það má nota vissa kafla án þess að nokkuð sé við þá gert í bili.

Þetta er um ytri leiðina að segja, kringum Tjörnes, en um hina leiðina, sem vegamálastjóri virðist telja, að geti komið til mála sem þjóðvegur, skal þess getið, að hún liggur sunnan undir Húsavíkurfjalli og austur hálendisflatneskjuna fyrir framan Kelduhverfi, austur að Jökulsárbrú. Þessi leið er víst ekki mæld, en talið er, að hún muni vera um 50 km., frá Húsavík að Jökulsárbrú. Hún liggur öll um óbyggðir og snjóþunga hálendisflatneskju, sem sjálfsagt mundi ekki verða fær vögnum og bifreiðum nema um hásumarið.

Í tilefni af því, sem að framan er sagt, vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr skýrslu Jóhannesar Guðmundssonar. Þar segir svo:

„Vil ég benda á örfá atriði í sambandi við veg yfir Reykjaheiði. Vegalengdin hefir ekki verið mæld, en mun vera nálægt 50 km. (frá Húsavík að Ásbyrgi). Til þess að komast upp á heiðina (Grjóthála), verður að gera alldýran veg þangað upp, hve dýran get ég ekki sagt, því að um fleiri en eina leið er að velja og vegalengdin ómæld. Fara þarf yfir gjár og gjáveggi og þarf þar að gera allstórar uppfyllingar, til þess að fært sé með bifreiðar. Möl til að bera í móana austan við Lönguhlíð og austur Hálsinn, mun lítt eða ekki fáanleg. Verður því vegur þessi ófær í úrkomutíð á sumrin og tæpast fær nema 2—2½ mánuð sumar hvert til jafnaðar.

Þá vil ég taka það fram, að ég álít vegarbót þessa ekki hafa „praktiska“ þýðingu fyrir aðra en þá, sem ferðast vilja í Ásbyrgi á sumrin, og þá einstöku langferðamenn“.

Þetta segir nú vegastjórinn um þessa leið, sem hann hefir hinsvegar ekki haft tækifæri til að skoða neitt nánar, mæla eða lýsa frekar. Mér sýnist nú, satt að segja, þegar því er slegið föstu, að það verði að flytja þjóðveginn burt af Tunguheiði, vegna þess að hann liggur þar um hálendi, sem er svo snjóþungt, þá muni fáum geta komið það snjallræði til hugar að flytja hann inn til hálendisins og leggja hann þar yfir heiðaland, sem heldur ekki verður akfært nema örlitinn tíma af sumrinu. Svo er og á það að líta, að sá vegur liggur allur um óbyggðir, fyrir innan sveitirnar, enda er það mála sannast, að ég veit ekki til, að nokkur hafi haldið því fram, að þarna ætti að koma þjóðvegarleið. Ég veit að vísu, að talað hefir verið um það, að fá gert við þennan heiðarveg, til að fá hann bílfæran, en aðeins átt við að fá hann færan til umferðar á sumrum, en ekki hitt, að nokkur hafi farið fram á að gera hann að þjóðvegi. Hann er mest brúkaður yfir sumarið af skemmtiferðamönnum, en það er nú svo hjá okkur, að það verða venjulega hestarnir, sem hentast er að nota þarna, því oftast er svo farið frá Ásbyrgi fram heiðar til Mývatnssveitar. Svo verð ég að segja það líka, að enn síður er ástæða til að láta sér koma til hugar að hafa þjóðveg þarna uppi á fjöllum, þegar um jafngóða leið getur verið að ræða og að fara kringum Tjörnes, þar sem vegurinn liggur meðfram sjó og er að því leyti langsnjóléttasta leiðin, sem hægt er að fá. Liggur þar á ofan gegnum byggð, sem er allfjölbyggð á nokkrum hluta, þó að vísu sé strjálbyggt norðan á nesinu. Enda hefir reynslan sýnt, að þetta er eina leiðin, sem veitir tryggt samband milli norður- og suðursýslnanna, því að þótt póstvegurinn liggi yfir Tunguheiði, þá er það alvanalegt á vetrum, að farið er kringum Tjörnes, bæði af póstum og ferðamönnum öðrum. Reykjaheiði fara menn stundum í einsýnu og björtu veðri. Yfir Tunguheiði er miklu styttra milli byggða, en sé ófærð eða illviðri, verður að fara kringum Tjörnes; þar er færðin ætíð stórum betri og um byggð að fara.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða svo mjög um þetta, en lít svo á, að þetta sé svo alveg sjálfsagt mál, að vegurinn verði fluttur og ákveðinn kringum Tjörnes, að engin nauðsyn sé til að fresta málinu til þess að útvega frekari upplýsingar, því að þótt vegamálastjóri fyrir sitt leyti teldi það ef til vill hentugra og hann væri ánægðari með að sjá þetta með sínum eigin augum, þá er þetta svo ljóst mál öllum kunnugum, að ég held, að það sé þarflaust að bíða með ákvörðun um þetta. Enda mun það líka vera svo, eftir því sem hv. frsm. samgmn. gat um, að vegamálastjóri hefir einmitt búizt við því, að þetta myndi verða eina úrræðið. Vonast ég því til, að hv. samgmn. geti fallizt á, að rétt sé að ákveða veginn nú þegar og sömuleiðis hv. þd.

Þorleifur Jónsson: Ég þarf ekki að lengja umr. mikið, en ég vildi þó leyfa mér að láta í ljós þakklæti mitt til hv. n. fyrir þann hluta, sem ég á í þessu frv. Ég get ekki annað en þakkað fyrir það, að hún hefir tekið til greina með öllu þá till., sem ég flutti, og því gleðilegra, sem hv. n. hefir orðið að viðurkenna þau rök, sem ég hefi flutt fyrir þessu máli á undanförnum þingum, enda sýnir það sig, að vegamálastjóri er líka orðinn samþykkur þeim rökum. Hann segir í grg., sem prentuð er með nál., að Hafnarvegur í Hornafirði sé sambærilegur við ýmsa aðra vegi, er liggja af þjóðleið til kauptúna, eins og Hvammstangavegur, Skaga-

fjarðarbraut o. s. frv. En þetta er það, sem ég hefi haldið fram undanfarið, og þess vegna er gleðilegt, að það er nú viðurkennt af öllum hlutaðeigendum. Ég vona, að hv. d. viðurkenni þetta einnig og samþykki þessa till., bæði frá mér og hv. n., og því fremur get ég vænzt þess, þar sem mitt sýslufélag hefir ekki hikað við það, þótt þessu máli hafi ekki orðið framgengt, að leggja stórfé fram til þessa vegar. Sýslan hefir síðastl. ár lagt fram til þessa vegar 10 þús. kr. til að byggja upp veginn, hálft framlag móti ríkissjóði. Vegurinn er sem sagt kominn í gott horf, svo að þetta er mest viðhald, sem kemur á ríkissjóð.

Ég vildi aðeins geta þess, að þótt sýslubúar hefðu getað vænzt þess, að þetta mál gengi fram innan skamms, hefir sýslan samt ekki dregið sig í hlé við að byggja upp veginn, svo að það framlag er þá tekið á þurru landi fyrir ríkissjóð, þegar þessi vegur er tekinn í þjóðvegatölu. Fyrst um sinn verður þetta því mjög ódýrt fyrir ríkissjóð, þótt hann hafi viðhald á þessum vegarkafla. Mér þótti rétt að láta í ljós þakklæti mitt til hv. n., af því að hún varð fyrir nokkru aðkasti frá mér og öðrum við 1. umr. fyrir langan drátt á málinu undanfarin ár, en mér þótti rétt að þakka það, sem vel er gert. Þarf ég svo ekki að orðlengja meira um þetta mál.

Jón Sigurðsson: Við eigum brtt. á þskj. 39, ég og hv. samþm. minn og hv. 2. þm. Eyf., þar sem við berum sérstaklega fyrir brjósti veg frá Siglufirði að Fljótaárbrú í Fljótum. Það hefir ekki komið fyrr til umr. að taka þennan veg upp í þjóðvegatölu, og tel ég því rétt að fara um þessa brtt. nokkrum orðum, þó að fámennt sé í deildinni. Þessi vegur er mörgum kunnur af afspurn, og er hann með réttu talinn einn af erfiðari fjallvegum, þar sem hann liggur nú, nefnilega yfir Siglufjarðarskarð. En nú hefir einn af verkfræðingum ríkisins rannsakað vegarstæði á þessum slóðum og notið aðstoðar kunnugustu manna. Telur hann að álitlegasta leiðin sé um Almenninga út undir Dalabæi og þar yfir fjallið og niður svokallaðan Skjöld Siglufjarðarmegin, og telur hann líklegt, að ef vegur væri lagður svo sem nú hefir verið skýrt frá, þá mundi hann fær 6—8 mánuði ársins. Ég hefi borið þetta undir bændur í Fljótum, sem kunnugir eru þarna, og sömuleiðis var rætt á fundi, sem ég hélt þar í haust, og þar voru allir á einu máli, að þessi leið væri sú líklegasta og töldu engan vafa á, að þegar upphleyptur vegur væri kominn þessa leið, þá væri þar fenginn öruggur bílvegur frá Siglufirði og inn í Fljót meiri hluta ársins. Líka má benda á það, að ef snjóbíllinn reynist svo vel sem nú eru horfur á og Fljótamenn og Siglfirðingar fá sér einn slíkan, þá mundu fastar ferðir geta haldizt þar yfir árið um kring. Það er óþarfi að fjölyrða um nauðsyn þessa vegar; það liggur í augum uppi, hve nauðsynlegt það er kaupstaðnum að geta komizt í fast viðskiptasamband við næstu héruð, svo að kaupstaðarbúar geti keypt þar nauðsynjar sínar. Það er líka afarþýðingarmikið fyrir bændur í Fljótum, Sléttuhlíð og jafnvel inni á Höfðaströnd að geta komizt í beint samband við jafnstóran kaupstað og Siglufjörður er og geta fengið þar markað fyrir vörur sínar árið um kring.

Sambandi á landi er aðeins hægt að halda uppi við Siglufjörð 2—3 mán. á ári. En samgöngur á sjó eru erfiðar, vegna þess hve brimasamt er þar úti fyrir. Samgöngur eru því ótryggar þar. Nú er mikill framfarahugur í mönnum í þessum sveitum og margir eru þar nú, sem mikils má vænta af, einkum ef afstaða er bætt með slíkri samgöngubót sem hér er um að ræða. Það er því nauðsynlegt að hjálpa þessum mönnum eitthvað. Og ef þessi vegagerð kæmist í framkvæmd, þá væru þessum sveitum, og þó einkum Fljótum, opnaðir miklir nýir möguleikar. Siglfirðingar verða að líkindum að kaupa bæði mjólk og fleiri landbúnaðarafurðir dýrara en allir aðrir á landinu, en ef þessi vegagerð kæmist í framkvæmd, mundi aðstaða þeirra í því efni batna mjög mikið, því að Fljótin eru ágætlega fallin til nautpeningsræktar, hafa viðáttumikil og grasgefin engjalönd og ágæta búfjárhaga, og mundi því auðvelt fyrir Fljótabændur að fullnægja þörfum íbúa Siglufjarðar fyrir mjólk og aðrar búsafurðir, sem nú er

ekki hægt að koma til þeirra, nálega hvað sem er í boði, vegna samgönguleysis. Það er því stórmikil þörf fyrir veginn, bæði fyrir kaupstaðarbúa og sveitarbúa norður þar. Alþingi hefir hingað til talið það skylt, að lagður væri vegur eða akbraut út frá stærri kaupstöðum, þar sem hefir annars verið nokkurt viðlit að gera það. Nefndin hefir í till. sínum tekið tillit til þessa, ekki með kaupstaði, heldur með smærri kauptún. Vegurinn, sem liggur frá Höfn í Hornafirði, og eins vegurinn frá Kópaskeri leggur samgmn. til, að séu teknir upp í þjóðvegatölu, því að þeir eru taldir nauðsynlegir vegna viðskipta við sveitirnar þar í kring. En hér er alveg um það sama að ræða. Um þennan veg segir vegamálastjóri í bréfi því, sem prentað er með nál. meiri hl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel víst, að rétt sé að leggja í þann kostnað að gera akveg milli Skagafjarðar og Siglufjarðar, enda þótt hann verði vitanlega mjög dýr. Má nefna sem lauslega áætlun 180 þús. kr. Þætti mér mjög eðlilegt, að ríkissjóður kostaði vegagerðina að mestu, en hinsvegar er ekki ósanngjarnt að gera ráð fyrir einhverju framlagi til vegagerðarinnar frá hlutaðeigendum, sérstaklega frá Siglufjarðarkaupstað".

Þessa umsögn vegamálastjóra virðist mér ekki hægt að skilja nema á þann veg, að hann álíti í raun og veru, að veginn eigi að taka upp í þjóðvegatölu, því að hann tekur það einnig fram, að hann vilji ekki leggja það til nú, vegna þess að vegarstæðið sé ekki fullrannsakað.

Ég ætla ekkert að fara að deila á nefndina, þó að ég sé till. hennar ekki að öllu leyti sammála. Það virðist sem hún vilji leggja mikið upp úr áliti vegamálastjóra, og væri það ekki nema eðlilegt. Þess vegna hefði mátt ætla, að hún hefði að mestu leyti bundið sig við hans tillögur, en það hefir hún einmitt ekki gert, þar sem hún vill taka í þjóðvegatölu stóra vegakafla, sem vegamálastjóri hefir lagt á móti. Ég sé því ekki neina ástæðu til að fresta því, að Siglufjarðarvegurinn verði einnig tekinn upp í þjóðvegatölu, þar sem vegamálastjóri er því í raun og veru fylgjandi. Hv. nefnd má vera þess fullviss, að þó að það verði ekki samþ. nú að taka þennan veg upp í þjóðvegatölu, þá látum við fulltrúar Skagfirðinga ekki þar við sitja. Við munum áreiðanlega bera tillöguna fram aftur hér á þingi og ekki hætta fyrr en hún verður samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en ég tel það þó skyldu mína að skýra frá því með nokkrum orðum, hvernig þessar framkvæmdir eru fyrirhugaðar og sýna fram á það, að hér er ekkert örðugra að leggja sæmilegan bílveg en víða annarsstaðar á landinu, þar sem nú hefir verið ákveðið að leggja vegi. Vegarstæðið er mjög gott, því að eftir því, sem þeir menn segja, sem eru þarna nauðakunnugir, þá festir ekki snjó þar uppi á hálendinu, þar sem vegurinn á að liggja. Þegar bændur úr Fljótum verða fyrir því óhappi, að stórhríðar skella á, er þeir eru staddir í Siglufirði með hesta sína, þá er það þrautaráðið að fara þessa leið, eða sem næst því, þar sem vegurinn á að vera. Þetta sýnir glöggt, hvað heppilegt vegarstæði þetta er, þar sem það er þrautaráðið fyrir ferðamenn að fara þá leið í illviðrum, jafnvel þó að þar séu vegleysur, hvað þá ef þar væri kominn upphleyptur vegur.

Ég vona, að hv. deild sjái sér fært að samþ. þessa till., svo framarlega sem hún getur gengið að nokkrum þeim till., sem hér liggja fyrir. Ég er sannfærður um, að þessi till., ef hún verður samþ., verður til hagsbóta fyrir fleiri menn en nokkur þeirra till., sem nefndin hefir tekið upp á arma sína.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hefi nú hvert þingið eftir annað flutt till. um þjóðveg á Vestfjörðum, sem hefir jafnan verið felld. Og á undan mér hafa margir fyrirrennarar mínir og Vestfjarðaþingmenn flutt sömu till. án nokkurs árangurs. Þá hefi ég og stundum farið fram á ákveðna fjárhæð til Vesturlandsvegar án þess að tekin væri jafnframt ákvörðun um að taka hann upp í tölu þjóðvega, en að árangurslausu. Það er varla nokkurt hérað á landinu, sem er eins afskipt að vegafé og Ísafjarðarsýsla. Hún greiðir á hverju ári stórfé í ríkissjóð, en fær lítið á móti. Til þjóðvega þar er ekki veittur grænn eyrir, en eitthvað lítilsháttar til sýsluvega og brúargerða, en það er sem ekkert

í samanburði við önnur héruð, sem gleypa tugi þúsunda. Hv. samgmn. hefir að þessu sinni fallizt á, að lagður verði örstuttur spotti af þessum vegi, en það er harla lítil fullnæging, því að af þeim spotta er ekki nema 6 km. kafli, sem er ófær bílum og vögnum.

Till. þær, sem ég flyt, eru tvær. Í fyrri till., sem er aðaltill., er lagt til, að aftan við B. 1. í 2. gr. bætist: „Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri", en í hinni till., sem er varatill., stendur: „Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð". Ég get ekki gengið lengra í því að slaka á kröfum kjördæmis míns en gert er í varatill. Ef sú till. fellur, er mér sama þó frv. fari veg allrar veraldar. Þetta vegarstæði þarf ekki mikillar rannsóknar; það hefir verið athugað áður; mikið af því er í byggð, og hafa hreppar jafnvel nú þegar lagt nokkra vegarspotta, sem falla mundu inn í. Þessi leið er um 30 km., og ef á annað borð á að sinna kröfum Vestfirðinga að nokkru, þá tekur því ekki að taka upp skemmri þjóðveg.

Ég legg mikla áherzlu á, að þetta nái fram að ganga, og vona, að hv. samgmn. amist a. m. k. ekki við þessum lágmarkskröfum mínum, enda þótt hv. n. hafi af einhverjum ástæðum ekki talið sér fært að mæla með lengri leið en Breiðadalsheiðarvegi. Er ég og svo vongóður um, að varatill. mín verði samþ., að ég spara mér þann eldhúsdag, sem hv. Alþingi á skilið fyrir meðferð þessa máls undanfarið.

Hannes Jónsson: Á þingi 1924 var ákveðið, hvar veg skyldi leggja um Húnavatnssýslu. Þá var um tvær leiðir að gera, Vesturhóp og Víðidalinn, og var ákveðið, að hann skyldi liggja um Víðidalinn.

Þegar þessi vegarlagning hafði verið ákveðin, þótti þinginu, að Vesturhóp hefði orðið mjög útundan og leyfði því sérstaka fjárveitingu þangað. Það má því segja, að þingið sé að nokkru leyti búið að taka þennan veg, sem þarna var lagður, upp í tölu þjóðvega, þó að það sé ekki formlega. Mér virðist alveg rétt, fyrst ríkið lét leggja þennan veg að miklu leyti, að það haldi honum við. Ég vona að minnsta kosti, að þessi vegur verði ekki settur hjá, ef á að fara að taka marga vegi inn í vegalögin.

Þá hefi ég flutt brtt. fyrir tilmæli hv. þm. A.-Húnv., og er ekki þörf að hafa langar umræður um hana. Það er öllum kunnugt, að nú á að fara að byggja myndarlega höfn á Skagaströnd, sem hlýtur að hafa það í för með sér, að Blönduós leggst meira og minna niður sem verzlunarstaður, en eykst á Skagaströnd. Þess vegna er þörf á góðum vegi þangað. Þessi vegalengd, sem hér ræðir um, er eitthvað um 20 km., en mikið af þeirri leið er sléttir melar, svo að ekki þarf að leggja veg alstaðar, enda þótt þurfi að gera veginn svo góðan, að vel sé fært fyrir bíla.

Mér láðist að taka það fram um Vesturhópsveginn, að hann er 10 km. langur, en búið að leggja helminginn, svo að eftir eru aðeins 5 km., eða 6 km. í mesta lagi.

Forseti (JörB): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 409, frá hv. þm. Borgf. Til þess að till. geti komið til umr. og atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Ég vildi segja hér nokkur orð til viðbótar því, er hv. samflm. minn að brtt. á þskj. 44 hefir tekið fram. Ég verð að taka undir með honum um það, að hv. samgmn. hefir verið heldur naum á fiskstykkjunum, þegar hún lagði til, að felldur yrði niður meginhluti þessa vegar, sem við komum með brtt. um, og aðeins lítill spotti tekinn í þjóðvegatölu, þ. e. frá Eyvindarárbrú til Eiða. Þessi vegarspotti er nú sýsluvegur og er þegar búið að gera hann akfæran. Einnig nýtur hann og hefir notið styrks úr ríkissjóði vegna skólans á Eiðum. Ég met tillögu hv. samgmn. því að engu nýta. Það er einmitt hinn kafli vegarins, frá Eiðum út að sjónum, sem máli skiptir að fá í tölu þjóðvega, en á móti þeim kafla leggur hv. nefnd algerlega. Ég vil ekki trúa því, sem vegamála-

stjóri segir í bréfi sínu til hv. samgmn., að vegur þessi þurfi að kosta nálægt 200 þús. kr. Það er ekki heldur rétt, að þarna sé vont vegarstæði. Mikið af leiðinni er auðfarið, og allt eftir byggð og sléttlendi. Þykir mér harla ósennilegt, að vegur um þessar slóðir þurfi að kosta á 8. þús. kr. á hvern km.

Svo var ráð fyrir gert, að Óshöfn við Héraðsflóa yrði endastöð þessa vegar. Er það álit margra manna, einkum ókunnugra, að þessi höfn sé að engu nýt, en það álit er að minni hyggju byggt á hinum mesta misskilningi. Höfn þessi er eins góð og betri en margar hafnir, sem mjög mikið eru notaðar. Hún er t. d. engu lakari en Blönduós og betri en Hornafjörður eða Vík í Mýrdal. En auðvitað verður höfnin aldrei almennt notuð fyrr en einhver mannvirki eru þar komin, og mun ég víkja að því síðar. Höfnin sjálf er örugg og góð, djúpt uppistöðulón í Selfljótsósi, en sá er ljóður á, að sandrif eru utan við hana, svo að ekki verður fleytt þangað inn skipum, nema þegar sjór er brimlaus og kyrr. Ég athugaði þessa höfn fyrir nokkrum árum, mældi dýpi og leit eftir annari aðstöðu fyrir mann, sem hafði í hyggju að setja upp verzlun í Unaósi. Mér virtust skilyrðin mörg hagstæð til hafnargerðar, jafnvel með eigi miklum mannvirkjum. — Annars er það kunnugt öllum sögufróðum mönnum, að einn af þeim kunnari landnámsmönnum, Uni danski, valdi sér þessa höfn til lendingar á landnámsöld, og enginn efast um, að hann hafi kunnað að velja sér lendingarstaðinn. Enda er þetta áreiðanlega bezta höfnin þarna á löngu svæði, eða hefir verið þá, því að sennilega hefir sandrifið fyrir hafnarmynninu að nokkru myndast síðar.

Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. N.-M., að þegar snjóar banna flutninga um Fagradal eða yfir fjallgarðana, sem aðgreina Fljótsdalshérað og firðina, þá er ekki um aðra höfn en þessa að gera fyrir Héraðsbúa. Og þegar vegur hefir verið gerður út eftir Héraðinu, hlýtur að reka að því, að höfnin verði lagfærð. Ég er að vísu ekki hafnarverkfræðingur, en ég hygg, að ekki muni þurfa annað en að stokka fljótið fram á svo sem ½ km. vegalengd, til þess að þarna verði ágæt höfn.

Þetta vildi ég sagt hafa til frekari skýringar á þessari brtt., sem vegna ókunnugleika þingmanna hefir verið misskilin svo freklega. Vænti ég, að hv. þd. lofi henni að fljóta með, ef ekki verða allar breytingar á vegal. skornar niður. En ég gef ekkert fyrir brtt. í þeirri mynd, sem hún hefir fengið hjá hv. samgmn.

Pétur Ottesen: Mér sýnist, að allar líkur séu á því, að nú verði samþ. einhverjar breytingar á vegal., og hefi ég því borið fram eina viðaukatill., um að vegurinn frá Akranesi vestan Hafnarfjalls að Hvítárbrú verði tekinn í þjóðvegatölu. Ég hefi aflað mér upplýsinga um lengd þessa vegar, auk þess sem ég er kunnugur á þeim slóðum, sem hann á að liggja og liggur um. Vegurinn er rúml. 48 km., og þar af er búið að leggja um 20 km., en 9 km. er sjálfgerður vegur frá náttúrunnar hendi. Þá eru eftir 19.3 km., sem skv. þessu þyrfti að gera nýjan veg. — Um veginn að öðru leyti er það að segja, að hann er ákaflega nauðsynlegur til að tengja saman efri og neðri hluta Borgarfjarðarsýslu. Auk þess má búast við, að þessi vegur verði mjög bráðlega einn liðurinn í samgöngukerfinu milli Norðurlands og Suðurlands. Það er nú þegar komið í ljós, að sú leið mun liggja framhjá Borgarnesi að miklu leyti, og suður á bóginn. Ennþá er mest farið yfir Geldingadraga og síðan á ferju yfir Hvalfjörð. En Geldingadragi er svo snjóþungur, að hann getur aldrei orðið nema sumarleið. En þar sem þessi vegur, sem ég flyt hér brtt. um, kemur til með að liggja er svo snjólétt, að sá vegur verður alltaf fær, meðan vegir í byggð eru yfirleitt færir að vetrarlagi. — Enn er ekki hægt að segja um það til fulls, hvar aðalumferðin milli Norður- og Vesturlands annarsvegar og Reykjavíkur hinsvegar kann að liggja um á þessu svæði — hvort það verður um Akranes, þegar bætt hafa verið hafnarskilyrðin eða á ferju yfir Hvalfjörð eða inn fyrir Hvalfjörð eftir vegi, sem þar yrði lagður. En það er víst, að hvað sem þessu líður, þá mun aðalumferðin liggja þarna framhjá Hafnarfjalli og meiri hluti vegarins und-

ir öllum kringumstæðum falla inn í samgöngukerfi, sem nú er verið að vinna að milli Norður- og Suðurlands. Ég hefi talað við vegamálastjóra um þennan veg og fengið hjá honum ýmsar upplýsingar. — Að öllu athuguðu finnst mér þessi vegur eiga eins mikinn og meiri rétt á sér í þessu efni en flestir aðrir af þeim vegum, er nú liggja fyrir till. um að taka upp í þjóðvegatölu. Margir þeir vegir, sem hér liggja fyrir brtt. um, eru algerðir innanhéraðsvegir, en þessi er þáttur í vegakerfi milli landshlutanna. Vænti ég því, að þessi vegur verði tekinn í þjóðvegatölu, svo framarlega sem Alþingi hverfur að því ráði, að gera nokkra breytingu á vegalögunum. — Um kostnaðinn af veginum vildi vegamálastjóri ekkert fullyrða að svo stöddu, en ég vænti, að hann verði ekki yfir 100 þús. kr.

Gunnar Sigurðsson: Ég vil segja örfá orð út af þeim ummælum, sem féllu frá hv. 2. þm. Eyf., þegar hann var að þakka samgmn. fyrir að vilja nú opna fyrir breytingar á vegalögunum. Ég skal taka það fram, að ég hefi fylgt þeim væng í nefndinni, sem frjálslyndastur hefir verið um það að opna fyrir þessar breytingar, þótt ég hinsvegar teldi lítinn skaða að því, að nokkuð drægist að gera breytingarnar. Út af drættinum í fyrra vil ég segja það, að þá vildi ég engu áliti skila, þar sem ekki var unnt að fá neinar upplýsingar eða álit frá vegamálastjóra, með því að hann var erlendis. Eins hefir staðið á nú, að nál. kemur svo seint vegna þess, að stóð á áliti vegamálastjórans. Ég álít að vísu alls ekki, að hann eigi að vera einráður um þessi mál, en hann er þeim þó manna kunnugastur, og því skylt að ráðgast við hann.

Ég tek það fram, að þótt ég hafi skrifað hér undir nál. með tveim hv. samnm. mínum, vegna þess að ég var þeim skyldastur í skoðunum, þá álít ég mig engan veginn bundinn við að vera aðeins með brtt. nefndarinnar. Ég býst við, að ég greiði atkv. með fáeinum fleiri vegarspottum. Menn verða að átta sig á því, að ekki er neitt hundrað í hættunni, þótt nokkrir vegir í viðbót séu teknir upp í lögin, því að þeir verða ekki lagðir fyrr en fjárveiting fæst til þeirra í fjárlögum. Það fer því alveg eftir fjárhag ríkissjóðs, hvenær ráðizt verður í framkvæmdir.

Ég vil aðeins minnast á, að samgmn. flytur brtt. um tvo vegarspotta vegna míns kjördæmis. Brtt. um að taka Fljótshlíðarveg í þjóðvegatölu hefir nær enga fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, þar sem annar álíka langur vegur fer í tölu sýsluvega í staðinn. — Nokkuð öðruvísi stendur á um Landbrautina. En í sambandi við hana vil ég minna menn á, að svo er ástatt um Rangárvallasýslu, að hún hefir engar, eða þó öllu heldur verri en engar samgöngur á sjó. Þess vegna er það ekki nema sanngirniskrafa, að hún sé styrkt nokkru framar en sumar sýslur aðrar til samgangna á landi. Um þennan veg er þess þar að auki að geta, að hann er notaður á sumrin a. m. k. eins mikið af Reykvíkingum og öðru ferðafólki til skemmtiferða eins og af Landmönnum sjálfum.

Forseti (JörB): Útbýtt hefir verið í deildinni brtt. á þskj. 408. Til þess að hún megi koma til umr. og atkv., þarf að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Það er næstum eins og hér sé verið að ræða um fjárlög, því að ég held, að flestallir hv. þdm. eigi hér brtt. (**MJ og TrÞ:** Ekki allir). Hæstv. forsrh. mun ekki eiga neina, en hann hefir líka önnur ráð til að koma sínum vegum á framfæri. Þessi brtt.-fjöldi sýnir það bezt, hversu mikill áhuginn fyrir bættum samgöngum er í landinu. Nú finnst mér vert að athuga, hvað fæst með því, að vegarkafli sé tekinn upp í vegalög. Ef ég man rétt, þá er ríkissjóður aðeins skyldur að halda þjóðvegum reiðfærum, en jafnframt þessu er vonin um að fá akvegi síðar. Eins og reynslan sýnir, getur það þó dregizt mjög lengi. Þetta er því ekki alveg eins og þegar símalína er tekin í símalög, en þó líkt að því leyti, að vegurinn verður ekki lagður fyrr en fé er veitt til hans í fjárl. Ef á annað borð er farið að „opna“

vegalögin, finnst mér því, að Alþingi hafi enga ástæðu til að vera sérlega íhaldssamt í samþykkt á brtt.

Brtt. á þskj. 408, sem ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Skagf., er um að taka upp í þjóðvegatölu Hofsósbraut, frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar, og er partur af þessum vegi nú þegar akfær. Það er áreiðanlegt, áður en langt um líður verður allur vegurinn frá Sauðárkróki til Siglufjarðar tekinn upp í vegalögin sem þjóðvegur. Þó að þetta verði ef til vill ekki gert á allra næstu árum, fara samgöngurnar til Siglufjarðar þó svo hraðvaxandi með ári hverju, að þetta getur áreiðanlega ekki beðið í áratugi. En hér er ekki farið fram á svo mikið sem þetta, heldur aðeins nokkurn kafla þessa vegar. Hér er um að ræða veg til stórs kauptúns, þar sem jafnan er mikil verzlun, þótt hún sé nú orðið ekki eins mikil og áður, meðan Hofsós var aðalverzlunarstaðurinn við Skagafjörð. En þangað sækja þó enn 3 eða 4 hreppar, sumir mjög fjölmennir. Og það er vitaskuld, að veganetið verður að ganga út frá kaupstöðunum, ef það á að koma að haldi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, í þeirri von, að umr. styttist úr þessu og senn fari að líða að atkvgr.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Ég skal nú reyna að fara fljótt yfir sögu. Um brtt. þær, sem fram hafa komið í dag, get ég ekki talað fyrir hönd samgmn., með því að hún hefir ekki haft tækifæri til að ræða þær sameiginlega ennþá.

Hv. þm. V.-Húnv. sagðist ekki geta fylgt því, að gera veginn mill Hnífsdals og Ísafjarðar að þjóðvegi. Þó flytur hann nú sjálfur brtt. um að taka upp vegi, sem eru hliðstæðir að öðru en því, að þeir eru miklu minna notaðir en þessi vegur. Hv. þm. hafði þá afstöðu í n., að hann vildi taka upp allmarga vegi, sem við meiri hl. vorum á móti, og jafnframt var hann andvígur sumum till. okkar. Það er vitanlega alltaf nokkurt álitamál, hvað velja ber og hverju hafna, ef ekki er allt tekið með. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, hefir samgmn. ekki viljað „opna" vegalögin síðan 1924, sakir þess hve mikið hefir verið óunnið af því, sem ráðgert er í lögunum. Margt af því eru vegir, sem aðkallandi þörf er, að komið sé í viðunandi horf. Þó hefir meiri hl. samgmn. nú hallazt að þeirri skoðun, að rétt sé að bæta við nokkrum vegum, sem reynslan hefir sýnt sérlega brýna þörf á að taka upp.

Hv. þm. V.-Húnv. fannst ekki sanngjarnt að taka Skeiðabraut og Landbraut upp í þjóðvegatölu, þar sem hér væri um hliðarbraut að ræða. En það er nú svo, að ríkissjóður hefir í sumum héruðum tekið að sér að létta nokkuð undir með sýslusjóðum um hliðarbrautir, einkum þar sem litlar samgöngur eru á sjó og vegakostnaðurinn mikill. Menn hljóta að viðurkenna, að hér er svo ástatt, einkum um Rangárvallasýslu. Auk þess er það svo um þessa tvo vegi, að þá nota aðrir eins mikið og jafnvel öllu meira en héraðsbúar.

Þá er till. á þskj. 399, frá hv. þm. V.-Húnv. Um hana get ég ekkert sagt frá n. Enginn tími hefir verið til að athuga hana. En æskilegt væri, að bæði sú og aðrar brtt., sem fram eru komnar nú, yrðu teknar aftur til 3. umr., svo n. ynnist tími til að athuga þær og bera þær undir vegamálastjóra.

Það þóttu mér undarleg meðmæli, sem hv. þm. V.-Húnv. bar fram með Snæfellsnesbraut, að hún væri dýr pr. km. Réttmæti hverrar brautar fer eftir þörf, en ekki dýrleika. Þessi vegur yrði lítið notaður, en kostar 200 þús. kr.

Hv. 2. þm. Eyf. sagðist hafa betri trú á samgmn. nú en áður. Okkur er það ánægjuefni, ef við höfum getað glatt hv. þm. Hann sagði, að það mætti með nokkrum sanni segja, að Alþ. 1923 hefði lofað að taka að sér viðhald Eyjafjarðarbrautar. En síðari þing hafi ekki viljað fallast á það. Ég vona nú, að hv. þm. sætti sig við þann kafla vegarins, sem n. leggur til, að tekinn verði í tölu þjóðvega. Þetta er erfiðasti kaflinn um viðhald. Honum þótti það ósamræmi af n. að taka ekki alla brautina. En sú braut og Borgarfjarðarbraut eru lagðar fyrir fé ríkissjóðs eingöngu. Flestar aðrar brautir hafa verið lagðar með tillagi frá sýslunum að helmingi eða minna. Þau héruð, sem sloppið hafa við byggingartillag, hafa því þegar fengið stór hlunnindi.

Ég þarf engu að svara hv. 2. þm. Rang.

Hann virtist nokkurnveginn ánægður, enda hefir lýst yfir, að hann taki eina till. sína aftur.

Hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. S.-M. hafa reynt að færa nokkur rök fyrir till. sinni um að taka nú þegar í tölu þjóðvega veginn frá Eyvindarárbrú að Óshöfn. Það má vitanlega deila um, hvort þetta er nauðsynlegt eða nauðsynlegt ekki. Það væri vitanlega gott að taka allt, sem fyrir liggur, og koma því þegar í framkvæmd. En afleiðing þess mundi bara verða of mikil dreifing á vegafénu og ósamstæðar og óhentugar framkvæmdir vegabóta. Réttast er að stefna að því að ljúka sem fyrst allra nauðsynlegustu vegunum. Þeir héldu því báðir fram, að Unaós væri ekki vond höfn. En það er vitanlegt, að svo er. Hún er máske sambærileg við Vík, en alls ekki við Blönduós og Hornafjörð. Unaós var áður á áætlun Austra, en ekki var að meðaltali hægt að afgreiða hann meira en í annarihverri viðkomu. Áður en lagður er vegur að slíkri höfn, ber að gera þar hafnarbót. Ef sýslubúar ætluðust til, að þarna væri útflutningshöfn, myndu þeir ráðast í hafnarbætur. Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þessi vegur væri nauðsynlegur vegna flutnings á fóturbæti á vetrum. En ég held, að eftir Fagradal mætti alltaf komast á snjóbíl. Mun nú vera í ráði að útvega fleiri snjóbíla, og mundi þá Fagridalur fljótlega njóta góðs af því.

Hv. þm. Mýr. sagði, að sér virtist Borgarfjarðarbraut ekki hafa minni rétt á sér en Fljótshlíðarbraut, Skeiðabraut og Landbraut. Sú fyrsta er nú, eins og ég gat um áðan, sjálfsögð, þegar skaðræðisvötnin austur þar verða brúuð. Hinar eru akbrautir héraðanna. Og Skeiðabrautin er sérstaklega nauðsynleg vegna mjólkurflutninganna að hinu nýja mjólkurbúi Flóamanna, enda verið áður árlega styrkt af ríkisjóði. En um Borgarfjarðarbraut er það að segja, að þegar nýja brúin var sett á Hvítá, þá fluttist sú eiginlega umferð á þann veg, er að henni liggur. Hér er um það eitt að ræða, hvort flytja skuli allt viðhaldið á ríkissjóðinn. Nú greiðir ríkissjóður það hálft samkv. l. um sýsluvegi. Vegamálastjóri álítur, að viðhald þessarar brautar muni nema 2500—3000 kr. á ári. Að vísu getur umferð um Kaldadal aukizt eitthvað. Er sú leið að vísu miklu skemmtilegri fyrir ferðamenn, en helgar þó ekki, að brautin sé tekin í tölu þjóðvega.

Hv. 1. þm. S.-M. þótti slæmt, að ekki væri hægt að mæla með veginum kringum Tjörnes. En það er eingöngu af því, að vegamálastjóri vill sjálfur athuga vegarstæðið, áður en ákvörðun er tekin. Mitt álit er, að réttara sé, að vegurinn liggi þarna. Það er álit verkstjóra eins, sem þetta hefir athugað, að þessa leið beri að velja. En vegamálastjóri vill ekki segja álit sitt, fyrr en hann hefir athugað vondar brekkur, sem eru á þessari leið. Ein brekkan—Auðbjargarbrekka hygg ég hún heiti — er svo vond, að þeir, sem skoðað hafa, álíta vafa á því, hvernig hægt sé að leggja veg yfir hana.

Hv. þm. A.-Sk. var ánægður. Þarf ég því engu að svara honum.

Þá mælti hv. 2. þm. Skagf. með Siglufjarðarbraut. Um þá braut er hið sama að segja og um Tjörnesbraut, að vegarstæðið hefir ekki verið rannsakað til hlítar. En öll n. var sammála um þörfina á þessari braut. Viðskipti milli Siglufjarðar og Skagafjarðarsýslu eru nauðsynleg og til hags fyrir báða aðilja. N. gat þó ekki mælt með þessu að sinni, af framangreindum ástæðum.

Það er mála sannast hjá hv. þm. V.-Ísf., að Ísafjarðarsýslur hafa mjög orðið útundan með vegi. Við höfum haldið því fram, að við þyrftum að fá veg frá Ísafirði til Rafnseyrar. En mest liggur þó á að fá veg milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar, svo Önfirðingar komi afurðum sínum á markað á Ísafirði. En meiri hl. n. telur sig þó ekki geta gengið eins langt og hann leggur til að þessu sinni. Enda er svo, að þó þetta yrði samþ. nú, þá mundu þó framkvæmdir dragast.

Þá vill hv. 2. þm. G.-K. fá þjóðveginn framlengdan til Sandgerðis. Hvorki n. né vegamálastjóri geta fallizt á þetta, enda þótt það væri full nauðsyn, þar sem mikil umferð er á þessum vegi frá og til Sandgerðis. En tillit verður þarna að taka til þess, hve létt er fyrir sýsluna að viðhalda sínum vegum. Þessi sýsla hefir ágæta vegi, enda hefir hún og lagt mikið til

þeirra. Hér er eingöngu um viðhald að ræða, og þá það, hvort ríkissjóður beri allt viðhaldið eða helming þess.

Þá var hv. þm. Dal. með till. um Laxárdalsveg, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum þjóðvegar utan Borðeyrar. Meiri hluti þessarar leiðar er auðveldur til vegalagningar. Á heiðinni er sjálfgerður vegur um malarkamba. En Laxárdalur er erfiður. Þessi vegur er naumast nauðsynlegur fyrst um sinn. Hann yrði það þá fyrst, ef frystihús yrði byggt á Borðeyri. Annars er þarna lítil umferð.

Þá er hv. þm. Borgf. með brtt. á þskj. 409. Mikið af þeim vegi, sem hann gerir till. um, fellur inn í Norðurlandsveginn. Till. er því sanngjörn. En ég vil þó ekki mæla með henni fyrr en umsögn vegamálastjóra er fengin. Gildir hið sama um hana og hinar aðrar till., sem n. hefir ekki átt kost á að athuga, að heppilegast væri, að þær yrðu teknar aftur til 3. umr.

Það er að vísu gleðilegt, að svona mikill áhugi kemur fram fyrir bættum samgöngum á landi. Allir vita að þörfin er víða mikil. Er því hið eina, sem hægt er að gera, að gera upp á milli meiri og minni þarfar. Að vísu verður ekki unnið mikið næstk. ár að vegagerð á þeim stöðum, sem nú koma í tölu þjóðvega, þó samþ. verði. Yfirleitt má segja um þá vegi, sem nefndin leggur til að samþ. verði, að það er ekki um mjög miklar nýbyggingar að ræða, en munar talsverðu á viðhaldinu fyrir þau héruð, sem njóta eiga þessara nýju vega.

Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. frsm. hefir nú talað fyrir munn okkar nm., en ég hafði nokkra sérstöðu í n. Ég féllst á það, að rétt væri að opna vegalögin. Og þótt ég gerði það til samkomulags að ganga ekki lengra en n. gerði till. um, þá hafði ég þó talsverða tilhneigingu til að taka meira upp en gert var. En það fór nú sem fór. Og þegar fleiri till. eru nú komnar fram, þá get ég sagt það, að ég mun greiða sumum þeirra atkv. mitt.

Ég hygg, að svo verði um afgreiðslu þessa máls, eins og ég sagði við 2. umr., að hending og tilviljun muni ráða nokkuð miklu um, hvað gengur fram og hvað ekki. Mín skoðun er óbreytt, að málinu væri bezt komið í höfn, ef það væri athugað betur af stj. og öðrum góðum og kunnugum mönnum, og síðan lagt fyrir þing að því loknu. En áhugi manna er svo mikill að fá vegarspotta í sínu héraði, að ekki verður hjá því komizt að gera einhverjar breytingar strax. En sem sagt hlýtur hendingin að ráða með þeirri aðferð.

Ég skal ekki fara mikið út í einstakar brtt., því að það er búið að ræða þær. Ég tek undir með hv. frsm., að tillögur, sem nefndin átti ekki kost á að ræða á fundi, fái að bíða til 3. umr. (MG: Það hefir enga þýðingu). Enga þýðingu, segir hv. 1. þm. Skagf. Það getur þó verið, að einhverjir nefndarmenn eigi eftir að kynna sér þær.

Ég get ekki fallizt á till. hv. þm. Borgf. um Norðurlandsveginn, því að hann miðar við Akranes sem endapunkt. Betra hefði verið að miða við Kalastaðakot eða einhvern annan ferjustað við Hvalfjörð. En ég er honum sammála um það, að vegurinn eigi að koma vestan Hafnarfjalls. Vegurinn verður að ná það, sem hann nær; síðan má gera framlengingu.

Þá var það till. um Snæfellsnessbraut. Ég held, að flestir hljóti að sjá, að það sé ekki fráleitt að leggja veg þessa leið. Þar yrði bílvegur, fær allan ársins hring. Þannig væru Snæfellingum tryggðar miklu öruggari samgöngur við Borgarnes en þær eru nú á sjó, því að Sandur er ill höfn, eins og kunnugt er. Héraðið er vel til ræktunar fallið, og enginn vafi er á, að þar eru skilyrði fyrir mjög mikinn landbúnað. Þessi vegur mundi lyfta héraðinu upp. Sumstaðar á Snæfellsnesi er alveg óvenjuleg náttúrufegurð, og má telja víst, að þessi vegur yrði mjög fjölfarinn af ferðamönnum.

Þegar þetta tvennt fer saman, finnst mér þessi brtt. hafa svo mikið til síns máls, að ég mun greiða henni atkv., þó að nefndin treystist ekki til að taka hana upp. Fróðir menn segja, að vegur um þessa leið, frá vegamótum austan Straumfjarðarár, um Staðarsveit og Breiðuvík, að Hellissandi, muni ekki verða mjög dýr. Á löngum kafla a. m. k. er mjög auðvelt að leggja veg.

Annars áskil ég mér að hafa óbundnar hendur við atkvgr. um hverja og eina

brtt., þó að ég hafi orðið sammála um nokkra lausn á málinu út úr nefndinni. En úr því, sem komið er, hygg ég, að fleiri till. ættu að ganga fram en þær, sem n. hefir gengið að, svo að ekki verði misrétti milli einstakra héraða.

ATKVGR.

Brtt. 346,I.1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 43,1 tekin aftur.
— 346,I.2.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 43,2.a—b tekin aftur.
— 346,I.2.b. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 49 tekin aftur.
— 346,I.3 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 152 tekin aftur.
— 56 felld með 15:8 atkv.
— 40 (aðaltill.) felld með 14:2 atkv.
— 59 samþ. með 15:2 atkv.
— 40 (varatill.) tekin aftur.
— 346,II tekin aftur.
— 35,a samþ. með 16:2 atkv.
— 409 felld með 14:7 atkv.
— 118 felld með 14:4 atkv.
— 35,b samþ. með 14:3 atkv.
— 346,III.1 tekin aftur.
— 346,III.2.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 38 tekin aftur.
— 399,a samþ. með 15:5 atkv.
— 399,b samþ. með 15:3 atkv.
— 39 felld með 13:12 atkv.
— 408 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 44 samþ. með 14:8 atkv.
— 346,III.2.b. tekin aftur.
— 394 samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HG, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, JörB.
nei: SvÓ, HStef, HJ, IngB, MT.
Þrír þm. (BSv, HK, HV) fjarstaddir.

Brtt. 141 samþ. með 15:1 atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417, 152).

Forseti (JörB): Ég vil benda á, að brtt. á þskj. 152 á ekki við nú, sökum þess, að hún var flutt við brtt., sem samþ. var við 2. umr. En þar sem hv. flm. var fjarverandi, vona ég, að hv. deild leyfi honum að lagfæra till., svo að hún megi nú koma til umr. og atkv.

Hákon Kristófersson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa svokölluðu kurteisi, en vil þó lýsa yfir því um leið, að ég mun ekki ómaka hv. deild með brtt. minni og tek hana því aftur. Það er hvort sem er sýnilegt af því, hvernig um brtt. hv. þdm. hefir farið, að ekki er til neins fyrir minni hl. hér að ætla sér að koma fram neinum brtt. við vegalögin til hagsbóta fyrir sín héruð. Hér er það flokksofstæki eitt, sem ræður, enda fá ekki aðrir en framsóknarmenn brtt. sínar samþ. (SE: Og læt ég það nú vera). Það getur verið, að hv. þm. Dal. sé í einhverri sérstakri náð hjá stjórnarflokknum, en hann er líka þá sá eini af stjórnarandstæðingum.

Ég hafði gengið inn á það í samgmn., að halda ekki till. minni til streitu, og tók þar tillit til vegamálastjóra, sem á að hafa vegamálin í hendi sér. Annars veit ég ekki, hvað á að þýða, að ríkið hafi slíka menn í þjónustu sinni, því þegar hingað kemur, þá eru till. hans og annara, sem þekkingu hafa, einskis metnar, og má þakka fyrir, ef slíkir menn sleppa óniddir. Vegamálastjóri hefir oftsinnis orðið fyrir aðdróttunum og útásetningum hér í deildinni, þótt skömm sé frá að segja.

Það er nú komið sem komið er með framkvæmd á gildandi vegalögum, og úr því verður ekki bætt. Þeir, sem geta beitt flokksfylgi, koma sínum málum fram, en hinir ekki. Þetta má þó ekki skilja svo, að ég sé að barma mér yfir því, að mín brtt. var ekki samþ. Ég bar hana fram fremur til að fylgjast með straumnum en að ég teldi samþykkt hennar bráðnauðsynlega fyrir land og þjóð. En hún átti ekki minni rétt á sér en ýmsir skæklar, sem framsóknarmenn hafa tekið inn í vegalögin.

Ég sé að það hefir verið samþ., eftir till. meiri hl. n., að tekin væri í þjóðvegatölu leiðin frá Hnífsdal að Gemlufalli við Dýrafjörð. Nú hefir hv. þm. V.-Ísf. gert sig ánægðan með styttri leið en hann taldi nauðsynlega í fyrstu og fallizt á mína skoðun. (ÁÁ: Ég er ekki ánægður).

Hv. þm. má vera ánægður eftir atvikum, því að þessi leið er erfið yfirferðar meginið af árinu.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Vona ég, að meiri hl. sé ánægður yfir því, sem hann hefir áorkað um vegabætur fyrir sín kjördæmi, og líka með það, að hafa hamlað því, að aðrar brtt., sem ekki áttu minni rétt á sér, kæmust fram. (MJ: Heyr!).

Forseti (JörB): Hv. þm. Barð. hefði getað sparað sér ákúrur til forseta út af því, sem þingið hefir gert í þessu máli. Forseti ræður ekki atkvgr. Ég benti hv. þm. aðeins á, að hann gæti breytt brtt. sinni, svo að hún gæti komizt að, og skil ég ekki, hvers vegna hv. þm. þurfti að taka það illa upp.

Hákon Kristófersson: Ég bjóst ekki við, að hæstv. forseti færi að nota sitt stundlega vald til að setja ofan í við mig, því að það var laust við, að ég gæfi tilefni til þess.

Forseti (JörB): Það heyrðu fleiri en ég, hvað hv. þm. Barð. sagði.

ATKVGR.
Brtt. 152 tekin aftur.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 417).

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, 458, n. 521, 535).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Á undanförnum þingum hafa löngum komið fram brtt. við vegalögin frá 1924, en þessar till. hafa aldrei náð fram að ganga fyrr en nú, að þær hafa náð samþykki í hv. Nd. og allmiklar breyt. gerðar, sem nú eru til umræðu.

Eftir þeim upplýsingum,, sem vegamálastjóri hefir gefið samgmn., þá eru vegir þeir, sem teknir hafa verið í þjóðvegatölu, um 2150 km., en þær breyt., sem samþ. hafa verið í Nd., gera ráð fyrir 300 km. í viðbót, eða um 14%. Að sumu leyti eru þessir vegir lagðir, eða ca. ⅓, en ⅔ ólagðir. Vegamálastjóri gerir ráð fyrir, að kostnaðurinn muni aukast um 30 þús. kr. á ári vegna þessarar þjóðvega, og gizkar á, að viðhaldið muni aukast svo, að það geti numið allt að 50 þús., og stafar það af hinum nýju vegum. Í því sambandi vil ég þó geta þess, að sumir af þessum liðum hafa þó notið nokkurs fjárframlags úr ríkissjóði, eða þeir, sem sýsluvegasamþykkt er fyrir, og eiga því kröfu á nokkrum þætti viðhaldskostnaðar frá ríkissj. Hinsvegar gerir vegamálastjóri ráð fyrir því, að þessir vegir verði lagðir á 6—8 árum, en nú er það svo með sýsluvegi, að ríkið leggur fé að helmingi til þeirra, og því verða þetta ekki svo mjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þegar svo er litið á það, að ríkið leggur fram ¾ til brúargerða, þá mætti gizka á, að kostnaðurinn myndi allur reynast um 300 þús. kr. Ég býst við því, að þessar óskir, sem þráfaldlega hafa komið fram, stafi af því, að þjóðin finnur fulla þörf á því, að vegalögunum sé breytt, enda verða sveitavegir mjög útundan samkv. þeim vegalögum, sem nú gilda. Það er nú svo með vegina hér á landi, að þeim má skipta í tvennt: Langvegi, sem mikið eru notaðir, og þá einkanlega af ferðamönnum, og hina, sem aðallega eru notaðir til aðdrátta að heimilunum, og mér skilst, að flestir þeir vegir, sem hér er um að ræða, tilheyri hinum síðari.

Ég hefi ekki margt að segja fyrir n. hönd um þetta frv. Afstaða hennar er algerlega mörkuð í þessu stutta nál., sem er að finna á þskj. 521. Allir nm. vilja samþykkja frv., en einn vildi láta samþykkja það óbreytt. Raunar vildu hinir það líka, en hafa þá einhverja sérstöðu,

sem þeir munu gera grein fyrir. Auk þess hefir einn nm. borið fram brtt., sem ég veit, að hann mun gera frekari grein fyrir, og hv. 5. landsk. hefir borið fram aðra brtt. á þskj. 535, og býst ég við, að hann mæli fyrir henni. — Svo hefi ég ekki fleira um málið að segja í bili.

Halldór Steinsson: Ég er ekki allskostar ánægður með þetta frv. eins og það nú liggur fyrir, mest fyrir það, að mér finnst sem upptök málsins og meðferð í hv. Nd. séu ekki á þann veg, sem ég hefði helzt óskað og talið eðlilegast. Ég hefði óskað, að þegar miklar breyt. ætti að gera á vegalögunum, þá ættu breytingarnar að vera teknar upp af trúnaðarmanni stj. um þessi mál, nefnilega vegamálastjóra, en þetta frv. er svo til komið, að einstakir þm. hafa borið fram brtt. sínar og svo hafa aðrir komið á eftir með svipaðar óskir, og allt hefir síðan lent í hrossakaupum. Með þessu móti hljóta vegalögin að komast á ringulreið og öll þau „princip" að verða brotin, sem þau eru byggð á, og á næsta þingi munu koma fram brtt., sem eru jafnréttháar og þessar, sem hér eru bornar fram, og þá verður ekki hægt að spyrna á móti þeim, þar sem fordæmið er gefið. Þetta er það, sem ég hefi aðallega við frv. þetta að athuga, að þarna er ekkert farið eftir vilja vegamálastjóra, enda hefir hann beinlínis lagt á móti sumum þeim brtt., sem hér eru bornar fram. Vilja sínum fékk hann ekki framgengt, því að hrossakaupin voru svo mikil í hv. Nd., að það var eins og þm. kepptust við að koma með sem lengstan vegarspotta til að hampa framan í kjósendur sína, þegar heim kæmi, og nota það sem agn við næstu kosningar.

Þrátt fyrir þetta hefi ég samt leyft mér að koma hér fram með brtt. á þskj. 458. Það er nýr liður, Snæfellsnesbraut, frá vegamótum austan Straumfjarðarár, um Staðarsveit og Breiðavík að Hellissandi. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að ég hefi átt tal um þessa brtt. mína við vegamálastjóra, og vildi hann aðeins ganga inn á að taka veginn frá Straumfjarðará að Búðum upp í þjóðvegatölu, eða um helming vegarins, og láta þar við sitja. Ég skal strax taka það fram, að ég hefði viljað haga mér eftir till. vegamálastjóra, en sé ekki ástæðu til þess, þar sem vilji hans hefir verið svo lítils metinn af öðrum.

Ég skal taka það fram, að þessi vegur liggur um Staðarsveit og Breiðavík, en þar eru samgöngur vondar og illt að sækja á sjó. Þegar vestar dregur er mun strjálbýlla, en á Stapa er þó nokkurt þorp, og sama er að segja um Búðir.

Ég vona, að hv. þdm. líti með sanngirni á þessa till., því að hún á vissulega eins mikinn rétt á sér og aðrar brtt., sem fram hafa verið bornar.

Jón Jónsson: Það er með þetta mál eins og svo mörg önnur, að lítill tími hefir unnizt til að athuga það gaumgæfilega, en þar sem þessar brtt. við vegalögin hafa legið lengi hjá hv. Nd., býst ég við, að málið hafi verið gaumgæfilega athugað þar.

Ég verð að segja það, að mér virðist sem ný stefna sé hér upp tekin, því að vaninn hefir verið sá, að ekki hafa verið teknir upp í þjóðvegatölu þeir vegir, sem liggja innan héraða, en hér er það gert víða. Mér finnst það augljóst, að ýmsir þeir vegir, sem hér er farið fram á, séu réttmætir í þjóðvegatölu, og sumstaðar liggur brýn nauðsyn fyrir hendi vegna héraðanna, að létta undir með þeim. En þetta verður að gera eftir fastri reglu og samræma þetta um land allt, og efast ég um, að það hafi tekizt með þessu frv. Hinsvegar er nú orðið svo áliðið þingsins, að ekki er nema um tvennt að ræða, annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt eða að fella það. Það virðist mér þó tæpast hægt vegna þeirra vega, sem nauðsynlegir eru, þótt einhverjir kunni að dyljast innan um, sem síður er þörf á. Við í samgmn. höfum athugað þetta frv. í samráði við vegamálastjóra, en álit hans barst okkur ekki fyrr en við höfðum skilað nál. okkar. Því vildi ég lesa upp bréf hans:

„Með tilvísun til viðtals á fundi samgöngumálanefndar efri deildar í dag vil ég láta í té eftirgreindar upplýsingar viðvíkjandi frumvarpi til laga um breytingu á vegalögunum á þskj. 417.

Breytingar á vegalögunum eins og þær eru samþykktar af neðri deild Alþingis

eru orðnar mjög viðtækar. Eru sumar þeirra þannig, að mjög er hætt við, að fleiri komi bráðlega á eftir með engu minni sanngirniskröfur en þessar, þar eð með sumum breytingum þessum hefir að mínu áliti verið farið inn á mjög varhugaverða braut, með því að rjúfa þá meginreglu, sem undanfarið hefir verið fylgt, að eindregnir innanhéraðsvegir skuli ekki vera í tölu þjóðvega.

Vegarkaflar þessir allir eru að lengd 326 km., en lengd þjóðveganna er nú um 2150 km. Ég geri ráð fyrir, að aukinn viðhaldskostnaður, er af þessum breytingum leiðir, *muni þegar á 1. ári nema minnst* 30 þús. kr., en viðhaldskostnaðurinn mun eðlilega vaxa nokkuð ört, með því að meiri kröfur verða gerðar en ef vegirnir væru í tölu sýsluvega. Fer ekki hjá því, að kostnaðurinn kemst fljótt upp í 50 þús. kr. Þó ber að geta þess, að eins og er greiðir ríkissjóður nokkuð af viðhaldskostnaði sumra þessara vega með tillagi til sýslusjóðsvega, þar sem slíkar samþykktir eru.

Fleiri nýrri kaflarnir eru enn að miklu leyti óvegaðir, samkv. lauslegri athugun rúmlega 200 km., en aðeins um 100 km. er allgóð akbraut. Á óveguðu köflunum þarf víða lítilla lagfæringa til þess að akfært verði um sumartímann, og meira verður þar naumast krafizt fyrst um sinn, en þó geri ég ráð fyrir, að á næstu 6—8 árum verði talið sanngjarnt að fullnægja kröfum um vegabætur þar, er muni kosta nálægt 700 þús. kr. Þar sem vegir þessir allir hafa verið í tölu sýsluvega, myndi samkvæmt undanfarinni venju mega vænta, að helmingur endurbótakostnaðar á þeim fengist greiddur úr ríkissjóði. Verður þá viðbótarkostnaður ríkissjóðs á þessu tímabili naumast undir 350 þús. kr. auk árlegs viðhalds.

Er því bersýnilegt, að ef frumvarp þetta á að verða að lögum, þá er enn brýnni nauðsyn en fyrr, að bifreiðaskatturinn verði hækkaður, svo að aukið framlag fáist á þann hátt til viðhaldsins".

Svo nefnir hann hér nokkra vegi, sem hann álítur réttmætt að fella niður eins og nú standa sakir, en segir svo:

„Um Snæfellsnesbraut (brtt. á þskj. 458) hefi ég áður látið uppi álit mitt, er samhljóða tillaga lá fyrir neðri deild. Ég vil þó taka fram, að það væri í rauninni í samræmi við ýmsar tillögur, sem samþykktar hafa verið í neðri deild, að tekinn væri í tölu þjóðvega kaflinn út að Búðum. Er þessi kafli 38,6 km., og er áætlað, að kosta muni nálægt 80 þús. kr. að gera þar þær umbætur, að hann verði vel bílfær. Eru nokkrar brýr á leið þessari, sem sérstaklega hleypa fram kostnaðinum. Þessi ummæli mín ber þó ekki svo að skilja, að ég leggi með þessari breytingu, en ég vil þó láta þessa getið vegna samræmis, eða til þess að sýna *eitt dæmi þeirra afleiðinga, sem búast má* við af breytingum þeim, sem samþykktar voru í neðri deild Alþingis".

Samkv. þessu er það ekki alveg nákvæmt hjá hv. þm. Snæf., að vegamálastjóri hafi verið samþykkur því, að meira en helmingur vegarins væri tekinn upp í þjóðvegatölu, heldur leggur hann beinlínis á móti mestum hluta hans.

Það, sem blasir við manni, er maður athugar gjaldaliðina, er það, að ef allir þessir kaflar verða teknir upp í þjóðvegatölu, munu útgjöldin fyrst aukast um 30 þús. kr. og síðar munu þau hækka upp í 50 þús.

Aukning á gjöldum ríkissjóðs myndi að öllum líkindum nema mikið meiru en 30 þús. kr. á ári. Svo þendir hann á, að sennilega verði varið til að gera þessa vegi vagnfæra nálægt 700 þús. kr. En hann bendir líka á það, að þar sem þessir vegir allir eða flestir hafi verið teknir í sýsluvegatölu, mundi ríkissjóður alltaf þurfa að borga helming kostnaðar, svo að raunveruleg aukning á útgjöldum ríkissjóðs er ekki nema 350 þús. kr. Ef þessir vegir verða lagðir á 8 árum, eins og hann gerir ráð fyrir, þá er árlegur útgjaldaauki um 70—80 þús. kr. Þetta út af fyrir sig er náttúrlega ekki svo ægilegt, en það má eins vel búast við því, að með þessum vegum, sem hér hafa verið nefndir, verði ekki látið staðar numið; ég þykist alveg viss um, að ýmsar aðrar sýsluvegalagningar eigi jafnan rétt á sér til að verða teknar í þjóðvegatölu, og mun þess vegna mega telja víst, að þeir sýsluvegir bætist við á næstu árum. En við þessu er kannske ekki svo mikið að segja og ég tel það gott, að sem mest

verði greitt fyrir vegalagningu um héruðin, eftir því sem geta ríkissjóðs leyfir, ef við aðeins fengjum einhvern heilbrigðan tekjustofn til að mæta þessum aukna vegakostnaði og geysilega viðhaldskostnaði, sem á ríkissjóði hvílir.

Það vill nú svo vel til, að fyrir þinginu liggur frv., sem ég tel í alla staði gott; á ég þar við benzín-frv., sem myndi gefa ríkissjóði meiri tekjur án þess að auka útgjöld hans, og ef það næði fram að ganga, þá teldi ég forsvaranlegt af þinginu að samþykkja þessa vegi, þótt það dragi nokkurn dilk á eftir sér, því að þá er þó svo mikið framfaraspor stigið.

Enda þótt ég harmi það að vísu, hvert flaustur hefir orðið á þessu máli, og vil ég þar m. a. benda á það hjá hv. Nd., að hún hefir eigi getað tekið til greina brtt. frá vegamálastjóra, sem mér finnast algerlega réttmætar og sjálfsagðar, og sem allt þingið myndi fallast á, ef þær kæmu til atkv. En ég hefi þó ekki flutt brtt. í samræmi við það, af því að tíminn er orðinn svo naumur; annaðhvort verður að samþykkja þetta óbreytt, ellegar að láta frv. daga uppi. En í trausti þess, að einhver tekjustofn verði fundinn og samþ., til þess að bæta úr þessari miklu þörf veganna, verð ég fyrir mitt leyti að leggja til, að þetta frv. verði samþ., a. m. k. við þessa umr., hvað sem svo verður gert við það endanlega, hvort það fer út úr d. eða ekki; það mun ég náttúrlega taka til athugunar við 3. umr. En þess vil ég láta strax getið, að þar sem margir af þessum vegum eiga fyllsta rétt til að verða teknir upp í tölu þjóðvega, þá er það mikill neyðarkostur að þurfa að fella frv.

Jónas Kristjánsson: Ég á eina brtt. við þetta frv., og mitt hlutverk verður ekki annað en að leitast við að sýna fram á, að þessi brtt. eigi ekki síður rétt á sér, nema fremur sé, heldur en sumar aðrar af þessum brtt. við vegalögin. Það er Siglufjarðarbraut, frá Siglufirði að Fljótaárbrú. Þessi leið hefir nokkuð verið rannsökuð, en þó ekki til fulls. Vegamálastjóri telur sjálfsagt, að þessi leið verði tekin í tölu þjóðvega, en hann hefir ekki lagt til að svo stöddu, að hún verði tekin inn á þennan dálk, fyrr en hún hefir verið fullrannsökuð, en það verður sennilega á næsta sumri. Það er óhætt að fullyrða, að það er mikil nauðsyn að fá þessa braut. Siglufjarðarkaupstaður hefir vaxið mikið á síðari tímum, en er svo einangraður, að það er miklum erfiðleikum bundið að ná landbúnaðarafurðum frá nærliggjandi sveitum. Eina leiðin á landi er Siglufjarðarskarð, en það er mikil torfæra og tekur ekki undan snjó nema fáa mánuði á sumri. Það er ekki hægt að gera þar akveg, en það hefir verið fundin leið, sem þykir sæmilega gott vegarstæði, sem er 6—7 mánuði upp úr snjó. Þessi leið liggur yfir svokallaðan Skjöld, en er þó ekki svo há sem Siglufjarðarskarð, miklu snjóléttari og því hægt að fara þar meira á bifreiðum og hestum heldur en yfir skarðið. Það eru, eins og kunnugt er, talsverð viðskipti milli Siglufjarðar og ytri hluta Skagafjarðar, Fljótanna, því að Siglfirðingar verða að fá landbúnaðarafurðir sínar þaðan, og bændur í ytri hreppum Skagafjarðar hafa þegar hafið allmikil viðskipti við Siglufjörð og byggt sér þar sláturhús. Þess vegna er mikil þörf fyrir báða aðila að fá þessa braut, en það er einasta leiðin, að hún verði tekin í þjóðvegatölu.

Það virðist ekki fjarri sanni, að þessi braut væri látin sitja fyrir mörgum öðrum vegum, því að Siglufjörður, sem er allstórt kauptún, hefir engan styrk til vega frá hinu opinbera, og um Skagafjarðarsýslu er ekki hægt annað að segja en að hún hafi fengið tiltölulega lítið af vegum tekið upp í þjóðvegatölu, samanborið við aðrar sveitir. Aðalvegurinn er tiltölulega stuttur og fyrir utan þá leið er aðalleiðin út á Sauðárkrók; þetta er tiltölulega miklu styttri vegur en flestar aðrar sýslur hafa fengið. Þess vegna sýnist öll sanngirni mæla með því, að þessi braut verði sem fyrst tekin í þjóðvegatölu, og ætti ekki aðeins að ná að Fljótaárbrú, heldur alla leið inn að Héraðsvötnum; það væri langt um sanngjarnara, en fram á það er þó ekki farið, heldur aðeins að Fljótaárbrú. Ég vil þess vegna mæla með því, að verði hinar brtt. samþ., þá verði þessi látin fljóta með, þar sem meiri sanngirni virðist mæla með því að hún verði samþ. fremur hinum.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það var réttilega tekið fram hjá hv. 6. landsk., að samgmn. hafði of lítinn tíma til að íhuga þetta frv., svo að vel hefði verið. Það er nú reyndar dálítið síðan frv. kom fram hér í d., ég hygg, að það sé nær hálfum mánuði. En það var á mesta annatímanum, þegar fjárl. voru hér, og einmitt tveir menn úr samgmn. áttu sæti í fjvn., svo að það vannst enginn tími til að athuga frv. fyrr en nú, á mánudag, en þó var það ekki nema einn fundur, sem n. hafði til að athuga það.

Ég vil geta þess, til leiðréttingar á skýrslu vegamálastjóra, sem hv. 6. landsk. las upp, að vegamálastjóri hafði gleymt að draga frá veg yfir Tunguheiði, þar sem hann talar um Tjörnesveg, svo að leiðin, sam hann gefur upp, er um 20 km. of löng. Það má líka segja, að það sé að nokkru leyti tekin upp ný stefna með þessari brtt., sem sé sú, að gera að þjóðvegum innanhéraðsvegi, sem ekki eru jafnframt í þeirri þjóðvegakeðju, sem liggja umhverfis landið. Þó er þetta ekki algerlega, það eru til dálítið líkar hliðstæður, enda bendir vegamálastjóri á það í því skjali, sem prentað er með nál. samgmn. í Nd., og nefnir hann þar til sérstaklega Hvammstangabraut og Skagafjarðarbraut, sem eru í rauninni fjölfarnar flutningabrautir, en þó ekki beinlínis liður í þessum langvegi umhverfis landið.

Þegar málið var til meðferðar í hv. Nd., þá voru það nokkrir stúfar, sérstaklega þrír vegarstúfar, sem vegamálastjóri blátt áfram lagði þá til, að teknir yrðu inn á vegalög. Ég man ekki gerla, hve langir þeir eru, en það var Kópaskersvegur, 24 km., í öðru lagi Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði, sem er örstuttur, og í þriðja lagi Fljótshlíðarvegur. En þegar frv. kom til þessarar d., þá hafði vegamálastjóri áttað sig á því betur, að ekki myndi gott að spyrna á móti því, að inn kæmu nýir vegir á eftir þessum, enda hafði hann þá komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að færa sig nokkuð meira upp á skaftið, ekki beinlínis þannig, að hann teldi það í rauninni alveg rétt að taka þessa 170 km. inn í vegalögin, heldur að það mætti, eftir atvikum, teljast sæmilegt og ætti undir öllum kringumstæðum meiri rétt á sér en þeir 140 km., sem þá voru eftir.

Ég hefi nú ekki svo mikið að segja um þær brtt., sem hér liggja fyrir, en benda má þó á það, að ég ætla, að þær hafi báðar komið fram undir umr. og atkvgr. í Nd. og verið felldar þar. Hv. þm. Snæf. benti á það, að sér líkaði illa undirbúningur málsins, að það væri þingið, án þess að njóta undirbúnings stjórnar og vegamálastjóra, sem tæki málið upp. Það er nokkuð til í þessu, en það stafar af því, að enda þótt þingið hafi í nokkur ár borið fram allháar óskir um vegamálabreyt. hjá stj., og vegamálastjóri ekki tekið það til greina, né heldur stj., þá hefir þingið þess vegna að nokkru leyti spyrnt úr sér stíflunni.

Hv. þm. Snæf. gat þess, að vegamálastjóri hefði talið, að það væri máske rétt að taka upp í tölu þjóðvega leiðina frá Hjarðarfelli að Búðum, um 35 km., sem hann nefndi, og ég sé, að vegamálastjóri getur þess í skjali, sem hann hefir skrifað hingað, að hann telur þann veg eiga mikinn rétt á sér. Ég verð að lýsa yfir því fyrir mitt leyti, að ég verð að leggjast á móti þessari brtt. frá hv. þm. Snæf., vegna þess fyrst og fremst, að ég er hræddur um, að samþykkt hennar myndi verða til að eyðileggja allt málið; en hitt get ég líka sagt, að mér þykir mjög leiðinlegt að þurfa að drepa brtt. frá þessum hv. þm., leiðara en frá nokkrum öðrum, vegna þess að hv. þm. hefir víst ekki haft nein áhrif í hv. Nd. Sem þm. í einmenningskjördæmi hefir hv. þm. ekki getað haft neina samvinnu í Nd., og ég vil segja hv. þm. það, að ef hann á næsta þingi bæri fram brtt. um að taka inn í vegalög leiðina að Búðum, þá skal ég hiklaust greiða atkv. með því, þótt ég verði að þessu sinni að gera mitt til að bana þessari brtt. hans.

Um brtt. hv. 5. landsk. hefi ég ekkert annað að segja en það, að hún hefir fallið í hv. Nd., og þar sem hún er auk þess ein af þessum fjallvegaleiðum, sem ég vil láta sitja á hakanum fyrir vegum um sveitir landsins, þá mun ég greiða atkv. á móti henni.

Þótt ég telji á þessu frv. ýmsa galla, eins og á öðrum mannanna verkum, þá álít ég samt rétt að láta það ganga fram,

en það getur það ekki nema með því einu móti, að þessi hv. d. samþykki það óbreytt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég álít, að þetta sé með hinum merkilegustu málum, sem liggja fyrir þessu þingi, og ég lýsi mikilli ánægju minni yfir því, að hv. Nd. hefir orðið samdóma um þetta, og sömuleiðis samgmn. þessarar hv. d.

Það er orðið nokkuð langt síðan breyt. hafa verið gerðar á vegalögunum, þrátt fyrir hinar miklu breyt. á samgöngufyrirkomulagi hér á landi. Þannig hefir orðið stórkostleg aukning á bifreiðaakstri, og þeir vegir, sem áður voru sveitavegir, eru nú orðnir landsvegir, þar sem mjög mikil umferð er og slit. Ég þarf ekki að nefna nema fáein dæmi, ég get t. d. tekið þann vegarspotta, sem liggur upp Mýrasýslu að Hvítá, niður fyrir Norðurárbrú. Eftir þeim vegi fara bifreiðar hundruðum saman á hverri viku frá Borgarnesi um Borgarfjörðinn, en sumpart í sambandi við vegakerfi Snæfellsnessýslu, eða suður yfir Kaldadal, og þá er þessi kafli orðinn landsvegur. Þess vegna er það alveg rétt hjá Alþingi að gera þessa breyt. og alveg rangt hjá vegamálastjóra landsins að leggjast á móti mörgum þessum breytingum; vil ég þess vegna gera það, sem ég get, til að þetta mál nái framgangi, með því að það mælir fyllsta réttlæti með því, þótt ég ekki vilji segja, að þetta frv. sé byggt á svo fræðilegri nákvæmni, að það séu ekki nokkrar líkur til, að þar mætti nokkuð um bæta.

Ég vildi segja fáein orð um eina brtt., frá hv. þm. Snæf., um að bæta í tölu þjóðvega veginum sunnan á Snæfellsnesi og að Sandi. Mér kemur þessi till. nokkuð við, með því að ég vakti eftirtekt á þessu máli í hv. Nd. og bar þar fram ósk um það, að þessi vegur væri líka tekinn í þetta vegakerfi, en Nd. sá sér ekki fært að samþykkja þetta, svo að till. var felld þar. Ég get aðeins tekið það fram, að ég hefi haft lítilsháttar afskipti sem landsk. þm. af því, sem kalla mætti brýr á þessum vegi. Í Snæfellsnessýslu liggur Ölduhryggur, um 25 km. langur melhryggur, frá Straumfjarðará vestur að Staðastað. Þetta er sjálfgerður bílvegur frá náttúrunnar hendi, en það vantaði brú á Straumfjarðará, til þess að koma honum í samband við brautina vestur yfir Kerlingarskarð. Þegar ég var síðast í kosningaleiðangri á þessum slóðum, kynntist ég þessu máli, og beitti mér þá fyrir því, ásamt fleirum þar, að Straumfjarðará yrði brúuð; bættist þá við vegakerfi sýslunnar um 30 km., og er það austasti parturinn, sem hér er talað um að taka í þjóðvegatölu. Ég ætla svo aðeins að bæta því við það, sem hv. þm. Snæf. sagði um málið, að eftir þeim reglum, sem Alþingi hefir aðhyllzt í vegamálum, þá er þetta vegur, sem fyrr eða síðar verður óhjákvæmilega tekinn í þjóðvegatölu. Það er vegur, sem er lagður á milli kauptúna yfir tiltölulega slétt land, og alveg eins og fyrstu símarnir voru réttilega eða ranglega lagðir á milli kauptúna landsins, eins er enginn vafi á því, að þessi vegur er algerlega réttmætur. Hann er nú kominn inn í Staðarsveitina, og með því að gera einar tvær brýr, er hann kominn yfir blómlegar byggðir þar á Snæfellsnesinu. Ég hygg ennfremur, að svona um stundarsakir mætti notast við ruðning í kringum Snæfellsjökul, þar sem þurrt er, og þá væri búið að koma kauptúninu á Sandi í samband við Borgarnesveginn og þar með við allt vegakerfi landsins. Ég álít þess vegna, að Nd. hafi gert rangt í að fella þennan veg niður, af því að hann heyrir undir þær sanngjörnu kröfur, sem hv. d. annars hefir byggt á í vegamálum, en á hinn bóginn veit ég, að ekki verður hægt að leggja starf í það á næstu árum að gera upphleyptan veg þarna, en ég hygg, að þetta svæði muni verða bílfært á næstu árum, með því að gera smábrýr, og svo verður að gera vegarstúfa, þar sem mest liggur á, og ruðning. Vil ég í þessu sambandi benda á, að vegur hefir verið ruddur yfir Kerlingarskarð, svo að þar er nú bílfært, sem engum kom til hugar að fara með bíl áður en sú umbót var gerð á veginum.

Ég hefi viljað styðja þessa brtt. hv. þm. Snæf., með því að skýra frá, hver sanngirniskrafa hér er á ferðum. En þótt ég sé brtt. í sjálfu sér fylgjandi, tel ég Snæfellinga að engu bættari með því, að allir hinir vegirnir séu settir í hættu með sam-

þykkt hennar nú einn hinna síðustu daga þingsins. Af þessum ástæðum óska ég að sitja hjá við atkvgr., þar sem ég er annarsvegar með veginum, en tel hinsvegar vonlaust, að frv. gangi fram, ef brtt. verða samþykktar. Ég vil taka undir það með hv. þm. Snæf., að þetta sé einn af þeim vegum, sem á að komast í þjóðvegatölu, ekki aðeins að Búðum, heldur allur vegurinn. Næst þegar vegalögunum verður breytt, tel ég sjálfsagt, að þessi vegur verði tekinn með. Skal ég taka það fram til að sýna áhugann vestra, að bændur hafa lofað talsverðu af vinnugjöfum til vegarins, gegn framlagi ríkissjóðs og sýslunnar. Þótt ég hafi ekki vald til að segja um þetta fyrir hönd stj., þar sem ég er ekki atvmrh., þykir mér þó líklegt, að á næsta sumri verði eitthvað stutt að byrjun þessarar vegalagningar, ef það fer eins og ég hygg, að bændur leggi fram eitthvað af dagsverkum og sýslan sinn skerf. Áhugi héraðsbúa fyrir þessu máli sýnir, hversu gott mál hér er á ferðinni.

Halldór Steinsson: Hæstv. dómsmrh. taldi líklegt, að hæstv. forseti mundi taka gilda afsökun hans fyrir því að greiða ekki atkv. Getur verið, að hann geri það, en ég geri það ekki. Hæstv. ráðh. tók jafnóðum aftur með annari hendinni það, sem hann gaf með hinni. Öll ræða hans snerist um það að sanna, hver nauðsyn væri á þeim vegi, er ég flyt brtt. um, og framkoma hæstv. ráðh. í Nd. benti í þá átt, að hann væri veginum hlynntur. Því skil ég ekki, af hverju hann vill ekki fylgja málinu til streitu. Ef hæstv. ráðh. hefði beitt áhrifum sínum innan síns flokks í þessu máli eins og hann hefir gert í mörgum öðrum, gat hann hæglega komið brtt. fram í hv. Nd. Og hér ætti hún vissan sigur með stuðningi hans. En það ber vitni um, að hann hafi fylgt málinu heldur utangarna, að hann kemur nú með það að vilja ekki greiða atkv. Það er engin mótbára, að þetta geti orðið til þess að fella frv. Þótt það fari aftur til hv. Nd., þarf enginn að segja mér, að þessi breyt. geti leitt til þess, að frv. falli. Það er svo mikið áhugamál margra hv. þm. þar, að þeir mundu áreiðanlega sjá fyrir framgangi þess.

Jónas Kristjánsson: Hv. frsm. mælti á móti brtt. minni á þskj. 535 og færði það til, að hér væri um fjallveg að ræða. Kom mér þetta kynlega fyrir, þar sem þetta er eina leiðin fyrir Siglfirðinga til að hafa samgöngur við aðra landsmenn á landi og eina leiðin fyrir Fljótamenn til að koma vörum sínum á markað. Mér þykir þetta þeim mun kynlegra, sem hv. frsm. er mjög áfram um veginn að Óshöfn, og hefir þó það hérað annan veg, Fagradalsbrautina, til að koma frá sér afurðum sínum. En hún er mjög góður vegur. Ég á ekki von á öðru en sanngirni frá hv. frsm., og vil ég því vænta, að hann athugi málið betur og snúist síðan til fylgis við brtt. mína.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vona, að hv. þm. Snæf. meti að verðleikum þá hjálp, sem ég hefi veitt honum með því að sýna fram á nauðsyn vegarins. En þar sem nú er álitið, að aðeins sé einn dagur eftir af þingi, og hvor deildin samþykkir þau mál óbreytt, sem hún vill að gangi fram, og reynir engu að breyta, þá vona ég, að hv. þm. sjái, að það gæti orðið til að stöðva allt málið, ef ég færi nú að fallast á einhverjar brtt. Ég skil það vel, að hv. þm., sem ekki er landskjörinn, vilji tefla á tæpasta vaðið fyrir sitt kjördæmi. Það horfir dálítið öðruvísi við með mína afstöðu. Ég er með öllum vegum jafnt, hvar sem þeir eru á landinu. Og ég vil ekki tefla mörgum mjög nauðsynlegum vegum í hættu vegna eins vegar, sem einnig er mjög nauðsynlegur og á fyllsta rétt á sér.

Halldór Steinsson: Mér og hæstv. dómsmrh. ber í rauninni ekki annað á milli en það, hvort það þurfi að verða frv. til falls, ef brtt. verður samþ. Þótt frv. yrði ekki samþ. hér frá deildinni fyrr en á morgun, mundi fundum í hv. Nd. varla verða lokið svo snemma, að ekki mætti fá málið tekið þar fyrir. Og ég efa ekki, að frv. mundi sigla hraðbyri gegnum þá deild, svo mikið áhugamál er það ýmsum þm. þar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil benda hv. þm. Snæf. á það, að í kvöld neituðu 7 menn í Nd. afbrigðum frá þing-

sköpum til þess, að fjárlagafrv. mætti komast að til einnar umr. Það er því alveg sama, hversu góðan vilja við hv. þm. Snæf. höfum í málinu. Það gæti farið eins fyrir því, að það félli fyrir andstöðu fárra manna. Þetta er það, sem ræður minni framkomu.

Frsm. (Páll Hermannsson): Í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. sagði, vil ég upplýsa, að ég hefi ekki flutt brtt. um veginn að Óshöfn, heldur er hún inn komin í hv. Nd. Annars vakir það sama fyrir mér og hæstv. dómsmrh., að samþykkt á brtt. gæti haft það í för með sér, að frv. dagaði uppi. Því vil ég ekki fallast á brtt þær, sem fram hafa komið. — Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. (JKr), að vegurinn að Óshöfn væri óþarfur, vegna þess að sveitir þær, er hlut eiga að máli, hefðu annan veg, til Reyðarfjarðar. Það er ekki rétt skilið, að hér sé um neinn nýjan veg að ræða, heldur er þetta aðeins framlenging á veginum til Reyðarfjarðar.

ATKVGR.
Brtt. 458 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JKr, BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ.
nei: PH, EÁ, EF, IP, JónJ, GÓ.
JónasJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JBald) fjarstaddur.
Brtt. 535 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK.
nei: EF,[1]) IP, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.
Einn þm. (JBald) fjarstaddur.
Frvgr. samþ. með 8:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:3 atkv.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég greiði atkv. móti brtt., af því að ég tel frv. stefnt í hættu með að gera á því nokkrar breytingar. *(JÞ:* Það mætti alveg eins neita um afbrigði hér á morgun, ef því væri að skipta, svo að þetta er engin aukin hætta).

Jón Þorláksson: Það er ómögulegt annað að segja um það vegalagafrv., sem hér liggur fyrir, en að það er óvenjulega óvönduð lagasmíð, jafnvel í samanburði við það, sem tíðkast nú á þessum síðustu þingum. Eru mjög leiðinlegar misfellur á lýsingum þeirra vegakafla, sem teknir eru upp í frv., og vegamálastjóri hefir bent á, að þyrfti að laga með einföldum orðabreyt., án þess að raska efni. Auk þessa eru þeir vegakaflar, sem teknir eru í þjóðvegatölu samkv. frv., valdir af óvenjumiklu handahófi. Er það auðsætt hverjum þeim, sem kunnugur er úti um land, að margir vegakaflar eru skildir eftir, sem rétthærri eru en þeir réttháestu í frv. Svo er t. d. um Snæfellsnesveginn vestur að Búðum, eins og vegamálastjóri hefir bent á. Er mjög illt, að ekki skuli fást samkomulag um að leiðrétta þessar sem aðrar misfellur, er á frv. eru.

Þá fór vegamálastjóri fram á það í erindi sínu til samgmn. hv. Nd., að bætt yrði við 2. efnisgr. vegal. ýmsum vegum, sem hann tiltekur í þessu erindi sínu, en það er prentað sem fylgiskjal við nál. samgmn. Nd. Er þessi gr. vegal. þess efnis, að ég get ekki ímyndað mér, að nokkur maður hafi gildar ástæður til þess að vera á móti þessum till. vegamálastjóra. En nú er öllum málum flaustrað af, svo að varla kemst annað að en það, sem beinlínis er kjördæmahagsmunamál einstakra þm. Að því, sem hefir almennara gildi, eins og er um þessar till. vegamálastjóra, er ekki hægt að beina athygli hv. þm., svo að því verði sinnt.

Ég viðurkenni það, að talsvert mælir með því, að sumir þessara vegakafla séu teknir í þjóðvegatölu, en aftur hafa aðrir engan rétt á sér þar. Og ég býst við, að sumum héruðum sé lítill greiði gerður með þessu. Vil ég í því sambandi benda á það, að hér er víða um hálfgerða akvegi að ræða, sem unnið er að með jöfnum framlögum úr sýslusjóði og landssjóði. Er það bráðnauðsynlegt, að haldið sé áfram með þessa vegi, en strax og þeir eru teknir í tölu þjóðvega, hættir öll vinna við þá á þessum grundvelli. En fást þá framlög til þessara vega í ár og næsta ár, þar sem ekki er gert ráð fyrir

slíku á fjárl. þessara ára? Ég býst ekki við því, að stj. eða vegamálastjóri sjái sér fært að taka fé til þessara vega frá öðrum vegum, né heldur í heimildarleysi úr ríkissjóði. Ef þetta verður því til þess, að þessar vegagerðir stöðvist, sýnist mér viðkomandi héruðum sé lítill greiði gerður.

Einn þeirra vegakafla, sem þannig er ástatt um, er Vesturhópsvegurinn, og vil ég því leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. stj., að hún láti þetta ekki verða til þess, að þessi vegagerð stöðvist, heldur verði haldið áfram með hana af ríkinu með sama krafti og gert hefir verið undanfarin ár af hálfu þeirra aðilja, sem áttu að annast þessa vegagerð. Annars var mér skemmt við að sjá þennan veg tekinn nú í þjóðvegatölu, því að það er gömul till. frá mér. Þá féllst Alþingi ekki á að taka nema vestasta hlutann af veginum til greina, heldur var þjóðveginum haldið áfram á öðrum stað.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég býst ekki við, að almennar umr. um frv. á þessu stigi málsins hafi mikla þýðingu. Og ég geri líka ráð fyrir, að á því kunni að vera einhverjir annmarkar, sökum of lítils undirbúnings.

Alstaðar er nóg vegaþörf fyrir það fé, sem ríkissjóður getur látið af mörkum, þó að þetta sé ekki gert í ár eða að ári. Þó að ekki sé lagt í nýja vegi frekar en er, má gera ráð fyrir, að ríkissjóður hafi nóg með að annast viðhald sinna vega, þó að sýsluvegunum sé haldið þar fyrir utan.

Jón Þorláksson: Ég átti alls ekki við, að sýslusjóðirnir væru í vandræðum með að sjá um sína vegi. En það, sem ég átti við, var það, að þegar tekinn er einn kafli og svo annar af sýsluvegi og báðir fullgerðir, þá getur farið svo, að sýsluvegurinn flytjist fram fyrir þann kafla þjóðvegarins, sem einn er ólagður.

Það er þetta, sem ég vildi láta koma í ljós og leggja áherzlu á, að ríkissjóður héldi áfram vegalagningu með sama fjárframlagi og aðrir hlutaðeigendur.

Jón Jónsson: Hv. 3. landsk. hefir nú bent á ýmsa galla á þessari lagasmíð, og það gerði ég líka í gær. En þó get ég ekki fallizt á það með honum, að vegurinn til Búða sé rétthærri en aðrir þeir, sem teknir eru upp í frv. Vegamálastjóri hefir ekki verið því meðmæltur, að vegur þessi væri tekinn upp í lögin, og eins er um ýmsa aðra vegi, sem hv. Nd. samþ. að taka upp. Vegamálastjóri bendir aðeins á í bréfi til samgmn. Ed., að Búðavegurinn geti komið til greina hliðstætt þeim vegum, sem teknir hafa verið upp í frv., þvert á móti till. hans.

Það er sjáanlegt, að með þeim breyt., sem nú hafa verið gerðar á vegalögunum, er gengið inn á allt annað „plan" en tiðkazt hefir áður um vegalagningu ríkisins, þar sem nú eru teknir upp í lögin ýmsir innanhéraðsvegir.

En augljós afleiðing af því verður sú, að óumflýjanlegt er fyrir þingið að skaffa ríkissjóði nýja tekjustofna, eins og t. d. benzínskattinn, sem nú liggur fyrir þinginu, til þess að vega upp á móti þessum aukna kostnaði. Og það er von mín, að samþykkt þessa frv. reki á eftir þinginu að finna slíka tekjustofna sem allra fyrst.

Það, sem fær mig til að greiða atkv. með frv. út úr hv. d., þótt ég sé óánægður með það að mörgu leyti, er það, að ég skal játa, að sumir þessir vegir eiga tilverurétt og eru nauðsynlegir. Þess vegna sé ég mér ekki fært að hindra framgang frv. — En sem sagt, ég fylgi frv. í þeirri von, að ríkissjóði verði séð fyrir nýjum tekjustofnum til þess að standast kostnaðinn við þessar auknu vegagerðir. En hinu verður ekki mótmælt, að það er hneyksli að taka ekki tillit til þess, sem vegamálastjóri leggur til í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JÞ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: HSteins, IHB, JóhJóh, JKr, BK.

Einn þm. (JBald) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 574).

49. Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar.

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til. l. um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 202).

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi leyft mér að bera þetta frv. fram eftir tilmælum bæjarstj. í Vestmannaeyjum. Eins og hv. þdm. vita, hefir verið heimilað fé á undanförnum þingum til viðgerðar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum. Þetta hefir þó stundum verið meira í orði en á borði, vegna þess að ríkisstj. hefir lagt fram minna fé til þessa en hún hafði heimild til. Í fyrra t. d. var stj. heimilað að leggja fram 70 þús. kr. gegn ⅔ annarsstaðar að. Var þá unnið að dýpkun hafnarinnar og lagfæringu á görðum fyrir 95 þús. kr. og að bryggjugerð fyrir 38 þús. kr. En styrkur sá, er stj. hefir veitt, hefir enn ekki farið fram úr 25 þús. kr. Þetta bendir á, að ekki er alltaf hægt að reiða sig á þær tölur, sem standa í slíkum heimildum. Ég verð að láta óánægju mína í ljós yfir því, hve lítinn skilning hæstv. stj. hefir á þörfinni fyrir því að fullgera slíkt mannvirki sem höfnin í Vestmeyjum er. Þegar athugað er, hve mikið fé bæði ríkið og bærinn er búið að leggja fram, þá er það illa farið að ganga ekki svo frá höfninni, að hún geti gefið fullan arð, sem hún gerir þá fyrst, þegar stærri skip geta lagzt við bryggjur þar. Eins og er, þá erum við Vestmannaeyingar hláðnir þungum hafnargjöldum. En ég vil enganveginn mæla okkur undan þeim, meðan okkur er ekki ofboðið og meðan þau ganga að nokkru leyti til endurbóta á höfninni. Aðeins vona ég, að landsstj. líti á nauðsyn okkar til að gera þessi mannvirki trygg og arðberandi. Þess ætti líka að mega vænta af hverri réttlátri landsstj., ekki síst þegar þess er gætt, að hér er um eign ríkisins að ræða.

Vestmannaeyjaflotinn er nú um 100 mótorbátar, sumir um 50 smál. að stærð. Auk þess 3—4 gufuskip. En þau verða að eiga heima og afgreiðast hér í Reykjavík, meðan ekki er bryggja til, sem þau geti lagzt við hjá okkur. Þörfin fyrir bryggju er því mikil. Síðastl. vor byrjuðum við á svonefndri Básaskersbryggju, eins og getið er um í grg. á þskj. 202. Væntum við samkv. heimild síðasta þings, að landsstj. myndi styrkja þá framkvæmd og fara að dæmi fyrrv. stjórna um slíkt. En þessi von brást. Stj. dró okkur allt sumarið á langinn og gaf engin bein svör um það, hvort hún myndi nota lagaheimildina að því er bryggjubygginguna snerti, og neitaði loks, þegar komið var haust, algerlega um þátttöku ríkissjóðs.

Ég vona, að hér verði einhver stakkaskipti á hjá hæstv. stj. Það er áreiðanlega ekki rétt að hlaupa ekki undir bagga við framhaldsbyggingu þessara hafnarmannvirkja, eftir allt það fé, sem landið og bærinn eru búin að leggja í þau. Oft hefir verið minnt á það hér á þingi, hvað landið sé búið að leggja mikið til Vestmannaeyjahafnar. Ég hefi fengið það framan í mig, þegar ég hefi verið að minna á nauðsyn okkar Vestmannaeyinga. Ég skal gefa Alþingi þakklætisviðurkenningu fyrir því, sem það hefir lagt til þessa máls undanfarið. Og það er ekki úr vegi að upplýsa, að það er nálægt einni millj. króna, sem ríkissjóður er búinn að láta af hendi rakna frá því vorið 1914, er fyrst var byrjað á verkinu samkv. lögum frá árinu á undan. En aðeins síðasta áratuginn, að árinu 1920 meðtöldu, hefir ríkissjóður fengið frá Vestmannaeyjum með beinum skattgjöldum til ríkisins 3876200 kr., eða nærri fjórar millj. Ég tel þar ekki tekjur landhelgissjóðs, sem innheimtar hafa verið í Vestmannaeyjum. Og tvö síðustu árin hafa tekjur ríkissjóðs þar numið um hálfri þeirri upphæð, sem ríkissjóður hefir alls látið af hendi til hafnarinnar. Tekjurnar voru árið 1928 nærri 568 þús. kr. og árið 1929 570 þús. kr. Svo að þar er komin á tveimur árum sú upphæð, sem svo oft og ítarlega hefir verið minnt á.

Þar sem um er að ræða jafnstórfellt framleiðsluhérað og Vestmannaeyjar, verður þing og stj. að hafa við nokkra

viðsýni. Og það er vitanlegt, að staður, sem á tveimur árum geldur eina millj. króna til ríkissjóðs, verður enginn ómagi talinn, þó að búið sé að leggja þá upphæð á svo löngu árabili, 15 árum, til hafnarbóta, svo að framleiðslan verði öruggari.

Hafnargarðarnir hafa löngum verið taldir vonarpeningur. Í vetur hefir verið mjög brimasamt, en þrátt fyrir allar illspár undanfarinna ára hafa þeir staðizt þá raun enn sem komið er. En þó er það álitið nauðsynlegt að tryggja nokkurn hluta Hringskersgarðsins, eins og gerð er grein fyrir í fskj. við grg. frv., fundargerð hafnarnefndarinnar. Og ef það verður gert, eins og hér er farið fram á, tel ég, að sá garður allur sé svo vel frá genginn sem yfir höfuð er hægt, úr því að hann var ekki gerður sterkari í upphafi. Ég skal ekki fara nákvæmar út í, hvernig þetta verður gert, því að það er allt tekið fram á þskj. 202.

Þegar þetta mál fer til n., eins og ég treysti, þá mun ég leggja fyrir hana uppdrætti yfir það, sem ógert er ennþá við hafnargarðana.

Þá kem ég að hinu atriðinu, Básaskersbryggju, sem byrjað var á í fyrra. Hún er orðin algerlega stórnauðsynleg. Og hún er hugsuð þannig, að stór skip geti notað hana. Vöruflutningaskip þurfa að geta lagzt við endann á henni. Þannig hefir vitamálastjórinn látið útbúa uppdrættina. Bryggjuhausinn verður að vera nokkuð breiður, því að það er ómetanlegt að geta afgr. þar einhver af hinum stærri skipum, sem koma með kol, salt eða taka fisk og annan útflutning.

Jafnhliða því, sem garðarnir hafa verið styrktir, hefir undanfarið verið unnið að því að dýpka höfnina, um eitt skeið með dýpkunarskipinu Uffe, og bar það hinn bezta árangur, betri en annarsstaðar þar sem hann hefir unnið hér á landi. En síðan Uffe var tekinn til annara hafna, hefir hafnarnefnd látið kafara vinna að dýpkuninni. Og árangurinn af upptöku grjóts úr höfninni hefir orðið svo góður, að fyrir nokkrum dögum var farið þar inn með saltskip, sem ristir 20 fet. Þó að seint þyki ganga, þá mundi það hafa þótt fyrirsögn árið 1913, þegar fyrst var flutt frv. til laga um hafnargerð í Vestmannaeyjum, að eftir ekki fleiri ár en síðan eru liðin mundi verða farið með 4 þús. smálesta gufuskip þar inn. Nýjasta rannsókn á botnlaginu í Vestmannaeyjahöfn hefir sýnt, að dýpkun hennar er vel framkvæmanleg langt fram yfir það, sem áður var áætlað. En það er mál, sem ekki liggur fyrir nú. Mér virðist eftir atvikum tiltækilegast, að höfnin sé byggð áfram og fullkomnuð smátt og smátt með framlagi frá bænum og ríkinu.

En það, sem mesta nauðsyn ber til í bili, er að styrkja Hringskersgarðinn til fulls, halda áfram að dýpka höfnina og hreinsa með þeim hætti, sem verið hefir undanfarin ár, og koma upp einni hafskipabryggju fyrir allan stórflutning, sem kemur eða fer frá eyjunum.

Ég get þess til skýringar þeirri upphæð, sem ég hefi farið fram á, að heimilað sé að veita, 110 þús., að þar er tekið með nokkru meira en ⅓ af kostnaði þeirra framkvæmda, sem nú eru fyrirhugaðar, en það er af því, að síðastl. ár var kostað til bryggjubyggingarinnar um 40 þús. kr. úr hafnarsjóði. Ég leyfi mér að bæta við þessum parti af því, sem unnið var fyrir síðastl. sumar, í þeirri föstu von, að stj. muni ekki bregða þeirri venju, að veita nokkurn styrk til framkvæmda, sem svo stendur á um. Ég orðlengi ekki meira um þetta. Vona, að málið fái að ganga til n. og legg þá til, að því sé vísað til sjútvn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. flm. beindi nokkrum orðum til stj. í sambandi við þetta mál, út af því, að hún hefði ekki verið svo ör á fjárframlög til þessarar hafnar eins og hún hafði fyllstu heimild til og óskað var eftir frá Vestmannaeyjum.

Því er ekki að leyna, að þetta er rétt. En hinsvegar verða hv. þm. Vestm. og aðrir þm., sem líkar raddir hafa heyrzt frá, að gera sér ljóst, að það er ekki að ástæðulausu, að stj. hefir skoðað hug sinn um það, áður en hún léti eins ört ganga fé til þessara mannvirkja og Vestmannaeyingar hafa óskað. Það kemur mjög glögglega fram í grg. þessa frv., að auk þess fjár, sem heimilað hefir verið og skiptir mörgum hundruðum þúsunda með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði til þessarar hafnar, hefir ríkið ábyrgzt

lán fyrir Vestmannaeyjar og orðið að borga af því, eftir því, sem hv. flm. hefir upplýst, nærri 700 þús. kr., og hér um bil allt þetta hefir orðið að gjalda utan fjárlaga.

Ég vil ekki deila við hv. flm. á þessu stigi málsins, því að hann hefir stillt í hóf. En þó verð ég að minnast lauslega á, að frá sjónarmiði stj. hefir dálítið óvenjulegt átt sér stað og ekki viðkunnanlegt í sambandi við þetta mál. Hv. þm. vitnaði til, að á árinu 1925 hækkuðu til stórra muna vörutollsgjöld í Vestmannaeyjum til hafnarinnar, og það varð samkv. rannsókn, sem þáverandi fjmrh., hv. 3. landsk., lét framkvæma. Svo kom ósk um það 1927, að þau gjöld væru lækkuð. Fjmrh. (JÞ) lagðist mjög á móti því, en samt var það gert að ráði þáverandi atvmrh., hv. 1. þm. Skagf., þvert á móti eindregnum till. fjmrh. Nú verður ekki hjá því komizt að taka þetta til athugunar að nýju, hvort ekki eigi að hníga að því ráði, sem þáv. fjmrh. áleit réttast, að Vestmannaeyingar ættu að standa undir þessum gjöldum.

Ég tók ekki eftir, að það kæmi skýrt fram hjá hv. flm., að það hefir ekki staðið á fjárframlögum frá stj. til garðanna. Þeir hafa verið styrktir, þannig að sem bezt væri frá þeim gengið, svo að þeir ónýttust ekki. En það eru þessi viðbótarmannvirki, sem engum dettur í hug að neita, að séu nauðsynleg, en hafa þó ekki verið studd mikið, af því að ekki hefir verið hreinlega ákveðið, hvernig ætti að standa straum af þeim. Af þessum ástæðum hefir landsstj. álitið, að málið ætti ekki að halda áfram í óvissu. Ég vildi benda hv. flm. á, að sú aðferð, sem höfð hefir verið, að þm. Vestm. beri fram sérstakt frv. á hverju þinginu eftir annað um fjárframlög í þessu skyni, hún sé mjög óheppileg. Þetta á að koma í fjárlögum eins og aðrar slíkar fjárveitingar; það er rangt að gera allar þessar framkvæmdir og hafa öll þessi fjárframlög utan við fjárlögin.

Hv. þm. setti upp mikinn reikning um það, hvað ríkissjóður hefði miklar tekjur af Vestmannaeyjum. Ég ber ekkert á móti þessum tölum, en ef hv. þm. hefði viljað sýna rétta mynd, þá hefði hann ekki aðeins átt að taka tekjurnar, heldur sýna, hvað gjöldin hafa verið. Það er eins og með hvert annað fyrirtæki, að ekki verður séð, hvernig það ber sig, nema útgjöldin séu gerð upp líka. En út í það ætla ég annars ekki að fara.

Ég styð þá till. hv. þm., að málið fari til nefndar. En ég vildi gjarnan heyra nú eða síðar, hvort hv. þm. Vestm. teldi það ekki réttlátt að taka málið fyrir á breiðara grundvelli, en halda sér ekki einungis við það, sem kemur fram í þessu frv., heldur að taka nú fyrir allar fjárreiður Vestmannaeyjahafnar og gera upp.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það, að hann telur sig fúsan til að ræða þetta mál. Og þegar hann talaði um að taka það fyrir á breiðara grundvelli, lagði ég þann skilning í orð hans, að hann telji, að hér sé um svo mikla nauðsynjaframkvæmd að ræða, að stj. og þing eigi að sinna málinu. Ég býst því við að fá á sínum tíma að heyra nánar álit hans og meðstjórnenda hans um þetta mál.

Hæstv. ráðh. minntist á það lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir og hefir orðið að borga afborganir af. Ég verð að segja það, að ég ber í raun og veru ekki nokkurn kinnroða gagnvart stj. fyrir það, þó að hún hafi orðið að hlaupa undir bagga með þessu héraði að því er Monbergsskuldina snertir. Hafnarmannvirkin voru þannig byrjuð í upphafi, að stj. hlýtur ávallt ámæli fyrir. Ég á ekki persónulega við hæstv. forsrh. og meðstjórnendur hans, heldur ríkisvaldið í heild sinni. Og þegar um slíkar misfellur er að ræða sem hér, þá er ekki rétt, að þær komi allar á bak héraðsbúa.

Önnur ástæða, sem mér fannst hæstv. forsrh. telja hafa valdið andúð gegn Vestmannaeyingum í hafnarmálinu, var það, að áður en stjórnarskiptin urðu síðast, hafi verið lækkaður eitthvað lítilsháttar vörutollur, sem goldinn var til hafnarinnar. Það er satt, að lækkun átti sér stað, en mjög nauðsynleg og aðeins á einstökum vörutegundum. Enn í dag bera Vestmannaeyingar vörutoll, sem er a. m. k. þrefaldur, jafnvel fjórfaldur á sumu við þann vörutoll, sem greiða þarf hér í Reykjavík. Ég býst við að geta sýnt hæstv. forsrh. fram á það við tækifæri.

hversu miklu hærri vörutollurinn er í Vestmannaeyjum en annarsstaðar á landinu. En ef það skortir á, að við greiðum ekki nægilega háan vörutoll, samanborið við aðra kaupstaði, þá hygg ég, að þær stéttir manna í Vestmannaeyjum, sem eiga afkomu sína meira eða minna undir því, að haldið sé áfram með höfnina, muni ekki undan því skorast, að hækkuð séu gjöldin, ef það er sanngjarnt að hækka þau, heldur en að á því strandi með allar framkvæmdir til umbóta höfninni. Það þætti okkur tilvinnandi, ef ríkið rétti þá betri hjálparhönd til stuðnings en stj. hefir nú gert.

Ég neita algerlega, að ég hafi komið með nokkurn villandi samanburð um það, hvað Vestmannaeyjar gefa af sér fyrir ríkið með þeim tölum, sem hér eru fram bornar í grg. frv. Þó að ríkið leggi Vestmannaeyjum til héraðslækni og bæjarfógeta og fleira þess háttar, eins og gerist og gengur á öðrum stöðum, verður það ekki metið sem sérstök hlunnindi. Þá ætla ég, að hæstv. forsrh. hafi verið á þeirri skoðun hér fyrr á þingi, þegar hann lagðist mjög ákveðið á móti því, að landið léti af hendi eyjarnar til bæjarfélagsins. Það er augljóst, og öllum hlýtur að koma saman um það, að þegar ríkið er búið að kosta svo miklu til að byggja hafnargarða í Vestmannaeyjum, þá hlýtur afleiðingin að vera, að ríkið og bærinn reyni í félagi að gera þá eign svo arðberandi sem hægt er. En það verður bezt gert með umbótum á mannvirkjum innan hafnar. Nú gengur lítið, þó að Vestmannaeyingar leggi á sig þungar byrðar til að koma af stað framhaldsendurbótum. Þær eru þeim einum um megn, en fyrr en þeim er lokið er ekki að vænta, að hægt sé að beita fullri orku við framleiðsluna, en undir magni hennar eru tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjum mest komnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 202, n. 378).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vil leyfa mér að þakka samnm. mínum í sjútvn. fyrir þær till., sem þeir hafa gert, og hversu þeir hafa hraðað framgangi þessa máls að athuguðum málavöxtum. Ég hefi svo litlu við þetta að bæta nema vísa til álits n. á þskj. 378.

Eins og kunnugt er, hefir hafnarnefndin í Vestmannaeyjum gert ráðstafanir til, að þetta frv. er flutt hér. Það kom í ljós á línuvertíðinni, sem var óvenju fengsæl, og síðan hefi ég líka fengið fregnir af því, hve mikill bagi er af því, hvað bátum gengur illa að afferma sig og verða að bíða vegna þess að ennþá vantar bryggju.

Hin svokallaða bæjarbryggja er að vísu ágæt, en þegar 70—80 bátar koma að um svipað leyti, er það skiljanlegt, að þrengslin eru ógurleg. Og þó að til séu þrjár bryggjur auk bæjarbryggjunnar, sem einkafyrirtæki eiga, er það ekki nægilegt. Ég hefi nýlega fengið upplýsingar um það, hversu ákaflega bagalegt það var, að nýja bæjarbryggjan gat ekki komizt upp síðastl. sumar, eins og til stóð. Þröngin er svo mikil við bryggjuna, að bátaröðin er oft 5- eða 6-föld og töfin á afgreiðslunni verður því mjög mikil. En af því leiðir aftur, að sjómenn, sem ættu að njóta hvíldar meðan á uppskipun stendur, komast ekki til þess, svo sem þeir ættu rétt á, vegna þess hve tafsamt er að komast að bryggjunni.

Ég vil geta þess, að n. gerir ráð fyrir því, að samningar verði gerðir milli hæstv. stj. og bæjarstj. Vestmannaeyja um þeirra eldri skuldaskipti, en það er vegna ábyrgða, sem ríkissjóður hefir gengið í fyrir Vestmannaeyjahöfn. Það er náttúrlega eðlileg ósk beggja aðilja, að um leið sé athugað, hvort setja eigi þessi viðskipti í samband við framkvæmdir innan hafnar eða ekki. Um þetta vildi ég mega segja það frá mér sjálfum, að ég vona, að þessir samningar takist nú í náinni framtíð, og þá verði það haft fyrir augum, að á þeim árum, sem skuld hafnarsjóðs við Monberg var stofnuð, var tillag ríkissjóðs til Vestmannaeyjahafnar aldrei meira en ¼, en Vestmannaeyja-

bær greiddi ¾ hluta, eða svo var til ætlazt.

Eins og kunnugt er, hefir þingið síðan horfið frá þessari stefnu, og nú er kannske hægt að segja, að það sé aðalreglan — eða a. m. k. finnast þess nokkur dæmi —, að ríkissjóður greiði ⅓ eða jafnvel ⅖ hluta kostnaðar. Ég geri því ráð fyrir, að það væri sanngjarnt gagnvart Vestmannaeyjabæ, að afstaða hans til ríkisins væri endurskoðuð. Það er endurskoðun á þeim hluta kostnaðar, sem ríkissjóður í raun og veru ætti að bera vegna Vestmannaeyjabæjar. Ég býst við, að Alþingi álíti það sanngjarnt, að Vestmannaeyjahöfn verði sett á bekk með öðrum hafnarmannvirkjum. Það er t. d. fyrirhugað miklu meira framlag úr ríkissjóði til bryggjugerðar í Borgarnesi en lagt var fram úr ríkissjóði til Vestmannaeyjahafnar. Ég held líka, að mér sé óhætt að segja það, að sú skoðun kom fram í n., að við uppgerð þessa máls yrði að taka tillit til þess, hvað greitt hefði verið úr ríkissjóði á árunum 1914—1924.

Þá er annað atriði, sem er þýðingarmikið og afdrifaríkt mál fyrir Vestmannaeyjar, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það nú mjög ítarlega, en vil þó drepa á það að nokkru.

Það er vitanlegt, að kostnaðurinn við hafnargerðina í Vestmannaeyjum stafar aðallega af hafróti eða skemmdum af völdum þess, en meðfram af því, að hafnarmannvirkin voru upphaflega fyrirhuguð allt of veik. Það hefir sýnt sig síðan.

Þegar byrjað var á hafnarbótum í Vestmannaeyjum árið 1914, vildu Vestmannaeyingar fá þangað norskan verkfræðing til þess að segja fyrir um, hvernig byggingu hafnargarðsins skyldi hagað. Þeir litu svo á, að staðhættir í Noregi líktust svo íslenzkum staðháttum, að það væri sennilegt, að norskur verkfræðingur mundi gera heppilegar till. um það, hvernig garðinn skyldi leggja. Þessu fengu Vestmannaeyingar ekki ráðið. Þáv. stj. leitaði til Danmerkur og fékk þar gamlan danskan verkfræðing, Helsingör, og réði hann mestu um, hvernig garðurinn var byggður. Meðan þessi verkfræðingur dvaldi í Vestmannaeyjum, var einstök veðurblíða. Afleiðingin af þessu var sú, að hafnargarðurinn var allt of veikur eins og hann fyrst var ákveðinn, og hefir ríkið og bærinn orðið að borga dýrt þá reynslu, sem fengizt hefir í þessu atriði.

Ég veit ekki, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. lítur á þetta atriði, en ég lít svo á, að hinn stórkostlegi kostnaður, sem hefir orðið við hafnargerð í Vestmannaeyjum, stafi að mestu frá því, að skakkt var efnt til verksins í fyrstu, og eiga Vestmannaeyingar enga sök á því, eins og ég hefi þegar bent á. Landsstj. hafði yfirráðin um það, hvernig verkinu skyldi hagað. Þessu má ekki gleyma, þegar talin er skuld okkar Vestmannaeyinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni, nema tilefni gefist. Vestmannaeyjar eru svo dýrmæt og arðberandi ríkiseign, að þingið mun að sjálfsögðu vilja stuðla sem bezt að atvinnulífi mann, er þær byggja.

Hannes Jónsson: Það lítur út fyrir, að þetta frv. eigi að ganga í gegnum þingið, því ég sé af nál. á þskj. 378, að sjútvn. leggur eindregið með því, að frv. sé samþ.

Í aths. við frv. á þskj. 202 er þess getið, að ríkissjóður hafi lagt fram sem styrk til hafnarbóta 422259,22 kr. Ennfremur er þess getið, að ríkissjóður hafi greitt vegna ábyrgða, sem hann var í fyrir Vestmannaeyinga, 692616,94 kr. Alls hefir því ríkið lagt fram til hafnarbóta í Vestmannaeyjum rúml. 1100 þús. kr.

Samkv. landsreikningum er það nokkurnveginn ljóst, að ríkið hefir lagt fram sem styrk og greitt vegna ábyrgða fyrir Vestmannaeyinga um 1300 þús. kr. Hér er því a. m. k. um 200 þús. kr. fjárframlag að ræða fram yfir það, er getur í grg. frv. Það, sem ríkið því hefir greitt vegna ábyrgða á framkvæmdum í Vestmannaeyjum, er um 900 þús. kr.

Nú virðist ástæða til, að um leið og þetta frv. er ákveðið, komi fram hér á þinginu það skilyrði, að þetta verði því aðeins greitt, að samningar takist milli Vestmannaeyja og ríkisins um greiðslu á því, sem ríkið hefir borgað vegna ábyrgða fyrir Vestmannaeyinga.

Mér skildist á hv. þm. Vestm., að engin hætta væri á því, að þeir borguðu ekki, enda getur vel verið, að þeir geri það, en

mér finnst rétt að tryggja það með samningum. Hæstv. stj. hefir víst líka þótt þessi greiðsla vafasöm, því í landsreikningunum er hún ekki talin til útistandandi skulda. En það ætti hún að vera, ef nokkrar líkur eru til, að hún greiðist. Og þegar fengnir eru fastir samningar, finnst mér sjálfsagt að telja það meðal útistandandi skulda.

Ég geri ráð fyrir, að þessar umbætur séu nauðsynlegar. Og þar sem búið er að leggja svo mikið fram frá ríkinu, finnst mér sjálfsagt að leggja þetta fram líka. Ég legg áherzlu á það, að gengið sé svo frá þessum viðskiptum, að ekki sé vafi, hvaða skuldakröfu ríkið eigi á Vestmannaeyinga. Ég tel það vafa, að það fáist allt greitt, en ég vil láta gera upp sem fyrst, hvað á að greiðast og hvað það er, sem ríkið ætlar að gefa eftir til samkomulags.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. V.-Húnv. hefir nú látið fjármálaljós sitt skína í þessu máli eins og fleirum samskonar málum hér í þessari hv. deild. Ég held, að hann hafi nú talað í hverju einasta hafnarmáli af allmiklum myndugleik, og virðist enn ekkert af honum dregið.

Það var meining sjútvn., að skuldaskipti ríkissjóðs og Vestmannaeyja væru gerð upp. En ég get sagt hv. þm. V.-Húnv. það, að sjútvn. leit undantekningarlaust á þetta miklu vingjarnlegri augum en hv. þm. Hér ræðir um mjög aðkallandi framkvæmdir til þess að létta undir með atvinnurekstri manna og að stuðla að því, að verkamenn og sjómenn þurfi ekki að ganga fram af sér, heldur geti notið sæmilegrar hvíldar. En hv. þm. V.-Húnv. virðist ekki líta á annað en skuldahliðina og ríkissjóð.

Ég skal að svo stöddu ekkert fullyrða um þessar 200 þús. kr., sem hv. þm. talaði um. Það getur vel verið, að þegar hafnarnefnd tók þessar tölur upp úr landsreikningunum, hafi hún ekki haft síðasta landsreikninginn fyrir sér. En fyrst hv. þm. er svo tíðrætt um, hvað ríkið hafi látið af mörkum við Vestmannaeyjar, finnst mér, að jafnmikill fjármálamaður sem hv. þm. V.-Hún. sem allir vita að sýnt er um að fara með tölur, ætti að minnast þess, að síðastl. 10 ár hafa runnið í ríkissjóð frá Vestmannaeyjum nær því 4 millj. kr. Hér er því um þá þegna að ræða, sem vel borgar sig að styðja til framkvæmda. Ég held, að Vestmannaeyingar geti borið höfuðið hátt fyrir því, sem ríkið hefir ennþá orðið að láta af hendi við þá, því við höfum skilað drjúgum tekjum til ríkissjóðs.

Ég verð að segja hv. þm. V.-Húnv. eitt dæmi þess, hvaða erfiðleikar eru í Vestmannaeyjum vegna erfiðra staðhátta. Á sama tíma og í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði er greitt fyrir salt „frítt á höfn" 26 sh., verðum við Vestmannaeyingar að greiða um 35 sh. Þessi munur er aðallega af því, að vátryggingarfélagið álítur höfnina svo hættulega. Væri hér um vörutegund að ræða, sem ekki þyrfti mikið af, væri þetta ekki þungbært, en þegar um er að ræða vörutegundir eins og salt og kol, kemur það hart niður á atvinnurekendum og öllum almenningi.

Ég geri ráð fyrir, að tekið verði á máli þessu með fullri sanngirni af beggja hálfu við samningsgerðina og að árleg greiðsla verði ekki svo há, að verulegum usla valdi og Vestmannaeyingar verði að leggjast undir höfuð nauðsynlegar hafnarbætur í framtíðinni

Ég skal svo ekki deila við hv. þm. V.-Húnv. Ég ætla, að hæstv. stj. fylgist með þessu máli og sé samþykk þeim till., sem n. hefir gert um það.

Hannes Jónsson: Mér þykir það einkennilegt, ef ekki má nefna þá fjárhæð með tölum, sem ríkið hefir varið í þarfir Vestmannaeyinga, án þess að hv. þm. þeirra rísi upp og brigzli manni um fjármálarembing eða eitthvað því um líkt. (**JJós:** Það dettur engum í hug að brigzla hv. þm. V.-Húnv. um slíkt). Hv. þm. var að tala um það í háði, að mér léti vel að fara með háar tölur.

Ég játa það, að ég nefndi háa tölu. Það er ekki hægt að tala um það fé, sem ríkið hefir lagt til Vestmannaeyja, nema fara með háar tölur. En hv. þm. getur ekki annan fremur ásakað fyrir það en sjálfan sig. Hann hefir sjálfur mest að því unnið, að þær tölur yrðu sem hæstar, og hann er alltaf að bæta við nýjum og nýjum ástæðum til þess, að nefna verður

háar tölur í sambandi við fjárveitingar til Vestmannaeyja.

Hv. þm. notaði alllangan tíma til að svara minni stuttu ræðu. Talaði hann um, hvað þegnarnir í Vestmannaeyjum borguðu mikið til ríkissjóðs. Hann var nú búinn að nefna þær tölur áður, en mér finnst þær ekki hafa mikið að segja í þessu sambandi. Það kemur margt til greina, þegar fara á að gera upp á milli héraða um það, hvers þau eiga að njóta af ríkisfé, og væri það einkennileg regla, ef æfinlega ætti að miða við það, hvað mikið fé rennur í ríkissjóð úr hverju þeirra.

Mér finnst það ætti að tryggja það, að samkomulag náist milli ríkisstj. og bæjarstj. Vestmannaeyja um eldri skuldaskipti, með því að taka það fram í frv. sem skilyrði fyrir fjárveitingunni. Það er ekki nóg að taka það fram í nál., að það sé gert ráð fyrir því, að samkomulag náist um eldri skuldaskipti.

Ég held það sé ekki ástæðulaust, þó ögn sé á þetta minnzt, þegar í uppsiglingu eru lög um hafnargerðir hér og þar úti um landið, sem sumar munu jafnvel verða eins dýrar og höfnin í Vestmannaeyjum. Menn verða að gera sér ljóst, hvað ríkissjóði er fært að leggja til þessara framkvæmda.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er leiðinlegt að þurfa alltaf að svara sama hv. þm. um sömu atriði. Hv. þm. V.-Húnv. var að kvarta undan, að ég minntist oft á sömu tölurnar. Ég geri það auðvitað vegna þess, að hann er alltaf að tönglast á sömu andmælunum. Það er eins og hann telji það hlutverk sitt að spilla fyrir öllum hafnargerðum. Ég veit ekki, hvað hann meinar með því. Hjá öðrum mundi þetta vera kallað fyrirtekt eða jafnvel annað lakara, en mér finnst það orð ekki eiga við eins valinkunnan mann og hv. þm. V.-Húnv.

Hv. þm. V.-Húnv. vill setja það að skilyrði fyrir fjárveitingu til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, að samningar takist milli ríkisstj. og Vestmannaeyinga um eldri skuldaskipti. Á það get ég ekki fallizt. Ég veit ekki, hverskonar jarðarmen hv. þm. ætlar okkur Vestmannaeyingum að ganga undir. Þó hér sé að ræða um allmikið fé fyrir Vestmannaeyinga, þá gæti ríkisstj. sett þeim slíka kosti, að þeir gætu ekki að þeim gengið. Er það sennilega það, sem hv. þm. vill, ef hann annars veit, hvað hann vill, sem líka má efa.

Yfir því hefir verið lýst, hvernig hv. sjútvn. lítur á þetta mál, og er þess ekki að vænta, að betri tillögur komi um það frá hv. þm. V.-Húnv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það eru örfá orð út af deilu hv. þm. Vestm. og hv. þm. V.-Húnv. og um afstöðu mína til þessa máls.

Ég held það hafi verið einróma álit allra nm., að ekki mundi vera hægt að sporna á móti þessu fjárframlagi til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, hvað sem gömlu skuldaskiptunum liði. Það er þegar búið að leggja svo mikið fé í þetta mannvirki, að nauðsynlegt er að ganga svo frá því, að það komi að fullum notum. Ég fyrir mitt leyti er frv. eindregið fylgjandi, einkum með tilliti til þarfa hins mikla sjávarútvegs á þessum stað.

Hinsvegar vil ég jafnframt láta gera það, sem hægt er, til þess að samningar náist um hin eldri skuldaskipti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 202).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 523).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Steinsson): Já, það er nú langt orðið síðan byrjað var á hafnargerð fyrir Vestmannaeyjar, því það var 1914. Síðan hafa margoft komið fram bilanir og hefir miklu fé verið í þetta mannvirki varið. Þetta eru tveir garðar, annar að norðan, en hinn að sunnan mynnisins að höfninni. Nyrðri garðurinn hefir reynzt standa vel, en sama er ekki hægt að segja um syðri garðinn, sem hefir reynzt bila meira og minna á ári hverju. Síðast varð hann fyrir stórri skemmd í janúarmán. 1929. Var nokkuð unnið að endurbótum á síðastl. sumri, en varð þó ekki fullviðgert. Ógert er enn við helli, sem er undir austurbrún garðsins og sem þarf lagfæringar við, ef ekki eiga af að hljótast meiri bilanir og meiri kostnaður síðar.

Í þessu frv. er farið fram á 110 þús. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði, og á að verja þeirri upphæð til þrennskonar aðgerða. Í fyrsta lagi á að gera viðbót við Básaskersbryggju, 60 × 60 m. Var síðastl. sumar byrjað á þessu verki og voru þá gerðir 70 metrar fram. En þetta kemur ekki að fullum notum við fermingar og affermingar stærri skipa, nema bætt sé við 60 metrum. Er þetta bráðnauðsynlegt bæði fyrir fiskiflotann og eins fyrir stærri skip. Skipin verða oft nú að bíða marga tíma eftir afgreiðslu. Þessi aðgerð er áætlað að kosti 235 þús. kr.

Þá er annað atriðið, hreinsun innsiglingarinnar. Innan við Hringskersgarðinn er malarrif, sem þrengir innsiglinguna. Auk þess berst grjót frá því út í höfnina. Þessi hreinsun er áætlað að kosti 20 þús. kr.

Þriðja aðgerðin er að ljúka viðgerð á Hringskersgarði, að því leyti sem því var ekki lokið síðastl. sumar. Er áætlað, að sú viðgerð kosti 25 þús. kr.

Allar þessar umbætur verða að teljast nauðsynlegar. Enda má gera ráð fyrir frekari kostnaði, ef ekki verður að þessu gert í tíma. — Ég vil ekki neita því, að mikið fé er búið að leggja í þetta mannvirki, eitthvað á 2. millj. kr. alls. En þegar þess er gætt, að hér er um einhverja mestu útgerðarstöð að ræða á landinu og að Vestmannaeyjar eru eign ríkissjóðs og tekjur þaðan hafa verið allverulegar síðastliðin ár, yfir ½ millj. kr. á ári, þá sýnist ekki vera um annað að gera en að ganga að þessu frv. Sá sjútvn. sér því ekki annað fært en að leggja það til við hv. deild, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 577).

---

50. Skurðgröfur.

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stuðning ríkisins til aðalframræsluskurða (þmfrv., A. 213).

Á 45. og 48. fundi í Nd., 6. og 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. þetta, er hér liggur fyrir og er fram borið í sam-

ráði við Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, skýrir sig að mestu leyti sjálft með þeirri glöggu grg., sem því fylgir, en þó vil ég bæta nokkrum orðum við, er það fer nú úr hlaði.

Það gengur í þá átt, að ríkið aðstoði menn við framræslu í stórum stíl. En um framræslu má segja það, að hún sé undirstaða allrar ræktunar. Á henni verður alstaðar að byrja, svo að óþrjótandi verkefni eru fyrir hendi í þessu efni. Þegar breyta á landi í tún, verður venjulega að byrja á framræslu. Og svo er einnig um engjarækt, að það borgar sig ekki að nytja land án þess að ræsta það fram. Sama verður og ofan á um beitarlönd, að blautar forarmýrar koma ekki að hálfu gagni á meðan þær eru ekki ræstar fram.

Í þessi samb. vil ég benda á, að uppi á Mýrum eru víðáttumeiri mýrarlönd en nokkursstaðar á landinu. En svo eru þau blaut, að þar þrífst víða enginn nytjagróður, og má því segja, að lítill hluti þessa mikla landflæmis komi að nokkru verulegu gagni, hvorki til beitar né annarar notkunar. Auk þess eru þarna stór svæði, sem eru hættuleg búpeningi manna, enda hefir komið fyrir, að 100 ær hafa farizt þar árlega í fenjum og dýjum í einum fámennum hreppi. Þess vegna er það knýjandi nauðsyn að athuga, hvaða leið sé hagkvæmust til þess að gera lönd þessi nothæf.

Allir þeir, sem byrjað hafa á einhverri ræktun, hafa fljótt tekið eftir því, hve mikils virði framræslan er. Menn geta að vísu komizt af með smærri skurði til að byrja með. En eftir því sem ræktunin eykst og hún er framkvæmd í stórum stíl, verður óumflýjanlegt að gera stærri skurði en svo, að bændur geti upp á eigin spýtur staðið straum af þeim kostnaði. Þegar um stór ræktunarfyrirtæki er að ræða, verður ríkið að hlaupa undir baggann, eins og t. d. gert hefir verið á Skeiðum og í Flóa og nú síðast í Skagafirði.

Sem stendur á ríkið tvær skurðgröfur, aðra til þess að vinna á mismunandi þurru landi, en hin er fljótandi. Báðar hafa skurðgröfur þessar reynzt framúrskarandi vel. Hefir sú fyrri verið notuð við stærri skurðagerð bæði um Skeið og Flóa, en hin, sú fljótandi, hefir verið notuð af áveitufélaginu Frey í Skagafirði. Báðar hafa skurðgröfurnar reynzt svo ódýrar í rekstri, að kostnaðurinn við gröftinn er áætlaður ⅓ á móts við að nota handaflið eingöngu.

Nú eru komnar til sögunnar ýmsar smærri skurðgröfur, t. d. í Þýzkalandi. Er því nauðsynlegt að útvega þær hingað til reynslu, enda trú þeirra manna, sem bezt þekkja til, að þær mundu koma hér að miklu liði.

Það, sem þetta frv. miðar að, er að koma öllum stærri skurðum í samskonar kerfi og nú á sér stað um þjóðvegina, og að umsjón og starfræksla skurðgrafnanna sé falin Búnaðarfélagi Íslands. Út frá stærri skurðunum kvíslast svo smærri skurðir, sem einstaklingarnir geta ráðið við.

Eins og kunnugt er, hefir það verið venja að styrkja slíkar framkvæmdir úr ríkissjóði með ¼ af kostnaðinum. Svo hefir það t. d. verið í Flóanum og víðar. Með frv. þessu er farið fram á, að ríkið leggi fram ⅓ kostnaðar, og er það gert með það fyrir augum, að meiri skriður komist á þetta mál. Hinsvegar er það gert að skilyrði fyrir styrknum, að í þessar framkvæmdir verði ekki ráðizt fyrr en þeir, sem verksins eiga að njóta, hafi ⅓ af áætluðum kostnaði í handbæru fé, eða tryggingu fyrir því, að féð verði til jafnóðum og þarf að nota það.

Það hefir sýnt sig t. d. austanfjalls, þegar ráðizt var í hinar stóru áveitur þar, að þá var þess ekki gætt nógu vel, að þeir, sem framkvæmdanna áttu að njóta, legðu sinn ákveðna hluta kostnaðarins fram strax eða jafnóðum. Og því hefir ríkissjóður orðið að blæða margfallt meira en ætlazt var til í öndverðu. Annars ætti þetta að vera kleift, þegar þess er gætt, að hér er um ræktun að ræða, sem hlýtur fljótt að gefa mikinn og góðan arð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vænti, að frv. fái að ganga til 2. umr. og að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. landbn.

Jón Sigurðsson: Frv. það, er hér liggur fyrir, fjallar um mál, sem er merkilegra og þýðingarmeira heldur en allur al-

menningur gerir sér ljóst. Eins og hv. flm. hefir nú lýst, kemur framræsla ekki aðeins að gagni þegar rækta á tún, heldur er hún engu síður nauðsynleg þegar um engjarækt er að ræða og að bæta beitarlönd bænda. Við Skagfirðingar þekkjum a. m. k., að svo hagar víða til norður þar, að veruleg túnrækt getur ekki komizt í framkvæmd nema byrjað sé á framræslunni. Og um bithaga veit ég dæmi þess, að þar sem lítið eða ekkert gras var áður, er nú eftir framræslu kominn góður valllendisgróður, þar sem ekki tekur fyrir haga, hverju sem viðrar.

Skoðun sú, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, er ekki ný, en hún er jafngóð fyrir því.

Með fjárveitingu þeirri, er Alþingi heimilaði fyrrv. stj. samkv. áskorun stjórnar áveitufél. Freys í Skagafirði til þess að kaupa fljótandi skurðgröfu 1926, var fyrsta tilraunin gerð í svipaða átt og frv. þetta ráðgerir. Skurðgrafan var keypt og hún reynd í Skagafirði. Má því segja, að þau ár, sem liðið hafa síðan, hafi verið tilraunaár. En þessi reynsla hefir, eins og hv. flm. tók fram, gefið hinn ákjósanlegasta árangur. Kostnaðurinn við hina stærri skurðagerð er kominn svo langt niður, að hver teningsmeter kostar ekki nema 20—30 aura, þegar vel gengur. Auk þess er óhugsandi að vinna þetta verk með handaflinu einu, sökum sökkvandi foraða, sem ekki er unnt að komast að eða yfir. Þar sem nú tilraunir þessara ára hafa gefizt svona vel, þá er ekki að furða, þó að frv. þetta hafi komið fram og að meira verði gert að aukinni framræslu.

Sjálfur hefi ég haft frv. í smíðum um sama efni, en nokkuð víðtækara. Ég skil ekki, hvers vegna frv. er eingöngu miðað við framræslu, en áveitur ekki teknar með, þegar þess er gætt, að þessar tvær framkvæmdir fylgjast í mjög mörgum tilfellum að. Aðaláveituskurðir standa venjulega í sambandi við framræsluskurði, sem notaðir eru að vorinu til þess að fleyta vatni frá aðaláveituskurðinum og dreifa þannig vatninu yfir áveitusvæðið. Þannig hagar til í Skagafirði og Eyjafirði og sumstaðar í Húnaþingi, að þar eru áveituskurðirnir settir í samband við fráræsluskurðina. Þegar mjög votlendar mýrar eru þurrkaðar upp, verða þær kargaþýfðar eftir fáein ár. En með því að áveita sé samfara uppþurrkuninni, helzt landið slétt og verður véltækt um ómunatíð, eða á meðan áveitan er notuð.

Þegar svo er komið, að setja á lög um þetta efni, þá finnst mér sjálfsagt að láta fara saman framræslu og áveitu þar, sem það hentar, og nota skurðgröfu til að gera hvorttveggja, enda verð ég að telja ástæðulaust, að framræslu- en ekki áveituskurðir njóti styrks úr ríkissjóði, eins og frv. ætlast til.

Um einstök ágreiningsatriði sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða nú, þar sem ég á sæti í þeirri n., sem fær málið til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 213, n. 372).

Frsm. (Jón Sigurðsson): N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. með nokkrum breyt.

Eins og ég drap á við 1. umr. þessa máls, er hér að ræða um mjög mikið verkefni. Geysiflæmi víðsvegar á landinu bíða eftir framræslu. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að styðja menn til að koma á stað félagsframkvæmdum á þessu sviði.

Skal ég nú minnast á þær breyt., sem n. vill láta gera á frv. Fyrst og fremst getur hún ekki fallizt á að tiltaka í frv. 150 þús. kr. upphæð, sem greiða skuli árlega úr ríkissjóði. N. er það ljóst, að ef svo er haldið áfram að binda ríkissjóði árleg útgjöld með sérstökum lögum, sem gert hefir verið síðustu ár, þá verður þess ekki langt að bíða, að þingið hafi lítið eftir af tekjum ríkissjóðs til að ráðstafa hvert árið. Hún álítur líka enga nauðsyn á að binda árlega fjárveitingu til skurðgröfukaupa við þessa upphæð. Það kom í ljós, að hún hafði verið valin alveg af

handahófi. Það mun hafa vakað fyrir þeim, sem frv. sömdu, að keyptar væru allmargar skurðgröfur á einu eða tveimur árum. N. vill fara hægar á stað, en síga heldur á. Það hafa þegar verið keyptar tvær stórar skurðgröfur hingað til lands, sem nú er fengin reynsla á. Er það Skeiða- eða Flóa-skurðgrafan, sem kostað mun hafa um 60—70 þús. kr., og fljótandi skurðgrafan í Skagafirði, sem kostaði rúmar 30 þús. kr. Nú mun ætlunin að reyna nýjar tegundir, sérstaklega þýzka tegund af minni skurðgröfum, sem Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri álítur, að muni kosta 10—15 þús. kr. N. vill ekki ýta undir, að keyptar séu margar slíkar skurðgröfur meðan ekki er vitað, hvernig þær reynast.

Það eru eflaust til margar aðrar tegundir, og er því rétt að leita fyrir sér smátt og smátt. Í Skagafirði hefir rekstrarkostnaður við skurðgröfuna orðið tiltölulega mjög lítill, og er óhætt að gera ráð fyrir, að hann verði ekki meiri við minni skurðgröfur. Virðist því n. vera tiltekin óhæfilega há upphæð í frv. Leggur hún til, að engin upphæð sé ákveðin, en stj. sé heimilað að kaupa eina skurðgröfu á ári og að nægilegt fé sé ætlað í fjárl. til rekstrar þeirra, að þeim hluta sem frv. ákveður.

Önnur breytingin, sem n. leggur til að gerð verði á frv., er þess efnis, að áveitufélög falli undir ákvæði þess ásamt framræslufélögum. Virðist ekki rétt að veita öðrum þeim aðila stuðning, en útiloka hinn. Eins og ég minntist á við 1. umr. þessa máls, getur líka sumstaðar hagað svo til, að áveita og framræsla fari saman.

Þá vill n. láta taka fram í frv, að viðhalds- og vátryggingarkostnaður heyri undir starfrækslukostnaðinn. Hinsvegar leggur hún til, að ríkið beri eitt þann kostnað, sem leiðir af flutningi skurðgrafnanna á milli vinnustaða. Það má búast við, að talsverðum erfiðleikum verði bundið að flytja skurðgröfurnar á milli héraða eða sveita, og er hætt við, að það mundi draga úr mönnum að fá þær, ef þeir þyrftu að byrja á að greiða mikið fé í flutningskostnað. Telur því n. vænlegra til framkvæmda, að ríkið greiði allan flutningskostnað, en að fleira falli aftur undir þann árlega starfrækslukostnað, sem þeir, er unnið er fyrir, greiða ⅔ hluta af.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Vil aðeins geta þess, að samkv. þessum breyt., sem n. leggur til að gerðar verði á frv., leggur hún til, að nafn þess verði: „Frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra“.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Sumar af þeim breyt., sem hún leggur til að gerðar verði á frv., álít ég til bóta, og ég get sætt mig við allar. Óska ég því, að málið verði afgr. frá hv. d. á þeim grundvelli, sem hv. n. leggur til.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel, að þetta frv. fari í rétta átt, það sem það nær. Ég veit, að það er mikil þörf á þessum stóru verkfærum, til þess að vinna hin stóru verk. En ég vil minna á í þessu sambandi, að enn hefir ekki tekizt að útvega hentugar skurðgröfur til að grafa með litlu skurðina. Fyrir slíkar skurðgröfur væri þó þörfin allra brýnust. Vil ég því skjóta því til hv. n., hvort hún álítur ekki rétt að veita ríkisstj. jafnframt heimild til að kosta nokkru til tilrauna með áhöld til að grafa smærri skurðina, og til að láta sníða nýjar tegundir af litlum skurðgröfum, með tilliti til íslenzkra staðhátta.

ATKVGR.

Brtt. 372,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 372,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 372,3 (ný 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 372,4 (ný 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 372,5 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 372,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 13:2 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 421, 422, 425).

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þessi brtt., sem ég flyt hér á þskj. 422, er í beinu framhaldi af því, sem ég gat um við 2. umr. málsins, að rýmka þá heimild, sem veitt er í þessum lögum. Hér hefir verið um að ræða þær stóru skurðgröfur, sem á að nota til framræslu stórra svæða, eins og t. d. þá, sem notuð er í Skagafirði. Það, sem ætlazt er til með brtt., er, að einnig megi kosta nokkru til með að gera tilraunir um smíði á lítilli skurðgröfu, sem hægt væri að nota heima fyrir hjá mönnum; á því sviði er um stórkostlega mikla vöntun að ræða og mundi þar bætt úr mikilli þörf, ef hægt væri að leysa vel þetta mál. Af þeim ástæðum er þess óskað, að stj. fái heimild til að gera slíkar tilraunir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Ég skal geta þess fyrir hönd landbn., að hún mun styðja þessa till. Jafnframt vil ég geta þess, að hún ber fram nokkrar smávægilegar brtt. við frv., sem aðallega eru til þess að færa það til betra máls. Ég þykist ekki þurfa að gera grein fyrir þessum brtt. n., sem eru á þskj. 425; þær eru svo augljósar.

ATKVGR.
Brtt. 425,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 422 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 425,2—3.a.—b. samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 442).

Á 73. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 442, n. 522).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Frv. þessu fylgdi allítarleg grg., er það var lagt fyrir hv. Nd., og þarf ég því fáu við að bæta. Frv. er talsvert merkilegt, því að markmið þess er að auka ræktunina í landinu og leggja undir hana ónumin lönd. Svo hagar til hér á landi, sem kunnugt er, að mikið af grasi grónu landi er mýrlendi og óræktað. Er talið, að 6 hektarar af mýrlendi gefi af sér kýrfóður, en af ræktuðu landi 1½ hektari. En til þess að hægt sé að rækta, er framræsla mýranna nauðsynleg, og með mannafla einum er hún mjög kostnaðarsöm. Þess vegna er mikil framför að því að fá vélar til að hjálpa til við þennan gröft, þegar þær gera verkið ódýrara. Við höfum nú fengið tvær slíkar skurðgröfur hingað til lands fyrir fáeinum árum. Hefir önnur verið norður í Skagafirði, en hin var notuð við Skeiðaáveituna. Mér er betur kunn sú skurðgrafan, sem verið hefir nyrðra. Henni er ætlað að vinna á sléttlendum og blautum mýrum, og þarf hún vatn undir sig til að geta unnið. Hefir hún reynzt bæði stórvirk og ódýr í rekstri. En þetta eru þó svo dýr verkfæri, að ekki er á færi einstaklinga að afla sér þeirra. Nú er mér sagt, að í uppsiglingu séu fleiri tegundir svona véla, sem geti unnið á hallandi mýrum, en þær eru oft einmitt mjög vel fallnar til túnræktar. Hér vantar enn reynslu fyrir þessum skurðgröfum, og þarf að fela ráðunautum Búnaðarfélagsins tilraunir í því efni. Þegar til kemur, höfum við þörf fyrir margar slíkar skurðgröfur.

Í frv. þessu eru fyrirmæli um kaup og rekstur á skurðgröfum. 1. gr. heimilar stj. að kaupa fyrst um sinn eina skurð-

gröfu á ári, og jafnvel að láta smíða þær, ef hentara þykir. Í 2. gr. er síðan gert ráð fyrir, að rekstur skurðgrafnanna verði falinn Búnaðarfélagi Íslands. Mun það sjá um undirbúning allan, tilraunir og áætlanir. Þá eru í frv. fyrirmæli um félög, sem bændum er ætlað að stofna til að fá skurðgröfurnar til að vinna fyrir sig, og loks er sagt fyrir um styrki úr ríkissjóði til starfrækslunnar. Á hann að greiða ⅓ kostnaðar af rekstrinum og auk þess allan flutning af einum stað til annars.

Ég treysti mér ekki til að segja um það, hve mikil árleg útgjöld verða af frv. þessu, ef það verður að lögum, en ég fullyrði, að þau verða ekki mikil móts við það gagn, sem af því hlýzt fyrir landbúnaðinn.

Landbn. leggur óskipt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:3 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 578).

---

51. Áfengislög.

Á 18. fundi í Ed., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928 (þmfrv., A. 78).

Á 20. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er brtt. við áfengislöggjöfina, sem samþ. var á þinginu 1928. Sú löggjöf var að vísu mjög vel undirbúin, en ég vænti þess, að það sé einlægur vilji allra þm. að gera þau lög þannig úr garði, að þau verði að sem beztum notum. Nú hafa komið fram við reynslu á þessum lögum nokkrir misbrestir við framkvæmd þeirra. Sérstaklega hefir það komið í ljós, að sú reglugerð, sem sett var samkv. þessum lögum, hefir ekki nægilegan stuðning í lögunum sjálfum, svo að hægt sé að beita refsiákvæðum hennar.

Brtt. lúta að því, að færa í lag það, sem ábótavant er í þessu efni. Ennfremur fylgjast með í þessu frv. nokkrar aðrar veigaminni brtt., sem eigi hefðu verið bornar fram sérstaklega, en úr því að hreyft var við þessum lögum á annað borð, þá þótti rétt að taka þær með.

Þeir, sem að frv. standa, leggja mikla áherzlu á, að þær brtt., sem máli skipta, nái fram að ganga; annars gefst tækifæri til að athuga það í nefnd, hvaða till. koma helzt til greina. Eftir þeim undirtektum og fylgi, sem þessi lög fengu á Alþingi 1928, vænti ég, að hv. þdm. taki þessu frv. vel. Það er ekki ástæða til að fara inn á einstakar till. við þessa umr. En ég vænti, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins leiða athygli þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að því, að ég hygg, að komið hafi fram við meðferð áfengislaganna fleiri misfellur en þær, sem leiðréttar eru með þessu frv. Vil ég því beina þeirri áskorun til n., að leita upplýsinga um þetta hjá þeim, sem með lögin hafa farið, og bera fram þær leiðréttingar, sem þurfa þykir.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég er þakklátur hv. 3. landsk. fyrir góðar undirtektir. Það er sjálfsagt að gera lögin sem bezt úr garði og athuga, hvort það er ekki eitthvað fleira en það, sem í frv. felst, sem þyrfti að breyta og bæta um í lögunum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 215).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. þessa máls skýrði ég að nokkru breyt. þær, sem felast í þessu frv. Þær ganga að mestu í þá átt, að hægt sé að hegna fyrir brot gegn reglugerðum um þetta efni, en í lögunum frá 1928 hefir þinginu skotizt yfir að setja ákvæði, sem heimiluðu það. Flestar till. lúta að þessu, en það eru aðallega tvær brtt., sem fela annað í sér, sem sé 1. gr. og 6. gr.

Nú hefir allshn. haft málið til meðferðar og hún hefir verið alveg samþ. um það, að sjálfsagt sé að hafa lögin þannig, að þau megi koma að tilætluðum notum. Hinsvegar var strax frá byrjun ágreiningur um 1. gr. innan n., og fer ég því nánar inn á efni hennar. — Hún gengur út á það, að óheimila útlendum skemmtiferðaskipum að veita gestum vín um borð í skipunum, er þau liggja hér á höfninni, en hingað til hefir þeim verið heimilað að veita vín. Ástæðan fyrir þessari breyt. er sú, að álitið er, að af þessu hafi nokkur drykkjuskapur stafað, og þá einkanlega hér í Reykjavík, og er það án efa rétt.

Hinsvegar hafa þau mótmæli komið fram gegn því að setja þetta ákvæði í lögin, að hér séu útlendir ferðamenn beittir harðari ákvæðum en landsbúar sjálfir, þar sem þeim sé heimilt að hafa vín um hönd í heimahúsum, ef fylgt er fyrirmælum áfengislaganna. Þá hafa ýmsir, sem kunnugir eru viðskiptum þjóða í millum, látið þá skoðun í ljós við mig bæði innan þings og utan, að þetta ákvæði sé alls ekki frambærilegt. Hafa þeir nefnt sem dæmi upp á þetta, að íslenzka ferðamannafélagið, sem hefir það starf með höndum að reyna að auka gestkomuna hingað til lands, kynni að bjóða einhverjum gestanna til borðhalds á bezta matsöluhúsi bæjarins, t. d. hótel Borg, sem hefir leyfi til að veita vín við máltíðir. Ef svo þessir erlendu gestir vildu gera lík skil og byðu mönnum um borð til svipaðra veitinga, þá væri þeim óheimilt að veita gestum sínum vín með mat, þótt þeim sé sjálfum heimilt að neyta þess. Þetta hafa ýmsir mætir menn álitið varhugavert og látið þá skoðun sína í ljós við mig, og þótt ég sé þeim ekki að öllu leyti samþykkur, get ég þó fallizt á, að þeir hafa nokkuð til síns máls, og mun því ekki mæla með þessari breytingu.

Ég vil taka það fram, að ég vil vinna allt fyrir áfengislöggjöfina, sem að gagni má verða, en vil hinsvegar forðast að setja ósanngjörn ákvæði inn í lögin, sem vekja almenna óánægju og geta orðið til að veikja áhrif laganna.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um hina brtt., sem valdið hefir ágreiningi í n., sem er 6. gr. Hún gengur í þá átt, að numið sé úr gildi það ákvæði, sem heimilar lögreglustjóra að veita undanþágu um vínveitingar við sérstök tækifæri. Ég lít öðrum augum á þetta atriði en hv. meðnm. mínir, en hefi þó beygt mig undir vilja þeirra til þess að fá samkomulag um þær breyt., sem ég legg aðaláherzluna á að nái framgangi. Ég hefi því gengið inn á að sitja hjá við atkvgr. um niðurfelling þessa atriðis og láta hv. deild ráða úrslitum.

Aðrar brtt. n. eru aðeins lagfæringar, en um 8. gr. er það að segja, að n. þótti betra að orða gr. alveg um heldur en að breyta þar einstökum orðum.

Síðasta brtt. n. mælir fyrir um það, að ef frv. þetta nái fram að ganga, skuli það fellt inn í lögin frá 1928 og þau gefin út þannig breytt, til þess að almenningur eigi aðgang að lögunum í einu lagi

Að síðustu vil ég þakka fyrir góða samvinnu í allshn. og vona, að hv. deild sýni frv. þessu velvild, svo það nái fram að ganga.

Jón Þorláksson: Ég held, að ég hafi við 1. umr. þessa máls mælzt til þess við hv. allshn., að hún tæki það til athugunar, hvort ekki væri rétt að gera fleiri brtt. við þessa löggjöf, og þá einkanlega sektarákvæðin. Þetta virtist mér rétt að taka til athugunar í sambandi við dóma, sem fallið hafa.

Ég hefi heyrt það sagt af kunnugum mönnum, að dómurum virtust núgildandi sektarákvæði svo grimmdarfull, að þeim þætti þyngra að verða að beita þeim heldur en að hafa framið brotið, sem dæma á fyrir. Mér er kunnugt um eitt slíkt tilfelli, sem einmitt kom fyrir í kjördæmi hv. 2. þm. S.-M., en það var þannig, að maður nokkur bjó til öl til heimanotkunar, en eitt sinn varð það nokkru sterkara

en lög leyfðu. Þetta komst upp og maðurinn var ákærður og var dæmdur, að því er ég held, í 1000 kr. sekt, en þar sem þetta var fátækur maður, duldist það hvorki dómaranum né öðrum, að þetta myndi verða mjög þungt gagnvart konu og börnum. Ég hefi ekki kynnt mér þetta mál nægilega sjálfur, en hinsvegar hefi ég átt tal við dómara, sem hafa álitið þetta óhæfu. Nú vildi ég spyrja hv. n., hvort hún hafi athugað þetta mál og spurzt fyrir um það, og hvort henni virtist ekki rétt að breyta þessum ákvæðum nú, þótt það sé vitanlega leiðinlegt að breyta lögunum svo fljótt.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við spurningar hv. 3. landsk. — Hann drap á það, að dómurum félli þungt að verða að framfylgja sektarákvæðum áfengislaganna og spurði, hvort n. þætti því ekki rétt að bera fram brtt. í því efni. N. hefir ekki rætt sérstaklega um þetta atriði, enda lá ekkert sérstakt tilefni fyrir n. um það.

Það kann vel að vera, að dómurum finnist þeir þurfa að beita hörðum sektarákvæðum, en þar sem hv. 3. landsk. benti á eitt dæmi úr mínu kjördæmi, vildi ég víkja að því lítið eitt nánar.

Hv. þm. sagði, að maður sá, er sektaður var, hefði aðeins bruggað öl til heimanotkunar, en ég hygg, að svo hafi ekki verið, heldur hafi hann einnig selt það.

Það er áreiðanlegt, að ef þeir, sem gera sér að atvinnu að búa til áfengi óleyfilega, eða flytja það inn og selja, eru ekki beittir háum sektum, þá verða refsiákvæðin að litlum notum, ef hagnaðurinn af því að brjóta lögin verður meiri en sektirnar. Það er vitanlegt, að lágar sektir eru ekki mikill hemill á lögbrot þeirra manna, sem á annað borð hafa um hönd áfengisverzlun.

Ef það væri rétt, að það ætti sér stað, sem hv. 3. landsk. vildi halda fram, að menn væru dæmdir í sektir, sem skiptu þúsundum, — sem er reyndar ekki rétt, því að mesta sektin er ekki nema 1000 kr. —, þá má kannske finna því stað, að komið geti fyrir brot, sem ekki séu svo saknæm, að þetta sektarákvæði sé of hátt, en ég held, að í þeim tilfellum sé sektarákvæðunum alls ekki beitt. Því að ég efast um, að margir muni gera sér mikið far um að rannsaka öl, sem maður býr til aðeins til heimanotkunar. Ef það vildi til, að manni, sem býr til öl til heimanotkunar, yrði það á að hafa ölið heldur sterkt, þá geri ég ráð fyrir, að það mundi alls ekki komast upp, því þá mun lítið tilefni gefast til rannsóknar.

Þegar menn gera sér það að atvinnu að búa til öl til þess að selja, þá er höfð sterkari gát á því, að ölið sé ekki of sterkt og komi ekki í bága við landslögin. Og ég þori að staðhæfa, að í þessu dæmi úr Suður-Múlasýslu hafi viðkomandi maður selt það öl, er hann bjó til.

Ég hygg, að þegar um er að ræða að gera breyt. á þessum lögum, eigi menn alls ekki að leggja út í það, nema því aðeins, að brýn ástæða sé til. Ég mundi ekki hafa gerzt flm. að þessum breyt., ef ég hefði ekki séð, að vegna áfengislaganna er það nauðsynlegt.

Hitt er auðvitað, að þeir, sem eru óánægðir með þessa lagasetningu, vilja gjarnan í hvert skipti, sem færi gefst, koma að ívilnunum í hag þeim, sem kynnu að verða fyrir því að komast í bága við þessi lög. En ég álít, að til þess að ganga inn á slíkar ívilnanir verði að vera meiri gögn fyrir hendi heldur en nú eru.

Ég er búinn að taka það fram, að alveg sérstaklega stendur á með brot á þessum lögum, sem eru þess eðlis, að viðkomandi hefir framið þau í fjáröflunarskyni, og þessi dæmi, sem hv. 3. landsk. benti á, að refsiákvæðin væru ákaflega hörð, eiga aðeins við .... (JÞ: um áfengistilbúning). Það má vera, að svo sé, en það er vegna þess, að ef um áfengistilbúning er að ræða, er mjög erfitt að „konstatera“, hvort það sé aðeins til eigin neyzlu eða sölu. Ég vil fyrir mitt leyti ekki ganga inn á að svo stöddu að draga úr refsiákvæðunum, því að það er á svo veikum grundvelli, sem þessi lög standa, af því að ríkið sjálft hefir með höndum vínverzlun. Þess vegna verður að ganga svo vel frá öllum þeim atriðum, sem snerta það, að menn geti gert sér óleyfilega vínsölu að atvinnu, af því að miklu erfiðara er að komast fyrir slíkt, vegna áfengissölu ríkisins sjálfs.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég geri ekki ráð fyrir, að það liggi fyrir neinar ástæður til þess að ganga inn á þær breyt., sem hv. 3. landsk. hefir bent á.

Jón Þorláksson: Ég get ekki óskað mér neinnar betri málfærslu fyrir því, sem ég hafði gert að athugunarefni, heldur en þessa ræðu hv. 2. þm. S.-M. Hann segir, og það er rétt, að bannlögin gera yfirleitt í refsiákvæðum mjög verulegan mun á því, hvort brotin eru framin í atvinnu- og ágóðaskyni eða ekki, og allir eru sammála um, að svona á þetta að vera. Refsiákvæðin eiga að vera hörð, þegar brot eru framin í atvinnu- og ágóðaskyni, en vægari, þegar ekki er um það að ræða.

Nú veit ég ekki, hvort hv. þm. hefir átt við sama mál úr Suður-Múlasýslu og ég átti við. Hann fullyrðir, að sá maður hafi gerzt brotlegur við bannlögin með því að selja heimatilbúið öl, sem var sterkara en lög leyfa. En í því tilfelli, sem ég ræddi um, sannaðist það ekki í málinu, að hlutaðeigandi hefði selt neinum eða látið af hendi of sterkt öl. Og dómarinn, sem ég nefndi, tjáðist ekki hafa getað dæmt hann fyrir það, að hafa brotið bannlögin í ágóðaskyni. Því að hvað sem einn eða annar kann að álíta um brotið, verður dómarinn að heimta, að brotið sannist. En hitt sannaðist, að maðurinn hafði búið til og notað sjálfur sterkara öl en lög leyfðu, og þetta var hann dæmdur fyrir. En það er yfirsjón í lögunum, að í þessu tilfelli er ekki gerður greinarmunur á því, hvort brotið er framið í ágóðaskyni eða ekki. Þetta á að laga. En hitt er ákaflega léleg úrlausn á málinu, sem hv. 2. þm. S.-M. benti á, og sem hafi verið eða verði tíðkuð, að enginn vildi kæra og enginn vildi rannsaka, þegar heimabruggun færi fram eingöngu til eigin notkunar, þó að bruggað sé sterkara öl en leyft er.

Þarna gerir réttarmeðvitund almennings vart við sig. En það er ekki betra að hylma yfir og láta lögin sofa heldur en að breyta refsiákvæðum, sem eru svo ströng, að framkvæmd þeirra er meira brot á réttarmeðvitund almennings en sjálft áfengislagabrotið, sem verið er að refsa fyrir. Það, að hafa löggjöfina svona, er einmitt til þess að veikja hana. Það er æskilegast, að löggjöfin sé með svo samræmdum refsiákvæðum, að bæði almenningur og dómarar sjái sér fært að framfylgja þeim að fullu. En hv. þm. verða að kannast við, að svo er ekki.

Annars má segja, að mér farist ekki að tala um þetta við þessa umr., þar sem ég hefi ekki komið með brtt., og skal ég þess vegna láta hér staðar numið. En ég get alveg eins vel og hv. n. tekið til athugunar, hvort ekki sé rétt að bera fram brtt. við 3. umr., ekki til þess að veikja löggjöfina, heldur til þess að samræma hana og styrkja.

Erlingur Friðjónsson: Mér þykir þessi n., sem hefir fjallað um brtt. á bannlögunum, hafa orðið nokkuð veikhentari á till. heldur en ég hefði talið ástæðu til. Á ég þá sérstaklega við það, að hún virðist vera sammála um það, þótt hv. frsm. hafi þar sérstöðu, að fella niður 6. gr. þessa frv., sem er um það, að numið sé úr áfengislöggjöfinni það óheppilega ákvæði, sem skotið var inn í áfengislögin við 3. umr. málsins í hitteðfyrra, að lögreglustjórar gætu leyft áfengisnautn fram yfir það, sem lögin sjálf gera ráð fyrir að almenningi sé frjálst. Það er m. ö. o. undanþága, sem lögð er á vald lögreglustjóra að ákveða, hvenær skuli veitt. Reynslan hefir sýnt, að í æðimörgum tilfellum hafa lögreglustjórar veitt þessa undanþágu frá löggjöfinni. Þetta er mjög ranglátt gagnvart öllum almenningi, því slíkrar undanþágu getur almenningur ekki orðið aðnjótandi, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að lögreglustjórar noti þetta töluvert víðtækt. Og þó að ég tali hér um, að það sé ranglátt, þá er ekki svo að skilja, að ég telji það nauðsynlegt fyrir almenning að geta notað þessa undanþágu, heldur af hinu, að það er vitanlegt, að svona undanþágur verða einkum notaðar af sérstökum mönnum og félögum og sennilega eingöngu í þeim kauptúnum og kaupstöðum, sem hafa mesta löngun til þess að ganga á móti anda áfengislöggjafarinnar.

Mér þykir það harla leitt um hv. frsm. þessa máls, að hann treystir sér ekki til að greiða atkv. á móti þeirri brtt., sem n. flytur á þskj. 215 viðvíkjandi þessu á-

kvæði, því að í mínum augum er þetta í raun og veru stærsta atriðið, sem tekið er fram í þessu frv. á þskj. 78. Það er a. m. k. óhætt að segja, að ef á að skjóta slíku máli undir réttarmeðvitund almennings, eins og hv. 3. landsk. var að tala um og vildi skjóta sumum þessum málum undir, þá dæmir réttarmeðvitund almennings þetta ákvæði í áfengislöggjöfinni tvímælalaust óhafandi. Ég vil því beina því til hv. 3. landsk., sem vill skjóta málum sínum undir þann dómstól, að hann ætti að hjálpa til þess að koma þessu ákvæði burt úr áfengislögunum, enda þótt hann hafi orðið til að setja það inn fyrir ekki alllöngu síðan. Ég mun því hiklaust greiða atkv. á móti þessari brtt. og fleirum, sem n. flytur, því að yfirleitt ganga þær í þá átt að draga úr ákvæðum frv.

Ég skal aðeins í sambandi við þetta minnast á þá skoðun, sem fram hefir komið hjá hv. 3. landsk., að réttarmeðvitund almennings, eins og hann komst að orði, væri á móti ströngum refsiákvæðum. (JÞ: Það hefi ég ekki sagt!). Ég skrifaði nú þetta upp eftir hv. þm., svo að ég held, að ég verði að ganga út frá því, hvað sem hv. þm. segir nú. (JÞ: Ég sagði, að réttarmeðvitund almennings væri á móti ströngum refsiákvæðum fyrir lítil brot, svo ströngum, að refsiákvæðin væru meira brot á réttarmeðvitund manna heldur en lagabrotið sjálft). Þá er það alveg rétt, sem ég hefi haft eftir hv. 3. landsk., að öðru leyti en því, að hann bætir aftan í „fyrir lítil brot", en það er atriði, sem réttarmeðvitund fólksins dæmir líka. Ég veit t. d., að ekki fer saman réttarmeðvitund okkar hv. 3. landsk. um, hvað séu stór eða lítil brot.

Það, sem hann vildi aðallega sanna, var það, að löggjöfin kæmi ekki að fullum notum, ef réttarmeðvitund fólksins væri á móti henni, fyrir þær sakir, að fólkið fari þá að hylma yfir brotin. (JÞ: Það var hv. 2. þm. S.-M., sem lýsti því yfir; ég tók það upp eftir honum). Má ég þá aftur spyrja: Er þetta ekki skoðun hv. 3. landsk.? (JÞ: Ekki samtal í deildinni!). Hv. 3. landsk. kom þessu samtali af stað með því að grípa fram í fyrir mér. Almenningi er heldur ótamt að vilja koma upp lagabrotum, en það byggist ekki á því, að fólkið álíti ekki, að rangt sé að brjóta lög, heldur af vorkunnsemi fyrir þeim, sem brotlegir verða. Það verða ekki læknuð meinin með því að hafa sektarákvæðin væg, hvorki í þessum efnum eða öðrum, því yfirleitt verða þau að skapa þann hita í haldi fyrir þann, sem veikur er fyrir eða kannske vill af ásettu ráði brjóta lögin, að hann geri það sem sjaldnast.

ATKVGR.

Brtt. 215,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 8:3 atkv.

— 215,2 samþ. með 8:3 atkv.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 215,3 samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 215,4.a.—b. samþ. án atkvgr.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 215,5 (6. gr. falli niður) samþ. með 7:3 atkv.

7. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 215,6 (ný 8. gr., verður 6. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 215,7 samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 215,8 samþ. án atkvgr.

10. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 215,9 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 46. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 232, 240).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Nýjum brtt. hefir verið útbýtt á fundinum. Verð ég að því er þetta mál snertir að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki það út af dagskrá að þessu sinni; kemur þá ekki til með afbrigði.

Forseti (GÓ): Ég get orðið við tilmælum hv. 2. þm. S.-M. um að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, og það því frekar, sem öllu er til skila haldið að við getum haft reglulega fundi sökum skorts á verkefni. Er málið hér með tekið út af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 232, 240).

Jóhannes Jóhannesson: Út af ummælum hv. 3. landsk. við 2. umr. þessa máls fór ég að athuga ákvæði áfengislaganna um refsingu fyrir ólöglegan tilbúning áfengis, og komst að þeirri niðurstöðu, að ósamræmi er í refsiákvæðunum fyrir skyld brot, svo sem ólöglegan innflutning áfengis og um bruggun áfengra drykkja. — 6. gr. laganna hljóðar svo: „Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar". — Þetta bann nær bæði til bruggunar áfengra drykkja og til þess að gera óþothæft áfengi drykkhæft, hvort heldur það er gert í þeim tilgangi að selja öðrum eða veita fyrir borgun, eða aðeins til þess að brugga t. a. m. öl einungis til heimilisnota, þótt ekki sé það nema örlítið sterkara en ráð er gert fyrir í lögunum. — Svo fór ég að athuga refsiákvæðin í 30. gr. laganna, þar sem sagt er, að brot gegn 6. gr. varði refsingu eftir 1. lið 27. gr. laganna. En þar er sagt, að „fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig: Ef áfengi er flutt inn í þeim tilgangi að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum", — lágmark þeirra er 1000 kr., en hámark getur orðið 20 þús. kr.; ennfremur skal sölumaður sæta fangelsi. Sé áfengið hinsvegar ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, er refsingin aðeins sektir, 200—3000 krónur. Brot gegn 6. gr. varða því sektum og fangelsi, hvernig sem brotinu er varið. Þó aðeins hafi verið bruggað öl eingöngu til heimilisnota, sem aðeins er lítið eitt yfir hið lögleyfða hámark að styrkleika, en ekki til sölu, þá varðar það refsingu samkv. 1. stafl. 27. gr., sem er minnst 1000 kr. sekt og auk þess fangelsisvist.

Það hljóta allir að sjá, að þetta er með öllu óhæf refsing, þegar bruggun fer ekki fram í þeim tilgangi að hafa drykkinn til sölu. Ég lít svo á, að það verði að vera samræmi í refsiákvæðunum; brotin eru mjög mismunandi, eftir því, hvort þau eru gerð í gróðaskyni eða ekki. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 240, þess efnis, að nýju refsingarákvæði fyrir brot gegn ákvæðum 6. gr. áfengislaganna verði bætt inn í lögin og verði refsingin mismunandi eftir því, hvort áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun eða ekki, eins og þegar um innflutning áfengis er að ræða. Þó að þessi brtt. verði samþ., þá stendur niðurlag 30. gr. óhaggað. Sjá því allir, að þó að þessi brtt. mín verði samþ., þá eru refsiákvæði áfengislaganna nægilega ströng fyrir að brugga áfenga drykki og gera óhæfilega drykki nothæfa til drykkjar. Ég skal geta þess, að ég flyt þessa brtt. til þess að bæta úr ósamræmi í lögunum og gera þau vinsælli, en ekki til þess að spilla fyrir þeim. Ef ákvæðin eru samræmd, þá verða lögin vinsælli, því að ef ólík refsiákvæði eru sett gegn svipuðum brotum, þá verður stöðug óánægja, sem hamlar því, að lögin nái þeim tilgangi, sem þeim er ætlað.

Síðastl. laugardag, þegar frv. þetta var tekið á dagskrá til 3. umr., hafði mér ekki unnizt tími til að bera þessa brtt. undir meðnm. mína, en nú hefi ég gert það, og veit ég ekki betur en að þeir séu henni báðir samþykkir. Vil ég því leyfa mér að óska þess, að brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 240 samþ. með 10:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., 12. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 262).

Á 55., 67. og 69. fundi í Nd., 17. og 31. marz og 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Ég vil einungis gera það

að till. minni, að þessu máli verði vísað til hv. allshn., og jafnframt vil ég beina þeim tilmælum til hv. n., að hún taki málið til skjótrar afgreiðslu, því að brýn nauðsyn ber til þess, að þetta frv. nái lögfestingu sem allra bráðast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 262, n. 443).

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Ég verð að byrja á að beiðast afsökunar á því, hvernig þetta mál hefir borið að hér í þessari hv. deild.

Þetta mál var rætt fram og aftur í allshn., en þá skildist mér, að 2 sjálfstæðismenn létu sig þetta mál litlu skipta, svo að ég noti ekki harðari orð. Að vísu skildist mér þeir vera með sumum ákvæðum frv., en ekki geta þýðzt önnur. Sama er að segja um formann n. Mér skildist hann láta sér næsta ótítt um þetta frv.

Af því að ég sjálfur er „Jónasar"maður í þessu máli og það er vitanlegt, að hæstv. dómsmrh. leggur mikla áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga, þá vildi ég flýta fyrir því, og þá sérstaklega vegna þess, að ekki var hægt að halda fund. Nál. það, sem hér liggur fyrir, er því aðeins fyrir mig og annan nm., hv. 2. þm. Reykv., og leggjum við það til, að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég ætla að skírskota til þess, að í frv. eru ýmsar breyt. til bóta og nauðsynlegir viðaukar við áfengislögin. Þótt ég viðurkenni, að sumir hv. þm. muni hafa kynnt sér þetta frv. rækilega, þykir mér hlýða að rekja hér í örfáum orðum þessar breyt. og þýðingu þeirra.

Það er þá fyrst frá því að segja, að breyt. í 1. gr. og fyrri breyt. í 4. gr. og sömuleiðis breyt. í 7. gr. eru aðeins til skýringar lögunum. Þetta er gert til þess, að hæstiréttur eigi auðveldara með að dæma í þessum málum, því nú eru þessi ákvæði laganna ekki svo skýr, sem þau þyrftu að vera.

2. gr. frv. inniheldur það nýmæli, að ekki skuli aðeins gera bruggunaráhöld upptæk, heldur skuli líka ónýta þau. Vona ég, að hv. dm. geti fallizt á þetta. Það er að vísu ekki mikið verðmæti í þessum áhöldum, en með því móti að ónýta þau er girt fyrir það, að áhöldin verði notuð framvegis.

Þá er í 3. gr. frv. nokkurt nýmæli um það, að menn megi ekki nota það áfengi til nautnar, sem þeir hafa fengið samkv. læknisvottorði undir því yfirskini, að það sé í löglegum tilgangi. Þessi till. hefir áður verið hér á þingi til umr., þótt hún hafi ekki náð fram að ganga, svo mönnum mun hún kunn. Þó vil ég benda á það, að þessi till. í 3. gr. stendur í sambandi við b-lið till. í 4. gr., um að síðasta mgr. 21. gr. falli burt. En sú mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og bið ég menn að taka vel eftir:

„Hver sá, sem tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til nautnar, skal sæta sektum".

Þessi mgr. er felld niður, **(Forseti BSv:** Bravó!), og álít ég það stóra réttarbót á þessum lögum. **(Einhver:** Ætli þetta ákvæði hafi verið haldið hingað til? Ekki hér, þótt hér sé lögreglustjóri). Ég skal ekki fara út í þá sálma hér í þessari hv. deild. **(Einhver:** Það hefir líklega verið haldið í Árnessýslu). Ég held, að það hafi verið haldið fullt svo vel þar sem annarsstaðar.

Í sambandi hér við eru ákvæði um það, að ef læknir gefur manni áfengislyfseðil, þá er hann ekki sekur um að neyta þess í eitthvað ríflegri mæli en stendur utan á glasinu. Ég skil þetta svo vel. Það er hér um bil ómögulegt að koma lögum yfir þesskonar. Brotið, ef nokkurt er, er vitanlega ekki að þiggja það, heldur að gefa lyfseðilinn. Ég verð að halda, að það sé yfir höfuð að tala móti náttúrunni og eðlisfari þessarar þjóðar að refsa fyrir slíkt, að taka á móti því, sem að manni er rétt. **(HK:** Alveg rétt). Það er á móti öllu gestrisnislögmáli. Ég er sannfærður um, að h. u. b. allir Íslendingar líta svo á, að maður eigi ekki að spyrja blessaðan gjafarann, hvort hann sé vel að því

kominn. Vitanlega geta verið undantekningar, sem eru refsiverðar, en í öllum slíkum tilfellum verður að fara varlega. Þessi regla nær þannig út fyrir áfengislögin, ef taka á tillit til hennar. Ég kann því vel við þessa nýju reglu, því með henni er mikil réttarbót fengin.

Þá kem ég að 5. gr. frv. Breytingin þar er um þessar 40 kr., sem sérstaklega á að borga fyrir hvern lítra áfengis. Í lögunum frá 1928 er þetta ákvæði svo:

„Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt var".

En eftir frv. á þetta að hljóða þannig:

„Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra áfengis, sem innflutt er".

Þetta ákvæði gerði það að verkum, að ekki var hægt að láta afplána þessar 40 kr. bætur á hvern lítra. Úr þessu er nú bætt, og tel ég það sjálfsagt.

Þá kemur 6. gr. frv., sem er við 30. gr. laganna. Hún er um sektir fyrir bruggun. Eftir gr. eins og hún er í lögunum geta þessar sektir orðið frá 1000—20000 kr., en eftir frv. verða þær 500—5000 kr.

Í núgildandi lagagrein er talað um fangelsi, og er það miðað við, að brotið sé margítrekað, en eftir þessu frv. er fangelsið miðað við það, að áfengið sé ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun. Það er einmitt þetta, að brjóta áfengislögin til ávinnings, sem er ljótt, og fyrir það ber vitanlega að refsa.

Þá kemur 8. gr. frv. Hún er aðeins afleiðing till. um það, að fella niður síðustu mgr. 21. gr.

Loks er 9. gr. Þar er það nýmæli, að hægt sé í reglugerð, sem sett kann að verða, að ákveða refsingu fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðinu.

Hvað þetta atriði snertir fannst mér og hv. meðnm. mínum það ganga nokkuð vítt og vildum þess vegna takmarka reglugerðina við það, að það snerti aðeins brot framin fyrir ávinningssakir. Það veit hver einasti maður, að það er ljótt að gera sig sekan um slíkt, og get ég því ekki séð neitt á móti því, að sett séu ákvæði um það.

Þá skal ég geta þess viðvíkjandi þeim brtt., sem við berum hér fram, að fyrri brtt. er aðeins leiðrétting á prentvillu í frv. Það stendur þar „áfengi" í staðinn fyrir „áfengið". Þar sem þetta er prentvilla í frv., þarf eiginlega enga brtt., og heldur skrifstofustjóri, að megi lagfæra þetta í prentun. Hin brtt. er um, að í stað „nautna" komi „nautnar". Það mun líka mega lagfæra í skrifstofunni.

Með þessum skýringum get ég tekið þessar brtt. aftur, og mælist því til þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. minni hl., sem svo kallar sig, kom hér með dálítið einkennilega afsökun á afgreiðslu málsins í allshn. En af því að hann beiddist afsökunar á því, skal ég ekki fara út í það. Ég vil aðeins geta þess, að sama dag og þetta nál. er skrifað var haldinn fundur í allshn. og var þetta frv. þar til meðferðar, gegnumlesið og yfirfarið, en engin ákvörðun tekin. En þennan sama dag taka hv. 2. þm. Árn. og hv. 2. þm. Reykv. sig saman og skrifa nál. og þykjast þá vera minni hl. (MT: Það var á mánudag). Það var sama daginn. Hv. þm. hefir afsakað þetta frumhlaup, og sú afsökun hefir þegar verið gild tekin, og skal ég því ekki ræða þetta meira. Hv. 2. þm. Reykv. var ekki á fundi þegar þetta mál var fyrir tekið í n. og á því sennilega ekki sök á þessari aðferð.

Það, sem ég lét í ljós á nefndarfundinum, var einkum það, að ég vildi athuga, hvort rétt væri í lögreglumálum eins og hér er um að ræða að viðhafa refsireglur hegningarlaganna um hlutdeild. Þetta hefir hv. 2. þm. Árn. fundið, að var athugunarvert og vill nú aðeins láta þessar reglur gilda um brot, framin í ávinningsskyni. Þetta verður reglugerðaratriði, og ég skal ekkert segja um, hvort sá ráðh., sem gefur út reglugerðina, fer eftir þessari ósk hv. 2. þm. Árn. En geri hann það ekki, þá skal ég segja hv. 2. þm. Árn. það, að sá verður brotlegur gegn þessum lögum, sem þiggur „snaps" hjá öðrum, ef hann skyldi vera ranglega fenginn. Hv. frsm. á því þetta alveg undir ráðh., og furðar mig ekki, þó hann uni því sæmilega, þegar hann er farinn að kalla sig „Jónasarmann".

Annars er það um þetta frv. að segja, að það gerir ýmist að herða á lögunum eða lina, eins og hv. frsm. tók réttilega fram. Það er t. d. herðing, að í 5. gr. frv. er svo ákveðið, að gjaldið, sem ákveðið er

í 27. gr. laganna að greiða skuli, auk sektarinnar, fyrir hvern lítra af áfengi, sem inn er fluttur óleyfilega, skuli teljast sekt, því þá má einnig láta afplána hana í fangelsi. Efast ég um, að þetta sé rétt, þegar af þeirri ástæðu, að það er dýrt fyrir það opinbera að láta afplána mikið af sektum.

Aftur er það mikil linun á lögunum, ef 6. gr. er samþ., því áður varð að láta menn sæta fangelsi fyrir bruggun, þó þeir hefðu aðeins bruggað handa sjálfum sér. Tel ég þessa breyt. til bóta, að ekki sé refsað með fangelsi nema fyrir bruggun í gróðaskyni. Þekki ég þess ljót dæmi frá málafærslumannsstarfi mínu, hvað ákvæði þessara laga gátu komið óeðlilega hart niður.

Fátækir verkamenn, sem brugguðu öl handa sjálfum sér aðeins, urðu að sæta fangelsi.

Lakast er mér við það ákvæði frv., að setja megi reglur um að refsa fyrir hlutdeild. Ákvæðin um hlutdeild hafa ekki gilt nema um brot eftir alm. hegningarlögum. En annars eru svo mörg refsiréttar-„princip" brotin með þessum lögum, að ég er ekki svo mjög hræddur við að bæta einu slíku broti við. Og ég vil raunar styðja að því, að sem mest sé farið eftir till. þeirra manna um þetta efni, sem halda vilja uppi ströngu banni, til þess að það sjáist fyrir víst, hvort gerlegt er að halda uppi banni eða ekki.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get ekki látið þetta mál ganga svo til atkvgr., að ég ekki segi um það nokkur orð.

Ég hjó eftir þeim orðum hjá hv. þm. Skagf., að hann vildi láta fara sem mest eftir till. þeirra í þessu máli, sem halda vilja uppi bannlögunum. Ég verð að segja það, að hið háa Alþingi hefir ekki fylgt þeirri reglu nema að litlu leyti. Ég skal ekki ásaka hv. Nd., en frv. þetta kemur hingað stórskemmt frá hv. Ed. Ég hafði hugsað mér að gera nokkrar brtt. í þá átt, að bæta inn í frv. aftur því, sem fellt var úr því í hv. Ed., og fella úr því það, sem þar var laumað inn. En þar sem enn eru í frv. ákvæði, sem ég tel nauðsynlegt að komist inn í lögin hið fyrsta, og hinsvegar orðið svo áliðið þings, að lítil von er um að koma frv. í gegn breyttu, þá ætla ég nú að sleppa að gera brtt. við það að þessu sinni.

Ég skal nú geta um, hvaða skemmdir það eru, sem mér finnst hv. Ed. hafa gert á frv.

1. gr. frv. var upphaflega þess efnis, að bæta skyldi inn í 3. gr. laganna ákvæði um það, að útlendum skemmtiskipum, sem ferðast hér við land, sé bannað að veita Íslendingum áfengi um borð. Þetta ákvæði var tekið upp í frv. eftir ósk stórstúkunnar, vegna þess að reykvískir borgarar hafa ekki þolað að koma um borð í útlend skip án þess að drekka sig fulla og verða þjóð sinni til skammar. (HK: Ósköp er þetta raunalegt!). Fannst mér því full ástæða til að láta það standa, til þess að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir. En það hefir hv. Ed. ekki gert. Í öðru lagi átti að taka af lögreglustjórum heimildina til að leyfa vínveitingar í opinberum veizlum. Eftir því, sem mér er sagt, mun lögreglustjórinn hér í Reykjavík hafa mælzt til, að það ákvæði væri tekið upp í frv. Mun oft erfitt að synda milli skers og báru í því efni, hvort leyfa á vínveitingar eða ekki. Annað skemmdarverk hv. Ed. á frv. var það, að fella niður þetta ákvæði. Þriðja skemmdaratriðið er það, að hv. Ed. bætti inn í frv. ákvæði til að koma í veg fyrir það, að refsað sé með fangelsisvist fyrir áfengisbruggun. (PO: Það á að sæta fangelsi áfram, ef bruggað er til sölu). Já, en það er nú oft þannig um hnútana búið, að ekki er gott að sanna, að áfengið hafi verið ætlað til sölu. Og hinsvegar hygg ég, að enginn leggi í bruggun til annars en að græða á því. (HK: Það eru dæmi til þess).

Mér skildist á hv. frsm., að hann telja aðeins eðlilegt að refsa fyrir bruggun, ef hún væri gerð í ávinningsskyni. En ég man nú ekki betur en að það beri að refsa mönnum, sem sjást fullir á almannafæri, þó þeir hafi engan hagnað af því. Það er velsæmishlið málsins, sem þá kemur til greina.

Þessar skemmdir á frv. væru undir vissum kringumstæðum nægar til þess, að við templarar greiddum atkv. á móti frv. þeirra vegna.

Aftur tel ég það ákvæði frv. til mikilla bóta, að hægt á að verða að láta lækna

sæta refsingu fyrir, ef þeir misnota þá heimild, er þeir hafa til að nota áfengi til lækninga. Er það vegna þess ákvæðis, að ég mun drattast til að fylgja þessu frv.

Annars mætti margt segja í sambandi við þetta mál. (HK: Það er satt). Árangur slíkra laga sem þessara er vitanlega alveg kominn undir því, hvernig tekst að framfylgja þeim. Það verður að kannast við þá sorglegu raun, að áfengisnautn er að aukast hér aftur, og ég hefi raunar ekki mikla trú á, að þessi lög ráði bót á því. En það liggur ekki fyrir nú að tala um fullkomna lækningu á þessu böli, en að því mun koma. Meðan ekki er kostur á henni, verður að halda vinnautninni í skefjum, að svo miklu leyti sem hægt er. Til þess þarf að setja mjög ákveðin lög, og þó öllu framar að gera miklar kröfur til þeirra, sem laganna eiga að gæta. Og það má ekki hafa einlægar glufur og undanþáguheimildir í lögunum, sem óleyfileg sala og notkun þróast í skjóli við. (LH: Það þarf að hætta við Spánarvínin). Það er einmitt það. Við verðum að losna við Spánarvínin. Og það munu aldrei líða mörg ár, þangað til Alþingi fær að fjalla um það mál.

Ég hefi nú gert grein fyrir þeim ástæðum, sem ég vildi bera fram í þessu máli. Hefi ég um leið talað fyrir hönd minna flokksbræðra, og sennilega flestra templara, en þeir eiga sorglega fáir sæti hér.

Frsm. minni hl. (Magnús Torfason): Mér finnst ég hafa vaxið dálítið síðan ég stóð síðast upp, því nú er ég eiginlega ekki lengur aðeins frsm. minni hl., heldur er ég orðinn frsm. meiri hl. Í því sambandi vil ég þakka hv. sjálfstæðismönnum fyrir, hvað vel þeir hafa tekið í þetta mál.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að ég er hræddur við þetta ótiltekna vald til að ákveða refsingar í reglugerðinni. En minni hl. tekur skýrt fram í nál. og leggur áherzlu á, að refsingu fyrir hlutdeild verði því aðeins beitt, að um brot í hagnaðarskyni sé að ræða. Og hv. þm. hefir tekið undir þetta fyrir hönd síns flokks, og lít ég því svo á, að þessu atriði sé vel borgið. (MG: Það er engin flokkssamþykkt um þetta). Ég tel nú samt, að mikið megi byggja á orðum þess manns, sem hefir framsögu fyrir sinn flokk, ef ekki koma fram mótbárur. Hinsvegar tel ég ekki rétt það, sem hv. þm. hélt fram, að hægt væri að setja þannig ákvæði í reglugerð eftir þessu frv., að eftir þeim mætti sekta menn fyrir að súpa á hjá náunganum. Svo eigum við líka til nokkuð, sem heitir hæstiréttur, og hann mun ábyggilega taka fullt tillit til þess, sem hér er sagt.

Ég verð að lýsa því yfir, að ég tel þessa lagabreyt. til talsvert mikilla bóta, og það býst ég við, að flestir bannmenn geri.

Hv. 4. þm. Reykv. fann að því, að fella á niður að refsa þeim mönnum með fangelsisvist, sem brugga til heimilisnotkunar. En ég held, að refsiákvæði laganna séu sæmilega áhrifamikil fyrir því. Og 500—5000 kr. sektir munu oft verka sem fangelsisdómur, því fáir, sem leggja sig í að brugga áfengi, munu hafa ráð á að snara út 5000 kr. (SÁÓ: Þeir eru fljótir að græða). Það á áfram að refsa með fangelsi, þeim sem hagnað hafa af bruggninni.

Þá hélt sami hv. þm. fram, að drykkjuskapur færi vaxandi í landinu. Ég held þetta sé ekki rétt, a. m. k. ekki að því er snertir mína sýslu. En það gildir sennilega enn sama lögmálið og á tíð Ólafs helga. Um það leyti, sem hann var að ná sér í konuna, var sagt, að þá væru „korn mikil og drykkjur miklar". Fer oft saman góðæri og mikill drykkjuskapur; þverrar hann svo aftur þegar harðnar í ári.

Hitt get ég þakkað hv. 4. þm. Reykv., hvað hann vill þessu máli vel. Lög þessi munu lengi standa til bóta, enda er þetta nú í 4. skipti, sem ég stend að því með öðrum að bæta um þau.

Pétur Ottesen: Af því mér skildist hv. 4. þm. Reykv. þykjast tala fyrir munn templara hér á Alþingi, vil ég taka það fram, að það var alls ekki fyrir minn munn sagt, þegar hann sagðist ætla að drattast til að fylgja þessu frv. Ég tel þessar breyt. á áfengislögunum til mikilla bóta og fylgi þeim því af **heilum huga.**

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég sagði það vitanlega aðeins fyrir sjálfan mig, að ég

mundi aðeins drattast til að greiða atkv. með frv., vegna þeirra breyt., sem hv. Ed. gerði á því. Það, sem ég átti við, að ég hefði sagt fyrir hönd templara yfirleitt, var það, að frv. hefði versnað við það, að hv. Ed. felldi úr því nokkur atriði. Því þau atriði voru sett í frv. eftir till. framkvæmdarnefndar stórstúkunnar.

Magnús Guðmundsson: Þær ræður, sem haldnar hafa verið síðan ég talaði síðast, hafa ekki gefið mér tilefni til andsvara, en mér þótti það eftirtektarvert, að hv. 4. þm. Reykv. sagði áðan, að drykkjuskapur væri alltaf að aukast í landinu. Þetta sýnir, að það er ekki einhlítt að reyna með löggjöf að hafa áhrif á drykkjuskapinn í landinu. Það verður líka — og engu síður — að gerast með bindindisstarfsemi. Það varanlegasta verður að reyna að koma því inn hjá mönnunum sjálfum, að þeir eigi ekki að drekka sér til skaða og skammar. Menn geta alls ekki búizt við því, að hægt sé með lögum að útrýma drykkjuskap, meðan hugarfar margra er á þá leið, að þeir skeyta því engu, hvort þeir eru drukknir eða ekki. Það má ekki kenna yfirvöldunum um drykkjuskapinn, þegar almenningur er ekki lengra á veg kominn í þessu efni en raun er á. Við verðum því fyrst og fremst að leggja áherzlu á bindindisstarfsemina. Það er undarlegt, að það skuli koma fyrir á þingi eins og þessu, þar sem ekki er farið betur með féð en gert er, að deilt skuli vera um nokkur þús. kr. til bindindisstarfsemi.

Þau rök, sem hv. 2. þm. Árn. færði fyrir því, að drykkjuskapur væri að aukast í landinu, voru nokkuð vafasöm. Hv. þm. talaði í þessu sambandi um góðærið, sem við eigum við að búa, en hann hagaði orðum sínum svo varlega, að ekki var hægt að sjá, hvort hann áleit, að drykkjuskapurinn stafaði af góðærinu eða góðærið af drykkjuskapnum. Ég verð að segja, að ég er ekki viss um, að þetta tvennt hljóti að fara saman, en þegar menn eru af hæstv. stjórn beinlínis hvattir til að neyta áfengis sem mest, er von, að landsmenn telji það lýtalaust að fá sér í staupinu.

ATKVGR.

Brtt. 443 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HJ, HG, HV.

nei: ÓTh, EJ, GunnS, HK, JAJ, BSv.

Sjö þm. (JÓl, MJ, SvÓ, BSt, BÁ, IngB, JJós) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:3 atkv.

3. gr. samþ. með 13:4 atkv.

4. gr. samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HG, HV.

nei: LH, ÓTh, SE, EJ, GunnS, HJ, JAJ, BSv.

BSt, JS greiddu ekki atkv.

Sex þm. (MJ, BÁ, HK, IngB, JJós, JÓl) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 14:4 atkv.

6. gr. samþ. með 16:1 atkv.

7. gr. samþ. með 13:4 atkv.

8. gr. samþ. með 15:2 atkv.

9. gr. samþ. með 12:5 atkv.

10. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, HStef, HJ, HG, HV, JS, JörB, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: EJ, GunnS, HK, JAJ, LH, ÓTh, BSv.

BSt greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (BÁ, IngB, JJós, JÓl, MJ) fjarstaddir.

Á 84. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, JörB, MG, MJ, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB.

nei: JAJ, LH, ÓTh, EJ, GunnS, HK, BSv.

Þrír þm. (ÁÁ, BSt, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 579).

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi mega mæla hér nokkur orð utan dagskrár og bera upp kveinstafi mína yfir því hátterni hæstv. forseta, að hann skuli ekki hafa orðið við þeim tilmælum að taka á dagskrá ákveðin mál, sem ég er einn flm. að. Þessi mál eru till. til þál. um lyfjaverzlun, till. til þál. um takmörkun áfengisveitinga í sambandi við alþingishátíðina, og till. til þál. um skilning á 14. gr. berklavarnalaganna, og fyrir sérstakan góðvilja hæstv. forseta hafa þau nú fengið að prýða dagskrána undanfarna daga, þar til í dag, að þau eru með öllu horfin. Nú er mér sagt, að samkomulag sé orðið milli Íhaldsflokksins og Framsóknarflokksins um að fresta þingfundum á morgun. (**MG:** Mér er ekki kunnugt um neitt slíkt samkomulag! — **SE:** Hér er enginn Íhaldsflokkur til!). Því vil ég endurtaka tilmæli mín um, að þessi mál séu tekin á dagskrá og verði þar þá svo ofarlega á morgun, að þau komi þá til umr., en verði ekki tekin út, eins og að undanförnu.

Forseti (BSv): Það er satt, að þessi mál hafa ekki komizt hér að að undanförnu, þótt þau væru stundum á dagskrá, en það hefir eingöngu verið sakir langra umr., er orðið hafa um önnur mál. Hitt er eigi rétt, að andúð gegn þessum málum ráði þar nokkru, enda sagði hv. þm. það ekki berum orðum. Ég get ekki tamið tungu hv. þdm. og neyðist til að taka af dagskrá þau málin, sem órædd eru, þegar fundi þarf að slíta. — Út af samkomulagi því, sem hv. þm. minntist á, að væri á komið milli flokkanna um þingfrestun á morgun, vil ég geta þess, að á þetta hefir ekki verið minnzt við mig hálfu orði. — Annars vil ég láta þess getið um eitt þeirra mála, sem hv. þm. ber fyrir brjósti, að það átti nýlega að koma hér til umr. að kvöldlagi, en þá þótti hv. þm. of framorðið og beiddist undan, að það væri rætt að því sinni. Mér þótti miður að geta ekki tekið málið þá, og sagði hv. þm., að ég gæti þá ekki sagt um, né borið nokkra ábyrgð á, hvenær það kæmist að. (**HG:** Þetta mál er á dagskránni í dag). — Út af tilmælum hv. þm. um að taka þau mál, er hann nefndi, á dagskrá á morgun, vil ég segja, að ég er fús til þess, en ég get ekki ábyrgzt honum, að þau verði rædd, með því að ég veit ekki, hve miklar umr. verða um önnur mál.

Sigurður Eggerz: Ég stend upp til að skora á hæstv. forseta að átelja það, að andstöðuflokkur stj. er uppnefndur í þingdeildinni, í stað þess að nefna hann sínu rétta nafni. (**MJ:** Það mega þeir ekki fyrir Dönum!). Það væri leitt, ef sjálft Alþingi færi að byrja á uppnefningum; slíkt orðbragð er ósæmandi með öllu á Alþingi Íslendinga.

Forseti (BSv): Ég þekki engin fyrirmæli í þingsköpum, er segi fyrir um það, hversu flokkar skuli ávarpaðir, svo að eigi séu notuð óþingleg orð. En ég get minnt hv. þm. Dal. á, að til er gamall málsháttur, sem segir: Glík skulu gjöld gjöfum.

Sigurður Eggerz: Ég hlýt að skilja hæstv. forseta svo, sem hann skori á

sjálfstæðismenn að svara stjórnarflokkunum í sama tón og nota einnig um þá uppnefni. En þetta þætti mér mjög leiður tónn á hinu háa Alþingi.

Haraldur Guðmundsson: Út af orðum hæstv. forseta vil ég geta þess, að það er að sjálfsögðu alveg á hans valdi, hvort þau mál, sem ég talaði um áðan, komast til umr. eða ekki. Hann veit ætíð fyrirfram með nokkurri vissu, hversu mikilla umr. má vænta um hvert mál, og getur því ráðið við þetta, er hann raðar á dagskrána. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að mér finnst undarlegt hjá hæstv. forseta, að í dag hefir hann til 1. umr. 2 mál, sem vænta má mikilla umr. um, frv. um gelding húsdýra og frv. um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum. Þessi mál, sem bæði eru nýkomin fram, eru nú tekin til 1. umr., þótt gengið sé framhjá málum, sem lengi hafa skreytt dagskrána. Ég skora því enn á hæstv. forseta að hafa málin svo ofarlega, að þau geti komið til umr. Það er bara fyrirsláttur, að hann ráði ekki við það.

Út af áskorun hv. þm. Dal. til hæstv. forseta hefi ég í rauninni ekkert að segja. En það er dálítið einkennilegt, að hv. þm. skuli nú allt í einu þykja svo mikil óvirðing í þessu flokksheiti, sem flokkur hans nefndi sig sjálfur árum saman. Þetta lítur út eins og hv. þm. þyki flokkurinn eiga svo flekkaða fortíð eftir þann tíma, sem hann kallaði sig Íhaldsflokk, að fyrir þá sök sé skömm að nafninu. Ég er ekki að segja, að þetta sé svona, en orð hv. þm. Dal. gefa tilefni til að ætla, að þetta sé hans skoðun. — Af því að ég er sáttfús maður, vil ég nú bjóða hv. þm. Dal. það til samkomulags að kalla þá félaga framvegis afturhaldsmenn eða íhaldsmenn, eftir því sem afstaða þeirra til málanna gefur hverju sinni tilefni til. En þegar nefna þarf flokk þeirra á Alþingi einu heiti, sem lýsi flokknum, þá verður rétta heitið eftir sem áður: Íhaldsflokkur.

Sigurður Eggerz: Þótt sumum kunni að virðast það smámál, þá finnst mér það ekki einskisvert, að sæmileg kurteisi sé viðhöfð í umr. á Alþingi. Það er sú minnsta krafa, að hver flokkur sé nefndur sinu rétta nafni, en ekki einhverju uppnefni. Það væri enginn vandi að finna uppnefni á stjórnarflokkana, eins og þeir láta sér sæma að nota um Sjálfstæðisflokkinn. T. d. mætti kalla annan Stauningsflokk, en hinn Jónasarflokk. En eigi að fara að löghelga uppnefni á þingflokkunum, er þá ekki að því komið, að farið verði að uppnefna einstaka hv. þm. sjálfa í þingræðum? Svona ósiði verður að átelja, og það skal verða haldið áfram að finna að þeim. Ég hefi ekki gefið í mér til að svara andstöðuflokkum mínum í sama tón, með uppnefnum, sem ég álít ósæmandi á löggjafarþingi þjóðarinnar. Það er áreiðanlegt, að á engu þingi nema hér er svona ókurteisi látin viðgangast.

Forseti (BSv): Í þingsköpum er ákveðið, að einstaka þm. skuli kenna við kjördæmi sín, er þeir eru ávarpaðir. Um ávörp til flokka á Alþingi eru engin fyrirmæli, og hljóta ræðumenn því að ráða sjálfir, hver heiti þeir velja þeim, meðan þau eru ekki ósæmileg. **(ÓTh:** Eftir því má ekki nefna Jónasarflokk?).

Sigurður Eggerz: Þótt engin bein fyrirmæli séu um þetta í þingsköpum, skilst mér, að það hljóti að vera óskrifuð lög, að nefna beri hvern flokk því heiti, sem hann hefir valið sér. Þess vegna er ósæmilegt að bregða frá því, og ég álít, að hæstv. forseti hafi fulla heimild til að víta það, þegar notuð eru uppnefni hér á þessari samkomu.

Héðinn Valdimarsson: Þá mætti sjálfsagt átelja ýmislegt, t. d. það, að stela gömlum og góðum flokksheitum, eins og „Sjálfstæðisflokkurinn" hefir gert.

Forseti (BSv): Mér væri ljúft, að ekki væri farið mjög langt út í þessa sálma, því að sá flokkur, sem ég er í, hefir tekið sér nafn, er gekk sér til húðar á fyrsta tug þessarar aldar, og var þá heiti á öðrum flokki.

Magnús Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. getur alveg sparað sér hnútur til Sjálfstæðisflokksins fyrir það, að hann gangi undir stolnu nafni. Eins og hæstv.

forseti gat réttilega um, var Framsóknarflokkur einnig til hér á Alþingi áður, og vitanlega hafa báðir aðalflokkar þingsins jafnan rétt til að nota þessi gömlu heiti. — Ég er alveg sammála hv. þm. Dal. um, að ósæmilegt er að uppnefna flokkana á Alþingi, og ég er hissa á hæstv. forseta, að hann skuli ekki vita þetta. Hann hefir sagt, að hér mætti ekki hafa ósæmileg eða óþingleg orð. Er það þá ekki óþinglegt að nota uppnefni? Ég skil ekki, hvernig hæstv. forseta dettur í hug að benda mönnum á þá leið, að uppnefna á móti. Það er til þess að lækka þingið, að verið er að innleiða þennan sið. Sósialistar hafa alstaðar gengið á undan í því að rýra virðingu þjóðþinganna með óþinglegu orðbragði. Er þetta frægt hvarvetna, þar sem nokkuð kveður að þeim, t. d. í parlamentinu enska. (HG og HV: Samt eru þeir við völd í Englandi!). Það fer því einkarvel í munni sósialistanna hér á Alþingi að óvirða samkomuna með uppnefnum. Þeir mega bara ekki láta staðar numið við að uppnefna flokkana. Þeir verða að finna uppnefni og ónefni á einstaka andstöðuþm. sína. (HV: Er skömm að því að vera íhaldsmaður?) — En það vill nú svo vel til, að við vitum ástæðuna til þess, að þeim stjórnarliðum er svo sérlega umhugað um að nefna Sjálfstæðisflokkinn aldrei réttu nafni. Hæstv. dómsmrh. hefir lýst yfir, að þeir megi það ekki fyrir Dönum. Hann sagði, að á fundi í dansk-íslenzku ráðgjafarnefndinni hefði staðið upp danskur ráðh. og krafizt skýringa á því, af hverju hér væri stofnaður Sjálfstæðisflokkur. En sósialistar mega sízt við því að missa vináttuna í Danmörku, og því eru þeir svo ákafir að reyna að breiða yfir nafnið á Sjálfstæðisflokknum. Þeir vita sem er, að í hvert skipti, sem þessi flokkur er nefndur á nafn, þurfa þeir að skammast sín.

Einar Jónsson: Ef ekki á að minnast á neitt þeirra mála, sem eru á dagskrá í dag, þá fer ég burtu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. um nafnið á flokki hans, sem hann hefir gengið undir í mörg ár. Það var núv. hv. 3. landsk., sem bjó til þetta nafn. Svo kemur hv. þm. nú og segir, að danskur maður hafi búið til nafnið. Þetta er sagt alveg út í loftið hjá hv. þm. Ég hefi aldrei sagt, að neinn danskur ráðh. hafi fundið að nafninu á flokki hv. þm. En eins og sést af fundargerð ráðgjafarnefndar, spurðist þessi danski ráðh. fyrir um það, af hverju einn íslenzkur flokkur væri að gera Dani tortryggilega um það, að þeir hefðu í huga innlimun á Íslandi. Fulltrúar þessa flokks í nefndinni svöruðu eins og efni stóðu til, og skal ég ekkert fara út í það hér. Hv. 1. þm. Reykv. hefir þennan danska ráðh. því alveg fyrir rangri sök, þegar hann segir, að hann hafi verið með afskipti af því, hvaða nöfnum stjórnmálafl. nefndu sig á Íslandi. Þessi ráðh. minntist aðeins á það, sem Morgunblaðið hefir sagt um að Danir væru að undirbúa innlimun á Íslandi, og hann vildi fá að vita, hvað Danir hefðu gert, sem réttlætti þessi orð blaðsins. — Annars hefir skap hv. 1. þm. Reykv. hlaupið með hann í gönur í síðustu ræðu hans. En ég er hissa, hvernig hann getur talið það móðgun að nefna flokk hans því nafni, sem hann gekk lengst undir og hefir hlotið mesta frægð sína undir. Þetta nafn getur ekki verið meiðyrði, nema flokkurinn hafi gert það með hegðun sinni, meðan hann hét Íhaldsflokkur. En það skilst mér, að þeir hv. 1. þm. Reykv. og flokksbræður hans vilji ekki viðurkenna.

Magnús Torfason: Ég hafði nú ekki haldið, að hinum gömlu íhaldsmönnum væri sérstök þörf á því að fara að siða menn hér fyrir uppnefni eða ótilhlýðilegan munnsöfnuð. Ég veit ekki til, að þeir séu betri en aðrir í því efni. Hvað mig snertir, þá hefi ég aldrei uppnefnt neinn pólitískan flokk, og ég hefi ekkert á móti að nefna Sjálfstæðisflokk, og mun gera það, þegar það á við. Ég vil vona, að flokkurinn geti sæmt saman áunnið sér það traust, að hann verðskuldi það nafn. En meðan hann hefir ekkert til að sanna, að hann geti borið nafnið, er ekki nema eðlilegt, að mönnum geti gleymzt að nefna hann því. Ég hefi annars aldrei kallað þennan flokk Íhalds-

flokk, nema þá kannske óvart, en ég nefni stundum íhaldsmenn. Það er þá vegna þess, að stefna þeirra gefur tilefni til þessa heitis, og er í alla staði eðlilegt. Ég neita því alveg að taka hér á móti nokkrum hirtingum fyrir uppnefni.

Magnús Jónsson: Það er ákaflega mikill misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., ef hann heldur, að það sé af því, að okkur þyki nafnið ljótt, að við viljum ekki láta kalla flokk okkar Íhaldsflokk. Við getum hugsað okkur, að einhver maður hafi fengið löglega nafnbreytingu, þá er það hrein ókurteisi og dónaskapur að nefna hann gamla nafninu, enda þótt hann þurfi á engan hátt að skammast sín fyrir það. Það er þessi skortur á mannasiðum í stjórnarherbúðunum, sem ég o. fl. hafa verið að finna að. (HV: Flokkurinn á engan rétt til nafnsins!). Má Sjálfstæðisflokkurinn ekki nefna sig því nafni, sem hann sjálfur kýs? Má ég þá spyrja, hvar Alþýðuflokksnafnið hefir stoð í lögum?

Það er ekki rétt hjá hæstv. dómsmrh., að ég hafi haft hinn danska ráðh. fyrir nokkurri sök. Vitanlega mátti maðurinn spyrja eins og honum sýndist á nefndarfundi. En sleikjuskapurinn hjá hæstv. dómsmrh. og liði hans hefir sýnt sig, þegar þeir vilja ekki nefna Sjálfstæðisflokkinn réttu nafni, bara af því að þessi maður hefir spurt, hvernig á heitinu stæði. — Það var einnig alveg rangt, sem hæstv. dómsmrh. var að reyna að koma á mig, að ég hefði sagt, að Kragh ráðh. hafi heimtað, að flokkurinn væri kallaður Íhaldsflokkur. Ég hefi ekki sagt nokkurn skapaðan hlut í þá átt. En þegar uppnefnin á flokknum byrjuðu, kom það strax í ljós, að þeir voru í vandræðum með nafnið. Stundum var það Morgunblaðsflokkur, Grimsby-flokkur, Auðvaldsflokkur o. s. frv. Aðeins eitt nafn mátti aldrei nefna, og það var rétta nafnið: Sjálfstæðisflokkur. Það héldu þeir, að gæti móðgað Dani. Þessi uppnefni eru með öllu ósæmileg. (BSt: En Tímabolsar? Er það sæmilegt?). — Ég vil skora á hæstv. forseta að gefa ákveðinn úrskurð um það, hvort uppnefni eiga að líðast í þingsalnum.

Forseti (BSv): Því er ekki að leyna, að mér þætti það mest kurteisi, að hver flokkur væri nefndur því nafni, er hann hefir sjálfur tekið sér.

Ólafur Thors: Ég tek undir það með hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Reykv., að það er mjög óviðfelldið að nefna flokkana ekki sínum réttu nöfnum. (BSt: Nefnir hv. þm. sjálfur flokkana þeirra réttu nöfnum?). Ef hv. stjórnarflokka langar mikið til, get ég auðvitað nefnt þá Kleppkarlaflokk og Tituprjónaflokk. En finnst þeim svona orðalag virðulegt? Finnst þeim það viðeigandi á löggjafarþingi þjóðarinnar? Mér finnst það ekki. Mér virðist, að við höfum aðeins eina leið að fara. Hvað sem við gerum á mannamótum og í blöðum, þá eigum við að reyna að hegða okkur svo á þessum stað, að Alþingi sé ekki vansæmd að. — Ef hæstv. forseti vill ekki áminna flokksbræður sína opinberlega hér í deildinni fyrir ósæmilegt orðbragð, þá vil ég biðja hann að gera það einslega eða á flokksfundi. Ég þykist vita, að a. m. k. margir þeirra myndu fara að orðum hans. (BSt: Ætlar hv. 2. þm. G.-K. sjálfur að sitja á sér að uppnefna aðra flokka?). Já, og ég þykist hafa gert það sæmilega allt til þessa. Ég hefi raunar stundum nefnt „sócialista“, en því nafni kalla þeir sig oft sjálfir, og ég skal játa, að ég hefi einu sinni eða svo, að gefnu tilefni, nefnt „Jónasarflokk“. Það játa ég, að er bæði ljótt og ósæmilegt nafn, og skal ekki nota það í þingsalnum.

Forseti (BSv): Mér þætti bezt sæma, að þessar umr. færu að styttast, svo að taka mætti til dagskrár.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. forseti hefir ekki heimild til að banna nema ósæmilegt orðbragð. Ég er fús til að nefna Íhaldsflokk aldrei framar innan þessara veggja, ef hæstv. forseti kveður upp úrskurð um það, að nafnið sé ósæmilegt eða meiðandi. Út af orðum hv. 1. þm. Reykv. um, að hækka þyrfti tóninn á Alþingi, vil ég segja, að mér virðist hann hafa undarlegar hugmyndir í því efni. Rök hans hnigu öll í þá átt, að óþinglegt

væri að velja einhverjum flokki kynduugt heiti, sem hann kallar sig ekki sjálfur. En það vill nú svo til, að Íhaldsflokkurinn hefir sjálfur valið sér það nafn og gengið undir því í nokkur ár. Kveinstafir hv. þm. eru því á engan hátt rökstuddir, nema búið sé að fara svo með nafnið, að flokknum sé skömm að því. Enda var það sú skoðun, sem fram kom hjá hv. 2. þm. G.-K. Hann nefndi Kleppkarlaflokk og Tituprjónaflokk sem hliðstæð nöfn við Íhaldsflokksheitið. Út frá því sjónarmiði er eðlilegt, að hann vilji losna við nafnið. Ég endurtek ósk mína um það, að hæstv. forseti úrskurði, hvort nefna megi Íhaldsflokk í deildinni, og vænti, að sá úrskurður verði bókaður í gerðabók deildarinnar.

Sigurður Eggerz: Það, sem hér er farið fram á, er ekki annað en það, að almennir mannasiðir fái að gilda hér í þingsalnum. Ef maður mætir öðrum á götu, þætti það ósæmilegt af þeim að ávarpa hvor annan með uppnefnum. Lægri krötur má ekki gera í þingsalnum.

Að Sjálfstæðisflokksnafnið sé ekki réttnefni, er hin mesta firra. Það er í alla staði eðlilegt nafn á flokknum, þar sem hann skipar sjálfstæðismálunum efst á dagskrá. Hitt er annað mál, að andstæðingar Sjálfstæðisflokksins þora ekki að nefna hann sínu rétta nafni, af því að það lætur svo vel í eyrum þjóðarinnar, og hafa þeir því tekið það ráð að uppnefna hann.

Það virðist varla þurfa að deila um það, sem skýrum stöfum stendur í grein hæstv. dómsmrh. í „Tímanum“ 15. febr. Þar segir svo:

„En er leið að fundarlokum, kvaddi Kragh, fulltrúi vinstri manna, sér hljóðs og óskaði eftir, að fram kæmu frá hálfu Íslendinga skýringar á því, hvað Danir hefðu gert á hluta Íslendinga, sem hefði þurft að leiða til þess, að heill landsmálaflokkur væri myndaður á Íslandi með nafni og stefnuskrá, er benti til þess, að nokkrum hluta Íslendinga þætti líklegt, að Danir væru að innlima landið pólitískt, fjárhagslega og menningarlega“.

Allir, sem kunna að lesa, skilja, að hér er heimtuð greinargerð fyrir því, hvernig á því standi, að flokkur á Íslandi skuli leyfa sér að kalla sig Sjálfstæðisflokk. Er það í þessu sambandi næsta einkennilegt, að eftir að þetta kom fram í löggjafnaðarn., treysti stjórnarflokkurinn sér ekki til að nefna Sjálfstæðisflokkinn sínu rétta nafni. Það er allhart að þurfa að standa í deilum á sjálfu löggjafarþingi þjóðarinnar um svo sjálfsagðan hlut sem það, að stjórnmálaflokkur í landinu velur sér heiti eftir hlutverki sínu. Er slíkt og annað eins þvílíkt brot á öllum almennum velsæmisreglum, að furðulegt er, og full ástæða til að hæstv. forseti víti það. Að sjálf ríkisstj. skuli ganga í broddi fylkingar um það að uppnefna annan stærsta flokk þingsins — er vitni svo mikils eskimóaháttar, að manni hlýtur að ofbjóða.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að ég verði að leggja hér nokkur orð í belg, þó að ég hafi að vísu ekki ætlað mér það.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Ísaf., að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að heita Íhaldsflokkur, af því að það væri réttnefni. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það, að það er ekki hans að dæma um þetta. Hver flokkur ræður sjálfur sínu nafni, og er það sjálfsögð skylda að nefna hann því nafni, sem hann hefir valið sér. Af þessum ástæðum er það runnið, að mér kemur ekki til hugar að kalla Jafnaðarmenn Ójafnaðarmenn, þó að mér virðist það stundum eiga betur við. Og sumum mundi þykja, sem það væri ekki síður réttnefni að kalla Framsóknarflokkinn stundum Aftursóknarflokk. (**BÁ:** Tímabolsi hefir nú heyrzt). Ekki frá mér. Ég hefi enga löngun til þess að uppnefna, hvort heldur er menn eða flokka. Hinsvegar hafa foringjar Framsóknarflokksins gengið lengst í því að uppnefna menn og flokka utan þings og innan. Aðalatriðið er það, að enginn flokkur getur kosið nafn á andstæðinga sína. Það leiðir af sjálfu sér, enda mundu nöfnin þá stundum ófögur. Hver flokkur hefir aftur á móti rétt til að velja sitt eigið heiti.

Forseti (BSv): Þá er umr. lokið um þetta að þessu sinni, en þm. geta huggað sig við það, að þeim mun gefast kostur

að taka upp þráðinn að nýju, þegar fjárl. koma hingað aftur frá Ed.

Á 82. fundi í Ed., 16. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Jón Baldvinsson: Ég kalla það undarlegt, að hæstv. forseti skuli á örfáum sekúndum vera búinn að taka öll aðalmálin út af dagskrá og setja nýjan fund. Ég tók eftir því, þegar hæstv. forseti lýsti dagskrá, að það mál, sem nú átti að byrja á, tóbakseinkasalan, er sett aftur fyrir og er nú 2. mál á þessari nýju dagskrá. Ég tel þetta ekki rétt. Ég vil halda óbreyttri röð á dagskrá.

Forseti (GÓ): Eins og hv. 3. landsk. (JÞ) er búinn að segja, þarf að hraða þessu máli, sem nú er fyrst á dagskrá, til þess að hægt sé að prenta frv., ef á þarf að halda, og láta Nd. fá það í kvöld.

Á sama fundi, að lokinni dagskrá, mælti

Jón Baldvinsson: Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann nú þegar að afloknum þessum fundi setji annan fund til þess að afgreiða hafnarmálin og önnur mál, t. d. tóbakseinkasölumálið. Ég treysti því, að hv. framsóknarmenn neiti ekki um afbrigði fyrir þessi nauðsynjamál.

Forseti (GÓ): Ég mun að sjálfsögðu verða við tilmælum hv. þm. og halda næsta fund þegar eftir þennan fund og taka þessi 4 mál fyrir.

Á 84. fundi í Nd., 16. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

Haraldur Guðmundsson: Áður en dagskrá næsta fundar er lýst, vildi ég gjarnan minna hæstv. forseta á það, sem við höfum talað um, að mín mál yrðu tekin á dagskrá fyrst.

Forseti (BSv): Það eru tvö önnur mál, sem sérstaklega er óskað eftir, að tekin verði til meðferðar nú.

Haraldur Guðmundsson: Þetta fer senn að þreyta mig, og ég verð að kvarta undan þeim brögðum, sem ég er beittur hér á þinginu hvað eftir annað, þótt ég hljóti náttúrlega að beygja mig fyrir ofbeldinu.

Forseti (BSv): Það er fyrir tilstilli hæstv. stj., að þessi tvö mál verða tekin hér fyrst fyrir. Kemur það allt af því, að þinginu er hraðað svo mjög.

Héðinn Valdimarsson: Ég veit ekki betur en að forseti ráði algerlega yfir dagskránni, en það lítur út fyrir, að stj. semji dagskrárnar og sendi honum þær. Ég vil mótmæla þessu, því að eftir þingsköpum er það forseti, sem á að ráða dagskrá. Það er nú einu sinni svo, að hér í landi er þingræði, en ekki ætlazt til, að stj. ráði öllu.

Forseti (BSv): Ég býst við, að engar umr. verði um þessi tvö mál.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. forseti veit ekkert um, hvort umr. verða um málin. En það eru hrigðmæli við mig, ef hann tekur þessi mál, sem ég er flm. að, ekki fyrst á dagskrá. Enda er það sjálfsagt kunnugt mörgum þm., að forseti og stj. hafa lofað, að næsta mál á dagskrá á eftir fjárl. skuli verða þáltill. um berklavarnirnar. Það er hæstv. dómsmrh., sem hefir lofað þessu.

Forseti (BSv): Ef það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. hefir frá skýrt, og hæstv. dómsmrh. mun hér staddur til þess að svara fyrirspurnum hans, þá skulu þessi mál hv. þm. sett efst á dagskrá næsta fundar, ef þau verða ekki afgr. nú þegar í hv. deild.

II. Þingvíti.

Á 36. fundi í Nd., 25. febr., að loknu fundarhléi vegna mannfæðar í deildinni, mælti

forseti (BSv): Fundarsókn er enn hin slakasta; fund var ekki hægt að heyja

kl. 1.30 í dag, og nú vil ég spyrja hv. þdm., hvort þeir vilji halda umr. áfram. Mun ég leita atkv. um það með nafnakalli, og lýsa þingvíti á hendur þeim þm., sem ekki hafa sótt fundinn án lögmætra forfalla.

ATKVGR.

Bar forseti þá undir atkv., hvort halda skyldi áfram fundi. Var það fellt með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, HStef, HJ.

nei: ÓTh, SE, ÁÁ, HV, JJós, LH, MG, MJ, BSv.

Tíu þm. (PO, BÁ, GunnS, HG, HK, IngB, JAJ, JÓl, JS, JörB) fjarstaddir, og þar sem þeir höfðu ekki fengið fjarvistarleyfi eða boðað forföll, aðrir en þm. Barð. (HK), þá lýsti forseti þingvítum á hendur þeim.

Á 37. fundi í Nd., næsta dag, áður en tekið væri til starfa, mælti

forseti (BSv): Þar sem ávæningur er um, að einhverjir hv. þm. hafi e. t. v. eitthvað við bókun síðasta fundar að athuga, vil ég lesa upp kafla úr henni:

„Klukkan 1.30 ákvað forseti fundarhlé til kl. 2.30, sökum þess hve margir þm. voru fjarstaddir.

Kl. 2.30, er halda skyldi fundinum áfram, var enn of fátt manna, og varð deildin ekki ályktunarfær fyrr en kl. 2.40. Bar þá forseti undir atkv., hvort halda skyldi áfram fundi. Var það fellt með 9:9 atkv. ....

Tíu þm. .... fjarstaddir, og þar sem þeir höfðu ekki fengið fjarvistarleyfi eða boðað forföll, aðrir en þm. Barð., þá lýsti forseti þingvítum á hendur þeim".

Það upplýstist síðar, að átta þessara þm. hefðu haft „lögleg forföll".

Ingólfur Bjarnarson: Með leyfi hæstv. forseta vil ég gefa skýringu á því, hvernig á því stóð, að fjvn. var fjarstödd í gær. — Það var fyrir eindregin tilmæli búnaðarmálastjóra, að fjvn. brá sér upp fyrir Kolviðarhól til þess að athuga með eigin augum hið nýfengna og merkilega samgöngutæki, snjóbílinn, og sjá, hvernig hann starfaði. Við fórum svo snemma, að ekki var hægt að tilkynna forseta þetta, enda álitum við það ekki nauðsynlegt, þar sem við álitum, að við kæmum nógu snemma til að koma á fundinn. En svo komu tafir. Fyrst bilaði önnur bifreiðin, og varð að draga hana niður í Reykjavík, og svo urðum við að bíða eftir manninum, sem fer með snjóbílinn, en hann sagðist hafa verið tafinn af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Þetta er í stuttu máli sagt ástæðan fyrir því, að við gátum ekki komið á fundinn í gær. Við töldum rétt, að það kæmi fram, af hverju þetta stafaði, en það er ekki svo að skilja, að við séum að kvarta undan þessu víti, sem einkum mun vera í því fólgið, að dagkaupið er af okkur dregið, og ég get vel virt þann dugnað hæstv. forseta, að spara fé ríkissjóðs, og ég vil lýsa því yfir, að við erum fúsir að taka við þessu víti og munum hlíta þessum dómi hæstv. forseta.

Forseti (BSv): Ég vil þakka hv. þm. fyrir þá skýringu, sem hann hefir gefið fyrir hönd n. Þetta eru lögleg forföll, og ef þessi skýring hefði komið í gær, hefði hún samstundis verið tekin til greina. Þingsköp mæla svo fyrir, að ef þm. eru fjarstaddur í leyfisleysi eða án þess að tilgreina forföll, skuli hann sæta þingvíti. Þessu er sjaldan beitt, enda kemur sjaldan fyrir, að svo marga þm. vanti heilan þingfundartíma, að ekki megi heyja fund. Þessum ákvæðum þingskapa hefir oftast verið vægilega beitt, en nú olli brottvist margra hv. þm. því, að eigi mátti heyja fund. Virðist mér hv. þm. óþarflega viðkvæmir, þótt forseti færi að lögum. — En skýring hv. þm. S.-Þ. fyrir hönd fjvn. verður tekin til greina, þótt eigi væri frá forföllum skýrt fyrirfram né samdægurs. Verður því ekki beitt ákvæði 44. gr. þingskapa, er segir svo:

„Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi".

En hér eru nú eftir á upplýst lögmæt forföll, og sömuleiðis hjá hv. þm. N.-Ísf., sem fjarverandi var á sama tíma. Því lýsi ég alla þá úr þingvíti, er nú hefi ég tilnefnda.

Halldór Stefánsson: Þar sem þingvíti hefir verið fellt af öllum viðkomandi hv. þm. nema einum, og þar sem það kemur oft fyrir, að ekki aðeins einn, heldur margir þm. eru fjarstaddir án þess að þeim sé skapað þingvíti fyrir það, þá þykir mér lítt hæfa, að nú sé þingvíti fellt á hendur aðeins þessum eina manni. En það skal ég játa, að mér þykir ekkert óviðeigandi, þó að þessu ákvæði í þingsköpunum verði beitt strangara en verið hefir, ef vera mætti, að það yrði til þess, að þm. sæktu fundi betur en áður og afgreiðsla málanna gengi greiðara.

Pétur Ottesen: Hv. form. fjvn. hefir gert grein fyrir, hvernig á því stóð, að við, sem sæti eigum í þeirri nefnd, mættum ekki á þingfundi í gær. Tafir þær, sem við urðum fyrir þá, hafa þannig orðið þess valdandi, að tekið var til þess, sem ég minnist ekki, að gert hafi verið áður, a. m. k. ekki síðan 1916, er ég kom fyrst á þing, að setja þdm. í þingvíti, sem þannig hafa verið forfallaðir. Ég verð því að líta svo á, að með þessu tiltæki hafi sérstaklega verið stefnt að þeim mönnum, sem hér áttu hlut að máli, fyrst ekkert hefir verið gert þessu líkt í svipuðu tilfelli áður.

Hæstv. forseti hefir nú lýst því yfir, að hann taki aftur eða afturkalli þann dóm, sem hann felldi yfir okkur í gær. Þar með er tekin aftur sú ákvörðun, sem hæstv. forseti gerði, að við yrðum sviptir þingkaupi þann dag. En form. fjvn. hefir lýst því yfir fyrir hönd n., að við munum ekki taka á móti þingkaupi fyrir þennan dag, hvernig sem dómur hæstv. forseta fellur nú. Það, sem hafzt hefir þá upp úr þessu, er það, að ríkissjóði sparast þessar krónur, og ber að virða hverja tilraun, sem ráðamenn Alþingis gera til þess að spara fé ríkissjóðsins. — En þess verður að krefjast, að fylgt verði uppteknum hætti um það að beita þessum ákvæðum þingskapa í fleiri tilfellum en þeim þegar fjvn. á í hlut.

Forseti (BSv): Eins og málið lá fyrir í gær, var það skylda mín að lýsa þá alla í þingvíti, er ollu því, að eigi mátti þingfund heyja og eigi höfðu forföll boðað. — Hér horfir nokkuð annan veg við en þá er einn eða annan hv. þm. vantar á fund, skemmri eða lengri tíma, og er ekki títt að sakast um slíkt, þótt engi skýrsla né skilaboð liggi fyrir.

En þegar hv. þm. hverfa svo hópum saman af þingi heilan dag, að eigi má heyja þing, án þess að forseti viti nokkur deili á, þá er öðru máli að gegna.

Nú — eftir á, þegar kunnugt er orðið, að heil nefnd hefir tafizt langt frá Reykjavík fram yfir það, er hún ætlaði, þá er sjálfsagt að taka slík forföll til greina, og virðist þá öll misklíð um þetta atriði mega niður falla, og er svo frá minni hálfu, sem samkv. þingsköpum bar skylda til um að vanda.

Halldór Stefánsson: Ég beindi því áðan til hæstv. forseta, hvort ástæða væri til þess að fella þingvíti á hendur þessum eina manni, þar sem þingvítum hefir ekki verið beitt svo freklega áður fyrir þessar sakir. Ég vil nú beina því til hæstv. forseta, hvort það sé á móti þingsköpum að bera þetta undir deildina. Annars mun ég ekki mæla menn undan þingvíti framvegis, ef þeir eiga það skilið og það verður gert að venju að fella þingvíti á menn, ef þeir að forfallalausu sækja ekki fundi.

Sigurður Eggerz: Ég vil taka það fram, að það er algerður óþarfi að gera árásir á hæstv. forseta út af þessu. Hann hefir þar í öllu farið að lögum. Fyrst þessa þm. vantaði á fundinn, er engin ástæða til að víta hæstv. forseta, þó að hann felldi þennan úrskurð, sem var að öllu leyti eftir lögum og þingsköpum. Og hvaða ástæða er þá til að vera með þennan hávaða kringum hæstv. forseta út af þessu? Hann hefir aðeins gert það, sem rétt var að gera.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. þm. S.-Þ. hefir skýrt frá þeim ástæðum, sem voru þess valdandi, að fjvn. var ekki á þingfundi í gær, og hefi ég þar engu við að bæta. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti hafi fundið gildar ástæður til að fella þennan úrskurð, en ég skal ekki gera það að umræðuefni. En það lítur út fyrir, að það eigi að fara að taka hér upp nýja siði, og ég er ekkert á móti því. En hæstv.

forseta hefði verið innan handar að fá upplýsingar hjá rikisstj. um fjarveru okkar. Henni var kunnugt um för okkar, þó að hún hefði ekki getað skýrt frá þeim töfum, sem fyrir okkur komu.

Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, munum við ekki taka á móti kaupi fyrir þennan dag, heldur láta þann úrskurð standa, sem hæstv. forseti felldi í gær, hvað sem síðari yfirlýsingum hans líður. Hann má hafa sitt gildi eins og til var ætlazt. Ég skoða þetta sem nýja reglu, sem eigi að innleiða, hvað sem yfirlýsingu hæstv. forseta nú líður. Annars er það ekki svo óvanalegt, að þm. séu fjarstaddir. Það þarf ekki annað en líta í Þingtíðindin til að sannfærast um það, þó þeir fyrir þær sakir hafi ekki verið settir í þingvíti.

Eins og allir vita, er fjvn. ekki svo fjölmenn, að fjarvera hennar einnar geti valdið því, að deildin væri ekki ályktunarfær. Í fjvn. eru 7 menn, svo að eftir eru 21 maður, þó að hún færi burt, og eins og kunnugt er, þarf ekki nema 15 þm. til að fundarfært sé, en þó hefir vafalaust það verið fjarvera fjvn. fyrst og fremst, sem olli því, að þessi úrskurður var felldur, og eins og hv. þm. Borgf. tók fram, er þessu skeyti því sérstaklega beint til fjvn.

Ég vona því, að svo framarlega sem þm. fá ekki leyfi eða eru veikir, þá verði þessu stranglega framfylgt hér eftir, og hefir það þá vonandi þau áhrif, að betur vinnist þingstörfin hér eftir. Ég geng því út frá því, að hér eftir verði farið eftir þeirri reglu, sem upp var tekin hér í gær. Það er síður en svo, að ég uni illa þessum úrskurði. Ég vona aðeins, að hann verði látinn standa og eftir honum verði farið framvegis.

Forseti (BSv): Síðari úrskurður minn er byggður á 44. gr. þingskapa og felldur að fengnum nýjum upplýsingum. Verður honum ekki haggað. — Þar sem hv. 1. þm. Árn. talar um, að hér sé upp tekin ný regla, um að beita ákvæðum þingskapa um fjarvistir með meiri hörku en áður, þá hygg ég, að þessi hv. og mæti þm. skjóti hér yfir markið. Það er allt annað, þótt einn og einn hv. þm. vanti af og til í deildina, eða stórhópar þeirra séu fjarverandi heilan dag, án þess að boða forföll, svo að fundur falli niður fyrir þær sakir. Hygg ég því, að það mundi trauðla mælast illa fyrir, þótt þessara ákvæða þingskapanna hafi verið minnzt, ef það kemur fyrir aftur, að 7 þdm. fari í hóp af þingi án þess að láta þess getið við forseta. Hitt er annað mál, að náttúruviðburðir og önnur ófyrirséð atvik geta valdið því, að menn komist eigi á fundi, og svo hefir reynzt hér. Er úrskurður minn í dag felldur samkv. því.

Hv. þm. talar um það, að ég hefði getað aflað mér upplýsinga hjá hæstv. landsstj. um forföll þeirra félaga. Þar til vil ég geta þess, að hér í hv. d. var tvisvar lýst eftir einum hinna hæstv. ráðh. á fundi í gær, en hann sást aldrei. Hæstv. forsrh. heyrði úrskurð minn, og lét hann þess getið, að úrskurðurinn væri alveg réttur. Ég skil ekki, hvernig sumir hv. nm. komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé um einhvern sérstakan fjandskap að ræða af minni hálfu til hv. fjvn. Ég þykist ekki eiga neitt sökótt við hana; er mér það enginn hugarléttir að amast við þessari hv. n., né heldur, að ég hyggi minum hugðarmálum hóti borgnara með þeim hætti. Eins ætti það að vera ljóst, að ekki er um neina „pólitíska ofsókn“ að ræða, þar sem þeir menn, er þingvítum sættu í gær, skiptust nokkurnveginn jafnt á alla flokka hlutfallslega.

Pétur Ottesen: Mér fannst ástæðulítið af hv. þm. Dal. að fara að blanda sér í þetta mál. Hv. þm. talaði um það, að hæstv. forseti hefði farið eftir lögum. Ég hefi aldrei neitað því, en hitt sagði ég, að hann hefði að þessu sinni beitt lögunum öðruvísi en ávallt hefir tíðkazt á vissu timabili, eða frá árinu 1916 til dagsins í gær. Þetta var hv. þm. Dal. vorkunnarlaust að skilja. — Ég hjó eftir því hjá hæstv. forseta, að hæstv. forsrh. hefði sagt, að þingvítaúrskurðurinn væri réttmætur. Er það ekki rétt hermt? (**Forseti BSv:** Jú. — **JJós:** Það heyrðu margir). Það er gott, að þetta er staðfest, því að mér var sagt í gær, að hæstv. ráðh. hefði viljað skríða frá þessum ummælum í viðtali við einn hv. þdm. En nú hefir þessi sami hæstv. ráðh. hlaupizt á brott í dag með eigi færri þm. en voru í ferðalaginu í gær. Sýnist það engu síður geta orðið

til þess nú en þá, að deildin verði ekki ályktunarfær. Og fyrst hæstv. forseti fór að beita strangleika sínum í gær, er þess að vænta, að hið sama fái að endurtaka sig í dag.

Forseti (BSv): Mér þykir leitt, hversu hv. þm. Borgf. veður reyk í hinum síðustu orðum sínum. Hæstv. forsrh. sagði mér frá því í fyrradag, að hann mundi bjóða hv. samgmn. í ferðalag í dag, og var því hægt að haga dagskrá eftir því í dag. Finnst mér hv. þm. því mega spara sleggjudóma sína.

Pétur Ottesen: Mér sýnist ekki vera færri mál á dagskrá í dag en í gær. Hefði ég ekki haldið, að það væri starf hæstv. forseta að skera úr því, hver þingmál væru öðrum merkari, en nú sýnist hann ætla að taka sér það vald, með því að telja málin í dag svo ómerkileg, að ekki þurfi nema hluta hv. deildar til að afgreiða þau.

Forseti (BSv): Hv. þm. Borgf. veit það mætavel, að mál eru sótt af misjöfnu kappi, og ég ætla honum að geta skilið, að rétt er að sneiða hjá afgreiðslu kappsmála, þegar marga þdm. vantar á fund. Það var haft til hliðsjónar við dagskrána í dag.

Sigurður Eggerz: Út af ummælum hv. þm. Borgf. vil ég geta þess, að ég sé ekki betur en að hann staðfesti það, að hæstv. forseti hafi farið algerlega að lögum. Skil ég þá ekki, hvað þessi kurr á að þýða.

Pétur Ottesen: Það er undarlegt, hversu hv. þm. Dal. hagar orðum sínum. Hann talar um, að „farið hafi verið eftir lögum", en hér hefir enginn verið að bera á móti því. Ég sagði aðeins, að hér væri um að ræða nýja framkvæmd á lögum, sem ekki hefði áður tíðkazt. En þess var von, að hv. þm. reyndi að snúa út úr á þennan hátt, því að hann gat ekki sloppið heilskinna frá slettirekuhætti sínum með öðru móti, og vafamál, hvort honum tókst það með þessu.

Sigurður Eggerz: Ég veit ekki, hvernig maður á betur að sleppa heilskinna en með því að hafa lög að mæla, og ég skammast mín ekkert fyrir að sleppa heilskinna úr þessu máli. Hv. fjvn. hefir nú sýnt, að hún hafði forföll, og hæstv. forseti hefir tekið þau til greina og leyst hv. n. úr þingvítum. Hvorki ég né hæstv. forseti hefir kastað steinum að þessum hv. þm., og þessi úlfaþytur er því alveg óþarfur.

Jörundur Brynjólfsson: Það er varla gustuk að angra hæstv. forseta meira, enda fer hann ekki lengur eftir venju um það að veita þingmönnum orðið eftir þeirri röð, sem þeir biðja um það. — Það er sjálfsagt rétt, að hæstv. forseti hafi ekki vitað um forföll okkar, er hann kvað upp úrskurð sinn. En úrskurður eins og þessi mátti vel bíða, þar til við hefðum sýnt okkur hér aftur og gert grein fyrir, hvað tafði okkur. Því að væntanlega hefir hæstv. forseti ekki búizt við því, að við værum hlaupnir burtu af þingi fyrir fullt og allt. — En nú er þessi úrskurður kominn, og skoða ég það sem ný regla sé upp tekin, og er öðru nær en að ég hafi á móti því.

Halldór Stefánsson: Þar sem hæstv. forseti hefir tekið hvorug tilmæli mín til greina, hvorki þau, að leysa hv. 2. þm. Rang. úr þingvítum, né að bera þau undir deildina, hvort hann skuli leystur úr þeim, verð ég að líta svo á, sem þessari ströngu reglu um þingviti verði framvegis alltaf fylgt, er einhvern vantar á fund. Og um það mun ég ekki fást.

Forseti (BSv): Það er ekki hægt að breyta úrskurðum um aðra hv. þm. en þá, sem upplýsingar hafa fengizt um, að hafi haft lögmæt forföll. Nú er hv. 2. þm. Rang. fjarstaddur og getur því ekki gert grein fjarveru sinnar í gær. Úrskurðurinn um hann hlýtur því enn að standa, þótt vera megi, að honum verði breytt síðar, að fengnum nýjum upplýsingum. Enda þarf eigi að slá á neina viðkvæma strengi gagnvart þessum hv. þm., þótt hann sé „einn" eftir, því að þessi hv. þm. er eigi svo smár, að hann láti sig muna þær 14 kr., sem hans víti varðar, og það því síður, sem óvíst er, hversu stranglega verður að gengið um innheimtuna.

Hv. 1. þm. Árn. var að segja það að gamni sínu, að hann byggist við, að ég væri eitthvað hnugginn út af árásunum á mig í þessu máli. En það er síður en svo, að ég taki mér nærri þesskonar smáslettur. Ég er svo mikill mannvinur, að ég ann hv. þdm. vel þeirrar ánægju, sem þeir geta haft af því að narta í mig, en hefi enga ánægju af því að gera neitt það, er þeim kynni að mislíka.

Nú mun ég bera gerðabók síðasta fundar undir atkvæði.

Pétur Ottesen: Mér skilst, að þeir, sem samþykkja bókina, samþykki þar með þingvítin.

Forseti (BSv): Hér er aðeins um að ræða atkvgr. um það, hvort rétt sé bókað það, er fram hefir farið. Það mega hafa verið framdar svo og svo margar lögvillur á fundinum, ef vill, en hv. þdm. bera enga ábyrgð á þeim, þótt þeir samþykki, að frásögn gerðabókarinnar sé rétt. Þetta hélt ég, að hv. þm. Borgf. vissi og skildi.

ATKVGR.

Fundargerð síðasta fundar samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JJós, LH, MG, MJ, MT, SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, HStef, BSv.

nei: PO.

HG[1]), IngB, JÓl, JS, JörB, ÓTh[2]), BÁ, greiddu ekki atkv.

Sex þm. (HK, JAJ, SÁÓ, TrÞ, GunnS, HJ) fjarstaddir.

Á sama fundi, að lokinni dagskrá, mælti

Pétur Ottesen: Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er tekin upp ný regla, að þeir menn, sem eru fjarverandi í fundarbyrjun og við atkvæðagreiðslur, verði að sæta þingvítum, svo framarlega sem þeir hafa ekki tilkynnt lögleg forföll. Ég vildi aðeins vekja athygli hæstv. forseta á þessari nýju framkvæmd þingskapanna á Alþingi.

Forseti (JörB): Þess verður sjálfsagt gætt framvegis að fylgja hinni nýju reglu.

Á 44. fundi í Nd., 5. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Gunnar Sigurðsson: Ég þykist hafa ástæðu til, ekki síður en hinir, að minnast ofurlítið á þingvítin, sem lýst var um daginn.

Ég hefi séð, að ekki hefir verið dregið af mér kaupið þennan dag, svo eftir því er eins og þingvítin séu ekki talin annað en markleysa. En hæstv. forseti hefir verið svo vingjarnlegur að bjóða mér að bera fram afsakanir, eins og hinir, sem fyrir þingvítunum urðu, hafa þegar gert.

Ég hefi ekki aðrar afsakanir en þær, að ég þurfti að skreppa burtu, eins og oft kemur fyrir um þingmenn. Þykist ég þrátt fyrir það ekki yfirleitt hafa rækt þingstörf verr en aðrir. Vil ég sérstaklega taka það fram, að mig hefir t. d. ekki vantað nema á einn nefndarfund þau 3 ár, sem ég hefi verið á þingi. Ég vil einnig benda á, að hafi ég ekki haft gild forföll þennan dag, þá hefi ég ekki heldur haft þau daginn eftir, því ferðin, sem þá var farin, var að því er mig snertir eiginlega ekki annað en skemmtiferð.

Forseti (BSv): Vill hv. þm. mælast til að fá þingvíti seinni daginn líka? (**GunnS**: Hafi þingvíti verið réttmæt fyrri daginn, þá hefðu þau verið það líka seinni daginn).

Það barst í tal um daginn, að þessi hv. þm. mundi eigi svo smár, að hann léti sig nokkru skipta um kaup sitt umræddan dag, og sannast nú, að það hefir verið rétt til getið. En út af því, sem hv. þm. sagði, vil ég benda honum á, að þó hann hafi tekið á móti fullum launum síðustu viku, er það aðeins „greiðsla upp í þingkaup“ og að fullnaðarreikningsskil á þingkaupinu eru ekki gerð fyrr en í þinglok.

Gunnar Sigurðsson: Ég endurtek það, að ég sé ekki, að ég hafi neitt meiri rétt til þingkaups seinni daginn, sem ég var fjarverandi, heldur en þann fyrri.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég var fjarstaddur og get því ekki dæmt um réttmæti bókunarinnar. Ég uni annars vel röggsemi hæstv. forseta og vona, að áframhald verði á henni.

2) Með svofelldri grg.: Ég hefi alls ekki séð bókunina, og get því ekkert um það sagt, hvort hún er rétt eða röng.

Ef það er meining þingskapanna að neyða menn með svona lágum fésektum til að sýna sig í þingsölunum, þá álít ég það úrelt þingsköp.

Forseti (BSv): Ég benti á það um daginn, að þessum ákvæðum þingskapanna er eigi beitt nema brýnasta ástæða þyki til vera.

Þó hefir þesskonar stundum komið fyrir. Man ég, að hv. þm. A.-Sk. bauð einu sinni fram dagkaup sitt í reiðu fé samstundis við forsetastól, af því að hann skoraðist undan því að greiða atkv. um eitthvert mál án þess að gera grein fyrir. En mig minnir, að því væri ekki viðtaka veitt. — Ákvæði þingskapa eru meir sett hér til varnaðar en fjárafla ríkissjóði til handa. Þetta munu allir vita, enda hefir þessum ákvæðum víst aldrei verið annan veg beitt.

Ég viðurkenni, að hv. 2. þm. Rang. hafi ekki tekið minni þátt í þingstörfunum en hver annar. Ætti svo þessi deila að geta fallið niður í bróðerni.

III. Fjölgun manna í fjhn. Ed.

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, utan dagskrár, mælti

Björn Kristjánsson: Herra forseti! Þar sem nú liggja mjög umfangsmikil mál fyrir fjhn. þessarar deildar, mál, sem útheimta tekniska þekkingu, en sú þekking er ekki til í n., leyfi ég mér að stinga upp á því, að tveim mönnum sé bætt við í n., og þá helzt þeim sömu, sem fyrr á þinginu, þegar n. hafði bankamálið til meðferðar.

Forseti (GÓ): Ég vil fyrir mitt leyti verða við þessum tilmælum hv. 1. þm. G.-K. um að fjölga mönnum í fjhn., og ef enginn hreyfir neinum andmælum, skoða ég það sem samþ. án atkvgr.[1])

1) Samkv. þessu tóku aftur sæti í nefndinni:
Jón Jónsson, 6. landsk. þm. og
Jón Þorláksson, 3. landsk. þm.

IV. Kosningar.

1. Utanríkismálanefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 24. febr., var tekin til meðferðar

kosning utanríkismálanefndar, 7 manna, samkv. 2. gr. laga nr. 3, 22. marz 1928, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, er hann merkti A, B og C. — Á A-lista voru BSv, ÁÁ, BÁ, á B-lista SE, JÞ, ÓTh, og á C-lista HV. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að endurkosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir:

Benedikt Sveinsson,
Sigurður Eggerz,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jón Þorláksson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson.

2. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd til 6 ára, samkv. 34. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 2 listar, A og B. — Á A-lista voru HStef, JónJ, HG, Helgi Bergs, Hannes Jónsson dýralæknir, SÁÓ. Á B-lista voru HSteins, HK, JS, EJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa átti í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Halldór Stefánsson alþm.,
Halldór Steinsson alþm.,
Jón Jónsson alþm.,
Hákon Kristófersson alþm.,
Haraldur Guðmundsson alþm.

Varamenn:
Helgi Bergs forstjóri,
Jón Sigurðsson alþm.,
Hannes Jónsson dýralæknir,
Einar Jónsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson alþm.

3. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árin 1930 til 1933.

Kosningu hlaut

Guðjón Guðlaugsson fyrrv. alþm. með 12 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

4. Þingfararkaupsnefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 15. apríl, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B. — Á A-lista voru ÞorlJ, GÓ, BSt, en á B-lista H-Steins, PO. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Pétur Ottesen,
Bernharð Stefánsson.

5. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á 9. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin til meðferðar

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1929, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjskr.

Fram komu 2 listar, A og B. — Á A-lista voru Pétur Þórðarson, Hjörsey, og Hannes Jónsson alþm., og á B-lista Magnús Guðmundsson alþm. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Pétur Þórðarson,
Magnús Guðmundsson,
Hannes Jónsson.

V. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 24. jan. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera sömu takmörkunum bundin sem á undanförnum þingum, þannig að hámarkseyðsla hvers þingmanns fari ekki fram úr 150 krónum alls um þingtímann.

VI. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 22. jan. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Ólafur Sveinbjörnsson, Theodóra Thoroddsen.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæzla:

Ólafía Einarsdóttir, Pétrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskriftir:

Teknir strax: Andrés Eyjólfsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Helgi Tryggvason, Jóhann Hjörleifsson, Lárus H. Blöndal, Þórólfur Sigurðsson, Einar Sæmundsen, Vilhelm Jakobsson, Magnús Ásgeirsson, Sigurður Ólason.

Teknir síðar, jafnóðum og þörf gerist: Gunnar Thoroddsen, Björn Sigfússon, Kristinn Sigmundsson, Þorsteinn Símonarson, Haraldur Matthíasson, Pétur Benediktsson.

Dyra- og pallavarzla:

Árni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Halldór Þórðarson, Páll Ó. Lárusson, Þorgrímur Jónsson.

Símavarzla:

Ingibjörg Jónsdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Þingsveinsstörf:

Lárus Halldór Pétursson, Guðbrandur Þorkelsson, Eggert George Hannah,[1]) Jóhann Guðmundsson, Sveinn Ólafsson.[2])

1) Hætti starfi 1. marz, en í stað hans var ráðinn Þorsteinn Þorsteinsson.

2) Veiktist í febrúarmánuði og varð að hverfa með öllu frá starfinu 1. marz. Í veikindum hans, en áður en hann hafði sleppt starfinu (17. febr.) var bætt við þingsveini, Jóni Hjálmarssyni.

Ritari fjárveitinganefnda:
Jónas Bjarnason.

Á deildafundum 24. jan. skýrðu forsetar ennfremur frá, að ráðinn hefði verið innanþingsskrifari Kristján Guðlaugsson, í stað Jóhanns Hjörleifssonar, er sagt hefði af sér starfinu, og að til starfa í skrifstofunni hefði verið ráðin Svanhildur Þorsteinsdóttir.

VII. Starfslok efri deildar.

Á 83. fundi deildarinnar og þeim síðasta, 17. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GÓ): Þar sem nú er að því komið, að fundum hv. deildar verður frestað samkv. þáltill., sem nýlega var þar um samþ. í sameinuðu þingi, verður engin dagskrá ákveðin að þessu sinni.

Ég vil við þetta tækifæri þakka hv. þdm. vel rækt þingstörf, prúðmannlega framkomu og góða samvinnu, sem ég hefði haft gott tækifæri til að læra að meta nú á þinginu, hefði ég ekki kunnað það áður. Vænti ég, að þegar þessu þingi verður slitið í sambandi við alþingishátíðina í sumar, verði það talið eitt af merkustu þingum íslenzku þjóðarinnar.

Óska ég svo hv. þm. utan af landi góðrar ferðar heim til sín og ánægjulegrar heimkomu og að vér megum allir hittast á þingfundi 26. júní næstk. glaðir og heilir oss til ánægju og þjóð vorri til gagns og sóma.

Ingvar Pálmason: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góða og lipra fundarstjórn og árna honum góðrar ferðar og heimkomu.

Forseti (GÓ): Ég þakka hlýleg orð í minn garð og segi svo fundi slitið.

VIII. Þingfrestun.

Á 10. fundi í Sþ., 19. apríl, var á dagskrá tekið:

1. Skýrt frá störfum þingsins.
2. Þingfrestun.

Forseti (ÁÁ): Þótt enn sé ekki komið að þinglokum, þykir rétt að gefa skýrslu um úrslit þingmála, því að alþingisfundum verður nú frestað, og er ekki sennilegt, að þau mál, sem enn eru óafgr., fái afgreiðslu úr þessu.

Nú er kominn 93. dagur þessa þings. Haldnir hafa verið samtals 178 þingfundir, þar af 85 í Nd., 83 í Ed. og 10 í Sþ.

Fyrir þingið voru lögð 143 mál samtals. Þar af 118 frv., og voru 31 stjfrv., en 87 þmfrv. Þáltill. komu fram 22 og 3 fyrirspurnir.

Afgr. voru 51 lög, og voru 18 þeirra stjfrv., en 33 þmfrv. Felld voru 6 frv., 3 afgr. með rökst. dagskrá, 2 vísað til stj., en 56 urðu óútrædd, þar af 11 stjfrv.

Afgr. voru til stj. 9 þingsályktanir, en 6 voru felldar. 7 þeirra urðu óútræddar, en eina af þeim hefir hæstv. stjórn lofað að taka til greina, þótt hún kæmi ekki til atkv. (þáltill. um miðunarvita).

Fyrirspurnunum þremur var öllum svarað.

Eins og menn sjá á þessari skrá, þá er gengið frá ýmsum málum óloknum. En það er hvorttveggja, að þau mál eru ekki tiltölulega fleiri en venja hefir verið til, og á hinn bóginn er ekki að því að finna, þótt ýms mál séu um nokkurt skeið á dagskrá þjóðarinnar, áður en Alþingi leggur á þau fullnaðarsamþykkt.

Um þau mál, sem afgr. hafa verið, er það að segja, að meðal þeirra eru ýmis mjög merkileg og engu ómerkari en hin meiri mál frá undanförnum þingum. Kann þó að vera, að sumum mönnum þyki þetta þing afkastaminna en ýmis önnur, því að það einkennir frv. þessi flest, sem fram hafa gengið, að um þau hafa ekki staðið miklar deilur. Mörg þeirra hafa verið samþ. af miklum meiri hluta þings. Því er ekki líklegt, að þau komist undir stækkunargler blaðadeilnanna. Sérstaklega vildi ég nefna lögin um Útvegsbanka Íslands, sem þingið bar

gæfu til að samþykkja og leysa með því eitthvert stærsta vandamál, sem borið hefir að höndum á síðari árum. Þá eru lög um sveitabanka, lög um fiskveiðasjóð, sjómannalög, lög um menntaskóla á Akureyri, um gagnfræðaskóla, um bændaskóla, og enn fleira mætti telja.

Eins og ég gat um, verður þingfundum nú frestað. Ég vil óska þingmönnum góðrar heimferðar og afturkomu til framhaldandi þingfunda á Þingvöllum. Það er mest undir þingmönnum komið, hvernig sú hátíð tekst. Og ég vil vona, að samhljóða afgreiðsla svo margra merkra mála sem nú spái góðu um, að þm. verði samtaka og heilir í því að láta hátíðina fara sem bezt fram og þannig að svari fyllilega til hins mikla hátíðarefnis. Þangað koma þm. að fornum sið með konur sínar og kjósendur til allsherjarþings.

Þingmönnum, sem þess óska, verður gefið tækifæri til þess á annan í páskum að athuga hátíðarstaðinn og gera sér ljósari hugmynd um hátíðarundirbúning á Þingvelli en ellegar mundi. Að loknum fundi mun ganga listi meðal þm., og er þess óskað, að þeir hv. þm., sem vilja og geta tekið þátt í förinni austur, skrifi þar nafn sitt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mánudag síðastl. gaf sameinað Alþingi samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis yrði frestað frá síðari hluta aprílmánaðar til 26. júní. Degi síðar barst mér símskeyti frá konungsritara þess efnis, að konungur hefði sama dag undirritað konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, er svo hljóðar:

„Vér Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Að vér viljum hér með, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra vorum umboð til þess í voru nafni að fresta fundum hins yfirstandandi reglulega Alþingis, frá því er venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þyki ástæða til lengra þinghalds að sinni, þangað til í síðari hluta júnímánaðar næstkomandi.

Gert á Amalienborg, 15. apríl 1930.
Undir vor konunglega hönd og innsigli.
Christian R.“.

Samkvæmt þessu umboði konungs lýsi ég yfir því, að fundum Alþingis er frestað til 26. júní næstkomandi.

IX. Þingsetning á Þingvöllum.

Fimmtudaginn 26. júní var þingi fram haldið á Þingvöllum. Þingmenn komu saman kl. 11,30 árdegis að Lögbergi, allir nema Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv., er kom til þings síðar sama dag, og Magnús Torfason, 2. þm. Árn., er boðað hafði forföll.

Hans hátign **Kristján konungur tíundi** gekk til ræðustóls og mælti:

„Ég lýsi því yfir, að Alþingi, sem hefir verið háð í þúsund ár, hefst nú að nýju á þessum stað. Mætti starf þess jafnan blessast og verða landi og lýð til farsældar“.

Gekk þá fram forsætisráðherra **Tryggvi Þórhallsson,** og mælti:

„Lengi lifi hans hátign konungur Íslands, Kristján hinn tíundi!“

Tók þingheimur undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Þá lýsti forseti þingfund settan, kvaddi varaforseta, Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., til fundarstjórnar og sté í ræðustól. Síðan mælti

forseti (ÁÁ): Þingheimur hefir heyrt, að konungur vor hefir kvatt Alþingi til funda hér á Þingvelli. Enn einu sinni kalla Þingvellir Íslendinga til allsherjarþings. Þetta er sú þinghöll, sem vér höfum tekið í arf, — vellirnir eru fótaskör, og súlur fjallahringsins standa allt í kring undir heiðbláu himinhvolfi — vissulega er þetta þingsalur af guði gerður! Þessi svipmikla náttúra hefir fóstrað þing vort í nærfellt níu aldir. Hér er hjarta landsins, helgidómur þjóðarinnar, sem gerir oss minnuga mikilla atburða og langrar sögu. Fylkingar aldanna geysa fram og þúsund ár renna saman í einn dag.

Ingólfur, faðir landsbyggðarinnar, er oss nú nálægur. Gifta hans var mikil og

fylgir þjóðinni. Í hans landnámi og af þess rót var sett allsherjarþing á Þingvelli, og í hans landnámi var reistur núverandi höfuðstaður landsins. Ef að líkindum hefði látið, þá hefðu goðarnir orðið smákonungar um land allt, unz einn þeirra hefði brotið hina undir sig með oddi og egg á sama hátt og varð í Noregi á dögum Haralds hárfagra. Til litils hefðu þá frjálsir, ættbornir höfðingjar numið nýtt land. En gifta íslenzks landnáms var meiri en svo, að yfir dyndi sú hættan, sem undan var haldið. Í eggjum sverðsins er uppruni flestra ríkja, en í voru landi var það hin vaknandi friðar- og skipulagsskrá víkingsins, sem skapaði allsherjarríki með fullu samþykki allra landsmanna, án alls ofríkis. Það er glæsilegt upphaf lögþings í stað vopnaþings. Um upphaf Alþingis mun Þorsteinn, sonur Ingólfs en faðir Þorkels mána, hafa ráðið miklu, en Úlfljótur, kyrrlátur höfðingi og spakur að viti, sagði fyrstur upp lögin, — „en þau voru flest sett að því, sem þá voru Gulaþingslög, og ráð Þorleifs hins spaka Hörðukárasonar (móðurbróður Úlfljóts) stóðu til, hvar við skyldi auka eða af nema eða annan veg setja". Þann veg „var Alþingi sett að ráði Úlfljóts og allra landsmanna, þar er nú er". Hinir kynbornu höfðingjar, sem vildu heldur láta óðul sín en lúta valdi konungs, báru gæfu til að stofna hér lýðveldi, sem um marga hluti varð upphaf og fyrirmynd þess stjórnskipulags, sem er enn við lýði og í uppgangi meðal hinna þroskamestu þjóða. Þann veg er upphaf þingaldar á Íslandi, þeirrar aldar, er vér enn lifum á og vildum fegnir leiða til fulls þroska. Oss ber og að minnast Gríms geitskós, sem kannaði hugi landsmanna og mun hafa átt þátt í vali þessa þingstaðar, sem er eins og af guði skapaður til að varðveita þrótt og heiðríkju fornaldarinnar í huga þjóðarinnar. Það er staðurinn, þar sem öxin týndist og land afbrotamannsins var gert að almannafé. Það er hvorttveggja tilvalið upphaf þingsögu og réttar. Þessi atburður hefir mestur gerzt á voru landi.

Þingvellir varðveita svip hinna fornu laga, sem voru stuttorð og gagnorð, meitluð eins og klettarnir í gjánni af skapferli bóndans og víkingsins í huga lögsögumannsins, hinni fyrstu lifandi lögbók hins unga lýðveldis. Víkingseðlið varð að vísu ekki bráðkvatt við stofnun Alþingis. Mannlegur þroski heimtar þúsundir ára. En þó varðveittist hið unga allsherjarríki fyrir hinum stærstu hættum. Kristnitakan varð þrekraun hins nýja skipulags. Þjóðin skiptist í tvo harðsnúna flokka, kristna menn og heiðna. Það var ekki útlit fyrir annað en að þjóðin mundi klofna í tvö ríki, og af því leiða borgarastyrjöld. En slík stjórnvísi var höfðingjum landsins í brjóst lagin, að sú hörmungasaga gerðist ekki að því sinni. Lögsögumennirnir, sem kosnir voru af hvorum flokki, Þorgeir Ljósvetningagoði og Hallur af Síðu, vizkan og göfgin, sveigðu toppana saman, svo að af varð full sátt. Lögin mátti eigi slíta sundur. Þau urðu að vera ein fyrir alla. Þannig var kristnin lögtekin fyrir tilstilli Þorgeirs hins spaka, sem lá hugsi þrjú dægur undir feldinum, og Halls hins góða, sem vildi eiga Michael engil að vin, af því að hann mat meira allt það, sem vel var gert. Á því þingi hafa fleiri verið, sem létu vitsmuni stýra tilfinningum sínum, en Snorri goði, er spurði, hverju goðin reiddust, þá er jörð brann, „þar sem nú stöndum vér". Þetta var kristnitaka með öðrum hætti en hjá þeim þjóðhöfðingjum, sem ráku sigraða menn út í ár og vötn til skírnar. Varðveizla allsherjarríkis, án borgarastyrjaldar, réði úrslitum, og síðan hafa heiðni og kristni búið saman með einstæðum hætti í landinu til þessa dags, Íslendingasögur og guðspjöll, manndómur og mannúð. Lausnin var þinglegt snilldarverk, og jafnframt menningarlegt. Þjóðareðlið býr að því allt til þessa dags.

Tilgangur þingstjórnar er lausn deilumála án friðslita og blóðsúthellinga. Er þar margra fleiri að minnast en Halls og Þorgeirs. Ber sérstaklega að nefna Þórð gelli, Skafta Þóroddsson og Njál Þorgeirsson. En eik fellur ekki við fyrsta högg. Eftir þingsetning sjáum vér Kjartan og Gunnar vegna og Njál og Bergþóru örend undir húðinni. En það er ekki einsdæmi í samtíðarsögunni. Hins ber heldur að minnast, hvar Íslendingar hafa stigið feti framar samtíð sinni um löggjöf og stjórnmálaþroska.

Það er almennt álitið, að höfðingjar

einir hafi öllu ráðið um stjórn hins íslenzka lýðveldis. En þess ber að minnast, að allir frjálsbornir menn áttu hlut að máli. Þrælahald féll hér skjótt niður og svo hljóðalaust, að engar sögur fara af. Goðar voru skyldir að nefna tvo menn með sér í lögréttu til ráðuneytis, og þinghændum var frjálst að segja sig úr lögum og í við hvern þann höfðingja, er þeim leizt. Er þetta upphaf dreifingar valdsins og vísir til almenns kosningarréttar. Höfðingjum var þetta ríkt aðhald. Trúnaðarskyldan var gagnkvæm, en blind hlýðni og þrællynd undirgefni óþekkt. Þörf þegnsins réði úrslitum um fylgið, en ekkert guðs-náðar-vald höfðingjans. Að Lögbergi, þar sem nú stöndum vér, var hverjum frjálsum manni heimilt að flytja mál sitt. Því var Lögberg helgasti staður hins forna þings. Þá er þess og að minnast, að sett var á Alþingi hinu forna hreppaskipting sú, er enn helzt við lýði, og þar með fátækralög og tryggingarlöggjöf um eldsvoða og nautpening, sem helzt minnir á löggjöf síðustu áratuga í helztu menningarlöndum. Sú löggjöf var einstæð, sprottin af landsþörf og jafnaðarhugsjón. Það er dómur hinna merkustu vísindamanna síðari tíma, að löggjöf Íslendinga á lýðveldistímanum standi um margt framar annari löggjöf, einkum að því er tekur til jafnréttis og félagshyggju.

Oftlega voru á Alþingi sefaðar deilur, er horfðu til vandræða, og má þar nefna deilur þeirra Hafliða og Þorgils og áhrif hins mikla höfðingja, Jóns Loftssonar, er mat meira venjur forfeðra sinna en boð páfans í Róm. En þó fól íslenzk stjórnarskipan í sér þá meinsemd, sem leiddi til falls hins forna lýðveldis; goðorðin gengu erfðum, kaupum og sölum, og söfnuðust í fárra hendur. Þar með var jafnvæginu raskað og erlendu konungsvaldi greidd gatan til afskipta og yfirráða.

Á árunum 1262—4 leið lýðveldið undir lok, og gengust Íslendingar þá á hönd Hákoni gamla Noregskonungi. Eymdi þó eftir af fornum hugmyndum um trúnað þegns og þjóðhöfðingja, því að sá sáttmáli, sem gerður var, var bundinn því skilyrði, „að vér og vorir arfar haldi við yður (konung) allan trúnað meðan þér og yðar arfar halda við oss þessa sáttargerð, — en lausir ef hún rýfst að beztu manna yfirsýn". Með Járnsíðu og Jónsbók var mikil breyting á íslenzku stjórnskipulagi, en þó hélzt um langt skeið löggjafarvald lögréttunnar, og var fjarlægð konungsvaldsins í fyrstu vernd landsréttindanna. Og allt fram um síðaskipti höfðu Íslendingar einurð á að minna konung á landsréttindi sín samkvæmt Gamla sáttmála. En þó er engrar framsóknar að minnast frá tímum hins erlenda konungsvalds. Síðan gekk þróunin erlendis í einveldisátt, og leituðu hin erlendu áhrif á, með þunga tíðarandans og mætti hins sterkara. Úr því varð ekki rönd við reist; það var hægt að falla, en ekki að sigra. Loks dró Árni Oddsson síðasta andvarp íslenzkrar sjálfstjórnar, við undirskrift einveldisins í Kópavogi 1662, þögull og hryggur af hjarta. Höfðingjar lutu upp frá því erlendu valdi og urðu óvinsælir af alþýðu, sem mundi forna sögu og lifði í skauti íslenzkrar náttúru því lífi, sem hlýtur að ala sjálfstjórnar- og frelsisþrá. Fjarlægð erlendra einvalda var nú til ills eins sakir fjárdráttar og ókunnugleika, þó ekki brysti ætíð á velvild. Konungdæmið af guðs náð er hvorki norrænt né vestrænt, heldur suðrænt og austrænt að eðli og uppruna. Áin, þar sem öxin týndist, var eftir þetta vanhelguð með drekkingum og gjárnar með gálga og galdrabrennum. Löggjafarvald lögréttunnar dvínaði þar til dómsvaldið stóð eitt eftir, svo að það mátti næstum framför heita, er landsyfirrétturinn var stofnaður í Reykjavík árið 1800, þó alþingisheitið gengi til viðar um stund.

En jafnframt sást dagsbrúnin. Með aðdáanlegri þrautseigju höfðu landsmenn jafnan óskað að fá að ná íslenzkum lögum eftir fornum landsréttindum, þó að bænakvak væri að lokum í rómnum. Og skömmu eftir að nafn Alþingis var gengið til viðar, hófst hin harða sókn, sem 1918 leiddi til fullveldis Íslands, með líkum hætti og var á lýðveldistímanum.

Vorhugur Baldvins Einarssonar og kvæði Jónasar Hallgrímssonar kveiktu eldmóð í þjóðinni, tíðarandinn í álfunni snerist til hjálpar, og þá kom fram, fleygur og fullþroskaður, hinn ókrýndi konungur Íslands, Jón Sigurðsson, sem ber ægishjálm yfir alla íslenzka stjórnmála-

menn á öllum tímum. Frá upphafi er braut hans bein. Bændur landsins fylktust undir merki hans. Á Alþingi, sem var endurreist af hinum góða konungi Kristjáni VIII., vann hann látlaust að starfi sínu. Í fullan mannsaldur var hann foringi þjóðarinnar. Réttur til innlendrar verzlunar, fjárstjórnar- og löggjafarvald í sérmálum vannst á hans tíð, og hefir borið hundraðfaldan ávöxt. Sjálfstjórnin hefir leyst hina bundnu krafta, og enn þann dag í dag eykst ávöxturinn af starfi Jóns Sigurðssonar og hans samtíðarmanna. Endurheimt Alþingis og landsréttinda, fyrir aukin áhrif engilsaxneskrar erfðavenju og fyrir franska stjórnvísi, er móðir þessa fjörkipps, sem nú hefir skilað oss aftur í spor hins forna þjóðveldis. Það hefir kostað baráttu, sem vér teljum ekki eftir, því að þvingun til sjálfstjórnar er engu betri en kúgun til hlýðni. Sótt hefir verið fram og vér höfum öðlazt þroska í baráttunni. Einu vopnin hafa verið hinn sögulegi og náttúrulegi réttur. Endurheimt verzlunarfrelsisins, fjárráða og fullveldis hefir hrundið fram ótrúlegum framförum. Íbúum fjölgar. Atvinnuvegir eflast. Ný landnámsöld er hafin. Árangur sjálfstæðisbaráttunnar hefir fyllt hinar djörfustu vonir manna og sannað það, sem Íslendingar hafa ávallt vitað, að heimastjórnin er hollust. Jón Sigurðsson sótti í sögu þjóðarinnar vopn sín, og það er heiður sambandsþjóðar vorrar, að þau vopn bitu.

Sagan hefir aldrei verið hlekkur um fót Íslendinga, heldur aflgjafi. Saga og bókmenntir vorar hafa aflað oss virðinga og vinsælda meðal hinna beztu manna erlendis. Lýðveldistíminn, löggjöf og bókmenntir, hefir svo að segja farið með utanríkismál Íslendinga og fengið því áorkað, að málum vorum er nú komið í gott horf. Það var ekki til einskis, að forfeður vorir fluttu í norður- og vesturátt, þó að þjóðflutningar leiti yfirleitt í suður- og austurátt. Hér í norðrinu hefir varðveitzt einn hinn sterkasti þáttur, sem menning nútímans er ofin úr: þáttur forn-germanskrar menningar. Það er hinn vígði þáttur okkar sögu, sá þátturinn, sem hélt og varðveitti þjóðina frá glötun, þegar loppa erlendra yfirráða, óáran og vesöld var næst því komin að klippa sundur lífsþráð hennar. Frumgermanskt frelsi og þjóðstjórn er nú aftur orðinn heimaofinn þáttur í íslenzku þjóðlífi. Hebreskra, hellenskra og rómanskra áhrifa gætir að vísu, enda er það þroskaskilyrði, að íslenzkt og erlent verði kembt saman í réttum hlutföllum í vef örlaganna. En suðurgöngur þarf ekki til að leita helgra staða og minninga. Hingað til Þingvalla leitum vér til þess að lauga oss í heilagri sögu og fegurð náttúrunnar. Hér er fortíðin næst oss og samhengi sögunnar augljósast. Fylkingar þúsund ára líða framhjá; göfugir höfðingjar, frjálsir bændur, hugprúðar hetjur, fagrar meyjar og tígulegar konur. Við látum á þessari stundu vatna yfir láglendi sögu og þjóðlífs, dægurþrasið, svik og launráð, ofstopa og sérgæði, en höfum augun á tindunum, sem blána aftur til upphafs Íslands byggðar. Á þá slær nú björtum roða.

Þessi stund á að vígja oss til starfa. Framtíð Íslands á allt undir nútíðinni. Eins og forðum daga heldur hver frjáls maður í hendi sér hluta af þjóðveldinu. Engin erlend bönd eru því til hindrunar, að þjóðin nái þeim þroska, sem henni er áskapað að geta náð. Skilyrðin eru önnur en meðal hinna stærri þjóða, og um sumt betri. Vér höfum hvorki her né flota og friðsamleg viðskipti ein við aðrar þjóðir. Vér tölum sömu tungu um land allt, bóndinn og háskólamaðurinn eru þar jafningjar. Tungan hefir varðveitt fjársjóði þúsund ára sögu. Hvert mannsbarn skilur mál Ingólfs og Úlfljóts og bókmenntir allra tíma eru lifandi verðmæti. Trúin er ein að kalla og þjóðerni landsmanna, lífnaðarhættir líkir og öll aðstaða. Hætturnar búa í oss sjálfum, hvort vér nefnum þær spilling kunningsskaparins eða fjandskap fámennisins. Fámennið hefir kosti og galla. Lífið er barátta, og langt til hins fullkomna réttlætis, þar sem jafnvægi hæfileika og hagsmuna ríkir. En sagan brýnir fyrir oss að berjast drengilega, en ekki með grimmd og svikum. Norræn drengskapar- og manndómshugsjón, kristnitakan og fleiri atburðir sýna það, að forfeður vorir kunnu að eigast við, án þess er ríkið skiptist. Í þessu landi býr ein þjóð, en ekki tvær eða fleiri. Hér hefir aldrei orðið bylting, og vopnaviðskipti við aðrar þjóðir þekkjum vér ekki.

Mun svo enn verða um ókomnar aldir, ef oss tekst að varðveita jafnræði í aðstöðu þegnanna og halda uppi frjósömum viðskiptum við aðrar þjóðir með viturlegri löggjöf, í samræmi við eðli mannsins og náttúru landsins. Möguleikar Íslands eru miklir bæði um fjárhag og stjórnarþroska. Guð gefi, að oss takist að leysa svo vel sem upphafið spáir viðfangsefni mannlegs samlífs og skapa hér göfugt og glæsilegt þjóðlíf í fögru og svipmiklu landi. Til þess höfum vér hin ytri skilyrði. En skipulagið er ekki einhlítt. Á Alþingi eiga að sitja vitsmunir Snorra goða, stjórnvísi Þorgeirs, göfgi Halls af Síðu og manndómur Jóns Sigurðssonar, en hann bar allt þetta í brjósti.

Í dag erum vér sama hugar og forfeður vorir á hinum fyrsta fundi Alþingis. Þingstaður er hinn sami, og hátíð vor um margt lík hinu forna þingi. Tíu alda þingsaga talar til vor í þessu heilaga musteri manndóms og drengskapar undir bláum himni. Það hitar um hjartaræturnar. Tign fjallanna, niður ánna, grænka jarðarinnar og blámi himinsins rennur saman við minning Ingólfs og Úlfljóts, drengskap, manndóm, löggjöf og bókmenntir, — allt rennur það saman í eina mynd, mynd hinnar ættgöfgu Fjallkonu, dóttur íslenzkrar náttúru og norræns eðlis. Varðveitum þá mynd í brjóstum vorum og vinnum Íslandi meðan æfin endist.

Ísland lengi lifi!

X. Starfslok neðri deildar.

Laugardaginn 28. júní setti forseti að Lögbergi 86. fund neðri deildar.

Forseti (BSv): Það liggur ekki annað fyrir en að slíta hinum hinnsta fundi þeirrar þingsetu, er vér höfum átt á þessu fyrsta ári hins nýja tímabils þúsund ára, sem hefst með setu þessa Alþingis, er kallað var saman hinn 17. janúar í vetur.

Hér verður ekki skýrt frá störfum þessarar deildar, sökum þess, að hæstv. forseti sameinaðs þings hefir skýrt frá gerðum þingsins áður, á síðasta fundi, er haldinn var í Reykjavík í vor. Liggur því ekki annað fyrir heldur en segja upp þessum síðasta fundi vorum.

Það er á mjög hátíðlegri stundu og hátíðlegum stað, er oss gefst nú kostur að slíta þessum hinnsta fundi þessarar þingsetu vorrar. Síðan endurreisn Alþingis hófst, höfum vér aldrei átt þess kost að slíta þingfundi vorum á þessum fornhelga stað, Lögbergi Íslendinga. Vér stöndum hér á þeim stað, sem var grundvöllur hins fyrsta Alþingis, þar sem Úlfljótur stóð, er hann setti hið fyrsta þing vort. Hér stóðu allir lögsögumenn Íslendinga og sögðu fram þingsköp hvert ár og öll lög landsins á hverjum þremur sumrum.

Vér höfum og aldrei haft svo marga og göfga áheyrendur, þá er vér höfum lokið þingstörfum, sem nú. Er þetta hvorttveggja oss hinn mesti fögnuður og sómi.

Ég vil þakka öllum hv. þingdeildarmönnum fyrir ágæta samvinnu á þessu liðna þingi, árna þeim öllum farsællar og góðrar ferðar brott frá þingstörfunum og óska þeim allra heilla.

Vil ég svo, um leið og ég læt þess getið, að lokið sé störfum þessarar hv. deildar, óska þess, að oss megi framvegis hlotnast hylli allra verndarvætta þessa lands, þeirra er land vort hafa varið um þúsund ár. Hjálpi oss svo Freyr og Njörður og Áss hinn almáttki.

Segi ég svo þessum hinnsta fundi þessarar samkomu slitið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil biðja hv. þingbræður mína að árna allra heilla vorum vinsæla og djarfa forseta með því að standa upp.

(Allir þingmenn og þeir, er á þingpalli voru, stóðu upp).

XI. Þinglausnir.

Laugardaginn 28. júní var háður að Lögbergi hinnstur fundur sameinaðs þings.

Forseti (ÁÁ): Áður hefir verið skýrt frá úrslitum þingmála. Að þessu sinni er aðeins að geta einnar till. til þál., sem

samþ. hefir verið hér á Þingvöllum — um gerðardómssamning við önnur ríki á Norðurlöndum. Það er í fyrsta sinni um margar aldir, sem íslenzka ríkið hefir gert samning við önnur ríki án milligöngu erlendrar þjóðar, og minnir á þann atburð, sem gerðist hér á Þingvöllum árið 1022, þegar lögrétta gerði samning við Ólaf konung Haraldsson um gagnkvæman rétt Íslendinga og Norðmanna. Sá milliríkjasamningur var fyrstur gerður af íslenzkum stjórnarvöldum.

Það kunna sumir að mæla, að fátt hafi gerzt á þeim þingfundum, sem hér hafa verið haldnir, en þó hygg ég, að það verði dómur framtíðarinnar, að afrek þessa þinghalds á Þingvöllum hafi verið mikil og með sérstökum hætti. Það eru ekki samþykktir eða lög, sem hér hafi verið sett, heldur er það þinghaldið með fornum hætti, það er þjóðfundurinn og þjóðarfagnaðurinn mikli á Þingvöllum, sem mun geymast í minni þjóðarinnar og varðveitast henni til blessunar.

Hér höfum vér reist mikla borg til fárra nátta, á líkan hátt og Alþingi var í gamla daga, borg í borgarlausu landi. Þessi hin mikla borg, sem staðið hefir stutta stund, er með öðrum hætti en nokkur önnur borg á Íslandi. Það er borg allra landsmanna. Hér hafa menn dvalið í sátt og samlyndi, eins og Einherjar á kvöldum í Valhöll, þó að barizt sé bæði undan og eftir. Deilur liggja nú niðri, og engin mál eru sótt eða varin. Hér hafa þingstörfin verið meir að hætti Halldórs Snorrasonar, er hann sagði sögur á þingi, að hætti afreksmanna, er sýndu íþróttir sínar, að hætti Ólafs pá, er hann settist hjá Þorgerði Egilsdóttur, — eða Gunnlaugs ormstungu, er hann horfði eftir Helgu hinni fögru. Þessi hinn mesti þjóðfundur, sem haldinn hefir verið á Þingvöllum, mun varðveitast í huga þeirra, sem hér hafa dvalið. Þinghátíðin boðar þjóðinni heill og hamingju. Ég vil biðja þess, að áhrif hennar verði óafmáanleg. Afrek Úlfljóts standa enn í gildi, eins og gjáin, þar sem nú stöndum vér. Alþingi er orðið 1000 ára; það lofar miklu um ókomnar áraþúsundir.

Í þinglok minnumst vér eiðsins, sem allsherjargoðinn vann að baugi. Hann hét því, að vinna svo öll sín verk á þingi, sem hann vissi sannast og réttast og helzt að lögum. Þessi forni eiður á enn að vera eiður þingmanna. Og nú undir lokin vinna þingmenn, í hinni fornu merkingu þessa orðs, þennan eið hver í sínu hjarta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Má ég biðja alþingismenn að standa upp og þakka hæstv. forseta sameinaðs Alþingis góða stjórn á þessu merkilega þingi.

(Allur þingheimur stóð upp með lófataki).

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og þingheimi og öðrum er kunnugt, fór hans hátign konungurinn héðan af Þingvelli í gærkvöldi, og var það þegar ráðið áður, þannig að hann getur ekki sjálfur slitið þingi. Hefir verið gefið út konungsbréf um þingslit, svo hljóðandi:

„Vér Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem vorum forsætisráðherra fyrir Ísland umboð til þess í voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Ritað í Reykjavík 25. júní 1930.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.“.

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég yfir, að Alþingi Íslendinga, sem hér var nú háð þúsund árum eftir að hið fyrsta Alþingi var sett, er slitið.

Stóð þá upp **Ásgeir Ásgeirsson**, þm. V.-Ísf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

Tók þingheimur undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.